Frumvarp

til

siglingalaga.

(Lagt fyrir alþingi 1912.)

Fyrsti kapituli.

Um skip.

1. gr.

Þau ein skip geta talist íslensk, sem að tveim þriðju hlutum minst eru eign innborinna manna, sem ekki eru þegnar annars konungs, eða þeirra manna, sem eru heimilisfastir á Íslandi eða í Danmörku. Nú er skip hlutafjelags eign, og á stjórn þess þá að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hjer að framan, enda sje hún heimilisföst á Íslandi eða í Danmörku og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

Halda skal opinbera skrá yfir íslensk skip, með þeim takmörkunum og eftir þeim nánari reglum, sem lög um skrásetning skipa ákveða, og skal á skránni tilgreina það, sem með þarf til þess, að skip verði einkent, og skal hún veita fulla vitneskju um eignarráð á skipi og útgerð þess.

3. gr.

Nú er skip skrásett, og ræður útgerðarmaður þess þá hvar á Íslandi það skuli eiga heimili. Hafi útgerðarmaður ekki kveðið á um þetta, og eins ef skipið er ekki skrásett, þá telst heimili útgerðarmannsins heimili skipsins, og ræður heimili útgerðarstjóra sjeu útgerðarmenn fleiri. Heimili skipsins skal letrað á það skýrum stöfum.

4. gr.

Í lögum þessum er skip talið óbætandi hvort sem talið hefir verið með löglegri skoðunargerð, að engri aðgerð verði viðkomið, eða þá ekki á þeim

stað, þar sem skipið þá er, nje á neinum stað, sem færa má skipið til, eða þá að metið hefur verið á fyrgreindan hátt, að skipið sje ekki þess vert, að það sje bætt.

Annar kapituli.

Um rjettindi yfir skipum.

5. gr.

Um stofnun og vernd eignarrjetta og eignarhafta yfir skrásettu skipi eða skipshluta skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.

Sjólánsveð er þó undanþegið þessum ákvörðunum.

6. gr.

Nú er eigandi skips sviftur fjárforræði, og skal þá þinglesa fjárforræðissviftinguna eins og um fasteign væri að ræða. Sama er um hjónakaupmála um skip.

7. gr.

Þinglestur samkvæmt 5. og 6. gr. skal fara fram þar, sem skipið er skrásett.

8. gr.

Á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra skjala, sem þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipinu samkvæmt 5. og 6. gr., og vitnað til veðmálabókanna; koma skrárnar í stað fasteignaregistursins. Ef skipið er ekki skrásett á skipaskrá, skal þinglestursins getið í dálki skipsins á smáskipaskránni eða fiskiskipaskránni.

9. gr.

Nafnbreyting á skipi og flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því að eins leyfa, að allir þeir, sem eiga þinglesin rjettindi yfir því, samþykki það.

Nú er samþykki veitt, og skal þá skrásetningarstjórinn í því umdæmi, sem skipið var skrásett í, sjá um, að skrásetningarstjóranum í því umdæmi, sem skipið er flutt í, sjeu send eftirrit af öllum eignarhaftaskjölum, sem þinglesin hafa verið um skipið, og ber skrásetningarstjóranum í hinu nýja umdæmi að sjá um, að skjölin verði þinglesin eða fyrirfram innrituð þar innan mánaðar frá flutningnum, og halda þau þá krafti sínum óskertum án tillits til flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur greiðist ekkert gjald. En verði skjölin þinglesin seinna en mánuði eftir flutninginn, þá telst lagakraftur þeirra einungis frá þinglestrar- eða innritunardegi.

10. gr.

Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hjer á landi, halda gildi sinu, ef þau eru skrásett hjer á landi samkvæmt 5. og 6. gr., innan 3 mánaða frá bráðabirgða- eða — ef skipið hefur ekki verið skrásett til bráðabirgða — fullnaðarskrásetningu skipins í íslensku skipaskrárnar.

11. gr.

Nú missir skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi, eða er af öðrum ástæðum strykað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið eða skipshlutinn verður eign útlendings, og er því strykað út úr skipaskránni.

Þriðji kapituli.

Um útgerð skipa.

12. gr.

Sje ekki annan veg fyrir mælt í lögum þessum, ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum allar skuldbindingar, sem hann stofnar sjálfur eða aðrir fyrir hans hönd.

Rjúfi skipstjóri gerða samninga útgerðarmanns eða gerða í umboði hans, enda var það skyldukvöð skipstjóra að fullnægja þeim samningum, þá ábyrgist útgerðarmaður slík samningsrof einungis með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum sínum; svo er og um allar skuldbindingar, sem skipstjóri gengst undir samkvæmt stöðu sinni og hefir ekki sjerstakt umboð útgerðarmanns til. En allar skiparáðningar og vistarsamninga við skipverja ábyrgist útgerðarmaður með allri eign sinni.

13. gr.

Tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi. Sama gildir um tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi manna, sem ráðnir eru til að vinna í skipsins þarfir, þótt ekki sje skipverjar.

Nú greiðir útgerðarmaður fje fyrir þessar sakir, og bæti honum aftur sá, er skaða vann.

14. gr.

Nú er fjelagsútgerð á skipi, og koma þá skuldbindingar allar, sem hvíla á fjelögum sem sjálfskuld, á þá að eins að rjettu hlutfalli við eign þeirra í skipi.

15. gr.

Ef skip er fjelagseign, skulu fjelagar kjósa sjer útgerðarstjóra og sje

hann heimilisfastur hjer á landi. Sje það skip skrásetningarskylt, skal senda tilkynning um kosninguna til innritunar á skipaskrána.

Sækja má útgerðarstjóra að lögum um öll mál, sem snerta útgerðina. Nú er ekki kosinn útgerðarstjóri, og er þá rjett að sækja hvern af fjelögum, er vill, í útgerðarmálum. Sækja má fjelaga hvort er vill að varnarþingi hans eða skipsins.

16. gr.

Útgerðarstjóri getur, samkvæmt stöðu sinni, gert alla löggerninga, sem útgerð alment krefur, svo fullgilt sje gagnvart öðrum mönnum. Hann getur því ráðið skipstjóra, látið hann fara og gefið honum fyrirskipanir; svo getur hann og veitt viðtöku fje, sem útgerðinni greiðist. Hann getur og verið rjettur sóknar- og varnaraðili útgerðarinnar. Hinsvegar er útgerðarstjóra ekki frjálst að taka fje að láni fyrir hönd útgerðarinnar, að selja skip eða veðsetja eða kaupa trygging á skipi, nema sjerstök heimild komi til.

Nú takmarka útgerðarmenn með sjerstökum fyrirmælum valdsvið útgerðarstjóra frá því, sem það er alment talið og hjer hefur verið greint, og er þá sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, sem við útgerðarstjóra semja og eru eigi vitandi um hana.

17. gr.

Nú skal útkljá einhver málefni útgerðarinnar með atkvæðagreiðslu fjelagsmanna, og ráða þá atkvæði þess eða þeirra, sem meira eiga en helming skipsins. Þó er nóg, að þeir eigi hálft skipið, ef útgerðarstjóri er þeim samþykkur, þó ekki sje hann fjelagsmaður. Nóg er og helft skipseignar til kosningar útgerðarstjóra; hljóti tveir jöfn atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fari samþyktir í bága við efni útgerðarsamnings eða taki út fyrir tilgang útgerðarinnar, eru þær því að eins lögmætar, að allir fjelagsmenn samþykki.

18. gr.

Um heimild útgerðarstjóra til samninga og annara athafna fyrir hönd útgerðarmanna skulu gilda gagnvart þeim hinar almennu reglur um umboð. Skylt er útgerðarstjóra, ef atvik og ástæður meina það ekki, að kveðja fjelagsmenn til ráðstefnu eða afla sjer á annan hátt vitneskju um vilja þeirra um öll mikilsverð málefni, sjerstaklega ef skipinu eru hugaðar verulega ólíkar farir eða flutningar eða nýjar veiðiaðferðir, svo og ef ráða skal skipstjóra eða setja hann frá eða bæta skip að mun.

19. gr.

Heimilt skal jafnan fjelögum þeim, sem meira eiga en hálft skip, að setja útgerðarstjóra frá.

20. gr.

Skylt er útgerðarstjóra að hafa sjerstaka reikninga yfir öll viðskifti útgerðarinnar, þau er undir hann koma, og gera á þeim öllum full skil. Hafi fjelagar ekki aðra skipan á gert, skal hann hafa gert þeim skil fyrir almanaksár hvert áður mánuður sje liðinn frá lokum ársins.

21. gr.

Nú eru gerð reikningsskil, og er þá útgerðarstjóra skylt að senda reikn-

ingana hverjum einstökum fjelagsmanni eða leggja þá fram til sýnis. Rjett á hver fjelagsmaður á því, til tryggingar, að sjá reikningsbækur útgerðarinnar og fylgiskjöl og einkanlega reikninga skipstjóra.

Nú mótmælir einhver reikningum útgerðarstjóra og er hann þó ekki sakaður um misreiknun eður svik, og skal þá fram fylgja mótmælunum með lögsókn áður eitt ár sje liðið frá því er reikningsskil voru af hendi int og fjelagsmönnum sagt til þeirra.

22. gr.

Skylt er fjelagsmanni að greiða allan útgerðarkostnað að rjettu hlutfalli við eign hans í skipi. Vanræki fjelagsmaður að greiða skylduhlut sinn og hafi þó verið krafinn, og greiði útgerðarstjóri þann hluta eða annar af fjelagsmönnum, og skal þá hinn lúka það fje og vexti, 8 af hndr. á ári, frá því greiðsla fór fram, og þar að auki þau tryggingariðgjöld, sem sá, er galt fyrir hann, kann að hafa greitt til tryggingar sjer. Veðrjett á lánssali í skipshluta þess, er hann galt fyrir, og ágóða þeim, sem í hans hlut kemur, og skal sá veðrjettur ganga fyrir öðrum eldri samningsveðrjetti í þeim skipshlut, en þoka skal hann fyrir sjóveði því, sem getur hjer í 11. kapítula, svo og fyrir eldra samningsveði í öllu skipi; en hafin skal málssókn til lúkningar kröfunni áður ár sje liðið frá því er hann greiddi fjeð, missi ella veðsins.

23. gr.

Nú er skipinu ráðin ný för eður ráðnar bætur á því að lokinni för og krafið framlaga til og einhver fjelagsmanna hefur ekki lagt þeim samþyktum atkvæði sitt, og skal honum þá heimilt að segjast úr þeim framlögum með því að láta af hendi sinn hlut í skipi endurgjaldslaust, svo framarlega sem ekki hvíla sjerstök eignarhöft á hluta hans. Nú vill hann neyta þessarar heimildar, og skal hann þá skýra útgerðarstjóra frá því brjeflega svo snemma, að útgerðarstjóri viti það áður 8 dagar sje liðnir frá því er samþyktin var gerð eða frá því er honum var skýrt frá henni, ef hann var ekki viðstaddur samþyktargerðina. Jafna skal hlut þess, er úr gekk, á hluti sameignarmanna hans að rjettu hlutfalli við stærð þeirra hluta, er þeir áttu áður.

Ef keypt hefur verið vátrygging á hlut þess, er úr gekk, og hún er enn í gildi við eigendaskiftin, greiða hinir nýju eigendur iðgjald fyrir hana, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fyrir það sem eftir er tryggingartímans.

24. gr.

Jafna skal á fjelagsmenn skaða og ábata á útgerðinni að rjettu hlutfalli við eign þeirra í skipi.

Nú reynist, að gerðum reikningsskilum, að tekjuleyfar eru, og skal þeim þá skift upp meðal fjelagsmanna, sje þeirra ekki þörf til nauðsynja útgerðarinnar.

25. gr.

Ekki slítur það samútgerð skips þótt skipshlutur verði eign annara manna eða fjelagsmaður deyi, verði sviftur fjárforráðum eða gjaldþrota.

Heimilt er fjelagsmanni að selja hlut sinn öðrum mönnum án samþykkis sameigenda hans, og ekki eiga þeir útlausnarrjett þess hlutar nje forkaupsrjett á honum. Þó er ólögmæt sala skipshlutar nema allir fjelagsmenn samþykki, og

þó nauðungarsala sje, ef sú sala sviftir skipið heimild til skrásetningar á íslensku skipaskrána.

Verði skipshlutur eign manns, sem ekki hefur rjett til þess að eiga íslenskt skip, sbr. 1. gr., á hver fjelagsmaður rjett á að krefjast sölu þess skipshlutar á uppboði, nema eigandi hafi gert þá ráðstöfun áður 6 mánuðir sje liðnir, að skipið haldi heimild sinni til skrásetningar á íslensku skipaskrána. Svo skal að öllu fara með þá sölu sem nauðungarsala væri og sama gildi fylgja.

26. gr.

Nú verður maður eigandi skipshlutar, og eignast hann þegar gagnvart meðeigendum rjett þann og bindst skyldum þeim, sem bera rjettum sameignarmanni. Hlíta skal hann og svo sem formaður hans samþyktum þeim, er skipseigendur gerðu áður hann varð eigandi, svo og öðrum framkvæmdum þeim, er þeir höfðu hafið þá, og svo þeim skyldum, er þeim fylgja. Rjett er og, að sameignarmenn hans færi honum til skuldajafnaðar þær kröfur, sem þeir áttu á formann hans og af sameigninni stafa. Hann ábyrgist sem sameigandi gagnvart öðrum mönnum skuldbindingar þær allar, sem útgerðin tekst á hendur eftir það er hann varð fjelagsmaður.

Skylt er hlutsala að skýra útgerðarstjóra eða öllum sameignarmönnum frá eigendaskiftunum og sanna, að viðtakandi, sá er hann til nefnir, kannist við kaupin, en meðan hann gerir það ekki, getur hlutsali ekki skotið sjer vegna eigendaskiftanna undan neinum þeim skyldum við sameigendur, er af sameigninni stafa. Ábyrgjast skal hann skuldbindingar sameigenda gagnvart öðrum mönnum, þær er gerðar voru eftir eigendaskiftin, ef þeir menn vissu þau ekki.

27. gr.

Þeir fjelagsmenn, einn eða fleiri, sem meira eiga en hálft skipið, geta ákveðið, að sameigninni skuli slitið.

Þá getur hver fjelagsmaður krafist, að slitið sje sameign:

1. Ef skip missir heimild til skrásetningar á íslensku skipaskrána án tilverknaðar hans eða samþykkis og er því máð af skipaskrá;
2. ef hann sannar, að útgerðarsamningurinn hafi verið verulega rofinn, eða gengið að öðru á rjett hans í framkvæmdum eða forstöðu sameignarinnar;
3. ef það kemur í ljós við lok farar innanlands, að skuldir sameignar fari fram úr eignum hennar.

Verði ágreiningur í þessu síðasta atriði um verðmæti skips, skal það ákveðið með löglegu mati.

28. gr.

Nú er fjelagsútgerð slitið, og skal þá skipið selt á opinberu uppboði. Ef skipið er utanlands og greini menn á um, hvort það skuli flutt heim eða ekki, eða um uppboðsskilmálana, skal uppboðsrjetturinn á heimili samútgerðar skera úr.

Fjórði kapituli.

Um skipstjóra.

29. gr.

Útgerðarmenn ráða skipstjóra eða útgerðarstjóri fyrir þeirra hönd. Ef einhver þeirra á meira en helming skips, á hann rjett til skipstjórnar, enda hafi hann til þess lögfull skilyrði.

30. gr.

Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann, er hann veit að var ráðinn annarstaðar.

31. gr.

Skipstjóri annast um það, áður ferð sje hafin, að skip sje haffært, og sjer um það í tæka tíð, að það sje vel útbúið, nægilega vel ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf og kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það er gufuskip. Skylt er honum og að annast um, að lögboðin bendingaáhöld og björgunartæki, sæbrjef og siglingaverkfæri sjeu á skipi.

Skylt er honum að annast um, að skip sje ekki offermt og farmur vel búlkaður, og til að tryggja hann sje sjeð fyrir nægu refli, undirbreiðum, hlerum, skorðum o. s. frv., og að lestarop sjeu tryggilega lukt og fleiguð. Verði farmur fluttur á þilfari, skal tryggilega um hann búið, og svo settur, að hann hindri ekki að mun athafnir skipverja. Fari skipið með seglfestu, annast skipstjóri um, að hún sje sæmileg að nægð og gæðum og svo tryggilega um hana búið, að ekki byltist á leið.

Konungur kveður nákvæmara á um birgðir skips að læknislyfjum, svo og um ferming, flutning og afferming sprengiefna, eldfimra og etandi hluta, og ábyrgist skipstjóri, að þeim fyrirmælum sje hlýtt.

Heimilt er og að láta ákvæði þau, er getur í næstu málsgrein hjer á undan, ná til erlendra skipa, er þau eru í landhelgi.

32. gr.

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

33. gr.

Ekki má skipstjóri án samþykkis útgerðarmanns hafa söluvarning sinn eða annara manna í skipsherbergi sínu nje í neinu því rúmi öðru, sem ekki er ætlað farmi. Nú gerir skipstjóri það, og gjaldi hann þá útgerðarmanni venjulegt flutningsgjald fyrir þann varning og bæti allan skaða.

34. gr.

Ekki má skipstjóri fara frá skipi, nema hann segi stýrimanni til áður um það, sem þörf er á, og gefi honum skipanir sínar eða skipverja öðrum,

sje stýrimaður ekki á skipi. Sje skipið ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu lægi, má skipstjóri ekki vera frá skipi, nema að nauðsynjaerindum, þótt hafnsögumaður sje á skipi. Svo er og ávalt, ef hætta er á ferðum.

35. gr.

Nú má skipstjóri ekki vera fyrir skipi sakir sjúkleika eða af öðrum brýnum ástæðum, og skal þá útgerðarmanni tafarlaust sagt til um það. Verði atkvæðis útgerðarmanns ekki beðið að skaðlausu, skal skipstjóra skylt að sjá fyrir nauðsyn skipsins, einkanlega að setja fyrir skipið til bráðabirgða stýrimann eður annan hæfan mann, og hafi við ráð konsúls að því er hann getur, ef það er utanríkis. En sje skipstjóri ófær til, eða vanræki þessa skyldu sína, annast konsúll nauðsynjar skipsins.

36. gr.

Skipstjóri annast um, að ferming og afferming skips sje hraðað að þörfum og að brautför skips dragist ekki að því loknu. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af rjettri leið á ferð þess nje dvelja það á annan hátt.

37. gr.

Skylt er skipstjóra að gera alt það, er hann má, til að halda skipi sjófæru á för. Nú hefur skip tekið grunn, eða annað að borið, svo að ætla má, að skip hafi meiðst, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það, þar sem það verður fyrst gert.

38. gr.

Skylt er skipstjóra að kynna sjer ákvæði og fyrirmæli um siglingar, er honum ber að gæta á viðkomustöðum á för sinni. Hann skal og afla sjer vitneskju um, hvers gæta ber til tryggingar skipi og farmi, ef við ófriði er að sjá eða herkvíun.

39. gr.

Skyldur er skipstjóri að veita viðtöku sjómönnum úr Danaveldi, þeim er konsúlum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eður til annarar hafnar, þeirrar er skipið fer til í þeirri ferð, svo marga og fyrir það fargjald, sem konungur kveður á.

Þeim mönnum, sem svo eru sendir, ber að hlíta á skipi reglum þeim og háttum, sem skipverjum er skylt, og starfa á skipi eftir mætti, ef þörf krefur.

40. gr.

Leiðarbók skulu hafa öll kaupskip, sem eru í utanlandssiglingum. Öll fiskiskip, sem eru meira en 30 tonn að rúmmáli, skulu hafa fiskiveiðaleiðarbók. Gufuskip hafi að auki sjerstaka vjelarbók. Konungur setur nánari reglur um tilhögun og löggilding bókanna. Þegar skip er afgreitt úr höfn innanlands, skal sýna leiðarbókina lögreglustjóra og skrifar hann ókeypis í bókina vottorð um það, að hún var sýnd.

41. gr.

Í leiðarbók skrifar skipstjóri, eða stýrimaður með umsjá skipstjóra, og ábyrgist þá báðir; en vjelarstjóri skrifar í vjelarbók með umsjá skipstjóra og

ábyrgist báðir. Skrifa skal alt í bækurnar eftir rjettri tímaröð, í höfn og á fiskiveiðum eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir varðtíðir. Skrifa má fyrst í bráðabirgðabók það, sem gerist á varðtíð hverri, en skrifa skal það í bækurnar áður sá sólarhringur sje á enda.

Bóka skal í leiðarbók glögt og skipulega. Ekki má skafa það af, sem skrifað var, draga yfir það, eða gera það með öðru móti ólæsilegt; gerist leiðrjettingar þörf, skal henni bæta við sem athugagrein.

42. gr.

Skrifa skal í leiðarbók ítarlega alt það, er við ber á förinni, og hvað annað það, er útgerðarmönnum er gagn að vita eður eigendum farms eður vátryggjendum eður öðrum þeim mönnum, er förin snertir hagsmunalega.

Geta skal því þess í leiðarbók, nær starfstími skipverja hefst og endar, nær vistir og vatn er tekið á skip, nær ferming skips og afferming hófst, var frestað, og nær þeim lauk; bókað skal hvað fermt er og affermt hvern dag, og ef tekin er seglfesta, hver hún var, hve þung og hversu um hana var búið, hvort aðrir unnu en skipverjar, djúpmál skipsins á skut og stafni og ásigkomulag þess að öðru leyti, er það ljet úr höfn, hverju skipið er fermt og ásigkomulag farmsins; ef búlki er á þilfari, skal sagt hve mikill er og hve hár, um leiðrjetting áttavitans og afbrigði; nær skipið lætur út, kemur til hafnar eða flytur sig þar; um vind, veðurfar, stöðu loftvogar, strauma, stefnu, skriðhraða, hvað haft var af seglum, hver vegalengd var farin, hver skipsljós höfð; djúpmál, miðun og athuganir; nær hafnsögumaður kom á skip og fór af skipi; um dælinguna, hve oft var dælt, hve lengi um sinn og með hve miklu afli og um vatnshæð í dælunum.

Leiðarreikning skal bóka um hvern sólarhring.

Sje ráðstefna haldin á skipi, skal bóka í leiðarbók tillögur manna svo og úrskurð skipstjóra og skrifa þeir nöfn sín undir bókun, sem á ráðstefnu voru. Þess skal og getið í leiðarbók, ef skipverji sýkist, deyr eða strýkur, eða vinnur glæp eða skipsagabrot, sbr. 52. og 108. gr., svo og hvenær og af hvaða ástæðum skipstjóra þykir nauðsyn að draga af matgjöfum, sbr. 50. gr.

Sjerstaklega ber að rita í leiðarbók nákvæmar skýrslur um hvert það óhapp, sem verða kann á skipi eða farmi, og þess getið, hvað því olli, hversu það bar að og hversu úr var ráðið.

Í vjelarbók skal greint frá kolabirgðum skips og annara vjelanauðsynja er skip ljet úr höfn, kolaeyðslu hvern sólarhring og alt annað, er vjelina snertir, gang hennar og gæslu.

Í fiskiveiðaleiðarbókina skal sjerstaklega skrá fiskimiðin, hvenær skipið kom þangað, hve lengi það dvaldi á hverju miði, dýpi, botnlag, veðráttu og tölu og tegund fiskjarins, sem veiddist.

43. gr.

Þegar leiðarbók er skrifuð til enda eða verður ekki notuð annars vegna, fær skipstjóri til nýja bók og lætur löggilda, og skal þá geta þess í gömlu bókinni, að ný bók sje löggilt og nær það var. Nú verður ekki náð til hinnar gömlu bókar, og skal þess þá getið í hinni nýju og sagt hvað til þess bar.

Við slík bókarskifti ber rjettu yfirvaldi að rannsaka það, hvort hirðu-

samlega var bókað í hina eldri bók dag eftir dag og annast um, að skipstjóri sæti lögsókn, ef svo er eigi. Nú verða skipstjóraskifti, og skal þá leiðarbók send yfirvaldi til slíkrar rannsóknar áður næsti dagur á eftir sje liðinn, svo og ef skipið mætir slysi, svo að sjóferðaskýrslu þurfi að krefja af þeim sökum (47. gr.), og skipstjóri leitar hafnar innanríkis eða utanríkis, þar sem skipaður er danskur konsúll; svo skal og vera þegar menn eru skráðir úr skiprúmi eða skip tekur aftur innlenda höfn og affermir þar að öllu eða meiri hlut. Geta skal í leiðarbók nær hún var færð yfirvaldi og um þá rannsókn, er fram fór.

Ákveða má með konunglegri tilskipun linkind í eftirliti þessu á gufuskipum, sem eru í reglubundnum förum landa í milli.

44. gr.

Rjett á hver maður á að fá að kynna sjer leiðarbók skips, sá er sýnir, að hann eigi þar lögmætra hagsmuna sinna að gæta. Geyma skal leiðarbækur alskrifaðar ekki skemur en tvö ár eftir það er för var á enda. Nú rís dómsmál og snertir það förina, og skal þá varðveita leiðarbók til þess er því máli lýkur að fullu.

45. gr.

Nú gerist einhver sá atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við svo nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af, og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðaskýrslu; svo er og ef maður ferst voveiflega af skipinu og það varð ekki á innlendri höfn, eða skipið rekst á annað skip og vinnur því slíkar skemdir eða tjón, sem fyr greinir.

Nú verður slysið hjer í ríkinu, og skal þá skipstjóri segja til þess yfirvaldi á þeim stað svo fljótt sem unt er, eftir það er slysið bar að eða varð kunnugt. Fylgja skal frásögunni orðrjett afrit af því, sem bókað var um þann atburð í leiðarbókinni; ef ekki var leiðarbók eða hún hefur farist, skal gefa brjeflega skýrslu um atburðinn og skrá yfir skipverja og þá menn aðra, sem ætla má að skýrt geti málið, og til nefna, ef auðið er, þá menn, sem þetta mál kemur við, eða umboðsmenn þeirra. Dómari eindagar síðan þinghald til sjóferðaskýrslu og framkvæmir til undirbúnings það, er þörf krefur. Hafa skal skipstjóri leiðarbækurnar með sjer á þingið.

Utanríkis skal skipstjóri, svo fljótt sem verða má, gefa sjóferðaskýrslu því yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, sem hann er þá staddur á, eða fyrir hlutaðeigandi dönskum konsúl, ef utanríkismálastjórnin hefir sjerstaklega fengið honum vald til að taka við slíkum skýrslum.

Ef sjóferðaskýrsla er gefin erlendu yfirvaldi og danskur konsúll er á þeim stað, skal honum sagt til, svo að hann geti verið við staddur þinghaldið og annast um, að sjóferðaskýrslan sje sem glegst og fylst.

Skýrslu um það, sem fram hefur farið, sendir konsúll utanríkismálastjórninni, bæði er hann sjálfur hefur tekið við skýrslunni og er honum hefur verið veittur kostur á að vera við staddur þinghald. Skýrslan verður síðan send stjórnarráði Íslands, er skipar nánari rannsókn hjer á landi, ef þurfa þykir.

46. gr.

Lestist skip á för, svo bæta verði að mun eða dvelja það um hríð, er skipstjóra skylt að láta lögmæta matsgerð fram fara. Skulu matsmenn

líta á skemdir og segja álit sitt um, hvað að hafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils skipið sje þá vert óbætt. Þá er skip er bætt, skal úr því skorið með nýrri skoðunargerð, hvort skip er þá fært til að koma fram för sinni.

Nú spillist farmur að mun á för, eða ráða má af líkum, að hann sje svo á sig kominn, að nauðsyn beri til að afferma skipið, eða hjálpa farmi við á annan veg, eða verður að ryðja skipið sakir þess sjálfs, og skal þá skipstjóri láta fram fara lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemd á farmi, skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það, hvað ætla má, að valdið hafi og hversu hagkvæmast verði úr ráðið.

Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög eru til eða venja á þeim stað; þar sem slík matskvaðning er ekki tíðkuð, skal skipstjóri afla sjer yfirlýsinga skynbærra manna.

47. gr.

Hvar þar sem grunur getur leikið á því, að skemdunum hafi valdið misfellur við hleðsluna, umbúnaðinn, lestarop vanlukt og annað þess háttar, skal kveðja til skoðunarmenn að sjá lestarrúm opnuð og skip affermt. Ef óttast má, að góss hafi spilst á för, skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en góssið er fengið í hendur viðtakanda.

48. gr.

Ef skip kemst í sjávarháska, er skipstjóra skylt að gera alt, sem hann má, til bjargar skipinu, og má ekki hverfa frá því meðan nokkur von er um björg þess. Ef engin er bjargarvon en háskinn svo vís, að það eitt sje til að hverfa frá skipi, þá er honum skylt einkanlega að annast björgun leiðarbóka og skipsskjala; hann annast og björgun á skipi og góssi og leitar sjer til þess hjálpar, sem nauðsyn krefur.

Nú verður björg, og sjer þá skipstjóri um björgunina, nema það komi í bága við lög á þeim stað, eða sjerstakur björgunarsamningur sje til fyrirstöðu. Skrifað skal nákvæmlega hverju bjargað er, svo og tala þeirra manna, sem að björgun vinna og góssið flytja á geymslustað; skrifar skipstjóri það sjálfur, eða lætur stýrimann gera; skipstjóri rannsakar og, svo sem hann má við koma, reikninga alla fyrir björgun, flutning og geymslu, og vottar með nafni sínu, að rjettir sje.

Skipstjóri annast og, svo fljótt sem hann má, um lögmæta skoðunargerð á skipi og því góssi, sem bjargað var, og fær því þá varðveislu, sem hann má besta.

49. gr.

Skylt er skipstjóra að fara sæmilega með undirmenn sína og skipa þeim svo verk, að hann gæti stöðu hvers þeirra á skipi, svo sem hann má við koma. Líkamsrefsingu má hann engan mann láta sæta.

Á sunnudögum og öðrum lögskipuðum helgum dögum hjer á landi má ekki setja skipverja til neinna starfa fram yfir það, er trygging og meðferð skips krefur, eða gæsla og umsjá vjela, eða að þrífa skip sem títt er, þurkun segla, nauðsynleg bátstörf og svo matgerð; því að eins má þá skipa mönnum önnur störf, að ekki verði frestað.

50. gr.

Skipstjóri annast um, að skipverjar fái nægan mat og góðan og skal hann að því hlíta reglugerð, sem konungur setur. Nú ber nauðsyn til, að hann dragi mat af skipverjum á för, og skulu þeim þá goldnar sanngjarnar bætur þess.

Í nefndri reglugerð skal og nákvæmar kveðið á um herbergi skipshafnar á skipi.

51. gr.

Nú andast einhver skipverja, og annast skipstjóri þá greftrun hans. Hann skal og láta skrásetja við votta alt það, er hinn látni maður ljet eftir á skipi; andist maðurinn utanríkis, er rjett, að skipstjóri fái skrána í hendur konsúl eða öðrum rjettum valdsmanni á þeim stað, eða selji munina, geti hann ekki varðveitt þá á skipi að bagalausu.

52. gr.

Drýgi skipverji eða farþegi glæp, sem opinber málsókn liggur við, og skipið er ekki í innlendri höfn, skal skipstjóri svo fljótt sem auðið er, taka skýrslu til bráðabirgða af sakborning, af skipshöfn sinni og þeim mönnum öðrum, sem það mál geta skýrt. Nú var glæpurinn unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, og skal þá sú rannsókn því að eins fram fara, að yfirvöld á þeim stað reki ekki málið. Skýrslur og vitnisburði skal skrifa í leiðarbók eða skrá á annan hátt, ef leiðarbók er ekki, og þeirra fyrirmæla gætt, sem getur í 108. gr.

Skipstjóri gætir þess, ef hann má, að sakborningur hverfi ekki á braut og er heimilt að byrgja hann inni, ef þörf krefur, eða hefta á annan hátt og ábyrgist skipstjóri, að hann sje ekki harðara leikinn en vera þarf.

Nú er glæpur unninn í utanríkis höfn, þar sem er danskur konsúll, eða skip kemur til slíkrar hafnar, eftir það er glæpurinn var unninn, og skal þá skipstjóri, svo fljótt sem hann má, skýra konsúl frá því, að glæpur var unninn og fá honum í hendur staðfest eftirrit af rannsóknarskýrslu sinni. Konsúllinn rannsakar þá málið og ákveður hvað frekara skuli gera. Hafi skipstjóri engan konsúl fundið að máli í utanríkishöfn, skal hann skýra yfirvöldum frá málinu við heimkomu sína, svo fljótt sem hann má.

53. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, gerir skipstjóri, svo fullgilt sje gagnvart öðrum mönnum, samkvæmt stöðu sinni í umboði útgerðarmanns alla þá löggerninga, sem snerta framkvæmd farar hans, svo sem útbúnað skips allan og viðhald og öflun vista; hann gerir farmsamninga og er sóknaraðili útgerðarmanna í málum, sem við koma skipinu.

Enga löggerninga getur skipstjóri gert á lögheimili skips, þá er skuldbindi útgerðarmenn, ef hann hefir ekki sjerstakt umboð þeirra til, nema að ráða menn í skiprúm.

54. gr.

Et fjár er vant til framkvæmdar einhverju því, sem 48. gr. getur, er skipstjóra heimilt að taka fje að láni eða selja góss útgerðarmanna til, eða jafnvel af farmi. Nú tók skipstjóri fje að láni eða seldi afgóssi um þörf fram, og

skerðir það að engu rjett hins, sem lánaði eða keypti, ef ætla má eftir atvikum, að hann vissi það ekki.

55. gr.

Óheimilt er skipstjóra að selja skip án samþykkis útgerðarmanns, nema skip sje dæmt óbætandi eftir að lögleg skoðunargerð fór fram, sbr. 46. gr. Selja skal á opinberu uppboði.

56. gr.

Nú hafa útgerðarmenn gert sjerstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem 53. og 54. gr. heimila skipstjóra, og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

57. gr.

Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmönnum iðulega frá ásigkomulagi skips og hvernig förinni liður, hverir löggerningar voru gerðir, og frá öllum þeim atburðum í heild sinni, sem máli skifta fyrir þá. Hann skal og leita skipana útgerðarmanna sjálfra um öll mikilsverð málefni, að því er hann má við koma, eða þess manns, er útgerðarmenn vísuðu til. Skorti gjaldeyri til skipsþarfa og ekki megi bíða skipana útgerðarmanna, skal skipstjóri leitast við að afla þess fjár svo sem útgerðarmönnum er hagkvæmast; að eins í ítrustu nauðsyn má hann selja af farmi.

58. gr.

Skipstjóri skal meðan för stendur láta sjer ant um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeigenda.

59. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, er skipstjóra samkvæmt stöðu sinni heimilt að gera, svo fullgilt sje gagnvart þriðjamanni, alla þá löggerninga, sem miða til að varðveita farm og koma honum áleiðis, svo og til að vera sóknaraðili þeirra í málum, sem farminn snerta. Nú skortir skipstjóra gjaldeyri til framkvæmda einhverri slíkri nauðsyn þeirri, og er þá rjett, að hann taki fje að láni fyrir hönd farmeigenda eða selji jafnvel af farmi. Um slík lán og sölu gildir það, sem segir í síðari málsgrein 54. gr.

Skuldbindingar þær, sem skipstjóri þannig játast undir fyrir farmeigenda, ábyrgist hann að eins með góssi því, sem hann á á því skipi.

60. gr.

Nú ber þau atvik að hendi, sem ráð er gert fyrir í 46. gr., og það sannast við lögmæta skoðunargerð, að farmi er svo farið, að hætta er á, að spillist við geymslu, og er þá rjett, að skipstjóri selji farm. Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi, er og rjett að selja farm, ef skoðunarmenn dæma, að kostnaður á því að geyma farminn eða koma honum áleiðis, yrði of mikill í hlutfalli við verðmæti hans.

61. gr.

Nú hafa farmeigendur gert sjerstaka takmörkun á hinu almenna um-

boði, sem skipstjóra er veitt í 59. og 60. gr., og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

62. gr.

Áður en skipstjóri aflar lánsfjár til þurftar farminum eða selur nokkuð afgóssinu, eða gerir nokkurar aðrar sjerstaklegar ráðstafanir á kostnað farmeigenda, skal hann leita fyrirskipana þeirra, ef kostur er, eða þess manns, er þeir nefndu til.

Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi og eiga farmeigendur engan umboðsmann á þeim stað og ekki verður leitað skipana þeirra, og er skipstjóra þá skylt eftir atvikum, annaðhvort að senda góssið á ákvörðunarstað þess sem kostnaðarminst, eða fela það til geymslu eða selja.

Farm skal selja á opinberu uppboði, ef því verður við komið.

63. gr.

Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fje skuldbindingar þær, sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeigenda sem skipstjóri.

64. gr.

Bæta skal skipstjóri skaða þann, sem hann olli útgerðarmönnum eða farmeigendum með svikum, hirðuleysi eða gáleysi við skyldustörf sín, það leysir hann eigi úr ábyrgð, að hann fór eftir fyrirmælum annara, nema gagnvart þeim, er fyrirmælin gáfu. Þótt ályktun sje gerð á skipsráðstefnu ber skipstjóri engu að síður ábyrgð á framkvæmdunum.

Skipstjóri ábyrgist enn fremur skaða þann, er verður af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipverja við skyldustörf þeirra, nema ætla megi, að hvorki hafi frá hans hendi skort á næga athygli nje eftirlit.

65. gr.

Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil við heimkomu skips að entri för, og annars svo oft sem útgerðarmenn heimta. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi, skal það gert með lögsókn áður 6 mánuðir sje liðnir frá því, er hann fjekk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmæt, nema misreiknun eða svik sannist.

Ef ekki er annan veg tilskilið, skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanna á reikningum hverja sjerstaka uppbót, sem hann hefir tekið við af fartakanda skips, farmeiganda, birgðasala eða öðrum, þeim er hann átti skifti við sem skipstjóri.

66. gr.

Setja má skipstjóra af starfi á hverjum tíma er vill.

Nú hefir skipstjóri gengið í sjálfskuld til gagnsmuna skipi eða farmi, og var honum það ekki óheimilt, og er hann þá ekki skyldur að láta af stöðu sinni fyr en útgerðarmenn fá honum þá trygging, að hann verði skaðlaus af ábyrgðinni.

67. gr.

Ef skipstjóri var ekki ráðinn um ákveðinn tíma eða til tiltekinnar

farar og ráðningarsamningur hans tekur ekki til um uppsögn eða burtför, getur hann sagt upp þjónustu sinni þegar sem skipið er í innlendri höfn og för á enda. Nú hefir hann gengt starfinu í 3 ár og skipið hefir aldrei á þeim tíma lokið för hjer við land, og er skipstjóra þá heimilt að segja þjónustu sinni lokið við lok þeirrar farar, sem hann þá er á, og veiti hann svo langan frest, að útgerðarmenn fái sæmilegan tíma og tækifæri til að afla sjer annars skipstjóra. Nú ákveða útgerðarmenn, þegar sem þeir fengu uppsögn skipstjóra, að skipið skuli snúa hingað til lands úr þeirri höfn, sem það þá er í, og er þá skipstjóri skyldur til að vera fyrir skipinu heim, þá er það hefir tekið farm, þó afferma skuli á leiðinni í annari höfn.

Eigi að afferma skipið, má skipstjóri ekki hverfa braut fyrri en lokið er.

Missi skipið rjett til að sigla undir dönsku flaggi, á skipstjóri þegar heimila burtför.

68. gr.

Nú er skipstjóri settur af starfi sakir óhæfileika hans, svika, hirðuleysis eða gáleysis við starfa sinn, og á hann þá kaup sitt einungis til þess er hann var rekinn.

Svo er og ef hann var settur af starfinu sakir þess, að ferðin varð ekki farin, eða henni varð ekki lokið, eða löng frestun varð á sökum ófriðar, herkvíunar, herhalds (embargo), aðflutnings- eða útflutningsbanns á vörum, eða sakir ísa eða meiðingar á skipi svo að það verði ekki fært til ferðarinnar.

Farist skip eða það er dæmt óbætandi, er hernumið og gert upptækt, eða sjóræningjar taka það, er skipstjórasamningurinn úr gildi, enda missir hann rjett til frekara kaups. Þó má hann ekki fara braut af þeim stað, þar sem slys varð, áður öllu er ráðstafað, því er að skipi og farmi lýtur, og á hann rjett á hæfilegri þóknun fyrir þann tíma, sem hann ver til þess, og ekki minni en nam kaupi hans áður og að auki ókeypis dvöl og viðurværi eða fæðispeninga.

69. gr.

Ef skipstjóri er settur af starfi sakir sjúkleika eða meiðsla, sem geri hann ófæran til skipstjórnar, á hann kaup sitt til þess er hann er settur af.

Nú verður skipstjóri fyrir sjúkleik eða meiðslum á ráðningartíma sínum, og var sjálfur ekki sök í, og eru útgerðarmenn þá skyldir að kosta lækning hans og aðhlynning, og eins eftir það er honum var vikið burt og þó ekki 4 vikum lengur eftir það, ef hann vjek frá því hjer á landi eða á þeim stað í útlöndum, þar sem samningur sagði til, að hann færi, ella 8 vikur.

70. gr.

Ef skipstjóra er vikið frá starfi og af engum þeim sökum, sem nefndar voru í 68. og 69. gr., tekur hann alt það kaup sitt, sem áskilið var. Nú var ráðningartími hans látinn óákveðinn, og á hann þá kaup til þess er hann veik burt og að auki eins mánaðar kaup, ef hann veik frá starfi hjer á landi og það var ekki á þeim tíma, sem honum var sjálfum heimilt að fara eftir 67. gr.; en 2 mánaða kaup, ef honum var vikið frá í öðrum höfnum í Norðurálfu, en 3 mánaða kaup, ef það var í höfnum utan Norðurálfu.

Þessi ákvæði taka og til þess, er skipstjóri víkur burt sakir þess, að skipið missir rjett til að sigla undir dönsku flaggi.

71. gr.

Nú er starfstími skipstjóra á enda með þeim atvikum, sem getur í 70. gr., og á öðrum stað en til var tekið eða fyrir sjeð í ráðningarsamningi hans, og á hann þá rjett á endurgjaldi frá útgerðarmönnum fyrir ferðakostnað til ráðningarstaðar síns, ef hann var ráðinn hjer á landi, en ella til lögheimilis skipsins, og skulu fæðispeningar taldir til kostnaðar. Sama rjett á skipstjóri, ef honum var vikið frá erlendis með þeim atvikum, sem 2. hluti 68. gr. tekur til, svo og ef hann er látinn eftir utanlands sakir sjúkleika og útgerðarmenn voru skyldir til að kosta hjúkrun hans og lækning eftir 69. gr.

Ef skip ferst utanlands eða meiðist svo, að það er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður heimfararkostnað skipstjóra; svo er og ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki að ófriður væri hafinn, er hann ljet síðast í haf, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá.

72. gr.

Ef skipstjóri deyr, á hann kaup sitt til dánardags. Nú týnist skip og er vafi á um nær það bar að og svo um dánardag skipstjóra, og skal þá meta svo, sem slysið og dauða hans hafi að borið þá er liðinn var helmingur þess tíma, er skip, slíkt sem þetta var, þurfti á þeim tíma árs til farar sinnar þangað, sem ætlað var, frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins.

73. gr.

Nú er skipstjóra heitið sem kaupi eða auk kaups hundraðsgjaldi af farmi (kaplak) eða hlut í öðrum tekjum af förinni, og víki hann burt áður sú för sje á enda, og skal hann þá hafa svo mikinn hluta fjár þess, er honum var heitið, sem koma mundi á þann tíma, sem hann gegndi stöðu sinni að rjettu hlutfalli við fararlengd alla. Eigi hann rjett á kaupi fyrir lengri tíma eftir 70. gr., skal honum talið með öllu saman tvöfalt stýrimannskaup frá lokum starfstíma, en haldi þó ráðningarkaupi sínu, ef það var meira.

74. gr.

Þegar skip er afgreitt til farar og að öðru leyti búið, má ekki halda eftir skipstjóra sakir skulda, nje leggja löghald á eða gera fjárnám í neinum munum hans, þeim sem á skipi eru og hann þarfnast til starfa síns á því.

Fimti kapituli.

Um skipshöfn.

75. gr.

Pá er skipstjóri á skipi, sem er meir en 12 tonn að rúmmáli, ræður mann á skip með sjer, skal hann gera um ráðninguna skriflegan samning við manninn í viðurvist ráðningarstjóra. Ráðningarstjóri skal gæta þess, að í

samningnum sje skýrt tekið fram nafn skipsins, tonnatal og heimili, og sá staður, sem skipið er gert út frá, fult nafn sjómannsins aldur og heimili, ferð sú eða farleið, sem sjómaðurinn er ráðinn til, staða hans á skipinu og vistarkjör, þar á meðal hvernig honum skuli goldið kaup hans og hlunnindi. Sje kaup ákveðið í einu fyrir ferðina, skal þess getið jafnframt hve lengi á er ætlað að ferðin muni standa. Ennfremur skal ávalt, þar sem kaup er ekki miðað við mánuð eða aðra takmarkaða tímaeining. tekið fram hve hátt mánaðarkaup megi teljast algengt eða hæfilegt á þeim stað og tíma er samningurinn er gerður; og skal þá jafnan farið eftir því þegar reikna á kaup eftir tíma samkvæmt lögum þessum. Ráðningarstjóri skal ennfremur gæta þess, að samningurinn sje að öðru leyti lögum samkvæmur, og benda sjómanninum á, ef í honum eru óvanaleg ákvæði.

Undir samninginn skrifa skipstjóri og sjómaður nöfn sín, en ráðningarstjóri vottar með áritun sinni og nafni, að hann hafi verið viðstaddur samningsgerðina, og að hún hafi farið fram eins og lög mæla fyrir.

Á samninginn skulu vera prentuð ákvæðin um skipshöfn í lögum þessum og erindisbrjefi danskra konsúla, og reglugerð um hibýli og fæði á skipum.

Hvor málsaðila getur krafist þess, að rituð sje á samninginn viðurkenning fyrir öllu því, sem greitt er upp í kaup, fyrirfram eða meðan á ferðinni stendur.

Skipstjóri gerir tvö eintök af skrá yfir skipshöfn sína (skipshafnarskrá) og skal á henni vera útdráttur úr ráðningasamningnum. Öðru eintakinu heldur ráðningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt og skal það fylgja skipinu.

76. gr.

Stjórnarráðið löggildir sjerstaka ráðningarstjóra þar sem þurfa þykir og því verður komið við; annarstaðar eru lögreglustjórar ráðningarstjórar. Stjórnarráðið semur leiðarvísi fyrir ráðningarstjóra og ákveður gjald fyrir ráðningu.

Ráðningarstjórar skulu gæta þess, að skipstjórar og stýrimenn fullnægi skilmálum laganna um atvinnu við siglingar, og að skilyrðum laganna fyrir ráðningu í skiprúm sje yfir höfuð fullnægt. Þeir eru skyldir til að aðstoða við samningagerðina og útfylling skipshafnarskránna.

77. gr.

Nú leysir skipstjóri mann úr vist, eða einhver skipverja fer af skipi af öðrum ástæðum, og skal skipstjóri þá snúa sjer til ráðningarstjóra og getur hann breytingarinnar á skipshafnarskránni.

78. gr.

Ef farmaður ræðst í fleiri skiprúm en eitt, gengur eldri samningur fyrir yngri.

79. gr.

Skyldur er skipráðinn maður að koma til starfs síns á skipi á þeim tíma, sem skipstjóri tók til, og má ekki fara leyfislaust frá skipi eftir það. Kaup á hann frá og með þeim degi, er hann kom á skip, ef ekki var um annað samið.

80. gr.

Nú er maður ráðinn í skiprúm með samningi samkvæmt 75. gr., og

neitar að ganga á skip, eða kemur eigi til skips í ákveðna tíð, eða gengur af skipi í leyfisleysi, og getur þá skipstjóri þröngvað honum, eða látið þröngva honum með lögregluvaldi, til að uppfylla skuldbindingu sína.

Draga má af kaupi skipverja það, sem kostaði að færa hann á skip.

81. gr.

Fyrirmæli 74. gr. um skipstjóra, gilda og um skipshöfn.

82. gr.

Allir skulu skipverjar hegða sjer siðsamlega og friðsamlega og ekki gera sig seka í óreglu og gæta vandlega allra fyrirskipana til viðhalds siðsemi og reglu á skipi. Þeir skulu sýna virðing yfirmönnum sínum og hlýða með athygli á skipanir þeirra og láta á sjer skilja með skýrum svörum, þeim sem við eiga, að þeir skildu skipunina.

83. gr.

Skylt er hverjum skipverja að hlýða boðum yfirmanna sinna bæði á landi og á skipsfjöl, í höfn og í hafi, í öllu, sem lýtur að skylduverkum hans, og sýna í öllu umhyggju um skip og góss og vinna verk sín með áhuga og gaumgæfni jafnt á nóttu sem degi, helga daga og rúmhelga. Ef tjón hlýtst af svikum hans, hirðuleysi eða gáleysi, er hann skyldur að bæta.

Nú kemst skip í sjávarháska, og er skipshöfn þá skyld til að gera alt það, er hún má til bjargar skipinu, og fari ekki frá skipi á undan skipstjóra, nema hann leyfi.

84. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega að aðstoða skipstjóra við siglinguna og athuganir þær og mælingar, sem nauðsynlegar eru, og við bókun í leiðarbók; hann lítur og eftir öðrum skipverjum, vistum og skipi og áhöldum öllum; hann skal og skrásetja farmgóss, sem fer af skipi eða á skip, og ábyrgist skipstjóra alt það, er hann tekur við, og svo hversu búlkað var. Riti stýrimaður leiðarbók, ábyrgist hann að rjett sje.

Nú er skipstjóri forfallaður eða fjarverandi og ber eitthvað það að, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, og skal þá stýrimaður ráða úr því, sem ekki má fresta. Ef skipstjóri deyr eða verður ófær til skipstjórnar eða gengur af skipi, skal stýrimaður koma í hans stað til þess ráðstöfun er gerð, svo sem 35. gr. mælir fyrir um.

85. gr.

Það er skylda vjelarstjóra einkanlega að líta eftir gufukötlum og vjelum; hann ábyrgist notkun þeirra og gæslu og hefir umsjón þeirra manna, er þeim gegna. Hann ritar í vjelarbók með eftirliti skipstjóra og ábyrgist að rjett sje ritað.

86. gr.

Enginn skipverja má hafa á skipi verslunarvörur fyrir sig eða aðra, nema skipstjóri leyfi. Nú hefur hann vöru, og fer um það sem fyrir er mælt í 33. gr.

Ef orsök er til að gruna, að vörur sjeu heimildarlaust á skipi eða eitthvað það sje komið á skip, sem skipi eða farmi geti stafað háski af eða áhætta, eða valdið þar óreglu, þá er skipstjóra heimilt að láta rannsaka hirslur skipshafnar.

Nú er góss tekið heimildarlaust á skip, og er þá rjett að færa það aftur á land eða varpa fyrir borð, ef skip var látið út þegar góssið fanst, ef það verður ekki haft á skipi háskalaust eða áhættu.

87. gr.

Ef skipverjar eru ráðnir um ótiltekinn tíma, og ekki er annan veg tilskilið, eru þeir skyldir til að fara með skipinu til þess för sú er á enda og það er komið á þann stað, þar sem skipverjar voru skipráðnir, eða til einhverrar hafnar innlendrar, ef þeir voru ráðnir á Íslandi. Ef þeir voru ráðnir um ákveðinn tíma og hann endar meðan á ferð stendur, geta þeir þó ekki krafist lausnar fyrri en á næsta stað, þeim sem skipið kemur á til fermingar eða affermingar. Ef þeir voru ráðnir til ákveðinnar farar, og breytt er síðan um ferðir áður skipið fer af ráðningarstaðnum, geta þeir krafist lausnar þá þegar. Nú er skift um för eftir það er skipið fór af stað, og stendur þá ráðningin til þess er skipið kemur á hinn nýja ákvæðisstað sinn, nema um hann sje svo skift, að hann verði útlend höfn í stað innlendrar eða annarar álfu höfn í stað Norðurálfu, því þá getur skipshöfn krafist lausnar á hinni fyrstu höfn, sem skipið kemur í, eftir það er breytt var til um för, enda eiga þeir ekki kaup lengur en þeir voru í þjónustu skipsins.

88. gr.

Nú hefir maður verið tvö ár háseti á sama skipi eftir það er vistartími hans samkvæmt síðasta ráðningarsamningi byrjaði, og getur hann þá, hvað sem ráðningarsamningur hans kveður á um það, krafist lausnar á næsta stað, sem skipið kemur á til affermingar eða fermingar, nema skipið fari þaðan beint til þess staðar, þar sem ráðningarsamningur hans heimilar honum brautför. Kaup á hann að eins til brautfarar sinnar.

89. gr.

Nú er skipverjum heimilt að fara úr skiprúmi eftir ráðningarsamningi sínum eða fyrirmælum 87. og 88. gr., og eru þeir þó skyldir til, ef skipstjóri vill, að vinna það, sem þörf krefur að affermingu eða ruðningu seglfestu, ofantöku reiða, festing skips eða umbúnaði, og þeir geta ekki krafist lausnar áður því starfi sje lokið. Ekki eru þeir skyldir til að starfa að þessu lengur en viku eftir það er skipið kom í höfn.

90. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, á hann heimilt að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað og auki það ekki kostnað útgerðarmönnum. Svo er og ef maður á kost á yfirstýrimannastöðu eða vjelarstjóra, sá er ráðinn var til óæðra starfs.

Krefja má og lausnar úr skiprúmi ef ófrið ber að, svo að hætta sje á, að skipið geti orðið hernumið sakir þjóðernis síns, farms eða fararstefnu.

Þeir eiga kaup til brottfarar sinnar, sem lausn fá úr skiprúmi eftir þessari grein.

91. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hefur misþyrmt honum á skipi eða aðrir og hafi skipstjóri þá ekki veitt honum vernd og verið þó beiddur til, eða skipstjóri meinaði honum sæmilegt fæði, og getur skipverji þá krafist burtfarar. Nú fer maður burt fyrir þessar sakir, og á hann þá kaup fyrir þann tíma, sem hann var í skiprúminu, og að auki mánaðarkaup. Nú fær hann lausn á öðrum stað en ráðningarstað sínum, og á hann þá enn kaup fyrir þann tíma, sem þarf til að komast þangað, sem hann skal skráður úr skipi, eða til ráðningastaðar síns, ef ekki var samið um úrskráningarstað, og getur hann krafist að fá þann ferðakostnað og fæðis allan greiddan sjer í peningum. Nú var hann ráðinn til fararinnar fyrir ákveðna fjárhæð, og ber honum þá aldrei meir en það kaup og svo ferðakostnaður hans.

92. gr.

Nú er skip ófært til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri vanrækir að ráða þær bætur á, að skip sje í góðu lagi, og má skipshöfn þá krefjast lausnar úr skiprúmi. Skyldur er skipstjóri til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipinu og meta hversu fært það sje til farar, ef meiri hluti skipshafnar krefst; hann er og skyldur til, að láta skoða vjel skipsins, þar sem því má við koma og vjelarstjóri krefst þess; synji skipstjóri þessara skoðunargerða, er skipshöfn heimil brautför úr skiprúmi. Um kaup og ferðakostnað fer í þessum atriðum svo sem fyrir er mælt í 91. gr.

Nú reynist það við skoðunargerðina, að skipið var fært til þeirrar farar og engir þeir gallar á, að skynsamleg rök væri til kærunnar, og eru þá þeir menn, sem skoðunargerðar kröfðust, skyldir að bæta kostnað þann og tjón, sem af henni leiddi.

93. gr.

Ef skip missir rjett til að sigla undir dönsku flaggi, getur skipshöfn þegar krafist vistarslita, og á hún kaup og ferðakostnað sem segir í 91. gr. Ekki er skipverjum heimilt að bregða ráðningu, þótt breyting verði á útgerðarmönnum eða skift sje um skipstjóra.

94. gr.

Nú sannast það, að maður er óhæfur í þá stöðu, sem hann rjeð sig til, og má þá víkja honum úr skiprúmi, og taki sá maður kaup til þess er hann fór. Svo skal og vera ef skipverji sýnir skipstjóra ofbeldi eða öðrum yfirmanni sínum, eða verður sekur um það, að hafa leynt á skipi tollskyldum vörum eða öðru því góssi, sem óheimilt var á útflutningur á brautfararstað skipsins, eða aðflutningur á ætlunarstað þess; svo skal og enn, ef skipverji hefur svo oft sætt refsingu fyrir yfirsjónir við störf sín, eða brot á siðsemi og reglusemi, að refsivald skipstjóra eftir 107. gr. hljóti að verða þýðingarlaust. Ekki má víkja manni utanríkis úr skiprúmi sakir ódugnaðar hans, nema danskur konsúll samþykki, ef hann er á þeim stað; nú er enginn konsúll á þeim stað, og er þá skipstjóri skyldur að sjá þeim manni fyrir ókeypis för til ráðningarstaðar hans, ef hann getur ekki fengið sjer skiprúm, þar sem hann er þá.

Nú getur skipstjóri ekki þegar vikið óhæfum sjómanni á braut, eða vill það ekki, og er rjett að skipstjóri lækki þá kaup hans alt að helmingi, svo sem efni liggja til; heimilt er þó sjómanni að kæra gerðir skipstjóra þann veg, sem segir í 109. gr.

Atvik þau, sem liggja til brautreksturs skipverja eða kauplækkunar, skal skrifa í leiðarbók, ef hún er til, en að öðrum kosti sje skýrt frá þeim brjeflega og þau staðfest með vottorði tveggja hinna bestu manna á skipi, eftir að það, sem bókað var eða brjefað, hefur verið lesið manninum sjálfum og öðrum skipverjum, og er úrskurður um kauplækkun ógildur nema svo sje gert.

95. gr.

Ef skipverji sýkist eða slasast eftir að hann er kominn í skiprúm, er skipstjóra skylt að sjá honum fyrir sæmilegri hjúkrun á skipi eða á landi; en sje svo ástatt um hann, að hann verði óstarffær um langan tíma eða þjáist af fransós, má þegar vikja honum úr skiprúmi. Ef það ber að utanríkis, skal skipstjóri fá hann í hendur konsúl, og sje þar enginn danskur konsúll, skal hann fá manninum hjúkrun svo trygt sje.

Nú er manni vikið úr skiprúmi sakir meiðsla eða sjúkleiks, sem hann er sjálfur valdur að, eða sakir fransós, og fær hann þá kaup fyrir þann einn tíma, sem hann var í þjónustu skipsins, og má taka hjúkrunarkostnað af kaupi hans. Nú er honum ekki vikið burt, og fær hann þá ekki kaup fyrir þann tíma, sem hann var frá verki, og greiði sjálfur hjúkrunarkostnað sinn.

Ef meiðsli manns eða sjúkleiki er ekki af þeim orsökum, sem nú var sagt, og honum er ekki vikið úr skiprúmi, tekur hann kaup sitt fult meðan hann var sjúkur og fær þá hjúkrun, sem hann þarfnast, á kostnað útgerðarmanna. Nú er honum vikið á burt, og tekur hann þá kaup sitt til þess hann er skráður úr skipi, eða ef hann er ekki úr skráður, til þess dags, er skipið lætur út, og auk þess hjúkrun á kostnað útgerðarmanna í 4 vikur, ef hann er hjer á landi eða á þeim stað utanlands, þar sem löglega mátti slita ráðning hans, ella um 8 vikur, og sje talið frá úrskráningu hans, ef hún fer fram, annars frá burtför skipsins.

Nú er enginn danskur konsúll, sem hinn sjúki maður verði fenginn í hendur, og skipstjóri hljóti því að greiða fje erlendis til hjúkrunar íslenskum farmanni, og útgerðarmenn voru ekki skyldir til að kosta þá hjúkrun, og eiga þeir þá rjett á að fá það fje endurgoldið úr landssjóði og á landssjóður enga endurgjaldskröfu á hendur farmanninum.

96. gr.

Nú er hætt við för sakir ófriðar, herkviunar, herhalds, útflutningsbanns eða aðflutnings, ístálmunar eða meiðsla á skipi, svo að það er ekki ferðafært, eða för verður að fresta eða gera hlje á henni svo stórum nemi af þessum sökum, og má þá rifta ráðningu skipshafnar, og heldur hún kaupi sinu til brautfarar.

Farist skip eða það meiðist og er dæmt óbætandi eða það er hernumið og gert upptækt, eða sjóræningjar taka það, er ráðning skipshafnar slitið, enda tekur hún þá ekki lengur kaup. Ef skip ferst, er þó skipshöfn skylt, gegn hæfilegri þóknun, að taka þátt í björguninni og má ekki fara braut fyrri en sjóferðaskýrsla er gefin.

97. gr.

Ef hætt er við för af öðrum sökum en þeim, sem getur í 96. gr., eða ráðning er slitið við skipverja án lögmætra saka og það sje ekki sjerstaklega til skilið í ráðningarmála, þá ber skipverjum kaup og ferðakostnaður svo sem fyrir er mælt í 91. gr.; svo er og ef skip er lagt utanlands í vetrarlægi og ráðningu slitið við skipverja, en þá fellur burt mánaðarauki sá við kaupið, sem greinin til tekur.

98. gr.

Ef skipverji deyr, er honum talið kaup til dánardags, hafi hann ekki áður glatað rjetti sínum til launa sakir sjúkleiks eða annars þess, sem áður er talið. Deyi skipverji af meiðslum eða sjúkdómi og útgerðarmenn áttu að kosta hjúkrun og læknishjálp, þá skulu þeir og kosta greftrunina.

Nú spyrst ekki til skips og engin vitneskja fæst um, á hverjum tíma slysið bar að, og skal skipshöfn þá talið kaup svo sem segir í 72. gr.

99. gr.

Nú er samið um ákveðna fjárhæð fyrir tiltekna för og er sú breyting gerð á förinni, að hún stendur lengur en ráð var fyrir gert í samningnum, og ber þá skipverjum kaupauki að hlutfalli við lenging tímans; en einskis missa þeir af umsömdu kaupi, þótt för standi skemur. Þeir eiga og rjett á kaupauka, ef skipstjóri eða útgerðarmenn dvelja för skips á eindæmi sitt, eða einhver þeirra er valdur að dvölinni á annan hátt, svo og fyrir þann tíma, sem skipið er neytt til að halda kyrru fyrir sökum ófriðar, herkvíunar, herhalds, útflutningsbanns eða aðflutnings eða ístálmunar, svo og ef skip hleypir í bjarghöfn og dvelst þar við aðgerð eða sakir farmsins, eða lengur en hina ákveðnu biðdaga við ferming eða afferming; þó á skipshöfn ekki rjett á launaauka fyrir skemri dvöl en 8 daga samfelda, nje heldur ef ferðin hefur ekki lengst meira en ráð var fyrir gert við ráðninguna.

100. gr.

Nú fækkar skipverjum meðan á förinni stendur og hinir, sem eftir voru, vinna skipsstörfin, og skal þá því kaupi, sem sparaðist við fækkunina þann tíma, sem skipið er í hafi, skift meðal hinna, sem eftir voru, í rjettu hlutfalli við aukið starf hvers þeirra.

Þó er ekki skylt að skifta fjenu milli skipverja, ef fækkunin varð við strok skipverja, og það varð með þeim atvikum, að hinir hefði getað varnað því.

101. gr.

Þyki skipstjóra brýna nauðsyn bera til að setja skipverja til starfa að fermingu skips eða affermingu á sunnudögum eða öðrum helgum dögum hjer í landi, skal hver maður, sem í því starfi var, fá sjerstaka þóknun fyrir, ef annað var ekki til tekið við hann, og skal sú þóknun metin jöfn ½ dags kaupi fyrir hverjar tvær klukkustundir eða hlut úr þeim. Þessi ákvæði gilda ekki um skip, sem fara reglubundnar ferðir milli ákveðinna staða eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.

102. gr.

Ef maður er ráðinn á skip til ákveðinnar farar, en breyting er síðar

gerð á förinni, svo að henni skal nú lúka á öðrum stað en þar, sem úrskráning átti að fara fram samkvæmt skiprúmssamningnum, og getur hann þá krafist fæðis og ferðakostnaðar til úrskráningarstaðar síns.

103. gr.

Nú slítur ráðningu íslenskra farmanna utanlands af þeim sökum einhverjum, sem getur í 96. gr., eða þeir eru látnir eftir utanlands sakir meiðsla eða sjúkleika, svo að þeim ber hjúkrun og lækning á kostnað útgerðarmanna samkvæmt 95. gr. og geta þeir þá krafist ókeypis flutnings og fæðis til næstu hafnar innlendrar. Ef skip týnist eða lestist og er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður kostnaðinn; svo er og ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki um ófriðinn, þá er hann ljet í haf síðast, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá. Annars kostar greiði útgerðarmenn þann kostnað ávalt.

Nú á farmaður skyldan ókeypis heimflutning og verður honum fengið skiprúm á skipi, sem heldur til innlendrar hafnar eða annarar, sem auðvelt er að senda hann heim úr, og er hann þá skyldur til að taka við því skiprúmi, ef það er ekki verra en hitt, sem hann var ráðinn í.

104. gr.

Á ferðum geta farmenn krafist jafnóðum greiðslu á kaupi því, sem þeir hafa unnið fyrir, annaðhvort í peningum, þegar skip er í höfn, eða ávísun á útgerðarmenn; þó er skipstjóra jafnan heimilt að halda eftir einum þriðjungi kaups til þess er úrskráning fer fram.

Nú reynist, þá er gerður er upp reikningur manns, að honum var greitt meira fyrir fram en kaup hans nam, og er þá ekkert afturkræft af því, sem greitt var, ef svo stendur á, sem gert er ráð fyrir í 91.—93. gr., 3. lið 95. gr. eða 96.—98. gr.

105. gr.

Nú er skip utanríkis og ris ágreiningur milli skipstjóra og einhvers af skipverjum um eitthvað út af stöðu þeirra, og skal málið þá borið upp fyrir hinum danska konsúl á þeim stað, eða á fyrsta viðkomustað, þar sem danskur konsúll er.

Úrskurði konsúls verða báðir aðilar að hlíta til þess er málið getur komið fyrir rjett hjer á landi.

106. gr.

Neiti einhver skipverji að hlýða því, sem honum er skipað, eða sýni hann mótþróa við starf sitt, er skipstjóra heimilt, eða þeim, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, að þröngva þeim manni til hlýðni með valdi. Þá er skip er í háska, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri skipan, og er hver af skipverjum skyldur til að veita aðstoð sína yfirmanni, og jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta, sem mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti ekki meira harðræði en atvik kröfðu.

107. gr.

Ef maður verður sekur um yfirsjónir þær í þjónustu sinni, sem hjer skulu taldar, eða óhlýðni við góða háttsemi, getur skipstjóri látið það varða kaupmissi, sem hjer segir:

1. Ef maður er settur við stýri, eða honum er skipuð útsýn, og gengur hann af verði eða komið er að honum þar sofandi eða ölvuðum, eða maður fer óvarlega með eld eða ljós, eða breytir ósæmilega við yfirmenn sína, eða sýnir þeim óhlýðni, og varðar það kaupmissi alt að $^1/_3$ mánuði.
2. Ef menn vanrækja vörð eða annað starf, sem þeim er falið, eða komið er að þeim þar sofandi eða ölvuðum eða hafa brennivín á laun á skip eða annað áfengi eða fara með fatnað sinn af skipi ólofað, missa þeir alt að $^1/_4$ mánaðar kaups síns.
3. Ef maður fer á land ólofað og hverfur aftur samdægurs, varðar það kaupmissi alt að $^1/_4$ mánaðar, en missi alt að $^1/_2$ mánaðar kaups ef síðar kemur.
4. Ef manni er lofuð landför og kemur hann ekki aftur svo sem á var kveðið, og varðar það kaupmissi 1 dags eða 2 ef hann kemur sama dag, en alt að $^1/_4$ mánaðar kaups, ef síðar kemur.
5. Það varðar kaupmissi alt að 4 daga, ef maður fer frá báti, sem hann var sendur með til lands, eða vekur úlfúð eða illindi á skipi eða við skyldustörf manna, eða hleypir óviðkomandi mönnum á skip ólofað, eða leynir þeim á skipi eða gætir ekki í öðru reglu og góðrar háttsemi.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum eða vjelarstjóra, bæta þeir hálfu meira en aðrir skipverjar.

Tvöfalda má sektir, ef maður, sem einu sinni hefur verið hegnt, gerir sig sekan í sömu yfirsjón.

Ekki má þó leggja á mann í einni ferð meiri sektir fyrir þessar sakir, en nema mundi helmingi kaups þess, sem við lokareikning reynist að maðurinn vann fyrir á ferðinni.

108. gr.

Áður en skipstjóri beitir refsivaldi því, sem 107. gr. heimilar honum, skal hann halda próf yfir hinum seka í viðurvist tveggja bestu manna á skipinu og ekki fyrr en 12 klukkustundir sje liðnar frá því, er yfirsjónin var framin, nema sjerstök rök liggi til, að fyr sje prófað. Rita skal í leiðarbók framburð hans og þá refsing, sem skipstjóri leggur á, ef leiðarbók er á skipinu, ella skal það skrifa sjerstaklega, og skal það, sem ritað var, lesið hinum seka manni og vottunum, og sanna þeir, sem við voru staddir, með nöfnum sínum, að rjett sje. Ómætur er úrskurður skipstjóra um það er hann dró af kaupi, nema hann gæti fyrirmæla þessara.

109. gr.

Nú refsaði skipstjóri manni með kaupmissi og vill sá kæra það, og skal hann þá hafa fengið kæru sína dómara áður 3 dagar sje liðnir frá því, er skipið kom á innlenda höfn, þar sem ferma skal skip, afferma eða búa um það, og það er um kyrt að minsta kosti þrjá daga. Ef skráð er úr skiprúmi, telst fresturinn frá úrskráningu. Ekki má skipstjóri synja honum farar á land með kæru sína.

Ef slitið er ráðningu farmanns í utanríkis höfn, ber hann fram kæru sína fyrir þeim dönskum konsúl, sem þar er, og skal fyrst um sinn hlíta úrskurði hans við samningu lokareiknings mannsins. Heimilt skal skipstjóra eða háseta á ársfresti þaðan frá að skjóta málinu til dóms að lögheimili skipsins; kært getur og háseti þangað úrskurð skipstjóra eða reikning hans, ef ekki var danskur konsúll á þeim stað erlendis, þar sem ráðning hans var slitið, og hefur háseti og ársfrest til frá því er ráðningu sleit. Krafist getur háseti afrits af því, sem bókað var, eða annan veg ritað samkvæmt 108. gr. um refsingu þá, sem honum var úrskurðuð.

Með mál þau, sem ræðir um í þessari grein, skal fara sem einkalögreglumál.

110. gr.

Kaupi því, sem eftir var haldið eftir 107. gr., getur skipstjóri varið til endurgjalds kostnaði þeim og tjóni, sem hinn seki maður olli útgerðarmönnum, ef það, sem hann átti hjá þeim eftir af kaupi sínu, vanst ekki til þess. Það, sem þá kann að verða afgangs, verði eign stofnunar, sem gerð sje til gagnsmuna siglingum eða farmönnum og konungur skipar nánar fyrir um; fjeð skal greiða við úrskráning til ráðningarstjóra, utanríkis til konsúls, eða skipstjóri sendir það stofnuninni sjálfri, ef háseti fór úr skiprúmi og var ekki lögskráður úr.

111. gr.

Ef maður strýkur frá skipi og hverfur ekki aftur áður skip lætur út, fyrirgerir hann til útgerðarmanna kaupi því, sem hann átti inni, og þeim fjemunum, sem hann ljet eftir á skipi; hrökkvi það ekki til að bæta útgerðarmönnum það tjón, sem þeir biðu við strokið, er hann skyldur að gjalda það, sem á skortir. Ekki taka skipverjar kaup fyrir þann tíma, sem þeir eru burtu frá skipi ólofað.

112. gr.

Ef gruna má af líkum, að menn búi yfir stroki, er skipstjóra heimilt að taka fatnað skipverja og geyma svo lengi, sem tækitæri er til stroksins eftir atvikum. Ef skipverji er staðinn að stroki eða gripinn eftir það er hann strauk, getur skipstjóri haft manninn í varðhaldi á skipi eða landi til þess er skipið lætur út.

113. gr.

Menn, sem ráðnir eru á skip og þó ekki taldir til skipshafnar sjálfrar, eru skyldir að hlýða boðum skipstjóra um hátterni á skipi og reglusemi, og vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til tryggingar skipinu. Til þeirra taka og fyrirmæli 86., 106. og 107. gr.

Ef þeir voru ráðnir af skipstjóra eða útgerðarmönnum, eiga þeir jafnan rjett öðrum skipverjum; þó skulu þeir ekki teknir til greina þegar talinn er meiri hluti sá, sem getur í 92. gr.

Sjötti kapituli.

Um farteleju.

114. gr.

Farmsamning skal jafnan gera skriflega (certeparti), ef annarhvor aðila æskir þess.

115. gr.

Farmsamningur tekur ekki til opins þilfars skipsins, nema sjerstaklega sje um samið; ekki heldur farrýmis eða herbergja þeirra annara, sem ætluð eru skipverjum, eða til geymslu skipsmunum, vistum, eldivið eða öðrum farar-nauðsynjum.

Þó má ekki taka vörur af öðrum mönnum í þau herbergi nje á þilfar, nema fartakandi samþykki, ella greiði farseljandi venjulegt farmgjald fyrir þær vörur og allan skaða, er hinn hlaut af því.

116. gr.

Nú er skip ekki komið á fermingarstað og búið til að taka við farmi á þeim tíma, sem áskilið var í farmsamningi, og er fartakanda þá heimilt að rifta samningnum; hann á og heimting á bótum fyrir tjón það, er töfin olli honum, nema það vitnist, að útgerðarmaður átti ekki sök á töfinni og ekki skipstjóri nje skipshöfn.

Ef farmsamningur tekur engan tíma til, nær ferming skal hefja, skal fartakandi þola bið, nema það vitnist, að útgerðarmaður, skipstjóri eða skipverjar áttu sök á.

Ekki getur fartakandi krafist neinskonar skaðabóta ef samningi er ekki rift og hann áskildi sjer ekki rjett til þess áður hann ljet vörur af hendi til fermingar.

117. gr.

Heimilt er fartakanda að framselja öðrum manni rjett sinn eftir samningnum, en eigi að síður ábyrgist hann, að allar þær skuldbindingar haldist, sem samningurinn batt honum.

118. gr.

Ekki má senda góss fartakanda án samþykkis hans með öðru skipi en því, sem samið var um, nema skift verði um skip fyrir þeirra nauðsynja sakir, er 165. og 166. gr. til taka. Nú skiftir útgerðarmaður um skip, og bæti skaða þann allan, er af hlýtst.

119. gr.

Nú er ekki áskilinn neinn fermingarstaður í höfn og hefur maður samið um alt skipið, og skal þá skip liggja á þeim stað, sem hann vísar til, ef þar er ekki tálmun fyrir og skipið liggur þar á floti og því er óhætt og kemst þaðan hlaðið tálmunarlaust; vísa skal á þann stað, þegar sem skipstjóri krefst þess, ella má hann sjálfur velja stað skipinu og sje þó almennur fermingar staður.

Nú hafa fleiri menn en einn samið um flutning á skipi, og á þá sá, sem samdi um meiri hlut skips, sama rjett og sá, er samdi um alt skipið. Svo er og ef þeir verða fleiri saman og ásáttir og sömdu um meiri hlut skips, og taka þeir þá til staðinn, ef skipstjóri flutti skipið ekki áður í annað lægi.

Sá, sem samdi um alt skipið eða meiri hlut skips, ef þeir voru fleiri, eiga og heimting á, að skip sje flutt á annan hagkvæman fermingarstað í sömu höfn og greiði allan flutningskostnað, sbr. niðurlag 124. gr. Sama rjett á og hver maður sá, er semur um hlut úr skipi, ef aðrir fartakendur hafa ekki óþægindi af flutningnum.

120. gr.

Nú fermir maður skip góssi, sem svo er háttað, að skipi eða öðrum farmi er háski eða tjón búið af, og hefur hann ekki sagt til hversu háttað var góssinu eða gætt þeirra fyrirskipana, sem settar eru um slíkar sendingar, og ábyrgist hann þá skaða þann allan og kostnað, sem af hlýtst. Svo er og ef maður hleður skip góssi án vitundar skipstjóra eða segir rangt til um góssið, og er þá sendandi auk þess skyldur til að greiða hæsta farmgjald, sem þar var á fararstað skipsins.

Verði góssið ekki haft á skipi háskalaust, er heimilt að færa það á land á kostnað sendanda eða jafnvel varpa því fyrir borð, ef það fanst ekki fyrri en eftir að skip ljet út, en greiði fult farmgjald hvort sem gert var.

121. gr.

Skylt er sendanda að færa góss að skipsborði, en farseljandi annist þaðan af og kosti búlkun alla, undirbreiður og refli.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það komst ekki á umsaminn stað eða á vanalegan fermingarstað í höfninni, ef enginn staður var tilskilinn, og kostar þá skipstjóri flutning góssins á skip úr landi.

122. gr.

Óheimilt er skipstjóra að búlka góss manns á þilfari ólofað (sbr. 195. gr.) eða í skipsbáta eða hengja það utan borðs á skipið.

123. gr.

Fartakandi á heimting á, að skipstjóri láti skipið vera búið til fermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) endurgjaldslaust og þá enn annan tíma (aukabiðdaga) og taki þóknun fyrir aukreitis.

Biðdaga skal telja frá fyrsta morgni rúmhelgum eftir að skipið er komið á rjettan stað og búið til að taka við farmi og skipstjóri hefir sagt sendanda til. Nú er honum sagt til eftir kl. 6 e. h. eða á helgum degi, og skal þá telja biðdaga frá öðrum morgni rúmhelgum. Sje sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til með auglýsingu í blaði þess staðar eða þann veg, sem þar er títt.

124. gr.

Ekki eru helgidagar taldir til biðdaga og ekki þeir dagar heldur, sem varð ekki unnið að fermingu af því skipið tálmaði; tími, sem ekki tekur yfir meira en hálfan vinnudag, er að eins talinn hálfur dagur.

Ef til er tekin ákveðin tala samfeldra biðdaga, skulu og helgir dagar taldir.

Til biðdaga er og talin sú dvöl; sem leiðir af flutningi skips milli fermingastaða í höfn samkvæmt 2. lið 119. gr.

125. gr.

Aukabiðdagar skulu hálfu færri en biðdagar, ef ekki er annan veg um samið; þeir eru taldir samfeldir.

Ef ekki er annan veg um samið, er þóknun fyrir aukabiðdaga 30 aurar á dag fyrir seglskip og 40 aurar fyrir gufuskip fyrir nettótonn hvert. Þóknunin er talin fyrir hálfa daga, svo, að það, sem nemur ekki meira en hálfs dags vinnutíma, er talið hálfur dagur, en heill ef meira er.

Krefja má kaups að kveldi fyrir hvern aukabiðdag. Nú er kaupið ekki greitt þá er skip er ferðbúið, og er þá skipstjóra heimilt að geta þess á farmbrjefinu hvað ógreitt var.

126. gr.

Ákvæði þau um tiltekna biðdaga og aukabiðdaga, sem hjer hafa verið talin, ná ekki til skipa, sem eru í reglubundnum förum meðal ákveðinna staða og áætlun er birt um fyrirfram.

127. gr.

Ekki er skipstjóra skylt að bíða móttöku farms eftir það að aukabiðdagar eru á enda, en skyldur er hann að hafa með sjer það góss alt, sem honum var fengið þangað til, þótt hann verði að lengja biðina til að ferma góssið og búlka því, en þóknun skal hann fá fyrir þá bið, ekki minni en fyrir aukabiðdaga, og á heimilt að geta þess á farmbrjefinu, ef hún var ekki greidd.

128. gr.

Ef varan er stykkjagóss, lætur sendandi hana af hendi eftir tilkynningu skipstjóra. Er sendandi ókunnur eða verður ekki fundinn, skal honum sagt til á þann hátt, sem segir í 123. gr. Ef góssið er þá ekki látið svo snemma af hendi, að taka megi á skip og búlka jafnóðum, er skipstjóri ekki skyldur til að taka við því og taki þó fult farmgjald fyrir, sbr. þó 135. gr.

Ekki er skylt að segja til nær vara skal koma til skipa þeirra, sem um getur í 126. gr.

129. gr.

Skylt er skipstjóra að gefa sjálfur eða láta stýrimann gefa viðurkenning fyrir viðtöku góssins jafnóðum, ef sendandi krefst. Viðurkenningar þessar skulu fengnar aftur skipstjóra þegar sem farmbrjef er undirskrifað eða góss fer af skipi, ef það verður áður, sbr. 132. gr.

130. gr.

Skylt er sendanda að fá skipstjóra öll þau skjöl, sem fylgja skulu góssinu, áður sá tími sje liðinn, sem ákveðinn var til viðtöku góssins. Nú vanrækir sendandi það og tefur við það burtför skipsins, og getur þá skipstjóri

krafist skaðabóta, ekki minni en fyrir aukabiðdaga og getið þess á farmbrjefinu, ef ekki er greitt.

Annast skal skipstjóri um, að hann sje búinn til brottfarar þegar sem hann hefur tekið við farmi og skjölum þeim, sem honum er nauðsyn að hafa. Nú vanrækir skipstjóri það eða tefur burtför sína, og getur sendandi þá krafist bóta fyrir tjón það, er af hlautst, og rift samningi eftir atvikum.

131. gr.

Ef maður semur um heilt skip, er honum heimilt að rifta samningi og greiða hálft farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og tafir, ef meiri hafa orðið, en segja skal hann sundur við skipstjóra samningi áður skip sje farið af þeim stað, er það skal láta út frá. Ef enginn farmur er kominn til skips áður aukabiðdagar sje á enda, skal litið svo á, sem fartaki hafi rift samningi. Nú er samið um skipið til fleiri fara en einnar, og skal þá bæta hálfu farmgjaldi fyrstu ferð, en aðrar ferðir fjórðungi farmgjalds, en helming farmgjalds báðar ferðir, ef önnur er brautför en hin heimför.

Nú lætur fartaki skips ekki af hendi alla vöru þá, er tilskilið var, og er skipstjóra þá ekki skylt að fara þá för, nema fartaki greiði honum fult farmgjald fyrir vöru þá, sem ekki fer, svo og bætur fyrir kostnað, sem af því leiddi, að ekki kom sumt af farminum, fái ella skipstjóra trygging fyrir því, er greiða skyldi. Nú var endurgjalds krafist og ekki greitt og ekki trygging fengin fyrir lok aukabiðdaga, og er þá skipstjóra heimilt að lita svo á, sem fartaki hafi rift samningi og greiði hann farmgjald og skaðabætur sem fyrr segir.

Nú er farmbrjef afgreitt, og skal þá farið með sem segir í 146. gr.

132. gr.

Nú er rift samningi með þeim atvikum, sem segir í 131. gr., og affermt aftur af þeim sökum góss það, er á skip var komið, og er þá fartaki skyldur til að greiða skipstjóra allan fermingarkostnað og affermingar og bæta honum ef skipið var dvalið lengur en aukabiðdaga og gjaldi ekki minna en fyrir þá.

133. gr.

Nú vill sá, er samið hefur um alt skip, rifta samingi eftir það er skip fór af þeim stað, þar sem ferð var hafin, og er hann þá skyldur að greiða fult farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og ef aðrar dvalir urðu; þó skal að eins greiða þrjá fjórðunga farmgjalds, ef svo er um samið, að skipið skuli fara á annan stað til fermingar þar og samningi var sagt í sundur áður skip fór frá fermingarstað eða samningur raufst sakir þess, að fartaki vanrækti skyldu sína með þeim atvikum, sem 2. liður 131. gr. til tekur. Nú var samið um fleiri ferðir en eina, og skal þá greiða fult farmgjald fyrir þá för, sem hafin var, og hálft fyrir hina næstu, en fyrir hinar að fjórða hlut; ef samið var um för á ákveðinn stað og afturkomu þaðan tafarlaust, skal greiða þrjá fjórðunga farmgjalds fyrir báðar leiðir, ef samningi var rift áður skip fór þaðan heim á leið.

Ekki getur fartaki krafist, að skip sje affermt eftir það er skip lagði út, nema á þeim stað sje, sem skip átti erindi til, og greiði skipstjóra farm-

gjald, svo sem sagt var, og bæti kostnað allan og skaða af aflermingu á viðkomustað.

Nú er farmbrjef afgreitt, og skal þá farið með sem segir í 146. gr.

134. gr.

Ef fleiri hafa samið um skip að hlutum og allir fartakendur eru ásáttir um að rifta samningi, fer um hvern þeirra sem fyrir er mælt í 131.—133. gr. Nú koma þeir sjer ekki saman, og skal þá sá þeirra, sem samningi vill rifta, greiða fult farmgjald svo og aukabiðdagagjald eftir atvikum, og bæta auk þess, ef meiri dvöl verður, og allan kostnað, sem af því leiddi að hann gekk úr. Vörur sinnar getur einstakur fartakandi því að eins krafist aftur úr skipi, ef það getur orðið öðrum fartakendum að skaðlausu, svo að það dvelji ekki för eða skaði þá á annan hátt, og bæta skal hann ávalt skipstjóra skaða, tjón og kostnað, sem affermingin olli.

135. gr.

Sá, sem gert hefur farmsamning um skip og greiða skal samkvæmt 128., 131. og 133. til 134. gr. fult farmgjald fyrir vöru, sem ekki fer á skipi til ætlunarstaðar, getur krafist, að dreginn sje frá greiðslufje hans kostnaður sá, sem hann sparaði skipinu við það, að hann tók aftur vöru sína. Taki skipstjóri aðrar vörur í hinnar stað, skal helmingur farmgjalds fyrir þá vöru numin frá greiðslufje fartakanda.

136. gr.

Ef maður leggur löghald á eða gerir fjárnám í góssi, sem fermt hefur verið á skip, getur hann að eins krafist góssins með sömu skilyrðum og fartakandi gat.

137. gr.

Nú er farmur kominn á skip, og skal þá skipstjóri eða sá maður, sem er í hans stað, gefa farmbrjef (konnossement), ef sendandi beiðist, og skal hann þar kannast við, að hann tók við vörunni og skyldu sína til að flytja hana til ætlunarstaðar og fá rjettum viðtakanda.

Undir brjefið skal sá maður rita nafn sitt, er gaf það, stað og dagsetning, er það var gefið, svo og nafn skipsins og hver varan var, og nafn viðtakanda og ætlunarstað vörunnar. Auk þess getur hver aðila krafist, að þar standi nafn skipstjóra, ef hann skrifaði ekki undir sjálfur, svo og nafn þess, er vöruna ljet af hendi, heimili skipsins, hvort það er gufuskip eða seglskip, tegund vörunnar og ásigkomulag, þungi hennar, mergð og hversu merkt, um samið farmgjald og að visað sje til farmsamnings í heild hans eða til einstakra ákvæða hans.

138. gr.

Svo mörg eintök skulu gerð af farmbrjefi, sem sendandi telur nauðsyn á; hann getur og krafist, að farmbrjef sje gefið fyrir allri vörunni í heild eða sjerstakt skírteini fyrir einstaka hluta hennar. Skylt er sendanda að fá skipstjóra svo mörg eintök, sem þarf, til undirskriftar, áður tími sá sje liðinn sem 130. gr. tekur til, og getur skipstjóri krafist eins eintaks, sem sendandi

skrifi undir með honum. Aldrei má skipstjóri gefa skírteini fyrir vöru, sem ekki er komin á skip.

Nú eru gerð af farmbrjefi fleiri eintök en eitt, og skal þá eintakatalan til greind í sjálfu skírteininu, og þó ekki talið með eintak skipstjóra. Brjefin skulu öll vera samhljóða; þó getur sendandi krafist, að eintökin sje í sjálfu meginmálinu merkt svo sem fyrsta eintak, annað, þriðja o. s. frv.

139. gr.

Farmbrjef má stíla til ákveðins manns, eða þess, sem hann tilvísar, eða til handhafa; sje það stílað »að tilvísun« að eins, merkir það tilvísun vörusendanda. Farmbrjef má framselja með áritun (endossement) til ákveðins manns eða eyðuframsali (in blanco), nema framsal þess sje berlega óheimilað með orðunum »ekki til framsals«, eða öðrum ákveðnum fyrirvara í meginmáli þess.

Nú er maður löglega að farmbrjefi kominn eftir orðum sjálfs þess eða við framsöl sem í óslitinni röð ná til handhafa, eða við eyðuframsal (in blanco), og getur hann þá krafist, að varan sje fengin sjer í hendur sem rjettum aðila.

140. gr.

Ef ekki hefir verið tekinn til í höfn neinn ákveðinn staður til affermingar, getur viðtakandi farms krafist, að skipið sje fært til þess staðar, sem hann vísar til, ef ekkert tálmar þar og skipið getur legið þar á floti og óhult; þenna stað skal þó til taka jafnskjótt og skipstjóri krefst, ella er honum frjálst að kjósa sjer stað og sje þó vanalegur affermingarstaður. Nú eru viðtakendur farms fleiri en einn og tekur einn þeirra meira hluta þess farms, sem til þeirrar hafnar fer, og á hann þá sama rjett sem sá, er allan farm tekur. Svo er og ef fleiri viðtakendur eru saman um meiri hlut þess farms, og eru ásáttir, og nefna þeir þá til stað og skulu þó hafa gert það áður skipstjóri færði skipið í annað lægi.

Um skyldu skipstjóra til flutnings skips innan hafnar gildir það, sem mælt er fyrir um fermingu í 119. gr., eftir því sem við á.

141. gr.

Skyldur er skipstjóri til við affermingu að láta góssið af hendi viðskipsborð, en annan affermingarkostnað greiðir viðtakandi.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki í ákveðið lægi, eða ekki á almennan affermingarstað í höfninni, ef ekkert lægi var tekið til, og skal þó skipstjóri færa góssið á hæfilegan affermingarstað í höfninni á sinn kostnað.

142. gr.

Viðtakandi farms á heimting á, að skipstjóri hafi skipið búið til affermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) án endurgjalds, og þá enn um annan tíma tiltekinn (aukabiðdaga) og taki aukreitis þóknun fyrir. Þetta nær þó ekki til skipa í þeim förum, sem getur í 126. gr. Gefa skal tilkynning um það, nær skip er búið til affermingar og fer um það á þekt því, sem fyrir er mælt um ferming í 123.—125. gr., svo og um það, hversu telja skuli biðdaga og aukabiðdaga, fjölda þeirra og gjald fyrir aukabiðdaga.

Ef affermt er og fermt í einu lagi fyrir sama manninn, hefjast ekki aukabiðdagar fyrri en hvorirtveggja biðdaga samantaldir eru á enda, þeir sem ákveðnir eru affermingu og fermingu.

143. gr.

Sá, sem taka skal við stykkjagóssi, skal koma til að veita því viðtöku þegar sem skipstjóri hefir gefið honum tilkynning um það. Ef viðtakandi er ókunnur eða hann finst ekki, skal honum sagt til svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Þá er stykkjagóss er flutt á þeim skipum, sem 126. gr. ræðir um, er skipstjóra heimilt að afferma tafarlaust án sjerstakrar tilkynningar um það.

144. gr.

Á ætlunarstaðnum skal skipstjóri fá farminn þeim manni, sem segir til sín og sýnir eintak af farmbrjefinu, sem heimilar honum samkvæmt 139. gr að kalla eftir vörunni sjer til handa. Þá er lokið er affermingu, skal fá eintak þetta skipstjóra og rita á viðurkenning um viðtöku vörunnar; til að tryggja sjer þetta getur skipstjóri krafist, að farmbrjefið sje falið öðrum mönnum til vörslu, áður en afferming hefst. Skipstjóri getur krafist, að skrifað sje á farmbrjefið jafnóðum og affermt er, eður og sjerstakra viðtökuvottorða.

145. gr.

Nú sýna fleiri menn en einn eintak af farmbrjefi, sem heimilar þeim að krefjast farmsins sjer til handa, og má þá skipstjóri engum þeirra fá í hendur farminn, en hann skal fela hann til varðveislu svo óhult sje, ef aðilar verða ekki ásáttir um einn viðtakanda, sem hann geti fengið vöruna, og ska hann tafarlaust skýra viðtakendum frá, hvar varðveitt sje. Nú eru eintök farmbrjefs tölusett svo sem síðasti kafli 138. gr. mælir fyrir, og skal þá skipstjóri fá þeim í hendur vöruna, sem lægsta hefir töluna á eintaki sínu.

146. gr.

Óheimilt er skipstjóra að láta farminn af hendi annarstaðar en á áætlunarstað hans, jafnvel þótt rift sje farmsamningi eða hætt við för, nema því að eins, að skilað sje þá aftur öllum þeim eintökum farmbrjefs, sem hann ljet af hendi, sbr. þó 172. gr. Þó nær þetta ákvæði ekki til þess, ef farmbrjefið óheimilar framsal á sjer, nje til þess, ef eintök skírteinisins eru tölusett svo sem síðasti hluti 138. gr. mælir fyrir, og getur þá löglegur handhafi þess eintaks, sem hefir merkið »fyrsta«. krafist, að varan sje fengin honum, þótt ókunnugt sje um önnur eintökin.

147. gr.

Farseljandi skips ábyrgist allar skemdir á farminum og ef hann minkar frá því er við honum var tekið á skip og til þess er hann kemur í hendur viðtakanda, nema líkur sjeu leiddar að því, að skemdin eða rýrnunin stafi af sjóslysi, hernámi eða öðru óhappi, sem skipstjóri eða skipshöfn mátti ekki við gera, eða af ónógum umbúnaði vörunnar, spilling í henni sjálfri, rýrnun, af venjulegum leka fláta eða dýr deyi, eða í heild sinni stafi af ásigkomulagi farmsins sjálfs.

Ef skemdir stafa af því, að skip var ekki svo í lagi til farar, sem vera bar, ábyrgist farseljandi skips það þó ekki, ef ekki fundust gallar á skipinu hversu vel sem að var gætt.

148. gr.

Ef sendur er með skipi farmur, sem þarf við sjerstakrar umönnunar og gætilegrar meðferðar, skal skipstjóra sagt til þess og góssið glögglega einkent í þá átt. Nú er það vanrækt, og greiðir farseljandi skips þá engar bætur fyrir skaða, sem einungis varð girt fyrir, með umönnun þeirri og varfærni, sem nefnd var.

Ekki skal bæta peninga, verðbrjef eða aðra dýrgripi, nema sagt sje til þeirra greinilega og hversu mikils eru verðir.

149. gr.

Farmbrjefið er grundvöllur rjettarstöðu skipstjóra og viðtakanda farms sín á milli, og skal fá viðtakanda farminn eftir því, sem brjefið mælir fyrir. Ákvæði farmsamnings, þau er ekki voru sett í farmbrjefið, eru ólögmæt gagnvart viðtakanda, nema að svo miklu leyti sem farmbrjefið vitnar til þeirra.

Nú er vitnað til farmsamnings í farmbrjefi um farmgjaldið, svo sem með orðunum »farmgjald eftir farmsamningi (certeparti)«, og tekur þá sú tilvitnun ekki til ákvæða samnings þess um biðdaga, aukabiðdaga og gjald fyrir þá.

Ekki getur skipstjóri krafið viðtakanda farms um ógreitt biðaukagjald nje önnur gjöld, sem af fermingu skipsins stafa, nema fyrirvari sje hafður um það í farmbrjefinu.

150. gr.

Skipstjóri ábyrgist viðtakanda eftir 149. gr., að rjett sje, það sem farmbrjefið greinir um góssið. Ef það er sent í luktri kistu eða umbúðum, svo að skipstjóri veit ekki hvað í er, eða ef til er tekið í farmbrjefinu mál, þungi eða tala og skipstjóri mældi það ekki, vó eða taldi, þá er hann tók við því á skip, þá á hann heimilt að geta þess á farmbrjefinu, og ábyrgist hann þá ekki, að rjett sje, nema hann sæi við fermingu, að rangt var sagt til eða hefði átt að sjá það við almenna athygli.

151. gr.

Þá er skipstjóri getur ekki sjeð við móttöku, hversu góssinu er háttað, eða hve tryggilega er um búið, getur hann skrifað á farmbrjefið »ábyrgist ekki leka, brot eða skemd«, eða annað því líkt, og áskilið sjer með því að vera úr ábyrgð þeirri, sem 147. gr. til tekur. Slíkur fyrirvari leysir hann þó ekki úr ábyrgð, ef ætla má, að skemd eða rýrnun yrði með þeim hætti, að útgerðarmenn ábyrgist hana eftir 147. gr.

152. gr.

Ef góss er fermt og glögt verður sjeð, að spilt er eða óhæfilega um búið, er skipstjóra skylt að geta þess berum orðum í farmbrjefinu. Nú vanrækir hann þetta, og ábyrgist hann þá hvorttveggja gagnvart viðtakanda, þótt hafður sje í farmbrjefinu fyrirvari, slíkur sem 151. gr. getur.

153. gr.

Nú kemur skip til affermingarstaðar og má gruna af líkindum, að farmur sje spiltur eða glatað af, og er viðtakanda þá heimilt að láta fram fara skoðunargerð, og skal henni fylgja álitsgerð um það, hver orsök var til, ef það reynist, að spilst hefur varan.

Nú hefur viðtakandi látið fá sjer í hendur farminn og ekki látið skoðunargerð fara fram áður, og vill síðar kæra ásigkomulag hans, og skal hann þá áður næsti virkur dagur sje liðinn krefjast, að skoðunargerð fari fram sem fyrst. Nú vanrækir hann það, og getur hann þá ekki krafist skaðabóta nema það sannist, að skemdin eða rýrnunin sje orðin við svik, hirðuleysi eða gáleysi útgerðarmanns eða þeirra manna einhverra, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr.

154. gr.

Þá er greiða skal bætur eftir 147. gr. fyrir skemdan farm eða týndan, eða farseljandi skips skal bæta vöru, sem seld var á förinni til þurftar skipinu eftir heimild 54. gr., skal meta bæturnar eftir fyrirmælum 205. og 206. gr.

155. gr.

Ef skipstjóri tekur farm á skip og hefur ekki samið um farmgjald, hve mikið skuli vera, skal greiða það gjald svo sem alment var á fermingarstaðnum í það mund. Nú var samið um farmgjald en meira fermt af góssinu en um var samið, og skal þá gjalda fyrir það, sem meira var, að rjettu hlutfalli við hitt, sem um var samið.

156. gr.

Ekki skal greiða farmgjald fyrir það góss, sem kemur ekki til skila við fararlok, nema það hafi farist sakir ásigkomulags þess sjálfs (sbr. 147. gr.) eða af ónógum umbúnaði, eða sakir annarar yfirsjónar eða hirðuleysis sendanda, eða það sje selt á ferðinni fyrir hönd eiganda þess.

Ef greitt er farmgjald fyrirfram fyrir góss, sem ekki skal gjalda fyrir, eftir því sem nú var sagt, má heimta það aftur, nema annað sje áskilið.

157. gr.

Ef ílát hefur lekið meiri hlut lagar, er rjett, að viðtakandi láti það, sem eftir er, vera farmgjald vörunnar. Heimild þessi nær til hvers íláts um sig, en neyta skal þeirrar heimildar áður viðtakandi taki við ílátinu, og ekki nær hún til þess, ef varan kom á skip í lömuðu eða óhæfu íláti og skipstjóri gat þess sjerstaklega á farmbrjefinu, sbr. 152. gr.

158. gr.

Farseljandi skips greiðir allan fararkostnað og gjöld frá því er við farmi er tekið og til þess hann var af hendi seldur á ætlunarstað; skipsgjöld, sóttkvíunarkostnaður, dráttargjald og annað þess kyns taka þannig ekki til fartakanda.

159. gr.

Nú tekur viðtakandi við farminum, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjald og annað það, sem skipstjóri getur krafist greiðslu

á eftir farmbrjefi eða öðru því skjali, sem segir fyrir um afgreiðslu farmsins til viðtakanda.

160. gr.

Ekki er skipstjóri skyldur til að láta farminn af hendi fyrri en viðtakandi greiðir eða tryggir í geymslu það, sem honum er skylt að greiða eftir 159. gr., svo og bætur fyrir aukabiðdaga eða aðrar affermingartafir, sjótjónsframlög og annað það gjald, sem á vörunni liggur, sbr. 281. gr. Þá er farmurinn er af hendi greiddur, getur skipstjóri kallað til geymslufjárins, þó að áskildri heimild viðtakanda til að sjá sjer borgið með kyrsetningu eða lögbanni, ef ósamþykki kemur upp. Nú er ekki kveðið á um sætjónsframlag, hversu mikið skuli vera, og má þá ekki halda farmi eftir af þeim sökum, ef viðtakandi setur trygging fyrir.

Ákvæði þessarar greinar gilda og, er krafist er affermingar á góssi á fermingarstað eða viðkomustöðum.

161. gr.

Ef maður, sem farmur er ætlaður, skorast undan að taka við honum, eða viðtakandi er ókunnur eða finst ekki, skal skipstjóri skýra sendanda frá því, þegar sem hann má. Nú segir enginn löglegur viðtakandi til sín svo fljótt, að góssið geti orðið affermt fyrir lok aukabiðdaga, eða fyrir lok þess tíma, sem skipstjóri kveður á eftir 143. gr., ef það var stykkjagóss, og skal þá skipstjóri færa vöruna á land og fá til varðveislu svo óhult sje. Nú vanrækir viðtakandi að gegna skyldum sínum eftir fyrirmælum 160. gr. eða dvelur svo afferming, að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð, og er þá skipstjóra heimilt að ferma af og fela vöruna til varðveislu svo sem sagt var.

Þá er farmur er fallinn þannig til geymslu, skal skipstjóri skýra frá því þeim, sem hann var ætlaður. Er viðtakandi ókunnur eða verður ekki fundinn, skal skýrt frá því svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Nú dvelst skipi, lengur en aukabiðdagar endast, við það að fá góssi varðveislu, eða því dvelst á annan hátt svo að skipið verður ekki sakað um, og getur hann þá krafist fullra bóta fyrir, ekki minni en aukabiðdagar væri.

162. gr.

Þá er góss er látið til varðveislu, svo sem 145. og 161. gr. ræða um, er skipstjóra heimilt að láta selja við opinbert uppboð svo mikið af því, sem þarf til að fullnægja kröfum þeim, sem 160. gr. getur um, svo og til greiðslu tolla og kostnaðar.

163. gr.

Eftir það er skipstjóri hefur fengið farminn í hendur viðtakanda, á skipstjóri enga kröfu á hönd farfakanda um það fje, sem viðtakanda var skylt að greiða; þó er rjett, að hann sæki farfakanda um þá upphæð, sem hann mundi vinna honum úr hendi, ef allar kröfur fjelli niður. Ef góssið er ekki selt af hendi og kröfum skipstjóra ekki fullnægt með sölu þess, ábyrgist farfakandi það, sem á skortir.

164. gr.

Heimilt er öllum aðilum að rifta farmsamningi ábyrgðarlaust er skip hefur ekki látið út af þeim stað, þar sem för skyldi hefja,
ef ófriður kemur upp, svo að skip eða farmur eigi ekki frjálsa för,
eða herhald er lagt á skip,
eða fráfararhöfn eða ætlunarhöfn er herkvíuð eða flutningur góssins óheimilaður frá fararhöfn eða aðflutningur á ætlunarhöfn, eða för skipsins eða flutningur góssins sætir tálmun af nokkrum öðrum ráðstöfunum yfirvalda.

Ef slík tálmun tekur að eins til nokkurs hluta af farmi sendanda, er honum ekki heimilt að rifta samningi nema hann greiði farmgjald eftir reglum 131. og 134. gr.; sje samningi ekki riftað, má afferma aftur á kostnað sendanda þeirri vöru, sem tálmuninni sætir og áður var á skip færð. Nú segir fartakandi til áður aukabiðdagar sje á enda, að hann ætli að senda aðra vöru, og er skipstjóri þá skyldur til að taka við henni, ef hún er látin til tafarlaust og ekki er óhægra að flytja hana á skipi, en skyldur er fartakandi til að greiða kostnað allan, sem af því leiðir, og svo skaðabætur eftir 127. gr., ef dvöl verður lengri en aukabiðdagar. Ef fleiri menn eru fartakendur en einn, má dvölin ekki lengjast af þessum sökum umfram aukabiðdaga, nema allir fartakendur samþykki.

Nú eru fartakendur fleiri en einn og samningi er rift við einn þeirra eða fleiri sakir tálmana á flutningi vöru þeirra, og er þá skipstjóra heimilt að rifta samningi við aðra fartakendur, ef það farmgjald, sem hann mundi fá fyrir ferðina, verður minna en helmingur þess farmgjalds alls, sem til var tekið.

165. gr.

Nú ferst skip á för, eða verður dæmt óbætandi, og er þá slitið farmsamningi; þó er skipstjóra skylt á kostnað farmeiganda að gera hagkvæmar ráðstafanir um farminn, svo sem fyrir er mælt í 62. gr.

Þá er svo ber að, skal greiða farmgjald eftir vegalengd, svo að goldið sje fyrir þá leið, sem farin var, að sama hlut sem hún var úr allri förinni, þó svo, að þess sje gætt, hve miklum tíma var til varið og svo sjerstakra erfiðleika, sem á voru og kostnaðar, að rjettri tiltölu við sjerstakan kostnað og erfiðleika á því, sem ófarið var. Ef aðilar geta ekki orðið ásáttir um það, hvert farmgjald skal greiða, getur hver þeirra heimtað, að úr sje skorið með lögmætu mati.

Heimilt er eigendum að láta góssið koma fyrir vegalengdarfarmgjaldið, ef þeir kjósa það heldur.

166. gr.

Nú ber að slíka tálmun, sem 164. gr. ræðir um, eftir það er skip fór braut þaðan, sem för var hafin, og er hverjum aðila þá og heimilt að rifta samningi, en greiða skal þá fartakandi vegalengdarfarmgjaldið eftir fyrirmælum 165. gr. Ef rift er samningi, skal skipstjóri á kostnað eiganda annast svo um farminn sem 62. gr. mælir fyrir.

Nú dvelur slík tálmun skipið á fermingarstaðnum eftir að það þar hefur tekið farm, eða á viðkomustað á leiðinni, og skal þá þeim kostnaði af

töfinni, sem á kom til þess er samningi var slitið, skift niður á skip, farmgjald og farm, eftir því, sem mælt er fyrir um sameiginlegt sætjón.

167. gr.

Ef farmsamningi er rift af þeim sökum, sem 164. gr. ræðir um, og verður því að afferma vöruna, er fartakandi skyldur til að greiða allan kostnað, sem af því leiðir, ef tálmunin á efndum samningsins snertir farminn einan saman. Nú snertir tálmunin einnig skipið eða það eitt saman, eða hefur skipstjóri neytt heimildar sinnar eftir síðasta lið 164. gr. til að segja sundur samningum, og fer þá um það eftir hinu almenna ákvæði í 141. gr.

168. gr.

Nú dvelur eitthvað skipið á fermingarstað eða síðar á viðkomustað á förinni og ætla má, að sú dvöl muni nokkuð lengjast, og er þá fartakanda heimilt að láta afferma vöru sína í bráð, ef hann fær til trygging fyrir greiðslu krafa þeirra, sem 160. gr. skyldar hann til, ef varan kemur ekki aftur á skipið í tæka tíð, þegar skipstjóri segir til. Ef fleiri eru fartakendur, getur enginn þeirra krafist, að vöru hans sje affermt, nema hinir leyfi, ef sú afferming skaðar þá.

169. gr.

Nú leitar skip hafnar í nauð sakir bilunar, og talið er víst, að farmurinn spillist allur eða að miklum hluta við þá dvöl, sem umbót skipsins krefur, og er þá fartakanda heimilt að rifta samningi og ráða vöru sinni, ef hann greiðir farmgjald eftir vegalengd, sem talin sje eftir fyrirmælum 165. gr. Þó nær þessi heimild ekki til fartakanda ef fleiri eru en einn, og einhver þeirra krefst að fram sje haldið förinni.

170. gr.

Nú eru einstök eintök farmbrjefs framseld ýmsum mönnum, og veitir þá það eintak bestan rjett, sem seljandi sendi fyrst eða seldi af hendi, ef handhafa er heimilt að krefjast þess eftir öðrum hluta 139, gr., að sjer sje fengin varan. Þó taka þessi ákvæði ekki til þess, ef eintökin eru tölusett eftir fyrirmælum 138. gr., því að þá gengur sá handhafi fyrir, sem eintak hefur með lægstri tölu. En nú er vöru affermt og hún fengin löglega í hendur öðrum manni, og er hann þá ekki skyldur til að selja hann aftur af hendi, nema það sannist, að hann vissi, að kaup hans á farmbrjefinu var ólögmætt, eða hann sýndi þar stórkostlegt gáleysi.

171. gr.

Rjettur sá, sem seljandi kann að eiga að lögum til að hefta afhending góss til kaupanda, er hann getur ekki greitt andvirðið eða fullnægir ekki skyldum þeim, er kaupin gerðu honum, fellur ekki niður, þótt kaupandi hafi fengið farmbrjefið í hendur.

Ef kaupandi hefur framselt öðrum manni farmbrjefið, á seljandi ekki þenna rjett gagnvart þeim manni, nema í brjefinu hafi staðið bann gegn framsali, eða það sannist, að handhafi brjefsins hafi þekt málavexti, er hann fjekk það, eða sýnt stórkostlegt gáleysi.

172. gr.

Ef farmbrjef glatast, má fá það ónýtt með dómi á þeim stað, þar sem láta skyldi af hendi vöruna. Sá, sem ónýtingar æskir, skal senda beiðni um hana til dómanda og geri þar grein fyrir, hversu hann eignaðist hið glataða skírteini og lýsi því, að hann ljet það ekki af hendi til annara manna og bjóða eið sinn á. Ef veitt er beiðni hans, nefnir dómari til stefnufrest og má hann ekki vera skemri en 12 vikur og ekki lengri en 1 ár. Stefnuna skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og sje ekki skemra milli hverra birtinga en ein vika.

Heimilt er manni að krefjast þess, að vara sú sje seld honum í hendur, sem farmbrjefið til tekur, ef hann fær til trygging og stefnan hefur verið löglega birt; en þangað til það er gert, þarf hann til þess sjerstakan úrskurð dómara.

173. gr.

Ef maður hefur farmbrjef í höndum og fengið svo sem 139. gr. segir, er hann ekki skyldur til að láta það af hendi við þann, sem mist hefur, nema það sannist, að sá maður hafi þekt málavexti er kaup fór fram, eða sýnt í því kaupi stórkostlegt gáleysi.

174. gr.

Nú er farsamningur ger um flutning á tilteknum manni og hann gat ekki farið af stað sakir dauða sins, sjúkleiks eða annarar tálmunar, og skal þá að eins greiða hálft fargjald, ef sagt var til forfalla áður skipið hjelt af stað. Ella gjaldi maður það far fullu verði, er hann áskildi sjer, þótt hann geti ekki farið.

175. gr.

Slitið er farsamningi farþega þegar skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða nokkura aðra tálmun ber að, þá er ræðir um í 164. gr., og á þar hvorugur aðila bótakröfur á annan. Ef för var hafin, er farþegi þó skyldur til að greiða gjald fyrir þann hluta leiðar, sem farinn var, og fer um það eftir fyrirmælum 165. gr.

176. gr.

Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um reglu og góða háttsemi á skipi. Ákvæði 86. gr. taka og til þeirra.

177. gr.

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um skaðabætur fyrir týnt góss eða skemt, nær og til ábyrgðar á því góssi, sem farþegar hafa með sjer og fengið er skipstjóra í hendur eða þeim manni, sem settur er til að veita viðtöku góssi manna.

178. gr.

Heimilt er skipstjóra að halda góssi farþega til þess er fargjald er greitt og andvirði þess, er farþegi hefur neytt á skipi á förinni. Skipstjóri á og auk þess sama rjett á þessu góssi sem 160.—162. gr. veita honum á annari vöru, þeirri sem ekki er greitt farmgjald fyrir.

Sjöundi kapituli.

Um sjólán.

179. gr.

Þá er skipstjóri tekur peninga að láni í nauð til framhalds för sinni eða til bjargar farminum eða til að koma honum áleiðis og leggur skipið að veði fyrir láninu, farmgjald eða farm, með þeim hætti, sem hjer verður sagt, þá á lánsali að eins aðgang að hinum veðlögðu fjemunum að lokinni för, en í þeim á hann sjóveðrjett eftir 11. kapítula þessara laga.

180. gr.

Sjólán má taka gegn veði í skipi, farmgjaldi og farmi eða einu þeirra eða fleiru, Ef tekið er lán til greiðslu kostnaði á farminum einum, má veðleggja hann sjerstaklega, en fyrir öðrum kostnaði má ekki leggja farm að veði, nema ásamt sje með skipi og farmgjaldi. Ef saman er veðlagt skip og farmur, er farmgjald og talið til veðsins, en ella að eins þar, sem það er sjerstaklega tekið til.

Nú er eitthvað af fjemunum þessum sjólánsveðlagt fyrir tilkostnaði, sem ekki snertir það veð sjálft, og lánsali leitar sjer lúkningar í veðinu, og getur þá eigandi veðsins aftur leitað sjer bóta fyrir missi sinn í þeim fjemunum, sem kostnaðurinn varð á, og á hann þá sömu heimild á þeim sem væri þeir sjólánsveð honum til handa.

181. gr.

Áður skipstjóri tekur sjólán, skal hann gera skýra grein fyrir þeim atvikum, sem neyddu hann til lántökunnar, og gera það með þeim hætti, sem 46. gr. ræðir um, ef hann má því við koma, en ella með yfirlýsingum konsúls, þar sem hann er, eða annara yfirvalda.

182. gr.

Þá er sjólán er tekið, skal um það gera brjef. Það er því að eins lögmælt sjólánsbrjef, að í því standi:

1. Nafnið sjólánsbrjef eða önnur orð, sem skýra frá, að samningurinn sje gerður um sjólán.
2. Nafn lánsala.
3. Stærð veðskuldarinnar (lánsfje og tilgjöf).
4. Skilgreining hinna veðbundnu hluta.
5. Nafn skipsins.
6. Tilgreining fararinnar, sem lán er fengið til (sjólánsför).
7. Nafn skipstjóra undirritað og tiltekinn staður og dagur.

183. gr.

Gera skal af sjólánsbrjefi fleiri eintök en eitt, ef lánsali vill; öll skulu eintökin vera samhljóða og taka til hversu mörg eintök gerð voru.

Nú er sjólánsbrjef framselt, og heftir það ekki andmæli gegn því, að lögmæt skilyrði væri fyrir sjólánstöku.

184. gr.

Sjótjónsframlög skulu greidd af hinum sjólánsveðlögðu fjemunum án þess að sjólánsveðskuldin minki við það; en vinnist fjemunirnir við það ekki til fullrar greiðslu á veðskuldinni, skal sjólánssali bera hallann.

185. gr.

Skyldur er skipstjóri að annast um varðveislu og björgun hinna veðlögðu eigna. Ekki skal hann nema í ítrustu nauðsyn hafast neitt það að, sem stofnað geti þeim í annan nje meiri háska en þann, sem lánsali gat búist við eftir veðbrjefinu. Verði skipstjóra á í því, ábyrgist hann skaða þann, er af hlýtst.

Nú breytir hann að nauðsynjalausu för sinni, þeirri sem sjólánsveðbrjefið til tók, og án þess að gagnsmunir lánsala krefjist þess, eða hann víkur óheimilt af venjulegri leið, eða hann stofnar hinum veðlögðu fjemunum í nýja hættu eftir það er förinni var lokið, og reynist þeir eftir það ónógir til lúkningar sjólánsskuldinni, og ábyrgist skipstjóri þá það, sem á skortir, nema það sannist, að skaði hefði þó á orðið, þótt skipstjóri hefði gætt als þess, er honum var skylt.

186. gr.

Sje ekki annað tilskilið, skal gjalda sjólánsskuld á þeim stað, þar sem sú sjólánsför er á enda eftir samningnum og er gjalddagi sjöunda daginn eftir það er skipið kom þangað, og án frestdaga.

Ef för endar áður skipið kom á ætlunarstað þann, sem sjólánsveðbrjefið til tekur, þá skal gjalddagi vera á láninu sjöunda daginn frá því er för var lokið, og greiðast á þeim stað, þar sem henni lauk. Skylt er skipstjóra að skýra lánsala þegar frá breytingu þeirri, sem á er orðin. Nú voru önnur efni til breytingarinnar en þau, sem getið er í 164. og 165. gr., og getur þá lánsali krafist bóta fyrir þann kostnað, sem hann hafði af breytingunni.

187. gr.

Nú er krafist sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga, og fæst ekki greiðsla á, og er þá skuldareiganda heimilt að krefjast vaxta, 6 af hndr. á ári af báðum, innstæðu og tilgjöf.

Ef tilgjöf var ákveðin eftir tímalengd, skal tími aðeins talinn til gjalddaga.

188. gr.

Þegar sem gjalddagi er kominn, má krefja skuldarinnar, eftir einu eintaki af sjólánsbrjefinu, gegn því, að selja það eintak af hendi með áritaðri kvittun. Nú segja til sín fleiri handhafar en einn, og krefjast þeir greiðslu, og skal þá engum þeirra greiða, en skipstjóri skal fela greiðslufjeð í trygga varðveislu og skýra frá því rjettum aðilum.

Ekki má skipstjóri greiða þá skuld fyrir gjalddaga, nema fram komi öll eintök sjólánsbrjefsins.

189. gr.

Nú er kominn gjalddagi á sjóláni, og er veðbrjefið þá ekki á þeim

stað, þar sem greiða skal veðskuldina (sbr. 186. gr.), og er þá skipstjóra heimilt að fela skuldafjeð í örugga varðveislu, og leysa með því veðið. Nú felur skipstjóri fjeð til varðveislu, og er hann þá skyldur til að skýra lánsala frá því tafarlaust.

190. gr.

Þegar sem skipið er komið á ætlunarstað sinn, þann sem sjólánsveðbrjefið nefnir til, eða þegar sem fullráðið er, að förin skuli enda á öðrum stað, getur kröfuhafi látið leggja löghald á hina veðlögðu eign, þótt skuldin sje þá ekki komin í gjalddaga. Ekki er þörf að reka löghaldsmál til staðfestingar haldinu, en ónýtt skal það löghald ávalt 8 dögum eftir gjalddaga.

Nú er krafist sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga og er þá ekki greidd, og er þá kröfuhafa þegar heimilt að láta gera fjárnám í veðfjenu, án dóms og laga, til lúkningar skuld sinni og selja veðið því næst á almennu uppboði. Þegar má ætla, að veðlagður farmur spillist ef hann er geymdur lengi, má beiðast úrskurðar fógeta um það, að halda skuli uppboðið sem fyrst má. Þó má ekki boða það með skemri fyrirvara en eins dags. Nú er sjólánsveðbrjefinu mótmælt við fjárnámsgjörðina og talið fals í, eða mótmælt lögmæti kröfunnar, eða annar maður telst hafa lögmætara tilkall til veðsins, og getur þá dómarinn synjað um fjárnámsgjörðina, nema skuldheimtumaður fái trygging fyrir.

191. gr.

Ef hætt var við sjólánsförina áður af stað væri farið, er lánið þegar komið í gjalddaga á þeim stað, er farið skyldi frá, og greiði þá lánþegi 5 af hndr. á ári í vöxtu af höfuðstólnum og 3 af hndr. í ómakslaun í stað tilgjafar. Nú ljet skip út, og skal þá greiða hina áskildu tilgjöf þó förin sje síðan gefin upp.

Attundi kapituli.

Um sjótjón.

192. gr.

Til sameiginlegs sjótjóns (groshavari) teljast hver þau spjöll, sem gerð eru með vilja á skipi eða farmi með þeirri fyrirætlan, að bjarga hvorutveggja úr yfirvofandi háska, svo og hvað það, sem lagt er í sölurnar með þeirri fyrirætlan, svo og skaði sá og kostnaður, sem var samfara slíkum viðbúnaði eða leiddi beinlínis af honum. Sameiginlegu sjótjóni skal jafna niður á skip, farmgjald og farm að rjettu hlutfalli við verðmæti þeirra, og sje það ákveðið eftir fyrirmælum 212.—217. gr.

193. gr.

Þetta skal einkanlega bæta sem sameiginlegt sjótjón:

1. Gós og skipsbúnað allan, sem varpað er fyrir borð til að ljetta skip í

sjávarháska eða til að forðast fjandmenn eða sjóræningja, svo og góss og búnað þann, er skolast útbyrðis við það að út er varpað, svo og annað það tjón, sem af því leiddi að varpað var út, eða af þeim viðbúnaði, sem hafa þurfti til þess.

2. Siglu, segl eða annan reiða, sem höggvinn er, akkeri og festi, sem laust er látið, svo og það tjón, sem af því leiðir, að af var höggvið eða laust látið, ef það var lagt í sölurnar til bjargar bæði skipi og farmi úr háska, svo sem að forða við skipbroti eða árekstri.
3. Tjón, sem verður á skipi eða farmi við það að verjast eldshættu eða slökkva eld, til að ná vatni í dælurnar eða veita braut ágjöf.
4. Það, sem kostað var til að fá hjálp í háska til að bjarga bæði skipi og farmi frá voða, svo og það tjón, sem skip eða farmur sætir af þeim skipum, sem kvödd voru hjálpar.
5. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að skipinu er hleypt með vilja á grynningar til að forða báðum við meira tjóni, og þó einungis að því leyti, sem kalla má, að slíkt væri lagt í sölurnar.
6. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að ná skipi af grynningum, og sjá borgið skipi og farmi, svo og þann kostnað, sem af því verður. Nú verður för ekki haldið áfram af því skipið næst ekki af grynningum, eða af því að það hefur verið dæmt óbætandi, og er þá talinn með sameiginlegu sjótjóni sá einn skaði, sem orðinn var á áður augljóst yrði, að förinni varð ekki haldið áfram og kostnaður sá, sem þá var á kominn.
7. Kostnaður, sem á því varð að leita hafnar í neyð til bjargar skipi og farmi, svo sem þá er skip varð ósjófært á leið, eða því og farminum er búinn auðsær háski af því ófriður sje hafinn eða af óvæntum ísum, ef förinni væri haldið áfram.

Kostnaður sá, sem af þessu leiðir og telja ber til sameiginlegs sjótjóns, er þetta einkanlega: Hafnsögugjald, vitagjald, merkjagjald og hafnargjald, svo og annar kostnaður á dvöl skips í neyðarhöfn; kostnaður á affermingu farms, geymslu, fermingu aftur og búlkun, ef affermt var til að koma skipinu í lægi, eða afferma varð af sömu sökum og þeim, sem knúðu skipið til að leita hafnar, svo og fæðispeningar og mánaðarkaup skipstjóra og skipshafnar þann tíma, sem skipið hlýtur að liggja í neyðarhöfn af þeim sökum, sem knúðu það til að leita þangað, og þó einungis að svo miklu leyti sem ekki mátti spara sjer kostnað með því að leysa skipverja úr vist. Nú lengist dvöl skips í neyðarhöfn af öðrum sökum, svo sem þá er ís meinar að halda för áfram eða veðurfar, eða aðgerð skips dvelst að nauðsynjalausu, og skal þá ekki telja með sameiginlegu sjótjóni fæði og mánaðarkaup þann tíma, sem dvölin lengist af þeim sökum. Nú er förinni lokið í neyðarhöfninni, og skal þá til sameiginlegs sjótjóns talinn kostnaðurinn að eins til þess tíma að fastráðið var, að förin skyldi enda þar.

Ekki skal telja til sameiginlegs sjótjóns skaða af rýrnun, leka íláta, eða skemdum á farmi, sem urðu við dvöl skipsins í neyðarhöfninni, nje heldur kostnað á því, að verjast þess háttar sköðum. Skemdir, sem verða á farmi við ferming eða afferming í neyðarhöfn, skulu einungis þá taldar með sameiginlegu sjótjóni, þegar þær stafa af því, að ferming eða afferming varð að fara fram á uppskipunarbátum eða með óvenjulegu móti.

Ekki er talinn heldur til sameiginlegs sjótjóns hin sjerstaki kostnaður í neyðarhöfn, sem verður við það, að farmurinn er sjálfur háskagóss.

Nú er bilun bætt til bráðabirgða í neyðarhöfn og hún telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, og skal þó endurgjalda þann kostnað, svo sem sameiginlegt sjótjón, ef komist varð við það hjá öðrum kostnaði, sem annars hlaut að verða og talist hefði með sameiginlegu sjótjóni.

8. Tjón það og skemdir, sem á farmi verða við það, að tekið er til hans í nauð til framkvæmdar förinni eða til bjargar skipi og farmi á annan hátt, svo og tjón og skemdir, sem urðu á skipsbúnaði við það að grípa til þess í nauð til einhvers annars en það var ætlað til frá upphafi.

Það, sem eytt er af kolabirgðum gufuskips og vjelanauðsynjum til þess að ná skipinu af grynningum og við dælingu, þá er skipið er lekt orðið, skal alt bæta sem sameiginlegt sjótjón, svo og það, sem eytt er til að flytja skipið, afferma það eða ferma á ný í neyðarhöfn, þá er kostnaður sá telst til sameiginlegs sjótjóns, en hitt skal ekki bæta, sem varið er til að leita inn til neyðarhafnar og láta aftur út þaðan, eða á annan veg er varið vegna lengingar fararinnar, þótt hún hafi leitt af sameiginlegu sjótjóni.

9. Tjón, sem með vilja er gert skipi eða farmi til að greiða fyrir vörn gegn fjandmönnum eða sjóræningjum, svo og tjón, sem beðið var meðan á vörninni stóð, hergögn öll, sem varið var til hennar, svo og góss og peningar, sem varið er til bjargar eða lausnar skipi og farmi.

10. Kostnaður á lækningu, hjúkrun og fæði þann tíma, sem dvelst lækning þeirra skipverja, sem mein hlutu af vörn móti óvinum eða sjóræningjum eða við framkvæmdir viðbúnaðar til að bjarga skipi og farmi, greftrunarkostnaður látinna manna og kostnaðarauki sá, sem verður við það, að ráða verður aðra menn í stað hinna særðu og dauðu.

11. Farmgjald, sem missist við sameiginlegt sjótjón.

12. Kostnaður og tjón, sem hlautst af því að afla nægra peninga til að greiða með úr sameiginlegu sjótjóni, einkanlega ómakslaun, vextir og ábyrgðargjöld greiddra peninga, tilgjöf við neyðarlán, ef nauðsyn var á sjóláni, svo og tjón það, sem hlýtst af verðfalli vöru, sem sem seld er í neyðarhöfn til greiðslu á sjótjóninu.

13. Ómakslaun umboðsmanns, sem ráðinn var til framkvæmdar viðskiftum þeim, sem sjótjónið krafði.

14. Kostnaður, sem leiddi af sjóferðaskýrslu, skoðunargerð, álits- og matsgerð, svo og af að afla sannana, sem við þarf til að finna hvert sjótjónið var og hve því skal jafna niður, svo og sá reiknings- og niðurjöfnunarkostnaður.

194. gr.

Ekki skal telja með sameiginlegu sjótjóni þann skaða, sem verður af slysum meðan framkvæmdur er sá viðbúnaður, sem hafður er til bjargar skipi og farmi, jafnvel þótt það forði sameiginlegu sjótjóni; ekki þann skaða heldur, sem af hendingu eða óbeinlínis snertir slíkan viðbúnað.

Því skal ekki bæta sem sameiginlegt sjótjón stöng, sem vindur braut, meðan verið var að höggva siglu, þótt brotið verði til þess að ekki þarf að höggva sigluna; ekki heldur skemdir á skipi og farmi, af stormi, eldi, þjófnaði eða öðru, sem að ber meðan skipið dvaldi í neyðarhöfn; ekki heldur fjártjón, sem stafar af því, að farmi varð ekki skilað í tæka tíð sakir sjótjónsins; ekki

heldur aukin iðgjöld vátryggingar á skipinu nje tjón af því, að skipið misti væntanlegs farmgjalds sakir dvalar, sem sjótjónið olli.

195. gr.

Þetta er ekki bætt sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss, sem látið er á skip án vitundar skipstjóra, svo og peningar, verðbrjef og dýrgripir, ef þeir voru ekki nægilega skilgreindir eftir fyrirmælum 148. gr.
2. Farmur á þilfari, þótt varpað sje útbyrðis, nje tjón á slíkum farmi, sem varð við það, að út var rutt, eða við annan viðbúnað, sem hafður var í sjávarháska, til bjargar skipi og farmi, nema varpað sje út til ljettis skipi, eftir að það kom á grynningar.

   Með farmi á þiljum er ekki talið það góss eitt, sem hlaðið er á opið þilfar eða í báta skips, eða haft utan borðs, en til þess farms telst einnig það gós, sem hlaðið er í þau þakskýli á þilfari, sem ekki eru feld inn í rangakerfi skips, eða veita nægilega trygging með öðru móti fyrir því, að sjór skaði þar ekki góss nje taki út.
3. Skemdir, sem við slíkan viðbúnað sem getið var, verða á skipsmunum, sem lágu á þilfari og voru þar ekki á sínum stað.
4. Skemdir af ofsiglingu (til að knýja skipið), þótt það sje gert til að forðast skipbrot, fjandmenn eða sjóræningja; tjón á seglum eða á kötlum gufuskips og vjel, nema skemdin verði við tilraun til að ná skipinu af grynningum; svo og skemdir á skipsdælum, þá er ausa verður skipið.
5. Tjón, sem hlýtst af því, að sigla er höggvin, sigluviðir eða önnur áhöld, sem brotnað hafa áður við einkasjótjón, þótt nauðsyn beri til að höggva þau þá, til að forðast háska, sem skipi var búinn og farmi.
6. Tjón á farmi, sem kviknað hefur í af sjálfu sjer, eða hiti er í og tjónið verður við það, að honum er varpað útbyrðis, eða steypt er á hann vatni eða aðrar tilraunir gerðar til að slökkva í honum, svo og tjón af eldi, hvernig sem hann kemur upp í skipi, og þær skemdir, sem við slíka athöfn verða á þeim hluta farmsins, sem eldur hafði gripið.
7. Kostnaður, sem leiðir af því, að skip varð að leita neyðarhafnar sakir skorts á vistabirgðum eður fararnauðsynjum eða vegna ístálmunar eða annars, sem veðurátta var sök í.

196. gr.

Jafna skal niður sjótjónsbyrðinni fyrir því, þótt einstakur maður sje sök í þeim háska, sem tjóninu olli, en ekki getur sá maður krafist bóta fyrir missi þann, sem hann varð fyrir sjálfur. Ef skipstjóri er sök í háskanum eða annar sá maður, sem útgerðarmenn ábyrgjast eftir 13. gr., eiga þeir og ekki bætur fyrir skaða sinn.

Nú hefur skipstjóra, eða öðrum þeim manni á skipinu, sem eftir stöðu sinni gekk í stað skipstjóra, yfirsjest, er meta skyldi, hversu háskanum var háttað eða hversu verjast skyldi honum, og heftir það þá ekki niðurjöfnun sjótjónsins; en ekki getur útgerðarmaður þá heimtað sjer bættan þann skaða, sem hann beið, nema yfirsjónina megi telja afsakanlega, svo sem efni voru til.

Sá, sem missir rjett sinn til bóta af þessum sökum eða varð að greiða

sjótjónsframlag sakir yfirsjónar annars manns, getur heimtað bætur af þeim, sem ábyrgð hefur á yfirsjóninni.

197. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt það, sem lagt var í sölurnar, yrði ekki að því gagni, sem ætlað var.

198. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt lagt væri í sölurnar skipið alt eða farmurinn allur, nje heldur það, þótt eftir slysið sje einungis bjargað einhverju af öðru hvoru einu saman, skipi eða farmi.

199. gr.

Þá er eitthvað verður að leggja í sölurnar, er skipstjóra skylt að annast um, að skaðinn verði ekki meiri en vera þurfti. Ef varpað er fyrir borð af farmi eða skipsmunum, skal varpa ef unt er fyrst því, sem þyngst er og verðminst, fremur en hinu, sem ljettara er og dýrara.

Ef skipstjóri hefur ófyrirsynju gert skaðann meiri en þörf krafði, skal um það farið eftir fyrirmælum 196. gr.

200. gr.

Skylt er skipstjóra, ef atvik leyfa, að kalla til ráðs við sig þá menn, sem best skyn bera á og reyndastir eru af skipverjum, áður hann aðhafist nokkuð það, sem valda megi niðurjöfnun sjótjóns. Skipstjóri skal rita skýrslu um þetta svo fljótt sem hann má í leiðarbókina, eða rita það á annað, ef engin er leiðarbók, svo það megi bera fram þegar sjóferðaskýrsla er gefin. Í skýrslunni skulu til greind öll atvik, sem máli geta skift við mat og niðurjöfnun sjótjónsins, og einkanlega hver nauðsyn bar til að leggja það í sölurnar, sem gert var, og svo nákvæma skrá sem við má koma yfir það, sem í sölurnar var lagt, eða þá skýrt með öðru móti frá viðtæki tjónsins.

201. gr.

Tjón á skipi og skipsbúnaði skulu meta skynbærir menn og til þess skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr. og á þeim stað, þar sem skip er bætt, ef það er gert á förinni, en ella á endastað farar.

Það skal til tekið um hverja einstaka skemd, hve mikið muni kosta að bæta, og þurfi nýrra muna við í stað hinna spiltu, þá skal hvorttveggja til greina, hve dýrir verði hinir nýju og hvers virði sje hinir spiltu.

Skemd öll af elli, hrörnun og öðru því um líku skal greind frá hinni, sem af sjótjóninu stafar, og metin sjer.

202. gr.

Þá er kveða skal á um sameiginlegt sjótjón á skipi og skipsbúnaði, hve mikið var, skal farið eftir hve mikils tjónið var metið, ef skemdin er ekki bætt, og svo ef tjónið var minna en kostnaður reyndist á aðgerðinni, en farið skal eftir aðgerðarkostnaði, ef hann varð minni.

203. gr.

Þá er endurgjalda skal skemdir á járnskipi, skal bæta að fullu skemdir á skrokki skipsins, siglum og siglubúnaði af járni, ef skipið hefur ekki gengið 5 ár á sjó þá er sjótjónið bar að, og sje talið frá því, er skipið ljet út í hina fyrstu för sína. Nú bar slysið að eftir þessi 5 ár en áður skipið hafði farið í 10 ár, og skal þá dreginn af $^1/_6$ hlutur fyrir verðmun á hinu gamla og nýja og $^1/_3$ hlutur ef skipið hefur lengur farið. Skemd á gufuvjel skal bæta að fullu, ef vjelin hefur ekki starfað 3 ár þá er slysið bar að; ef það varð síðar og þó áður vjelin hafði starfað 6 ár, skal dreginn af $^1/_6$ hlutur og $^1/_3$ hlutur ef lengur var. Skemdir á siglu og siglubúnaði af trje svo og á reiða þeim, sem uppi er, skulu bættar að fullu, ef skipið hefur ekki verið eitt ár í förum og annar skaði, ef það hefur ekki verið missiri; beri tjónið síðar að, skal draga af $^1/_3$ hlut; þó skal bæta akkeri fullu, og af akkerisfesti skal draga einungis $^1/_6$ hlut.

Ef skipið er trjeskip, skal bæta að fullu skemdir á skrokki þess, ef það hefur ekki gengið 2 ár á sjó þá er slysið bar að; ef það varð síðar, skal draga af $^1/_3$ hlut fyrir verðmun á gömlu og nýju. Aðrar skemdir skulu bættar svo sem fyr segir um járnskipin.

Af skaðabótafje því, sem svo er ákveðið, skal draga verð þeirra hluta, sem nýju voru bættir, eftir því, sem verð þeirra var gert í matsgerðinni, eða, ef á uppboði er selt, andvirðið að frádregnum kostnaði.

Ef leggja skal á skipið nýja málmhúð, skal svo meta skaðabætur, að draga skal málmvirði hinnar fornu húðar af kostnaði þeim, sem á því verður að leggja á nýja húð úr sama efni og jafnþunga hinni fornu húð, þá er hún var ný, og skal þá bæta afganginn, og sje þó af dreginn $^1/_{60}$ hlutur, ef húðin var úr eir eða látúni (yellowmetal) og $^1/_{30}$ ef hún var úr sinki eða öðrum málmi, fyrir hvern fullan mánuð, og sje talinn þrítugnættur, sem liðinn er frá því, er sú húð var á lögð, er bæta skal annari nýrri. Ef eirhúð eða látúns hefur verið meira en 5 ár í sjó eða húð af öðrum málmi meira en 2 ár og hálft, skal þær engu bæta.

204. gr.

Nú hefur skip farist með öllu við sameiginlegt sjótjón, eða meiðst svo mjög, að það er dæmt óbætandi, og skal þá bæta það því verði, sem ætla má, að sannvirði þess væri þá er það fórst, og sje dreginn af verðinu ágóðinn af því, sem kann að hafa orðið bjargað.

205. gr.

Bætur fyrir góss, sem ferst við sameiginlegt sjótjón, skulu metnar eftir gangverði samkyns vöru á ætlunarstað skipsins við komu þess þangað, og komist það sem eftir er af farmi skipsins ekki á ætlunarstað, skal metið eftir verðinu á þeim stað, þar sem endir var gerður á förinni, og skal þó af dregið farmgjald, tollur og annar kostnaður, sem eiganda sparast við það, að varan komst ekki á ætlunarstað hennar.

Verð vörunnar skal ákveðið með lögmæltu mati, ef ekki er kostur að fá vitneskju um verð hennar með öðru móti.

Ef varan var seld í neyðarhöfn, má ávalt heimta bætur fyrir hana, að minsta kosti sem því verði nemur, sem hún var seld fyrir.

206. gr.

Ef farmur spillist við sameiginlegt sjótjón, skulu ákveðnar svo miklar bætur fyrir hann, sem verðmuninum nemur á hinni óspiltu vöru og hinni spiltu, og skal verð hinnar óspiltu vöru talið eftir því, sem mælt er í næstu grein hjer á undan, og dregið svo sem þar segir af verði hinnar spiltu vöru. Verð hinnar spiltu vöru skal meta eftir sölu hennar að kostnaði frádregnum, ef hún var seld áður sjótjónsreikningi var lokið, ella skal verðið ákveðið með lögmæltu mati.

207. gr.

Nú hafa vörur týnst eða spilst við sameiginlegt sjótjón og hafa þegar áður rýrnað að verðmæti við einkasjótjón, spilst af sjálfu sjer eða með öðru móti, eður og vörur spillast við sameiginlegt sjótjón og rýrnuðu síðan enn meira að verði við atburði, sem snertu ekki sjótjónið, og skal þá hvorttveggja rýrnunin dregin frá skaðabótunum, eða það fje, sem rýrnununum nemur. Afdráttarfjeð skal ákveðið með lögmæltu mati og skal þar einkanlega miðað við það tjón, sem aðrar vörur samkynja eða svipaðar hafa orðið fyrir við sömu atburði og af sömu sökum, en skemdust ekki við sjótjónið.

208. gr.

Við sameiginlegt sjótjón greiðast engar bætur fyrir vörur, sem ekki fylgir farmbrjef og ekki eru heldur fullnægjandi skýrslur um, að á skip kæmi, hvorki í farmskrá nje gósstökubók eða annarstaðar.

Bæta skal klæðnað og fararnauðsynjar skipstjóra, skipshafnar og farþega, ef það vitnast, að mist sje við sjótjónið.

209. gr.

Nú farast vörur við sameiginlegt sjótjón eða þær eru seldar í neyðarhöfn til að greiða með sjótjónskostnað, og skal þá endurgjalda farmgjald fyrir þær vörur og gera þær bætur á sjótjónsreikningi jafnar því fje, sem greiða hefði átt undir þær, ef þær hefði verið í skipinu til ætlunarstaðar þeirra eða þangað, sem förin endar, ef ekki var farið alla leið. Af hinu mista farmgjaldi skal draga þann sjerstaka kostnað, sem sparast útgerðarmanni við það, að vörunni var varið öðru til bjargar eða hún var seld.

210. gr.

Nú verða skemdir á einhverjum munum við sameiginlegt sjótjón og þeir ónýtast síðan eða skemmast við einkasjótjón, og falla þá niður bótakröfur að öllu eða nokkru fyrir þá muni, ef ætla má með vissu, að tjónið hefði að nokkru eða öllu hlotist af einkasjótjóninu síðar, þótt sameiginlega sjótjónið hefði ekki borið að.

Svo falla og niður eða lækka sjótjónsbætur, þegar ætla má með vissu, að munir þeir, sem fórust við sameiginlegt sjótjón, hefðu ónýtst eða spilst við einkasjótjón síðar, ef þeir hefðu verið þá enn á skipinu.

211. gr.

Nú hljótast skemdir sumpart af sameiginlegu sjótjóni og sumpart af

einkasjótjóni eða kostnaður verður sameiginlegur þeim báðum, og skal þá skifta skemdum og kostnaði milli þeirra eftir sanngjörnu mati.

212. gr.

Skip tekur hlut í sameiginlegu sjótjóni eftir:

1. Því verði, sem skynbærir menn skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr., meta það til við komu þess á þann stað, þar sem förin er á enda, og
2. því fje, sem í sjótjónsreikningnum er gert í bætur fyrir skemdir á skipi, og þó einungis að því leyti, sem þær skemdir eru þá ekki bættar.

Ef gerðar hafa verið umbætur á skipi eftir það er sameiginlegt sjótjón bar að, eða ef gert hefur verið að skemdum, sem ekki urðu við sjótjónið, þá skal draga af matsverði skipsins svo mikið, sem virðingarverð umbótanna eða viðgerðarinnar nam.

213. gr.

Farmurinn tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni eftir:

1. Verðmæti þeirrar vöru, sem á skipinu var þegar sjótjónið bar að og er óskert við enda farar, og skal verðmætið ákveðið eftir fyrirmælum 205. og 206. gr.,
2. því fje, sem gert er í bætur fyrir góss, sem lagt var í sölur eða spiltist við sjótjónið á förinni, og
3. því skaðabótafje, sem farmeigandi fær af útgerðarmanni fyrir vörur, sem farist hafa eða skemst á ferðinni, eða seldar voru til þurftar skipinu, sbr. 154. gr.

214. gr.

Farmgjaldið tekur hlut í sameiginlegu sjótjóni eftir helmingi:

1. Þess farmgjalds, sem reynist við enda farar að aflast hefur, og
2. skaðabóta þeirra, sem gerðar eru í sjótjónsreikningnum fyrir mist farmgjald.

Ef ekki er tilskilið neitt ákveðið farmgjald, skal það talið eftir fyrirmælum 155. gr.

215. gr.

Ef farmgjald er greitt fyrir fram, þann veg, að það skuli ekki endurgreiða, þótt ekki verði unnið til neins farmgjalds sökum slysa, þá eru útgerðarmenn ekki skyldir til að eiga hlut í sameiginlegu sjótjóni að því er nemur því fje.

216. gr.

Af því framlöguskyldu fje, sem ákveðið er eftir fyrirmælum 212.--215. gr., skal draga bæði framlög til þess sameiginlega sjótjóns, sem síðar varð á ferðinni, svo og kostnað, sem á kann að hafa fallið við björgun eða verndun hinna framlöguskyldu fjemuna, ef sá kostnaður skal ekki endurgoldinn sem sameiginlegt sjótjón.

217. gr.

Þetta er undanþegið bótaframlögum við sameiginlegt sjótjón:

1. Vistir, kol og aðrar vjelanauðsynjar og hernaðargögn,

2. kaup skipstjóra og skipshafnar, og
3. klæðnaður og fararnauðsynjar allra manna á skipinu og það, sem þeir bera á sjer.

Nú voru munir þeir einhverjir lagðir í sölurnar við sameiginlegt sjótjón, sem taldir voru til 3. liðar, eða þeir spiltust, og skal þá eigandi taka þátt í niðurjöfnun tjónsins með því fje, sem hann fjekk í bætur fyrir þessa muni í skaðabótareikningnum.

218. gr.

Fullnaðarmat og niðurjöfnun skaðans, sem varð við sameiginlegt sjótjón, fer fram á þeim stað, þar sem skip og farmur skilja, og eftir því, sem á þeim stað eru lög.

Úrslitareikninga sjótjóns annast hjer á landi 2 menn kvaddir til þess af hlutaðeigandi dómara fyrir rjetti. Dómstólarnir dæma ágreining um rjettmæti sjótjónsreikninga.

219. gr.

Skylt er skipstjóra að annast um alt, er þörf krefur til þess að sjótjónsmálið geti farið fram, og má ekki dvelja það að nauðsynjalausu.

Hver sá, sem sjótjónið snertir, er skyldur til að sínu leyti að láta í tje allar skýrslur þær og sönnunargögn, sem hinir dómkvöddu niðurjöfnunarmenn sjótjóns telja þörf.

220. gr.

Nú koma síðar fram fjemunir þeir, er talið var við niðurjöfnunina, að farist hefðu við sameiginlegt sjótjón, eða sá, sem tjóni olli, bætir síðan eitthvað af þeim skaða, sem talin var til sjótjóns, og skal þá gera breyting með aukaniðurjöfnun á allri niðurjöfnun sjótjónsins. En ekki má fresta úrslitagerð sjótjóns af þeim sökum einum, að líkindi gætu verið á að fá aftur fjemuni, sem lagðir voru í sölurnar, eða skaða bættan, sem á varð.

221. gr.

Sjótjónsframlag ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim munum einum, en ekki sem sjálfskuld.

222. gr.

Skip, sem framlöguskylt er til sjótjónsbóta, má ekki fara af þeim stað, þar sem skip og farmur skildu, og góss, sem á í byrgð er fyrir slíkum framlögum, má ekki fá í hendur eiganda, áður sjótjónsframlög sje greidd eða trygging til fengin fyrir framlögunum, ef þau eru þá ekki ákveðin.

223. gr.

Nú verður á skipi eða góssi tjón eða kostnaður, sem stafar af óhappi á för, og telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, eða skipað sje fyrir um með sjerstökum ákvæðum, að farið skuli með eftir reglum um sameiginlegt sjótjón (shr. síðara lið 166. gr.), og skal það þá sem einkasjótjón (partikulært havari) koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður.

Nú telst kostnaður til einkasjótjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms, og skal honum þá jafnað eftir sanngirni á þá fjemuni, sem kostnaðarins nutu, og skal þar þá farið svo sem verða má eftir reglunum um sameiginlegt sjótjón. Kostnaður á björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því, sem greitt er af góssinu, sem bjargað varð.

Dómkvaddir menn (sbr. 218. gr.) framkvæma úrslitareikning og niðurjöfnun einkasjótjóns, ef þess krefst einhver sá, sem þar á hlut að máli.

Níundi kapituli.

Um tjón af árekstri.

224. gr.

Konungur gefur fyrirskipanir um það, hvers gætt skal á skipi til að forðast árekstur.

225. gr.

Þá er tjón varð af því á skipi eða farmi, að skip rákust á og annað þeirra var eitt saman sök í árekstrinum, þá bætir hið seka skaða þann allan, er af hlautst.

Nú eru bæði skipin sek, og skal þá dómur ákveða, hvort annað skipið skal greiða skaðabætur og hve miklar, eða hvort skipin skulu hvort sjer hafa skaða sinn óbættan, og skal það metið með hliðsjón á því, hversu þeim yfirsjónum var háttað, sem á urðu fyrir hvorum aðila um sig.

Þá er meta skal sök hvors skips, þá skal dómandi einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

226. gr.

Ef árekstur varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki, að aðilar væri sök í því hvorugur, hefur hvortveggja óbætt það, er hlaut.

227. gr.

Skaðabætur þær, sem greiða skal eftir 225. gr., ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi ef sá nokkur var valdur að árekstrinum, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr.

228. gr.

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti sem það má verða, án þess að hafa sitt skip í háska, skipshöfn þess og farþega, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem árekstur-inn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, sem björg veitti, að segja hinum til nafns á skipi sínu og heimkynnis þess, og úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

Nú leiðir skipstjóri hjá sjer að nauðsynjalausu að hlýða fyrirmælum þessum, og skal þá telja hann sekan í árekstrinum, nema annað sannist.

Tíundi kapituli.

Um björgunarlaun.

229. gr.

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefur eða er statt í nauð, eða farmi þess, eða nokkru af því skipi eða farmi þess, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Nú verða málsaðilar ekki á eitt sáttir um, hve mikil skuli vera björgunarlaunin, og sker þá dómur úr; þó sker stjórnarráðið úr ef andvirði þess, sem bjargað var, er ekki meira en 500 krónur.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

230. gr.

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt einkanlega:

1. Háskans, sem það var í statt, sem borgið var; hvort skipverjar höfðu skilist við skipið; hvort þeir áttu hlut í björguninni, eða hvort stutt var að björguninni í heild sinni með tækjum hins nauðstadda skips;
2. háska þess, sem björgunarmönnum og eigu þeirra var stofnað í, og þess tjóns, sem þeir hafa beðið á heilsu eða fjemunum;
3. hagvirkni þeirrar og atorku, sem unnið var með að björguninni, og tíma og áreynslu, sem til hennar var varið;
4. tölu björgunarmanna og tilkostnaðar og verðmætis björgunartækja þeirra;
5. verðmætis þess, sem borgið var.

231. gr.

Ekki má gera björgunarlaun hærri vanalega en þriðja hluta verðmætis þess, sem borgið var, og sje þó af dreginn tollur og önnur opinber gjöld, svo og kostnaður af geymslu, virðingargerð og sölu. Nú er verðmætið lítið og björgunin var mjög hættuleg eða óvenjulega erfið, og má þá hækka björgunarlaunin.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að færa góssið, sem borgið var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru við björgunina.

Bjargendur eiga þó ávalt rjett á hæfilegum daglaunum fyrir starf sitt og þóknun fyrir lán á áhöldum og annan tilkostnað.

232. gr.

Nú hafa skipstjóri, útgerðarmaður eða farmeigandi gert samning um björgunarlaun meðan háskinn var á, og á þá heimilt sá, sem greiða skal björg-

unarlaunin, að skjóta því til dómsúrskurðar, hve mikil launin skuli vera; gera skal hann það, áður mánuður sje liðinn frá því björguninni er lokið, og getur dómari fært niður hin tilskildu björgunarlaun, ef þau fara að mun fram úr því, sem hæfilegt sýnist. Nú var samningurinn á þá leið, að láta skuli gera um bjarglaunin eða útkljá um þau á annan líkan hátt, og bindur sá samningur ekki þá menn, sem greiða skulu launin, ef þeir segja honum sundur áður mánuður sje liðinn frá því er hann var gerr.

233. gr.

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og þar gætt atvika þeirra, sem 230. gr. tilgreinir; þó sker stjórnarráðið úr að fenginni yfirlýsingu lögreglustjóra ef upphæð þess, sem bjargaðist, fer ekki fram úr 500 krónum, og sömuleiðis ef meiri hluti bjargenda hefur samið svo um.

Nú hefur skip bjargað einhverju á för, og skal þá af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi; næst eftir fá útgerðarmenn tvo þriðjunga björgunarlauna, ef gufuskip bjargaði, en helming, ef það var seglskip, en á öðru fjenu skulu vera helmingaskifti milli skipstjóra og skipshafnar, og skal skifta milli hennar að rjettu hlutfalli við kaup manna á skipinu. Nú var tilskilið, að skipstjóri eða skipshöfn skyldu hafa minni hlut í launununum en nú var sagt, og er sá skildagi þá ómætur, nema skipið sje einkanlega búið út til bjargráða eða samið væri um eitthvert tiltekið björgunarstarf

234. gr.

Rjett er, að björgunarmenn mótmæli því, að skip, sem bjargað var, eða góss sje fært á burt þaðan áður þeim sje greidd að fullu björgunarlaunin eða trygging er til fengin fyrir greiðslu þeirra.

Ellefti kapítuli.

Um sjóveð og fyrning á sjókröfum.

235. gr.

Þær kröfur, sem kröfuhafi á sjóveðrjett fyrir eftir þessum kapítula (sjókröfur), eiga forgangsrjett að veðinu næst eftir opinber gjöld, sem á veðinu hvíla, en ganga fyrir öllum skuldum öðrum.

236. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveð í skipi og farmgjaldi:

1. Hafnsögumannskaup, björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur skipstjóra og skipshafnar til kaups og annara þóknana, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins.
3. Kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnaður, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223.),

sjólánskröfur , svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vöru, sem seld var í þágu skips á för.

4. Kröfur, til orðnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefur gengið í vegna stöðu sinnar, eða til orðnar við vanefndir á samningum, sem útgerðarmaður gerði sjálfur, eða fjekk öðrum umboð til, og skipstjóra skylda var að annast efndir á, sbr. 12. gr., svo og skaðabótakröfur fyrir tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi þeirra manna, sem ráðnir eru til þess að vinna í skipsins þarfir við skyldustörf þeirra, sbr. 13. gr.; og enn kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir það, sem hann hefur greitt sjálfur til lúkningar kostnaði í skipsins þágu, eða ábyrgst greiðslu á.

Sjóveð í skipi nær og til skipsbúnaðar, og telst ekki til hans vistabirgðir, eldiviður, kol nje aðrar vjelarnauðsynjar; sjóveð í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald fyrir þá för, sem krafan stafar af. Sjóveð fyrir sjólánskröfum nær til skips eða farmgjalds eða hvorstveggja, eftir því sem sjólánsbrjefið til tekur, sbr. 180. gr.

237. gr.

Kröfum þeim, sem taldar eru í 236. gr,, skal fullnægja eftir þeirri röð, sem þær eru taldar þar í, að svo miklu leyti sem þær eru til komnar á sömu för. Kröfur taldar í sama tölulið, eru jafnrjettháar sín á milli, og þó svo, að stafi kröfurnar í 1. og 3. lið ekki af sama slysinu, gengur yngri krafan fyrir eldri.

Nú stafa kröfurnar af ýmsum förum, og gengur þá sú krafa, sem af síðari för stafar, fyrir hverri kröfu af eldri förum; þó heldur skipstjóri og skipshöfn forgangsrjetti sínum til skipsins fyrir svo miklu af inneign sinni eftir síðasta ráðningarsamningi, sem nemur í mesta lagi kaupi 12 síðustu mánaða, þótt skipið hafi farið fleiri en eina för á þeim tíma.

238. gr.

Nú ferst skip eða meiðist, eða farmgjaldsmissir verður að nokkru eða öllu og með þeim atvikum, að útgerðarmaður á bótakröfu að þeim, er skaða olli, eða hann á þær eftir ákvæðum um sameiginlegt sjótjón, og á þá sá kröfueigandi, sem sjóveð á í skipi eða farmgjaldi, einnig sama rjett í skaðabótafjenu. En ekki skulu þær bætur, sem ábyrgðarsali skal greiða fyrir skip eða farmgjald, koma í stað hins vátrygða veðs.

239. gr.

Þá er skip er selt á nauðungaruppboði, fellur niður sjóveð í því skipi, en veðhafi á þá í stað þess veðrjett í kaupverði skipsins, meðan verðið er ekki af hendi greitt. Svo skal og vera, ef skip er selt eftir að það var dæmt á lögmætan hátt óbætandi. Nú verða önnur og sjálfráð eigandaskifti að skipinu, og eiga þá kröfur þær, sem nefndar eru í 236. gr., eftir sem áður veðrjett í því skipi.

240. gr.

Nú fellur sjóveð niður við það, að bótafje, söluverð eða farmgjald, sem sjókrafa er trygð með, er greitt af hendi til útgerðarmanns, og ábyrgist hann þá kröfuna, svo langt sem það fje hrekkur, sem hann tók við, ef hann

var þar ekki í sjálfskuld áður. Á sama hátt ábyrgist hann gagnvart þeim, sem sjóveð eiga í farmgjaldi, venjulegt farmgjald af góssi, sem hann hefur sjálfur látið í skip.

Nú er þetta fje, sem nefnt var, greitt þrotabúi útgerðarmanns, og skal því þá varið til að fullnægja þeim kröfueigendum, sem sjóveð áttu í fjenu.

241. gr.

Nú verður skip við frjálst afsal eign manns, sem ekki getur átt íslenskt skip, án þess að fullnægt hafi verið áður þeim sjóveðskröfum, sem á því lágu, og ábyrgist þá hinn fyrri eigandi þær kröfur sem sjálfskuldarmaður, þótt hann ábyrgðist þær áður að eins með skipi og farmgjaldi. Nú sannar hann, að skipið nægði ekki til að fullnægja kröfum þessum þá er það var selt, og fer þá ábyrgð hans ekki fram úr verðmæti skipsins.

242. gr.

Nú hefur útgerðarmaður greitt út til fullnægingar sjóveðskröfu alt það, er hann var skyldur til eftir 240. og 241. gr., og það kemur síðan fram, að önnur krafa átti þar forgangsrjett, og er þá útgerðarmaður ekki skyldur til meiri greiðslu, ef hann vissi ekki af þessari kröfu þá er hann greiddi hitt áður. Þó ná þessi ákvæði ekki til þeirrar greiðslu, sem útgerðarmaður innir af hendi til fullnægingar kröfum, sem hann ábyrgðist sem sjálfskuld.

Nú hefur kröfueigandi fengið með þessum hætti fje, sem öðrum bar að rjettu, og ábyrgist þá sá, sem fjeð tók, þeim manni kröfu hans, en þó ekki lengra en það fje hrökkur, sem hann tók við, og því að eins, að hann vissi af þeirri kröfu þá er hann tók við fjenu.

243. gr.

Þó eigandi leigi öðrum manni skip til siglinga á hans kostnað, breytir það í engu þeim rjetti, sem sjóveðhafi á eftir þessum kapítula til aðgangs að skipinu.

244. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveð í farmi:

1. Björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur um framlög farms til sameiginlegs sjótjóns, eða til kostnaðar, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (sbr. liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.); sjólán, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vörur, sem seldar voru í þágu annara farmeiganda.
3. Kröfur, sem undir eru komnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefur gengið í á kostnað farmeiganda vegna stöðu sinnar, svo og kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir fje, sem hann hefur sjálfur greitt eða tekið ábyrgð á til lúkningar kostnaði á farmi.
4. Kröfur fyrir farmgjald, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og dvalir þær, sem meiri verða við ferming og afferming.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær nú voru taldar í. Kröfur í sama lið eru jafnrjettháar og þó því að eins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama slysi; ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

245. gr.

Sjóveð í farmi fellur niður þá er varan er seld í hönd sendanda eða viðtakanda. Svo er og ef varan er seld á nauðungaruppboði eða skipstjóri seldi hana á för í þarfir skips eða farms, en í stað þess á kröfueigandi veðrjett í söluverðinu, meðan það er ekki látið af hendi.

246. gr.

Um rjett sjóveðeiganda til að leita sjer fullnægingar í skaðabótafje því, sem ógoldið er fyrir skemdir eða tjón á farmi, svo og skaðabótafje, sem farminum ber eftir ákvæðunum um sameiginlegt sjótjón, skal fara líkt því, sem fyrir er mælt í 238. gr. um sjóveð í skipi. Bótafje, sem ábyrgðarsali skal greiða, skal ekki koma hjer heldur í stað veðsins.

247. gr.

Nú hefur farmeigandi veitt viðtöku nokkrum hluta sölufjár eða bótafjár, sem sjóveðhafi á rjett til að leita sjer fullnægingar í eftir 245. og 246. gr., og ábyrgist þá farmeigandi honum sjóveðkröfu hans sem sjálfskuldarmaður, eftir sömu fyrirmælum, sem mælt er um útgerðarmann í 240. og 242. gr.

Ákvæðin í 2. lið 240. gr. koma og til greina á sama hátt, þá er fjeð var greitt þrotabúi farmeiganda.

248. gr.

Nú lætur skipstjóri selja af hendi án samþykkis kröfueiganda vöru, sem sjókrafa á veðrjett í, og ábyrgist þá skipstjóri fullnæging á kröfunni, svo og viðtakandi, ef hann vissi af veðrjettinum þá er varan var látin af hendi við hann. Nú sannast það, að farmurinn var ónógur til fullnægingar kröfunni, þá er hann var látinn af hendi, og nær þá ábyrgðin ekki lengra en verðmæti farmsins hrökkur til.

249. gr.

Ef eigandi sjókröfu á fleiri sjóveð en eitt fyrir kröfu sinni, á hann heimilt að ganga að hverju veðinu sem vill fyrir allri kröfu sinni.

Nú hefur hann leitað sjer í einu veðinu lúkningar á meira fje, en koma mundi á það veð að rjettu hlutfalli, og getur þá sá eigandi, sem skaða bíður, svo og sá sjóveðhafi, sem veð sitt fjekk svo rýrt, að ekki hrökkur til lúkningar, gengið að hinum öðrum veðum með sömu heimild, sem sá kröfueigandi átti, er leitaði sjer lúkningar í veði því, sem getið var, og gengið að veðinu til lúkningar jafnmiklu fje, sem hitt var, er greitt var um of af eign hans eða veði.

Nú er sami eigandi að öllum hinum veðbundnu hlutum og einhver kröfueigandi á sjerstakan sjóveðrjett í einum þeirra, og annar maður hefur leitað sjer lúkningar í því veði, og er þá þeim manni, sem sjerstaka veðrjettinn á, heimilt að ganga að hinum öðrum veðum til lúkningar öllum þeim hluta skuldarinnar, sem hann fjekk ekki greiddan af veði sínu, sakir þess að það var skert; en ef það var ekki skert meira en koma skyldi á veð hans að rjettu hlutfalli, þá skal hann þoka fyrir öðrum mönnum, sem trygging kunna að eiga í þeim fjemunum.

250. gr.

Sjálfráður er kröfueigandi að höfða mál hvort er hann vill á hönd útgerðarmanni eða skipstjóra til fullnægingar á sjókröfu, sem veð er fyrir í skipi eða farmgjaldi. Ef kröfueigandi, annar en útgerðarmaður eða skipstjóri, á sjóveðrjett í góssi, þá má lögsækja skipstjóra.

251. gr.

Nú eru kröfur, sem eiganda er heimilt eftir þessum lögum að leita sjer fullnægingar á í þeim munum einum, sem hann á sjóveð í, og fyrnast þá þær kröfur hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðara lið 166. gr. og 2. lið 223. gr.), fyrnast áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagerðar sjótjónsins.

Kröfur til skaðabóta á glötuðum eða skemdum farmi fyrnast áður ár sje liðið frá því er affermt var.

Kröfur til allra skaðabóta annara fyrnast áður tvö ár sje liðin frá því er tjónið bar að.

Allar aðrar sjóveðkröfur fyrnast áður ár sje liðið frá því er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfueigandi auk þess rjett á að ganga að útgerðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir einhverjum af þessum kröfum, sem nefndar voru, og taka þá hin almennu fyrningarákvæði laga til þessa rjettar hans.

252. gr.

Sjóveðrjettur sá, sem 2. tölul. 236. gr. heimilar skipstjóra og skipshöfn, fellur niður, ef honum er ekki fylgt með lögsókn áður eitt ár sje liðið frá þeim degi, er starfstíma þeirra lauk. Nú á skuldheimtumaður annars eftir lögum þessum sjóveðrjett í skipi, farmgjaldi eða farmi til tryggingar einhverri þeirri kröfu, sem skuldunautur ábyrgist sem sjálfskuld, og fellur þá sjóveðrjettur hans niður eftir tímatakmörkum þeim, sem 251. gr. til tekur.

Tólfti kapituli.

Um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl.

253. gr.

Ef skipstjóri ræður til sín nokkurn þann mann, sem honum er kunnugt um, að annar maður hefur áður ráðið á annað skip, sætir hann alt að 200 kr. sektum.

254. gr.

Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eitt eintak af lögum þessum og af

reglugerðum þeim og fyrirskipunum, sem getur í 32. gr., sætir hann alt að 100 kr. sektum.

Sömu sektum varðar það, ef skipstjóri órækir þær skyldur, sem 76. gr. leggur á hann.

255. gr.

Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vjelarstjóri það, sem þeim er boðið í 41.—44. gr. og 48. gr., sbr. 84. og 85. gr., um skráning í leiðarbók, og að geyma hana og sýna, sæta þeir alt að 500 kr. sektum.

Nú hefur skipstjóri, stýrimaður eða vjelarstjóri með vilja ritað rangt leiðarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, skift um hana eða gert ólæsilega, og varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, nema þyngri refsing liggi við.

256. gr.

Nú er svo ástatt, sem ræðir um í 45. gr., og vanrækir skipstjóri að gefa skýrslur þær, sem þar er boðið, og varðar það þá alt að 500 kr. sektum.

257. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 2. lið 52. gr. eða í 106. gr., eða refsar skipverja án lögmætra saka, eða svo, að hann hefur ekki þá aðferð, sem boðin er í 108. gr., eða leggur á harðari refsing en 107. gr. heimilar, þá varðar það sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að almennum lögum.

Dragi skipstjóri lögboðið fæði af skipverjum, eða beiti við þá óþarfa hörku, skal hann sæta alt að 500 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

258. gr.

Nú fremur skipstjóri launflutninga eða annað athæfi ólöglegt og skaðar með því útgerðarmann, farmeigendur, ábyrgðarsala eða aðra, sem þessi lög skylda skipstjóra til að vera á verði fyrir að annast hagsmuni þeirra, og varðar það þá sektum eða fangelsi, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Ef skipstjóri flytur án leyfis útgerðarmanns vöru, sem stofnar skipi eða farmi í háska eða áhættu, varðar það og 25 til 500 kr. sektum eða fangelsi.

259. gr.

Ef skipstjóri skilur við skipið og hefur ekki sagt upp stöðu sinni í tæka tíð eða á rjettan hátt, þá sætir hann fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru. Ef hann skilur við skipið á sjávarháska og gætir ekki fyrirmæla 48. gr., eða ef svo er ástatt, að skipið komist við það í augljósa hættu, getur refsingin orðið betrunarhúsvinna.

260. gr.

Nú lætur skipstjóri út skipi án þess sjerstök atvik knýi hann til og stofnar með því öllum, sem á eru í bersýnilegan lífsháska, sakir þess hve skipið er gallað að skrokki, vjel eða útbúnaði, eða er svo ofhlaðið eða óhæfi-

lega, eða svo illa skipað, að hann hlaut að sjá þetta fyrir, og sætir þá skipstjóri fangelsi eða sektum, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Vanræki skipstjóri að öðru þær skyldur, sem hann skal gegna eftir 31. gr., skal refsa honum með 10 til 500 kr. sektum.

Refsingum þeim, sem til eru teknar hjer á undan, skal einnig beitt við útgerðarmenn og aðra, sem ráða fyrir brautför skips fyrir þeirra hönd, þegar þeir einir eða með öðrum mönnum hafa ábyrgð á slíkum glæpum eða yfirsjónum.

Nú vanrækir farmsendandi skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglum þeim og fyrirskipunum, sem settar eru með tilskipun samkvæmt 31. gr. um ferming o. s. frv. á sprengiefnum, eldfimum og etandi hlutum, og skal honum þá refsað með þeirri hegning, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, ef hann hlaut að sjá það fyrir, að hann með atferli sínu stofnaði þeim, sem á skipi eru á förinni, í bersýnilegan lífsháska. Vanræki sendandi að öðru leyti þær skyldur, sem á honum hvíla samkvæmt greindum ákvæðum, skal refsa honum með þeirri hegningu, er ákveðin er í 2. lið greinarinnar.

261. gr.

Ef skipstjóri hefur orðið valdur að tjóni á sjó með ónytjungshætti, ofdrykkju eða öðru hirðuleysi um skyldur sínar, skal hann sæta fangelsi eða sektum, nema atferli hans sje svo háttað, að þyngri refsing liggi við.

262. gr.

Vanræki skipstjóri það, sem 228. gr. skyldar hann til að gera, ef skip rekast á, varðar það fangelsi eða sektum ekki minni en 100 kr.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru samkvæmt 224. gr. um það, hvers gætt skal á skipi til þess að forðast árekstur, varða alt að 200 kr. sektum.

263. gr.

Ef skipstjóri færist undan að taka við farmönnum á skip sitt, þá er svo er ástatt sem 39. gr. ræðir um, og hefur ekki lögmæta afsökun, sætir hann 15 til 500 kr. sektum.

264. gr.

Nú hefur skipstjóri orðið sekur eftir síðari lið 255. gr. eða eftir 257. gr. og eru miklar sakir til, eða eftir 2. málsgr. 259. gr. eða 1. lið 261. gr. eða 260. gr., og má þá auk refsingar dæma hann óhæfan til skipstjórnar. Ekki frestar áfrýjun til æðri dóms framkvæmd dómsins að þessu leyti; en ef sök skipstjóra ber undir 260. gr. og málið er tekið upp aftur, þá getur nýr dómur ónýtt hinn eldra dóm, og líði þó ekki skemri tími en ár milli dómanna og færi hann fram sönnur, sem mæla með því, að trúa megi honum fyrir heimild til að ráða fyrir skipi.

265. gr.

Ef maður kemur ekki í skiprúm sitt á til teknum tíma, sætir hann alt að 200 kr. sekt. Sömu sekt varðar það, ef maður ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, sem hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi.

266. gr.

Ef maður strýkur úr skiprúmi, varðar það 14 daga til 3 mánaða einföldu fangelsi. Ef skipverjar strjúka saman fleiri eða höfðu samtök um að strjúka, skal lengja fangelsisvistina eftir atvikum, eða þeir látnir sæta fangelsi við vatn og brauð.

Nú strýkur skipshöfn eða meiri hluti hennar, eða högum var svo háttað þá er menn struku, að strokumenn hlutu að sjá það fyrir, að skipið kæmist við það í háska, og getur það þá varðað fangelsi við vatn og brauð alt að því, sem það verður mest, eða betrunarhúsvinnu alt að einu ári.

Ef strokumaður hverfur aftur til skips að sjálfs síns vild áður skipið lætur út frá þeim stað, sem hann strauk frá, má færa sekt hans niður, svo að hún verði frá 10 til 400 kr., og sje málsbætur að öðru leyti.

267. gr.

Nú strýkur maður með kaup sitt, sem hann hefur enn eigi unnið fyrir, og skal honum þá hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann hafði tekið við skipsstörfum sínum eða ekki, nema málavextir geri það sennilegt, að það væri ekki ásetningur hans að draga undir sig kaup það, sem honum var greitt en hann var ekki búinn að vinna fyrir.

268. gr.

Nú er maður fjarstaddur er skip lætur úr höfn eða er burtu lengur en sólarhring, eða sólarhring lengur en honum var lofað, og er hann þá strokumaður, nema ætla megi af atvikum, að það væri ekki tilgangur hans að skjótast undan skipsstörfum sínum.

269. gr.

Nú fer maður frá skipi, og er skipið í háska statt, og gætir hann ekki fyrirmæla 2. liðs 83. gr. eða þess, sem góður sjómaður er skyldur til að gæta, og varðar það þá sektum eða einföldu fangelsi.

270. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi eftir 92. gr. og það reynist við skoðunargerðina, að engin sennileg rök voru til að telja skipið ósjófært, og varðar þeim mönnum það alt að 500 kr. sektum eða fangelsi.

271. gr.

Nú rís farmaður upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, og beitir þó ekki ofbeldi eða ógnar með því, og sætir hann þá alt að 500 kr. sektum eða einföldu fangelsi, eða fangelsi við vatn og brauð, ef miklar sakir eru.

Nú var skipið í höfn eða við festar í tryggu lægi, og skoraðist farmaður þá undan hlýðni við skipstjóra eða þann mann, sem var í hans stað, og það reynist, að orsökin að óhlýðni farmanns var sú, að skipstjóri eða staðgöngumaður hans vildu meina farmanni að fara frá skipi til að kæra við rjett yfirvald atferli skipstjóra eða ásigkomulag skipsins, og geta þá sektir fallið niður, ef málsbætur voru að öðru leyti.

272. gr.

Ef nokkur skipverji ræður á skipstjóra á skipi eða landi með ofbeldi eða ógnunum um ofbeldi, varðar það fangelsi, nema atferli skipverja væri svo háttað, að meiri refsing lægi við, eða sektum, ef málsbætur eru, einkanlega ef skipstjóri var sjálfur sök í árásinni með óhæfilegu atferli sínu.

Nú verður skipstjóri eða annar yfirmaður fyrir slíkum árásum þá er þeir eru að skyldustörfum sínum, eða á að þröngva honum til að vinna eitthvert starf, er að köllun hans lýtur, eða tálma honum frá að vinna það, eða var ráðist á þá, sakir þess, sem þeir gerðu eða ljetu ógert, og skal það þá varða hegningarvinnu alt að þremur árum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir atvikum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki skemra en 2 mánaða einföldu fangelsi.

273. gr.

Nú gerir skipshöfn eða nokkur hluti hennar samblástur til að ná skipstjórninni á vald sitt, eða það er gert til þess að þröngva skipstjóra eða þeim manni, sem stjórn hefur í hans stað, til þess að hafast eitthvað að sjerstaklega eða láta það ógert, eða samblástur var vakinn í þeim tilgangi, að menn heftu í sameiningu með ofbeldi einhverja þá ráðstöfun, sem skipstjóri hafði gert um skylduverk sín, eða sá maður, sem því stjórnar í stað skipstjóra, og samblásturmenn hverfa ótilkvaddir aftur til hlýðni og reglu, eða af því skorað var á þá, og hvorki hefur verið unnið ofbeldisverk á mönnum nje munum, og varðar það þá forgöngumönnum eða foringjum samblástursins fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári, og skal þá ekki refsað öðrum mönnum.

Nú hverfa uppreistarmenn ekki þann veg aftur til hlýðni og góðrar háttsemi, heldur þrjóskast þeir við skipunum skipstjóra, eða þess manns, sem skipar til í hans stað, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar samblásturs, ef ekkert ofbeldi var framið, sæta fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, og aðrir samsærismenn fangelsi. Ef samsærið varð þá, er svo stóð á, sem ráð er fyrir gert í 2. lið 271. gr., getur refsingin orðið vægari, og þó ekki minni fyrir forgangsmennina en fangelsi.

Nú var ofbeldi framið á mönnum eða munum, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar sæta hegningarvinnu alt að 6 árum, ef verknaðinum var ekki svo farið, að þyngri refsing varði, en aðrir samsærismenn sæti fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum.

274. gr.

Verði farmaður valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, sætir hann sömu refsingu sem skipstjóra var gerð í 261. gr. Verði stýrimanni það eða vjelarstjóra, þá má, með sömu afleiðingum og fyrir er mælt í 264. gr., úrskurða þá með dómi óhæfa til starfa síns og óheimila þeim þann starfa.

275. gr.

Ef einhver skipverja hefur góss með sjer án leyfis skipstjóra, og skipi

eða farmi stendur háski eða áhætta af því gössi, varðar það alt að 200 kr. sektum eða fangelsi.

276. gr.

Nú hefur farmaður orðið sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðru móti en áður er sagt, eða raskað góðri háttsemi og reglu, og varðar hann það þá alt að 200 kr. sektum.

277. gr.

Nú hefur farmaður orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 107. gr. og verður mál höfðað um það á hendur honum, og skulu dómendur þá kveða á um sekt hans með rjettmætri hliðsjón á hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

278. gr.

Ákvæði 253.—264. gr. taka og til þess manns, sem gegnir starfi skipstjóra í forföllum hans.

279. gr.

Yfirsjónir þær, sem um er rætt í 253. gr., í fyrri lið 257. gr., í 258. gr., í fyrri málsgrein 259. gr., í 265., 266., 269., 270., 271., 275. og 276. gr., skulu ekki sæta opinberri málshöfðun, nema sá krefjist, sem misboðið var, skipstjóri eða útgerðarmaður. Mál, sem ekki varða meira en sektum, svo og mál, sem koma undir fyrri málsgrein 259. gr., 266. og 270. gr., skal fara með sem opinber lögreglumál; en komi til þess, að dæmd geti orðið á hendur manni betrunarhúsvinna eftir 266. gr. eða fangelsi við vatn og brauð, þá skal skipa talsmann sakborningi, ef hann æskir þess þá er hann er spurður.

280. gr.

Sektir, sem dæmdar eru á hendur mönnum eftir þessum kapítula, renna í landssjóð og ef sektir eru ekki greiddar, sæti menn fangelsisvist eftir almennum fyrirmælum um afplánun sekta í öðrum málum en sakamálum.

Þar sem fyrirskipuð er fangelsisrefsing í þessum kapítula, skal farið eftir ákvæði 26. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Þrettándi kapituli.

Um hvenær lög þessi öðlast gildi og um afnám eldri lagaákvæða.

281. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirfarandi lagaákvæði:
10. og 25. kap. farmannalaga Jónsbókar,
26. gr. rjettarbótar 1314,
5. kap. 4. bókar dönsku laga Kristjáns 5.,

tilsk. 28. des. 1792 um kröfur farmanna í þrotabúum,
tilsk. 19. des. 1794 um respondentiabrjef,
tilsk. 3. febr. 1836 I um skyldu skipstjóra til að flytja menn á alþjóðakostnað,
lög nr. 2, 14. jan. 1876 um skipströnd, 7. og 8. gr, nema síðasti partur 8. gr.,
lög nr. 25, 9. des. 1889 um varúðarreglur til að forðast ásiglingar,
farmannalög nr. 13, 22. mars 1890,
lög nr. 31, 13. des. 1895 um skrásetning skipa, 1. gr.,
lög nr. 13, 9. sept. 1899 um dag- og næturbendingar, 2. gr.,
fátækralög 10. nóv. 1905, 23.—26. gr.,
lög nr. 20, 16. nóv. 1907 um veð í skipum,
og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

282. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt allrahæstum úrskurði 3. janúar f. á., var frumvarp til siglingalaga lagt fyrir alþingi 1911, en náði eigi fram að ganga, heldur var vísað með rökstuddri dagskrá til stjórnarinnar til frekari undirbúnings (sbr. Alþ.tíð. 1911 A. þgskj. 865). Nefnd sú, sem neðri deild alþingis kaus til að íhuga frumvarpið, sendi það prófessor Jóni Kristjánssyni til athugunar, og er álitsskjal hans um frumvarpið prentað í hinum tilvitnaða stað Alþingistíðindanna.

Eftir að alþingi var slitið sendi landsstjórnin frumvarpið ásamt álitsskjali prófessorsins til lagadeildar háskólans til álita, en deildin fjekk það aftur í hendur nefndum prófessor, og breytti hann því allmikið og sendi það deildinni aftur. Deildin sendi svo stjórnarráðinu frumvarpið eins og hún tók við því úr hendi prófessorsins og leggur stjórnin það nú fyrir alþingi eins og það þá var.

Frumvarpinu fylgdu athugasemdir þær, sem hjer fara á eptir, en athugasemdir stjórnarinnar við frumvarp það um þetta efni, sem lagt var fyrir síðasta alþingi, eru prentaðar í A-deild Alþ.tíð. 1911, bls. 166—172.

Hvötin til þess að breyta lögum á að vera, að gildandi lög fullnægi ekki þörfum landsins.

Þegar litið er á íslenzk lög um siglingar, virðast flestir vera sammála um, að höfuðannmarki þeirra sje, að þau taki ekki nægilegt tillit til fiskiveiðaatvinnuvegarins, og er það rjett. Fiskiveiðarnar eru annar aðalatvinnuvegur landsmanna; árið 1908 voru yfir 4200 landsmanna háseta á skipum og bátum, en það samsvarar, að um þriðjungur allra landsmanna lifi að meira eða minna leyti á fiskiveiðum. En svo sannarlega sem lögin einmitt eiga að vera sett til þess að vera lyftistöng atvinnuveganna, en ekki spennitreyja, sem þeir kafna í, verða siglingalögin hjá oss þá að taka verulegt tillit til fiskiveiðanna, hlynna að þeim eptir mætti, og að nauðsynjalausu ekki þrengja kosti þeirra. — En siglingalögin ná til annara atvinnuvega en fiskiveiðanna. Kaupsiglingar stunda Íslendingar að vísu ekki mikið sem atvinnu, en þó nokkuð, og fer það sívaxandi. Verzlun landsins við útlönd verður aptur á móti eftir hlutarins eðli öll að nota siglingar, og siglingalöggjöfin hefur því óbeinlínis mikil áhrif á starf og þroska verzlunarinnar. Og þótt Íslendingar stundi ekki sjálfir mikið kaupsiglingar, þá eiga þeir samkvæmt þessu mikið undir þeim. Sjerstaklega er það nauðsynlegt að siglingalög allra þjóða sjeu sem líkust; það er að vísu »paradox«, en bendir í rjetta átt, að segja að það skipti minstu *hvernig* lögin sjeu bara að þau sjeu *eins*.

Siglingalögin þurfa því að vera hvorttveggja í einu: löguð eptir landsháttum og sem líkust lögum annara þjóða. Þetta tvent vegur jafnan salt, og það sem þyngra verður á metunum ræður úrslitum. Mjög opt leiðir hvorttveggja til sama ákvæðisins. Fari það algerlega í bága hvað við annað, verður að setja tvær reglur um þau atriði.

Síðarnefnda atriðið — þörfin á eins lögum — hefur leitt til þess, að siglingalög flestra þjóða eru mjög lík. En fyrnefnda atriðið hefur leitt til þess, að mjög margt er þó sjerstakt hjá einstökum þjóðum. Þær þjóðir, sem skyldastar eru og mest viðskipti eiga innbyrðis, hafa líkust lög. Þannig hafa myndast aðallega þrjár siglingalagastefnur hjá hvíta mannkyninu: rómanska stefnan, engil-saxneska stefnan og germanska stefnan. En innan hverrar stefnu eru aptur margir flokkar og deildir, og eru lög þeirra frábrugðin í aukaatriðum.

Það getur nú varla verið vafamál að Íslendingar verða að sníða siglingalög sín eptir germönsku stefnunni. Við rómanskar þjóðir höfum vjer mjög lítil viðskipti, en langmest við germanskar þjóðir. Árið 1908 verzluðum vjer við rómanskar þjóðir fyrir um 3 milj. kr., við engilsaxneskar um 6½ miljón, en við germanskar um 17 miljónir kr. Sama ár voru yfir 200 af kaupskipum þeim, sem komu til landsins frá germönskum þjóðum og 150 frá engilsaxneskum; en mörg af þessum 150 voru germansks þjóðernis. Auk þess eru engilsaxnesku lögin mjög óaðgengileg, af því að þau byggjast að mestu leyti á rjettarvenju og dómvenju. — Innan germönsku stefnunnar eru aðallega fern siglingalög: hin þýzku frá 1897, dönsku frá 1892, norsku frá 1893 og sænsku frá 1891. Einhver af þessum lögum virðist rjett að leggja til grundvallar þegar gera á íslenzk siglingalög. Hitt skiptir minna máli, *hver* lögin lögð eru til grundvallar, því að þau eru svo nauðalík, og ávalt verður að hafa öll hin til samanburðar — En þótt einhver af þessum lögum sjeu lögð til grundvallar má það alls ekki gleymast, að lög þau sem gerð eru á grundvellinum, eiga að gilda fyrir land, sem liggur alt annarsstaðar á hnettinum, þar sem landslag og loftslag er annað, eldri lög og venjur eru — og síðast en ekki síst, þar sem atvinnuvegum er öðruvísi háttað. Þessa var gætt þegar dönsku, norsku og sænsku lögin voru samin; þá voru settar nefndir til þess að undirbúa lögin; lögðu nefndirnar þýzku lögin til grundvallar, en voru þó 8 — átta — ár að gegnumganga þau grein fyrir grein, til þess að íhuga hvort og hvernig mætti heimfæra þau í Danmörku, Noregi og Svíþjóð; og eru þau lönd þó í atvinnuvegum o. s. frv. mjög skyld Þjóðverjum. Síðan varð að athuga hvort hægt væri að setja eitt ákvæði handa öllum löndunum, — og þótt þessi lönd megi, að því er siglingar snertir, teljast sem eitt land, þá tókst það ekki nærri til fulls. Hjá oss verður ekki síður að hafa nánar gætur á sjerstökum högum Íslands.

Samkvæmt framansögðu má að vísu leggja frumvarpið, sem lagt var fyrir alþingi 1911, til grundvallar við samning íslenzkra siglingarlaga. En þess verður auðvitað vel að

gæta fyrst og fremst, að »þýðingin« sje rjett, að þau ákvæði sem löggleidd eru sjeu hin sömu og þau, sem tilætlunin var að lögleiða. En þar næst verður að tína úr dönsku lögunum það, sem stafar af sjerstökum erlendum háttum; t. d. eru mörg ákvæði, sem standa í sambandi við landvarnarskylduna, sem ekki þekkist hjer á landi. Ennfremur verður að vikja mörgum ákvæðum við eptir íslenzkum staðháttum, og þörfum íslenzkra atvinnuvega; og loks verður að athuga gildandi íslenzk lög og venjur, sem fest hafa rætur hjá þjóðinni, því að þau er varhugavert að nema úr gildi nema þörfin á samkvæmum lögum krefjist þess. — Eins og jeg hefi bent á í álitsskjali mínu til alþingis 1911, þgskj. 865 fskj. I., var þessa alls ekki gætt í frv. 1911, og verður því að taka hverja grein frv. til íhugunar fyrir sig. Svo að vel sje er ekki hægt að gera það nema í samráði við skynsama menn úr hóp þeirra manna, sem stunda fiskiveiðar, kaupsiglingar og verzlun, — og virðist mjer alþingi ætti að meta þessa atvinnuvegi jafnmikils sem kirkjumál og sveitastjórnarmál og veita fje til millíþinganefndar til þess að íhuga þetta mál. Það, sem hjer fer á eftir, vona jeg að gæti verið slíkri nefnd góður stuðningur, og ef til vill grundvöllur. —

Jeg hef borið frumvarpið frá 1911 saman við núgildandi lög hjer á landi, við dönsku, norsku, sænsku og þýzku siglingalögin, sem nú gilda. Með þessu hef jeg fyrst og fremst ætlast til, að viðast næðist sá skilningur hlutaðeigandi ákvæðis, sem til var ætlast að það hefði; það er vitaskuld, að þar sem danski textinn einn er lagður til grundvallar, er hætta á að margt geti misskilist; eitt danskt orð má oft þýða með mörgum íslenzkum, o: það getur haft margar þýðingar, og samsvarandi orð á útlendum málum eru oft bezta stoðin til þess að skera úr hver þýðingin er sú rjetta. Ennfremur hef jeg ætlast til, að með þessu gæti orðalagið orðið í samræmi við núgildandi lög og lagamálvenju; það er mikill bagi lögfræðingum hversu mikið ósamræmi opt eða optast er í íslenzku lagamáli, þar sem 3, 4 og 5 orð eru höfð um sama hugtakið, jafnvel í lögum, sem sett eru á einu og sama ári. Enn hef jeg ætlast til þess, að með þessum samanburði fengist nauðsynlegt samræmi við núgildandi lög að efni til; það er enn bagalegra en það, sem áður var nefnt, að lögin skuli standa hver á móti öðrum án þess, að numin sjeu úr gildi beint eða óbeint, en því verður ekki neitað, að slíkt kemur alt of opt fyrir í íslenzkri löggjöf; þegar lög eru sett, er oft ekki aðgætt að þau fara að meira eða minna leyti í bága við eldri lög, innleiða nýjar grundvallarreglur o. s. frv., en vanrækt að gera nauðsýnlegar breytingar á eldri lögunum. Loks hef jeg ætlast til, að með þessum samanburði kæmi ýmislegt í ljós í þeim lögunum, sem ekki eru beinlínis lögð til grundvallar, sem hagnýta mætti og ætti hjer betur við en ákvæðin í þeim lögum, sem lögð eru til grundvallar; þar sem dönsku siglingalögin eru lögð til grundvallar við samning íslenzkra siglingalaga, eru sjerstaklega líkur til þess, að ýmislegt nýtilegt megi finna í norsku siglingalögunum. Þess ber þó að geta, að jeg hef ekki getað tekið neitt tillit til þeirra umbóta, sem þýzk siglingalög hafa fengið með siglingalögbókinni 1897; eins og kunnugt er byggjast norðurlandalögin á þýzku siglingalögunum frá 1861, en eftir vandaðan undirbúning voru þau numin úr gildi með lögunum 1897. Tíminn hefur verið of naumur til þess að athuga þau lög sem skyldi.

Samkvæmt framansögðu er *orðalag* allra greina þessa frumvarps, nema 30, 32—34, 37, 39, 44, 46, 50, 54, 57, 58, 63, 72, 74, 82, 100, 111, 234, 261, 266, 268 og 280, fært í samræmi við núgildandi lög og lagamálvenju. *Þýðing* frv. 1911 er lagfærð í verulegum atriðum á 13. gr. (þessa frv.), 31, 45, 51, 53, 68, 73, 79, 84, 107, 108, 114, 115, 116, 117, 139, 144, 147, 163, 179, 180, 196, 205, 212, 215, 223, 225, 230, 240, 241, 251 og 269. gr. Að *efni* til eru þessar breytingar helstar: Kaflinn um sjóvátrygging (10. kap. frv. 1911) er algerlega feldur burt. Hjer á landi eru nú engar sjerstakar reglur um vátrygging yfir höfuð; alt er látið vera undir samningunum komið og almennum reglum krófurjettarins. Þetta er líka rjett frá almennu löggjafarsjónarmiði; vátryggingarsamningar eru svo ungir hjer á landi, að ómögulegt er að segja með neinni vissu hvaða reglur munu heppilegastar, eða hvort nauðsyn sje á sjerstökum reglum; vátryggingarfjelögin bæta hjer úr skák með vátryggingarskírteinum sínum (»Police«), sem eru svo ítarleg, að almennar reglur krófurjettarins eru fullnægilegar til útfyllingar. En alveg sama máli gegnir um sjóvátrygging sem um aðra vátrygging; meðan ekki er sýnilegt, að þörf sje á sjerstökum reglum, og lítill sem enginn grundvöllur til þess að byggja sjerreglur á, þá er rjettast að láta sitja við almennar samningsreglur. — Kaflanum um sameiginlegt sjótjón er aptur á móti ekki slept hjer, þótt hjerumbil undantekningarlaust allir farmsamningar og farmbrjef taki fram, að um sameiginlegt sjótjón skuli farið eftir York-Antwerpen-reglunum frá 1890, sem eru nokkuð öðruvísi en

norðurlandasiglingalögin; í þeim undantekningartilfellum, sem ekki vísa til Y. A. reglanna, geta reglur frumvarpsins komið að gagni, þótt það sje álitamál hvort ekki sje of miklu til kostað með svo stórri lagasetningu fyrir svo fágæt undantekningartilfelli. — Einum kafla hefur verið bætt hjer inn í, en það er 2. kafli um rjettindi yfir skipum. Ákvæði um þetta efni eiga óneitanlega heima í »systematiskum« siglingalögum, lögum sem ætlast er til að nái yfir allar einkarjettarsjerreglurnar um sitt efni. Ástæðan til þess að norðurlandasiglingalögin og þýzku siglingalögin hafa engin — eða fá — ákvæði um rjettindi yfir skipum er að ákvæðin um rjettindi eru sett í sambandi við skrásetningarreglurnar. Eins og síðar er vikið nánar að, er þetta ekki svo í núgildandi íslenzkum lögum — þau lög bjóða ekki skrásetning rjettinda heldur þinglestur — og ekki er næg ástæða til þess að víkja frá þessari grundvallarreglu. En þá virðist rjett að taka ákvæðin um rjettindi með hjer með þeim umbótum, sem nauðsynlegar eru. — Ennfremur er gjörbreytt reglum frv. 1911 um vistráðningar, og í sambandi við það eru gerð tvö ný frv., sem nauðsynleg eru vegna eldri laga — og vísast um þetta hvorttveggja til athugasemdanna hjer á eptir. — Loks eru gerðar meiri eða minni efnisbreytingar á eptirfarandi greinum, ýmist vegna núgildandi laga eða vegna staðhátta hjer á landi eða eptir fyrirmynd norsku eða sænsku siglingalaganna: á 1. gr., 3, 4, 18, 19, 23, 25, 27, 29, 36, 40, 41, 42, 45, 49, 52, 59, 66, 78, 80, 81, 88, 95, 98, 102, 107, 124, 172, 186, 229, 231, 232, 233, 253, 254, 255, 256, 257, 258, 262, 265, 270, 271, 73, 275, 276, 281, og 282 gr. (þessa frumvarps.)

Við 1. gr.

Þessi grein er eins og 1. gr. skrás. laganna frá 1895 að undanskyldu því, að hjer er leiðrjett villa sú, sem bent er á í álitskjali mínu til alþingis 1911 að sje í síðustu mgr. þeirrar greinar. Vegna sambandsins við Danmörku eru þjóðernisskilyrðin sett hin sömu sem eftir dönskum lögum; þó er hjer einungis krafist heimilisfestu, þ. e. að maðurinn sje sestur hjer að og ætli að vera hjer, en í dönsku siglingarlögunum er þess krafist, að maðurinn hafi haft fast aðsetur í 5 ár. — Annars væri í sjálfu sjer rjettast, að þau ein skip væru talin íslenzk, sem standa í samskonar sambandi við Ísland, sem önnur dönsk skip við veldi Danakonungs yfir höfuð, og ættu þá orðin »eða í Danmörku« í greininni að falla burt. — Hjer er talað um »íslenzk skip«, en ekki »skip sem hafa rjett til að sigla undir dönsku flaggi«, nje »sem teljast eiga heima á Íslandi«, en vitanlega gerir það engan efnismun.

Við 2. gr. (sbr. 5. gr. frv. 1911)

Núgildandi lög um skrásetning skipa eru lög nr. 31, 13. desbr. 1895. 1. gr. þeirra fellur burt með 1. gr. þessara siglingalaga, og hinar greinarnar verður nauðsynlegt að endurskoða til þess að tryggja sjer fullt samræmi. Þessvegna er hjer fylgt norsku lögunum, en ekki farið út í einstök atriði eins og dönsku og sænsku lögin gera. — Breytingin, sem jeg hef gert á frv. 1911 er í samræmi við 1. gr.

Við 3. gr.

Þessi grein svarar til 3. gr. í norsku lögunum, en 4. gr. í dönsku og sænsku lögunum sbr. § 480 í þýzku verzlunarlögbókinni. — Vegna ýmsra ákvæða siglingarlaganna, t. d. um samningsvald skipsstj. (53. gr.), um reikningskil skipstj. (65 gr.) o. s. frv., er nauðsynlegt, að það sje nákvæmlega tiltekið hvar heimili skipsins sje. 5. gr. skrs. laganna telur heimili skipsins skrásetningarumdæmið, en á því er sá galli, að skrásetningarumdæmin eru svo stór hjer á landi; auk þess eru skrásetningarumdæmin ákveðin eftir hentugleikum þess opinbera, en heimilið hefir eingöngu einkarjettarlega þýðingu, sjerstaklega fyrir sambandið milli útgerðarmanna og skipstjóra. Hjer er því farið fram á að breyta 5. gr. skrás. l. — Eftir frv. 1911 átti heimili skipsins að vera einhver *höfn* (sem hjer verður líklega að þýða sama sem löggiltur verzlunarstaður), en hafnleysið virðist hjer á landi leiða til þess að útgerðarmaðurinn hafi frjálsar hendur um heimilið, einungis að það sje innanlands; það virðist t. d. ekki ástæða til þess að útiloka, að skip megi eiga heima á Seltjarnarnesi eða í Viðey, en leyfa heimili á Skerjafirði eða Kúðaós.—Í frv. 1911 vantaði ákvæði um það, hvar skipið teldist eiga heima, ef útgerðarmaðurinn hefði ekki tiltekið neinn stað. Hjer er bætt inn í ákvæði um, að þá skuli heimili útgerðamannsins teljast heimili skipsins eins og þegar skipið er ekki skrásett; eftir efni ákvæðanna um heimilið virðist sá staður eiga betur við en skrá-

setningarstaðurinn. — Orðin »eða er næst heimili hans« í frv. 1911 standa í sambandi við kröfuna um, að skipið skuli eiga heimili í *höfn*, og falla þá burtu með kröfunni. — Þegar útgerðarmanni eru gefnir svo frjálsar hendur um heimilið, verður það auðvitað að standa í þjóðernisskírteininu, vegna þeirra, sem t. d. semja við skipsstjórann. Ákvæði um þetta eiga heima í skrásetningarlögunum, en hjer er ástæða til þess að lögbjóða, að heimilið skuli skírum stöfum letrað á skipið, eins og norsku (§ 5) og sænsku (§ 4) lögin gera; nánari ákvæði um letrunina verður að setja í skrásetningarlögunum, sbr. skrás. l. 1895 14. gr.

Við 4. gr.

Þessi grein svarar til 6. greinar dönsku, norsku og sænsku laganna. Í lögunum er víða (t. d. 55, 60, 62, 71, 96. gr.) talað um óbætandi skip, og er hjer gefin almenn regla um hvernig skilja eigi það orð. — Í frv. 1911 er talað um »lögskoðun«, en hjer er það kallað »lögleg skoðunargerð«; hvenær skoðunargerðin er löglega framkvæmd fer eftir 46. gr. Orðin »par« í frv. 1911 er ofaukið, því að hjer er einmitt verið að tala um aðgerð »yfir höfuð« (‚overhovedet' = hvar sem er og hvenær sem er; orðin í frv. 1911, »í heild sinni«, eru ekki rjett orð um hugmyndina), en rjett á eftir kemur ákvæði um aðgerð á staðnum eða öðrum stað. »Þó« í frv. 1911 ætti heldur að vera »þá«, o: tákna alternativ eins og síðar í greininni; alternativin eru nfl. þrjú: 1) aðgerð ómöguleg hvar sem er, 2) aðgerð lókalt ómöguleg, og 3) aðgerð ökónómískt »ómöguleg«.

Við 2. kapitula.

Um rjettindi yfir skipum.

Um rjettindi yfir fasteignum gilda nokkuð aðrar reglur, en um rjettindi yfir lausafje. Fasteignirnar eru fastar, óhreyfanlegar; þess vegna er aðgangurinn að þeim auðveldur, og vandalitið að sanna samleik þeirra (identitetið). Auk þess eru fasteignirnar yfirleitt miklu verðmætari en lausafjeð, og fjárframleiðsla þjóðfjelagsins meira undir þeim komin. Lausafjeð má aftur á móti flytja frá einum stað til annars, og af sama genus eru venjulega margir species — en við það verður afarerfitt að sanna að sá species sem fyrir liggur sje sá rjetti (identitetið). Um rjettindi yfir skipum verður nú að fara eftir reglunum um lausafje, ef ekki eru settar sjerstakar reglur um þau. Á hinn bóginn eru skipin einmitt að því er þetta atriði snertir í rauninni skyldari fasteignum en lausafje; skipin eru yfirleitt miklu verðmeiri en annað lausafje, og jafn verðmæt og fasteignir; og með skrásetningunni, mælingunni og merkingunni er fengin sem næst því jafn góð samleikstrygging *jure*, sem asteignir hafa *facto*.

Allar siðaðar þjóðir hafa því tekið skip undan lausafjárreglunum um hlutarjettindi og ýmist heimfært þau undir fasteignareglurnar, eða reglur, sem eru meira eða minna skyldar fasteignareglunum; hjá oss var þetta gert með lögum um veð í skipum nr. 20, 16. nóv. 1907. Leiðir þær, sem farnar hafa verið, eru aðallega tvær: þinglestursstefnan, þ. e. heimfærsla fasteignareglnanna beinlínis á skip, og skrásetningarstefnan, þ. e. nýjar reglur settar eftir fyrirmynd fasteignareglnanna; flestar hafa þjóðirnar farið síðastnefndu leiðina. Það má vitanlega þrátta lengi um það, hverja leiðina vjer eigum að fara. Hjer er engin veruleg þörf á, að reglur þjóðanna sjeu eins eða líkar; sá sem á hlut í íslenzku skipi, eða veð o. s. frv., verður eins og aðrir, sem hafa viðskifti við Íslendinga, að hafa hjer umboðsmann sinn (málaflutningsmann) til þess að gæta rjettar síns, ef hann er ekki sjálfur viðstaddur; en þjóðfjelagið verður að gera ráð fyrir að slíkir umboðsmenn þekki lögin; og þekking á lögunum er í þessu efni nægileg. Á hinn bóginn verður því ekki haldið fram, að íslenzkir staðhættir mæli fremur með þinglestri en skrásetning, eða fremur skrásetning en þinglestri; m. ö. o. hjer er heldur ekki þörf á sjerreglum. Þegar svona er ástatt: að ekkert verulegt mælir með breytingu, er það gömul og góð regla *að breyta ekki;* íslenzka löggjafarvaldið hefur með áðurnefndum lögum frá 1907 hallast að þinglestursstefnunni, menn hafa vanist þinglestri, miklu erfiði og miklum kostnaði hefur í þessu 4 ár, sem liðin eru, verið varið til þess að þinglesa flestöll rjettindi yfir skipum hjer á landi, og engar kvartanir hafa heyrst yfir stefnunni — alt þetta eru ástæður konservativu reglunnar til þess að víkja nú ekki frá þinglestursstefnunni.

Eins og gefið var í skyn hér að framan er ekki til fulls leyst úr spurningunni,

þótt ákvæðin sje stefnan, sem fylgja skuli. Það er ekki gefið, að allar sjerreglurnar um fasteignir eigi við um skip. Ef vel á að vera verður að taka hverja fasteignareglu fyrir sig, og athuga að hve miklu leyti hún geti átt við um skip. Þetta er mjög erfitt hjá oss, þar sem ekkert safn er til af fasteignareglunum eða hlutarjettarreglunum, og ekki einu sinni registur yfir lögin.

Við 5. gr.

L. 1907 ná einungis til veðs í skipum, en allar sömu ástæður eru til þess að heimfæra fasteignareglurnar á önnur hlutarjettindi. Yfirdómurinn hefur líka litið svo á í úrskurði 21. febr. 1910, að l. 1907 nái að minsta kosti að sumu leyti einnig til eignarrjettar, enda var það upprunalega meiningin en fór aflaga í meðferðinni á þinginu. Hjer er því sett »eignarrjettur og eignarhöft«; ‚eignarhaft' er sett hjer fyrir jura in re aliena, vegna þess að deilt er um hver rjettindi (t. d. löghald) sjeu eiginleg hlutarjettindi, sbr. og ts. 24. apríl 1833 § 2 og l. 1907. Sjólánsveð (bodmeri) er þó undantekið af því að um það fer eftir alveg sjerstökum reglum í 7. kapítula. — L. 1907 (7. gr.) ná einungis til 5 tonna skipa, en hjer er takmarkið einungis sett við skrásetning. Öll skip, sem skrásett eru, eru lík fasteignum að því leyti að skrásetningarstaðurinn er þeirra fasti staður; en hinu verður að vísu ekki neitað, að eins víðtæk og skrásetning er nú hjá oss, eru mörg skrásett skip ekki svo verðmæt að nein þörf sje á fasteignareglunum til þess að tryggja rjettindi yfir þeim. En verðmætið fer ekki einungis eftir stærðinni; ýmislegt annað, sjerstaklega hvort skipið er vjelarskip eða ekki, hefur veruleg áhrif á verðið; á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að viðskiftalífið sjálft setji hæfileg takmörk, og í því trausti er ákvæðið látið ná til allra skrásettra skipa. — Þá kemur aðalspurningin: hvaða reglur um rjettindi yfir fasteignum er rjett að heimfæra á skip? L. 1907 segja ‚almenn fyrirmæli laganna um þýðing og gildi veðrjettar' og reglurnar um þinglestur. Þessi ákvæði eru þó bæði óskýr og ónóg. Það er ekki ljóst hver eru ‚almenn' fyrirmæli laganna; líklega hefur orðið átt að bæta úr því, að ekki hefur unnist tími til þess að athuga hinar einstöku fasteignareglur og ákveða hverjar þeirra skyldu gilda um skip, en er þá villandi. Ákvæðið er ónógt, af því að það nær einungis til veðrjettar, þinglesturs, gildis og þýðingar hans.

Þær sjerreglur um fasteignir, sem snerta *innihald* rjettindanna, er venjulega ekki þörf á að heimfæra á skip. Takmarkanir í eignarrjetti yfir fasteignum (fossalög, námulög, l. um byggingarsamþyktir, heilbrigðissamþyktir, skylda til þess að byggja jörð) hvíla venjulega á ástæðum, sem eru algerlega sjerstakar fyrir fasteignir. Rjettindi sama innihalds sem ítök og kvaðir — sem einungis eru viðurkend yfir fasteignum — er heldur ekki ástæða til þess að viðurkenna yfir skipum. Á hinn bóginn er ekki ástæða til þess að neita að handveð geti átt sjer stað yfir skipum, þótt það sje alment talið, að fasteignir verði ekki settar að handveði; það er að vísu nokkuð vafasamt hvort heimildin til þess að selja handveð án undangengins dóms eða sátta, eða fjárnáms (l. 18, 4. nóv. 1887 1. gr.) er ekki óheppileg um skip; en gera má þó ráð fyrir að ekki hljótist tjón af því, af því að handveð er og verður eftir eðli sínu örsjaldgæft yfir skipum. — Vafasamara er það, hvort ekki eigi að heimfæra regluna í l. 18, 4. nóv. 1887. 5. gr. á skip; en í því formi sem reglan er í verður hún þó ekki höfð um skip, og verður því að gera nýja reglu sama efnis, sbr. síðar. — Reglunum um innihald rjettindanna er því haldið alveg fyrir utan ákvæðið, og standa þær óbreyttar eins og þær hafa verið hingað til. — Aftur á móti segir greinin að reglurnar um *stofnun* rjettinda yfir fasteignum skuli koma til greina um skip. Hjer ræðir fyrst og fremst um þinglestursreglurnar. Um skip er sama þörf á, að til sjeu á einum stað allar verulegar upplýsingar um eign og umráð þess, sem um fasteignir, sama þörf á góðri tryggingu rjettindanna; og þessari þörf verður um skip fullnægt eins og um fasteignir með aðstoð skrásetningarinnar. Alstaðar þar sem þinglesturs er krafist til fullrar tryggingar rjettindum yfir fasteign, er því ætlast til, að hans þurfi einnig um rjettindi yfir skipum; og þar sem fasteignar- og lausafjár-þinglestursreglunum ber á milli, skal farið eftir fasteignarreglunum. Til stofnunar lögvarins eignarrjettar yfir skipi með gerningi í lifenda lífi þarf því þinglesturs; sá, sem kaupir skip á nauðungaruppboði verður að þinglesa heimild sína til þess að njóta lagaverndar gagnvart þeim, sem síðar semur um sama skip; við þarf að þinglesa, nema handveð og lögveð, bæði samningsveð og aðfararveð (fjárnám, löghald og löggeymslu); ennfremur hefur samkv. greininni þinglestur kaupsamnings um skip meiri þýðingu en þinglestur samsvarandi samnings um annað lausafje. Um kaupmála hjóna gilda fasteigna-

reglurnar samkv. greininni í sumum tilfellum, en líklega ekki í sumum, sbr. síðar. Aftur á móti þarf að jafnaði ekki þinglestur til stofnunar afnotarjettar eða haldsrjettar fremur en þegar um annað lausafje er að ræða; um haldsrjett gildir það, sem að framan er sagt um handveð, og líkt má segja um afnotarjettinn (eiginlega skipleigu); skipleiga er mjög sjaldgæf, en þá sjaldan slíkur rjettur er stofnaður yfir skipum ætti að vísu að þinglesa hann, þótt þess sje ekki krafist hjer. — Um aðferðina við þinglesturinn gilda eins og áður sagt fasteignareglurnar og almennar þinglestursreglur. Þar í felst að brjef um rjettindi yfir skipum má fyrirfram innrita í veðmálabækurnar eftir ts. 1833 § 4, og að rjettarþjónninn á að gera athugasemd um heimildarbrest samkv. ts. 1833 § 5, og er ákvæðunum um þetta í l. 1907 1. gr. 3. p. og 3. gr. því slept hjer sem þarflausum, en ekki af því, að þau eigi að hætta að gilda. — Aðrar sjerreglur um stofnun rjettinda yfir fasteignum er einnig ætlast til að gildi um skip, þó þær einar sem gilda um fasteignir yfir höfuð, t. d. ekki ákvæðið í 2. gr. l. 12. jan. 1884 um byggingarbrjef fyrir jörðum (nær ekki til annara fasteigna en jarða). Um hefð gildir 20 ára hefðartími fyrir fasteignir, en 10 ára fyrir lausafje, l. 46, 10. nóv. 1905 2. gr.; ástæðan til þess að hefðartíminn er lengri fyrir fasteignir er nú sumpart verðmætið, sumpart festan, einmitt sömu ástæðurnar eins og áður hefur verið getið, og niðurstaðan verður því hjer hin sama: að rjett sje, að skipin fylgi fasteignunum í þessu. Aðför til eignar á skipi getur átt sjer stað í sama tilfelli sem á fasteign, sbr. o. b. 22. apríl 1817 2. gr. og l. 16. sept. 1893 1. gr. — Þá segir greinin loks að fara skuli eftir fasteignareglunum um *vernd* rjettinda yfir skipum. Hjer er aðallega um þær reglur að ræða, sem eru um vernd samningsveðs, forgangsrjett veðhafa til þess að fá fullnægju af andvirði veðsins. Samkvæmt þessu nýtur veð í skrásettum skipum — einsog eftir l. 1907 — sömu verndar sem fasteignaveð. Lausafjárveðsreglurnar — t. d. að veðsali megi ekki selja veðið, að veðið fyrnist (l. 14, 20. okt. 1905 1. gr. 3. p.), falli úr gildi eftir próklama o. s. frv. gilda því ekki um skipaveð. Þetta var það sem l. 1907 eiga við, þar sem þau segja að skipsveð hafi sömu »þýðingu« sem fasteignarveð. Ennfremur gildir reglan í l. 23, 13. sept. 1901 um að veðhafi hafi ekki forgangsrjett fyrir öðrum veðhafa nema fyrir eins árs vöxtum, samkvæmt greininni einnig um skipaveð. Þessi regla gildir sem »almenn« einnig eftir l. 1907 um skipaveð. Sama gildir um regluna í ts. 27. maí 1859 2. gr. um að fyrri veðhafi hafi ekki forgangsrjett fyrir síðari veðhafa fyrir dráttavöxtum. Báðar þessar reglur eru um vernd síðari veðhafa og eiga eins við um skip eins og fasteignir. Enn liggur það í ákvæði greinarinnar, að um stöðu samningsveðs í skipi í gjaldþrota- og dánarbúum skuli farið eftir fasteignareglunum, en ekki lausafjárreglunum, (l. 13. apr. 1894 23. og 24. gr., og l. 12. apr. 1878 86. gr. sbr. 84. gr.); því er ónauðsynlegt að taka það fram sjerstaklega eins og gert er í frumvarpi stjórnarinnar til laganna 1907. Eftir lögunum frá 1907 er mjög vafasamt hvort ákvæðið í l. 16. des. 1885 15.—16. gr. gildir um skipaveð, en eftir greininni er enginn vafi á því, enda er það alveg hættulaust; það þarf heldur ekki að koma í bága við l. 29, 16. nóv. 1907 11. gr. um Fiskiveiðasjóð Íslands, því að forrjettur Fiskiveiðasjóðsins er það enn, þrátt fyrir greinina, að þurfa ekki að taka neitt fram í veðbrjefum sínum til þess að geta gert fjárnám án dóms eða sátta. — Auk áðurnefndra reglna um samningsveð eru stundum sett lög sem gera fasteignarjettindum hærra undir höfði en lausafjárrjettindum. Norðurlandalög láta skiparjettindi lúta lausafjárreglunum, og eins gera l. 1907 (þau ná einungis til samningsveðs); aðrar þjóðir láta aftur á móti skipin lúta einnig þessum fasteignareglum, eins og fasteignareglunum um samningsveð. Það virðist líka heppilegt og hættulaust; þegar t. d. l. 19, 4. nóv. 1887 50. gr. 2. mgr. gerir þann mismun á fjárnámi í fasteign og lausafje, að lausafjárnámið fellur úr gildi ef uppboð er ekki haldið innan 12 vikna eða fjeð tekið úr vörslum rekvisiti, þá er auðsætt að sú regla er miklu óhentugri fyrir skip en fasteignareglan. Ástæðan til mismunarins er hið mismunandi faktiska öryggi sem fjárnámið gefur, en fjárnám í skipi gefur alveg jafnt faktiskt öryggi sem fasteignarfjárnám og miklu meira en lausafjárnám — vegna skrásetningarinnar. Samkvæmt þessu nær greinin ekki einungis til reglnanna um vernd samningsveðs. Greinin nær jafnvel til þeirrar verndar sem *rjettarfarið* veitir. Rjettindi yfir skipum njóta því góðs af ef fasteignarjettindum er gert hærra undir höfði í rjettarfarinu en lausafjárrjettindum. Að vísu eru ekki margar reglur af þessu tagi. Reglan um varnarþing fasteignar í N. L. 1—2—15 er ekki einungis um rjettindi yfir fasteignum, heldur um allar þrætur um fasteign, einnig kröfurjettar þrætur; er rjett að setja samsvarandi almenna reglu um varnarþing skipa, en þótt slík regla væri ekki sett er samkvæmt þessari grein heimilt að sækja eiganda skips á heimili skipsins í málum um rjettindi yfir skipinu.

Ákvæðið í D. L. 6—14—7 (sbr. l. 12. jan. 1884 29. gr.) var áður sjerstakt fyrir fasteignir, en samkvæmt langvarandi dómvenju er útburður og innsetning með beinni fógetagerð nú einnig heimil þegar um lausafje er að ræða; en þótt það væri vafasamt, þá nytu skip samkv. þessari grein góðs af fasteignareglunum og útburður af skipi hefði skýlausa heimild í D. L. 6—14—7. Annars gildir um rjettarfar í siglingamálefnum gestarjettarfarið og væri full þörf á ýmsum breytingum í því, sjá síðar. — Ákvæðin um eignardóm í N. L. 5—5—7 sbr. kgúrsk. 12. sept. 1864 koma samkv. greininni einnig til greina um skip. Sama gildir um eignardóma, sem talin er heimild til samkv. fyrri venju og 13. gr. stjórnarskrárinnar.

Við aðalákvæði greinarinnar, að skip skuli, í vissum efnum, lúta fasteignareglunum, er hnýtt sjálfsögðum fyrirvara um, að það gildi þó því að eins, að fasteignareglunum verði komið við. Það er ljóst, að þar sem reglurnar eru gefnar fyrir fasteignir, verður ekki einungis oft að breyta formi þeirra til þess að þær verði heimfærðar á skip, heldur eru jafnvel sumar þess eðlis, að þeim verður ekki beitt um skip, hvorugt beint nje með formbreytingum, t. d. í l. 16. des. 1885, 15. gr.: »búi skuldunautur á sinni veðsettu eign. .«, og l. 46, 10. nóv. 1905, 9. gr.: »jörð, sem metin er til dýrleika eða útmældri lóð . . «. Hver ákvæði það eru, sem alls ekki verður komið við, er ekki hægt að telja upp; það verður að leggja undir dómstólana. En í ákvæðinu liggur að takmörkin á að setja svo þröngt sem hægt er.

Enn er spurning um það, hvernig fara eigi, ef fasteignareglum þeim, sem nú gilda, verður breytt, þá er að vísu engin trygging fyrir því, að hinar nýju reglur eigi við um skip — þótt koma megi þeim við um þau. — En þar sem reglan um heimfærslu fasteignareglnanna á skip, byggist á skyldleika fasteigna og skipa í þessu tilliti, eru allar líkur til þess, að nýjar reglur, sem eiga við um fasteignir, eigi líka við um skip, og því er greinin þannig orðuð, að ekki einungis þær fasteignareglur, sem nú gilda, eru heimfærðar á skip, heldur einnig þær, sem síðar kunna að verða settar. Verði settar nýjar fasteignareglur, sem ekki eiga við um skip, þá verður að gera fyrirvara um gildi þeirra um þau. —

Í næstu greinum eru ýms ákvæði, sem mjer hafa þótt nauðsynleg til nánari ákvörðunar og takmarkana, vegna þess mismunar, sem, þrátt fyrir allan skyldleika, er á skipum og fasteignum.

Við 6. gr.

5. gr. nær ekki til sviftingar fjárforræðis, því að með henni eru engin rjettindi stofnuð, þótt sviftingin snerti stofnun ýmsra rjettinda; á hinn bóginn virðist rjett að krefjast hins sama hjer og um fasteignir, til þess að samræmi haldist í reglunum og að veðmálabækurnar gefi allar verulegar upplýsingar, ekki einungis um rjettinn yfir skipinu, heldur líka umráðin. Sama gildir um kaupmála hjóna; reglurnar um þinglestur eru mismunandi, eftir því hvort um fasteignir er að ræða eða lausafje (sjá l. 12. jan. 1900, 6. og 7. gr.) og virðist rjett að láta skip fylgja fasteignareglunum. — Ákvæði um þetta eru nú ekki til í íslenzkum lögum.

Við 7. gr.

Þinglestur fasteignabrjefa fer fram þar, sem fasteignin er. Samsvarandi staður þegar um skip er að ræða, er skrásetningarstaðurinn. L. 1907, 1. gr. 1. p., segir, að þinglestur skuli fara fram þar, sem skipið er skrásett *að eiga heima*, og er það í fullu samræmi við 5. gr. skrásetningarl. 13. des. 1895. Þeirri gr. er nú breytt með 3. gr. þessa frumvarps — og fær heimilið um leið alveg nýja þýðingu; — skipið getur eftir þessu frv. átt heima hvar sem er á landinu, t. d. utan umdæmis þess, sem það er skrásett í. En það er ljóst, að það er mjög óheppilegt, að þinglesið sje utan skrásetningarumdæmisins, og þær ástæður, sem geta leitt til þess, að heimilið er ákveðið utan skrásetningarumdæmisins eru öldungis þýðingarlausar fyrir þinglesturinn. Ákvæði l. 1907 hefur því verið breytt í samræmi við þetta. — Venjulega mun heimili skipsins faktiskt verða innan skrásetningarumdæmisins, og þá er auðvitað rjett að þinglesa í þeirri þinghá, sem heimilið er í; en í þeim fáu tilfellum, sem heimilið er utan umdæmisins, virðist rjettast að þinglesa í þeirri þinghá, sem skrásetningarskrifstofan er í; ef skrásetningarumdæmunum er breytt, verður að fara eftir því hvort heimilið er bæði innan skrásetningar- og lögsagnarumdæmisins eða ekki.

Við 8. gr.

Þessi grein er tekin eftir 2. gr. laga 1907. Þar er smáskipaskrárinnar þó ekki getið, og gæti það leitt til þess misskilnings, að skjala viðvíkjandi 30 tonna og minni skipum, sem ekki eru skrásett á skipaskrá, skyldi einungis getið á fiskiskipaskrá; þetta er því leiðrjett hjer. Ennfremur er hjer bætt við orðunum: »og vitnað í veðmálabækurnar; koma skrárnar í stað fasteignaregistursins«, til þess að sýna ljóslega, að hjer er ekki um eiginlega skrásetning rjettindanna að ræða, heldur einungis um afnot skránna til tíma- og kostnaðarsparnaðar. Það þykir nefnilega ekki þörf á að lögskipa sjerstök realregistur fyrir skip, úr því að skrárnar eru til og vel má notast við þær. En það, sem hefur rjettarþýðinguna, er eftir sem áður þinglesturinn og innfærzlan í veðmálabækurnar. Þessar tilvitnanir, sem skrifaðar eru í skrárnar, þarf því ekki að senda stjórnarráðinu nje aðalskrásetningar- og skipamælingaskrifstofunni í Khöfn; þar er ekki ætlast til að haldnar verði neinar skipaveðmálabækur. Af því að lögin frá 1907 eru svo óskýr um þetta efni er nú mesti ruglingur á því í praxis. Sumstaðar eru haldin bæði sjerstök realregistur um skip og innfært í skipaskrárnar það sem þinglesið er; en þá nær skrásetningin ekki tilgangi sínum — að minka erfiðið — heldur eykur hún það að þarflausu, því að þinglesin skjöl hafa ekki — að eignarheimildarskjölum undanteknum — þýðingu fyrir hina opinberrjettarlegu skrásetningu.

Við 9. gr.

Þessi grein er 4. gr. l. 1907. Nauðsynleg viðbót við skrásetningarskylduna er bannið gegn flutningi úr einu umdæminu í annað; annars eru skipin jafn »laus« eftir sem áður þrátt fyrir skrásetninguna. Ákvæði um þetta er sett fyrst í greinina af því að það er aðalatriðið. — Seinni hluti greinarinnar byggist á fyrri hluta 4. gr. l. 1907. Jeg hef ekki viljað breyta ákvæðinu um skyldu skrásetningastjóra til þess að sjá um flutning þinglesinna skjala, þó mjer virðist það irratiónelt. Skrásetningarstjórinn hefur sem slíkur enga umsjón með þinglestrinum yfir höfuð. Auk þess er það talsvert þung ábyrgð, sem leiðir af ákvæðinu bæði fyrir skrásetningarstjóra og lögreglustjóra gamla umdæmisins og nýja umdæmisins; því að gleymist að senda skjölin eða innfæra þau á nýja staðnum, og tjón hlýzt af því, þá er hlutaðeigandi embættismaður eftir almennum reglum, skyldur til þess að bæta tjónið. Ástæðan til þessa ákvæðis l. 1907 var að tryggja veð Fiskiveiðasjóðsins, en aðrir veðhafar áttu að njóta góðs af; en ákvæðið gefur jafnvel ekki þessa tryggingu, því að tryggingin verður *solvens* hlutaðeigandi embættismanna, sem auðvitað getur verið misjafnt. Rjettast væri ef til vill að veðhafar og aðrir, sem rjett eiga yfir skipum, sjái um flutninginn á eigin ábyrgð. En jeg vildi ekki breyta ákvæði l. 1907 aðallega vegna Fiskiveiðasjóðsins. Og meðan skrásetningarstjóri og lögreglustjóri eru einn maður má forsvara það frá lagasjónarmiði með því, að í beiðninni um flutning og skrásetning í nýju umdæmi liggi líka beiðni um þinglestur í hinni nýju þinghá, og ábyrgð embættismannanna verður þá hliðstæð ábyrgð lögreglustjóranna alment ef t. d. gleymist að þinglesa eða fyrirfram innrita skjal, sem þeim hefur verið fengið til þinglesturs eða fyrirframinnritunar, og tjón hlýzt af því. — Aftur á móti hef jeg breytt ákvæði laga 1907 í tveim öðrum verulegum atriðum. — L. 1907 segja að skrásetningarstjóri eigi að annast um (innfærslu veðbrjefanna . . .). Hjer hef jeg sett »að skjölin verði *þinglesin eða fyrirframinnrituð* . . . «, en það er í betra samræmi við þinglesturslöggjöfina, sem leggur aðaláherzluna á þinglesturinn sjálfan. Hjer verður þess að gæta, að þegar skipið er flutt, verður að flytja það að öllu leyti. Það getur ekki verið skrásett í einum stað, og þinglesin skjöl um það »innfærð« þar, en þinglesin annarstaðar. — Annað aðalatriðið, sem jeg hef breytt, er um þýðing flutningsins eða áhrif á þinglesin rjettindi. L. 1907 segja að »innfærslan« hafi sama gildi sem hinn upprunalegi þinglestur. Þetta má skilja á tvo vegu. Fyrst og fremst — og sá skilningur er líklega sá rjetti — á þann veg, að »innfærzlan« sje sama sem þinglestur, þ. e. frá innfærzludegi fær skjalið gildi eins og það hefði verið þinglesið á þeim degi; tilvitnunin til »upprunalega« þinglestursins hefur þá enga verulega þýðingu. Ef orðin eru skilin þannig, þá verða þinglesin rjettindi að mestu leyti varnarlaus meðan á flutningnum stendur og þangað til »innfært« er; en það mundi leiða til þess, að enginn rjetthafi mundi þora að gefa samþykki sitt til flutnings skipsins, ef hann hefði rjettan skilning á lögunum þar um. Orðin má þó ef til vill skilja á annan veg, nfl. að upprunalegi þinglesturinn haldi krafti sínum þangað til innfært er; þessi skilningur er þó í meira lagi vafasamur. En ef gert er ráð fyrir að hann sje rjettur, þá verður niðurstaðan, að skip getur verið veðsett

upp yfir siglur án þess að hægt sje að sjá það á bókum skrásetningar — eða lögsagnarumdæmisins; því að enginn frestur er settur fyrir »innfærzlunni«. Ákvæði l. 1907 hefur því þá galla: að það er mjög vafasamt hvernig skilja eigi, og að það tekur ekki nægilegt tillit til rjetthafa (ef það er skilið á einn veginn) eða til þriðjamanns (ef það er skilið á hinn veginn). Rjetthafa verður að tryggja, að hann missi ekkt rjett sinn, og þriðjamanni verður að tryggja, að hann fari ekki í góðri trú að taka rjett yfir skipi, sem þegar er fenginn öðrum, eða ósamrýmanlegur við rjett annara. Hag rjetthafa hef jeg viljað tryggja með því að láta rjettinn haldast þrátt fyrir flutninginn. Hag þriðjamanns hef jeg viljað tryggja með því að setja mánaðartakmörk fyrir forrjetti fyrri rjetthafa. Á þennan hátt hygg jeg að hag beggja sje borgið svo vel sem hægt er: rjetthafi getur öruggur gefið samþykki sitt til flutnings skipsins, en verður einungis að líta eftir að heimildarskjal hans sje þinglesið á nýja staðnum; þriðjimaður getur öruggur samið um skipið þegar það hefur verið mánuð á skrá umdæmisins (en þangað til verður hann að fara varlega). — Nokkrar smávægilegar breytingar hef jeg gert á 4. gr. l. 1907. L. 1907 segja að skrásetningarstjórinn eigi að senda eftirritin í nýja umdæmið og skrásetningarstjórinn þar eigi að innfæra þau; jeg hef sett að skrásetningarstjórinn eigi að »sjá um« að þetta sje gert, af því að skrásetningarstjóri og lögreglustjóri eru de jure ekki einn maður, og sitt starfið getur verið falið sínum manni, þótt það nú sje falið einum. L. 1907 segja, að skrásetningarstjóri eigi »kauplaust« að innfæra skjölin; mjer virðist rjettara að segja að fyrir þinglesturinn (ɔ: innfærzluna í l. 1907) skuli ekkert þinglestrargjald greiða, því að það mun vera meiningin. L. 1907 tala í þessari grein eins og annarstaðar aðallega um veðbrjef, en hjer eru sett öll eignar- og eignarhaftaskjöl í samræmi við 5. og 6. gr.; það getur vonandi ekki valdið misskilningi að orðið »eignarhaftaskjöl« er hjer látið ná einnig til eignarskjala, kaupmála og úrskurða um svifting fjárforræðis.

Við 10. gr.

Ákvæði þetta er bygt á 48. grein dönsku skrásetningarlaganna og hliðstætt ákvæðinu í næstu grein hjer á undan. 9. gr., er um þau skip, sem skrásett eru hjer á landi, en flutt úr einu innanlands umdæmi í annað. En þessi grein er um skip, sem skrásett eru í Danmörku eða utanríkis, og flutt hingað til landsins. Greinin byggist á þeirri grundvallarreglu, að viðurkenna þau rjettindi, sem löglega eru stofnuð eftir útlendum lögum; en jafnframt er tilætlunin, að tryggja rjettindi, sem stofnuð eru um leið og skip t. d. er keypt. — ‚Eignarhöft' er haft hjer í sömu víðu merkingu sem í næstu grein á undan, um alt sem þinglesið er samkv. 5. og 6. gr. — Fresturinn er hjer settur 3 mánuðir — 2 mánuðum lengri en í 9. gr. — og er það gert með tilliti til fjarlægðarinnar, og eins og í dönsku skrásetningarlögunum.

Við 11. gr.

Þessi grein er tekin eftir 5. gr. l. 1907, en fyrirmynd þeirrar greinar hefur vafalaust verið 59. gr. dönsku skrásetningarlaganna. Nokkrar breytingar hef jeg gert. — ‚Eignarhöft' set jeg hjer eins og áður fyrir ‚veðrjett og eignartakmarkanir'. — Í staðinn fyrir ‚En í gjalddaga fellur' í l. 1907 set jeg ‚þó fellur í gjalddaga . . .', því að í þessari setningu er tekin fram undantekning frá aðalreglunni í fyrri hluta greinarinnar: Rjettindin standa alveg eins og áður, *nema* skuld fellur í gjalddaga o. s. frv. — l. 1907 tala einungis um, að *skipið* sje selt út úr landinu, en sama á vafalaust að gilda, ef skipshluti, sem er að veði, er seldur út úr landi, og skýt jeg ‚skipshluta' því inn í. — L. 1907 tala einungis um, að skipið sje *selt* út úr landinu, en sama á vafalaust að gilda, ef skipið t. d. er gefið út úr landinu, eða útlendingur fær það til eignar, eftir aðför (nauðungaruppboð), kona, sem er skipseigandi, giftist útlendingi o. s. frv. Jeg set því ‚verður eign' í stað ‚selt'. Aftur á móti held jeg fast við, að skipið þurfi ekki að verða eign utanríkismanns eða manna, sem ekki mega eiga íslenzk skip, heldur sje nóg, að það verði eign útlendings — sbr. l. 1907 ‚selt út úr landinu' — og þar af leiðandi strykað út úr skipaskránum.

Við 3. kapítula.

Um útgerð skipa.

Um útgerð skipa er nauðsyn á, að lög þjóða, sem viðskifti hafa saman, sjeu sem

líkust, að því er snertir þau ákvæðin, sem eru um sambandið við þriðjamann. Aftur á móti er miklu minni þörf á sameiginlegum reglum um sambandið milli útgerðarmanna innbyrðis, þar sem útgerðarmenn eru fleiri en einn (fjelagsútgerð). Í frv. 1911 eru ákvæði um útgerð í kap. 2, 7.—23. gr. Ákvæðin í 7.—8. gr. eru um samband útgerðarinnar við þriðjamann, 9.—23. gr. um samband útgerðarmanna innbyrðis.

Við 12.—13. gr.

Þessar greinar eru í öllu verulegu eins og 7. og 8. gr. frv. 1911, sem byggjast á — og eiga að vera samhljóða að efni — 7. og 8. gr. dönsku siglingalaganna, sem aftur í öllu verulegu eru eins og norsku og sænsku siglingalögin. Ákvæðin eru mjög þörf vegna þess að hingað til hafa ekki verið til nein bein ákvæði um þetta efni í íslenzkum lögum; nokkrir dómar hafa verið dæmdir í líka stefnu og ákvæði greinanna, en annars hefur verið mjög bagaleg óvissa um hvað væri gildandi lög. — Hugsunin í ábyrgðarreglum frv. er, að að vísu verður að leggja talsvert víðtæka ábyrgð í útgerðarmanninn; hann verður ekki einungis að ábyrgjast sjálfs sín orð og gerðir, heldur að miklu leyti líka skipstjórans samninga (53.—56. gr.), samningsrof (12. gr.) og önnur afbrot (13. gr.), og afbrot skipverja o. fl. (13. gr.); ennfremur verður hann að greiða björgunarlaun fyrir björgun, »sætjónsframlög« o. s. frv. Á hinn bóginn er ábyrgð þessi takmörkuð við skip og farmgjald, aðallega í þeim tilfellum, sem útgerðarmaðurinn ábyrgist án þess að hafa sjálfur nokkra stjórn á (12., 13., 179., 221. og 229. gr.). Kröfuhafa er svo veitt sjerstök trygging fyrir kröfunni innan þessara takmarka (sjóveð, kap. 11).

Við 12. gr.

Breytingar frá frv. 1911 eru þessar: orðin ‚sem sjálfskuldarmaður' falli burt á tveim stöðum; þeim er of aukið, enda dálitið óviðkunnanlegt að tala um, að útgerðarmaðurinn ábyrgist, *sem* sjálfskuldari, þar sem hann einmitt *er* sjálfskuldari. Orðin ‚bótarkröfur fyrir' eru líka óþörf og því feld úr greininni. Loks er orðið ‚óskorað' síðast í gr. einnig felt burt, ‚óskorað' = ‚sem sjálfskuldari' = ‚með allri eign sinni'; sama hugtakið er þrítekið. — Í norsku lögunum er hnýtt hjer aftan í ákvæði um forgangsrjett skipverja o.fl. í þrotabúi útgerðarmanns, sbr. ts. 28. desbr. 1792, en slíkt ákvæði á betur við í skiftalögum eða síðar í kaflanum um kaup skipverja.

Við 13. gr.

Á 8. gr. frv. 1911 eru gerðar þessar breytingar: Í stað orðanna ‚vangeymsla eða yfirsjón' eru eftir norsku siglingalögunum sett orðin ‚svik, hirðuleysi eða gáleysi' (Svig, Forsömmelse, Uagtsomhed); þykir mjer þau orð taka betur fram *sök* þess, sem verkið vinnur. Í stað orðanna ‚í skipinu' er sett ‚í þarfir skipsins' eins og í öllum norðurlandasjólögunum stendur; ábyrgð útgerðarmanns á nfl. ekki að velta á því *hvar* skaðinn hefur verið unninn, heldur hvort hann er unninn í hans þágu (cujus commodum, ejus periculum).

Við 14.—28. gr.

9.—23. gr. frv. 1911 eru um fjelagsútgerð, þar sem fjelagsmenn hafa persónulega ábyrgð á skuldum fjelagsins. Um hlutafjelög og önnur fjelög með »takmarkaðri ábyrgð«, eru aftur á móti engin ákvæði í frv. 1911, enda munu almennar reglur um slík fjelög fullnægja einnig þörfum siglinga-atvinnunnar. — Um útgerðarfjelög með ótakmarkaðri ábyrgð eru nú í íslenzkum lögum engar sjerstakar reglur aðrar en ákvæðið í Jb. fml. 25, um að sá sem vill halda skipi til gagns skuli ráða ef samútgerðarmenn hans vilja ekki leysa hann út (kaupa hans hlut), Grundvallarhugsun þessa ákvæðis er, að skipið skuli ekki standa arðlaust af því, að eigendur þess eða útgerðarmenn geta ekki komið sjer saman, og leiðir til þess — ef hugsuninni er fylgt fram — að meiri hlutanum er gefið úrskurðarvald í málefnum fjelagsútgerðar. Þetta er nú einmitt grundvallarreglan í 9.—23. gr. frv. 1911, og eru þær greinar því einungis nánari framfylgd á grundvallarhugsun gamalla íslenzkra laga. — Aðalreglan — um vald meiri hlutans — er í fyrri hluta 12. greinar og flestar hinar reglurnar, t. d. um ábyrgð á skuldum í 9. gr., um sölurjett fjelaga í 20. gr. o. s. frv., eru eðlileg afleiðing af aðalreglunni. Að þessu leyti virðist vel til fallið, að lögleiða 9.—23. gr. frv. 1911 hjer á landi, en hins vegar er þess að gæta, að þar eru ýms aukaákvæði algjörlega

ný og óþekt í íslenzkum lögum, og ef til vill varasamt að lögleiða þau án þess að þau hafi verið lögð undir álit þeirra, sem við þau eiga að búa.

Við 14. gr.

9. gr. er breytt í 14. gr. samkv. breytingunni á greinatölunni yfir höfuð. — »Hluta-útgerð«, »hluthafi« o. s. frv. minnir á »hlutafjelög« ɔ: fjelög með ábyrgð, sem takmörkuð er á sjerkennilegan hátt. Í daglegu tali eru þau útgerðarfjelög, sem hjer er átt við, venjulega kölluð ‚fjelagsútgerð', og getur orðið varla valdið misskilningi, þótt það sje ekki látið ná til útgerðarfjelaga með »takmarkaðri« ábyrgð.

Við 15. gr.

10. gr. er breytt í 15. gr. — »Hlutaeign« etc. er breytt í samræmi við það, sem sagt er í aths. við 14. gr. — Orðin »á þann hátt . . .« í frv. 1911, eru hjer feld burt af því að ísl. skrásetningarlögin frá 1895 mæla á engan hátt fyrir um þetta atriði; á hinn bóginn þykir rjett að skylda til skrásetningar um það hver sje útgerðarstjóri, þótt hvorki norsku eða sænsku lögin leggi slíka skyldu á fjelagsútgerð.

Við 16. gr.

Greinin er eins og 11. gr. dönsku, norsku og sænsku siglingalaganna. Ef til vill væri gott að taka nokkur dæmi, sem hjer á landi geta verið sjerstaklega vafasöm, en það verður ekki gert svo í lagi sje nema í samráði við fagmenn.

Við 17. gr.

Þessi grein er eins og 12. gr. í dönsku og norsku siglingalögunum. Í sænsku siglingalögunum er aftur á móti skeytt framan við ákvæðum um fundarboð. Hjer á landi verður fundur því að eins álitinn löglega boðaður, að fundarboð hafi komið í hendur öllum fjelagsmönnum, ef ekki hefur verið öðruvísi umsamið í fjelagssamningnum.

Við 18. gr.

Breytingarnar á 13. gr. frv. 1911 eru: Orðin »nýjar og ólíkar farir« ná ekki alveg dönsku orðunum »væsentlig forskellig«; hjer er því sett ‚verulega ólíkar'. Á eftir ‚farir eða flutningar' er skotið inn í ‚eða nýjar veiðiaðferðir', af því að það er vafasamt, hvort það fellur undir fyrri orðin, en á að lúta sömu reglum.

Við 19. gr.

Í 14. gr. frv. 1911 eru tekin ákvæði úr norðurlandasiglingalögunum um það, að ‚dómari' (dómstóllinn, þ. e. sjórjetturinn) geti vikið útgerðastjóra frá, ef nægar sakir eru. Ákvæði þetta stendur í samhandi við hina sjerstöku skipun sjórjettanna í þessum löndum, en þeir eru ekki einungis skipaðir lögfræðingum, heldur einnig siglingaatvinnurekendum (eða sjerfræðingum). Þar sem ekki er ætlast til þess, að skipun sjórjettanna hjer á landi verði breytt frá því sem nú er með lögum þessum, þá virðist rjett að fella ákvæðið burt. En því verður ekki neitað, að minni hlutinn getur þá oft staðið varnarlítill gagnvart útgerðarstjóra, sem á meira en helming skipsins.

Við 20. gr.

Það getur verið efasamt, hvort fresturinn, sem útgerðarstjóra er gefinn til reikningsskila er nógu langur. Og eins getur verið spurning um reikningsskil fyr fyrir vissa hluta ársins.

Við 21. gr.

Í 16. gr. frv. 1911 er talað um ‚reikningsglöp', en í 60. gr. ‚misreiknun'; hjer er sett síðara orðið af því, að það virðist síður geta valdið misskilningi. — Mótmælafrestur er í 16. gr. frv. 1911 eins og í dönsku og sænsku lögunum settur sex mánuðir; í 16. gr. norsku siglingalaganna, er fresturinn aftur á móti eitt ár. Eftir því sem hagar til hjer á landi virðist norska reglan eiga betur við, og er því sett hjer.

Við 22. gr.

Þessi grein er eins og 17. gr. frv. 1911 og dönsku, norsku og sænsku siglingalaganna. ‚Sjóveð' er sett í stað ‚siglingarveðsrjettar', vegna þess, að það er styttra og þjálla í munni.

Við 23. gr.

Í 18. gr. frv. 1911 er fresturinn settur þrír dagar samkvæmt dönsku (og sænsku) siglingalögunum; í norsku lögunum er fresturinn aftur á móti átta dagar. Eftir því sem til hagar hjer á landi virðist frestur norsku laganna eiga betur við, og er því settur hjer; ef til vill væri jafnvel heppilegast að hafa hann enn þá lengri, t. d. 14 daga.

Við 24. gr.

Þessi grein er í samræmi við 19. gr. dönsku og sænsku siglingalaganna, og að mestu leyti einnig við 19. gr. norsku laganna.

Við 25. gr.

Í 20. gr. frv. 1911 er að efni til algjörlega farið eftir 20. gr. dönsku siglingarlaganna; sjerstaklega er fjelagsmönnum ekki veittur neinn forkaupsrjettur eins og í 20. gr. norsku og sænsku siglingalaganna. Ýmislegt mælir þó með forkaupsrjetti: í fjelagsútgerð hafa fjelagsmenn svo mikið saman að sælda, að þeim getur ekki staðið á einu hverjir nýir koma í fjelagið; þetta getur að vísu ekki leitt til þess að banna fjelagsmönnum að selja hluti sína, en gæti leitt til þess að þeim fjelagsmönnum, sem eftir eru, sje veittur forkaupsrjettur. Jeg hef þó ekki viljað breyta ákvæði frv. 1911, en bendi einungis á þetta til athugunar. — Orðunum í byrjun 3. p. 20. gr. frv. 1911 er breytt í samræmi við 1. gr. þessa frv. — Í næstsíðustu setningu gr. er skotið inn í ‚íslenzku', sem líklega hefur fallið úr af ógáti.

Við 26. gr.

Þessi grein er í samræmi við 21. gr. frv. 1911, nema ‚hluthafi' er breytt í ‚fjelagsmaður'.

Við 27. gr.

2º 22. gr. frv. 1911 fellur burtu ef síðari hluti 14. gr. er feldur burt (sbr. hjer 19. gr.). — Í staðinn fyrir ‚stórum rofinn' er hjer sett ‚verulega rofinn', en það er í betra samræmi við lagalega málvenju hjer á landi; orðið ‚stórum' er aftur á móti ópekt í þessu sambandi í íslenzkum lögum, og óljóst hvernig skilja eigi. — Í staðinn fyrir ‚brotin lög á honum' er hjer sett ‚gengið á rjett hans', því að meiningin er ekki að nein bein lög þurfi að vera brotin, heldur einungis þau almennu lög, sem segja hvern rjett fjelagsmaðurinn hafi, o: *rjettur* fjelagsmannsins þarf að vera borinn fyrir borð.

Við 28. gr.

Í 23. gr. frv. 1911 stendur ‚erlendis' en það orð getur bæði þýtt utan*lands* og utan*ríkis* eftir þeirri málvenju sem tíðkast hefur í íslenzkum lögum; hjer er því sett ‚utanlands'. — ‚Uppboðsrjettur' er rjettara en ‚uppboðshaldari', sem stendur í frv. 1911. — Í staðinn fyrir varnarþing samútgjörðarinnar er sett ‚heimili' í samræmi við dönsku siglingalögin.

Fjórði kapituli.

Um skipstjóra.

Um stöðu skipstjórans eru engar fullnægjandi reglur til í núgildandi íslenzkum lögum. Ákvæðin í 3. kap. frv. 1911 bæta því úr bagalegum skorti. Í aðalatriðum eru þau í samræmi við það, sem nú er talið gildandi lög, og þar sem nú eru til bein lög (t. d. um leiðarbækur) eru ákvæði frv. 1911 í samræmi við þau. Það hefur því ekki þótt ástæða til þess að breyta þessum reglum í neinum aðalatriðum.

Við 29. gr.

Þessi grein samsvarar 24. gr. frv. 1911. Síðustu málsgreininni er þó slept hjer, af

því að, ef hún á ekki að veita dómstólunum úrskurðarvald fram yfir það sem alment er, þá er hún þýðingarlaus, en ef dómstólarnir eiga samkvæmt henni, að fá óvanalegt úrskurðarvald, þá getur hún verið hættuleg, eftir því sem sjórjettir eru skipaðir hjer í landi. Í sænsku lögunum segir, að slíkar þrætur megi leggja fyrir matsmenn, og getur það vafalaust oft verið heppilegt.

Við 30. gr.

Þessi grein er í samræmi við 25. gr. frv. 1911. Síðari málsgreinin á auðvitað einungis við ráðningu til sama tíma sem fyrri ráðningin, en útilokar ekki t. d. að ráða mann fyrir sumarvertíð, sem áður er ráðinn fyrir vetrarvertíð; þetta virðist ekki verða misskilið og virðist því óþarfi að taka það fram berum orðum eins og 25. gr. sænsku siglingalaganna. — Greinin byggist á 13. og 20. gr. l. 13, 22. marz 1890.

Við 31. gr.

Þessar breytingar hef jeg gert á frumv. 1911: ',liðað' er breytt í ‚ment', sem er algengara og auðskildara orð, ‚og honum' breytt í ‚honum og', eins og það á að vera eftir sambandinu. ‚Mælingatæki' er breytt í ‚siglingaverkfæri', sbr. »nautiska instrument« í 26. gr. sænsku siglingalaganna. ‚Sje farmur á þilfari' er breytt ‚Verði farmur fluttur á þilfari', þ. e. sje hægt að flytja farm á þilfari, eins og í norðurlandasiglingalögunum, »Kan Däcklast föres«. ‚Kjölfestu' er breytt í ‚seglfestu' samkvæmt almennri lagamálvenju. ‚Fermslu' og ‚affermslu' er breytt í ‚ferming' og .afferming' í samræmi við málvenju og orðalag frv. 1911 á ýmsum öðrum stöðum.

32. gr.

er í samræmi við gildandi lög, 33. 13. des. 1895 2. gr. og 13, 22. marz 1890 72. gr.

Við 33. gr.

Þessi grein er í samræmi við það, sem talið hefur verið gildandi lög.

Við 34. gr.

er ekkert að athuga.

Við 35. gr.

‚erlendis' (í 30. gr. frv. 1911) er breytt í ‚utanríkis'; ‚erlendis' þýðir að vísu oft í íslenzku lagamáli sama sem utanríkis, en rjettara virðist þó að hafa hið alveg skýlausa orð ‚utanríkis'.

Við 36. gr.

31. gr. frv. 1911 er algerlega í samræmi við dönsku, norsku og sænsku siglingalögin. Aftur á móti fer hún talsvert í bága við eldri íslenzk lög, sjerstaklega grundvallarreglu strandlaganna (l. 14. jan. 1876 1., 3. og 6. gr.). Vegna siglingaórðugleikanna hjer við land virðist vafasamt að breyta núgildandi reglum, og ef það er gert verður að minsta kosti að endurskoða strandlögin um leið. Jeg hef því slept öllum seinna hluta greinarinnar í frv. 1911 frá orðunum »nema það sje . . . «; verður þá eftir einungis algerlega almenn regla um að skipstjórinn eigi að fara almenna beinustu leið og ekki dvelja skipið, regla, sem verður að víkja fyrir öllum sjerstökum reglum um skyldutöf, t. d. grundvallarreglu strandlaganna um björgun, meðan henni er ekki breytt, l. 9. sept. 1899 2. gr. (sbr. frv. 1911 223. gr. og 228. gr. hjer), hl. 25. júní 1869 201. gr. og l. 54, 30. júlí 1909 12. gr. Má þá síðar meir endurskoða þessa reglu í sambandi við endurskoðun strandlaganna. En þó ákvæðið sje látið standa verður að breyta því, því að »þó má ekki dvelja . . . .« er rangt til orða tekið, á að vera: »Ekki má dvelja . . . « eða þvíumlíkt.

Við 37.—39. gr.

Þessar greinar eru eins og í frv. 1911 (32.—34. gr.). Í 38. gr. er þó breytt orðinu »farmensku« í »siglingar«, af því að í þessu frv. er þetta orð yfir höfuð haft um það, sem farmannalögin 1890 kölluðu ‚farmensku'. 39. gr. byggist á ts. 3. febr. 1836 I.

Við 40. gr.

Um það á hvaða skipum skuli hafðar leiðarbækur, eru sin lög í hverju landi. I dönsku siglingalögunum (§ 35) er leiðarbók lögskipuð á öllum skipum, sem fara út fyrir línu, sem ákveðin er í lögunum, að undanteknum þó fiskiskipum, sem ganga á fiskiveiðar í Norðursjónum eða Eystrasalti þó það sje utan línunnar. Í norsku siglingalögunum er leiðarbók lögskipuð á öllum skipum, sem fara í »utanríkissiglingar«; konungi er auk þess veitt heimild til þess að bjóða leiðarbókarhald á skipum, sem fara í »innanríkissiglingar« ef þess þykir þörf. Í sænsku siglingalögunum er leiðarbók lögskipuð á gufuskipum og seglskipum 50 tonn og þar yfir, ef þau sigla út fyrir línu, sem ákveðin er í lögunum. Eftir frv. 1911 (35, gr.) á að hafa leiðarbók á öllum skipum, sem fara í utanlandssiglingar, en í núgildandi íslenzkum lögum, sjá l. 13, 22. marz 1890 1. gr., á að hafa leiðarbók á öllum skipum, sem »eru í förum landa á milli«. Orðin »eru í förum landa á milli« eiga líklega að þýða sama sem »eru í utanlandssiglingum«; en þau geta misskilist: að ‚vera í förum' táknar varanlegt í tíma, og ‚landa á milli' nær ekki t. d. til fiskiferða til Norðursjávarmiða. Orðin ‚í utanlandssiglingum' eru betri, og auk þess eru þau viða í íslenzkum lögum höfð um aðgreiningu, sem eðlilega er hin sama sem hjer er átt við, sjá l. um atvinnu við siglingar nr. 50, 10. nóv. 1905; hjer er því breytt orðalagi l. 1890, en haldið orðalagi frv. 1911. En hjer er bætt við kröfu um leiðarbókarhald á öllum fiskiskipum, sem eru meira en 30 tonn. Þessháttar fiskiskip eru venjulega töluvert lengi úti í einu, og varðar útgerðarmanninn þá miklu að geta fylgst með hvernig ferðinni (»túrnum«) hefur verið hagað, enda hefur komið fram talsvert almenn ósk frá útgerðarmönnum í Reykjavík um að leiðarbækur verði lögskipaðar fyrir fiskiskip. Hjer hefur þó ekki verið farið lengra en að skipum, sem eru 30 tonn eða minna, er slept við leiðarbókarhaldið; takmarkið 30 tonn hefur verið valið aðallega af því, að það er einnig skráseningartakmark (fullkomið þjóðernisskirteini — ófullkomið þjóðernisskirteini), en vel má vera að rjett sje að hafa það nokkru lægra, því að sumstaðar, t. d. á Vesturlandi, eru skip alloft minni. Aftur á móti er engin þörf á að lögskipa leiðarbókarhald á bátum og smáskipum, sem einungis eru úti minna en sólarhring í einu. Leiðarbók fiskiskipanna er hjer kölluð (fiskiveiðaleiðarbók) og verður auðvitað nokkuð öðruvísi haldin en ‚siglingaleiðarbókin', en þó er ekkert því til fyrirstöðu að sama bókarform verði haft undir báðar tegundir. — Að öðru leyti er þessi grein að efni til bygð á 1. og 2. gr. l. 22. marz 1890. Nánari ákvörðunum um gerð bókarinnar, pappír, band, dálkaskipan (sbr. 12. gr. l. 1890) er slept hjer, en ætlast til þess, að um það setji konungur nánari reglur. Enn fremur er slept ákvæðunum í l. 1890, um hver löggildi bókina og gjald fyrir það, en það á heima í reglum þeim, sem áðan voru nefndar.

Við 41. gr.

Þessi grein byggist á 3. gr. l. 1890; þó er hjer heimilað að skrifa til bráðabirgða uppkast af leiðarbókinni, ef það er skrifað í bækurnar áður en sólarhringurinn er á enda. ‚Bráðabirgðabók' þarf ekki að vera bók í bókstaflegri merkingu; hún má vel vera skrifuð t. d. á laus blöð. Fiskiveiðabókina þykir nóg að halda fyrir hvern sólarhring.

Við 42. gr.

Þessi grein byggist á 3. gr. l. 1890, en er talsvert ítarlegri. Auk þess er bætt við sjerstökum ákvæðum um fiskiveiðaleiðarbækur; þau ákvæði eru að mestu leyti eftir tillögum nefndar, sem Útgerðarmannafjelagið í Reykjavík kaus til þess að íhuga fiskiveiðalöggjöfina.

Við 43. gr.

Þessi grein byggist á 4.—5. og 10. gr. l. 1890. Í frv. 1911 stendur ranglega »innanlands eða annarsstaðar«, á að vera »innanríkis eða utanríkis«; ef skipið tekur höfn innanríkis á skipstjórinn að snúa sjer til hinna almennu yfirvalda, sem hafa með slík mál sem þessi að sýsla; en taki hann höfn utanríkis getur hann ekki snúið sjer til annara en verzlunarfulltrúans. Fiskiveiðaleiðarbókina á eftir greininni að sýna eftir hvern »túr«, og kann það að þykja nokkuð strangt.

Við 44. gr.

Þessi grein byggist á 6. gr. l. 1890, en er almennar orðuð, og í samræmi við dönsku, norsku og sænsku siglingalögin.

Við 45. gr.

Þessi grein svarar til 40. gr. frv. 1911, en sú grein byggist aftur á 40. gr. dönsku sjólaganna, þó með nokkrum breytingum. Þannig hefur tilkynningarfresturinn í 2. p. þótt of stuttur, og því skotið inn í: ‚eða svo fljótt sem unt er'. En breytingin hefur ekki verið gerð með nægilegri athygli, því að það er meiningarlaust að segja »fyrir lok næsta dags *eða* svo fljótt sem unt er«; dagsfresturinn hefur hjer enga þýðingu. Enn fremur er meiningarlaust að segja að ‚fresturinn skuli talinn frá því skipið kemur í höfn', því að hjer er ekki um neinn ákveðinn frest að ræða. Það er nú vafalaust rjett að dagsfresturinn verður hjer á landi í mjög mörgum tilfellum alt of stuttur; sbr. að í sænsku siglingalögunum (§ 40) er gefinn 3ja daga frestur; enn fremur er það ljóst með tilliti til þess hvernig til hagar hjer á landi, að fresturinn verður að vera mjög mismunandi, eftir því hvort slysið vill til á sjó eða ekki, og enn fremur eftir því, hvort skipið eftir slysið kemur að landi þar sem er höfn eða ekki, og loks — ef það tekur höfn — þá hvort yfirvald er á staðnum eða ekki; sama greinarmun verður að gera ef slysið vill til meðan skipið liggur við land. Hjer verður þess að gæta meðal annars að hafnir (o: löggiltir verzlunarstaðir) eru mjög margir óbygðir og jafnvel langt frá mannabygðum hjer á landi. Alt þetta mælir með því að tiltaka engan ákveðinn frest í dagatali, heldur einungis ‚svo fljótt sem unt er'. Aðrar breytingar, sem eg hef gert á 40. gr. frv. 1911, eru þessar: ‚bera skipsvætti' hef jeg alstaðar breytt í ‚gefa sjóferðaskýrslu' samkvæmt tíðkanlegu lagamáli. ‚Skipsbækurnar' hef jeg breytt í ‚leiðarbækurnar'. ‚Halda próf' hef jeg breytt í ‚taka við sjóferðaskýrslu', því að sjóferðaskýrsla og sjóferðaprótf (‚Söforklaring' — ‚Söforhör') er sitt hvað, og í þessari grein er einungis átt við skýrslurnar. Yfir höfuð skal þess getið, að hjer á landi munu ekki vera til neinar reglur um þýðingu eða gildi þessara skýrslna nje um form þeirra (rjettarfar).

Við 46. gr.

er ekkert að athuga.

Við 47. gr.

Í stað orðanna »ónógur umbúnaður« í frv. 1911, er hjer sett »umbúnaðinn« (o: misfellur við). því að skemdirnar geta stafað af öðrum misfellum við umbúnaðinn, en að hann sje ónógur. »Að ryðja skip« mun nú sjaldan eða aldrei haft um afferming skips. — Að öðru leyti er greinin í samræmi við 42. gr. frv. 1911 og § 42 í dönsku siglingalögunum.

Við 48. gr.

Þessi grein er í samræmi við núgildandi ísl. lög, sjá l. 2, 14. jan. 1876 og l. 13, 22. marz 1890 9. gr., og norrænu siglingalögin (43. gr.). Í frv. 1911 stendur »björgunarsáttmáli«. en hjer er sett »björgunarsamningur«.

Við 49. gr.

1. p. er í samræmi við 33. gr. l. 22. marz 1890. — Akvæðinu í 1. mgr. 2. p. 44. gr. frv. 1911 um bænahald og guðsþjónustu er hjer slept af því að það virðist ekki eiga við í lögum. Ákvæðin í l. 19, 6. nóv. 1897 (sbr. l. 47, 20. des. 1901 1. gr.) um ferming og afferming á helgidögum þjóðkirkjunnar eru auðvitað ósnert af þessari grein. sbr. einnig 101. gr. hjer. — Greinin nær einnig til fiskiskipa, og má vel vera að þörf sje á sjerstökum ákvæðnm um þau.

Við 50. gr.

Þessi grein er í samræmi við 71. gr. l. 22. marz 1890.

Við 51. gr.

46. gr. frv. 1911 er tekin eftir § 46 í dönsku siglingalögunum, þó þannig að í stað orðanna »udenfor Riget« er sett »utanlands« á dönsku »udenfor Landet«. Hjer er ákvæðinu breytt í samræmi við dönsku lögin, af því að eins og sambandinu milli Íslands og Danmerkur hagar til, er óþarfi að taka neitt beint fram um hvernig skipstjórinn eigi að fara að ef skipverji andast innanríkis. — Núgildandi lög eru l. nr. 13, 22. marz 1890 64. gr., og l. 44, 10. nóv. 1905 24. gr.

Við 52. gr.

47. grein frv. 1911 er tekin beint eftir dönsku siglingalögunum (§ 47), en er rangt þýdd á tveim stöðum. »Erlendis« þýðir »alstaðar annarsstaðar en í Danaveldi«, en »paa udenlandsk Territorium« þýðir »í landi eða landhelgi annars ríkis« o: nær ekki til úthafsins eða landa, sem ekki eru veðurkend ríki eða eign neins viðurkends ríkis. »I udenlandsk Havn« í 3. p. greinarinnar þýðir í þessu sambandi »í utanríkishöfn« en ekki »í útlendri höfn«. — Hjer byggist greinin á 52. gr. l. 22. marz 1890, og er orðalagi þeirrar greinar haldið eftir því sem hægt er. Þó er slept ákvæðunum um hvað skipstjórinn eigi að gera, þegar hann kemur með glæpamanninn til danskrar hafnar; eftir sambandinu milli Íslands og Danmerkur er ekkert sjerstakt um það að segja, skyldur skipstjóra í þessu efni eru hinar sömu hvort sem hann kemur til danskrar eða íslenzkrar hafnar. — Breytingarnar á 47. gr. frv. 1911 eru þessar: »Drýgi« er sett fyrir ‚vinni'. ‚Svo fljótt sem auðið er' er sett fyrir ‚þegar sem hann má' sbr. 45. gr. ‚Í landi eða landhelgi annars ríkis' er sett fyrir ‚erlendis'. ‚Utanríkis' er á tveim stöðum sett fyrir ‚útlendri'.

Við 53.—63. gr.

Þessar greinar eru um umboð skipstjóra gagnvart þriðjamanni til þess að gera samninga fyrir hönd útgerðarmanns og farmeigenda. Um það efni eru engin bein lög til í íslenzkum lögum, en mjög mikil þörf á slíkum lögum. Hjer er einnig þörf á, að lögin sjeu sem líkust lögum þeirra þjóða, sem vjer höfum mest siglingaviðskifti við. Er því nauðsynlegt að þau sjeu í svo góðu samræmi við norðurlandasiglingalögin sem kostur er á. 48.—58. gr. frv. 1911 eiga að vera algerlega bygðar á dönsku, norsku og sænsku siglingalögunum, og er því rjett að halda þeim óbreyttum, að svo miklu leyti sem samræmi er í raun og veru til staðar.

Við 53. gr.

Eftir orðunum í upphafi 48. gr. frv. 1911, er eðlilegast að skilja þá grein svo, að þar sje átt við hverja samninga skipstjórinn geti gert sjer að ábyrgðarlausu, en eins og sjest á 51. og 52. gr. (frv. 4911) er það ekki meiningin; hjer er einungis meiningin að setja lög um hverja samninga skipstjórinn geti gert, svo fullgilt sje gagnvart þriðjamanni (legitimation skipstjóra). Ákvæðinu er í þessari grein breytt í samræmi við þetta. — ‚Selur skipið á leigu' nær einungis til hlutarjettargerninga um leigu á skipi en ekki til eiginlegrar »kröfurjettar« fartekju; hjer er því sett ‚gerir farmsamninga', eins og í norðurlandasjólögunum (»Bortfragtning«). — ‚Söknaraðili' er sett fyrir ‚málflytjandi', því að í ákvæðinu er ekki eiginlega átt við hver faktiskt flytji málið, heldur hafi rjett til þess að höfða það og halda því áfram (gefa málflytjandanum umboð).

Við 55. gr.

‚Uppboð' er sett fyrir ‚söluþing'; að öðru leyti er þessi grein eins og 50. gr. frv. 1911.

Við 59. gr.

Upphaf þessarar greinar virðist rjett að orða í samræmi við upphaf 53. gr., því að báðar greinarnar eru um samsvarandi efni (»legitimation« skipstjóra fyrir hönd útgerðarmanns, og fyrir hönd farmeigenda); svo er gert í sænsku siglingalögunum. — Aftan við 1. p. 54. gr. frv. 1911 er hjer bætt tilvitnun til síðari mgr. 54. gr. hjer; það er vafalaust, að sú takmörkun, sem þar er sett, á að gilda einnig hjer, og er það tekið skýrt fram í 54. gr. norsku og sænsku siglingalaganna, en ekki í dönsku siglingalögunum. — ‚Söknaraðili' er hjer eins og áður sett fyrir ‚málflytjandi'.

Við 60. gr.

‚Skoðunarmenn dæma' er sett fyrir ‚það var dæmt' í 55. gr. frv. 1911; það er skýrara.

Við 62. gr.

‚Uppboð, er sett fyrir ‚söluþing' samkvæmt almennri málvenju.

Við 64. gr.

Þessi grein samsvarar 59. gr. frv. 1911. ‚Svik, hirðuleysi og gáleysi' er hjer sett fyrir ‚yfirsjónir og vanrækslu' eins og í 13. gr. hjer að framan og af sömu ástæðum.

Við 65. gr.

‚Fartakandi' er betra en ‚leigutaki', af því að síðara orðið nær eiginlega einungis til þess, sem hefur *leigt* skipið, þ. e. gert hlutarrjettargerning, en ekki til þess, sem hefur samið um flutning með skipinu; ‚fartakandi' nær aftur á móti til beggja.

Við 66. gr.

Ákvæðið um frávikning skipstjóra með dómsúrskurði verður að falla burt af ástæðum, sem taldar eru við 19. og 29. gr. hjer að framan.

Við 67. gr.

»Ráðningarsamningur« er sett fyrir »ráðningarsáttmáli«, »sigla undir dönsku flaggi« er sett fyrir »bera danskan fána«; það er þó athugunarvert, hvort ekki eigi að gefa skipstjóranum heimild til þess að rifta samningnum ef skipið hættir að vera íslenzkt, sbr. 1. gr.; riftunarheimildin næði þá einnig til þess tilfellis, að skipið verður danskt. Ennfremur er hjer — og víðar í lögunum — þörf á reglu um það hvenær telja eigi för endaða á fiskiskipum: er hver »túr« sjálfstæð för? eða hver vertíð? eða er allur »tíminn« ein för? Jeg hef ekki treyst mjer til þess að gera um þetta almenna reglu.

Við 68. gr.

Þessi grein samsvarar 63. gr. í frv. 1911, sem átti að vera í samræmi við 63. gr. dönsku siglingalaganna, en á þýðingunni eru nokkrar misfellur, sem hjer er bætt úr. — »Svik, hirðuleysi eða gáleysi«, er sett fyrir »yfirsjón eða hirðuleysi«, sbr. 13. gr. hjer að framan. »Herhald« er hjer sett fyrir »löghald«; löghald er sama sem kyrsetning eða arrest; í 58. gr. laga 22. marz 1890 er »embargo« kallað »hald«. Fyrir »flutningsbann« er sett »aðflutnings- eða útflutningsbann«, því að ákvæðið á ekki að ná til allra flutningsbanna, t. d banns gegn því að flytja sprengiefni með farþegaskipum og því uml. »Er skipstjóra-' samningurinn úr gildi« er sett fyrir »á skipstjóri frjálsa brautför«, því að meiningin er hjer að báðir aðilar — útgerðarmaður og skipstjóri — geti sagt samningnum lausum, en ekki að það sje forrjettur skipstjóra að velja hvort hann vilji heldur vera eða fara.

Við 69. gr.

»Er settur af« síðast í 1. p. er sett fyrir »fer« í frv. 1911 (64. gr.), því að orð frv. 1911 geta misskilist þannig, að hann eigi kaup þangað til hann »faktiskt« fer af skipinu. — Orðin »hjer á landi — erlendis« þýða hjer »á Íslandi — utan Íslands«, en í dönsku þýðingunni, sem fylgdi frv. 1911 stendur »i Riget — Udlandet«, sem þýðir »innanríkis — utanríkis«; hjer er greiningu frv. 1911 haldið, því að hún virðist sanngjarnari, en þá verður að athuga, að danska þýðingin sje í samræmi við ísl. textann; til frekari skýringar er »i útlöndum« sett fyrir »erlendis«, sem víða í íslenzkum lögum þýðir »utanríkis«.

Við 70. gr.

»Sigla undir dönsku flaggi« er sett fyrir »bera danskan fána«, sbr. athugasemd við 67. gr. i f.

Við 71. gr.

Upphaf 66. gr. í frv. 1911 er ekki alveg í samræmi við § 66 í norðurlandasiglingalögunum eins og til var ætlast, og er það leiðrjett hjer. — Hjer er ferðakostnaðarrjettur skipstjóra látinn velta á því, hvort hann er ráðinn hjer á landi eða í útlöndum, í samræmi við greininguna í 69. gr. hjer að framan. — »Að ófriður væri hafinn« er sett fyrir »ófriðar von« í samræmi við norðurlandasjólögin; eftir þeim er ekki nóg að skipstjórinn hafi *búist við* ófriði.

Við 72. gr.

Eftir norsku siglingalögunum á skipstjórinn, þegar svo stendur á sem hjer ræðir um, kaup ekki einungis fyrir helming heldur fyrir allan meðaltímann. — Regluna um meðaltímann má heimfæra hliðstætt á meðalútvistartíma fiskiskipa.

Við 73. gr.

Þessi grein er eins og 68. gr. í frv. 1911, nema skotið er inn í fyrstu setninguna

til skýringar »sem«, því að hjer er átt við að skipstjóra sje launað með hundraðsgjaldi (í stað fasts kaups). — Hjer væri þörf á reglu um hvernig koma eigi ákvæðinu við á »premíur« fiskiveiðaskipstjóra; það kemur oft ranglega niður að jafna premíunum stranglega eftir tímalengd.

Við fimta kapítula.

Um skipshöfn.

Við 75.—77. gr.

Þessar greinar eru ráðningar í skiprúm. Í frv. 1911 eru 70.—73. gr. um þetta efni, en á þeim greinum eru svo miklar misfellur, nema 73. gr., að þær verða algerlega að falla burt og nýjar að koma í staðinn. 70. gr. frv. 1911 nær engri átt hjer á landi, af því að »farbækur« þekkjast ekki og hafa aldrei þekkst hjer; 71. gr. i. f. er í beinni mótsögn við 72. gr. o. s. frv. En auk þess er í frv. 1911 ekkert tillit tekið til þeirra óska, sem fram hafa komið frá útgerðarmönnum um óbrotnari og tryggari reglur um ráðning manna í skiprúm, heldur að mestu leyti farið eins og áður eftir dönsku siglingalögunum. Ráðning er eftir frv. 1911 jafnvel margbrotnari en nokkru sinni áður, þar sem frv. krefst skriflegs samnings í vissum tilfellum, sem gerður sje í viðurvist lögreglustjóra, auk viðskiftabóka, skipshafnarskrár og lögskráningar; og ráðningin er í engu verulegu tryggilegri, sbr. þó 75. gr. frv. Eftir lögum þeim, sem nú gilda, þarf til löglegrar ráðningar í skiprúm: 1) viðskiftabók, 2) skipshafnarskrá — hvorttveggja með samningnum við sjómanninn, og 3) lögskráning fyrir lögskráningarstjóra. Það, sem haft hefur verið á móti þessu fyrirkomulagi, er, að það sje bæði of margbrotið og of ótrygt. Ótrygt er það af því, að eftir núgildandi lögum hefur verið litið svo á, að lögskráning geti ekki farið fram, nema rjett áður en skipið leggur út, en á hinn bóginn er maðurinn ekki fullráðinn fyr en lögskráð er að því leyti, að fyrri verður ekki beiðst lögregluþvingunar til fullnægingar á samningnum. Ennfremur hefur það þótt ótrygt að hafa ekkert annað en hinar óhöndulegu viðskiftabækur sem undirsföðu undir ráðningunni þangað til lögskráning fer fram; því hefur það tíðkast mjög að gera sjerstaka skriflega samninga fyrir »ráðningarmanni«, en samningar þessir hafa ekki opinbert gildi og tryggja því ekki til fulls, t. d. gegn tvíráðningu, og alls ekki t. d. gegn neitun að ganga á skip. Nú má telja 4) sjerstakan skriflegan samning í viðurvist ráðningamanns til ráðningar. Eftir frv. 1911 átti svo, eins og áður er sagt, að bæta við 5) skriflegum samningi í vissum tilfellum, gerðum í viðurvist lögskráningarstjóra; gerir það ráðinguna hvorki tryggari nje óbrotnari.

Útgerðarmenn í Reykjavík hafa nú stungið upp á afnámi viðskiftabóka til þess að gera ráðninguna óbrotnari og leyfi til þess að lögskrá hvenær sem vill til þess að gera hana tryggari. Það fyrirkomulag, sem hjer er stungið upp á, er mjög líkt þessu. Það hefur ekki þótt neitt varasamt, að afnema viðskiftabækurnar, en vegna sjómannanna verður þá um leið að lögskipa skriflega samninga, og í þessum skriflegu samningum ættu þá af sömu ástæðum að vera helztu lagaákvæði um stöðu skipverjanna og leiðbeining fyrir þá í útlöndum. Ráðningin verður enn fremur óbrotnari við það, að hún fer nú öll fram fyrir sama manninum. Lögskráningin er eftir uppástungu minni í því einu fólgin, að maður, sem löggiltur er til þess af hinu opinbera, er viðstaddur samningsgerðina og sjer um, að hún fari löglega fram og vottar það. Jeg hef kallað lögskráningarstjórann »ráðningarstjóra«, af því að mjer finst orðið ‚lögskráningarstjóri' ekki eiga vel við; en auðvitað skiftir það minstu máli, hvaða orð er haft. Jafnframt þessum breytingum verður að breyta l. 25, 3. okt. 1903 og l. 53, 30. júlí 1909.

Við 75. gr.

Orðalag þessarar greinar er svo líkt, sem hægt er, orðalagi 13.—16. gr. farmannalaganna. — Formleg ráðning (lögskráning) er hjer takmörkuð við skip, sem eru meira en 12 tonn; þess virðist ekki þörf um minni skip. Efni samningsins er að mestu leyti eins og efni samningsins í viðskiftabókinni; aðalbreytingin er ákvæðið um, að tiltaka skuli venjulegt eða hæfilegt mánaðarkaup, ef skipverji er ekki ráðinn gegn kaupi, sem miðað er við tíma. Þetta er gert til þess, að hægt sje að reikna hegningar, aukakaup og uppbætur samkvæmt lögunum. »Hæfilegt kaup« er sett hjer af því, að sumstaðar er varla hægt að

tala um »venjulegt« kaup; verður þá skipstjóri og sjómaðurinn, að koma sjer saman um einhverja upphæð — ef þarf með aðstoð ráðningarstjóra. — Bæði skipstjóri og sjómaður eiga að skrifa nöfn sín undir samninginn, meðal annars af því, að ætlast er til, að eftir þessum lögum skrifi skipverji ekki undir skipshafnarskrána. Yfirleitt er ætlast til þess, að skipshafnarskráin geti orðið óbrotnari en nú er; að eins stuttur útdráttur úr samningnum. Ákvæðinu um hvað skuli gilda skipshafnarskrá eða samningur — ef þeim ber á milli —, er slept hjer, af því að ætlast er til, að skipshafnarskráin hafi ekki samskonar gildi eins og áður, þegar hún var undirskrifuð af skipverja. Hjer væri aftur á móti ef til vill ástæða til þess, að setja samsvarandi ákvæði, ef eintökum samningsins ber ekki saman. — Mestar breytingar eru gerðar á núgildandi reglum um lögskráningu. Árleg ráðning (»lögskráning«), sjá 20. gr. farm.l., er úr lögum numin; hennar virðist ekki þörf hjer á landi, þegar svo tryggilega er um ráðninguna búið frá upphafi. Enn fremur er úr gildi numin reglan um að lögskráning skuli fara fram þar sem skipið þá liggur, en í samningnum á að taka fram hvaðan eigi að gera skipið út. Ákvæðið í 27. gr. fml. er sömuleiðis úr lögum numið; útlend skip falla undir aðalákvæði laganna. — Nánari ákvæði um ráðninguna verður að setja í leiðarvísi þeim, sem getur um í næstu grein.

Við 76. gr.

Nú eru lögreglustjórar jafnan lögskráningarstjórar, en það er að ýmsu leyti óhentugt, sjerstaklega, þar sem mikið er um ráðningar, og jafnframt mikið um önnur störf lögreglustjórans. Hjer er því farið fram á að löggilda megi sjerstaka ráðningarstjóra, þar sem þess þykir þörf og því verður komið við. Þess er auðvitað ekki þörf annarsstaðar en þar sem nokkuð verulegt er um skiparáðningar. Og því verður ekki komið við, eftir störfum þeirra, nema þar sem er lögfræðingur, sem getur tekið það að sjer. Þeir eiga sem sje t. d. að aðgæta, að samningurinn sje yfir höfuð lögum samkvæmur. Þess virðist ekki þörf að ákveða ráðningarstjórum nein laun, heldur einungis gjald fyrir hverja ráðningu.

Við 77. gr.

Hjer ræðir um lögskráning úr skiprúmi. Ákvæðunum um að lögskráningastjóri skuli aðstoða við reikningsskil skipstjóra og skipverja er hjer slept; þau munu hafa verið mjög lítið notuð, enda eins og til hagar hjer á landi venjulega ómögulegt að gera upp reikningana samtímis lögskráningunni úr skiprúmi. Reikningsskilin verða að vera alment dómsmál, ef aðiljar koma sjer ekki saman.

Við 78. gr.

Þessi grein er í samræmi við eldri íslenzk lög (rb. 13, 4 § 26) og fyrri hluta 73. gr. frv. 1911. Síðari hluti 73. gr. frv. 1911 verður aftur á móti að falla niður af því að farbækur þekkjast ekki hjer á landi. Í greininni er átt við lögformlega ráðningu; ef maður lofar fleiri en einum að ráðast í skiprúm með honum, þá verður að fara eftir almennum reglum.

Við 79. gr.

Hjer er gerð sú breyting á frv. 1911 (74. gr.), að orðin ‚kaup á hann . . .' eru sett fyrir ‚ráðningartími', sem er röng þýðing á dönsku siglingalögunum, sem höfð voru til fyrirmyndar.

Við 80. gr.

Þessi grein er í samræmi við 35. gr. l. 22. marz 1890 og norðurlandasiglingalögin með þeirri breytingu, sem leiðir af breytingunni á 75.—76. gr., nefnil. að nú þarf skipverji einungis að vera ráðinn samkv. 75. gr. til þess að beita megi við hann þvingun, en áður var krafist lögskráningar. Auk þessa er orðalagi frv. 1911 breytt í samræmi við 35. gr. l. 1890.

Við 81. gr.

Í 74. gr. er bannað að halda skipstjóra eftir sakir skulda, eða gera fjárnám í þeim hluta eigna hans, sem hann þarfnast á ferðinni. Í 76. gr. frv. 1911 er þetta ákvæði heimfært á skipshöfn eingöngu að því er fjármuni snertir; en persónulegt hald vegna skulda

er ekki bannað, eftir orðum nefndrar 76. gr. frv. 1911. Þessi takmörkun hefur þó vafalaust ekki verið gerð með vilja; meiningin hefur verið að fylgja dönsku siglingalögunum, en þau á vafalaust að skilja svo, að öll ákvæði § 69 skuli gilda einnig um skipshöfn, sbr. § 76 í sænsku siglingalögunum, sem er alveg ljós. Til þess að gera þennan mismun eru heldur ekki neinar eðlilegar ástæður, og er ákvæðinu því breytt hjer, og orðalagið haft líkt og í sænsku siglingalögunum.

Við 82. gr.

Þessi grein byggist á 32. gr. l. 22. marz 1890, og er í samræmi við 77. gr. frv. 1911, dönsku, norsku og sænsku siglingalaganna.

Við 83. gr.

Hjer er sett ‚svik, hirðuleysi eða gáleysi' í staðinn fyrir ‚misgrip, hirðuleysi eða vanrækslu' í samræmi við orðalagið annarsstaðar í þessu frv., sbr. t. d 13. gr.

Við 84. gr.

Þessi grein er í samræmi við norðurlandasiglingalögin (cfr. þó að í 79. § norsku siglingal. er tekið fram, að vjelaliðið sje undanþegið yfirvaldi stýrimanns). Svo var líka tilætlunin með 79. gr. frv. 1911, en í upphafi þeirrar greinar er dálítil ónákvæmi, sem hjer er leiðrjett.

Við 85. gr.

Hjer er breytt dálítið orðaröðinni í frv. 1911 (80. gr.) í samræmi við orðaröðina í 84. (79.) gr. Orðaröðin, sem hjer er stungið upp á, á að sýna að það sem hjer er talið upp sje skylda vjelarstjóra frekara en annara starfsmanna skipsins; en auðvitað munar það mjög litlu að efni til frá orðaröð frv. 1911. — Í norsku siglingalögunum er hjer bætt við ákvæðum um, að vjelaliðið standi að jafnaði ekki undir yfirvaldi stýrimanna.

Við 86. gr.

Þessi grein er í samræmi við frv. 1911 og norðurlandasiglingalögin. Til skýringar er þó sett ‚verzlunarvörur' fyrir ‚vörur'. Og fyrir ‚gera glundroða' er sett ‚valda óreglu' sbr. í sænsku siglingalögunum. »vålla oordning bland besättningen«.

Við 87. gr.

Í 82. gr. frv. 1911, 2. mgr., stendur »Ef þeir voru ráðnir um óákveðinn tíma«, en á auðsjáanlega að vera »ákveðinn tíma«, og er því breytt hjer. »Fermingar« er sett fyrir »farmtöku« í samræmi við orðalag frv. annarstaðar.

Við 88. gr.

Þessi grein byggist á 53. gr. fml. 12. marz 1890 og 83. gr. frv. 1911. Í 53. gr. l. 1890 er 2 ára tíminn þó talinn frá því er ráðningasamningurinn *var gerður*, og í frv. 1911 er hann talinn frá *lögskráningu*, en hjer frá því er *vistartíminn byrjaði*. Breyting þessi er nauðsynleg vegna ákvæðanna í 75. gr. um að ráðning (lögskráning) geti farið fram jafnvel löngu áður en vistartíminn byrjar; þann tíma sem líður frá ráðningu og þangað til vistartíminn byrjar er engin ástæða til þess að telja með 2 ára tímanum. —‚Farmtöku' er breytt í ‚fermingar'.

Við 89. gr.

‚Seglfesta' er hjer sett fyrir ‚kjalfesta' í 84. gr. frv. 1911.

Við 90. gr.

‚Verða skipstjóri' er sett fyrir ‚fara með skip'. Greinin byggist annars á 54. gr. fml. 22. marz 1890. Í norsku siglingalögunum er hjer (§ 85) bætt við almennu ákvæði um að skipstjóri geti jafnan riftað samningnum ef hann getur ekki fullnægt honum án »betydelig Velfærdstab«s.

Við 91. gr.

Hjer er felt úr ‚skipsmenn', því að aðalatriðið er ekki að skipverja sje misþyrmt

af öðrum skipverja, heldur hitt, að skipstjóri veitti honum ekki þá vernd, sem honum bar. — Mánaðarkaupið, sem hjer er nefnt, reiknast — ef t. d. er um hálfdrættinga að ræða — eftir ákvörðun kaupsins samkvæmt 75. gr.

Við 92. gr.

Í stað »fararleyfis« er sett ‚lausnar úr skiprúmi'; það er dálitið óviðkunnanlegt að tala um ‚leyfi' þar sem er rjettur; meiningin er hjer að skipverjar geta riftað samningnum og krafist þess að vera máðir löglega úr tölu skipverja. Að öðru leyti er greinin í samræmi við 87. gr. frv. 1911.

Við 93. gr.

»Sigla undir dönsku flaggi« er sett fyrir ‚heimild til að bera danskan fána'. Hjer er annars sama máli að gegna sem í 67. gr. um skipstjórann, að vafasamt er hvort riftunarástæðan eigi ekki að vera að skipið hættir að vera íslenzkt, sbr. 1. gr., og þarmeð ná til þess tilfellis, að skipið verður danskt. Ástæðan til þess að skipverji má rifta eftir þessari grein, er að hann kemur undir ný lög, sem hann þekkir ekki; sú ástæða gildir einnig þá er skipið verður danskt, en að vísu er hjer aftur sá munur að vegna sambandsins milli landanna má gera ráð fyrir að rjettarverndin verði í öllu verulegu hin sama.

Við 94. gr.

Þessi grein byggist að nokkru leyti á 67. gr. og 37. gr. fml. 1890, og er að mestu í samræmi við 89. gr. frv. 1911. Þó er hjer sett ‚útflutningur' í stað ‚brautflutningur' samkv. almennri lagamálvenju, og ‚utanríkis' fyrir ‚erlendis' til skýringar — meiningin er vafalaust utanríkis, sbr. norðurlandasiglingalögin.

Við 95. gr.

Um rjettarstöðuna þá er skipverji sýkist eða slasast voru ákvæði í 63.—66. gr. fml. 22. marz 1890; þær eru um kaup, lækninga- og hjúkrunarkostnað. Ákvæðin um lækning og hjúkrun voru tekin upp í fátækralögin (44, 10. nóv. 1905 23.—26. gr.), en alveg óbreytt. Á þessum ákvæðum eru nokkrir gallar. Þau eru bundin við *lögskráða* skipverja; þetta er óheppilegt ekki einungis eftir þessum lögum, þar sem ætlast er til að ekki sje »lögskráð« nema á skip, sem eru stærri en 12 tonn, heldur einnig eftir núgildandi lögum. Akvæðin eiga að ná til allra skipverja, en ekki fyr en þeir eru komnir í skiprúmið, þ. e. gengnir í þjónustu skipsins. Enn fremur er sá galli á núgildandi lögum, að ákvæðin um kaup sjúkra skipverja eru mjög ónákvæm. Og loks er sá galli að engin ákvæði eru um riftun samningsins. Hjer er ætlast til að bætt sje úr þessum göllum, og í því fylgt að mestu frv. 1911, en eldri ákvæðin að öðru leyti tekin upp óbreytt, þótt í annari röð sje. A frv. 1911 eru gerðar þessar breytingar: Í 1. línu er skotið inn í ‚eftir að hann er kominn í skiprúm' samkvæmt því sem að framan er sagt, sbr. § 90 í norsku *siglingalögunum*. ‚Fransós' er sett fyrir ‚kynsjúkdóm'; það er nokkuð hart að gera hverskonar »kynsjúkdóm« að riftunarsök, enda ekki gert t. d. í norsku siglingalögunum. ‚Utanríkis' er sett fyrir ‚erlendis' til frekari skýringar. Seinna í greininni er ‚utanlands' sett fyrir ‚erlendis' sömuleiðis til skýringar. Í næstsíðasta málslið greinarinnar er breytt orðum frv. 1911 af því að þau þóttu nokkuð óljós, en efnið er hið sama. — Útgerðarmenn í Reykjavík hafa stungið upp á að skyldan til hjúkrunar hvildi einungis á útgerðinni gagnvart þeim sem ráðnir væru um lengri tíma, t. d. allan fiskiveiðatímann eða 8 mánuði, en þessi greining getur komið svo ójafnt niður að varla er þorandi að innleiða hana fyrst um sinn, meðan ekki eru t. d. vátryggingarsjóðir gegn slysum eða þessh. Og auk þess er skyldan eins og hún nú er eftir lögunum (að jafnaði einungis þegar sjúkdómurinn er manninum ekki að kenna og kemur upp eftir að hann er farinn að vinna fyrir skipið) ekki mjög þungbær.

Við 96. gr.

Grein þessi byggist á 91. gr. frv. 1911. Þessar breytingar eru þó gerðar: ‚herhald' er sett fyrir ‚löghald'. sbr. aths. við 68. gr.; ‚rifta' er sett fyrir ‚slíta'; ‚sjóræningjar' er sett fyrir ‚víkingar', sbr. hl. 25. júní 1869 246. gr.; og ‚sjóferðaskýrsla er gefin' f. ‚borið er skipsvætti', sbr. aths. við 45. gr.

Við 97. gr.

»Utanlands« er hjer sett fyrir ‚erlendis'; ‚erlendis' er ýmist haft um »utanrikis« eða »utanlands« og getur því valdið vafa. Hjer virðist rjettast að láta velta á því hvort skipinu er lagt í vetrarlagi utan*lands* eða innan, en ekki utan*ríkis*—innan*ríkis*. — Greinin byggist annars á samhljóða § 92 í öllum norðurlandasiglingalögunum.

Við 98. gr.

Eftir núgildandi lögum telst kaup skipverja, sem deyr á ferð, til dánardags, fml. 22. marz 1890 64. gr.; skipstjóri annast útförina, en kostnaðinn má borga af kaupi skipverja meðan það hrekkur, l. 44, 10. nóv. 1905 24. gr. Reglan um kaupið er hin sama í frv. 1911, nema undartekning er gerð berum orðum um það, ef maðurinn hafði áður mist rjett til kaups að lögum. Aftur á móti er reglunni um greftrunina breytt svo, að útgerðarmenn eiga eftir frv. 1911 ávalt að kosta hana. Þessi breyting er óþörf og virðist ekki sanngjörn gagnvart útgerðarmönnum. Það virðist óparfi að breyta núgildandi lögum um að ættingjar eða aðrir aðstandendur sjái um greftrunina ef skipverji deyr á heimili skipsins eða ráðningarstað, og er reglan því hjer um þetta látin vera eins og nú er. Reglan um að útgerðarmenn beri ávalt kostnaðinn virðist of hörð gagnvart þeim; á hinn bóginn virðist regla l. 1905, 24. gr. fullhörð gagnvart skipverjanum. Ef þörf er á reglunni í 95. gr. (hjer) um hjúkrunarkostnað virðist hljóta að vera sama þörf á reglu um greftrunarkostnað. Hjer er því stungið upp á, að útgerðarmenn kosti greftrunina í sömu tilfellum sem þeir eiga að kosta hjúkrun og læknishjálp, en ekki í öðrum. Likt fyrirkomulag er í 93. gr. norsku siglingalaganna.

Við 99. gr.

Þessi grein byggist á 56., 57. og 59. gr. fml. 22. marz 1890 að mestu óbreyttum; þó er síðasta setningin nýmæli. Á 94. gr. frv. 1911 hef jeg gert þær breytingar, að ‚herhald' er sett fyrir ‚lögheld', sbr. aths. við 68. gr., og ‚ferming' fyrir ‚farmtaka'.

Við 100. gr.

Þessi grein byggist á 68. gr. fml. 1890, breytingarnar virðast til bóta.

Við 101. gr.

Þessi grein byggist á 69. gr. fml. 1890, og er í samræmi við 96. gr. norsku og sænsku siglingalaganna. Í 49. gr. (hjer) er reglan um að skipverjar skuli að jafnaði ekki settir til starfa á sunnudögum etc., en hjer er ákvæði um kaup fyrir helgidagavinnu.

Við 102. gr.

Þessi grein byggist á 60. gr. fml. 1890 og § 97 í norðurlandasiglingalögunum. Aðalbreytingin frá l. 1890 er, að hjer er áherzlan lögð á það, hvort ferðin endar annarstaðar en tiltekið var í samningnum — hvort sem það er innanlands eða utan —, en í l. 1890, er áherzlan lögð á að ferðin endi erlendis. Orðum frv. 1911 er breytt á einum stað: ‚skráningarmáli' er óþjált og óþekt; ‚úrskáning' er prentvilla; ‚heimilaði' á rjettara að vera ‚átti'.

Við 103. gr.

Þessi grein byggist á 60.—61. gr. fml. 1890 og norðurlandasiglingalögunum. Á frv. 1911 eru gerðar þessar breytingar: ‚utanlands' er sett fyrir ‚erlendis', því að ‚erlendis' getur misskilist, en sanngjarnt virðist að veita sjómönnum rjett á heimflutningskostnaði ef samningnum er slitið utan*lands*, þótt ekki sje það utan*ríkis*. Tilvitnun til 95. gr. er bætt inn í. ‚Víkingar' er breytt í ‚sjóræningjar'. ‚Kostnaðinn' er sett fyrir ‚*heim*far*ar*kostnaðinn' til þess að ákvæðið verði ekki ekki misskilið svo, að landssjóður eigi einungis að greiða ferðakostnaðinn en ekki fæðispeningana.

Við 104. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar byggist á 55. gr. fml. 1890, en síðari hlutinn á 58. og 63. gr. sömu laga. — Hjer vantar tilfinnanlega ákvæði um það, hvenær greiða eigi hálfdrættingum kaup þeirra, og eins um greiðslu andvirðis þeirra hluta af aflanum þá er útgerðarmaður kaupir hann, eins og venjulegt er, en jeg hef ekki treyst mjer til að gera það ákvæði án aðstoðar þeirra sem við ákvæðið eiga að búa.

Við 105. gr.

Eftir þeirri breytingu sem gerð er í 75. gr. þessa frumvarps á núgildandi ákvæðum um ráðningu, virðist 1. p. 100. gr. frv. 1911 verða að falla burt, enda mun samsvarandi ákvæði í 17. gr. fml. 1890 aldrei hafa komið að neinum verulegum notum hjer á landi. Mál þau, sem hjer um ræðir, verður að leggja fyrir hina almennu dómstóla og kemur þá leiðbeiningaskylda dómarans í stað »úrskurðar« lögskráningarstjóra. En þó ákvæðið væri látið standa gæti það varla staðið óbreytt; úrskurðarvald það, sem frv. 1911 vill veita lögskráningarstjórum, væri mjög varhugavert, enda mun það byggjast á misskilningi á dönsku lögunum; í þeim er talað um »Prövning« en ekki »Afgörelse« eða »Kendelse« og meira gæti varla verið umtalsmál hjer. — ‚Utanríkis' er hjer sett fyrir ‚erlendis'.

Við 106. gr.

Þessi grein er að efni til að mestu óbreytt eins og 34. gr. fml. 1890, en í frv. 1911 er orðalaginu vikið talsvert við. Hjer er orðalagið nálægt farmannalögunum í þeim atriðum, sem geta valdið misskilningi, en að öðru leyti stendur greinin óbreytt. Seinni partur greinarinnar er í frv. 1911 orðaður eins og hann ætti einungis við líkamsskemdir, en engin rök eru til þeirrar takmörkunar, enda ekki sett í fml. 1890; hjer er því sett »tjón«, sem nær bæði til líkams- og eignaskemda.

Við 107. gr.

Þessi grein byggist á 36. gr. fml. 1890; afbrotin, sem skipstjóri má leggja hegningu við, eru flest hin sömu; 9. tilfelli l. 1890 er þó felt burt og 1. og 4. tilfelli breytt. Annars er aðalbreytingin fólgin í því að afbrotunum er hjer raðað í flokka. Síðast í 102. gr. frv. 1911 er nýmæli, sem mjer hefur þótt rjettast að fella burt að svo stöddu; það er ákvæðið um vald skipstjóra til þess að beita varðhaldi. Jeg held ekki að nein þörf sje á þessu ákvæði og virðist það varhugavert. Aðra breytingu hef jeg gert í frv. 1911: í 2° er skotið inn í orðunum »á laun« í samræmi við samsvarandi ákvæði (§ 103) í norðurlandasiglingalögunum.

Við 108. gr.

Þessi grein byggist á 37. gr. fml. 1890, en er miklu stuttorðari. A 103. gr. frv. 1911 er gerð sú breyting, að ‚próf' og ‚halda próf' er sett fyrir ‚kveðja til framburðar' samkvæmt almennri lagamálvenju.

Við 109. gr.

Þessi grein byggist á 39. og 40. gr. l. 1890, en er stuttorðari. Hún er einnig að mestu leyti í samræmi við norsku og dönsku siglingalögin. — Á 104. gr. frv. 1911 hef eg gert þessar breytingar: ‚búa um það' er sett fyrir ‚umbúa'; »oplægges« er í daglegu tali kallað ‚lagt upp', en það mun ekki vera góð íslenzka; ‚búa um' nær nokkurn veginn meiningunni, en ‚umbúa' er óljóst. ‚Utanríkishöfn' er sett fyrir ‚útlend höfn'. — Hjer vantar í rauninni ákvæði um það, ef skipið kemur til hafnar innan*ríkis* en utan*lands;* eftir 39. gr. l. 1890 hefur lögskráningarstjóri þar sama hlutverk sem konsúll í utanríkishöfn, og væri rjett að bæta því ákvæði hjer inn í. Það eitt verður haft á móti því, að íslenzka löggjafarvaldið getur ekki lagt dönskum sýslunarmönnum skyldur á herðar.

Við 110. gr.

Grein þessi byggist á 41. (og 47.) gr. fml. 1890, og er í samræmi við 105. gr. dönsku siglingalaganna. Á frv. 1911 eru gerðar þessar breytingar: ‚ráðningarstjóri' er sett fyrir ‚skráningarstjóri' og ‚utanríkis' fyrir ‚erlendis'.

Við 111. gr.

Þessi grein byggist á 47. gr. fml. 1890, og er í samræmi við 106. gr. dönsku og sænsku siglingalaganna og frv. 1911. Í norsku siglingalögunum er ekki ákveðið um skaðabætur fram yfir það sem kaupið hrekkur, og mælir ýmislegt með því ákvæði hjer á landi þar sem um hálfdrættinga er að ræða.

Við 112. gr.

Þessi grein byggist á 2. p. 47. gr. fml. 1890 og er í samræmi við 107. gr. norðurlandasiglingalaganna. Í 107. gr. frv. 1911 stendur: ‚Ef strokumaður er tekinn á skipi'; þetta er í dönsku lögunum: ‚træffes i Færd med at rømme'; rjettara virðist: ‚Ef skipverji er staðinn að stroki' og eru þau orð höfð hjer.

Við 113. gr.

Þessi grein er nýmæli í samræmi við 108. gr. norðurlandasiglingalaganna.

Við sjötta kapítula.

Um farteklu.

Um farteklu er nauðsynlegt að ákvæði þeirra landa, sem mest viðskifti eiga saman, sjeu sem líkust. Hjer verður að leggja aðaláherzluna á samræmið milli laganna, en minni áherzlu á að þau lög, sem sett eru, sjeu þau sem eiginlega eiga bezt við. Þó geta staðhættir o. fl. auðvitað verið svo mjög frábrugðin að nauðugur sje einn kostur að taka tillit til þeirra ef lögin eiga að verða til gagns. Vegna þess að viðskifti Íslendinga eru enn — og munu líklega lengi verða — langmest við Norðurlönd og Þýzkaland, eru Norðurlandasiglingalögin lögð hjer til grundvallar, og þær einar breytingar gerðar, sem virtust öldungis nauðsynlegar. ‚Fartekja' er sett fyrir ‚skipleiga' í frv. 1911 af því að hjer er um krófurjettargerning að ræða en ekki hlutarjett. Fartekja er tvennskonar: fyrir vörur og fyrir menn. Fartekja fyrir vörur er hjer kölluð farmsamningur, og fyrir menn: farsamningur.

Við 114. gr.

Hjer er orðunum vikið við frá orðalagi frv. 1911, vegna þess að orðið ‚skipleiga' er ekki rjett þýðing á ‚Befragtning'.

Við 115. gr.

‚Farmsamningur . . ' er sett fyrir ‚ekki er . . ', vegna þess að frv. 1911 er orðað eins og um eiginlega leigu sje að ræða, í stað þess að hjer er átt við flutningssamning. Sama gildir um orðin ‚fartakandi' og ‚farseljandi' fyrir *leigu*taki og *leigu*sali. — Greinin er annars í samræmi við norðurlandasiglingalögin.

Við 116. gr.

Þessar orðabreytingar eru gerðar í 111. gr. frv. 1911: ‚ferming' er sett fyrir ‚farmtaka', ‚farmsamningur' fyrir ‚skipleiga', ‚fartakandi' fyrir ‚leigutaki'. Auk þess er ‚eiga sök á' sett fyrir ‚vera valdur að'; í dönsku og norsku siglingalögunum stendur ‚tilregnes' og er með því tekið fram að »objektiv« orsök sje ekki nóg, heldur verði töfin einnig »subjektivt« að vera útgerðarmanni o. s. frv. að kenna; þetta liggur í íslenzku orðunum ‚eiga sök á'.

Við 117. gr.

Á 112. gr. frv. 1911 eru gerðar þessar breytingar: ‚fartakandi' er sett fyrir ‚leigutaki', ‚rjettur' er sett fyrir ‚leigurjettur'. ‚Að fá öðrum rjettinn' getur að vísu varla misskilist eftir sambandinu, en lagaorðið (terminus technicus) fyrir gerning þann, sem hjer er átt við, er ‚framsal' og sögnin ‚að framselja', og er það því sett hjer.

Við 118. gr.

‚Góss' er hjer sett fyrir ‚vöru', vegna þess að ‚vara' þýðir í ströngum skilningi einungis hluti, sem hafðir eru á boðstólum til sölu, en hjer er átt við hverskyns hluti sem fluttir eru á skipi. Í 113. gr. frv. 1911 eru tilfellin í 160. og 161. gr. einungis tekin sem dæmi nauðsynja til að skifta um skip, en eftir norðurlandasiglingalögunum eru þau tilfelli einu tilfellin (»saadant Nødstilfælde som omhandles i §§ 160 og 161« dönsku og norsku siglingalaganna § 113), og er því frv. 1911 breytt hjer í þessa átt.

Við 119. gr.

Hjer eru gerðar nokkuð margar breytingar á 114. gr. frv. 1911, en þær stafa allar af því, að frv. talar eins og um eiginlega leigu sje að ræða, en ekki flutningasamning. — Upphaf síðara partsins er óljóst orðað og væri ef til vill rjett að breyta því; jeg hef þó haldið að orðin yrðu ekki misskilin.

Við 120. gr.

Á 115. gr. frv. 1911 eru gerðar nokkrar breytingar í samræmi við fyrri breytingar. ‚Gætt þeirra fyrirskipana, sem settar eru um' er sett fyrir orð frv. 1911, sem ekki eru í samræmi við orð norðurlandasiglingalaganna, þótt meiningin sje mjög lík.

Við 121. gr.

Hjer eru samskonar orðabreytingar gerðar í 116. gr. frv. 1911 eins og í undanförnum greinum. — Reglan er í samræmi við 62. gr. 2. p. nýju viðskiftalaganna, og hefur verið talin gildandi lög hjer af yfirdóminum.

Við 123. gr.

A 118. gr. frv. 1911 eru gerðar sömu breytingar eins og í undanförnum greinum og auk þess er ‚kl. 6 e. h.' sett fyrir ‚miðaftan dags'. Enn fremur er ‚öðrum morgni' sett ‚næsta morgni' í samræmi við norðurlandasiglingalögin; ‚næsta morgni' þýðir morguninn eftir þann dag sem um er talað, en ‚annan morgun' þýðir morguninn þar eftir (»anden Søgnedags Morgen«).

Við 124. gr.

119. gr. frv. 1911 er tekin beint eftir dönsku siglingalögunum. En það er ljóst að tala biðdaga getur ekki verið hin sama hjer á landi, þar sem ekki eru (tekniskar) hafnir, sem í Danmörku. Jeg hef því felt burt ákvæðin um tölu biðdaga, en ekki treyst mjer til þess að setja ný í staðinn.

Við 125. gr.

Þessi grein er að mestu leyti eins og 120. gr. í frv. 1911 og í samræmi við § 120 í dönsku siglingalögunum. »Tonn« er sett fyrir ‚smálest'; ‚tonn' er algenga orðið, stutt, laggott og íslenzkulegt. »Farmbrjef« er sett fyrir ‚vöruskírteini', sjá aths. við 137. gr.

Við 127. gr.

Hjer er gerð sú breyting á 122. gr. frv. 1911, að ‚ferma' er sett fyrir ‚að taka við', þótt orð frv. 1911 geti varla misskilist, en ‚ferma' er það orð sem haft er um hugtakið alstaðar annarstaðar í frumvarpinu. — ‚Farmbrjef' er sett fyrir »vöruskírteini'.

Við 128. gr.

‚Tilkynning' er sett fyrir ‚fyrirsögn'; meiningin er nfl. að skipstjóri á að tilkynna hvenær hann getur tekið við góssinu og er vitalaus ef það kemur ekki eftir slíka tilkynningu, en sendandi er auðvitað í sjálfu sjer gagnvart skipstjóra sjálfráður um hvort hann sendir góssið eða ekki.

Við 129. gr.

‚Viðurkenning' er hjer sett fyrir ‚skírteini', sbr. »Bevis« í dönsku siglingalögunum. ‚Farmbrjef' er sett fyrir »vöruskírteini«.

Við 130. gr.

‚Farmbrjef' er sett fyrir ‚vöruskírteini', og ‚biðaukadaga' er gert að ‚aukabiðdaga'. Að öðru leyti er greinin eins og 125. gr. í frv. 1911.

Við 131. gr.

Á 126. gr. frv. 1911 eru gerðar nokkrar breytingar. Fyrir ‚skipleiga', ‚taka skip á leigu' o. s. frv. er alstaðar sett ‚farlekja', ‚semja um skip' (ɔ: far á skipi) o. s. frv. ‚Farmgjald' er sett fyrir ‚skipsleiga' (= Fragt). ‚Aukabiðdagar' fyrir ‚biðauki'. ‚Farmbrjef, fyrir

‚vöruskírteini'. Síðast í 1. p. er óljós setning: ‚ef bæði var samið um . . . '; meiningin er að ef samið er um tvær ferðir, sem eru brautferð og heimferð (ɔ: forholder sig til hinanden som Udrejse og Hjemrejse', »hvis det er Udrejse og Hjemrejse« dönsku sigll. § 126); hjer er orðum frv. 1911 breytt í þessa átt.

Við 132. gr.

Hjer er ‚fartaki' sett fyrir ‚leigutaki', ‚ferming' fyrir ‚farmtaka' og ‚aukabiðdagar' fyrir ‚biðaukadagar'.

Við 133. gr.

Fyrir ‚skipleiga' o. s. frv. er alstaðar sett ‚semja um skip' o. s. frv. Fyrir 'biðauki' er sett ‚aukabiðdagar', ‚farmtöku' ‚ferming' og fyrir ‚vöruskírteini' ‚farmbrjef'. ‚Ef svo er um samið að skip skuli fara . . . ' er sett fyrir ‚ef skip er leigt til farar', því að orð frv. 1911 virðast leggja aðaláherzluna á ferðina til fermingarstaðarins, en svo á ekki að vera; samningurinn er fyrst og fremst um ferðina frá fermingarstaðnum, en hitt er tilviljun, að fermingarstaðurinn er annar staður en sá, sem skipið nú liggur, og því verður skipið að flytja sig þaðan á fermingarstaðinn.

Við 134. gr.

Hjer er 129. gr. frv. 1911 breytt eins og undanförnum greinum.

Við 135. gr.

Á 130. gr. frv. 1911 eru gerðar sömu breytingar sem á undanförnum greinum. Fyrir orðin ‚af sje numinn' er sett ‚dreginn sje frá', af því það er algengara mál.

Við 136. gr.

‚Fermt hefur verið' er sett fyrir ‚fært var á skip', af því að það er algengara mál. Fyrir ‚farmeigandi' er sett .fartakandi' í samræmi við norðurlandasiglingalögin; farmeigandi og fartakandi þarf ekki að vera sami maðurinn, og skilyrðin til þess að geta krafist farmsins geta verið sín fyrir hvorn.

Við 137. gr.

Þessi grein er um »konnossement«. Í ísl. lögum er mikill glundroði á því hvað eigi að kalla ‚konnossement' á íslenzku. Í gjaldþrotalögunum 13. apr. 1894 er það kallað ‚farmskrá', í l. 16, 9. júlí 1909 2. gr, og nýju viðskiftalögunum 69. gr. o. v. ‚hleðsluskírteini', í kgl. augl. 23, 9. nóv. 1894 fullnaðargerð III ‚farmbrjef' og í frv. 1911 ‚vöruskírteini'. *Farmskrá* er í ýmsum lögum haft um ‚manifest' og á þar vel við. *Hleðsluskirteini* er langt og stirt, og gefur þó enga upplýsingu um eðli skjalsins. *Vöruskirteini*, er líka langt og stirt, og bætir ekkert úr glundroðanum. *Farmbrjef* er stutt og laggott; það gefur að vísu enga upplýsingu um eðli skjalsins, en það gerir t. d. »skuldabrjef« heldur ekki; en það er í samræmi við önnur orð um samsvarandi hugtök: farmsamingur — farsamningur, farmgjald — fargjald, farmbrjef — farbrjef. Því er orðið ‚farmbrjef' valið hjer, — ‚Mergð, er sett fyrir ‚hve mikil hún er', sbr. 3. gr. nýju viðskiftalaganna. Síðustu setningunni í frv. 1911 er breytt til skýringarauka; meiningin er að hver málsaðila geti krafist þess, að vísað sje til farmsamnings í farmbrjefinu. Aðrar breytingar á frv. 1911 eru hinar sömu sem áður.

Við 138. gr.

Hjer eru gerðar sömu breytingar á frv. 1911 sem að undanförnu. Í seinni p. greinarinnar eru feld úr nokkur orð, sem raska meiningunni; meiningin er, að það eintak, sem skipstjóri getur krafist handa sjer, skuli ekki talið með í eintakatölunni.

Við 139. gr.

‚að tilvísun' er hjer breytt í ‚þess, sem hann tilvísar' samkv. almennri málvenju. ‚Ekki að tilvísun' er breytt í ‚ekki til framsals', sbr. vl. 13. jan. 1882, 9. gr., og ‚ófylt framsal' í ‚eyðuframsal' sbr. vl. 13. 1. 1882 13. gr. o. fl. — Síðari p. greinarinnar er breytt dálítið í samræmi við 39. gr. vl. 1882. — Í dönsku þýðingunni, 1. setningu, hafa fallið úr orðin ‚til bestemt Person' (eiga að standa tvisvar), og verður að athuga það.

Við 140. gr.

Hjer er farið eftir dönsku siglingalögunum — eins og í 135. gr. frv. 1911 —, en norsku og sænsku lögin eru dálítið frábrugðin. — Breytingin er í samræmi við fyrri breytingar.

Við 141. gr. og 142. gr.

Á þessum greinum eru gerðar sömu breytingar sem á undanförnum greinum.

Við 143. gr.

Hjer eru einnig gerðar sömu breytingar eða samskonar sem áður.

Við 144. gr.

Á 139. gr. frv. 1911 eru gerðar sömu breytingar sem að undanförnu. Í fyrri málsgrein er auk þess breytt tilvísuninni til 139. gr.; meiningin er nfl. að sá sem kemur með farmbrjefið á að fullnægja skilyrðum 139. gr.; en að þetta sje meiningin er ekki ljóst af orðum frv. 1911. Í síðustu málsgrein er breytt orðalagi í betra samræmi við norðurlandasiglingalögin, þótt orð frv. 1911 sjeu í sjálfu sjer fullnægjandi.

Við 145. gr.

Fyrir ‚merkt raðartölum' er sett ‚tölusett' samkvæmt almennri málvenju. Aðrar breytingar eru samsvarandi undangengnum breytingum.

Við 146. gr.

‚Framsal' er sett fyrir ‚eignaskifti', því að ákvæðið á einungis að ná til eignarskifta með afsalsgerningi í lifenda lífi, en ekki t. d. eignaskifta við arf, hjónaband o. s. frv. Aðrar breytingar eru í samræmi við þær, sem áður hafa verið gerðar.

Við 147. gr.

Auk venjulegra breytinga á frv. 1911, er orðunum ‚líkindi sjeu til' hjer breytt í ‚líkur sjeu leiddar að því', til þess að sýna að það er farseljandi (skipstjóri eða skipshöfn), sem verða að geta bent á afsökun fyrir skemdunum eða rýrnuninni; »præsumptionin« er á móti skipshöfninni.

Við 148. gr.

Auk venjulegra breytinga á frv. 1911, er orðunum ‚sem girða mátti fyrir' hjer breytt í ‚sem einungis varð girt fyrir' í samræmi við norðurlandasiglingalögin; meiningin er nfl. að skipstjóri sje einungis vítalaus af þeim skaða, sem ekki varð girt fyrir á annan veg, en með umönnun, sem ekki varð viðbúist, að hann sýndi nema honum hefði verið bent á, að hennar þyrfti með.

Við 149. gr.

Á 144. gr. frv. 1911 eru einungis gerðar þær breytingar, sem nauðsynlegar eru vegna undangenginna breytinga.

Við 150. gr.

Sömuleiðis.

Við 151. gr.

Síðari mgr. þessarar greinar er ef til vill dálítið óskýr. Meiningin er að ef verulegar líkur eru til að skemd eða rýrnun stafi af öðrum ástæðum en þeim, sem taldar eru í 147. gr., þá leysi fyrirvarinn eftir þessari grein útgerðina ekki úr ábyrgð.

Við 152. gr.

‚Góss er fermt' er hjer sett fyrir ‚vara er færð á skip' samkvæmt almennri málvenju

Við 153. gr.

Hjer er sett ‚svik, hirðuleysi eða gáleysi' fyrir ‚yfirsjónir eða hirðuleysi' sbr. aths. við 8. gr.

Við 154. gr.

Hjer er ‚skemdur farmur' sett fyrir ‚spilt vara'; orðið ‚spiltur' stendur víða, en jeg hef óvíða breytt því, þótt það sje dálitið óvanalega — og því óviðkunnanlega — til orða tekið. Sama er um orðið ‚vara' að jeg hef ekki breytt því nærri allstaðar í ‚góss' eða ‚farmur', en látið það standa þar sem það gat engum misskilningi valdið. ‚Leigusali' er hjer eins og ávalt annarsstaðar í frv. breytt í ‚farseljandi'.

Við 155. gr.

Síðari mgr. greinarinnar er óljós í frv. 1911 (150. gr.); meiningin er, að ef samið er um farmgjald fyrir ákveðna mergð vöru af tiltekinni tegund, en meira fermt af þessari tegund en samið var um farmgjald fyrir, þá skal greiða farmgjald fyrir það, sem umfram er í rjettu hlutfalli við hið umsamda farmgjald. Setningunni er hjer breytt svo, að hún verður væntanlega ekki misskilin. — Aðrar breytingar eru í samræmi við þær sem áður hafa verið gerðar.

Við 156. gr.

Hjer er ‚hirðuleysi' sett fyrir ‚vanhirðu', samkvæmt almennri lagamálvenju.

Við 157. gr.

‚Ílátinu' er sett fyrir ‚vörunni' í síðari mgr. greinarinnar, af því að meiningin er auðvitað, að viðtakandi verði að láta uppi um hvert ílát um sig — áður en hann tekur við því, hvort hann vill láta það upp í farmgjald eða taka við því; en hann hefur ekki þennan rjett þangað til hann hefur tekið við *allri* vörunni, og missir hann ekki þótt hann hafi tekið við *nokkru* af henni. Orðin frá ‚en neyta skal o. s. frv.' taka til undantekningarnar frá aðalreglunni, sem eru tvær og á því að vera »*og*« á milli þeirra en ekki »*en*«.

Við 158. gr.

Hjer eru sömu breytingar gerðar sem að undanförnu.

Við 159. gr.

»Segir« er hjer sett fyrir ‚skipaði'; þátíðin á ekki við hjer, og ‚segja' nær betur meiningunni en ‚skipa'. Aðrar breytingar eru hinar venjulegu.

Við 160. gr.

Á þessari grein eru einungis gerðar venjulegar breytingar.

Við 161. gr.

Í lok 2. p. greinarinnar er ‚um skylt efni' sett fyrir ‚og líkt var háttað um', í samræmi við orðalag 143. gr. Fyrir ‚skipstjóri' í síðasta p. er sett ‚skipið', sem þýðir alla þá, sem útgerðin ber ábyrgð á. Aðrar breytingar eru hinar sömu sem á undanförnum greinum.

Við 162. gr.

Hjer eru gerðar þær einar breytingar, sem leiða af undangengnum breytingum.

Við 163. gr.

Í 158. gr. frv. 1911 er ‚Befragter' kallaður ‚sendandi', en það er ekki rjett, því að sendandinn getur vel verið annar maður en sá, sem gerir farmsamninginn og því ber ábyrgð á að honum sje fullnægt; hann getur t. d. verið umboðsmaður (Kommissionær, Agent); hjer er því sett ‚fartakandi' eins og annarstaðar í frv. um »Befragter«. — Ákvæðið um »auðgunarkröfuna« í miðri greininni er hjer orðað í samræmi við samsvarandi ákvæði í vl. 13. jan. 1882 93. gr. og tjekkl. 8. nóv. 1901 12. gr.

Við 164. gr.

Fyrir fyrsta ‚*ef*' í 159. gr. frv. 1911 er sett ‚og', og fyrir hin ‚*ef*' er sett ‚eða', því að meiningin er, að skilyrðin til þess að mega rifta samningnum án þess að greiða skaðabætur sjeu tvö, nfl. 1) sameiginlegt fyrir öll tilfellin: að skipið sje ekki lagt á stað, og 2) eitt

af tilfellunum sem svo eru nefnd. — Fyrir ‚lögheld' er sett herhald, sbr. aths. við 68. gr. Aðrar breytingar eru hinar venjulegu.

Við 165.—167. gr.

Á þessu greinum eru einungis gerðar þær breytingar, sem nauðsynlegar eru vegna annara breytinga í frv.

Við 168. gr.

‚Krafna' er hjer sett fyrir ‚bóta', því að kröfurnar eftir 160. gr. eru ekki allar *bætur*, t. d. farmgjaldskrafan. Aðrar breytingar eru venjulegar.

Við 169. gr.

Hjer eru gerðar sömu breytingar sem að undanförnu.

Við 170. gr.

Síðasta setning 165. gr. frv. 1911 er ekki alveg rjett þýdd; áherzluna á ekki að leggja á það, hvenær farmbrjefshafi fjekk farmbrjefið (fysiskt) í hendur, heldur hvenær hann gerði kaupin um það, sbr. norðurlandasiglingarlögin (§ 165); hjer er því gerð breyting á þessu. — Aðrar breytingar á þessari grein eru í samræmi við fyrri breytingar á frv. 1911.

Við 171. gr.

Fyrir 166. gr. frv. 1911 er hjer sett þýðing á dönskum lögum, sem sett voru fyrir § 166 í dönsku siglingarlögunum, þá er »lov om köb« kom út; þetta er gert vegna þess að nú eru hjer í landi lög samsvarandi »lov om köb«, þar sem eru almennu viðskiftalögin nýju (nr. 31, 11. júli 1911).

Við 172. gr.

Eftir frv. 1911 á að birta ógildingarstefnuna í Ríkistíðindunum dönsku, en með l. 35, 11. júli 1911 er lögleidd sú grundvallarregla, að »almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar« skuli einungis birta í Lögbirtingablaðinu. L. 35, 1911 ná nú að vísu eftir orðum þeirra ekki til ógildingarstefnu, en eðlilegt virðist að sama regla gildi um þær auglýsingar; ákvæðið um birtingu í Ríkistíðindunum er því felt burt í þessu frv.

Við 174. gr.

169. gr. norðurlandasiglingalaganna á einungis við um farsamninga um *tiltekna* menn (»bestemt Person«), en ekki farsamninga um ótiltekinn mann (t. d. handhafa farseðils); hjer er frv. 1911 breytt í þessa átt.

Við 177. gr.

»Skemd« er sett fyrir »spilt«. »Fengið í hendur« er sett fyrir »falið«, því að »falið« má skilja svo, að í því liggi, að skipstjóra sje sjerstaklega fengið það til varðveizlu, en meiningin er að nóg sje að skipstjóra sje, fengið góssið í hendur og í því liggi skylda til þess að gæta þess án þess að það sje sjerstaklega tekið fram.

Við sjöunda kapítula.

Um sjólán.

Þessi kapituli er um »bodmeri«. Um það gildir nú hjer á landi dönsku laga 4—5, sbr. ts. 19. desbr. 1794 § 7, og eru í öllu verulegu í samræmi við ákvæði dönsku siglingalaganna um »bodmeri«, en vitaskuld miklu ónákvæmari. Um »bodmeri« er nauðsyn á að íslenzk lög sjeu sem allra líkust útlendum lögum, og eru því eldri lögin með þeim breytingum og viðaukum, sem dönsku siglingalögin gera á þeim, lögð hjer til grundvallar. — »Bodmeri« er hjer kallað »sjólán«. Styttra og þjálla nafn verður varla fundið, og það gefur jafnmiklar upplýsingar um eðli lánsins sem »farslyslán«, sem frv. 1911 hefur; það eru einkenni sjóferða sem einkenna lánið, en ekki það einkenni eitt, sem orðið »farslyslán« bendir til, nfl. slys á ferð.

Við 179. gr.

Á 174. gr. frv. 1911 eru gerðar þessar breytingar: »Peningar« er sett fyrir »fje« í samræmi við norðurlandasiglingalögin; fje getur tekið yfir meira en löglegan gjaldeyri. »Eða« í fyrstu setningu er felt burt í samræmi við norðurlandasiglingalögin; meiningin er að bæði skilyrðin eigi að vera fyrir hendi: að skipið sje í nauð og peninga þurfi til þess að halda ferðinni áfram (eða bjarga farmi eða koma honum áfram); annaðhvort er ekki nóg. »Sjóveð« er sett fyrir »siglingarveð«, bæði af því, að það er styttra og af því, að það er í samræmi við ‚sjólán' o. s. frv. — »forbodmer« innan sviga í dönsku þýðingunni ætti að falla burt af því að ekkert samsvarandi er í íslenzku lögunum, enda alveg óþarft.

Við 180. gr.

Í fyrra p. greinarinnar er orðalagi breytt samkvæmt því sem áður er sagt. Í síðara p. er ‚sjólánsveðlagt' sett fyrir ‚veðlagt', því að það, sem leitað er fullnægingar í, verður að vera sjóláns—(bodmeri—) veð, og sá, sem fullnægingar leitar, verður að vera sjólánsveðhafi.

Við 181. gr.

Fyrir ‚fje að láni við farslysveði' er sett ‚sjólán' eins og áður. ‚Neyddu hann' er sett fyrir ‚þröngvuðu honum'; ‚þröngvuðu' minnir á »absolut« þvingun, og er óvanalegt um það ástand, sem hjer ræðir um.

Við 182. gr.

‚Sjólán', ‚sjólánsbrjef' og ‚sjólánsför' eru hjer sett fyrir ‚lán gegn farslysveði', ‚farslysveðbrjef' og ‚farslysför'. Að öðru leyti er greinin eins og 178. gr. frv. 1911, og í samræmi við norðurlandasiglingalögin.

Við 183. gr.

‚Sjólánsbrjef' er sett fyrir ‚farslysveðbrjef'. ‚Verða eigendaskifti' er sumpart of þröngt: það nær ekki t. d. til framsals að veði, sumpart of vítt: það nær m. a. til arfs, hjónabands o. s. frv. En meiningin er, að skuldabrjefsreglan í ts. 9. febr. 1798 § 2 o. v. kemur ekki til greina um sjólánsbrjef að því er snertir það atriði hvort skilyrði laganna fyrir sjólánstöku, hafi verið fyrir hendi. Skuldabrjefsreglan kemur nú ávalt til greina þegar brjef er framselt í lifenda lífi, og á hinn bóginn kemur hún einungis þá til greina. Hjer er því sett ‚framsal' fyrir eigendaskifti.

Við 184. gr.

Hjer eru einungis gerðar hinar venjulegu breytingar á frv. 1911, og greinin er í samræmi við norðurlandasiglingalögin.

Við 185. gr.

Hjer er ‚venjuleg leið' sett fyrir ‚alfaraleið' til skýringarauka. ‚Nýja hættu' er sett fyrir ‚aðra hættu' til þess að sýna að hættan þurfi ekki að vera annars eðlis (tegundar) en hin fyrri (sbr. þýzku verzlunarlögbókina § 693). Orðunum »og ekki til bjargar mönnum í sjávarháska« er slept úr í samræmi við breytinguna á 31. gr. frv. 1911 (36. gr. hjer); í stað þess er skotið inn í orðinu ‚óheimilt', og er það þá látið liggja milli hluta hvenær heimilt er að víkja af venjulegri leið. — Aðrar breytingar á þessari grein eru hinar sömu og undanfarið.

Við 186. gr.

‚Gjalddagi' er hjer sett fyrir ‚skal greiða'; orð frv. 1911 þýða ‚eindaga', en meiningin er ‚sá dagur þegar borgunar má *krefjast*' þ. e. gjalddagi. ‚Á sjöunda degi' er sett fyrir ‚á vikufresti'; það er skýrara, sbr. einnig § 181 í sænsku siglingalögunum. — Aðrar breytingar eru hinar venjulegu. ‚Frestdagar' sbr. vl. 13. jan. 1882, 31. gr.

Við 187. gr.

‚Skuldareigandi' er sett fyrir ‚skuldkrefjandi' samkvæmt almennri lagamálvenju. Í seinni p. greinarinnar er skotið orðinu ‚að eins' í samræmi við norðurlandasiglingalögin.

Við 188. gr.

‚Áritaðri kvittun' er sett fyrir ‚viðtökuvottorði áritnu'; ‚kvittun' er orðið alíslenzkt og víða haft í lögum. Aðrar breytingar eru hinar venjulegu.

Við 190. gr.

‚Krófuhafi' er sett fyrir ‚skuldheimtumaður', sem minnir á »prókúrator«. ‚Krafist' er sett fyrir ‚heimt', sem getur misskilist. ‚Gjalddagi' er sett fyrir ‚eindagi' í samræmi við norðurlandasiglingalögin. ‚Uppboð' er sett fyrir ‚sölupping' samkvæmt almennri málvenju. ‚Krafa' er sett fyrir ‚fjártilkall' samkvæmt almennri lagamálvenju.

Við 191. gr.

‚Höfuðstóll' er sett fyrir ‚innstæða' samkvæmt almennri málvenju.

Áttundi kapituli.

Um sjótjón.

‚Sjótjón' er sett fyrir ‚sætjón' í samræmi við t. d. sjólán, sjómaður o. s. frv. — Um sameiginlegt sjótjón er gamla grundvallarreglan í Jb. fml. 10. Þetta efni er eitt þeirra sem allra mest nauðsyn er á að sameiginleg lög sjeu sett um; þörfina sýna t. d. hin svonefndu York-Antwerp Rules 1890, en árangurinn hefur orðið tiltölulega lítill í löggjöfinni: Hjer er í engu efnisatriði vikið frá norðurlandasiglingalögunum.

Við 193. gr,

‚Sjótjón' er sett fyrir ‚sætjón'. ‚Sjóræningjar' er sett fyrir ‚víkingar' eins og áður. ‚Við það að' er sett fyrir ‚meðan', því að ‚meðan' táknar einungis tímasamband, en meiningin er að orsakasamband eigi að vera til staðar; þetta orsakasamband er ætlast til að táknað sje með orðunum ‚við það að'. ‚Neyðarhöfn' er sett fyrir ‚bjarghöfn' sbr. orðin ‚leita hafnar í *neyð*'. ‚Ferming' er sett fyrir ‚farmtaka' eins og áður. ‚Með því að leysa skipverja úr vist' er sett fyrir ‚úrskráning' í samræmi við breytinguna á ráðningarreglunum í 75. og 76. gr. Síðast í 7. lið er skotið inn í ‚sameiginlegt' (ɔ: sjótjón) í samræmi við norðurlandasiglingalögin. ‚Hans' (vísar til ‚farms') er sett fyrir ‚vöru' í 8. lið. ‚Vörn' er sett fyrir ‚vöru' í 9. lið; mun vera prentvilla í frv. 1911. Í 8. lið hefur fallið burt ‚í' og er hjer skotið inn í. ‚Sjóferðaskýrsla' er sett fyrir ‚skipsvætti' eins og fyr.

Við 194. gr.

‚Meðan framkvæmdur er' er hjer sett fyrir ‚við framkvæmd', því að hjer er átt við tímasamband eitt, en ekki orsakasamband eins og í næstu grein á undan. Aðrar breytingar eru hinar sömu sem undanfarið.

Við 195. gr.

Hjer eru þær einar breytingar gerðar, sem nauðsynlegar eru í samræmi við undanfarnar breytingar.

Við 196. gr.

‚Ef skipstjóri er sök í háskanum' er sett fyrir ‚háskinn er að kenna skipstjóra', til þess að tákna að háskinn verði að vera skipstjóra »tilreiknanlegur«, sbr. norðurlandasiglingalögin.

Við 198. gr.

Á eftir ‚farmurinn' er skotið inn í ‚allur' og á undan ‚bjargað' ‚einungis' hvorttveggja til skýringarauka, sbr. norðurlandasiglingalögin.

Við 199. gr.

‚Um það' er sett fyrir ‚að því'; það þykir greinilegra og er venjulegra mál um það, sem hjer er átt við.

Við 200. gr.

Í 3. línu 195. greinar frv. 1911 er ‚og', sem hjer er felt úr, af því að því er ofaukið eftir meiningunni og fyrirmyndinni (norðurlandasiglingalögunum). Sömuleiðis er ‚sæ' felt framan af ‚sætjónsins' í síðustu línu af því að því er ofaukið. ‚Þegar sjóferðaskýrsla er gefin' er sett fyrir ‚við skipsvættistökuna' í samræmi við fyrri breytingar.

Við 201.—204. gr.

Þessar greinar eru eins og 196.—199. gr. frv. 1911, nema ‚sjótjón' er sett fyrir ‚sætjón' og greinatölu breytt samkvæmt fyrri breytingum.

Við 205. gr.

‚Gangverð' er sett fyrir ‚gjaldgengi' samkvæmt almennri málvenju. ‚Það, sem eftir er af farmi' er sett fyrir ‚annað af vöru', því að hjer er átt við mótsetninguna milli þess farms, sem ferst við sameiginlegt sjótjón, og þess, sem kemst af (bjargast). Í öðrum parti greinarinnar er fyrirskipað að verð þess, sem ferst, skuli ákveðið með venjulegu löglegu mati, en ekki formlaust eins og frv. 1911 virðist ætlast til, sbr. norsku og sænsku siglingal. — Aðrar breytingar eru hinar venjulegu.

Við 206. gr.

Síðast í greininni er hjer gerð sama breyting sem er í næstu grein á undan, lögmælt mat er sett fyrir »verðlegging skynbærra manna«, sbr. norsku og sænsku siglingalögin. — Aðrar breytingar eru hinar venjulegu.

Við 207. gr.

»Lögmælt mat« er eins og í undanförnum greinum sett fyrir »verðlegging skynsamra manna« í samræmi við norsku og sænsku siglingalögin. ‚Við sömu atburði' er sett fyrir ‚þegar eins bar að', því að ‚eins' getur skilist sem ‚svipað' (í annað skifti), en meiningin er hjer ‚sama skiftið' = sömu atburðir.

Við 208. gr.

‚Farmbrjef' er sett fyrir ‚vöruskirteini' eins og áður. ‚Heldur' er skotið inn í fyrir framan ‚fullnægjandi' í samræmi við norðurlandasiglingalögin, meiningin er nefnil., að *annað hvort* verður farmbrjef að fylgja farmi *eða* fullnægjandi upplýsingar að vera í farmskrá, farmbók o. s. frv.

Við 209. gr.

‚Neyðarhöfn' er sett fyrir ‚bjarghöfn' eins og áður. ‚Gæti hafa sparast' síðast í 204. gr. frv. 1911 er hjer breytt í ‚sparast' í samræmi við norðurlandasiglingalögin, sbr. dönsku og norsku: ‚maatte være besparede' og sjerstaklega sænsku: ‚varda redaren besparade'.

210.—211. gr.

Eru eins og í frv. 1911 (205. og 206. gr.), nema ‚sjótjón' er eins og áður sett fyrir ‚sætjón'.

Við 212. gr.

Í 1° er ‚og' felt úr; því virðist of aukið. ‚Gerðar hafa verið umbætur á skipinu' er sett fyrir ‚skipið hefur verið bætt', því að ‚bætt' getur eftir orðalagi frv. annarstaðar skilist svo, að þar með sje átt við endurbætur á sjótjóns-skaðanum, en meiningin er hjer einmitt aðrar endurbætur, sbr. »Forbedringer« í dönsku siglingalögunum § 204. — Aðrar breytingar eru hinar venjulegu.

Við 213. og 214. gr.

Á þessum greinum eru gerðar þær einar breytingar, sem nauðsynlegar eru vegna undanfarinna breytinga. Eftir 721. gr. þýzku verzlunarlögb. tekur farmgjaldið þátt í tjóninu eftir $^2/_3$ hlutum o. s. frv.

Við 215. gr.

‚Þótt ekki verði unnið til neins farmgjalds' er sett fyrir ‚ef engar tekjur verða af farmgjaldi' í samræmi við norðurlandasiglingalögin; ‚unnið til' táknar að öðlast rjett til, en ‚tekjur af' getur misskilist.

Við 216. gr. og 217. gr.

Á þessum greinum eru einungis gerðar venjulegar breytingar.

Við 218. gr.

Í fyrri part greinarinnar er orðaröð breytt á einum stað. ‚Dómstólarnir' er sett fyrir ‚dómstólar landsins' í samræmi við lagamálvenju, enda er það svo í dönsku þýðingu frv. 1911. ‚Sjótjónsreikningar' er sett fyrir ‚sætjónsúrskurðir' í samræmi við orðalag frv. annarsstaðar. — Ákvæðið um dómkvadda menn, er sett fyrir löggilta »dispachöra«, og er vafalaust hentugra eins og hjer á landi hagar til.

Við 219. gr.

Hjer er skotið inn í fyrir framan ‚matsmenn sjótjóns' orðunum ‚hinir dómkvöddu' til þess að taka af allan vafa um, að hjer er átt við menn þá, sem 218. gr. talar um. Í dönsku þýðingu frv. 1911 stendur hjer »Dispachören«, en er auðvitað rangt, þar sem sjótjón eftir § 218 (hjer) liggur ekki undir »dispachöra«, heldur sjerstaka dómkvadda menn, tvo að tölu. Hjer eru þessir menn kallaðir ‚niðurjöfnunarmenn' og virðist það orð eiga betur við starf þeirra, heldur en ‚matsmenn', sem frv. 1911 hefur.

Við 220. gr.

‚Niðurjöfnun' er hjer sett fyrir ‚mat', sbr. næstu grein á undan.

Við 222. gr.

‚Góss' er hjer sett fyrir ‚vöru' og ‚sjótjón' fyrir ‚sætjón' eins og áður.

Við 223. gr.

‚Góss' er sett fyrir ‚vöru'. ‚Eftir sanngirni' er sett fyrir ‚sameiginlega', sbr. norðurlandasiglingalögin, og á að tákna, að útgjöldunum á að jafna á fjemunina eftir því, sem sanngjarnt verði talið, eftir hagsmunum þeim, sem bjargað varð eða bjarga átti með því, sem fórst. ‚Dómkvaddir menn' (sbr. 218. gr.) er sett fyrir ‚sætjónsmatsmenn', vegna þess, að mennirnir, sem talað er um í síðari parti 218. gr., eru einmitt þeir, sem hjer er átt við. Aðrar breytingar eru hinar venjulegu.

Níundi kapituli.

Um tjón af árekstri.

Ákvæðin í þessum kafla eru þörf nýmæli, því að um þetta efni eru nú nærri engin lög, en árekstrar nokkuð tíðir. Ákvæðin eru í samræmi við grundvallarreglur núgildandi laga og venju þá, sem tíðkast hefur í landsyfirdómnum (dómar í dómas. lyd. VI. 6, VII. 270, VIII. 36, 41, 63).

Við 224. gr.

Þessi grein byggist á l. 25, 9. desember 1889.

Við 225. gr.

‚Var sök í' er sett fyrir ‚olli' til þess að tákna krófuna um »subjektiva« orsök, sbr. »Skyld« í dönsku og norsku siglingalögunum. ‚Hið seka' er sett fyrir ‚það, sem olli' í samræmi við næstu breytingu á undan. ‚Skips' er sett fyrir ‚þeirra' í 3. p., til þess að tákna, að þessi partur á við báða fyrri parta greinarinnar, en ekki einungis fyrri partinn.

Við 226. gr.

‚Vitnast' er sett fyrir ‚vitnaðist', því að ókomna tíðin á hjer betur við en liðna

tíðin; meiningin er nefnil., að það á að reyna, að komast fyrir hvor er (subjektivt) orsök skaðans.

Við 228. gr.

Grein þessi er að efni til í fullu samræmi við l. 13, 9. sept. 1899 2. gr., en orðalaginu er töluvert breytt. Slíkar orðabreytingar eru óþægilegar þeim, sem eiga að fara með lögin og geta leitt með sjer breytingar, sem ekki eru tilætlaðar. Hjer er þó látið sitja við orðalag frv. 1911 með þeim breytingum, sem hjer segir: ‚Skipshöfn þess og farþega', er sett fyrir ‚svo og skipshöfn allri og farþegum', því að orð frv. 1911 eru varla skiljanleg eða að minsta kosti mjög torskilin. ‚Sekur í' er sett fyrir ‚valdur að' í samræmi við l. 1899 2. gr. og 225. gr. þessa frv.

Tíundi kapituli.

Um björgunarlaun.

Í frv. 1911 eru björgunarlaun ákveðin eftir sama mælikvarða í öllum tilfellum. Með ákvæðunum er bætt úr verulegum galla á núgildandi lögum, þar sem nú vantar algjörlega ákvæði um björgunarlaun skips, sem bjargar öðru skipi á hafi úti. Reglur frv. 1911 um þetta atriði eru í höfuðatriðum góðar og því veruleg rjettarbót. Eins og bent er á í athugasemdum mínum við frv. 1911, sem jeg gerði fyrir nefnd neðri deildar, ná ákvæðin einnig til björgunar á strönduðu góssi af landi; en um þau tilfelli eiga ákvæðin ekki alls kostar við eins og bent er á í fyrnefndum athugasemdum. Mjer kom því til hugar, að stinga upp á, að ákvæði strandlaganna frá 14. jan. 1876 um upphæð björgunarlauna skyldu fyrst um sinn gilda um þessi tilfelli; en jeg fjell frá því, af því að úr því ítarleg siglingalög eru sett á annað borð, er meiningarlaust, að sleppa einu einstöku atriði og vísa um það til eldri laga, sem eru að ýmsu leyti úrelt. Jeg hef því reynt að bæta úr gallanum með því að skeyta nýju ákvæði aftan við 226. gr. frv. 1911 (231. gr. hjer), en mjer dylst ekki að þetta efni þyrfti rækilegri íhugun.

Við 229. gr.

Hjer er bætt við 1. p. ákvæði um, að stjórnarráðið skeri úr þrætum um upphæð björgunarlauna, ef andvirðið er ekki meira en 500 krónur; það byggist á ákvæðum strandl. 1876 um úrskurðarvald amtmanns, en hliðsjón höfð af § 224 í norsku siglingalögunum.

Við 230. gr.

‚Tækjum hins nauðstadda skips' er sett fyrir ‚af eigin ramleik', af því að ekki sjest af orðum frv. 1911 við hvers ramleik er átt, og ‚ramleik' nær ekki því sem meint er, nfl. ‚Hjælpemidler'; ‚tæki' er að vísu heldur ekki gott orð, en skilið í víðustu merkingu mun það vera nægilega skýrt.

Við 231. gr.

‚Óvenjulega' er sett fyrir ‚afar' í samræmi við norðurlandasiglingalögin; ‚afarerfið' getur björgunin verið þótt hún sje ekkert óvenjulega erfið. ‚Í björgunarlaunum felst' er sett fyrir ‚til björgunarlauna skal telja', því að meiningin er að ekki skuli greiða aukaþóknun fyrir flutning góssins o. s. frv., heldur skuli taka hana af upphæð björgunarlaunanna, en þetta sjest ekki skýrt á orðum frv. 1911. — Aftan við greinina eins og hún er í frv. 1911, er hjer bætt ákvæði um, að björgunarlaun skuli þó aldrei vera minni en hæfileg daglaun fyrir vinnu auk hæfilegrar þóknunar fyrir annað, sem lagt er til björgunar. Eins og hagar til hjer á landi getur oft komið fyrir, sjerstaklega þá er um strönd er að ræða, að $^1/_3$ þess, sem bjargað er, hrökkvi mjög skamt handa bjargendum og það jafnvel þótt björgunin sje ekki »mjög hættuleg« eða »óvanalega erfið«, en það virðist óparft ranglæti auk þess sem það getur verið hættulegt; því að líkindi eru til þess, að menn vildu ekki eiga á hættu að að taka sig upp til björgunar á góssi, ef svo gæti farið, að jafnvel ekkert kæmi fyrir tilkostnað og fyrirhöfn. Og meðan núgildandi regla stendur um björgunar*skyldu* er sjálfsagt að hæfileg laun komi fyrir.

Við 232. gr.

‚En gera skal hann það' er sett fyrir ‚og skal hann gera það' til þess að tákna skýrar að fresturinn er settur sem *skilyrði*. Fresturinn er settur hjer mánuður frá því björguninni er lokið og er þar fylgt fyrirmynd norsku laganna (fresturinn er þar þó einungis 14 dagar). Björgunin getur hjer á landi tekið svo langan tíma og vandkvæðin að ná í dómara eru oft svo mikil, að 2 mánaða frestur frá samningsgerðinni getur oft orðið of stuttur. Síðari fresturinn er hjer settur mánuður fyrir 14 dagar af samsvarandi ástæðum, þótt ekki sje eins mikil þörf á lengingu hjer eins og í fyrra tilfellinu.

Við 233. gr.

Hjer er sett ákvæði, skylt ákvæðinu í 229. gr., um að stjórnarráðið sker úr deilum um skiftingu björgunarlauna ef upphæðin er ekki meir en 500 krónur. Ennfremur er hjer ákvæði eftir dönsku siglingalögunum um að stjórnarráðið sker úr ef meiri hluti bjargenda verður ásáttur um það. — Í síðari hl. 228 gr. frv. 1911 segir að útgerðarmenn fái $^2/_3$ ef gufuskipi var bjargað, en á auðvitað að vera ‚ef gufuskip bjargaði'; þegar gufuskip bjargar leggur útgerðin meira til í hlutfalli við skipshöfn heldur en þegar seglskip bjargar og er því rjett, að munur sje gerður á skiftingu björgunarlaunanna; aftur á móti er engin ástæða til þess að gera greinarmun eftir því hvort gufuskipi eða seglskipi er bjargað.

Við 234. gr.

Í 229. gr. norsku siglingalaganna er ákvæði um, að mál út úr björgun megi höfða þar sem björgunin fór fram, og væri að ýmsu leyti framför að því að lögleiða líkt ákvæði hjer á landi þótt ekki sje stungið upp á því hjer.

Ellefti kapituli.

Um sjóveð og fyrning á sjókröfum.

Í þessum kapítula eru norðurlandasiglingalögin algerlega lögð til grundvallar, því að hjer skiftir mestu að fá sameiginleg lög, minna að lögin sjeu í öllum einstökum atriðum hin beztu. — ‚Siglingaveðrjettur' þykir mjer óþarflega langt og óþjált orð, og hef jeg sett ‚sjóveð' fyrir. Í samræmi við það hef jeg sett ‚sjókröfur' fyrir ‚siglingarkröfur'.

Við 235. gr.

Þessi grein svarar til 267. gr. frv. 1911. ‚Krófuhafi' er sett fyrir ‚lánsali'; hjer getur verið um margskonar aðrar kröfur að ræða en lán. ‚Opinber' er sett fyrir ‚almenn' samkvæmt almennri lagamálvenju, enda getur hugsast, að gjald sje alment þótt ekki sje það opinbert, þ. e. lagt á af því opinbera og í þess þarfir. — Aðrar breytingar eru eins og áður.

Við 236. gr.

Auk samsvarandi breytinga sem á undanförnum greinum er hjer sett ‚svik hirðuleysi og gáleysi' fyrir ‚yfirsjónir og hirðuleysi' í 268. gr. frv. 1911, sbr. aths. við 13. gr. hjer að framan. Ennfremur er ‚þeirra manna, sem ráðnir eru til að vinna í skipsins þarfir' sett fyrir ‚skipverja', því að eftir 13. gr. ber útgerðin ábyrgð á öllum þeim mönnum, ekki einungis eiginlegum »skipverjum«.

Við 237. gr.

‚Jafnrjettháar' er sett fyrir ‚jafnrjettmætar'; ‚rjettmætur' þýðir ‚löglegur', en allar kröfurnar eru jafn löglegar án tillits til þess í hvaða lið þær standa. ‚Nemur' er sett fyrir ‚nema mundi' sbr. norðurlandasiglingalögin (§ 269). Orðunum ‚og eiga þeir forgangsrjett sinn' er hjer slept af því að þeim virðist ofaukið.

Við 238. gr.

Auk samsvarandi breytinga sem á undanförnum greinum er ‚á' hjer sett fyrir ‚átt' í 270. gr. frv. 1911, sbr. norðurlandasiglingalögin.

Við 239. gr.

‚Á nauðungaruppboði' er sett fyrir ‚nauðungarsölu' samkvæmt almennri málvenju sbr. og norðurlandasiglingalögin.

Við 240. gr.

Auk samsvarandi breytinga sem á undanförnum greinum er síðastu setningu 272. gr. frv. 1911 breytt hjer töluvert. Meiningin er hjer, sbr. norðurlandasiglingalögin, að þegar útgerðarmaður sjálfur flytur góss með skipinu þá er eiginlega ekki um neitt farmgjald að ræða; þeir, sem samkvæmt undanförnum greinum ættu sjóveð í farmgjaldinu, fengju því — ef ekki væru sjerstök ákvæði — í rauninni engan rjett. Þetta væri þó meiningarlaust og því á útgerðarmaður að ábyrgjast þessum mönnum (sjóveðhöfum í farmgjaldi) upphæð sem svarar eiginlegu farmgjaldi. Þessi hugsun ákvæðisins hefur misskilist og er í frv. 1911 talað um ‚skaðabætur fyrir'; þau orð verða því að falla niður. Svo hef jeg skotið inn í orðunum ‚gagnvart þeim, sem sjóveð eiga í farmgjaldi' og ‚sjálfur' til þess að reyna að skýra hugsunina.

Við 241. gr.

‚Frjálst afsal' er sett fyrir ‚sjálfráða sölu'; hjer getur nfl. verið um önnur eigendaskifti að ræða en sölu, t. d. gjöf, skifti o. s. frv. ‚Eign manns sem ekki getur átt íslenzkt skip' er sett fyrir ‚útlend eign', sbr. 1. gr. þessa frv. og aths. mínar, sem áður eru nefndar, við 273. gr. frv. 1911.

Við 242. gr.

Hjer eru einungis gerðar sömu breytingar, sem að undanförnu; þó er ‚sem' sett fyrir ‚með' í samræmi við orðalag annarstaðar í frv.

Við 243. gr.

‚Leigi' er hjer sett fyrir ‚fái', því að hjer er átt við eiginlega leigu á skipi. ‚Siglinga' er sett fyrir ‚farar', sbr. ‚Söfart' í norðurlandasiglingalögunum.

Við 244. gr.

‚Ferming' er sett fyrir ‚farmtak' og ‚jafnrjettháar' fyrir ‚jafnrjettmætar' eins og áður. Aðrar breytingar eru sömuleiðis í samræmi við þær, sem áður eru gerðar.

Við 245. gr.

‚Á nauðungaruppboði' er eins og áður sett fyrir ‚nauðungarsölu'.

Við 246. gr.

‚Fullnæging' er sett fyrir ‚skuldarlúkning'; það er styttra og þjálla og nú venjulega notað um þetta hugtak. Aðrar breytingar eru hinar venjulegu.

Við 247. gr.

Hjer eru gerðar sömu breytingar sem í næstu grein á undan.

Við 248.—250. gr.

Á 280.—282. gr. frv. 1911 eru einungis gerðar þær breytingar, sem leiða af undangengnum breytingum. — Í norsku siglingalögunum vantar 3. p. 249. gr., og í sænsku siglingalögunum bæði 2. og 3. p.

Við 251. gr.

‚Fullnæging' er hjer sett fyrir ‚lúkning' eins og áður. — Síðast í fyrsta p. greinarinnar er skotið inn í ákvæði um það hvernig fyrningu megi rifta, en það ákvæði hefur fallið úr frv. 1911. Hjer er krafist málsóknar innan frestsins í samræmi við norðurlandasiglingalögin; orðalag er í samræmi við hin almennu fyrn. l. nr. 14, 20. okt. 1905 1. gr. ‚Áður ár sé liðið' er sett fyrir ‚á ársfresti' í samræmi við orðalagið annarstaðar í greininni. — Aðrar breytingar eru hinar venjulegu.

Tólfti kapituli.

Um yfirsjónir skipstjóra og skipverja.

Við 253. gr.

285 gr. frv. 1911 er hjer breytt í þá átt, að lágmark hegningarinnar er sett lægsta sekt, en ekki 10. kr. eins og í frv. 1911. Sektir eru hjer venjulega lægri en í Danmörku, eins og eðlilegt er, því að peningar eru hjer meira virði. Í sænsku siglingalögunum er heldur ekki sett neitt ákveðið lágmark.

Við 254. gr.

Hjer er sömuleiðis sett ‚alt að 100 kr.' fyrir ‚5 til 100', sbr. einnig sænsku siglingalögin. — Í 72. gr. fml. 22. marz 1890 er lágmarkið enn hærra en í frv. 1911, nfl. 10 krónur. Í síðari p. greinarinnar er tilvitnunin til 72. (77.) gr. felld úr vegna breytingarinnar, sem hjer er gerð á þeirri grein.

Við 255. gr.

Fyrir þessi afbrot eru í núgildandi lögum hegningarákvæði í 7.—8. og 9. gr. fml. 1890, og er lægsta hegningin 2 krónur. Lágmark frv. 1911 er aftur á móti 10 krónur. Hjer er eins og áður ekkert lágmark sett.

Við 256. gr.

Eins og áður er ‚alt að' sett fyrir lágmark frv. 1911.

Við 257. gr.

Þessi grein byggist á 42. gr. fml. 1890. Lágmark frv. 1911 (10 kr.) er hjer felt burt og sett ‚alt að' í staðinn.

Við 258. gr.

Um þessi brot eru engin hegningarákvæði í núgildandi lögum. Greinin er eftir dönskum lögum nema hegningarlágmarkið er fært niður um helming, í 25 kr. úr 50 kr.

Við 259.—260. gr.

Greinar þessar eru nýjar og teknar eftir dönsku siglingalögunum. Á frv. 1911 eru gerðar þessar breytingar: ‚Farmsendandi' er sett fyrir ‚vörusendandi' og ‚ferming' fyrir ‚fermsla'.

Við 262. gr.

Fyrri p. þessarar greinar byggist á l. 9. sept. 1899 2. gr. Síðari p. byggist á l. 9. des. 1889; frv. 1911 setti hjer lágmark hegningarinnar 5 kr., en í þessu frv. er sett ‚alt að' eins og í l. 1889.

Við 263.—264. gr.

Þessar greinar eru eins og §§ 295.–6. í dönskum siglingalögunum. ‚Afrýjun' er sett fyrir ‚málskot' í frv. 1911.

Við 265. gr.

‚alt að' er sett fyrir ‚5 til' af sömu ástæðum sem áður.

Við 266. gr.

Þessi grein er að mestu leyti í samræmi við 43. og 44. gr. fml. 1890; lágmark hegningarinnar er hjer þó 10 kr., en í l. 1890 20 kr.

Við 267. gr.

Þessi grein er í fullu samræmi við 46. gr. fml. 1890. Orðalagið í samsvarandi gr. í frv. 1911 er töluvert öðruvísi en í fml. 1890, en hjer er orðalagi núgildandi laga haldið. Sumstaðar eru orð frv. 1911 einnig ónákvæmari en fml. 1890 og er því sömuleiðis breytt.

Við 268. gr.

Þessi grein byggist á 45. gr. fml. 1890. Þó er gerð sú breyting að fjarvera í sólarhring er nóg eftir þessu frv., en 2 sólarhringa þarf eftir 45. gr. l. 1890. Orðalag er hjer nokkuð annað, en í núgildandi lögum, en er sumpart betra sumpart jafnskírt.

Við 270. gr.

Hjer er ‚alt að' sett fyrir lágmark frv. 1911.

Við 271. gr.

‚Alt að' er sett fyrir ‚10 til' í frv. 1911; og ‚staðgöngumaður' fyrir ‚staðgengill'.

Við 272. gr.

Þessi grein byggist að mestu leyti á 5. gr. fml. 1890; hegningarnar eru þó nokkru vægari. »Er að köllun hans lýtur« er sett fyrir ‚hans' í frv. 1911, í samræmi við orðalag fml. 1890.

Við 273. gr.

Þessi grein byggist á 49. gr. fml. 1890. Í frv. 1911 er breytt frá fml. 1890 í því, að hegningin fyrir uppreisn með ofbeldi er sett 4 mánuðir og hegningarvinna alt að 3 árum fyrir 3 mánuði og betrunarhúsvinnu í 2 ár; hjer er breytt aftur í samræmi við núgildandi lög, sem ekki virðist þörf á að breyta. Frv. 1911 mun hafa ætlað sjer að fara eftir dönsku siglingalögunum, en 4 mánuðir er því prentvilla fyrir 3 mán., því að í dönsku lögunum er lágmarkið 3 mánuðir.

Við 275. gr.

Hjer er ‚alt að' sett fyrir lágmark frv. 1911, eins og áður.

Við 276. gr.

Hjer er ‚alt að' sett fyrir ‚5 til' í frv. 1911, eins og áður.

Við 277. gr.

Þessi grein byggist á síðasta lið 36. gr. fml. 1890, en er ítarlegri: segir fyrir um hver áhrif hegning skipstjóra á að hafa á hegninguna eftir dómi.

Við 279. gr.

Sbr. fml. 1890 48. gr. — ‚Sæta opinberri málshöfðun' er sett fyrir ‚höfða mál að tilhlutun yfirvalda' í samræmi við lagamálvenju. ‚Opinber lögreglumál' er af sömu ástæðu sett fyrir ‚almenn lögreglumál'.

Við 280. gr.

Sbr. fml. 1890 41. gr. Eftir tilvitnaðri grein í núgildandi lögum renna sumar sektir í Fiskimannasjóð Kjalarnesþings frá 1840, en það hefur ekki þótt ástæða til að halda þeirri reglu hjer, nema um sektir þær sem 110. gr. talar um.

Þrettándi kapituli.

Hvenær lögin öðlast gildi. Afnám eldri laga.

Við 281. gr.

Hjer eiga að vera upp talin öll þau lög, sem numin eru algerlega úr gildi; en auk þeirra breytir þetta frv. ýmsum lögum og nemur ýms ákvæði að meiru eða minna leyti úr gildi, og vegna þeirra ákvæða er sett hjer síðasta setningin. Hjer er ekki talið o. b. 22. jan. 1828, sem frv. 1911 telur, af því að það fjell úr gildi með ts. 3. febr. 1836 I (ef það var nokkurntíma í gildi). Auk þeirra laga, sem frv. 1911 telur, eru hjer talin: 10. og 25. kap. farmannalaga Jónsbókar og 26. gr. í rjettarbót Hákonar konungs 1314 (citerað eftir Akureyrarútgáfunni eins og annarstaðar í lögum); ennfremur 5. kap. 4. bókar D. l., sem lögleiddur er hjer á landi með ts. 19. des. 1794 § 7; 7.—8. gr. strandlaganna, að undanteknum

síðasta parti 8. gr., sem ekki snertir þau atriði, sem tekin eru til meðferðar í þessu frumvarpi; lögskráningarbálkur farmannalaganna, sem fellur úr gildi eins og hinir bálkar frumvarpsins vegna breytinganna í 75.—77. gr.; 1. gr. l. um skrásetning skipa, sem fellur úr gildi vegna breytingarinnar í 1. gr.; 23.—26. gr. fátækralaganna, sem ekki geta samrýmst ákvæðunum í 51., 95. og 98. gr.; og loks l. 20, 1907 um veð í skipum, sem falla úr gildi vegna 2. kafla í þessu frv. — Mjer hefur þótt rjettara að telja upp alt, sem felt var úr gildi með öllu, heldur en að gera upp á milli þess, enda er það þægilegra fyrir þá, sem eiga að nota lögin, þó þeim nægi ekki til fulls annað en tilvitnun grein fyrir grein núgildandi laga í greinar þessa frumvarps.

Við 282. gr.

Hjer er »1913« sett fyrir »1912«, og leiðir það af sjálfu sjer.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum nr. 25, 3. okt. 1903 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga.

(Lagt fyrir alþingi 1912).

Það er hjer eftir leyfilegt að ráða menn á skip, þótt skoðunargerð samkvæmt lögum nr. 25, 3, okt. 1903 hafi ekki farið fram, en ekkert skip má leggja út á fiskiveiðar eða til vöruflutninga fyr en skoðunarmenn hafa vottað, að það fullnægi skilmálum nefndra laga. Skoðunargerðina skal senda ráðningarstjóra. Ráðningarstjóri gerir lögreglustjóra viðvart um þau skip, sem hann hefur ráðið menn á og lagt hafa út, en hafa enga eða ófullnægiandi skoðunargerð sent.

Lögreglustjóri útnefnir skoðunarmenn og ákveður starfssvæði þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þessi breyting á lögunum um eftirlit með þilskipum er nauðsynleg vegna breytingarinnar á ráðningu skipverja, sem stungið er upp á í 75.—77. gr. siglingalagafrumvarpsins. Brot á ákvæðinu um skoðunargerð áður en skipið leggur út, fellur auðvitað undir hegningarákvæði laganna 1903. Til frekari tryggingar því að lögunum verði framfylgt er ráðningarstjóra gert að skyldu að tilkynna lögreglustjóra þau skip, sem hann ræður menn á og líkur eru til að hafi vanrækt fyrirmæli þessi.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum nr. 53, 30. júlí 1909 um vátrygging fyrir sjómenn.

(Lagt fyrir alþingi 1912).

Störf þau, sem falin eru lögskráningarstjóra með lögum nr. 53, 30. júlí 1909 um vátrygging fyrir sjómenn, skulu hjer eftir falin ráðningarstjóra.

Vátryggingargjaldið samkvæmt 3. gr. nefndra laga skal reiknað frá þeim degi, er ráðningartimi sjómannsins byrjar samkvæmt ráðningarsamningnum, eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þessi breyting á lögunum um vátrygging fyrir sjómenn er nauðsynleg vegna breytingar þeirrar á ráðningu skipverja, sem stungið er upp á í 75.—77. gr. siglingalagafrumvarpsins. Fyrri hluta þessa frumvarps er þó því að eins nauðsynlegur að »lögskráningarstjóra« nafninu verði breytt í »ráðningarstjóri«. Síðari breytingin stafar af því, að eftir siglingarlagafrumvarpinu getur lögráðning farið fram ef vill mörgum mánuðum áður en skipið, sem ráðið er á, á að leggja út, en algjör óþarfi að greiða vátryggingargjald fyrir þann tíma.

Frumvarp til laga

um

breyting á tíma þeim, er hið reglulega Alþingi kemur saman.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

Hið reglulega Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur eigi ákveðið annan samkomudag sama ár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með lögum Nr. 41, 20 okt. 1905, er ákveðið, að alþingi skuli koma saman 15. febrúar, og hefir svo verið síðan 1909. En þessi samkomudagur hefir eigi reynst hentugur, og mun nú alment vera álitið að alþingistími sá, sem verið hefir frá aldaöðli, sumartíminn frá mánaðamótunum júní—júli, sje hentugastur. Svo ber þess að gæta, að eigi verður því við komið að halda alþingi í alþingishúsinu um vetrartímann, meðan háskólinn hefir þar húsnæði, en svo verður að vera fyrst um sinn; annarsstaðar er eigi hægt að láta hann hafa húsnæði, eins og nú hagar. Fyrir þessar sakir er farið fram á það í þessu lagafrumvarpi, að samkomudagur hins reglulega alþingis sje fyrsti virkur dagur í júlímánuði ár það, er alþingi á að eiga samkomu.

Frumvarp til laga

um

öryggi skipa og báta.

(Lagt fyrir alþingi 1912).

I. Ákvæði, er gilda um öll skip og vjelarbáta, sem eiga heimili á Islandi.

1. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef skipsskrokk, útbúnaði skips, vjel eða vjelartækjum eða skipshöfn er svo áfátt eða skip er svo ofhlaðið eða vanhlaðið, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að álíta verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sje að vera í förum með því, en venjulegt er við siglingar.

2. gr.

Útgerðarmanni er skylt að sjá um, að óhaffært skip sje eigi haft í förum.

Áður lagt er á stað annast skipstjóri um, að skip sje haffært, hann sjer og um, að það sje hæfilega vel útbúið til ferðarinnar, nægilega ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf, kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það er gufuskip. Honum er og skylt, að annast um, að skipið hafi meðferðis þau bendingaáhöld, björgunartæki, sjóbrjef og siglingaverkfæri, sem með þarf. Hann skal einnig sjá um, að fermsla skipsins sje í alla staði hæfileg.

Ákvæðin í 1. og 2. gr. ná einnig til vjelarbáta, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

II. Ákvæði um skip, sem eru í förum milli landa.

3. gr.

Nú á skip að ganga landa á milli, eða gufuskip rekur veiðar utan landhelgi, og skal þá fullnægt þeim almennu kröfum, sem settar eru eftir alþjóðlegum rjetti um öryggi skipa, einnig að því leyti, sem við kemur öllum útbúnaði skips, björgunartækjum þess, siglingaverkfærum og fermslu, alt eftir því, hvort skipið er ætlað til fólksflutnings, vöruflutnings, veiða eða annars.

4. gr.

Eftir 1. janúar 1913 skulu skip, sem eiga að vera í förum milli landa, vera með hleðslumerki, samkvæmt reglum, sem nánara verða ákveðnar í konunglegri tilskipun. Kostnaðurinn við þetta greiðist af útgerðarmanni. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sjerstaklega stendur á.

Stjórnarráðið hefir og heimild til, ef nauðsynlegt þykir, að gera samninga um útgáfu hleðslumerkis-skírteina handa íslenskum skipum, við þau dönsk stjórnarvöld eða flokkunarfjelög erlendis, sem hafa heimild til að gefa út slík skírteini.

Hleðslumerkið sýnir, hvað skipið má liggja dýpst í sjó í logni. Ef skip er hlaðið svo, að það liggur dýpra, ber að skoða það ótrygt og geta þá hlutaðeigandi yfirvöld bannað því að halda ferð áfram, þar til er úr bætt.

5. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd reglna þeirra, sem settar eru í 3. og 4. gr., og um umsjón með, að þeim sje hlýtt, má setja í konunglegri tilskipun.

III. Ákvæði um skip, sem eru í förum innanlands og um vjelarbáta.

6. gr.

Með konunglegri tilskipun má setja ákvæði um hvaða öryggisreglur skuli gilda um þilskip (gufuskip og seglskip), sem eru í förum með ströndum Íslands eða stunda fiskiveiðar við Ísland, og hvers skoðunarmenn þeir, er ræðir um í 3. gr. laga 3. okt. 1903 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, skuli krefjast áður en lögskráning á skip má fara fram.

Eigi má þó gefa slíka tilskipun út fyr en fengið er álit bæði meiri háttar útgerðarfjelaga landsins og sjóvátryggingarfjelaga, og má hún eigi í verulegum atriðum vera strangari en þessi fjelög telja hyggilegt fyrir sjávarútveginn.

7. gr.

Með sömu skilyrðum má einnig með konunglegri tilskipun setja öryggisreglur fyrir vjelarbáta.

Um báta þessa má einnig ákveða í tilskipuninni, að vjelina skuli skoða árlega, annaðhvort af sjerfróðum manni, sem skrásetningarstjóri tilnefnir, og fær hann þóknun fyrir skoðunina samkvæmt ákvæðum 4. gr. nefndra laga 3. okt. 1903, eða af manni, sem stjórnarráðið löggildir til þess, og fær hann þá þóknun fyrir skoðunina, sem ákveðin er í tilskipuninni. Gjald fyrir skoðun greiðist af útgerðarmanni og hefir lögtaksrjett.

Það er tilgangur eftirlitsins að veita þeim, sem það varðar, ábyggilegar skýrslur um ástand vjelarinnar og veita eigandanum leiðbeiningar sjerfróðs manns. Skoðunarmaður skal svo fljótt, sem því verður við komið, senda skoðunargerðina eiganda, lögreglustjóra og innlendum ábyrgðarfjelögum, sem báturinn er vátrygður hjá og þess kunna að óska. Í tilskipuninni skal svo ákveða, að skoðun falli burtu, ef hlutaðeigandi vátryggingarfjelag lætur árlega skoða vjelar á þann hátt, sem stjórnarráðið telur tryggan.

IV. Ymisleg ákvæði.

8. gr.

Ef skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, er talið ósjófært, getur lögreglustjóri heft burtförina til bráðabirgða með úrskurði, rökstuddum með áliti tveggja, tilnefndra, sjerfróðra, óvilhallra manna, er fengið skal svo fljótt sem auðið er. Þessum úrskurði má áfrýja til stjórnarráðsins; skal það leggja fullnaðarúrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

9. gr.

Nú er skip eða bátur, þar með talin þilskip og vjelarbátar til vöruflutninga eða fiskiveiða, ekki fær til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri eða formaður vanrækir að sjá um, að úr sje bætt, og getur skipshöfnin þá krafist fararleyfis úr skiprúmi. Þegar meiri hluti skipshafnar krefst þess, er skipstjóri eða formaður skyldur til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipi eða bát, um það, hvort það sje ferðafært. Enn fremur skal skoða vjelina, þar sem því má við koma, ef vjelarstjóri krefst þess. Synji skipstjóri eða formaður þessarar skoðunargerðar, er skipshöfn heimil brottför úr skiprúmi.

Ef skipshöfn fer úr skiprúmi af þessum ástæðum, fær hún kaup samkvæmt 2. málsgr. 58. gr. farmannalaga 22. marz 1890, sje skipið fiskiskip eða vjelarbátur, en annars samkvæmt 1. málsgr. sömu greinar.

Ef svo reynist við skoðunargerð, að kærur um, að skip eða bátur sje óhaffært, eiga við engin sennileg rök að styðjast, þá skal sá, sem skoðunar hefir beiðst, greiða allan þann kostnað og tjón, er af henni hlýtst.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum eða varúðarreglum þeim, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var, samkvæmt allrahæstum úrskurði 3. jan. 1911, lagt fyrir efri deild alþingis 1911 og var því vísað þar til nefndar, en sú nefnd kom eigi fram með neitt álit. Stjórnin leggur nú frumvarpið óbreytt fyrir alþingi á ný, að undantekinni sjálfsagðri breytingu á 4. og 12. gr. Ástæðurnar fyrir frumvarpinu frá 1911 eru prentaðar í Alþ.tíð. 1911 A. bls. 176—179 og er vísað til þeirra.

Frumvarp til laga

um

stofnun yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1912).

---

1. gr.

Yfirsetukvennaskóla skal setja á stofn í Reykjavík.

2. gr.

Námstíminn skal vera 6 mánuðir og byrja 1. október ár hvert.

3. gr.

Landlæknir skal vera kennari skólans, og hafa 1000 kr. á ári fyrir þann starfa.

Þar að auki skal ráða 3 yfirsetukonur í Reykjavík, til að veita námskonum verklega tilsögn; skulu þær fá 200 kr. þóknun á ári, hver þeirra. Ráðherra veitir yfirsetukonum þennan starfa eftir að hafa fengið tillögur landlæknis.

4. gr.

Námskonur skulu fá námsstyrk, til þess að þær geti dvalið við námið sjer að kostnaðarlausu. Stjórnarráðið ákveður námsstyrkinn.

5. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans, og semur reglugerð fyrir hann.

6. gr.

Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

7. gr.

Landlæknir ákveður, hver skuli vera áhöld yfirsetukvenna.
Landssjóður leggur til áhöld í yfirsetukvennaumdæmin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1912.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefir landlæknir samið og vísast um það til athugasemda við frumvarp til yfirsetukvennalaga. Eru hjer sett skýrari ákvæði um kensluna en í yfirsetukvennalögunum frá 1875 og í lögum nr. 9, 13. apríl 1894, um breytingu á 3. og 5. gr. nefndra laga, og er kenslunni yfirleitt hagað líkt því, er henni hefir verið hagað hin síðustu ár. Aðalbreytingin er í því innifalin, að útvega námskonunum meiri verklega æfingu við námið, en hingað til hefir verið færi á. Er ætlast til þess að námskonurnar fái ríflegri námsstyrk en verið hefir, en þar á móti er felt burtu ákvæði hinna eldri laga um að landssjóður greiði námskonunum ferðakostnað á námsstaðinn, og þaðan í yfirsetukvennaumdæmið. Þessi umskifti, að námskonurnar fái að mun ríflegri námsstyrk, en ferðakostnaður falli niður, verður Stjórnarráðið að telja mjög til bóta fyrir þær; eins og samgöngum nú er komið, er það tiltölulega ljett og kostnaðarlítið að komast til Reykjavíkur á haustin, eins og sjest á því, hvílíkur fjöldi nemenda sækir þangað til ýmsra skóla; hinsvegar liggur það í augum uppi, að námskonurnar geta rækt námið miklu betur, ef þær þurfa ekki að hafa verulegar áhyggjur útaf dvalarkostnaðinum í Reykjavík.

Frumvarp

til

yfirsetukvennalaga.

(Lagt fyrir alþingi 1912).

---

1. gr.

Engin getur orðið yfirsetukona hjer á landi, nema hún hafi staðist próf í yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík, eða konunglegu fæðingarstofnuninni í

Kaupmannahöfn eða öðrum erlendum yfirsetukvennaskóla, sem landlæknir tekur gildan.

Yfirsetukonur í Reykjavík skulu hafa notið kenslu í fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða annari erlendri fæðingarstofnun, sem að dómi landlæknis veitir jafngóða fræðslu.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skifta í yfirsetukvennaumdæmi, og ræður sýslunefnd þeirri skiftingu, tölu umdæmanna og takmörkum þeirra, og velur þeim heiti. Ein skal vera yfirsetukona í hverju umdæmi, og hafa þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.

Í hverjum kaupstað skal vera yfirsetukona, ein eða fleiri; því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar yfirsetukonur eftir tillögum sýslunefndar, og fær þeim veitingarbrjef; en í kaupstöðum bæjarfógeti eftir tillögum bæjarstjórnar.

Þó skal jafnan leita álits hjeraðslæknis, áður yfirsetukona er skipuð; ef hjeraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Hver yfirsetukona skal hafa árslaun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Árslaun skal greiða eftir á, í kaupstöðum mánaðarlega, en annarsstaðar fyrir hvert misseri, á miðju ári og í árslok.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal í umdæminu við síðustu áramót á þann hátt er hjer segir:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 200 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 60 kr.
2. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er yfir 200, skulu árslaun yfirsetukonu vera 60 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 200, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr.
3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru 2 eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra beggja, eða allra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 500 kr.

5. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir mega veita þeim yfirsetukonum hæfileg eftirlaun, er fengið hafa lausn frá starfa sínum fyrir elli sakir eða vanheilsu.

Nú fær yfirsetukona lausn af þessum ástæðum og hefir gegnt stöðu sinni full 20 ár í sömu sýslu eða sama kaupstað, á hún þá rjett til eftirlauna, er nemi $^1/_3$ af árslaunum hennar, eins og þau hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin; hafi hún verið við starfið full 28 ár, þá skulu eftirlaunin nema á sama hátt $^1/_2$ af árslaunum hennar, en hafi hún gegnt starfinu í 36 ár eða lengur, skulu eftirlaunin nema $^2/_3$ af árslaununum.

Sú, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eftirlaunum, samkvæmt lögum þessum.

Sú yfirsetukona, sem slasast þannig, þegar hún er að gegna stöðu sinni, að hún verður að fá lausn og er ófær til að vinna fyrir sjer á annan hátt, skal ávalt fá hin hæstu eftirlaun, sem henni geta borið samkvæmt lögum þessum miðað við föst laun hennar og 36 ára þjónustu.

6. gr.

Hver yfirsetukona er skyldug að láta aðstoð sína tafarlaust í tje hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir henni.

Nú baga yfirsetukonu veikindi eða önnur lögleg forföll og eru þá yfirsetukonur í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma, án þess að vanrækja sín umdæmi.

7. gr.

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 5 kr. fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, en 50 aura fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukonan heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eftir á auk ókeypis fararbeina, og skal ekki telja þau sveitargjöld með fátækrastyrk.

8. gr.

Landlæknir skal semja og stjórnarráðið staðfesta yfirsetukvennareglugerð um skyldur yfirsetukvenna og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

9. gr.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gert að skyldu með lögum þessum og yfirsetukvennareglugerðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í landssjóð, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek að nýju og eru miklar sakir til, einkum ef hún hefur oftar en einu sinni skorast undan að vitja sængurkonu tafarlaust og að forfallalausu, þá skal henni vikið frá. Ef yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefir trúað henni fyrir sem yfirsetukonu, um hagi sína, skal henni þegar vikið frá starfi sínu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913, og frá sama tíma eru yfirsetukvennalög 17. des. 1875 og lög nr. 9, 13. apríl 1894, um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875, úr gildi feld.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á alþingi 1911 var í neðri deild samþykt ályktun um að skora á stjórnina að sjá um að launakjör yfirsetukvenna hjer á landi verði tekin til íhugunar, og undirbúningur verði gerður sem fyrst til nýrrar löggjafar um það efni. Útaf ályktun þessari ritaði stjórnarráðið landlækni og beiddist álits hans og tillagna um, að hverju leyti ástæða væri til að koma fram breytingum á núgildandi lögum um nám yfirsetukvenna, skyldur þeirra, starfsvið og launakjör. Samkvæmt þessum tillögum stjórnarráðsins, hefir landlæknir útvegað skýrslur um þetta, bæði frá hjeraðslæknum og yfirsetukonum, og hefir að fengnum þessum skýrslum samið mjög ítarlegt álitsskjal um málið. Telur hann ástæðu til þess að gera töluverðar breytingar á yfirsetukvennalögunum 17. des. 1875.

Í lögunum frá 17. des. 1875 eru ákvæði um kenslu yfirsetukvenna, um skifting landsins í yfirsetukvennaumdæmi, skipun yfirsetukvenna, launakjör þeirra o. fl. Þetta hefir landlæknir í tillögum sínum greint í sundur. Hefir hann samið 2 lagafrumvörp, annað um kenslu yfirsetukvenna, og hitt um skifting landsins í yfirsetukvennaumdæmi, skipun yfirsetukvenna, laun þeirra og skyldur. Þessa tillögu landlæknis hefir stjórnarráðið fallist á.

Í frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, er haldið ákvæði hinna eldri yfirsetukvennalaga um að laun yfirsetukvenna skuli greiðast úr sýslusjóði og bæjarsjóði, og verður stjórnarráðið eindregið að halda því ákvæði fram, en aðalbreyting sú, sem hjer er gerð, er innifalin í því, að laun yfirsetukvenna skuli miðuð við fólkstal í umdæminu, þannig að í þeim umdæmum, þar sem fólkstalan er 200 eða minni, skuli árslaun yfirsetukonu vera 60 kr., eins og nú er, en í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er yfir 200, skuli árslaun yfirsetukonu vera 60 kr. að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fara fram yfir 200, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr. Þessi breyting byggist á því, að í fámennum hjeruðum geti yfirsetukonan stundað aðra atvinnu frátafalítið, og sje því ekki þörf á að bæta laun yfirsetukvenna í þeim umdæmum, en í fjölmennari hjeruðunum eiga yfirsetukonur erfiðara með að stunda aðra atvinnu, og þá þurfi launin að vera hærri, og í hinum fjölmennustu hjeruðum geti yfirsetukonur enga aðra atvinnu stundað, og því þurfi launin að vera svo mikil að yfirsetukonan geti lifað á þeim. Þessi regla um laun yfirsetukvenna bætir að miklum mun launakjör yfirsetukvenna, þar sem þess er frekust þörf, en getur þó hinsvegar ekki talist að íþyngja um skör fram hlutaðeigandi hjeruðum, sem launin eiga að greiða.

Í 7. gr. laganna er yfirsetukonum ákveðin nokkru hærri borgun, 5 kr., fyrir yfirsetu, en í lögunum frá 1875, og í 5. gr. lagafrumvarps þessa, er yfirsetukonum veittur rjettur til eftirlauna eftir langa og dygga þjónustu.

Að öðru leyti vísast til álitsskjals landlæknis, er alþingi verður gefinn kostur á að kynnast.

Frumvarp til laga

um

breytingu á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

---

1. gr.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúatalan er yfir 100, ber bólusetjara 25 aurar fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og skoðar samkvæmt 3., 4.—6. og 9. gr. laga nr. 34, 27. sept. 1901, hafi bólan komið út, en að öðrum kosti 10 aurar.

Í minni kauptúnum og sveitum skal borgunin vera 50 aurar, ef bólan kemur út, en að öðrum kosti 20 aurar.

2. gr.

1. málsgrein 11. gr. í lögum nr. 34, 27. sept. 1901, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I sambandi við tillögur sínar um ný yfirsetukvennalög, hefir landlæknir sent stjórnarráðinu frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar. Telur landlæknir að borgun sú, sem nú tíðkast fyrir bólusetningar, sje fullsæmileg í kaupstöðum og í kauptúnum, þar sem yfirsetukona eða læknir á heima, en til sveita sje þessi borgun of lítil, og megi ekki minni vera en hjer er farið fram á, 50 aurar ef bólan kemur út, en 20 aurar að öðrum kosti, enda hafi yfirsetukonur, er bólusetningarstarfið er falið, þráfaldlega kvartað undan að borgunin sje ófullnægjandi.

Er stjórnarráðið þessum tillögum landlæknis að öllu leyti samdóma.

Frumvarp til laga

um

að landssjóður kaupi einkasímann til Vestmannaeyja og símakerfið þar.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

---

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir landssjóðs hönd frá 1. október 1912 einkasímalínuna frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja og talsímakerfið í Vestmannaeyjum samkvæmt ákvæðum leyfisbrjefs 9. júní 1911 handa Talsíma- og ritsímafjelagi Vestmannaeyja til stofnunar og starfrækslu símasambanda þessara.

2. gr.

Til kaupanna samkvæmt 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að taka alt að 45000 króna lán fyrir landssjóðs hönd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með leyfisbrjefi 9. júní 1911, sem Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, var Talsíma- og ritsímafjelagi Vestmannaeyja veitt leyfi, samkvæmt lögum nr. 12, 20. október 1905, til þess að stofna og starfrækja talsíma- og ritsímasamband milli Eystra-Garðsauka og Vestmannaeyja og símakerfi á Vestmannaeyjum. Leyfið var veitt til 1. október þ. á. en skal þá endurnýjað til 9 ára, ef landssjóður kaupir símann ekki þá fyrir bókfært verð, að viðbættum viðhaldskostnaði, þannig að frá tjeðri fjárhæð skal draga það, sem fyrirtækið hefir gefið af sjer fram yfir 6% af stofnkostnaðinum. Vilji landssjóður hins vegar taka símann eftir tjeðan tíma, fer um endurgjaldið samkvæmt ákvæðum framannefndra laga 20. október 1905. Landssímastjórinn hefir nú skýrt stjórnarráðinu frá því, að stofnkostnaðurinn muni hafa orðið um 45000 kr. en viðhaldskostnaður hingað til svo sem enginn. Jafnframt hefir hann látið í ljósi, að hann byggist við, að ágóðinn af rekstrinum um tímabilið frá 31. 1911 til 30. sept. 1912 muni verða um 16% af stofnkostnaðinum, svo búast megi við, að talsverð fjárhæð dragist frá stofnkostnaðinum, ef til vill alt að 4000 kr., ef landssjóður kaupir 1. okt. þ. á. Landsstjórninni virðist því einsætt að sleppa ekki þessu tækifæri til að kaupa símann, sem útlit er fyrir að landssjóður hafi fjárhagslegan hag af að eignast, auk þess að það gerir almenningi auðveldara og ódýrara að nota hann.

Frumvarp til laga

um

ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1912).

---

1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hjer á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. —— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú.
4. —— Reykjavík — Hafnarfjörður.
5. Innanbæjartalsímakerfi: Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar og Seyðisfjarðar.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði.

Með ofantöldum línum teljast og aukaþræðir, sem vegna aukinna starfa á línum þessum eru lagðir eða hjer eftir verður nauðsynlegt að lagðir séu á hinar eldri stauraraðir þessara lína.

3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. —— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. —— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. —— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.
5. —— Breiðumýri — Húsavík.
6. —— Fagriskógur — Hjalteyri.
7. —— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.
8. —— Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. —— Ísafjörður — Bolungarvík.

10. Talsímalínan: Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. —— Grund — Borgarnes.
12. —— Kalastaðakot — Akranes.
13. —— Hafnarfjörður — Gerðar.
14. —— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. —— Ölfusárbrú — Eystri-Garðsauki.
16. —— Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
17. —— Stykkishólmur — Hjarðarfell.
18. —— Eystri-Garðsauki — Vestmannaeyjar.
19. —— Hjarðarfell — Ólafsvík.
20. —— Miðey — Vík í Mýrdal.
21. —— Eskifjörður — Norðfjörður.
22. —— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur.
23. —— Djúpivogur — Hornafjörður.
24. Hliðartalsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.

4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: Til Grenivíkur, Hvammstanga, Skagastrandar og Kálfshamarsvíkur, Kirkjubæjar á Síðu, Grundarfjarðar, Unaóss, og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu, Raufarhafnar, Súgandafjarðar, um Barðastrandasýslu, frá Ólafsvík til Sands, frá Reykjavík til Þingvalla, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur, frá Hraungerði að Torfastöðum í Biskupstungum og upp í Hreppa, upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu. Enn fremur símakerfi í kauptúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, ettir því sem vinnukraftur sá, sem landssíminn hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, lagning og kaup á þeim talsímalínum, er upp eru taldar í 2. og 3. gr. og eigi eru þegar lagðar eða keyptar af landsjóðs hálfu, þar með taldir aukaþræðir þeir, sem nefndir eru í 2. gr., síðustu málsgrein.

Lagning og kaup framkvæmast eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum landssímastjóra þykir rjett.

Einnig er landsstjórninni heimilt að framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi aðallínum, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri.

Ætíð skal þó tilskilið, áður en ráðist er í kaup eða lagning á símalínum, er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hjerað leggi til lagningskostnaðar hennar eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

Til	19.	liðs 2. flokks	...	...	4000 kr.
—	20.	— - —	...	...	5000 —
—	21.	— - —	...	...	3000 —
—	22.) 23.)	— - —	...	...	5000 —
—	24.	— - —	...	...	5000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufjelag eiga hlut að máli um tillag til símalínu, skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skifting á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, eftir nánari ákvörðun landsstjórnarinnar.

7. gr.

Þá er lokið er lagning og kaupum á talsímum og talsímakerfum o. fl. samkvæmt 5. gr., skal kaupa og leggja talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks teljast, og enn fremur aukaþræði í eldri línur eftir því sem nauðsyn krefur, og skal verja tekjuafgangi af rekstri landssímans ár hvert til framkvæmdar á þessu. Að jafnaði skal fjeð til þessara framkvæmda þó veitt á fjárlögum og þar þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi hjeraði.

8. gr.

Til framkvæmda á lagning og kaupum síma og talsímakerfa o. fl., er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landsjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum. Halda skal láni þessu eða lánum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsfjeð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikningnum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til rekstrskostnaðar (sbr. 7. gr.).

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í rekstrskostnaðinum, er útrunninn, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstrsútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum landsstjórnarinnar fyrir hvert einstakt tiltelli.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Af þingmanna hálfu var í neðri deild alþingis 1911 borið upp og afgreitt frá deildinni frumvarp til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, en frumvarp þetta kom ekki til umræðu í efri deild. Stjórninni hefir nú þótt rjett að leggja frumvarp um þetta efni fyrir alþingi nú og er frumvarp það, sem hjer liggur

fyrir, í aðalatriðum samhljóða frumvarpi neðri deildar, þó nokkrar breytingar hafi verið gjörðar á því eftir tillögum landssímastjórans.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Símalínum landsins, sem þegar eru lagðar, svo og þeim, sem að líkindum verða lagðar innan skamms, er skipt í flokka eptir því, hverjar línuleiðir og línur skuli teljast aðallínur og hverjar aukalínur.

Í 1. flokki eru aðallínurnar. Hvorki hlutaðeigandi sýsla nje hreppur leggja til lagninga þeirra. Í 2. flokki eru stærstu aukalínurnar. Til lagninga þeirra greiðir hlutaðeigandi sýsla eða hreppur tillag. Það er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að lán verði tekið til lagningar þeirra lína 1. og 2. flokks, sem enn þá eru ólagðar.

Í 3. flokki eru aðrar aukalínur, og er gjört ráð fyrir að leggja megi þær fyrir ágóðann af rekstri landssímanna. Hlutaðeigandi sýsla eða hreppur greiðir tillag til lagninga þessara lína.

Um 2. gr.

Af línum þeim, sem taldar eru í þessari grein, eru línur þær, sem nefndar eru í 6. og 7. lið, ólagðar og sömuleiðis aukaþræðir þeir á eldri stauraröðum, sem nefndir eru í síðustu málsgrein greinarinnar. Það er mjög æskilegt, að línan frá Húsavík um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Þistilfjörð, sem nefnd er í 6. lið, verði lögð sem fyrst, bæði til þess að tengja þenna landshluta við aðra hluta landsins og koma á nýju sambandi milli Akureyrar og Vopnafjarðar, því að reynslan hefur sýnt, að mjög er hætt við símslitum á fjöllum á þessari leið. Landssímastjórinn fór sumarið 1910 um þessa línuleið, og álítur hann, að ekki muni verða sjerlegum erfiðleikum bundið að leggja línuna. Áætlað er að línan muni kosta 85,000 kr. Hliðarlínur út frá þessari aðallínu til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers eru taldar í 2. flokki.

Tengilínan milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði, sem nefnd er í 7. lið, er nauðsynleg, bæði til þess að greiða sambandið milli Seyðisfjarðar og stöðvanna þar fyrir sunnan og til þess að koma á tvöföldu sambandi milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar. Lagning þessarar línu er að nokkru leyti komin undir því, að einkalínan milli Eskifjarðar og Norðfjarðar verði keypt (sjá athugasemdirnar um 3. gr.). Milli Askness og Fjarðar í Mjóafirði er sömuleiðis einkalína, og er nauðsynlegt að kaupa hana og setja á stofn almenna landssímastöð á Asknesi, bæði til þess að fá fullt vald yfir öllu línusvæðinu og komast hjá aukagjöldum einkalínanna.

Áætlað er, að línan milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði muni kosta 11,000 kr., þar af línan frá Asknesi til Fjarðar í Mjóafirði 3,500 kr.

Á línunum milli Reykjavíkur og Ölvusárbrúar og milli Akureyrar og Breiðumýrar er eins og stendur mest þörf á að leggja aukaþræði þá, sem nefndir eru í síðustu málsgrein 2. gr. (sbr. fyrstu málsgr. 5. gr.), og eiga þræðir þessir að vera 3,3 m/m koparþræðir.

Áætlað er, að aukaþráðurinn á línunni milli Reykjavíkur og Ölvusárbrúar muni kosta 15,960 kr. og á línunni milli Akureyrar og Breiðumýrar 11,760 kr. Línan austur um Ölvusárbrú, sem hefur 17 stöðvar, er svo mikið notuð síðan línan til Vestmannaeyja var lögð í fyrra, að til vandræða horfir með starfræksluna. Ný lína austur að Ölvusárbrú er þess vegna mjög nauðsynleg, og verður að

leggja hana sem allra fyrst. Líku máli er að gegna um línuna frá Akureyri til Breiðumýrar, því að þar liggur Húsavíkurlínan frá aðallínunni, og þegar búið er að leggja línuna milli Húsavíkur og Vopnafjarðar, sem stungið er upp á í frumvarpinu, verður línan enn þá meira notuð.

Lagningar hinna nýju lína, sem stungið er upp á í 2. gr., kosta þannig 123,720 kr., auk lánsins til að kaupa bæjartalsímann í Reykjavík, sem er hjer um bil 75,000 kr.

Um 3. gr.

Línur þær, sem nefndar eru í 1. til 17. lið þessarar greinar, eru þegar lagðar og eru eign landsins. Línurnar, sem nefndar eru í 18. og 21. lið greinarinnar, eru sömuleiðis lagðar, en þær eru einkalínur, og er stungið uppá að kaupa þær. Að eins línurnar, sem nefndar eru í 19., 20., 22., 23. og 24. lið eru ólagðar.

Það er sjerstaklega nauðsynlegt að kaupa Vestmannaeyjalínuna, sem nefnd er í 18. lið greinarinnar. Um það vísast til athugasemdanna við frumvarpið um kaup á Vestmannaeyjasímanum.

Um 19. lið, línuna frá Hjarðarfelli til Ólafsvíkur. Í núgildandi fjárlögum er veitt fje til lagningar línu milli Stykkishólms og Hjarðarfells, og verður eðlilega að halda þessari línu áfram til Ólafsvíkur um Búðir. Áætlað er að kosta muni 25,000 kr. að leggja línuna, og leggur hjeraðið til 4000 kr. þaraf.

Um 20. lið, línuna frá Miðey til Víkur í Mýrdal. Þessi lína liggur út frá suðurlínunni á Miðeyjarstöðinni, og hún er — eins og línurnar, sem stungið er upp á í 22. og 23. lið — byrjun á aðallínu, sem liggja á í gegnum landið frá austri til vesturs. Þessvegna er stungið upp á að nota 3,3 m/m koparþráð. Áætlað er, að línan muni kosta 43,000 kr., en þar af leggur hjeraðið til 5000 kr.

Um 21. lið. Eins og tekið er fram í athugasemdunum við 2. gr., er æskilegt, bæði með tilliti til símagjaldanna og starfrækslunnar, að kaupa þessa einkalínu. Línan kostaði 15,000 kr., en þar frá dragast 3000 kr., sem hjeraðið lagði til hennar.

Um 22. og 23. lið. Það er æskilegt að setja þá landshluta, sem línan frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar á að liggja í gegn um, í símasamband við aðra hluta landsins, og lína þessi er auk þess, eins og áður er tekið fram, hluti af nýrri aðallínu milli Austurlandsins og Suðvesturlandsins. Þessvegna er stungið upp á að nota 3,3 m/m. koparþráð. Áætlað er, að línan milli Fáskrúðsfjarðar og Djúpavogs kosti 50,000 kr. og línan frá Djúpavogi til Hornafjarðar muni kosta 53,000 kr., en þaraf leggja hjeruðin til 5000 kr.

Um 24. lið. Til þess að fá full not af línunni milli Húsavíkur og Vopnafjarðar, sem stungið er upp á í 2. gr., er æskilegt að leggja aukalínur út frá henni til Kópaskers, Þórshafnar og Hafnar í Bakkafirði. Áætlað er, að þessar 3 línur muni kosta 15,000 kr., en þar af leggja hjeruðin til 5000 kr.

Kostnaðurinn við að leggja þessar nýju línur og kaupa þær línur, sem stungið er upp á í 3. gr., verður þannig:

18. liður.	Kaup á Vestmannaeyjalínunni	kr.	45000,00
19. liður.	Línan frá Hjarðarfelli til Ólafsvíkur 25000 kr., að frádregnu tillagi hjeraðanna 4000 kr.	—	21000,00
20. liður.	Línan frá Miðey til Víkur í Mýrdal 43000 kr., að frádregnu tillagi hjeraðanna 5000 kr.	—	38000,00
		Flyt kr.	104000,00

	Fluttar kr.	104000,00
21. liður. Kaup á Norðfjarðarlínunni, að frádregnu tillagi hjeraðsins 3000 kr.	—	12000,00
22. og 23. liður. Línurnar frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar 103000 kr., að frádregnu tillagi hjeraðanna 5000 kr. . .	—	98000,00
24. liður. Aukalínur til Kópaskers, Þórshafnar, og Hafnar í Bakkafirði 15000 kr., að frádregnu tillagi hjeraðanna 5000 kr.	—	10000,00
Samtals kr.		224000,00

Um 4. gr.

Í þessari grein eru taldar línur þær, sem æskilegt er, að lagðar verði, þegar búið er að leggja línurnar, sem taldar eru í 2. og 3. gr., og er stungið upp á að greiða kostnaðinn við lagningar þessara lína af ágóðanum af rekstri landssímanna. Ágóðinn nam árið 1911 hjer um bil 60,000 kr., og hann vex væntanlega á fám árum upp í 75,000 kr. Hægt mun vera að leggja línur þær, sem nefndar eru greininni, á 3 til 4 árum, ef varið er hjer um bil 50,000 kr. á ári til þess.

Um 5. gr.

Þar eð það hvorki getur talist heppilegt eða hagvænlegt að hraða lagningunum svo mjög, að nauðsynlegt verði að fá starfsmenn og verkstjóra frá útlöndum, er stjórninni, í samráði við ritsímastjórann falið eftir ástæðum og sjer í lagi eftir því hver kostur er á innlendum verkstjórum, að ákveða, hvaða línur skuli leggja á ári hverju. Að því er snertir 3. málsgrein þessarar greinar, skal það tekið fram, að reynslan hefur sýnt, að nokkrar breytingar verður að gera á aðallínunni milli Borðeyrar og Seyðisfjarðar. Nokkur hluti af kostnaðinum við þessar breytingar verður talinn til árlegs viðhaldskostnaðar og verður settur á reikninginn yfir rekstur landssímanna, en á nokkrum stöðum, þar sem línan liggur yfir fjöll, svo sem á Smjörvatnsheiði, Fjarðarheiði og að nokkru leyti á Dimmafjallgarði, verða breytingarnar svo miklar, að álíta verður, að nauðsynlegt sje að leita samþykkis fjárveitingarvaldsins.

Það hefur komið í ljós, að ófært er að láta símann liggja yfir Smjörvatnsheiði, og verður því að flytja hann þaðan. Það hefur staðið til að flytja símann yfir á Hellisheiði og hafa jarðleiðslu, þar sem heiðin er hæst. Á þann hátt verður línan nokkru lengri, og mun kosta hjer um bil 27,000 kr. Á Fjarðarheiði er nauðsynlegt að styrkja línuna með gildari þræði, setja sterkari þverslár og byggja hús á heiðinni. Kostnaðurinn við það verður 10000 kr., eða samtals 37,000 kr., og er stungið upp á að taka fje það til láns, samkvæmt 8. gr.

Um 6. gr.

Þar eð álíta verður, að landið nauðsynlega muni þurfa að setja á stofn loftskeytastöð, er stungið upp á að setja hana á stofn í nánd við Reykjavík, og hafa hana svo öfluga, að hún geti haft samband við útlönd, England og Noreg, og má þá nota hana í stað sæsímans, ef hann slitnar. Aðalverkefni loftskeytastöðvarinnar er þó að hafa samband við skip, sem hafa loftskeytaútbúnað. Þess má og vænta, að von bráðar verði sett á stofn loftskeytastöð á Grænlandi.

og á þá stöðin í Reykjavík að geta staðið í sambandi við hana, og orðið eðlilegur milliliður milli hennar og stöðva erlendis.

Áætlað er, að stöð þessa muni mega setja á stofn fyrir 80,000 kr., og er þar með talinn kostnaður við bygging vjelahúss og íbúðarhúss fyrir stöðvarstjóra. Hjá Bergen í Noregi er nú verið að byggja stöð, sem á að geta sent skeyti um 14—1600 km, vegalengd, og gæti stöðin í Reykjavík staðið í sambandi við hana.

Um 7. gr.

Virðist ekki þurfa skýringa við.

Um 8. gr.

Virðist ekki þurfa skýringa við.

Um 9. gr.

Við lok ársins 1912 verða alls í landinu 110 ritsíma- og talsímastöðvar. Ef frumvarp þetta verður að lögum, fjölga þær um 50. Það verður þá enn frekar en nú nauðsynlegt til þess að reksturinn sje í góðu lagi og arðvænlegur og símakerfi landsins tekið náttúrlegum framförum, að hlutaðeigandi sýslur eða hreppar ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna á stöðvum í sveitum samkvæmt þeim reglum, sem nú gilda, í fyrstu 5 ár eftir að stöðin er stofnuð, og síðan í aðalatriðunum eftir sömu reglum, þó þannig, að bæði stjórnarráðið og sýslan eða hreppurinn geti á hverju 5 ára bili krafist endurskoðunar á ábyrgðarskilmálum stöðvarinnar, og verður þá, þegar ákveða skal tillag landssjóðs til stöðvarinnar, auk venjulegs hundraðsgjalds frá honum af tekjum hennar, í hvert skipti að taka tillit til, hversu miklar tekjur stöðin hafi og hversu mikla aukavinnu við eftirlit og sem millistöð svo og annara sjerstaklegra atvika og staðhátta.

Frumvarp til laga

um

einkarjett og einkaleyfi til kolasölu á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

---

1. gr.

Frá 1. janúar 1913 áskilur landið sjer fyrst um sinn einkarjett til kolasölu á Íslandi og í landhelgi við Ísland. Er því öllum, bæði einstökum mönnum og fjelögum, bannað að flytja kol til Íslands, eða að geyma, selja, af-

henda eða á annan hátt úthluta kolum í landhelgi við Ísland, nema samkvæmt því, er lög þessi leyfa.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess, að gera samning við kolanámufjelagið James Mc. Kelvie & Co. í Edinborg um einkaleyfi til kolasölu hjer á landi og hjer við land með eptirfarandi nánari skilyrðum.

2. gr.

Kolanámufjelaginu James Mc. Kelvie & Co. í Edinborg veitist einkaleyfi til að flytja inn kol til Íslands, og verzla með þau þar og í landhelgi við Ísland. Þó er dönsku flotamálastjórninni heimilt að flytja inn kol, sem eingöngu eru ætluð dönskum herskipum og varðskipum. Svo er og þeim, sem keypt hafa kol af leyfishafa hjer í landi, heimilt að selja þau aptur til notkunar í landinu eða á innlendum skipum. Loks leyfist og innlendum gasstöðvum að selja í landinu kokes, er þær hafa framleitt, sbr. einnig 16. gr.

3. gr.

Leyfishafi skal vera skyldur til að hafa nægar birgðir af kolum þeim, sem nefnd eru í 4. gr. þessara laga og þar eru kölluð »almenn kol«, á þeim stöðum, sem tilgreindir eru í 5. gr. Nægð birgðanna miðast við kolaeyðsluna árið áður, hafi hún hvorki verið óvenjulega mikil eða lítil, en ef fyrirsjáanlegt er, að kolaeyðslan hljóti að verða meiri á einhverjum stað vegna nýrra eða aukinna atvinnufyrirtækja, þá er einkasali skyldur til að hafa birgðirnar að því skapi meiri. Skal hann sjerstaklega birgja þær hafnir upp á haustin, svo að nægi fram á næsta sumar, sem hættast er við, að tepzt geti sigling til af ís, og má hann kjósa um það, að flytja allar birgðirnar til hverrar hafnar í einni ferð eða fleirum.

4. gr.

Kol þau, sem leyfishafi flytur til Íslands, og hefur þar venjulega til sölu, (»almenn kol«), skulu vera Rosstyn Hartley kol, eða önnur kol jöfn þeim að gæðum, svo sem East Lothian Ordinary eða Lochgelly. Auk þess skal hann flytja inn aðrar kolategundir, sem menn kunna að fala hjá honum. Smiðakol er honum skylt að hafa til sölu, en rjett er að hlutaðeigendur tilkynni leyfishafa, hve mikil smiðakol muni þurfa á hverjum sölustað, og verður þessi tilkynning að vera komin á skrifstofu leyfishafa í Reykjavík 1. júlí ár hvert. Innan sama tímamarks verða að vera þangað komnar pantanir á kokes, anthracite kolum og hverjum öðrum kolategundum, sem menn vilja fala sjerstaklega, og senda þarf ásamt hinum almennu kolum. Öll kol, er hann lætur af hendi, eiga að vera sálduð (hörpuð), nema smiðakol og sjerstök gaskol.

5. gr.

Söluverð á »almennum kolum« skal vera fast ákveðið til manna, sem búsettir eru í landinu sjálfu, til innlendra skrásettra fiskiskipa, póst- og mannflutningaskipa, sem sigla eptir föstum ferðaáætlunum. Verð það, sem tilgreint er við hvern sölustað í þessari grein, skal leggja til grundvallar fyrir söluverði kolanna eptirleiðis. Þetta verð má aldrei vera hærra, þegar innkaupsverð á »almennum kolum«, fluttum ókeypis á skip á sölustaðnum í Skotlandi, er

eigi hærra en það var um miðjan júlí 1911, og flutningsgjaldið er eigi hærra en það var þá.

Sölustaðirnir eru:

1. flokkur:

1. Í Reykjavik	20 kr. tonnið (1000 kg.).
2. Í Viðey	
3. A Ísafirði	
4. - Hesteyri (Gimli)...	
5. - Siglufirði..	
6. - Akureyri..	
7. - Seyðisfirði	
8. - Mjóafirði..	
9. - Eskifirði..	
10. - Norðfirði.	
11. - Fáskrúðsfirði..	
12. Í Hafnarfirði	

2. flokkur:

1. A Patreksfirði...	21 kr. tonnið.
2. - Arnarfirði:	
Bíldudal.	
3. - Dýrafirði:	
Þingeyri..	
Haukadal	
4. A Önundarfirði:	
Flateyri...	
5. Við Ísafjarðardjúp:	
í Bolungarvík...	
- Hnífsdal...	
6. — Eyjafjörð:..	
á Svalbarðseyri.	
- Hjalteyri	
í Hrísey	

3. flokkur:

1. Í Stykkishólmi..	22 kr. tonnið.
2. - Djúpavogi	

4. flokkur:

1. Í Hólmavík	25 kr. tonnið
2. Á Blönduós	
3. - Sauðárkrók	
4. - Húsavík...	
5. - Þórshöfn..	
6. - Vopnafirði	
7. Í Vík...	
8. - Vestmannaeyjum	

9.	A Stokkseyri	25 kr. tonnið.
10.	- Eyrarbakka	
11.	Í Keflavík...	
12.	- Olafsvík...	
13.	- Flatey	

Við Ísafjarðardjúp: í Bolungarvík og Hnífsdal; við Eyjafjörð: á Svalbarðseyri, Hjalteyri og Hrísey; í Ólafsvík, Flatey og Vík verða kaupendur að annast um landflutning kolanna á sinn kostnað. Eigi verða fluttar í einu minni kolabirgðir til Bolungarvíkur, Hnífsdals og Ólafsvíkur heldur en 150 tons, nema eptir sjerstöku samkomulagi, eða ef leyfishafa þykir haganlegt að flytja þangað minni birgðir; heldur eigi er skylt að flytja í einu til Svalbarðseyrar, Hjalteyrar Hríseyjar, Flateyjar og Víkur minna en 50 tonn. Að því er snertir Ólafsvík, Flatey og Vík, ber hlutaðeigandi sveitarstjórn að tilkynna á aðalskrifstofu leyfishafa í Reykjavík ekki síðar en 1. júlí ár hvert, hversu miklar birgðir þurfi. Birgðir og söluverð kola á öllum öðrum höfnum, en þeim, sem þegar eru nefndar, skal vera samningamál. Á aðalhöfnum landsins — Reykjavík, Ísafirði, Seyðisfirði, Akureyri og Hafnarfirði — gildir þetta verð fyrir kolin heimflutt til kaupanda, innan takmarka bæjarins, ef eitt tonn eða meira er keypt í einu, og til innlendra skipa við hliðina á skipi leyfishafa, úr geymsluskipi hans eða geymsluhúsi, frítt flutt að skipshlið, en annars á öllum stöðum frá geymslustað hans í landi, sbr. þó það sem hjer á undan er sagt um Bolungarvík, Hnífsdal, Svalbarðseyri, Hjalteyri, Hrísey, Ólafsvík, Flatey og Vík. Verði, meðan leyfistíminn stendur, hafnir gerðar eða hafnarbryggjur af öðrum en leyfishafa, er flutningaskip geta losað við, á einhverjum þeim stað hjer á landi, sem ekki er nefndur í fyrsta flokki, þá skal sú höfn njóta sama verðlags, eins og hafnir í fyrsta eða öðrum flokki, eptir því hvorum flokki hin nýja höfn telst líkari að verzlunarmagni og öðru, og skal það útkljáð, ef ágreiningur verður, á þann hátt sem segir í 14. grein.

Ef leyfishafi sjálfur byggir bryggju eða hafnir eða bætir losunartækin á einhverri höfn á sinn kostnað, færist söluverðið ekkert niður þess vegna, með því að ágóðinn á að renna til hans, sem tekjur af þeim höfuðstól, er hann hefur varið til fyrirtækisins. Honum er og heimilt að heimta bryggjugjöld, samkvæmt núgildandi lögum, af öllum öðrum skipum, sem nota þessar bryggjur eða hafnir, er hann hefur gera látið.

Ef falast er eptir kolaflutningi á útstöðvar við einhvern af þeim fjörðum, sem áðurnefnd kauptún liggja við, skal kolaverðið vera frjálst samningsatriði.

Ef »almenn kol« hækka í verði úr því, sem þau voru í miðjum júlí 1911, eða flutningsgjald þeirra, miðað við sama tíma, og hækkunin stendur að minsta kosti einn almanaksmánuð, og hvorttveggja samanlagt nemur að minsta kosti 1 sh. (91 eyri), þá má hækka söluverðið að sama skapi, en á sama hátt skal það lækka aptur eins fljótt niður í það grundvallar verð, sem ákveðið er í fyrsta hluta þessarar greinar.

Söluverð á öðrum kolum má vera að því skapi hærra, sem innkaupsverðið er hærra á þeim, en almennum kolum á hverjum tíma. Innkaupsverð á almennum kolum í miðjum júlí 1911 telst 7 shilling 9 pence tonnið, og flutningsgjald á kolum á sama tíma milli Skotlands og Reykjavíkur 8 sh. tonnið. Hækkun eða lækkun á kolaverði vegna hækkunar eða lækkunar á flutnings-

gjaldi til annara hafna en Reykjavíkur, miðast við flutningsgjaldið til Reykjavíkur, þannig að til grundvallar eru lagðir 8 sh. fyrir tonnið.

Leyfishafi skal, þegar um nokkra breyting á framangreindu kolaverði er að ræða, sanna fyrir Stjórnarráðinu innkaupsverð »almennra kola« og hækkun eða lækkun á flutningsgjöldum.

6. gr.

Verðlagi á kolum, sem leyfishafi selur til útlendra skipa, ræður hann, en það skal vera jafnt til allra slíkra skipa, er kol taka á sömu höfn og á sama verðlagstímabili, nema þar sem sjerstakir samningar um birgingu af kolum um ákveðið tímabil hafa verið gerðir, enda hafi allir jafnan aðgang að slíkum samningum, án tillits til þjóðernis.

Á þeim stöðum, þar sem leyfishafi hefur ekki útsölu, nje samning við innlenda kaupmenn um sölu til útlendinga, er landsmönnum heimilt að selja útlendum skipum kol, sem þeir hafa keypt af leyfishafa, en greiða skulu þeir útflutningsgjald í landssjóð, 4 krónur af hverju tonni. Þegar umboðsmaður leyfishafa annast söluna, skal gjaldið vera svo sem ákveðið er í 12. gr., en það er á ábyrgð leyfishafa, að umboðsmaður hans skýri rjett frá sölunni, enda stendur hann landssjóði skil á gjaldinu af því, er umboðsmenn hans selja.

7. gr.

Nú strandar skip hjer við land, sem hefur kol innanborðs, og má þá selja þau við opinbert uppboð eins og lög standa til. Af hverju tonni af slíkum kolum, skal greiða gjald í landssjóð, 2 krónur af hverju tonni.

8. gr.

Einkaleyfið og samningur þessi gengur í gildi 1. jan. 1913 og gildir um öll kol, sem seld eru eptir þann tíma. Þó er leyfishafa ekki skylt að hafa kolabirgðir eða fasta útsölu annarstaðar en í Reykjavík, Ísafirði, Hafnarfirði, Seyðisfirði og Eskifirði, fyr en 1. júní 1913, þó með þeim sama fyrirvara, sem tekinn er fram í 11. gr. Á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júní það ár er honum heimilt að miða söluverð annarsstaðar, ef kolin eru tekin frá innlendum sölustað, við gangverð á fyrsta flokks höfn, þannig, að við sje bætt nauðsynlegum aukakostnaði og öðrum aukaútgjöldum, er salan hefur í för með sjer.

Einkaleyfissamningur þessi nær yfir 15 ár og verður því á enda 31. desember 1927. Leyfið má endurnýja, ef leyfishafi óskar og alþingi samþykkir. Leyfishafi má ekki framselja einkaleyfi þetta.

9. gr.

Leyfishafi skal vera undanþeginn aukaútsvari til sveitar- og bæjarsjóða af kolaverzlun sinni, svo og tekjuskatti til landssjóðs, en starfsmenn hans, búsettir hjer á landi, eru auðvitað ekki undanþegnir þessum gjöldum.

10. gr.

Leyfishafi skal eigi greiða hærri bryggjugjöld á nokkrum stað, en venjulegt er, hvort sem bryggjurnar eru eign landsstjórnarinnar eða einstakra manna. Þurfi hann að fá lóð til kolageymslu, til húsabygginga, eða undir bryggjur,

skal hann greiða fyrir lóðina eptir mati dómkvaddra manna, ef ekki fæst samkomulag á annan hátt.

11. gr.

Ef ís tálmar skipagöngum, eða alment verkfall kemur upp á Skotlandi, eða annað slíkt, sem kalla má *vis major*, þá er leyfishafi vítalaus, ef hann gerir það, sem í hans valdi stendur, til að fullnægja samningnum, eptir almennum venjum og grundvallarreglum um skaðabótaskyldu í samningsmálum.

12. gr.

Til endurgjalds fyrir einkaleyfi þetta skal leyfishafi greiða í landssjóð 1 krónu 50 aura af hverju tonni af kolum, sem hann selur til innlendrar notkunar (sbr. 5. gr., fyrstu málsgr.) og 2 krónur 50 aura af hverju tonni af kolum, sem seld eru til útlendra skipa (sbr. 6. gr.). Í lok hvers ársfjórðungs skal leyfishafi senda landsstjórninni yfirlitsreikning yfir kol, sem seld hafa verið, og jafnframt skal hann greiða í landssjóð þau gjöld, sem honum ber samkvæmt reikningnum. Ársreikning skal semja og senda landsstjórninni ásamt fullnægjandi sönnunargögnum fyrir febrúarlok ár hvert; skal hann endurskoðaður í Stjórnarráðinu, svo sem aðrir reikningar fyrir landsjóðstekjum, og gjaldið síðan greitt að fullu, eptir því sem athugasemdir, viðurkendar af leyfishafa, segja til, sje gjaldið eigi greitt áður að fullu. Verði ágreiningur um upphæð gjaldsins, skal farið með hann svo sem segir í 14. gr. Stjórnarráðið getur, hvenær sem vera skal, átt aðgang að því að skoða verzlunarbækur leyfishafa hjer á landi.

13. gr.

Til tryggingar því að leyfishafi fullnægi skuldbinding sinni samkvæmt samningi þessum, skal hann jafnan hafa til geymslu í banka í Reykjavík £ 2000. Af fje þessu má landssjóður taka, án frekari umsvifa, þær skaðabætur og gjöld, sem leyfishafa kann að vera gert að skyldu að greiða af gerðarmönnum, eða samkvæmt lögum, svo sem til er tekið í 14. gr. Vextir af þessari upphæð greiðast leyfishafa.

14. gr.

Nú verður ágreiningur um það, hvort samningur þessi sje rofinn af hálfu annarshvors málsaðila að einhverju leyti, eða um útreikning á gjaldinu til landssjóðs eða um skilning á einhverri grein eða greinum í þessum samningi, og skal þá útkljá þann ágreining þannig, að hvor aðila tilnefni einn gerðarmann; geti þeir ekki komið sjer saman, skal hinn íslenzki landsyfirdómur útnefna oddamann. Úrskurði þeim, sem meiri hluti gerðarmanna kveður upp, skulu málsaðilar skyldir að hlýða, svo framarlega, sem upphæð sú er eptir honum ber að greiða, fer ekki fram úr £ 100. Að öðrum kosti má leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

15. gr.

Þegar máli þannig er skotið til dómstólanna, eða ef til máls kemur út úr ágreiningi, er ekki snertir skaðabætur eða landssjóðsgjaldið, þá skal málið *a prima instantia* rekið fyrir gestarjetti Reykjavíkur. Skal leyfishafi vera skyldur til að sæta þeirri málsmeðferð eptir stefnu sem til innanbæjarmanns, birtri á aðalskrifstofu hans í Reykjavík. Ef mál hefur verið í gerð og kemur

síðan í dóm, þá má ekki í dómsmálinu beita þeim játningum og tilslökunum, sem málsaðilar kunna áður að hafa gert til samkomulags, gegn honum.

16. gr.

Birgðir þær af kolum, sem til eru fyrirliggjandi í landinu, þegar einkaleyfið byrjar, mega eigendurnir nota afgjaldslaust til eigin þarfa og atvinnureksturs síns í landinu eða á hjer skrásettu skipi. Selja mega eigendur kolabirgðir sínar til innanlands notkunar, ef einkaleyfishafa hafa verið boðnar þær fyrst, og eigi gengið saman um kaupin. Jafnframt skal skýra lögreglustjóra frá því, svo að hann geti látið ransaka vörumagnið eptir þeim reglum, sem Stjórnarráðið ákveður. Ef leyfishafi kaupir nokkrar slíkar kolabirgðir, sem eru fyrirliggjandi 1. janúar 1913, greiðir hann hið ákveðna sölugjald í landssjóð jafnóðum og hann selur þær út aptur, en ef slíkar birgðir eru seldar af eiganda þeirra, greiðir hann 1 kr. 50 aura í landssjóð fyrir hvert tonn, jafnóðum og salan fer fram. Slíkar kolabirgðir má ekki nota til að selja útlendum skipum, nema með þeim skilyrðum, er segir í síðari málsgrein 6. gr. Sjeu innlend kol, eða surtarbrandur tekinn til notkunar, meðan einkaleyfi þetta stendur, skal um slík kol fylgja sömu reglum, eins og nú hefur verið tekið fram um kolabirgðir við byrjun leyfistímans.

17. gr.

Landsstjórninni er skylt, að gera alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að hindra, að nokkur opinber gjöld, hvers konar sem er, önnur en þau, sem tekin eru fram í lögum þessum, verði lögð á innflutning, losun, landflutning og afhending kolanna, hvort heldur er með sveita-reglugerðum eða samþyktum, svo og að sjá um, að engin sjerstök hlunnindi verði gefin nokkrum manni eða firma, hvort heldur innlendum eða útlendum, sem mundi stríða á móti bókstaf eða anda þessara laga. Skyldu samt sem áður nokkur þau gjöld verða á lögð, meðan þetta einkaleyfi stendur, sem mundi auka kostnað leyfishafa fram yfir það, sem hann er skyldur til að bera samkvæmt lögum þessum, þá má hann hækka hið fastákveðna söluverð í þeirri höfn eða höfnum, þar sem slík gjöld hafa verið lögð á um jafnmikla upphæð, sem mismunurinn á kostnaði leyfishafa nemur.

18. gr.

Ef leyfishafi skyldi á einkaleyfis-tímabilinu hætta að birgja landið með kolum á þann hátt, er lög þessi tilskilja, eða brjóta samning sinn í verulegum atriðum, skal hann hafa fyrirgert einkaleyfi sínu. Nú álítur gerðardómur, sbr. 14. gr. að hann hafi fyrirgert rjetti sínum samkvæmt lögum þessum, og er ráðherra Íslands þá heimilt að veita öðru áreiðanlegu verzlunar-firma einkaleyfið með sömu kjörum, þangað til alþingi ákveður öðruvísi, fyrir þann tíma, sem þá er eptir, eða gefa verzlunina frjálsa.

19. gr.

Útflutningsgjald af kolum, sem seld verða til útlendra skipa af öðrum en leyfishafa, sbr. 6. gr. og 16. gr. skal greitt hlutaðeigandi lögreglustjóra innan mánaðar frá söludegi. Um leið og gjaldið er greitt, skal seljandi afhenda lögreglustjóra vottorð að viðlögðum drengskap, að eigi seldi hann meira, en

frá er skýrt. Að öðru leyti gilda um innheimtu gjaldsins, lögtakshæfi, reikningsskil, innheimtulaun og fl. tilsvarandi reglur sem um annað útflutningsgjald, eptir því sem þær eiga við.

20. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. laga þessara varða sektum frá 1000—5000 krónum. Auk þess skulu öll þau kol, sem flutt eru inn í heimildarleysi, gerð upptæk, og síðan seld við opinbert uppboð, og rennur andvirði þeirra í landssjóð að helmingi og til leyfishafa að helmingi.

Ef kol eru seld til útlendra skipa af öðrum en leyfishafa, sbr. þó 6. og 16. gr., þá varðar það sektum frá 500—5000 krónum, og auk þess skal seljandi skyldur að greiða 4 krónur í útflutningsgjald af hverju tonni.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. laga þessara varðar sektum frá 100—2000 krónum.

21. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið, sem almenn lögreglumál.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í landssjóð að helmingi og til leyfishafa að helmingi.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjármálanefnd sú, sem skipuð var samkvæmt ákvörðun síðasta alþingis, sendi landsstjórninni tillögur sínar og frumvörp nokkru eftir miðjan apríl þ. á. Það var því eigi langur tími til að taka þau til yfirvegunar, og lítill kostur þess að koma fram með breytingar, sem stjórninni, ef til vill, hefði þótt nauðsynlegar, eða æskilegar, en þetta hefir þó enga þýðingu haft, af því að Stjórnarráðið lítur svo á, að úr því alþingi sjálft hefir beint skipað nefnd þessa, til þess að koma fram með ákveðnar tillögur um fjármál landsins, þá sje það bæði rjett og skylt af Stjórnarráðinu að leggja tillögur nefndarinnar óbreyttar fyrir alþingi. Af þessum ástæðum eru frumvörp nefndarinnar lögð fyrir alþingi, eins og þau komu frá nefndinni, og skal að öðru leyti vísað til athugasemda nefndarinnar við þau og álitsskjala hennar, sem lögð verða fyrir alþingi.

Frumvarp til laga

um

heimild fyrir ráðherra Íslands til þess að gera samning um einkarjettarsölu á steinolíu um tiltekið árabil.

(Lagt fyrir Alþingi 1912.)

---

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að gera samning við eitthvert öflugt og áreiðanlegt steinolíufirma um einkarjett til verslunar hjer á landi með steinolíu og aðra vökva, er af steinolíu eru unnir og hafðir til ljóss eða hreyfiafls í vjelum. Frá þeim tíma, er tiltekið verður í slíkum samningi, og meðan samningurinn er í gildi, er öllum öðrum en leyfishafa bannað að flytja til Íslands nefndar vörur, eða selja þær, afhenda eða á nokkurn hátt útbýta þeim í landhelgi við Ísland, nema eftir því sem lög þessi mæla fyrir. Einkaleyfistímann má ákveða alt að 20 árum, (sbr. þó 10. gr.). Einkarjettarsamningurinn skal vera bundinn þeim skilyrðum og skilmálum, sem settir eru í eftirfarandi greinum:

2. gr.

Meðan einkaleyfið stendur, skal leyfishafi vera skyldur til að hafa jafnan nægar birgðir af steinolíu hjer á landi, eða svo miklar, sem reynsla undanfarandi ára, í sambandi við fyrirsjáanlega aukna notkun á vörunni til nýrra eða aukinna atvinnufyrirtækja, sýnir að þörf er á. Hann skal annast um, að steinolía fáist jafnan til kaups, bæði í heilum fötum og í smásölu, í öllum kaupstöðum landsins og löggiltum verslunarstöðum, þar sem föst verslun er rekin. Sjerstaklega skal hann hafa hugfast, að birgja svo upp á haustin með steinolíu, að nægi fram eftir næsta sumri, þær hafnir, sem hættast er við, að sigling geti tepst til af ís Á löglegum sölustöðum, þar sem leyfishafi sjer ekki um útsölu á steinolíu, er öllum heimilt að selja út þá steinolíu, sem þeir hafa keypt af leyfishafa.

3. gr.

Leyfishafa skal skylt að hafa jafnan til í verslun sinni:

a, góða tegund mótor-steinolíu

b, góða tegund lýsingarsteinolíu.

Nánari ákvæði um nöfn og gæði tegunda þessara skulu sett í samningnum, og skal það áskilið, að svo framarlega sem óskað er annara tegunda en þeirra, sem samningurinn nefnir, þá skuli leyfishafa skylt að útvega þær tegundir, gegn hæfilegri borgunartrygging.

4. gr.

Hámark verðs á steinolíu hjer á landi skal vera fastákveðið þannig:

Þegar kauphallarverð í Hamborg á þeirri tegund góðrar mótorsteinolíu, er samningurinn greinir, er ekki hærra en það var 2. dag janúarmánaðar 1912, þá skal hámarkið á verði þeirrar vöru hjer á landi vera:

1, ef selt er í heilum fötum, er taka 40—43 Gallónur (180—195 lítra), 12 aurar fyrir lítrann.

2, ef selt er í smærri skömtum, alt niður að $^3/_4$ lítra, 15 aurar fyrir lítrann.

Utan kaupstaðanna gildir þó 12 aura hámarkið því að eins, að kaupandi hafi pantað olíuna í heilum fötum frá skrifstofu fjelagsins svo tímanlega, að pöntunin sje komin, áður en olíubirgðir eru sendar til þeirrar hafnar.

Nú hækkar eða lækkar kauphallarverðið í Hamborg svo, að muni 1 krónu eða meira á 150 kílogrömmum olíu frá því sem verðið var framangreindan dag, og breytingin stendur 30 daga eða lengur, og hækkar þá eða lækkar hámark útsöluverðs hjer um $^1/_2$ eyri á lítra fyrir hvert krónuvirði, er verðbreytingin á kauphöllinni nemur. Einu sinni í mánuði skal sýna stjórnarráðinu skilríki fyrir kauphallarverðinu, sem við er miðað.

Hámark verðs á öðrum steinolíutegundum miðast við verð olíutegunda þeirra, sem þannig eru lögð til grundvallar, á þann hátt, að sje tegundin verðsett í kauphallarskránum, þá legst verðmunurinn við, ef verðið þar er hærra, en dregst frá, ef verðið er þar lægra heldur en á grundvallartegundinni. Sje olíutegund sú, sem um er beðið, ekki tilgreind í kauphallarskránni, legst við grundvallarverðið sú upphæð, er leyfishafi verður að greiða fyrir vöruna umfram verð almennar mótorolíu.

Í kaupstöðum landsins og þeim verslunarstöðum, þar sem skip geta lagst að bryggju, gildir verðið, er um heilar tunnur er að ræða, um vöruna flutta í land, en ella við skipshlið; sje um smærri sölu að ræða miðast verðið við afhendingu frá sölustað í landi. Þegar heilar tunnur eru seldar, er leyfishafi skyldur að lána fötin gegn hæfilegri tryggingu. En sjeu fötin seld með, skal hann skyldur til að taka þau aftur fyrir sama verð, sem hann hefir á þau sett, komi þau óskemd aftur og innan þess frests, er honum og kaupanda hefir komið saman um.

5. gr.

Frá þeim tíma er samningur kemst á, greiðir leyfishafi til landssjóðs 2 aura af hverjum lítra af steinolíu, sem hann selur eða afhendir hjer á landi og á sjó innan landhelgistakmarka. Leyfishafi skal vera laus við alla skatta og gjöld til landssjóðs og sveitar- og bæjarsjóða af steinolíuverslun sinni, svo lengi sem einkaleyfið stendur, en auðvitað á þetta ekki við starfsmenn hans hjer í landi. Gjaldið greiðist í landssjóð við lok hvers ársfjórðungs, samkvæmt höfuðbókum leyfishafa, sem færðar eru á aðalskrifstofu hans í Reykjavík. Gjaldið fyrir hvert ár skal að fullu greitt innan þriggja mánaða eftir árslok, og um leið skal leyfishafi senda stjórnarráðinu fullkomna skilagrein fyrir steinolíusölunni hið umliðna ár. Meðal fylgiskjala við skilagreinina skulu vera fullnægjandi sönnunargögn

fyrir þeim verðbreytingum, sem kunna að hafa átt sjer stað þá um árið. Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt, sem aðrir reikningar fyrir landssjóðstekjum. Stjórnarráðinu skal heimilt, hvenær sem það vill, að láta einhvern starfsmanna sinna skoða reikningsbækur leyfishafa, þær er að steinolíunni lúta.

6. gr.

Brot gegn einkarjetti leyfishafa samkvæmt lögum þessum, varðar sektum frá 1000—5000 kr. Steinolía, sem flutt er af öðrum inn í landið, seld eða afhent á sjó innan landhelgismarka skal gerð upptæk og seld við opinbert uppboð. Helmingur af tilfallandi sektum og helmingur af hreinu andvirði upptækrar og seldrar vöru rennur til leyfishafa, en hinn helmingurinn rennur í landssjóð, Af allri steinolíu, sem þannig er seld við uppboð, eða seld við stranduppboð, skal greiða í landssjóð hið ákveðna gjald, 2 aura af hverjum lítra, áður en kostnaður er dreginn frá. Stjórnarráðið skal leggja fyrir alla lögreglustjóra landsins að gæta þess af fremsta megni, að viðlagðri venjulegri embættisábyrgð, að einkarjettur leyfishafa sje ekki á nokkurn hátt brotinn.

Mál, sem rísa út af brotum gegn einkaleyfinu, skulu rekin sem lögreglumál.

7. gr.

Hvergi má skylda leyfishafa til þess að greiða hærri hafnargjöld eða bryggjugjöld en tíðkanlegt er, hvort heldur höfnin eða bryggjan er eign almenningsstofnana eða einstakra manna eign. Ef leyfishafi þarfnast lóðar undir birgðir sínar eða byggingar starfrækslunnar vegna, skal borgun fyrir lóðina ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum, ef eigi næst samkomulag við eiganda. Enga nýja eða óvenjulega skatta eða gjöld má leggja á leyfishafa, er geri landflutning vörunnar eða afhendingu dýrari, meðan einkaleyfið stendur, hvorki með almennum lögum, sveita- eða bæjarreglugerðum eða samþyktum; ekki má heldur veita neinum öðrum, hvorki einstökum mönnum nje verslunarfjelögum, innlendum nje útlendum, neinar ívilnanir, sem stríða á móti orðum eða anda þessara laga.

Ef samt sem áður einhver ný gjöld skyldu verða á lögð á einhverjum stað, meðan einkaleyfið stendur, sem auka útgjöld leyfishafa fram yfir það, sem honum samkvæmt lögum þessum ber að greiða, þá má leyfishafi á þeim stöðum hækka hið ákveðna útsöluverð að sama skapi, sem aukagjaldinu nemur.

8. gr.

Steinolíubirgðir þær, sem eru til hjer á landi eða inni á landhelgissvæðinu við byrjun einkaleyfistímans, er eigendum frjálst að nota afgjaldslaust til eigin þarfa og atvinnureksturs hjer á landi og á hjer skrásettum skipum. En ekki mega þeir selja eða afhenda neitt af þeim til annara, nema þeir hafi áður boðið þær leyfishafa, og hann neitað að kaupa fyrir tilboðið verð. Nú ganga þau kaup ekki saman, en eigandi vill selja vöru sína, og skal hann þá skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá birgðunum, en hann lætur rannsaka þær og skrifa upp. Ef leyfishafi kaupir slíkar vöruleifar, greiðir hann sama gjald af þeim sem áður er sagt, og á sama hátt. Ella greiði eigandi birgðanna gjaldið áður hann byrjar á sölunni. Lögreglustjóri tekur við gjaldinu og gerir grein fyrir því sem öðru aðflutningsgjaldi og gegn þeirri þóknun, sem því fylgir eftir tolllögunum frá 1911.

9. gr.

Leyfishafi skal hafa varnarþing sitt í Reykjavík í öllum málum, er snerta einkaleyfið. Ef til málssóknar kemur gegn honum, skal málið sótt fyrir gestarjetti eftir stefnu birtri á skrifstofu leyfishafa í Reykjavík með sama fresti og til innanbæjarmanns.

10. gr.

Eftir 1. júní 1918 geta báðir aðilar, bæði stjórnarráðið og leyfishafi, með eins árs fyrirvara fyrir reglulegt alþingi, sagt einkaleyfissamningnum upp frá lokum þess árs að telja, sem alþingi er háð. Ef landsstjórnin samkvæmt þessu segir samningnum upp, áður leyfistíminn er á enda, er landið skylt til, ef þess er krafist, að kaupa af leyfishafa öll þau mannvirki, er hann hefur gera látið starfrækslunnar vegna, svo sem hús, lóðir, olíugeyma (tanks) og skip, sem notuð eru til milliferða innanlands. Hið sama skal einnig gilda, þá er leyfistíminn er útrunninn, hafi einkaleyfið þá eigi verið upphafið eða endurnýjað.

Segi leyfishafi samningnum upp, áður einkaleyfistíminn er útrunninn, hefir landssjóður enga skyldu til að kaupa nein mannvirki af honum.

Afhendingarverð verslunartækjanna skal ákveðið af 3 dómkvöddum mönnum. Mat þeirra geta báðir aðilar lagt undir úrskurð gerðardóms þess, sem um ræðir í 12. gr.

11. gr.

Til tryggingar því, að einkaleyfishafi haldi skuldbindingar sínar, skal hann leggja til geymslu í banka í Reykjavík eða setja fullnægjandi bankatryggging fyrir 25000 króna upphæð. Af fjárhæð þessari má stjórnarráðið taka fje það, er leyfishafa með dómi eða gerð er gert að greiða. Nú hættir leyfishafi að birgja landið með olíu, eða rýfur samning þennan í verulegum atriðum, og hefir hann þá fyrirgert rjetti sínum og tryggingarfjenu.

12. gr.

Leyfishafi má eigi afhenda einkaleyfi sitt til annara.

Nú kemur ágreiningur upp milli landsstjórnarinnar og leyfishafa um einkaleyfið eða um skilning og framkvæmd á því, eða ef ágreiningur verður um úrskurði stjórnarinnar á reikning leyfishafa og skýrslu hans um verðbreytingar, og skal þá sá ágreiningur lagður í gerðardóm.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum. Af þeim nefnir hvor aðili einn, en hina 3 tilnefnir hinn íslenski landsyfirdómur. Gerðardómur skal háður í Reykjavík; afl atkvæða ræður úrslitum. Gerðardómurinn ákveður sjálfur fundarsköp sín. Í gerðardóminum skal ákveða upphæð málskostnaðar, þar á meðal laun dómenda, svo og hvernig málskostnaður skal koma niður á aðilana.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um afstöðu stjórnarinnar til þessa frumvarps vísast til athugasemdanna við frv. til laga um einkarjett og einkaleyfi til kolasölu á Íslandi.

Frumvarp til laga

um

viðauka við toll-lög fyrir Ísland 11. júlí 1911.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

---

1. gr.

Auk tollgjalda þeirra. sem ákveðin eru í 1. gr. toll-laganna 11. júlí 1911, skal greiða aðflutningsgjald af vörum þeim, er taldar eru hjer á eptir, þegar þær flytjast til landsins:

1. allskonar vefnaðarvöru; þar til telst hverskyns ofin, prjónuð, eða á annan hátt unnin álnavara úr silki, silkiblendingi, ull, hári, hör, baðmull, eða þesskonar vefjarefnum, dúkar, borðar, bendlar, blúndur, kniplingar, gúmmiborin efni og sjerhvað annað, er ætlað er til fatnaðar, eða húsgagnaklæðslu. Undanþegnar tollgjaldi eru þó gólfmottur úr manillahampi, kókosstágum eða öðru líku efni, gólfvaxdúkar, línóleumsdúkar, sjúkraumbúðir, umbúðastrigi og segldúkur, sem alment er hafður til segla á fjögramannaförum eða stærri skipum,
2. allskonar tilbúnum fatnaði úr hverskonar vefnaðavöru, skinni eða öðru, sem til klæðnaðar er haft, bæði ígangsklæði, nærklæði og yfirhafnir. Hjer til teljast allskonar höfuðföt, karla og kvenna, allskonar hálsbúnaður, flibbar, brjóst, slipsi, handstúkur (manchettur), sjöl, treflar o. s. frv., glófar úr skinni og öðru efni, legghlífar og ennfremur allskonar skófatnaður, úr hverju efni sem er, og hvort sem hann er tilbúinn að öllu leyti eða aðeins nokkru. Innflutningsgjaldið er 10 aurar af hverri krónu af innkaupsverði vörunnar.

2. gr.

Til þess að ákveða gjaldið skal farið eptir rjettum innkaupsreikningi (faktúra) yfir hinar tollskyldu vörur, í sambandi við vöruskrá skipsins, tilvísunarbrjef eða önnur skjöl, er snerta þær, svo og rannsókn á vörunni sjálfri, og skal viðtakandi jafnan skyldur til, án sjerstakrar ákvörðunar lögreglustjóra (sbr. 5. gr. toll-laganna), að láta löggiltum umboðsmönnum hans og tollgæzlumönnum reikninga sína í tje til afnota á staðnum við ákvörðun gjaldupphæðarinnar, auk vottorða þeirra, er nefnd grein gerir ráð fyrir og heimtuð kunna að verða, og er kaupmönnum skylt að sýna þeim verzlunarbækur sínar í þessu skyni ef þess er óskað.

3. gr.

Allar þær vörur, sem um ræðir í þessum lögum, skulu háðar sjerstöku tolleptirliti, hvort sem þær flytjast sem vanalegt flutningsgóss, farþegaflutningur eða póstsendingar.

Fyrir Reykjavíkur lögsagnarumdæmi skal í þessu skyni skipa sjerstakan tollgæzlustjóra. Hann hefur á hendi á eigin ábyrgð innheimtu tollgjalda þeirra, er um ræðir í 1. gr. og til falla í Reykjavik, og annast þar eptirlit það með innflutningi hinnar tollskyldu vefnaðarvöru og tilbúins fatnaðar, sem lög þessi gjöra ráð fyrir. Ennfremur getur lögreglustjóri falið honum eptirlit með innflutningi annarar tollvöru, er hann innheimtir toll af (sbr. 7. gr.). Hann skal hafa að árslaunum 3000 krónur úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar hann og setur honum erindisbrjef, þar er starfssvið hans er nánar markað. Veð ber honum að setja eptir ákvörðun stjórnarráðsins fyrir gjaldheimtun þeim, er honum er trúað fyrir.

Til aðstoðar tollgæzlustjóra löggildir stjórnarráðið 3 tollgæzlumenn fyrir Reykjavíkur umdæmi, og skulu þeir tilnefndir af tollgæzlustjóra í samráði við lögreglustjóra. Til launa þeim og til skrifstofuhalds má verja alt að 10% af hinum innheimta tolli af vefnaðar- og fatnaðarvöru í umdæminu.

Í öllum lögsagnarumdæmum utan Reykjavíkur hafa lögreglustjórar innheimtuna, og tolleptirlitið samkvæmt lögum þessum, á hendi, og ber þeim að hafa löggilta tollgæzlumenn eptir fyrirmælum stjórnarráðsins, til þess að framkvæma vörurannsóknir og tolleptirlit fyrir þeirra hönd, bæði á innflutningsstöðum og á pósthúsum eptir því sem lög þessi greina. Fyrir innheimtuna ber þeim 2% af hinni innheimtu tollupphæð. En auk þess mega þeir verja alt að því 10% af upphæð innheimts vefnaðarvöru- og fatnaðartolls til þóknana handa tollgæzlumönnum. Allir starfsmenn, sem nefndir eru í þessari grein, eru skyldir til að þegja yfir því, sem þeir hafa komizt að við framkvæmd starfsins, nema við rjetta hlutaðeigendur. Stjórnarráðið ákveður með reglugerð starfssvið tollgæzlumanna bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur.

4. gr.

Áður en vörur, sem tollskyldar eru samkvæmt lögum þessum, eru afhentar viðtakanda (sbr. 4. gr. toll-laganna), skulu tollgæzlumenn skoða vörusendingarnar eða póstbögglana, og bera innihald þeirra saman við vöruskrár eða innkaupsreikninga. Póstböggla má eigi afhenda af pósthúsinu, fyrr en tollskoðun hefur farið fram. Nú eru slíkar vörur samt afhentar viðtakanda áður en hann hefur fengið vottorð tollgæzlumanns um það, að skoðun hafi fram farið, og fullnægjandi ráðstöfun um tollgreiðsluna verið gjörð, og má hann þá ekki opna umbúðir um þær, nje taka til neinskonar nota, innihald slíkrar vörutegundar, fyrr en tollskoðun hefur fram farið og tollgæzlumaður sett á sendinguna toll-lausnarmerki. Komi tollskyld vara fram í vörusending eða böggli, þar sem viðtakandi átti hennar ekki von, skal hann skyldur til að skýra tollgæzlumanni eða lögreglumanni frá því þegar í stað, og láta tollvöruna óátekna þar til er tollskoðun hefur fram farið, enda skal tollgæzlumönnum jafnan skylt að framkvæma tollskoðun í síðasta lagi innan þriggja nátta, eptir að viðtakandi hefur sýnt innkaupsreikning eða tilkynt móttöku.

5. gr.

Nú vantar innkaupsreikning yfir aðflutta vöru, tollskylda samkvæmt lögum þessum, eða slík vara er send að gjöf, að ótilgreindu verðmæti, og má viðtakandi þá velja um, hvort hann vill leggja vöruna í tollgeymslu undir innsigli tollgæzlunnar (sbr. lög um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest 16. nóv. 1907), þar til er fullnægjandi skilríki eru fengin frá sendanda um verðmæti vörunnar eða greiða gjaldið eptir mati. Velja má viðtakandi um það, hvort hann kýs mat tollgæzlumanns, er honum skal kostnaðarlaust, eða mat tveggja dómkvaddra manna á hans eigin kostnað.

Nú er vara lögð í tollgeymslu sakir vantandi verðskilríkja, og fullnægjandi skilríki ókomin innan lögmælts tollgreiðslufrests, og skal varan þá sett til uppboðs, er auglýst sje og framkvæmt samkvæmt 8. gr. toll-laganna. Þegar verðið þannig er ákveðið með uppboði, skal tollgjaldið vera $^{2}/_{10}$ af uppboðsverðinu að uppboðskostnaði frádregnum. Sama tollgjald skal greiða þegar sjóskemdar vörur af þessu tagi eru seldar á uppboði (sbr. 9. gr. toll-laganna).

6. gr.

Á vöruskrám og farmskírteinum skal tilgreina stykkjatal og þyngd tollvöru þeirrar, er um ræðir í lögum þessum (sbr. að öðru leyti 6. gr. toll-laganna). Nú virðist tollgæzlumönnum ástæða til að álíta, að innkaupsverð sje tilgreint lægra á faktúru, heldur en varan í raun og veru hefur kostað innflytjanda, og mega þeir þá ákveða, að varan sje lögð í tollgeymslu svo langan tíma, að nægi til þess að leita nýrra upplýsinga frá sendanda. Nú eru fullnægjandi upplýsingar eigi komnar innan þriggja mánaða, og getur þá lögreglustjóri, eða í Reykjavík tollgæzlustjóri, með bókfærðri fyrirskipun ákveðið, að þá vöru megi viðtakandi ekki selja með meira álagi en nemur 50 % af innkaupsverði því, sem hann hefur tilgreint. Skal þá auðkenna vörupakkann eptir því, sem reglugerð nánar ákveður, og varðar sektum sem fyrir tollsvik, ef af er tekið svo, að brotið sje á móti ákvörðun þessari.

7. gr.

Fela má lögreglustjóri tollgæzlumönnum í Reykjavík og utan Reykjavíkur eptirlit með innflutningi annarar tollvöru, auk vefnaðarvöru og fatnaðar, og má þá greiða þeim í þóknun 8 % af tolli af þeim vörum, sem ekki standa á tollskrám eða vöruskírteinum, er lögreglustjóri fær til að innheimta eptir, og tollgæzlumenn vekja athygli lögreglustjóra á, áður en lögleg grein er gerð af viðtakanda. Auk þess ber þeim helmingur sekta fyrir tollsvik, er þeir koma upp.

8. gr.

Hin almennu ákvæði toll-laganna 11. júlí 1911 gilda einnig um innflutning vefnaðarvöru og fatnaðar, að svo miklu leyti, sem ekki eru gefnar sjerstakar reglur í þessum lögum. Um brot gegn öðrum ákvæðum þessara laga, gilda sömu hegningarákvæði og toll-lögin leggja við samskonar brotum. Brot gegn þeim, sem ekki verða heimfærð undir hegningarákvæði toll-laganna eða önnur lagaákvæði, varða 50—500 króna sektum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta vísast til þess, sem sagt er í athugasemdum við frumvarp til laga um einkarjett og einkaleyfi til kolaverslunar á Íslandi.

Frumvarp til laga

um

hagfræðisskýrslur um tóbaksinnflutning árið 1913.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

---

1. gr.

Allir þeir, hvort heldur kaupmenn, pöntunarfjelög, kaupfjelög, gestgjafar eða einstakir menn, er flytja tóbak í einhverri mynd inn í landið árið 1913, eða láta flytja það inn fyrir sig, skulu skyldir til að gefa landsstjórninni skýrslu um þennan innflutning á þann hátt og eftir þeirri fyrirmynd, er landsstjórnin til tekur.

2. gr.

Landsstjórnin sjer um, að prentuð sjeu, á kostnað landssjóðs, eyðublöð þau, er hverjum innflytjanda ber að útfylla. Skulu þeim eyðublöðum fylgja hæfilegar skýringar um hvert það atriði, er skýrsla er heimtuð um, og skulu þau vera komin til allra lögreglustjóra landsins fyrir árslok 1912. Lögreglustjóri annast um, að allir þeir, er toll greiða af tóbaksinnflutningi árið 1913, fái skýrsluform þessi, og skulu þau öll aftur vera komin til lögreglustjóra áður tveir mánuðir eru liðnir af árinu 1914. Eftir það sendir hver lögreglustjóri skýrsluformin útfylt aftur tafarlaust til stjórnarráðsins, og skulu þau öll þangað komin í síðasta lagi fyrir apríllok.

3. gr.

Í skýrsluformum þessum skal hver tóbaksvörutegund, er mismunandi er að vörunafni eða verðmæti, talin fyrir sig og skal skýrslan sýna þyngd hverrar vörutegundar, í hvaða verksmiðju hún er búin til, nettóinnkaupsverð hennar og útsöluverð, svo og, ef aðrir en einstakir menn eiga hlut að, sýna í krónutali upphæð þeirra tóbaksbirgða, er verslunin á við árslok 1912 og 1913, auk annars þess, er um kann að verða spurt í skýrsluformum þessum. Skýrslurnar skulu gefnar í trúnaði og skal engum embættismanni, nje öðrum er fer með skýrslurn-

ar, heimilt að gefa óviðkomandi mönnum upplýsingar eftir þeim um innflutning verslana nje einstakra manna. Hinsvegar skulu skýrslugefendur skyldir til þess að votta það með undirskrift sinni á hverja skýrslu, að viðlögðum drengskap, að skýrslan sje rjett gefin.

4. gr.

Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem um er spurt í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína að viðlögðum drengskap, varðar það sektum frá 10—200 krónum. Tregðist nokkur við að láta í tje skýrslur, er heimilt er samkvæmt lögum þessum að heimta, má þröngva honum til þess með dagsektum 1—5 kr. á dag. Sektirnar getur lögreglustjóri ákveðið án dóms, í brjefi til viðtakanda, er birtist honum eftir þeim reglum, er gilda um birting dóma.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal að öðru leyti farið sem opinber lögreglumál. Sektir allar renna í landssjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt óbreytt fyrir Alþingi, eins og það kom frá fjármálanefndinni, af ástæðum þeim sem fram eru teknar við frumvarp til laga um einkarjett og einkaleyfi til kolasölu á Íslandi.

Frumvarp til laga

um

viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., frá 4. nóvemb. 1881.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

---

1. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi burt, skal greiða útflutningsgjald:

af hverri tunnu af síldarlýsi (= 105 kg) ... ... 50 au.
af hverjum 100 kg af fóðurmjöli eða kökum ... 50 au.
af hverjum 100 kg af áburðarefnum .. .. 20 au.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga frá 4. nóvemb. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um afstöðu Stjórnarráðsins til þessa frumvarps, sem er óbreytt eins og það kom frá fjármálanefndinni, vísast til athugasemdanna við frumvarp til laga um einkarjett og einkaleyfi til kolasölu á Íslandi.

Frumvarp til laga

um

útrýming fjárkláðans.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

---

1. gr.

Til þess að útrýma fjárkláða úr landinu veitist landsstjórninni heimild til þess að fyrirskipa tvær baðanir með hæfilegu millibili veturinn 1913 til 1914. Hún semur með ráði dýralæknis reglugerð um framkvæmd baðananna og skulu þar sett ákvæði um, hvaða baðlyf skuli nota og hvernig með þau fara og um annað, sem þurfa þykir til þess að baðanirnar komi að tilætluðum notum.

2. gr.

Landsstjórnin skipar með ráði lögreglustjóra og dýralækna í sýslu hverri einn kláðalækni eða fleiri, ef þurfa þykir, og í hverjum hreppi og kaupstað svo marga baðara sem með þarf.

3. gr.

Kláðalæknum og böðurum ber að haga störfum sínum eftir því sem nefnd reglugerð mælir fyrir um. Í henni skulu og sett ákvæði um kaup kláðalækna og baðara og um annan kostnað þeirra. Borgun til kláðalækna skal greidd úr sýslusjóði, en til baðara úr sveitar- eða bæjarsjóði.

Allur annar kostnaður við baðanirnar greiðist af fjáreigendum. Andvirði baðlyfjanna svo og kostnaður við flutning þeirra á viðkomustaði strandferðaskipanna, vátrygging þeirra, uppskipun, geymslu og afhending, jafnar hreppsnefnd — í kaupstöðum bæjarstjórn — niður á fjáreigendur eftir tölu fjár þess, sem baðað hefir verið hjá hverjum samkvæmt skýrslum baðaranna. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir innheimta gjaldið, sem hefir lögtaksrjett.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður með ráði lögreglustjóra og dýralækna hve mikið þurfi af baðlyfjum og annast um kaup á þeim og flutning þeirra á framan-

greindar hafnir, en sýslunefndir og bæjarstjórnir um viðtöku þeirra þar, geymslu og afhending. Landsstjórnin greiðir úr landssjóði til bráðabirgða andvirði baðlyfjanna og kostnað við flutning þeirra og vátrygging hingað til lands, en sýslunefndir og bæjarstjórnir ábyrgjast landssjóði endurgreiðslu hins framlagða fjár. Nánari ákvæði um endurgreiðsluna má setja í framannefnda reglugerð.

5. gr.

Fyrir brot móti reglugerð þeirri, sem landsstjórnin gefur út samkvæmt lögum þessum, má í reglugerðinni ákveða 10 til 200 kr. sektir, og fer um mál út af brotum þeim sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, tilskipunar 4. marz 1871 um viðauka við hana og laga nr. 40, 8. nóv. 1901 skal frestað að því leyti, sem tilskipanir þær og lög samrýmast ekki lögum þessum. Lög nr. 41, 13. nóv. 1903 eru úr gildi feld.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt konungsúrskurði 3. janúar 1911 var lagt fyrir alþingi, sem þá kom saman í miðjum febrúar, af stjórninni frumvarp til laga um útrýming fjárkláðans. Var eftir frumvarpi því ætlast til, að tvennar baðanir með hæfilegu millibili væru látnar fara fram um alt land á öllu sauðfje; átti kaup kláðalækna að greiðast úr sýslusjóði en kaup baðara að greiðast úr sveitar- og bæjarsjóði. Allan annan kostnað, fyrir utan aðstoð fjáreiganda, átti að greiða úr landssjóði, en hann átti aftur að fá þann kostnað uppborinn við útflutningsgjald af ull um nokkurt árabil samkvæmt öðru stjórnarfrumvarpi, sem jafnframt var lagt fyrir alþingi af stjórninni. Lagafrumvarpið um útflutningsgjald af ull kom aldrei til umræðu, en var í raun og veru felt með frumvarpi því til laga um útrýming fjárkláðans, sem afgreitt var frá neðri deild, en í því frumvarpi voru gerðar þær aðalbreytingar frá frumvarpi stjórnarinnar, að kaup kláðalækna og baðara skyldi greitt að hálfu úr landssjóði, en andvirði baðlyfjanna ásamt flutnings- og geymslukostnaði á þeim skyldi greitt af fjáreigendum og jafnað niður á þá af hreppsnefndum eftir fjártölu. Í efri deild var frumvarp þetta felt með rökstuddri dagskrá, þar sem skorað var á stjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, sem skyldi alla fjáreigendur til þess að baða sauðfje sitt þrifabaði að minsta kosti einu sinni á ári. Eftir að stjórnarráðið hafði borið þessa dagskrá undir dýralæknirinn í Reykjavík, ljet hann það álit í ljósi, að árleg þrifaböð væru þýðingarlaus til útrýmingar fjárkláðanum, og sje það einróma álit allra sjerfróðra manna í þessum efnum. Með því að það hefir verið tekið fram af þeim, sem halda fram árlegum þrifaböðum, að slíkar baðanir á sauðfje muni hafa verið lögskipaðar á Englandi í því skyni að útrýma fjárkláða þar, þá útvegaði stjórnar-

ráðið fyrir milligöngu utanríkisstjórnarinnar ákvæði þau, sem gilda um fjárbaðanir á Englandi. Hefir dýralæknunum í Reykjavík verið gefinn kostur á að kynna sjer þau, og verður, eins og hann hefir tekið fram, ekki bygð á þeim sú skoðun, að Englendingar telji árlegar einbaðanir líklegar til þess að geta útrýmt fjárkláða. Álitsskjal dýralæknisins verður lagt fyrir alþingi sem fylgiskjal með þessu lagafrumvarpi og þinginu verður gefinn kostur á að kynna sjer hin umgetnu ensku ákvæði um fjárbaðanir.

Með því að það þannig verður að teljast einróma álit sjerfróðra manna, að árlegar þrifabaðanir sjeu með öllu ónógar til þess að útrýma fjárkláða, hefur stjórninni ekki þótt nein ástæða til að semja og leggja lagafrumvarp um þær fyrir alþingi, en telur hins vegar nauðsynlegt, að ráðstafanir verði gjörðar til útrýmingar fjárkláðanum, sem ávalt gerir vart við sig hjer og hvar í landinu, og má að þessu leyti vísa til ástæða stjórnarinnar fyrir framannefndu lagafrumvarpi um útrýming fjárkláðans, sem lagt var fyrir Alþingi 1911, og prentaðar eru í Alþingistíðindunum 1911, A., bls. 187—190.

Lagafrumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er í aðalatriðum samhljóða frumvarpi því um útrýming fjárkláðans, sem samþykt var af neðri deild alþingis 1911 og prentað er í Alþingistíðindunum 1911, A., bls. 974—975. Samkvæmt því frumvarpi, eins og því, sem hjer liggur fyrir, er ætlast til þess, að fjáreigendur greiði allan annan kostnað við baðanirnar, sem skulu vera tvær með hæfilegu millibili, en kaup og annan kostnað kláðalækna og baðara. Í frumvarpi neðri deildar var gert ráð fyrir því, að kaup þeirra skyldi greiða að hálfu úr landssjóði, en landsstjórninni finst ekki ástæða til að leggja þenna kostnað á landssjóð, enda í mestu samræmi við núgildandi lög, að sveitar-, bæjar- og sýslusjóðir beri þenna kostnað eins og til var ætlast í stjórnarfrumvarpinu frá 1911 og nánara er gerð grein fyrir í ástæðunum fyrir því.

Fylgiskjal.

DÝRALÆKNIRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 7 febr. 1912.

Með brjefi dags. 29. maí f. á. hefir hið háa stjórnarráð beiðst tillagna minna út af rökstuddri dagskrá efri deildar alþingis 1911 um þrifaböð, og með brjefi dags. 15. ág. síðastliðinn hefi jeg meðtekið til yfirlits ýms prentuð skjöl um lög og fyrirskipanir gegn fjárkláða á Englandi, er jeg nú endursendi um leið og jeg leyfi mjer að fara nokkrum orðum um fjárkláðamálið. Að jeg hefi ekki sent stjórnarráðinu svar mitt fyrr, kemur sumpart til af því, að jeg hefi verið að búast við og bíða eftir, að málið yrði rætt opinberlega í blöðunum á þeim grundvelli, er jeg drap á í ritgerð minni um fjárkláðann í fyrra, og sumpart af því, að jeg þykist hafa í nefndri ritgerð gert ljósa grein fyrir skoðun minni á öllu þessu máli, og þar með talið dagskrárefni efri deildar, enda get jeg yfirleitt vísað til þess, er jeg þar læt í ljósi, því að skoðun mín hefir ekki breytst neitt síðan um þetta mál.

Eftir því sem mjer er kunnugt, hafa nú á síðari árum komið fram fimm tillögur til ráðstafana gegn fjárkláðanum:

1. Tillaga um útrýming kláðans með tvíböðun alls fjár í landinu.
2. Tillaga um nákvæma skoðun alls fjár og böðun þess fjár, sem sjúkt kann að finnast og grunsamt.
3. Tillaga um status quo: að haldið sje áfram aðgerðum þeim, sem tíðkaðar hafa verið hin síðari árin, baðað þar sem kláði kann að koma upp og á næstu bæjum eftir atvikum.
4. Tillaga um að lögskipað sje þrifabað á öllu fje að minsta kosti einu sinni á ári, og
5. Tillaga um að hið opinbera hætti öllum afskiftum af kláðanum.

Fyrsta og síðasta tillagan fara lengst, hvor í sína átt. Um þá síðustu, að hið opinbera hætti öllum afskiftum af sýkinni, munu flestir sem til þekkja vera á sama máli, að ekki nái neinni átt. Í öllum löndum, er jeg þekki til, er fjárkláði talinn svo illkynjuð sýki, að við hana er beitt laganna strörgustu ákvæðum, og þá mun ekki síður hlýða fyrir oss, er að miklu leyti lifum af sauðfjárrækt, að gera það sem gert verður til þess að hamla upp móti sýkinni; og þar sem sýkin hefir svo mikla þýðingu fyrir alt landið, er sjálfsagt að hið opinbera hafi með höndum allar ráðstafanir gegn henni, enda mundi alt fara í handaskolum, ef aðgerðirnar ættu að hvíla á einstökum hjeruðum, sveitum eða mönnum. En það ætti þá jafnframt að vera föst regla, er aldrei sje frá vikið, að allar ráðstafanir hins opinbera miði að því að útrýma veikinni, hvort sem ætlaður yrði til þess langur tími eða stuttur. Það má aldrei verða, að hið opinbera, þing eða stjórn, fyrirskipi káktilraunir í þessu máli, því að þær gera eigi að eins ilt með því að eyða fje til lítils eða einkis gagns, heldur stuðla þær einnig mjög að því,

að drepa niður trú á að hægt sje að yfirstíga þenna vogest, og er það ef til vill mesta tjónið af slíkum tilraunum.

Fyrsta tillagan, að gerð sje á einum vetri atlaga að kláðanum um alt land með því að baða alt fje tvennum böðum með hæfilegu millibili, er að mínu áliti sjálfsögðust, enda geri jeg hana að minni enn sem fyrr, og get jeg um hana að öðru leyti vísað til ritgerðar minnar um fjárkláðann frá í fyrra. Neðri deild alþingis 1911 samþykti þessa tillögu í lagafrumvarpi um útrýming fjárkláðans, en sökum ónógs tíma mun það aðallega hafa verið, að frumvarpið fjell í efri deild. Hefði tími unnist til nauðsynlegra breytinga á frumvarpi neðri deildar, ætla jeg að efri deild hefði einnig fallist á aðferðina með því að samþykkja frumvarpið í aðalatriðunum.

Önnur tillagan. Sumum hefir þótt það nokkuð ósparlega að farið, að láta baða alt fje á landinu, hvort sem það er heilbrigt eða með kláða; hafa því viljað láta almenna skoðun fram fara og baða þar að eins sem kláði finst eða grunsamt er um kláða, og þá auðvitað tvennum böðum. Í fljótu bragði virðast þeir, er þannig líta á, hafa mikið til síns máls, en samt er það svo, að reynslan hefir sýnt þegar og það oft áþreifanlega, að þannig löguð aðferð getur ekki komið að gagni. Það hefir sem sje sýnt sig þráfaldlega, að alt annað er hægara en að ganga úr skugga um að kláði leynist ekki á kind, þótt vandlega sje skoðað, enda hefir kláði sjaldnast fundist við hinar opinberu skoðanir, þótt til væri og fram kæmi eftir lengri eða skemmri tíma frá skoðun. Og þegar svo er komið, að kláðinn hefir komið upp í flestum sýslum landsins, er mestur hluti landsins grunsamur, en grunseminni verður þá ekki útrýmt nema með tvennum böðum á öllu fje.

Þriðja tillagan, að alt sje látið ganga framvegis eins og nú, hið opinbera fyrirskipi baðanir, þar sem kláði kemur upp, og ef til vill á næstu bæjum, ef grunsamir þykja, gæti einnig komið til mála; en eins og hinu háa stjórnarráði er best kunnugt, hefir reynslan sýnt, að oft hefir ekki tekist að framkvæma nauðsynlegustu ráðstafanir í þessu efni. Oft og jafnvel oftast hefir sem sje orðið vart við kláðann *á vorin, þegar búið er að sleppa fje*, eða samgangur þess að minsta kosti byrjaður til muna, og því ógerlegt og oftast ómögulegt að ná í alt grunsamt fje til böðunar.

Fjórða tillagan, að lögskipað sje eitt árlegt þrifabað til þess að halda kláðanum í skefjum og útrýma honum, hefir að því er virðist fengið allmarga meðmælendur á síðustu tímum, og hefir efri deild alþingis 1911 gerst málpípa fyrir þá með því að samþykkja dagskrána um þrifaböð. Í oftnefndri ritgerð minni frá í fyrra (sjá einkum bls. 33—36) þykist jeg hafa sýnt nægilega fram á, að slík aðferð við kláðann sje ekkert annað en kák, að eins stórskornara en áður hefir tíðkast, og tel jeg stjórn og þingi gersamlega ósæmilegt á nokkurn hátt að aðhyllast slíkt.

Því hefir verið haldið fram, að Englendingar hafi tekið upp þessa aðferð við kláðann hjá sjer, og jafnframt sagt, að úr því að þeir telji sjer þetta gott og sæmilegt, þá muni oss ekki vandara um, nje neinn ósómi fyrir oss að feta í spor þeirra í þessu efni. Jeg skal láta ósagt um, hvað Englendingum hafi gengið til að gera hjá sjer slíka vandræðaráðstöfun, sem er þeim mun undarlegra sem það er vel ljóst af skjölum þeim, er jeg hefi haft til yfirlits, að þeir telja eitt það allsendis ófullnægjandi til að lækna kláða. Og síst tel jeg ástæðu til þess að taka oss Englendinga til fyrirmyndar, eða nokkra aðra, í því sem miður fer hjá þeim. Jeg tel það mjög ólíklegt, að Englendingar hefðu nú í vorum sporum tek-

ið upp þessa aðferð, því að það er sýnilegt, að þeir eru að hverfa frá henni aftur, eins og fyrirskipanir þeirra síðustu árin bera vott um.

Að Englendingar telja tvenn böð nauðsynleg til lækningar kláða, má sjá

1. af meðfylgjandi Leaflet Nr. 61, bls. 4 (strykað við af mjer). Leiðarvísir þessi er gefinn út af landbúnaðarstjórninni í maí 1910.
2. af skjali 6879: Sheep-Scab Order 1905 § 4.
3. - — 7720: Double Dipping. Order of 1909.
4. - — 7928: § 9 Annual Compulsory double Dipping. Order of 1910.
5. - — 7906: Double Dipping necessary to obtain Movement Licences. Order of 1910.
6. - — 7907: Do Do Order of 1910.
7. - — 8067: Annual Compulsory double Dipping. Order of 1911.
8. - — 8114: Do Do Do Do Order of 1911.
9. - — 8122: Double Dipping of all Sheep.

Á Englandi mun það vera svo, að stjórninni er heimilað vald til að fyrirskipa ýmist einföld eða tvöföld böð eftir því sem henni þykir við eiga, og hefir hún látið einföld böð nægja þar sem lítið eða ekkert er um kláða; aftur skipar hún fyrir tvöföld böð þar sem mikið er um kláða eða henni þykir mikið við liggja, og jafnvel víðar eða allstaðar síðustu árin, 1910 og 1911, þar sem hún á annað borð hefir gefið út nýjar fyrirskipanir.

En hvað sem aðgerðum Englendinga eða öðru líður, verður aldrei á móti því mælt með rökum, að til lækningar kláða þurfa tvenn böð með hæfilegu millibili og að einföld böð eru allsendis ónóg í því efni, og hljóta því allar ráðstafanir gegn fjárkláða, sem bygðar eru á einfaldri böðun, að vera kák. Annað mál er það, að þrifaböð (einföld böð) eru góð og gagnleg, þar sem þau eiga við; en ekki tjáir að blanda saman óþrifum (lús) og kláða og ætla að eitt og sama dugi við hvorttveggja.

Því miður mun skoðun sú all-algeng orðin, að þrifaböð sjeu einhlít til kláðalækningar, og er mjer kunnugt um, að ýmsum ráðandi mönnum er orðið það svo ríkt í hug að koma á lögskipuðum þrifaböðum til útrýmingar fjárkláðanum(!), að tæpast mun hægt að svo stöddu að hafa þá ofan af því. Það er því hætt við, að ekki verði komist hjá hinum lögskipuðu þrifaböðum, og að kákið verði enn sem fyrr ofan á hjá oss. Vildi jeg því leyfa mjer að leggja til, að svo framarlega sem samþykt verði lög um árleg þrifaböð, verði jafnframt fyrirskipað annað bað fyrsta árið, er fram fari hæfilega löngu eftir fyrra baðið, og að efnið í það bað verði þá lagt til fyrir landssjóðsfje. Ætti sá kostnaður ekki að fara fram úr 40 þúsundum króna.

Magnús Einarsson.

Til

Stjórnarráðs Íslands.

Nd.

16. Frumvarp

til laga um viðauka við lög frá 11. nóvbr. 1899 nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

Frá Jóni Magnússyni.

1. gr.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap neinar áfengisveitingar sín í milli, nje nokkur áfengisnautn fara fram í föstum fjelagsherbergjum, nema fjelagið fái til þess sjerstakt leyfi lögreglustjóra.

2. gr.

Engin áfengisnautn má eiga sjer stað í veitingahúsum, sem ekki hafa áfengisveitingaleyfi, hvorki á veitingastöðum, þar er látin er í tje gisting, nje í öðrum veitingahúsum, svo sem í kaffisöluhúsum eða öðrum slíkum, — í þeim herbergjum, er veitingar fara fram í.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum 20—1000 króna eða einföldu fangelsi alt að 3 mánaða.

Nú brýtur fjelag með föstu skipulagi gegn fyrirmælum 1. gr., og varðar þá eftir þessari (3.) gr. bæði stjórn félagsins og þá þjónustumenn fjelagsins, er taka þátt í veitingunum, eða, ef um áfengisnautn aðeins er að ræða, þá ráðendur, er vitandi eigi hindra hana. — Annars fer um ábyrgð fyrir brot gegn lögum þessum eftir venjulegum reglum.

Auk þess er lögreglustjóra heimilt að banna, með lögregluvaldi ef þarf, samkomur fjelaga, er að staðaldri hafa veitingar eða áfengisdrykkju í herbergjum sínum, eða oftar en tvisvar hafa sætt sektum fyrir brot gegn 1. gr. þessara laga.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 50—500 kr.

Auk þess skal sá, er veitingar hefir um hönd á slíkum veitingastað, og brotlegur hefir orðið tvisvar, hafa fyrirgert rjetti sínum til veitinga.

5. gr.

Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum, renna í sjóð sveitarfjelags þess, þar er brotið er framið.

6. gr.

Með mál eftir lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd.

17. Frumvarp

til laga um eftirlit með þilskipum og vjelaskipum.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Jón Jónsson 2. þm. Reykvíkinga, Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Hver sá maður eða fjelag, sem gerir út þilskip, gufuskip, annars konar vjelaskip eða seglskip, eða opið vjelaskip til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskiveiða, skal láta skoða skipið af þar til kvöddum mönnum, áður en það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má eigi lögskrá menn á skipið, sje það lögskráningarskylt, fyr en skoðunargerð hefir farið fram og skipsskoðunarmenn vottað, að lífi eða heilsu manna sje engin hætta búin vegna útbúnaðar skipsins.

2. gr.

Skoðunin skal fram fara, áður en nokkur varningur er látinn í skipið, og skipsskoðunarmönnum er heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta, að skipið sje sett á land.

Skoðunarmenn eiga að ganga úr skugga um, að skipið sjálft og allur útbúnaður þess, meðal annars fylgibátar, sje svo úr garði gert, að mönnum, sem ætluð er dvöl á skipinu um lengri eða skemmri tíma, sje engin hætta búin af viðráðanlegum orsökum. Þeim er heimilt að heimta sjerfróða menn sjer til aðstoðar, svo sem lækni til þess að dæma um hollustuhætti íbúðarrúms eða vjelfróðan mann til þess að dæma um ástand vjelar. Tveir skulu vera skoðunarmenn um skoðun hverja og þriðji oddamaður, ef ágreiningur verður, og skipa skoðunarmenn þá oddamanninn. Skoðunarmenn senda lögskráningarstjóra eða umboðsmanni hans skoðunargerðina, og getur hvort heldur útgerðarmaður eða helmingur skipsmanna heimtað hana eiðfesta. Að öðru leyti skal nákvæmar skipað fyrir um skoðunina með reglugerð, sem stjórnarráðið setur, eftir að hafa leitað álits stjórnar þilskipaábyrgðarfjelags Faxaflóa og skipstjórafjelagsins »Aldan« í Reykjavík.

Nú finna skoðunarmenn galla á skipi eða útbúnaði, og mega þeir þá ekki láta úti skoðunarskýrslu, fyr en þeir sjálfir sannfærast um, að viðunanlega sje úr bætt.

3. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi í landinu skulu vera hæfilega margir skipsskoðunarmenn og skoða þeir skip þau öll, sem gerð eru út í umdæminu. Þó skoða skoðunarmennirnir í Reykjavík þilskip þau, sem gerð eru út eða heima eiga í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Lögreglustjóri ákveður, hve margir skoðunarmennirnir skuli vera og útnefnir þá.

Nú er innan lögsagnarumdæmisins til skipaábyrgðarfjelag eða sjómannafjelag, hvort heldur skipstjóra eða háseta, og skulu þá nefnd fjelög mega stinga upp á helmingi fleiri skoðunarmönnum en útnefna á, þannig að ábyrgðarfjelagið stingur upp á helmingnum, en sjómannafjelagið, eða sje til bæði skipstjórafjelag og hásetafjelag, þá bæði fjelögin í sameiningu, upp á hinum helmingnum, Sje

hvorki til ábyrgðarfjelag eða sjómannafjelag, stingur hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd upp á öllum. Sje annaðhvort nefndra fjelaga til, en hitt ekki, stingur fjelagið upp á helmingnum en bæjarstjórn eða hreppsnefnd upp á hinum.

4. gr.

Fyrir skoðunina ber hvorum eða hverjum skoðunarmanni 10 kr. fyrir þilskip og 3 kr. fyrir opin vjelaskip. Útgerðarmaður greiðir skoðunarkaupið, svo og þóknun til sjerfróðra aðstoðarmanna, eftir ákvæði fyrnefndrar reglugerðar, og má taka hvorttveggja gjaldið lögtaki.

5. gr.

Nú vanrækir útgerðarmaður að beiðast skoðunar á skipi, og skipi hlekkist á, svo að tjón hlýst af, og skal þá líta svo á, að tjónið hafi stafað af óforsvaranlegum útbúnaði skips og útgerðarmaður vera skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna, nema því að eins, að sannað verði, að tjónið hafi orðið af öðrum ástæðum. Auk þess skal útgerðarmanni refsað með alt að 1000 kr. sekt eða þyngra, eftir því sem lög og atvik kunna að liggja til.

6. gr.

Nú leysa skoðunarmenn skoðunina ekki af hendi, eða gera það óforsvaranlega, eða gefa ranga skýrslu um hana, og sæta þeir þá refsingu samkvæmt fyrirmælum 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og sjeu þá eftir atvikum skaðabótaskyldir þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna, nema sannað verði, að tjónið hafi ekki verið að kenna illum útbúnaði skips.

7. gr.

Brot gegn lögunum sæta meðferð almennra lögreglumála. Sektir renna í landssjóð.

8. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1913 og eru lög nr. 25, 3. okt. 1903 jafnframt úr gildi feld.

Nd. **18. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Jón Jónsson 2. þm. Reykvíkinga, Benedikt Sveinsson, Sigurður Sigurðsson, Tr. Bjarnason.

1. gr.

Ráðherra Íslands hefir 1000 kr. á ári að eftirlaunum.

Hafi ráðherra flutst í ráðherraembættið úr öðru eftirlaunaembætti, þá nýtur hann og eftirlauna eftir hið fyrra embætti sitt.

Hafi ráðherra verið á eftirlaunum, er hann tók við ráðherraembættinu, þá nýtur hann og þeirra, nema svo sje, að hann hafi haft eftirlaun fyrir rekstur ráðherraembættis, því að þá fær hann ekki frekari eftirlaun en hann hafði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og er 3. gr. laga nr. 17, 3. okt. 1903 jafnframt feld úr gildi.

Nd. **19. Frumvarp**

til laga um vörugjald.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason, Pjetur Jónsson og Stefán Stefánsson, Eyf.

1. gr.

Af öllum vörum, er flytjast til Íslands frá útlöndum, hvort heldur verzlunarvörum eða öðrum vörum, skal viðtakandi greiða gjald í landssjóð, 3 af hundraði af verðhæð vörunnar.

2. gr.

Gjaldið skal ákveðið eftir sölureikningi seljanda (faktura), er ávallt skal fylgja vörusendingu hverri, enda sje höfð hliðsjón af vöruskrá skips, tilvísunarbrjefum og öðrum skipsskjölum.

3. gr.

Nú fylgir sölureikningur ekki vörusendingu eða vöru er ekki getið í sölureikningi, og skal þá gjaldheimtumaður eða umboðsmaður hans kyrsetja vöruna á kostnað viðtakanda þangað til sölureikningur er sýndur.

Nú hendir slikt sama mann aftur, og skal þá, auk kyrsetningar, beita við hann sektum frá 10—1000 kr.

Hendi það sama mann í þriðja sinn, sæti sömu viðurlögum, enda sje varan þá upptæk landssjóði til handa.

4. gr.

Nú þykir verð á vöru sett óeðlilega lágt í sölureikningi. og skal þá kyrsetja vöruna á sama hátt og sagt er í 3. gr., þangað til fengin er skýrsla um markarðsverð slikrar vöru, á þeim stað, sem varan var keypt.

Reynist verðið of lágt, gjaldi viðtakandi, auk eftirgrenslunarkostnaðar, þrefalt gjald af upphæð þeirri, sem reynt var að draga undan.

Hendi slikt sama mann aftur, sæti sömu viðurlögum og auk þess alt að 1000 kr. sektum.

Hendi það sama mann í þriðja sinn, sæti sömu útlátum og varan þar að auki upptæk landssjóði til handa.

5. gr.

Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna, svo sem til er tekið í lögum nr. 54, 11. júlí 1911, að svo miklu leyti sem þau eiga við, og um skil fyrir henni eftir reglugjörð 13. febr. 1872 um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi.

6. gr.

Brot á lögunum sæta meðferð almennra lögreglumála og sektir renna í landssjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til ársloka 1915.

Ed. **20. Frumvarp**

til laga um vatnsveitu fyrir Sauðárkrók.

Flutningsmaður: Jósef Björnsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist einkaleyfi til þess, að leggja vatnsveitu í pípum neðanjarðar til Sauðárkróks og um kaupstaðinn.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja, sandtekja og rista og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi bíði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

Hrepps- eða vatnsveitusjóður greiðir allan matskostnað.

2. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kaupstaðarins og um hann, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kaupstaðnum og skal engum heimilt að nota vatn úr öðrum vatnsæðum eða vatnsbólum til heimilisþarfa. Þó skal hreppsnefndin í samráði við hjeraðslækni og heilbrigðisnefnd

hala heimild til að veita undanþágu frá þessu, ef sjerstakar kringumstæðu gera slíkar undanþágur æskilegar eða nauðsynlegar.

3. gr.

Með reglugjörð, sem hreppsnefndin semur og stjórnarráðið samþykkir má setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og um önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir alt að 200 krónur fyrir brot á móti ákvæðum hennar.

Þegar vatnsveitan er komin til framkvæmda, má eftir gjaldskrá, sem hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, leggja almenn gjöld til hreppa eða vatnsveitusjóðs á notendur vatnsins fyrir afnot þess, og skulu gjöld þau að því er snertir þann hluta þeirra, sem á húseignir verður lagður, hafa forgangsrjett í húseignum þeim, sem vatnsæðar eru lagðar inn í, næst á eftir húsaskatti, en á undan öllum veðböndum, er á eigninni hvíla. Einnig hafa gjöld þessi lögtaksrjett.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum og brotum gegn samþyktum þeim og reglugjörðum, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

Sþ. **21. Álit kjörbrjefanefndar**

um þingmannskosningu í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Við þingmannskosning þá, er fram fór í Vestur-Ísafjarðarsýslu hinn 28. okt. 1911 er svo talið til, að greidd atkvæði hafi alls verið 276, en af þeim voru 50 atkvæðaseðlar taldir ógildir. Af þeim 226 atkvæðum, er gild voru metin, hlaut Matthías Ólafsson 114, en Kristinn Daníelsson 112. Var því hinn fyrnefndi lýstur kosinn og honum fengið kjörbrjef.

Kosningargerð þessa hefir Kristinn Daníelsson kært í brjefi til alþingis 1. þ. m., og krafist þess, að hún verði metin ógild, en hann viðurkendur rjett kjörinn þingmaður fyrir kjördæmið. Enn fremur hafa alþingi borist kærur úr 5 hreppum um kjördæmisins (Þingeyrar-, Mýra-, Auðkúlu-, Suðureyrar-, Mosvalla-), undirskrifaðar af samtals 173 mönnum, og eru 172 þeirra, eftir því er fyrir liggur, alþingiskjósendur.

Allar þessar kærur eru bygðar á hinum sömu rökum, þeim, að úrskurður er meiri hluti yfirkjörstjórnar kvað upp, þess efnis, að atkvæðaseðlar, er brotnir voru saman oftar en einu sinni, skyldi metnir ógildir, — að þessi úrskurður sje rangur. Seðlar þeir, er samkvæmt þessum úrskurði voru metnir ógildir, eru að tölu 21 — nokkrir tvíbrotnir, nokkrir krossbrotnir — og höfðu atkvæði á þessum seðlum fallið 14 á Kristinn Daníelsson en 7 á Matthías Ólafsson. Auk þess er að því vikið í kærunum, að þingmannsefnið Matthías Ólafsson hafi átt sæti í yfirkjörstjórninni og því sje það eigi ólíklegt, að hann hafi gert sig sekan í hlut

rægni, þar sem það hafi verið meðkjörstjórarnir, er úrskurðinn samþyktu gegn tkvæði oddvita.

Um málefni þetta hefir kjörbrjefanefndin eigi orðið á eitt mál sátt.

Vjer, meiri hluti nefndarinnar, lítum svo á, að hinn umþrætti úrskurður firkjörstjórnarinnar sje í samræmi við kosningarlögin 35. gr. og því löglegur og ettur. — Ákvæði kosningarlaganna í nefndri grein er skýrt og tvímælalaust, að tkvæðaseðil skal brjóta »einu sinni«, og enginn vafi á því að hjer er um brot ð ræða gegn þessu ákvæði. Það virðist nú harla óeðlilegt að líta svo á, að líkt lagabrot eigi ekki að hafa neina þýðingu. Það er sama sem að telja þetta agaákvæði þýðingarlaust og með öllu óskrifað. — Hinsvegar virðist þessi galli á eðlunum eigi falla beinlínis undir ákvæði 38. gr. og 39. gr. kosningarlaganna m þær misfellur, er yfirkjörstjórn er skyld til, af eigin hvöt og án þess mótmæla urfi, að meta ógildingarsök, nema því að eins, að líklegt þyki að seðlar sjeu uðkendir með því að brjóta þá ólöglega. En þótt svo þessi galli á atkvæðaeðlunum eigi sje metin skilyrðislaus ógildingarsök, nema hann verði talinn auðenni, þá er þó enginn vafi á því, að rjett er að byggja mótmæli gegn gildi seðlnna á þessu lagabroti og það virðist heldur eigi vafasamt, að yfirkjörstjórn hefir þá lagalegan rjett til með úrskurði að meta þennan galla ógildingarsök. Vjer eljum því eigi rjett, að alþingi felli hjer umræddan úrskurð yfirkjörstjórnar úr ildi, þar sem um er að ræða tvímælalaust lagabrot og þar á bygð mótmæli rjetts hlutaðeiganda, jafnvel þótt það eigi verði talið sennilegt, að atkvæðaseðlarnir hafi verið auðkendir með ólöglegu samanbroti. — Á það má og benda, að ógilding þessa úrskurðar mundi leiða það af sjer, að ákvæði kosningarlaganna um samanbrot seðlanna, bæri að skoða sem óskrifað og ætti þá á sama að standa, hvernig þeim væri vöðlað í kassana, ef að eins brotið hyldi atkvæðiskrossinn á seðlinum. Þetta mundi valda hinum mesta glundroða.

Eins og öllum er kunnugt, þá er aðferðin við upptalning atkvæða þannig, ð atkvæðaseðlunum úr hreppunum er steypt öllum í eitt hylki og svo blandað saman svo vel, sem kostur er á. Því næst er einn seðill í einu tekinn upp úr hylkinu, lesinn og athugaður af kjörstjórn og þingmannaefnum og þegar í stað úrskurðaður, hvort gildur sje. Þegar seðill, er einhvern ákveðinn galla hefir, t. d. kross-oddur nær út fyrir hring o. þ. h., hefir fyrir þá sök verið metinn ógildur, þá er það sjálfsagt að seðlar, er síðar koma fram með hinum sama galla, eru einnig taldir ógildir, samkvæmt undangengnum úrskurði. — Svo hefir og verið við þessa kosningu, er hjer er rætt um, að úrskurður kjörstjórnar er kveðinn upp þegar fyrsti seðillinn, ólöglega samanbrotinn, er tekinn úpp úr hylkinu. Þá setur meiri hluti kjörstjórnar þá reglu fyrir kosningargjörðinni með úrskurði, eftir framkomin mótmæli, að seðlar með þessum galla, ólöglega samanbrotnir, skuli taldir ógildir. Þegar þessi úrskurður er kveðinn upp um hinn fyrsta ólöglega samanbrotna seðil, gat engum, hvorki kjörstjórar nje þingmannaefni vitað neitt um hve margir slíkir seðlar voru eftir í hylkinu og því síður gátu menn vitað, hvort þingmannsefnið, Matthías Ólafsson eða Kristinn Daníelsson, áttu atkvæði á þeim seðlum, er eftir voru í hylkinu ólöglega samanbrotnir. Hjer gat því alls eigi nein hlutdrægni komist að af hálfu þess þingmannsefnis, er í kjörstjórninni var og þarf það eigi frekari útlistunar.

Þess má geta, að í þessu kjördæmi virðast kjósendur all margir hafa sýnt talsverða óvandvirkni við atkvæðagreiðsluna, þar sem, — auk 21 umþrættra seðla, — 29 seðlar aðrir eru taldir ógildir, eða samtals 50 gallaðir seðlar af 276.

Slíkt kæruleysi fullveðja manna um rjetta framkvæmd eigin rjettinda virðist mjög ámælisvert og engin ástæða til að gefa því frekar undir fótinn.

Það skal ennfremur tekið fram, að því er sjerstaklega snertir kærur þær, er fram eru komnar frá kjósendum, að jafnvel þótt álíta mætti, að meiri hluti allra kjósenda í kjördæminu — ekki einasta þeirra, er atkvæði greiddu á kjördegi — hefði skrifað undir kærurnar, þá gæti það eigi raskað lögmæti gildrar kosningar. Slík opinber atkvæðagreiðsla eftir á ríður í beran bága við orð og anda kosningarlagann og er gersamlega þýðingarlaus.

Samkvæmt framanrituðu er það tillaga vor, meiri hluta nefndarinnar:

Að kosning Matthíasar Ólafssonar sem alþingismanns fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu verði metin gild og lögleg.

Alþingi, 17. júlí 1912.

Jón Magnússon, formaður. Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögumaður.

Guðjón Guðlaugsson.

Kjörbrjefanefndin hefir klofnað í tvent um álit í kærumálinu yfir kosning Matthíasar Ólafssonar til þingmensku fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu. Höfum við tveir nefndarmenn lent í minni hluta og látum uppi við virðulegt alþingi svofelt:

Álit minni hlutans.

Í símskeyti í gær hefir oddviti kjörstjórnar í Vestur-Ísafjarðarsýslu gefið svo hljóðandi yfirlýsingu:

»Jeg hjelt fast við þá skoðun sem oddviti Vestur-Ísafjarðarsýslu-kjörstjórnar 1911 að margbrotnir seðlar ættu ekki undir 38. gr. kosningarlaganna«. Í þessu atriði erum við honum samdóma.

Háttvirtur meiri hluti fullyrðir í áliti sínu, að ógilding hinna tvíbrotnu atkvæðaseðla, er hjer ræðir um, sje í samræmi við 35. gr. kosningarlaganna nr. 18, 3. okt. 1903, og því lögleg og rjett. Einnig fullyrðir hann, að hjer sje um vafalaust brot að tefla gegn sömu lagagrein, og loks fullyrðir hann, að væri slíkt lagabrot marklaust, þá væri það sama sem að lagaákvæðið í nefndri sömu lagagrein um brot seðla væri marklaust og sama sem með öllu óskrifað.

Allar þessar fullyrðingar og ályktanir eru rangar, með því þær fá eigi staðist próf rökrjettrar rannsóknar á anda og innihaldi þessarar lagagreinar í sambandi við nefnd kosningarlög öll og sjerstaklega við 38. gr. og 39. gr. þeirra, svo sem nú mun sýnt verða og sannað.

Öll nefnd kosningarlög frá upphafi til enda eru ein samfeld óræk sönnun þess, að aldrei megi það meina nokkrum kjósanda að neyta atkvæðisrjettar síns, að hann, er hann kemur fram til kosningar, megnar ekki eða treystist ekki til vegna fötlunar eða vanmættis að fullnægja bókstaflega hverri einni þeirra athafna, er umrædd 35. gr. ákveður, jafnvel ekki þá, er hann engri þeirra getur fullnægt,

nje treystir sjer til að fullnægja, og þurfi því að láta gera alt fyrir sig, sem er þar tilskilið. Í annan stað mæla þau lög þó hvergi fyrir um, hversu kjósandanum, er svo er staddur; skuli hjálpa. Er það að vísu stór galli á þeim, en ekki getur hann hugsast að hafa mátt valda því, að þau næðu ekki áminstum tilgangi sínum; að tryggja kjósendum undantekningarlaust og skilyrðislaust greiðan og þeim færan kost á að neyta kosningarrjettar síns; en það hefðu þau eigi mátt gera, ef vanmáttur þess að geta sjálfur fullnægt bókstaflega ákvæðum 35. gr. hefði nokkru sinni getað girt fyrir, að þeir fengi neytt þessa dýrmæta rjettar, er hefði ónýst þeim þannig. Af þessu leiðir, að margnefnd 35. gr. hefir aldrei getað nje *getur verið skilyrðislaust bjóðandi grein fyrir einstaklingana í einstökum atriðum sínum, nje skilyrðislaust bannandi, að brugðið sje út af þeim, út af nokkru einu þeirra*, ef ástand kjósanda, t. d. veiklun eða fötlun, gerir afbrigðin nauðsynleg. Það hefir aldrei getað og getur ekki samrýmst rökrjettri hugsun, hefir aldrei getað nje getur átt sjer stað, og af því svo er, þá er það óhaggað enn, þrátt fyrir 6 árum síðar til orðna 6. gr. laga nr. 15, 9. júlí 1909, sem ekki getur breytt merking nje valdi 35. gr. Greinin er hvorki skilyrðislaust bjóðandi nje bannandi kjósendum í nokkru atriði, og fyrir því hafa afbrigði einstaks manns frá hverju atriði hennar sem vera skal, er gild skilyrði fyrir afbrigðunum eru fyrir hendi, aldrei verið lögbrot nje eru enn. Fullyrðing meiri hluta álitsins um að tvíbrot seðlanna, er þetta mál tekur til, sje lögbrot, er því úr lausu lofti gripin og á engum hugsunarrjettum nje gildum rökum bygð, svo sem við nú skulum sýna.

Seðlar þessir eru ekki fleiri en 21 af 226 kjörseðlum, og þeir geta eðlilega hver og einn verið og eru að öllum líkindum samanbrotnir af verklúnum höndum þeirra manna, er vita sig vera stirðhenta eða skjálfhenta, og brestur alla leikni og fimleika til að fullnægja svo reglunni um einbrot kjörseðils, að fulltrygt sje, að enginn sjái atkvæðismerkið á leið til kassans. Þótt slíkir menn, er vantreysta sjer til að fullnægja fyrirmælinu í 35. gr. um þetta atriði, svo vel fari, grípi til þess úrræðis, að krossbrjóta eða tvíbrjóta seðil, sem hvorttveggja hefir tíðkast í kjördæmum landsins, og það vítalaust, svo sem rjett er, þá er engin gild ástæða til að brigsla slíkum mönnum um »kæruleysi« um þessa hluti, og því síður um óhlýðni við fyrirmæli 35. gr., og allra síst um tvímælalaust lögbrot, þar sem þetta, eins og hjer er sýnt með rjettum rökum, aldrei hefir skilyrðislaust lögbrot verið, nje er það enn. En af því leiðir og, að ummælin í meirihluta-álitinu um, að óeðlilegt sje, að lagabrot þetta sje marklaust, eru reykur einn, og allra fráleitasta fjarstæðan er sú ályktun, að það, — að álíta að lagabrotið, sem er ímyndun ein, sje marklaust — sje sama sem að álíta lagaákvæðið marklaust og eins og með öllu óskrifað, því það er þó í sannleika augljóst, að þótt margnefnd 35. gr. sje ekki í einstökum atriðum skilyrðislaust bjóðandi nje bannandi einstökum kjósendum, eins og sýnt er og sannað hjer að framan, þá er hún afar-merk grein, sem fastákveðin, bindandi, almenn regla og leiðbeining um, hvernig kosningarathöfnin skuli fara fram. Með henni er kosningarathöfninni skapað ákveðið fast form, sem í hverjum hreppi og kaupstað landsins er eitt og hið sama alment bindandi í öllum og einstökum atriðum, og hina einstöku kjósendur að því leyti, sem þeir eru færir um og megna að framkvæma það, sem fyrir er lagt og þurfa ekki afbrigða fyrir sig. Greinin er því formskapandi, regluskapandi og leiðvísandi (instructiv), og að því leyti svo langt frá að vera marklaus, að hún einmitt er einkar-mikilsverð öll og í hverju einstöku atriði sínu, enda henni vafalaust ætlað að vinna það á sem reglu og leiðarvísi, að afbrigðin

vegna ástands einstakra kjósenda verði æ minni og færri. Að grein þessi sje í eðli sínu og tilgangi þannig, sem nú er sagt, en ekki svo sem bygt er á í meirihluta-álitinu, sjest og ljóst á því, að ella mundi hún jafnan hafa varnað all-mörgum kjósendum landsins þess, að neyta kosningarrjettar síns, og misboðið þar með einum þeirra allra helgustu rjettindum; en ekkert er að sjálfsögðu gagnstæðara anda, tilgangi og stefnu kosningarlaganna. Hjer er því ekki um nokkurt lögbrot að tefla — ekki fremur lögbrot nú, en áður en 6. gr. laga nr. 15 9. júlí 1909 kom, — og umræddir seðlar eru að lögum góðir og gildir, en ógilding þeirra eftir 35. gr. kosningarlaganna fyrir þá sök eina, að þeir eru tvíbrotnir, er órjettmæt og ósamrýmanleg rjettum skilningi á greinarinnar anda og tilgangi og sambandi hennar við kosningarlögin öll, en þó sjerstaklega við 38. og 39. gr., er innihalda ákvæðin um, hvenær kjörseðlar skuli ógildast og ógildist.

Hin 39. greinin er um þau tilfelli, er kjósandi viljandi merkir kjörseðil einhverju því merki, rispu eða blýantstriki eða öðru slíku einkenni, er geri hann þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Bannar hún að gera nokkurt slíkt merki á seðil, og finnist það á honum við atkvæðatöluna, er hann skilyrðislaust ógildur. Með því seðlar þessir hinir kærðu, er hjer skifta máli, allir eru tvíbrotnir eða krossbrotnir, á þann eðlilega hátt, sem tíðkast hefir og viðgengist af hálfu þeirra, sem ekki treystast til að einbrjóta seðilinn og meðhöndla hann svo sem vera ber einbrotinn, og annars ekkert er sjerkennilegt við þá eða einkennandi, geta þeir ekki rjettilega fallið undir þessa grein.

Hin 38. greinin skipar aftur á móti fyrir um, hvernig með skuli fara, ef kjósanda skjátlast óviljandi eða af vangá seðilmeðferðin. Greinin nær yfir sitt skýra tiltekna svæði út í æsar, er tæmandi; en þar er misbrot seðla ekki nefnt á nafn, henni ekkert svæði ætlað. Ógilding seðlanna verður því ekki við 39. gr. studd.

Með því nú engar aðrar greinar í kosningalögunum en 35., 38. og 39. gr. geta komið til mála nje álita seðlum þessum til ógildingar, eru þeir löglegir og gildir, og ógildingarúrskurður yfirkjörstjórnar á þeim er einber misskilningslögleysa, er rangur úrskurður, sem úr gildi þarf að nema með þeim einum löglegum hætti, sem til er, þeim, að Alþingi ónýti kosningu Mattíasar Ólafssonar, með heimild í 29. gr. stjskr., og að stjórnarráðið skipi síðar fyrir um nýja kosningu í Vestur-Ísafjarðarsýslu svo fljótt sem verða má samkv. lögum nr. 15, 9. júlí 1909.

Þar sem meiri hlutinn telur engan vafa á, að rjett sje að styðja mótmæli gegn gildi seðlanna við lagabrot gegn 35. gr., þá er að framan sýnt fram á, að þetta er ekkert lagabrot.

En þar sem hann lítur svo á, að seðlarnir hefðu góðir verið og gildir, hefði engin mótmæli fram komið gegn þeim, en orðið að ógildast, þá er og af því, að þau komu fram, verður minni hlutinn af fram teknum ástæðum að telja það álit rangt. Og ekki síður fyrir þá skuld, að mótmælin gegn gildi seðlanna komu fram frá frambjóðandanum Matthíasi Ólafssyni, sem jafnframt var meðkjörstjóri, svo að sami Matthías Ólafsson var hvorttveggja í senn, kærandi þessara seðla og dómari þeirra til ógildingar. Lítur minni hlutinn svo á, að eindregin mótmæli af hálfu hins fjarlæga frambjóðanda fyrir munn umboðsmanns hans hefðu mátt jafnoka kæru Matthíasar frambjóðanda, og gera hana eftir því sem atvik stóðu til, áhrifalausa, og ekki síður fyrir það, að hinn meðkjörstjórinn, sem vitanlega og sannanlega er flokksbróðir Matthíasar, og skjallega sannur að því, að hafa tekið tvíbrotna og krossbrotna seðla góða og gilda sem

meðkjörstjóri 1908, án þess að mótmæla þeim, var nú með Matthíasi orðinn mótmælandi sams konar seðla og kærandi þeirra til ógildingar af sjálfum sér sem kjörstjóra ásamt Matthíasi sem meðkjörstjóra sínum, þvert ofan í ákveðið ágreiningsálit hins lögfróða kjörstjórnaroddvita, er hann »hélt fast við«. —

Þar sem meiri hlutinn heldur því fram, að Matthías hafi ekki getað beitt hlutdrægni af því, að ógildingarúrskurðurinn á tví- og krossbrotnu seðlunum hafi þegar verið kveðinn upp, er hinn fyrsti þeirra var tekinn til álita úr atkvæðakassanum, þá finnur minni hlutinn sjer rjett og skylt að gefa um þetta nokkrar skýringar, er glögglega sýna, hve fráleit og fjarri öllum sanni þessi staðlausa ímyndun meiri hlutans er. —

Fimm eru hrepparnir í Vestur-Ísafjarðarkjördæmi, þessir: Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Mosvallahreppur og Suðureyrarhreppur. Í þeim tveimur sem fyrst eru faldir hefir Mattías aðalkjörfylgi sitt, og er Þingeyrarhreppur langfjölmennastur, með 116 kjósendum á kjörskrá. Í þessum tveimur hreppum var þess við kosninguna rækilega gætt af undirkjörstjórnunum, að enginn tvíbrotinn eða krossbrotinn kjörseðill færi í kjörseðlaskrínuna. Sönnunarskjöl þessa eru tvö eftirfarandi símskeyti, dagsett og meðtekin í gær.

1. »*Allir seðlar sem voru meira en einbrotnir voru þegar lagðir í ógild umslög og kjósanda fenginn nýr seðill og hver kjósandi varaður bæði við því og aukastrikum, þegar honum var afhentur kjörseðill*«.

Oddviti og hreppstjóri Þingeyrarhrepps
Jóhannes Ólafsson.

2. »*Var ekki í kjörstjórn; hef heyrt hreppstjóra oft segja, að enginn margbrotinn seðill hafi hjer verið látinn í atkvæðakassann. Hið sama sagði hann í dag, er við hittums*«.

Böðvar (á Rafnseyri).

Minni hlutinn fær ekki sjeð, að nokkur viti borinn maður fái, að fengnum þessum símskeytum, efast um, að Mattías Ólafsson hafi, þá er hann kom á Ísafjörð til yfirkjörstjórnar fundarins 30. okt., vitað, hvað þessu leið í báðum aðalfylgishreppum sínum: Auðkúlnhreppi, og þá ekki síður í hinum fjölmenna Þingeyrarhreppi, þar er bróðir hans var kjörstjóri, og hann sjálfur á heima. Og eins víst og þetta er, eins víst er hitt, að hann vissi það fyrir víst, er hann settist í kjörstjórnina á Ísafirði 30. okt., að allir kjörseðlarnir í kjörseðlaskrínum beggja aðalkjörfylgishreppa hans, voru einbrotnir, og þannig vissi hann einnig, — hlaut þá stund að vita það, nema hann hafi þá verið allri rænu og vitund sneyddur, að allar líkurnar og þær afarsterkar voru fyrir því, að ógilding margbrotinna seðla, er hann sjálfur horfði á, að fjellu allmargir úr skrínu Suðureyrarhrepps, mesta kjörfylgishrepps keppinautar sins, niður í seðlasamsteypuílátið, yrði sjer í vil, en keppinautnum til tjóns og hnekkis. Og þó heldur meiri hlutinn því fram, að þessi maður hafi ekki, þrátt fyrir þetta, *getað* beitt hlutdrægni. En hvernig hann getur haldið slíku fram, er minni hlutanum með öllu óskiljanlegt.

Ástæðu finnur minni hlutinn til að skýra frá því, að samkvæmt símskeyti kjörstjórnar-oddvitans í Vestur-Ísafjarðarsýslu í gær eru á kjörskrám í kjördæminu 339 nöfn, en kærendur kosningarinnar eru 173. Einn maður fellur niður

sakir sveitarstyrksþágu og telst frá báðum tölunum, sem þá verða 338 og 172. Hefir því helmingur allra kjósenda og 3 betur kært yfir kosningu þessari.

Enn vill minni hlutinn geta þess, að í dag barst Alþingi svolátandi símskeyti:

»Við alþingiskjósendur Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem kusum Kristin Dani»elsson við síðustu Alþingiskosningu og meir en einbrutum kjörseðla vora »ómótmælt af kjörstjóra, krefjumst hjer með, að Alþingi taki kosningar»seðla vora gilda samkvæmt 39. gr. kosningalaganna eða að öðrum kosti »veita oss rjett til endurkosningar«.

Úr Mosvallahreppi:
Kjartan Rósenkransson,
Guðmundur Jónsson bóndi.

Úr Suðureyrarhreppi:
Guðmundur Júlíus Pálsson bóndi,
Guðmundur Jónsson húsmaður,
Illugi Sigurðsson,
Jóhann Jónsson,
Jóhann Þórðarson,
P. Sveinbjörnsson,
Jón Magnússon.

Sakir þess að þessi kosning Mattíasar Ólafssonar til þingmensku fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu er í mikilvægum atriðum svo meingölluð og iskyggileg, sem minni hlutinn hefir sýnt fram á og leitt rök að, og mun enn ítarlegar gera í framsögunni, leyfir hann sjer að ráða virðulegu Alþingi að ógilda hana, svo að Stjórnarráðið skipi fyrir um nýja alþingismannskosningu í Vestur-Ísafjarðarsýslu svo fljótt, sem auðið er.

Alþingi, 17. júlí 1912.

Jens Pálsson,
skrifari og framsögumaður.

Björn Jónsson.

Nd. **22. Frumvarp**

til laga um breytingu á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 11. júlí 1911.

Flutningsmaður: Jón Jónsson, 2. þm. Reykvíkinga.

6. gr. 2. málsliður í hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað orðist svo:

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, borgarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, 2 bæjarfulltrúar og 2 utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nd.

23. Frumvarp

til laga um samþykt um veiði í Drangey.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að gera samþykt um veiði í Drangey, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Þá er sýslunefnd hefir gert frumvarp til samþyktar samkvæmt 1. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar á þeim stað, er sýslunefnd til tekur, alla þá er atkvæði eiga um samþyktina. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

3. gr.

Á samþyktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, er sýslunefndin hefir gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $^3/_5$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

4. gr.

Nú er gerð samþykt eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við lög eða grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþyktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

5. gr.

Í samþykt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess að ákvæða hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

Fyrir brot gegn löggiltri samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renni í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af tjeðum brotum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Nd.

24. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegn málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi, Skúli Thoroddsen.

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903: »Ráðherra Íslands má eigi .. ... falið að veita« falli burt; en í staðinn komi:

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á konungs fund.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðheilagur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Ráðherrar skulu vera þrír; konungur skipar þá og leysir þá frá embætti. Hann skiftir störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis, og stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánar ákveðið með lögum.

Hver ráðherra skrifar ásamt konungi undir ályktanir um þau málefni, er honum eru sjerstaklega falin, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því að að málið sje rjett flutt, nema hann taki sjerstaklega að sjer stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra sá, er mál skal flytja fyrir konungi, fer á konungs fund, þá er nauðsyn krefur, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta

má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það; þó skal engum vikið frá embætti til fullnaðar, nema honum sje áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

6. gr.

8. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur getur rofið Alþingi með þeim takmörkunum, sem segir í 10. gr., og skal þá stofnað til kosninga áður en tveir mánuðir sjeu liðnir frá því er þingið var rofið, og skal Alþingi stefnt saman innan árs frá þingrofi.

7. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

8. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir Alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

9. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 14 þingmenn, 10 kosnir hlutfallskosningum um land alt og 4, er sameinað Alþingi kýs óbundnum kosningum úr flokki annara þingmanna fyrir allan kjörtíma neðri deildar í fyrsta sinn, sem það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði nokkurt sæti laust í efri deild meðal þessara þingmanna, er nú voru næst nefndir, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið auða sæti fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímanum.

Breyta má tölum þessum með lögum, sje tölu þingmanna breytt.

10. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

30 af þingmönnum skulu kosnir til 6 ára í sjerstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum, eftir því sem kosningarlög mæla fyrir, en 10 þingmenn skulu kosnir hlutfallskosningum um land alt til 12 ára, 5 þingmenn á 6 ára fresti og jafnmargir varaþingmenn um leið og á sama hátt. Þingrof ná eigi til þessara 10 þingmanna. Nú deyr einhver þeirra þingmanna, sem kosnir eru í kjördæmum, á kjörtímabilinu, eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti með-

al þeirra, sem kosnir eru með hlutfallskosningum um land alt, tekur það sæti varaþingmaður sá, er í hlut á.

Nánari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögunum.

11. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar), falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrjett til óhlutbundinna kosninga til Alþingis hafa karlar og konur, sem eru fædd hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár, og eru 25 ára, er kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sje fjárs síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Nú hafa hjón óskilin fjárhag og missir konan eigi kosningarrjett fyrir það.

Með sömu skilyrðum hafa og karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, hlutfallskosningarrjett til efri deildar.

12. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur til Alþingis er hver sá, sem kosningarrjett á, ef hann er er ekki þegn annars ríkis eða að öðru leyti í þjónustu þess.

Kjósa má samt þann mann, sem ekki á heima í kjördæminu eða hefir verið þar skemur en eitt ár, en heimilisfastur skal hann hafa verið á Íslandi að minsta kosti síðasta árið áður en kosning fer fram.

13. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annað hvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrir það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

14. gr.

Á undan 20. gr. stjórnarskárinnar komi ný grein svo látandi:

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

15. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

16. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn

þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

17. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hefir mist kjörgengi.

18. gr.

10. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (34. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi svo látandi ný grein:

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og rjett eiga þeir á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrjett hafa ráðherrar því að eins að þeir sjeu jafnframt þingmenn.

19. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Breyta má þessu með lögum.

20. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist. Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

21. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

22. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sjerrjettindi, er bundin sje við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

23. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort heldur eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og Auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi (sbr. þó 10. gr.) þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

24. gr.

Með sjerstöku lagahoði má kveða á um, að þeim lagafrumvörpum, er Alþingi hefir samþykt, megi skjóta til leynilegrar atkvæðagreiðslu Alþingiskjósenda annaðhvort til samþykkis eða synjunar.

Heimild þessi er þó þeim skilyrðum bundin, að fullur þriðjungur hvorrar þingdeildar og þrjú þúsund kjósendur krefjist atkvæðagreiðslunnar, enda sje sú krafa komin í hendur stjórnarinnar fjörutíu dögum eftir að lögin voru afgreidd frá Alþingi. Konungsstaðfestingar skal þá fyrst leitað, er kjósendur hafa samþykt Alþingisfrumvarpið með atkvæðagreiðslu, eða hinn lögákveðni frestur er liðinn án þess að atkvæðagreiðslu hafi verið krafist.

Undanþegin þessari atkvæðagreiðslu eru fjárlög og fjáraukalög, svo og þau lög, er öðlast skulu gildi áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því, er þau voru afgreidd frá þinginu.

25. gr.

Hvar sem »ráðherra« er nefndur í eintölu í stjórnarskránni eða stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, skal svo skilja, þar sem það á við, sem orðið væri í fleirtölu.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falli niður, þegar er stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn tíu þingmenn til efri deildar og tíu varaþingmenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulega Alþingi eptir kosningarnar skal ákveða með hlutkesti, hverir hlutfallskosnir þingmenn deildarinnar skuli fara frá eftir 6 ár.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar til efri deildar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

Nd. **25. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka.

Flutningsmaður: Jón Ólafsson, 2. þm. Sunnmýlinga.

Í 9. gr. laga 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka falli niður orðið »Seyðisfirði«, en í staðinn komi: »í Suður-Múlasýslu«.

Nd. **26. Frumvarp**

til laga um ráðherrastefnur.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Hver ráðherra getur krafist þess, að efnt sje til ráðherrastefnu, þá er honum þykir ástæða til. Ráðherrastefnur er öllum ráðherrunum rjett og skylt að sitja. Sá ráðherra, sem konungur hefir kvatt til forsætis, ákveður dag og stund ráðherrastefnu og stýri henni.

2. gr.

Öll lög frá Alþingi skulu rædd á ráðherrastefnu, áður en þau eru lögð fyrir konung til staðfestingar. Hið sama er og um öll lagafrumvörp, áður en þau sje lögð fyrir Alþingi. Ekkert lagafrumvarp má leggja fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp, ef meiri hluti ráðherra mótmælir því.

3. gr.

Allar stjórnarráðstafanir, sem eigi verða taldar með sjálfsögðum daglegum störfum stjórnarráðsins, skulu ræddar á ráðherrastefnu, áður en þær koma til framkvæmdar. Enga slíka ráðstöfun má framkvæma, ef meiri hluti ráðherra mótmælir henni.

Hver ráðherra getur á ráðherrastefnu vakið máls á stjórnarráðstöfunum, sem framkvæmdar hafa verið, án þess að hafa verið ræddar áður á ráðherrastefnu.

4. gr.

Á ráðherrastefnu skal ákveða, hver ráðherra skuli bera mál undir konung í forföllum forsætisráðherra, eða þegar sjerstaklega stendur á. Sömuleiðis skal þar ákveða, hver ráðherra stýri ráðherrastefnum, þegar svo ber undir.

5. gr.

Halda skal bók um það, sem gerist á ráðherrastefnum. Skrifstofustjórinn á 1. skrifstofu stjórnarráðsins er ritari ráðherrastefnu.

Hver ráðherra getur krafist þess, að tillögur hans og athugasemdir sjeu bókaðar, og jafnan skal bóka ályktanir allar.

Að hverri ráðherrastefnu lokinni skal gerðabókin undirskrifuð af ráðherrunum og ritara.

Ed. **27. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Gjögri í Strandasýslu.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

1. gr.

Gjögur við Reykjarfjörð í Strandasýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61 frá 10. nóvbr. 1905 og birt þau í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **28. Frumvarp**

til laga um breytingar og viðauka við lög um kosningar til Alþingis 3. okt 1903.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Á eftir orðunum í 1. gr. kosningalaganna: »Kosningarrjett til Alþingis hafa allir þeir,« komi: karlar og konur,.

2. gr.

Aftan við 3. gr. kosningalaganna bætist: Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan eigi kosningarrjett fyrir það.

3. gr.

Yfirskrift yfir II. kafla kosningalaganna hljóði: *Kjördæmi og kjörstjórnir*

Þar komi fyrst ný grein, 7. gr., svohljóðandi:

Kosningar til Alþingis eru tvennskonar, óhlutbundnar kosningar og hlutfallskosningar.

Með hlutfallskosningum um land allt skal kjósa 10 Alþingismenn, en með óhlutbundnum kosningum skal kjósa 30 Alþingismenn.

Um hlutfallskosningar fer eftir sjerstökum lögum, en óhlutbundnar kosningar fara fram í 22 kjördæmum þannig:

1. kjördæmi tekur yfir Reykjavík og kýs 2 Alþingismenn.
2. kjördæmi tekur yfir Borgarfjarðarsýslu og kýs 1 Alþingismann.
3. kjördæmi tekur yfir Mýrasýslu og kýs 1 Alþingismann.
4. kjördæmi tekur yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, að undanteknum Skógarstrandarhreppi, og kýs 1 Alþingismann.
5. kjördæmi tekur yfir Dalasýslu og Skógarstrandarhrepp og kýs 1 Alþingismann.

6. kjördæmi tekur yfir Barðastrandarsýslu og kýs 1 Alþingismenn.
7. kjördæmi tekur yfir Vestur-Ísafjarðarsýslu og kýs 1 Alþingismann.
8. kjördæmi tekur yfir Norður-Ísafjarðarsýslu og kýs 1 Alþingismann.
9. kjördæmi tekur yfir Ísafjarðarkaupstað og kýs 1 Alþingismann.
10. kjördæmi tekur yfir Strandasýslu og Staðarhrepp og Torfustaðahrepp í Húnavatnssýslu og kýs 1 Alþingismann.
11. kjördæmi tekur yfir Húnavatnssýslu, að fráskildum Torfustaða- og Staðarhreppum, og kýs 1 Alþingismann.
12. kjördæmi tekur yfir Skagafjarðarsýslu og kýs 2 Alþingismenn.
13. kjördæmi tekur yfir Eyjafjarðarsýslu og kýs 2 Alþingismenn.
14. kjördæmi tekur yfir Akureyrarkaupstað og kýs 1 Alþingismann.
15. kjördæmi tekur yfir Suður-Þingeyjarsýslu, að fráskildum Húsavíkur- og Tjörneshreppum, og kýs 1 Alþingismann.
16. kjördæmi tekur yfir Norður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkur- og Tjörneshreppa og kýs 1 Alþingismann.
17. kjördæmi tekur yfir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað og kýs 2 Alþingismenn.
18. kjördæmi tekur yfir Suður-Múlasýslu og kýs 2 Alþingismenn.
19. kjördæmi tekur yfir Skaftafellssýslur og kýs 1 Alþingismann.
20. kjördæmi tekur yfir Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu og kýs 2 Alþingismenn.
21. kjördæmi tekur yfir Árnessýslu og kýs 2 Alþingismenn.
22. kjördæmi tekur yfir Kjósar- og Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað og kýs 2 Alþingismenn.

4. gr.

Í stað 7. gr. kosningalaganna komi 8. gr. svohljóðandi:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og 2 menn, er sýslunefnd kýs eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sjer. Í 22. kjördæmi kýs sýslunefndin í Gullbringusýslu og bæjarstjórnin í Hafnarfirði sinn manninn hvor í yfirkjörstjórn.

Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú forfallast annarhvor hinna kosnu manna í yfirkjörstjórninni, og kemur þá varamaður eftir úrskurði oddvita í hans stað. Verði yfirkjörstjórn af einhverjum ástæðum ekki fullskipuð, þá kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar.

5. gr.

Hin 57. gr. kosningarlaganna hljóði svo:

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og kjörstjórar í undirkjörstjórn fá 4 kr. til ferðakostnaðar og fæðispeninga hvern dag, sem þeir eru að heiman að kjörstjórastarfi, og auk þess endurgoldinn kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis og þesshátta.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði. Þar sem sýsla og hreppur eða hreppar úr annari sýslu eru í einu kjördæmi, þá tekur kjördæmisaukinn þátt í þessum kostnaði að rjettri tiltölu við kjósendafjölda, en þar sem skert sýsla er kjördæmi, þá má sýslu-

sjóður eigi taka gjöld til yfirkjörstjórnar af hinum frá skilda hluta sýslunnar. Kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

6. gr.

18. gr. í lögum um kosningar til Alþingis 14. sept. 1877 er úr gildi.

Nd. **29. Tillaga**

til þingsályktunar um aukið eftirlit úr landi með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi.

Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson, Ólafur Briem og Stefán Stefánsson, Eyf.

Neðri deild Alþingis skorar á stjórnina, að auka eftirlit úr landi með síldveiðum útlendra skipa fyrir Norðurlandi og koma á það föstu skipulagi, er mögulegt er.

Nd. **30. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá ráðherra.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að athuga strandferðafyrirkomulagið og samninginn við »Thore«-fjelagið um þær.

Nd. **31. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á tíma þeim, er hið reglulega Alþingi kemur saman.

Flutningsmaður: Valtýr Guðmundsson.

Í stað orðanna: »fyrsta virkan dag í júlímánuði« komi: 17. júní eða fyrsta virkan dag eftir þann dag.

Nd. **32. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á tíma þeim, er hið reglulega Alþingi kemur saman.

Frá Sigurði Sigurðssyni, Ólafi Briem, Tryggva Bjarnasyni og Einari Jónssyni.

Í stað orðanna: »Fyrsta virkan dag í júlímánuði« komi: Fyrsta virkan dag í nóvembermánuði.

Nd. **33. Frumvarp**

til laga um samþyktir um mótak.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um mótak, til að koma í veg fyrir landsspjöll af mótakinu, ódrjúga meðferð mólands og hættur af mógröfum.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, semur hún frumvarp til samþyktar. Þá skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem heima eiga á því svæði og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyrr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur

laga eða rjett manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir frá 5—50 kr., og skal í samþyktinni ákveðə í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **34. Frumvarp**

til laga um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt um eina eða fleiri veiðiár innan sýslu, semur hún frumvarp til samþyktar. Skal því næst kveðja til fundar alla búendur, er veiði stunda í þeirri á, sem samþyktinni er ætlað að ná til, eða land eiga að henni, og eiga þeir atkvæðisrjett á þeim fundi. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um þirting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiðiám. Þó má eigi með slíkri samþykt raska þinglesinni friðun eggvera og sellátra, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnaðinn við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 100 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **35. Frumvarp**

til laga um merking á kjöti.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson. 1. þm. Eyf., Pétur Jónsson, Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Merki það, er lögskipaðir dýralæknar, eða aðrir dýralæknar, nota til þess að merkja kjöt, sem þeir hafa gert heilbrigðisskoðun á, og hæft er til útflutnings, skal vera blár jafnarma þríhyrningur með tölunni 1 innan í.

Rjett til að nota þetta merki hafa og þeir lögskipaðir læknar, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá dýralækninum í Reykjavík eða á Akureyri.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp.

Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir skoðun og stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 aura fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Eigi má merkja kjöt til útflutnings nefndu merki, nema kjötið sje að öllu leyti hreinlátlega meðfarið að áliti læknisins. Að öðru leyti semur stjórnarráðið nánari reglur um kjötskoðun, eftir tillögum dýralækna til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim, sem taldir eru í 1. gr., er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með merki því, sem til er tekið í nefndri grein.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, alt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar er brotið.

Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **36. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34. 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson.

Staðarhreppur í Húnavatnssýslu, Bæjarhreppur í Strandasýslu ásamt Óspakseyrarhreppi í sömu sýslu að Snartatungu, skal vera sjerstakt læknishjerað. Læknissetur á Borðeyri.

Breyting þessi gengur í gildi, þegar Borðeyrarhjerað verður veitt umsækjanda.

Nd. **37. Tillaga**

til þingsályktunar um eyðing refa.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að safna skýrslum um tjón það, er fjáreigendur á öllu landinu bíða af dýrbiti, og að þeim skýrslum fengnum rannsaka, hvað alger útrýming eða eyðing refa muni kosta, og leggja svo fyrir alþingi á sínum tíma frumvarp til laga þar að lútandi.

Ed. **38. Tillaga**

til þingsályktunar um aukið eftirlit úr landi með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi.

Flutningsmenn: Steingrímur Jónsson og Stefán Stefánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina, að auka eftirlit úr landi með síldveiðum útlendra skipa fyrir Norðurlandi og koma á það föstu skipulagi, ef mögulegt er.

Nd. **39. Frumvarp**

til laga um sölu á nokkrum hluta af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og af öðru landi Garðakirkju.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land Garðakirkju, sunnan og austan þessara marka:

1. Bein lína úr »Balaklöpp«, við vesturenda Skerseyrarmalar í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins,
2. Þaðan bein lína í Hádegishól, — hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
3. Úr Hádegishól, bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark, miðað frá Vífilsstöðum; — þá tekur við
4. Urriðakotsland; þá
5. Setbergsland, alt til Lækjarbotna; og loks
6. Selvogsmanna- eða Grindaskarðavegur, en sunnan og vestan hans er Kaldá, Kaldársel, Valahnúkar, Helgafell og Undirhlíðar.

Um mörk landspildu þessarar að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár síra Þórarins prófasts Böðvarssonar um »Merki á landi Garðakirkju á Álftanesi samkvæmt máldögum og fornum skjölum« dagsettrar 7. júní 1890, og þinglesinnar 9. sama mánaðar. Undanskilið sölunni er: Hamarskotstún innan girðinga og Undirhamarstúnsblettur.

2. gr.

Verðið skal vera 52,000 krónur, er greiðist þannig:
2000 krónur, er salan fer fram, en upp frá því greiðist 1000 krónur á ári ásamt 4% af eftirstöðvum kaupverðsins, uns það er að fullu greitt.

Nd. **40. Frumvarp**

til laga um alment verslunargjald af aðfluttum vörum.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Af hverjum 50 kilogr. eða minni þunga af vörum með umbúðum, sem fluttar eru til landsins, og ekki eru sendar í pósti, skal greiða 50 aura verzlunargjald í landssjóð. Þegar vara samkvæmt farmskrá eða farmskírteini (connossement) er talin eftir rúmmáli, skal greiða 30 aura gjald fyrir hvert teningsfet. Af kornvörum og kartöflum skal þó að eins greiða 25 aura af hverjum 50 kílogr., af steinolíu, rúðugleri, sementi og kalki 10 aura af hverjum 50 kilogr., af hverju tonni af kolum 1,00 og af hverju tonni af salti 50 aura.

Af tígulsteinum, tómum tunnum og tunnustöfum, prentuðum blöðum og bókum, áburðarefnum og vörum, sem sjerstaklega er lagður tollur á, skal þó ekkert farmgjald greiða.

2. gr.

Greiða skal auk venjulegs póstburðargjalds gjald í landssjóð af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins frá útlöndum sem hjer segir:

a. af bögglum sem vega allt að $2^1/_2$ kg. 10 aura.

b. af bögglum sem vega yfir $2^1/_2$ kg. að 5 kg. 20 aura.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau á böggulinn sjálfan, og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póstbögglum, sem eru endursendir til útlanda, skal ekkert gjald greiða, nje af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Verslunargjaldið skal greiða í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stíluðri upp á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Verslunargjald skal ákveða eftir farmskrá skipsins, eða farmskírteini.

4. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum

til neyslu á því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 1000 kr.

5. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Verslunargjaldið fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

6. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

7. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðar senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

8. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt, eða veitt móttöku, eða gefið ranga skýrslu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 5. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 kr. og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

9. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 5. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir verslunargjaldi og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

10. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrir fram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í landssjóð, að kostnaði frádregnum.

11. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Sektir allar eftir 4. og 5. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 6., 7. og 8. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

13. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr. svo og af sektum, fær lögreglustjóri 3 af hundraði í iunheimtulaun.

14. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. í lögum nr. 16, 9. júlí 1909 um hagfræðisskýrslur úr gildi numin.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Ed. **41. Tillaga**

til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um að nema úr gildi lög nr. 44 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson, Stefán Stefánsson, Þórarinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnarráðið, að láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu allra Alþingiskjósenda á landinu um það, hvort nema skuli úr gildi lög nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi. Atkvæðagreiðsla þessi fari fram í sveitum á næstu hausthreppskilaþingum, en í kaupstöðum 1. vetrardag næstkomandi.

Nd. **42. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður Halldór Steinsson.

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hreppur Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishjerað og heita Hnappdælahjerað. Í hjeraði þessu eru: Kolbeinsstaðahreppur, Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur og Staðarsveit. Læknissetur í austanverðum Miklaholtshreppi eða vestanverðum Eyjarhreppi.

2. gr.

Þá er Hnappadælahjerað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshjeraði, að það taki ekki lengra vestur en að Hítará, á Stykkishólmshjeraði, að til þess liggi ekki Miklaholtshreppur og á Ólafsvíkurhjeraði, að til þess liggi ekki Staðarsveit.

Ed. **43. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar.

Vjer, sem kosnir vorum í nefnd, til að athuga frumvarp þetta, ráðum háttvirtri deild eindregið til, að samþykkja það óbreytt.

Efri deild alþingis 22. júlí 1912.

Sigurður Stefánsson, formaður. Björn Þorláksson, skrifari og framsögumaður.
Steingrímur Jónsson. Guðjón Guðlaugsson. Þórarinn Jónsson.

Ed. **44. Nefndarálit**

um frumvarp til yfirsetukvennalaga.

Vjer sem háttvirt efri deild kaus í nefnd til að athuga frumvarp þetta, höfum haldið nokkra fundi með oss til að rannsaka málið.

Mál þetta er óvanalega vel undirbúið til þingsins. Landlæknir hefir samið mjög greinilega og glögga skýrslu um þetta efni, og leyfum vjer oss að vísa til hennar hverjum þeim, er forvitnast vill um orsökina til þeirra breytinga, er frumvarp þetta, ef að lögum yrði, mundi gera á launakjörum yfirsetukvenna hjer á landi yfir höfuð. Þessi skýrsla sýnir skýrt, að hinar almennu umkvartanir og óskir yfirsetukvenna landsins fyrir 2 árum, er komu þessu máli af stað, eru á miklum rökum bygðar, og að full ástæða er til fyrir Alþingi að taka þær að nokkru leyti til greina.

Landlæknir hefir og litið svo á þetta mál, og gert um það ákveðnar tillögur til stjórnarinnar með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, og stjórnin hefir fallist á frumvarpið og lagt það óbreytt fyrir þingið.

Nefndin hefir nú athugað frumvarpið með hinum ítarlegu skýringum og komist að þeirri niðurstöðu, að ráða þingdeildinni til að samþykkja það með þeim breytingum, er hjer verða taldar.

Frumvarpið kemur í 5. grein með algerlega ný ákvæði um rjett yfirsetukvenna til eftirlauna. Nefndin hyggur, að með slíkum ákvæðum, ef að lögum yrðu, mundi verða stigið inn á hála braut eða að ýmsir aðrir opinberir starfsmenn þjóðarinnar mundu fara af stað og krefjast eftirlauna.

Fyrir því vill nefndin ráða til þess, að slík eftirlaunaákvæði verði feld burt, að því fráteknu þó, að sú yfirsetukona, er slasast þannig, þegar hún er að gegna stöðu sinni, að hún verður að fá lausn og er ófær til að vinna fyrir sjer á annan hátt, skuli hafa rjett til eftirlauna. En rjettast þykir að láta bæjarstjórnir og sýslunefndir hafa óbundnar hendur um að kveða á um upphæð eftirlaunanna, eins og líka er ætlast til, að þær haldi áfram rjetti sínum til að veita eftirlaun þeirri yfirsetukonu, sem fengið hefir lausn frá starfa sínum fyrir sakir elli eða sjúkleika, ef þeim sýnist svo.

Þá eru 3 aðrar breytingar, sem nefndin ræður til að gerðar sjeu við frumvarpið. Þær eru allar við 7. grein og eru þessar:

1. að engin sjerstök daglaun skuli greiða fyrir þann dag, er yfirsetukonan tekur á móti barninu, enda lítur nefndin svo á, að 5 kr. sje sæmileg lögákveðin þóknun fyrir starfið alt þann dag.

2. að yfirsetukona geti ekki átt heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, fyrir yfirsetustarfið, nema sængurkonan þiggi af sveit, eða verði sveitarstyrks þurfandi út af barnsfæðingunni.

Í 3. lagi þykir nefndinni ekki ástæða til að kveða svo á, að þóknun til yfirsetukvenna úr sveitarsjóði skuli ekki teljast með fátækrastyrk.

Búast má við, að sumum kunni að þykja, að bæjarsjóðum og sveitarsjóðum verði ofþyngt með þeirri launahækkun yfirsetukvenna, er hjer er um að ræða. Fyrir því þykir hlýða að taka það fram, að samkvæmt greinilega sundurliðaðri skýrslu landlæknis mundi þessi hækkun á ári nema alls 6000 kr. Af þessari upphæð koma 1500 kr. á kaupstaðina fjóra, en 4500 kr. á sýslufjelögin tuttugu og fimm. Af kaupstöðunum kemur hækkunin mest á Reykjavík eða um 900 kr. Á sýslufjelag hvert yrði hækkunin að meðaltali 180 kr. á ári. Og þar sem á öllu landinu eru um 200 hreppar, mundi sýslusjóðsgjald hvers hrepps hækka árlega að meðaltali um kr. 22,50. Hjer getur því ekki verið að ræða um tilfinnanlega útgjaldahækkun fyrir neinn. Og má þá því frekar vænta þess, að þessi tilætlaða breyting og bót á launakjörum yfirsetukvenna nái samþykki þæði þings og þjóðar.

BREYTINGARTILLÖGUR

nefndarinnar verða þá þessar:

Við 5. gr. 2. og 3. liður falli burt.

— - — Fyrir 4. lið komi:

Sú yfirsetukona sem slasast þannig, þegar hún er að gegna stöðu sinni, að hún verður að fá lausn, og er ófær til að vinna fyrir sjer á annan hátt, hefir rjett til eftirlauna, og ákveður bæjarstjórn eða sýslunefnd upphæð þeirra.

— 7. — Inn í fyrri lið á eftir orðunum: »hjá sængurkonunni« bætist: nema þann dag, er hún tekur á móti barninu.

— - — Í síðari lið fyrir orðin; »er svo fátæk . . . . . borgað« komi: verður sveitarstyrks þurfandi út af barnsfæðingunni.

— - — Aftan af sama lið falli: »og skal ekki telja þau sveitargjöld með fátækrastyrk.

Efri deild Alþingis, 22. júlí 1912.

Sigurður Stefánsson, form. Björn Þorláksson, skrifari og framsögumaður. Steingrímur Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson. Þórarinn Jónsson.

Ed. **45. Tillaga**

til þingsályktunar um lán úr viðlagasjóði til að bæta jarðskjálftaskemdir í Rangárvallasýslu.

Flutningsmenn: Jens Pálsson, Guðjón Guðlaugsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita Rangárvallasýslu 25000 kr. króna lán úr viðlagasjóði til þess að bæta skemdir þær á bæjum og utanbæjarhúsum, sem urðu af jarðskjálftanum í sýslunni síðastliðið vor.

Lánið veitist gegn ábyrgð sýslunefndar Rangárvallasýslu vaxtalaust, með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Nd. **46. Tillaga**

til þingsályktunar um lán úr viðlagasjóði til að bæta jarðskjálftaskemdir í Rangárvallasýslu.

Flutningsmenn: Einar Jónsson, Eggert Pálsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita Rangárvallasýslu 25000 króna lán úr viðlagasjóði til þess að bæta skemdir þær á bæjum og utanbæjarhúsum, sem urðu af jarðskjálftanum í sýslunni síðastliðið vor.

Lánið veitist gegn ábyrgð sýslunefndar Rangárvallasýslu, vaxtalaust, með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Nd. **47. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar á Flateyri við Önundarfjörð.

Flutningsmaður: Matthías Ólafsson.

Verslunarlóð Flateyrarkauptúns í Önundarfirði skal taka yfir allan Flateyrarodda, út að Klofningshrygg og inn að Merkislæk, milli fjalls og fjöru.

Nd. **48. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjerað o. fl.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Dalalæknishjeraði skal skift í tvö læknishjeruð svo sem hjer segir:

Suðurdalahjerað: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur og Hvammssveit. Læknissetur í Búðardal.

Vesturdalahjerað: Fellsstrandarhreppur, Skarðstrandarhreppur og Saurbæjarhreppur. Læknissetur milli Skarðsár og Fagradals.

Til Vesturdalahjeraðs leggist Rauðseyjar og Rúfeyjar frá Flateyjarhjeraði.

Ed. **49. Frumvarp**

til laga um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti.

Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

1. gr.

Prófessorarnir í lagadeild háskóla Íslands eru sjálfkjörnir varadómarar í landsyfirrjettinum, hvort heldur sæti losnar í rjettinum, dómari forfallast um stund eða víkur sæti.

2. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum eða dómari forfallast eða víkur sæti og tekur þá justitiarius eða sá, er gegnir í hans stað, einn af prófessorunum með hlutkesti í rjettinn. Nú skipar enginn dómaranna sæti sitt, og ganga þá allir 3 prófessorarnir í rjettinn.

3. gr.

Hinn hluttekni varadómari tekur hið auða sæti. Sjeu fleiri sæti auð en eitt og fleiri varadómarar hlutteknir í einu, taka þeir sæti í rjettinum eftir aldri, þannig að eldri maður skipar æðra sæti.

4. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum og tekur þá varadómari helming launa, er sæti því fylgja, þangað til skipaður er í það nýr dómari.

Forfallist dómari eða víki sæti, fær varadómari 10 kr. fyrir hvert rjettarhald, og 30 kr. að auki, taki hann þátt í dómsgjörð. Gegni varadómari án nauðsynja yfirdómara, greiðir yfirdómari honum staðgengilslaunin. Að öðrum kosti greiðast launin úr landssjóði.

5. gr.

Nú verður varadómari ekki tekinn úr lagadeild háskólans, og setur þá landsstjórnin dómara í hið auða sæti.

6. gr.

6. gr. tilsk. 11. júlí 1800 um landsyfirrjettinn á Íslandi er úr gildi numin.

Nd. **50. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Valtýr Guðmundsson, Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju.

2. gr.

Kennarafjelagið kýs í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, kemur ekkja hans eða eftirlátin börn í hans stað.

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um tollgeymslu.

Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson og Lárus H. Bjarnason.

Kaupmönnum og veitingamönnum, er hafa áfenga drykki í tollgeymslu, veitist leyfi til að hafa í tollgeymslu til 31. des. 1913 það af nefndum vörutegundum, er eigi er tekið úr tollgeymslu fyrir 1. jan. 1913. Aðflutningsgjaldið af vörunni greiði hlutaðeigendur um leið og hún er tekin úr tollgeymslu.

Ed. **52. Nefndaráiit**

við frumvarp til laga um stofnun yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

Vjer, sem háttvirt efri deild Alþingis kaus í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, komum hjer fram með álit vort um málið:

Frumvarpið gerir engar verulegar breytingar á námi yfirsetukvenna frá því sem nú er. Að eins er til þess ætlast, að þær fái meiri verklega æfingu en verið hefir. Og til þess að það geti orðið, á að ráða yfirsetukonurnar 3 í Reykjavík til þess að skifta námskonunum milli sín, og hafa þær með sjer við fæðingar. Landlæknir heldur áfram að hafa aðalkensluna á hendi, eins og verið hefir um allmörg ár, og eru honum ætlaðar 1000 kr. á ári fyrir það. Er það að vísu um 300 kr. hærra en nemur þóknun þeirri, sem hann hefir haft að meðaltali 5 síðustu árin, en það er 50 kr. fyrir kenslu hverrar námskonu. Þessa hækkun rjettlætir landlæknir með ýmsu, og má vísa til ummæla hans um þetta efni í *Tillögum* hans á bls. 14—15.

Nefndin finnur ekki ástæðu til að gera breytingartillögu til lækkunar á þessum launum landlæknis.

Þar á móti leggur nefndin til, að þóknun sú, er frumvarpið ætlar hinum 3 yfirsetukonum í Reykjavík fyrir verklega tilsögn, verði færð niður í 100 kr. úr 200 kr. Telur nefndin 100 kr. vera sæmilega þóknun handa hverri yfirsetukonunni, þegar á það er litið, að yfirsetukonur þær, er hjer um ræðir, munu hafa hver í laun á ári 1000—1400 krónur, ef frumvarpið til yfirsetukvennalaga nær fram að ganga, auk þessarar þóknunar.

Undanfarið hafa námskonurnar fengið greiddan ferðakostnað til Reykjavíkur og heim aftur og 30 krónur á mánuði í Reykjavík. Á þessu gerir frumvarpið þá breytingu, að ferðakostnaður skuli enginn greiðast, og felst nefndin eftir atvikum á það. Nú er orðið svo miklu greiðara um ferðir en áður var. Hins vegar er víst, að 30 kr. styrkur um mánuð er of lítill, meðan námskonur dvelja í Reykjavík, og að ekki verður komist af með minna en alt að 40 kr. Þó vill nefndin ekki fastákveða námsstyrkinn, heldur leggja það í hendur stjórnarráðsins að tiltaka hann í hverju einstöku tilfelli eftir tillögum landlæknis, þó svo að hann fari aldrei yfir 40 kr.

Nefndin ræður þá háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið og þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 3. gr. Fyrir »200« komi: 100.

4. grein verði þannig:

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 40 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

Efri deild alþingis, 23. júlí 1912.

Sigurður Stefánsson, formaður. Björn Þorláksson, skrifari og framsögumaður. Steingrímur Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson. Þórarinn Jónsson.

Nd. **53. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vátrygging fyrir sjómenn frá 30. júlí 1909.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson, Halldór Steinsson, Skúli Thoroddsen.

1. gr.

Skylt er að vátryggja líf hjerlendra sjómanna, er stunda fiskiveiðar viku eða lengur á vjelabátum eða róðrarbátum tvírónum eða stærri.

2. gr.

Þegar formaður á vjelabát eða róðrarbát hefir ráðið háseta sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta, þar sem báturinn gengur, skýrslu um nöfn þeirra, heimili og aldur, ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr.; en hreppstjóri sendir skýrsluna og gjaldið til sýslumanns, sem skráningarstjóra. Skráningarstjóri skal senda skýrslu þessa vátryggingarstjórn þeirri, er ræðir um í 4. gr. laga, 30. júlí 1909, um vátrygging fyrir sjómenn.

3. gr.

Hver sá sjómaður á vjelabát eða róðrarbát, sem vátrygður er, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er ræðir um í lögum frá 30. júlí 1909, um vátrygging fyrir sjómenn, gjald, er nemi 12 aurum fyrir hverja viku, sem hann er ráðinn í skiprúm, og reiknast gjaldið frá þeim degi, er hann kom í skiprúm. Formaður bátsins greiðir gjaldið fyrir skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum hásetanna. Gjald þetta má taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð áður 2 mánuðir eru liðnir frá vertíðarlokum, að frádregnum 4% innheimtulaunum, og gengur helmingur af gjaldinu til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

4. gr.

Nú druknar sjómaður á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir samkvæmt 3. gr., eða deyr af slysförum, sem orsakast af atvinnurekstrinum á útveginum, og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina, 100 kr. á ári í 4 ár. Sjeu engir slíkir vandamenn á lífi, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðruvísi sje ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 1., 2., 3. og 5. gr. í lögum um vátrygging fyrir sjómenn frá 30. júlí 1909, um vátrygging þeirra sjómanna, er stunda fiskiveiðar á vjelabátum og róðrarbátum.

Nd.

54. Frumvarp

til laga um kosningar til sýslunefnda.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson 1. þm. Eyf. Ólafur Briem.

1. gr.

Kosningar til sýslunefnda skulu vera leynilegar, og fara fram á þann hátt, er segir í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Hver hreppur er kjördæmi út af fyrir sig, og kýs einn mann í sýslunefnd, nema Vestmannaeyjahreppur, er kýs þrjá. Í kjörstjórn er sýslumaður, sem er formaður, og tveir menn aðrir, er sýsunefnd kýs. Kosningarrjett til sýslunefnda hafa allir hreppsbúar, karlar og konur, í hverri stöðu sem þeir eru, ef þeir eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í hreppnum, síðastliðið ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa ekki í skuld fyrir sveitarstyrk og greiða gjald til sveitarsjóðs. Kona, gift kjósanda, hefir kosningarrjett þó hún sje ekki fjár síns ráðandi, sökum hjónabandsins, og þótt hún greiði ekki sjerstaklega gjald í sveitarsjóð, fullnægi hún að öðru leyti áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrjetti. Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrjett hafir, sje hann ekki vistráðið hjú. Við kosninguna skal farið eftir hreppsnefndar-kjörskrá.

3. gr.

Kosning fer fram á manntalsþingi eftir tilnefningu. Þeir, er tilnefna mann sem fulltrúa, skulu hafa afhent oddvita kjörstjórnar tilnefning sína 14 sólarhringum á undan kosningu, og skulu þeir, er undirskrifa tilnefningu, eigi færri en 3 og eigi fleiri en 9, enda sjeu það kjósendur einir, og greina þeir við nöfn sín stöðu og heimili.

Sá, er afhendir tilnefningu með eftirriti, á heimting á að fá á það ritað vottorð oddvita um að hann hafi fengið tilnefninguna og hvenær. Sje aðeins 1 tilnefning, er sá rjett kosinn, sem nefndur er.

4. gr.

Oddviti kjörstjórnar annast um, að tilbúnir sjeu nægilega margir kjörseðlar, miðað við tölu kjósenda í sveitarfjelaginu, með áletruðum nöfnum hinna tilnefndu manna, og sjeu þeir allir með sömu gerð.

5. gr.

Hreppsnefndin sjer um, að atkvæðakassi og kjörherbergi sje til, og skal kjörherbergi þannig lagað:

Það skal vera áfast húsi því, er kosningin fer fram í, þannig að eigi verði í það gengið nema úr því húsi. Tjald sje fest fyrir gluggum, er vera kynnu á herberginu, svo að ekki verði inn þangað sjeð að utan. Herbergið skal vera svo bjart, að hægt sje að lesa skrifað mál þar inni. Í því skal vera

borð og svartur blýantur, er hreppsnefnd leggur til. Atkvæðakassi sje lokaður og þannig lagaður, að engum kjörseðli verði úr honum náð, nema hann sje opnaður.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðslan hefst, skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann, og sýna kjósendum, að kassinn sje tómur. Að því búnu læsir kjörstjórnin kassanum, og er síðan gengið til kosninga.

7. gr.

Þeir, sem neyta vilja atkvæðisrjettar síns, verða að mæta sjálfir. Kjósendur ganga fram og kjósa í þeirri röð, sem þeim líst, og eftir því, sem þeir komast að. Kjörstjórn getur kvatt menn sjer til aðstoðar til þess að halda uppi reglu meðan á kosningu stendur. Þá er kjörstjórn hefir kannast við kjósanda, afhendir hún honum kjörseðil og vísar honum til atkvæðaklefans, og má þar enginn annar inni vera; kjósandi merkir þar kross framan við nafn þess, er hann kýs, brýtur síðan seðilinn saman þannig, að letrið snúi inn, fer með seðilinn að atkvæða kassanum í fundarherberginu og stingur honum þar niður um lokrifuna á kassanum. Jafnframt setur 1 maður úr kjörstjórninni kosningarmerki við nafn kjósanda á kjörskránni. — Ónýtist seðill fyrir kjósanda eða gallist, getur hann fengið nýjan seðil hjá kjörstjórninni, og skilar hann þá þeim er ónýttist eða skemdist.

Sje kjósandi ekki fær um að kjósa vegna orsaka, er kjörstjórnin metur gildar, skal sá úr kjörstjórn, er kjósandi tilnefnir, hjálpa honum til þess.

Gengur svo koll af kolli, þangað til enginn gefur sig fram; þá kjósa þeir, er í kjörstjórn sitja, á sama hátt og aðrir kjósendur, og er kosningunni þar með lokið. Kosningargjörðin má eigi standa skemur en 1 klukkustund, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt kosningarrjettar áður en sá tími er liðinn.

8. gr.

Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, telur kjörstjórn saman atkvæði. Oddviti kjörstjórnar les upp kjörseðlana, en 2 aðrir úr kjörstjórninni skrifa, hvor í sínu lagi, upp tölu þeirra atkvæða, er hvor eða hver hinna tilnefndu manna hefir hlotið. Reynist það, að atkvæði hafi verið greidd um fleiri en 1 hinna tilnefndu manna á sama seðli, eða reynist seðill á einhvern hátt sjerkendur, og sje ástæða til að ætla, að kjósandi hafi einkent hann af ásettu ráði, er seðillinn ógildur. Þegar kjörseðlar allir hafa verið lesnir upp, telur kjörstjórnin saman atkvæði og ber tölu þeirra saman við kjörskrána. Hafi tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesti.

9. gr.

Hvorki kjörstjórnarmaður nje nokkur annar, sem í kosningarstofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósanda, meðan á kosningargjörðinni stendur, til þess að kjósa einn öðrum fremur, nje heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um í kosningarstofunni, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

10. gr.

Í hreppi hverjum, skal kjósa varasýslunefndarmann, og gilda sömu reglur, við kosning hans, sem við kosning sýslunefndarmanns, þó svo, að tilnefningu hans þarf eigi að afhenda oddvita kjörstjórnar fyr en á kjördegi, að lokinni kosningu sýslunefndarmanns, hafi hún átt fram að fara.

Nú getur sýslunefndarmaður ekki mætt á sýslufundi, og skal hann þá tilkynna það varasýslunefndarmanni svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund. Varasýslunefndarmaður hefir sömu rjettindi og skyldur sem sýslunefndarmaður.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til sveitarstjóðs alt að 100 kr.

12. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 56., 57. og 59. gr. laga nr. 43 10. nóv. 1905.

Ed. **55. Frumvarp**

til laga um árgjald af verslun og viðskiftum við útlönd.

Flutningsmenn: Jens Pálsson, Sigurður Stefánsson, Stefán Stefánsson.

1. gr.

Hver sá, hvort heldur einstakir menn eða fjelög, hverju nafni sem nefnast, er kaupir og flytur til Íslands vörur frá útlöndum, hvort heldur til verslunar eða hvers konar annara nota, eða flytur til útlanda til sölu íslenskar afurðir, lifandi eða dauðar, skal greiða gjald til landssjóðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá árslokum skal hver sá, er gjaldskyldur er samkv. 1. gr. laga þessara, hafa skilað lögreglustjóra þeim, er í hlut á, skýrslu samdri eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið lætur gera, um:

1. hverjar útlendar vörur hann hafi flutt til landsins næstliðið ár, hverrar tegundar, og hve mikið af hverri tegund; og sje hann kaupmaður, hve mikið hann hafi selt af þeim og áður fyrirliggjandi útlendum vörum á árinu, og við hvaða verði; en sje hann ekki kaupmaður, þá hvert sje innkaupsverð vöru hans að viðbættum 10% af því,
2. hverjar innlendar afurðir hann hafi flutt úr landi á árinu, og við hverju verði keyptar, eða hafi útflytjandi sjálfur framleitt vöruna, það verð, er er varan hefir seld verið og keypt á framleiðslustað.

Á skýrsluna skal hann votta við drengskap sinn, að hún sje rjett.

Vanræki gjaldandi að skila skýrslu, getur lögreglustjóri þröngvað hon-

um til þess með dagsektum alt að 20 kr., er hann getur ákveðið í brjefi til gjaldanda.

3. gr.

Gjaldið skal greitt svo sem hjer segir:

1. af verði útlendrar vöru þannig:
   a, af verði salts, steinolíu og alls konar vjelaolíu, segldúks, netagarns, færa, kaðla og strengja til skipa, atkerisfesta, atkera, alls konar fiskibáta- og fiskiskipa-áhalda og vjela, kalks, sements, þakhellna og þakjárns, hvers konar saums, svo og girðingaefnis úr járni $^1/_2$%.
   b, af verði alls konar kornvöru og timburs 1%.
   c, af verði kola $1^1/_2$%.
   d, af verði allrar annarar vöru 2%.

   Undanþegið gjaldi þessu eru kaffibaunir og hvers konar sykur.
2. af verði innlendrar útfluttrar vöru:
   a, af verði lifandi penings og allra afurða af honum 2%.
   b, af verði sjávarafurða og allra annara ótaldra afurða $1^1/_2$%.

   Unninn innlendur ullarvarningur og hjerlendis niðursoðin matvæli skal vera undanþegið gjaldinu.

4. gr.

Nú þykir lögreglustjóra skýrsla tortryggileg, að rangt sje frá skýrt annaðhvort um vörumagn innfluttrar og útfluttrar vöru, og seldrar áður innfluttrar vöru, eða um verðlag á vöru. Vísar hann þá skýrslunni til yfirskattanefndar lögsagnarumdæmisins til ransóknar og úrskurðar. Skal þá yfirskattanefndin gera gjaldanda kost á, að koma fram með nánari skýringar og skírteini skýrslunni til sönnunar.

Þyki yfirskattanefnd skýringar gjaldanda eigi fullnægjandi, og komi það í ljós af bókum hans eða á annan hátt, að hann hafi vantalið vörumagn eða vöruverð, greiði hann tvöfalt gjald af vantaldri upphæð.

Geri hann yfirskattanefnd enga frekari grein fyrir skýrslu sinni, og þyki yfirskattanefnd ástæða til að hækka framtal hans, skal hann greiða þrefalt gjald af hækkuninni.

Hendi sama gjaldanda í annað sinn undandráttur sá eða óregla, sem að ofan greinir, og yfirskattanefnd gerir honum hærra gjald, en skýrsla hans telur, sæti hann að auki sektum 10—500 kr.

Hendi slíkt sama gjaldanda í þriðja sinn eða oftar, skal hann auk hins hækkaða gjalds í hvert sinn sæta sektum frá 100—5000 kr.

5. gr.

Hvern þann dag, er yfirskattanefnd starfar samkvæmt lögum þessum, fá nefndarmenn dagpeninga, 6 kr. hver á dag, er greiðast úr landsjóði.

6. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjaldið, og gera fyrir því reikningsskil á þann hátt, sem stjórnarráðið skipar fyrir. Af innheimtulaunum fá þeir 3% af gjaldinu.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og sektir renna í landsjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl., nr. 16, 4. nóv. 1881.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1913.

Nd. **56. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög 11. nóvbr. 1899 nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

Vjer undirritaðir, sem háttvirt neðri deild Alþingis skipaði í nefnd til að athuga frumvarp til laga um viðauka við lög 11. nóvbr. 1899 nr. 26, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, höfum athugað málið rækilega og orðið sammála um, að ráða til þeirra breytinga einna á frumvarpinu, að aftan við orðin í 2. gr. »svo sem í kaffisöluhúsum eða öðrum slíkum« sje skotið inn:

»eða í veitingatjöldum«,

og að sektarákvæðum í 4. gr. sje breytt þannig, að í stað 50—500 kr. komi: 10—500 kr.

Með þessum breytingum leggjum vjer eindregið til að deildin samþykki frumvarpið.

Alþingi, 23. júlí 1912.

Jón Magnússon, formaður og framsögum.	Matthías Ólafsson, skrifari.	Sigurður Sigurðsson.

Nd. **57. Frumvarp**

til laga um sölu á eggjum eftir þyngd.

Flutningsmaður: Jón Ólafsson.

1. gr.

Allir, sem egg selja, hvort heldur framleiðendur eða kaupmenn, skulu selja eggin eftir þyngd, þannig að verðið sje miðað við þyngdina, nema kaupandi sjálfkrafa æski sölu eftir tölu.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum 5 til 50 kr., er renna í landssjóð.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal með fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **58. Frumvarp**

til laga um breyting á tíma þeim, er hið reglulega Alþingi kemur saman.

Eftir 3. umr. í Nd.

Hið reglulega Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur eigi ákveðið annan samkomudag sama ár.

Nd. **59. Nefndarálit**

í málinu um kaup á Vestmannaeyjasímanum.

Nefndin hefir athugað málið, og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að samþykkja frumvarpið. Það lítur út fyrir það, eftir þeim skýrslum, sem nefndin hefir aflað sjer, að sími þessi með talsímakerfinu í Vestmannaeyjum, muni gefa góðan arð. Tekjur símans fyrir fyrsta árshelming (starfsár) voru, að frádregnum hreinum starfrækslukostnaði, um 4500 kr., en áætlað að hann verði má ske nokkuru minni síðari helming þess árs. Það virðist þegar komin raun á um það, að bilunarhætta sje ekki mikil á síma þessum. Hún ætti að vera mest fyrsta árið.

Nefndin hefir fengið skýrslur um það, að síminn hefir kostað alls 46550 kr., og kemur þessi kostnaðarauki fram yfir þann kostnað, er talinn er í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið, fram við það, að talsímakerfið í Eyjunum hefir orðið að auka mjög fram yfir það, er áætlað var í fyrstu. En auðvitað hefir sú aukning tiltölulega mikinn hagnað í för með sjer.

Eftir atvikum sýnist nefndinni ekki rjett, að síminn sje tekinn af fjelagi því, er á hann, fyrir minna fje en hann kostar það, að viðbættu álagi, sem nefndin vill að tiltekið sje 1500 kr.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að ráða hinni heiðruðu deild að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

Í 1. gr. í stað orðanna: »samkvæmt ákvæðum«, og greinin til enda, komi: fyrir bókfært verð, að frádregnum 1500 krónum í álag.
Í 2. gr. í stað »45000 kr.« komi: 45150 kr.

Neðri deild Alþingis, 24. júlí 1912.

Jóh. Jóhannesson, form. Jón Magnússon, skrif. og framsögum. Einar Jónsson.

Stefán Stefánsson. Halldór Steinsson.

Nd. **60. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt um veiði í Drangey.

Við undirritaðir, sem kosnir vorum í nefnd til þess að íhuga mál þetta, höfum rætt það okkar á meðal og orðið sammála um, að ekkert verulegt væri við það að athuga Einungis hefir okkur virst ástæða til, jafnframt því að ráða deildinni til að samþykkja það, að gera við það þessar breytingartillögur:

Við 2. gr.: Fyrir orðin »þá er atkvæði eiga um samþyktina« komi: hjeraðsbúa þá er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum«.
— 3. — Orðin: »og löggildingar« falli burt.
— — — Fyrir $^3/_5$ (á tveim stöðum) komi: $^2/_3$.
— 4. — Aftan við greinina bætist ný málsgrein þannig hljóðandi:
Staðfestri samþykt má breyta á sama hátt og hún var stofnuð.

Alþingi, 23. júlí 1912.

Ólafur Briem, formaður og framsögum. Pjetur Jónsson, skrifari.

Stefán Stefánsson 1. þm. Eyf. Sigurður Sigurðsson.

Guðlaugur Guðmundsson.

Nd. **61. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþyktir um mótak.

Við undirritaðir nefndarmenn, sem falið var að athuga mál þetta, höfum rætt það okkar á milli og erum sammála um að ráða háttv. deild til að samþykkja það. Þó viljum við gera við það þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr. Fyrir orðið »ódrjúga« komi: óhagkvæma.
— 2. — — orðin: »kosningarrjett hafa til alþingis« komi: atkvæðisrjett hafa í sveitamálum.
— — — Síðasta málsgrein falli burt.
— 3. — Orðin: »Og löggildingar« falli burt.
— 4. — Fyrir »rjett« komi: rjettindi.

Alþingi, 23. júlí 1912.

Ólafur Briem, formaður og framsögumaður. Pjetur Jónsson, skrifari.

Stefán Stefánsson 1. þm. Eyf. Sigurður Sigurðsson.

Guðlaugur Guðmundsson.

Ed. **62. Frumvarp**

til yfirsetukvennalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Engin getur orðið yfirsetukona hjer á landi, nema hún hafi staðist próf í yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík, eða konunglegu fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, eða öðrum erlendum yfirsetukvennaskóla, sem landlæknir tekur gildan.

Yfirsetukonur í Reykjavík skulu hafa notið kenslu í fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða annari erlendri fæðingarstofnun, sem að dómi landlæknis veitir jafngóða fræðslu.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skifta í yfirsetukvennaumdæmi, og ræður sýslunefnd þeirri skiftingu, tölu umdæmanna og takmörkum þeirra, og velur þeim heiti. Ein skal vera yfirsetukona í hverju umdæmi, og hafa þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.

Í hverjum kaupstað skal vera yfirsetukona, ein eða fleiri; því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar yfirsetukonur eftir tillögum sýslunefndar, og fær þeim veitingarbrjef; en í kaupstöðum bæjarfógeti eftir tillögum bæjarstjórnar.

Þó skal jafnan leita álits hjeraðslæknis, áður yfirsetukona er skipuð; ef hjeraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Hver yfirsetukona skal hafa árslaun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Árslaun skal greiða eftir á, í kaupstöðum mánaðarlega, en annarstaðar fyrir hvert misseri, á miðju ári og í árslok.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal í umdæminu við síðustu áramót á þann hátt, er hjer segir:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 200 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 60 kr.
2. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er yfir 200, skulu árslaun yfirsetukonu vera 60 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 200, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr.
3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru 2 eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra beggja, eða allra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 500 kr.

5. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir mega veita þeim yfirsetukonum hæfileg eftirlaun, er fengið hafa lausn frá starfa sínum fyrir elli sakir eða vanheilsu.

Sú yfirsetukona, sem slasast þannig, þegar hún er að gegna stöðu sinni, að hún verður að fá lausn, og er ófær til að vinna fyrir sjer á annan hátt, hefir rjett til eftirlauna, og ákveður bæjarstjórn eða sýslunefnd upphæð þeirra.

6. gr.

Hver yfirsetukona er skyldug að láta aðstoð sína tafarlaust í tje hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir henni.

Nú baga yfirsetukonu veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá yfirsetukonur í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma, án þess að vanrækja sín umdæmi.

7. gr.

Yfirsetukonum ber samngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 5 kr. fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 50 aurar fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða verður sveitarstyrks þurfandi út af barnsfæðingunni, þá á yfirsetukonan heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eftir á auk ókeypis fararbeina.

8. gr.

Landlæknir skal semja og stjórnarráðið staðfesta yfirsetukvennareglugerð um skyldur yfirsetukvenna og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

9. gr.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gert að skyldu með

lögum þessum og yfirsetukvennareglugerðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í landssjóð, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek af nýju og eru miklar sakir til, einkum ef hún hefur oftar en einu sinni skorast undan að vitja sængurkonu tafarlaust og að forfallalausu, þá skal henni vikið frá. Ef yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefir trúað henni fyrir sem yfirsetukonu um hagi sína, skal henni þegar vikið frá starfi sínu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913, og frá sama tíma eru yfirsetukvennalög 17. des. 1875 og lög nr. 9, 13. apríl 1894, um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875, úr gildi feld.

Ed. **63. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúatalan er yfir 100, ber bólusetjara 25 aurar fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og skoðar samkvæmt 3., 4.—6. og 9. gr. laga nr. 34, 27. sept. 1901, hafi bólan komið út, en að öðrum kosti 10 aurar.

Í minni kauptúnum og sveitum skal borgunin vera 50 aurar, ef bólan kemur út, en að öðrum kosti 20 aurar.

2. gr.

1. málsgrein 11. gr. í lögum nr. 34, 27. sept. 1901, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Ed. **64. Viðaukatillaga**

við frumvarp til yfirsetukvennalaga (þskj. 62).

Frá Sig. Eggerz. Einari Jónssyni og Jóni Jónatanssyni.

Aftan við 1. lið í 4. gr. um laun yfirsetukvenna bætist:

Þó má sýslunefnd veita yfirsetukonum í þeim umdæmum, eftir 10 ára góða þjónustu, alt að 20 kr. launaviðbót á ári.

Ed. **65. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður: Einar Jónsson.

Borgarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skal vera sjerstakt læknishjerað. Læknissetur í Bakkagerði.

Breyting þessi gengur í gildi, þegar hjerað þetta (Bakkagerðishjerað) verður veitt.

Nd. **66. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um eyðing refa. (Þingskjal 37).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Á eftir orðunum: »bíða af dýrbiti« komi: svo og um kostnað þann, er varið er til refaveiða.

Nd. **67. Nefndarálit**

um frumv. til laga um merking á kjöti.

Vjer sem háttv. neðri deild fól að íhuga frumvarp þetta, höfum nú borið oss saman um það, og orðið ásáttir um, að það eigi fram að ganga, enda gekk samskonar frumvarp gegnum þessa deild á síðasta þingi. Að því leiti sem frumv. þetta er frábrugðið hinu fyrra, þá miðar það í þá átt að gera kjötskoðunina tryggilegri, því nú er ekki nema lærðum læknum ætluð skoðun og merking kjötsins. Hefir nú dýralæknirinn í Reykjavík sætt sig betur við frumv. þetta, en hið fyrra.

Rjett þykir nefndinni að gera viðauka við 2. gr. í þá átt, að banna þá merking á kjöti, er vilt geti um hið löggilta heilbrigðismerki. Ennfremur vill nefndin, að frumv. verði að lögum jafnskjótt og það nær staðfestingu. Vjer gerum því þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 3. gr.

Aftan við greinina bætist:

Sömuleiðis er óheimilt, að taka upp eða nota þau merki á kjöt, er svo eru lík að lit og lögun, að hætt sje við að um verði vilst.

Aftan við 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr. svohljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 24. júlí 1912.

Stefán Stefánsson. þm. Eyf., form. framsögum.
Pjetur Jónsson, skrifari.
Sigurður Sigurðsson.

Nd. **68. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka (þskj. 25).

Frá Birni Kristjánssyni og Jóni Ólafssyni.

Aftan við: »í Suður-Múlasýslu« bætist ný málsgrein svo látandi:
Svo er og stjórn bankans heimilt að setja upp útibú eða afgreiðslustofu erlendis á þeim stað, er bankastjórninni þykir til þess hagkvæmur.

Ed. **69. Viðaukatillaga**

við frumvarp til yfirsetukvennalaga (þskj. 62).

Frá Sig. Eggerz, Jóni Jónatanssyni, Jens Pálssyni og Einari Jónssyni.

Aftan við 4. gr. bætist:

Laun yfirsetukvenna, sem ekki nema 80 krónum, má sýslunefnd hækka alt að þeirri upphæð eftir 10 ára góða þjónustu.

Nd. **70. Þingsályktun**

um lán úr viðlagasjóði til að bæta jarðskjálftaskemdir í Rangárvallasýslu.

(Eins og hún var samþ. í Nd. 25, júlí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita Rangárvallasýslu 25000 króna lán úr viðlagasjóði, til þess að bæta skemdir þær á bæjum og utanbæjarhúsum, sem urðu af jarðskjálftanum í sýslunni síðastliðið vor.

Lánið veitist gegn ábyrgð sýslunefndar Rangárvallasýslu, vaxtalaust, með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Ed. **71. Þingsályktun**

um lán úr viðlagasjóði til að bæta jarðskjálftaskemdir í Rangárvallasýslu.

(Eins og hún var samþ. í Ed. 25. júlí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita Rangárvallasýslu 25000 króna lán úr viðlagasjóði, til þess að bæta skemdir þær á bæjum og utanbæjarhúsum, sem urðu af jarðskjálftanum í sýslunni síðastliðið vor.

Lánið veitist gegn ábyrgð sýslunefndar Rangárvallasýslu, vaxtalaust, með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Nd. **72. Nefndarálit**

um þingsályktunartillögu um aukið eftirlit úr landi með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi.

Vjer nefndarmenn, er mál þetta var falið til íhugunar, leyfum oss að skýra háttv. þingdeild frá áliti voru á þessa leið:

Síldveiðitíminn fyrir Norðurlandi er venjulega talinn frá 20. júlí til 20. septbr. ár hvert. Á þessu tímabili gengur síldin upp að landinu, kemur alloftast vestan og norðan að og gengur austur með landi. Svæði það, er síldveiðar með herpinót venjulega eru stundaðar á, nær frá því vestanvert við Skaga og austur undir Langanes, en mest er sú veiðiaðferð notuð út af Skagafirði, Eyjafirði og Skjálfanda. Verkunarstöðvar fyrir síldina eru mestar á Siglufirði og Eyjafirði og nokkuð á Raufarhöfn, en herpinótaskipin leitast við að veiða síldina sem næst verkunarstöðinni, því síldin eyðilegst, ef hún þarf að liggja lengi í skipinu, og því lengri sjóleið, sem skipið þarf að fara frá veiðistöð til verkunarstaðar, því hættara er við að síldin skemmist.

Síldargöngurnar koma á framangreindu tímabili með nokkrum millibilum, en misjafnar mjög og ganga misjafnlega djúpt af landi. Að slíku eru áraskifti, eins og með aðrar fiskigöngur, og svo fer það og nokkuð eftir veðurlagi og vindstöðu, þegar gangan kemur að landi, því síldin gengur ofarlega í sjó, »veður uppi« í yfirborðinu all-oft. — Það er alls eigi fátitt. að síldin gangi inn á grunnsævi, rjett með landi fram, einkanlega um miðbik síldveiðasvæðisins, og er þá oft svo, að síldartorfan nær eigi meira en 3 kvartmílur út frá landi og getur þá verið síldarlítið fyrir utan landhelgi, þótt uppgripaveiði sje í landhelgi.

Eins og kunnugt er, þá safnast á þessar stöðvar um síldveiðitímann, sjerstaklega á Siglufjörð, Hjalteyri, Akureyri og Raufarhöfn, fjöldi af útlendum gufuskipum, er veiða síld með herpinótum. Þetta veiðarfæri er afar stórvirkt, svo að það kemur t. d. oft fyrir, að 4—500 tunnur síldar fást í einu »kasti« og þegar svo lægsta verð, sem máltunnan hefir verið seld fyrir á verkunarstað er 4 krónur, þá er það væntanlega auðsætt, að hjer er oft um stórfje telft.

Það mun nú mega telja það vafalaust, að landhelgisbrot eigi sjer stað

árlega á þessu veiðisvæði. Atvik liggja öll þannig, að freistingin til þeirra er mikil, og þegar þetta, eins og verið hefir hið síðasta ár, er látið með öllu afskiftalaust af varðskipsins hálfu, þá má geta því nærri, að brotin verða æ fleiri og frekari. — Eftirlit úr landi hefir, að undanskildu árinu 1907, verið mjög lítið og í molum. Á árinu 1911 var reynt af hálfu lögreglustjóranna, að auka það nokkuð og varð af því, þótt ófullkomið væri, nokkur árangur. Fáein skip voru sektuð fyrir brot og landssjóður fjekk í tekjur af sektum og upptækum munum kr. 5274,50. — Hin útlendu skip munu og frekar varast að brjóta lögin, ef þau vita af að gát er höfð á þeim og brot, er þau fremja, verða sönnuð og þau kærð fyrir, er þau koma með afla sinn á verkunarstað.

Vjer viljum því ráða háttvirtri deild til að samþykkja þingsályktunartillöguna; vjer teljum nauðsynlegt, að eftirlitið úr landi verði sem áhrifamest, og teljum eftir atvikum sennilegt, að tillagan geti haft þann árangur, ef hún verður samþykt.

Það er að sjálfsögðu stjórnarinnar verk, innan takmarka fjárlaga og gildandi ákvæða um lögregluefirlit, að finna hin haganlegustu og heppilegustu ráð, til framkvæmda á þessu eftirliti, en að gefnu tilefni skulum vjer í stuttu máli taka fram, hvernig oss virðist, að þessu ætti að haga.

Eins og sjest af framanrituðu áliti voru, er það tilætlanin með þessu eftirliti að fá *lögfullar sannanir* fyrir landhelgisbrotum, svo að hægt sje að kæra hin brotlegu skip, þegar þau koma að landi með afla sinn og fá dóm yfir þeim. Þar á móti er það alls cigi tilætlað, að skipin sjeu tekin og flutt að landi, þótt þau sjáist við ólöglegar veiðar, eða á nokkurn hátt beitt við þau valdi, nema lögreglustjóri sje sjálfur með eftirlitsskipinu.

Til þess að ná þessum vorum tilgangi með eftirlitinu, þyrfti hlutaðeigandi lögreglustjóri, eða sjerstaklega aðstoðar-lögreglustjórinn á Siglufirði að geta fengið gufuskip eða mótorskip til þess við og við að fara um síldveiðasvæðið til eftirlits, og á því þyrfti að vera 2 siglingarfróðir menn og góð mælinga-áhöld. Þá væri hægt, ef skip sæist við ólöglegar veiðar, að mæla stað þess og kæra fyrir lögreglustjóra í landi. Samning við útgerðarmann um að fá slíkt skip til eftirlits þyrfti lögreglustjóri með heimild stjórnarráðsins helst að geta gert, áður en síldartíminn byrjar, því skip, sem búin eru alfarið að binda sig við síldveiðina, fást ekki til slíkra ferða, nema fyrir afar-háa borgun. Væri um það samið í tíma, er líklegt að hæfilegt *gufuskip* mætti fá fyrir 120 kr. á dag, en mótorskip fyrir nokkru minna, nál. 60 kr.

Að því er kostnaðinn við þetta snertir, þá gerum vjer ráð fyrir, að í þessu efni verði nú á þessu sumri eigi hægt að gera viðtækari ráðstafanir en svo, að fje það, er veitt er til eftirlits úr landi með ólöglegum fiskveiðum, hrökkvi til þess, auk þess sem vjer gerum ráð fyrir, að þeir, er uppvísir verða að brotum, verði látnir greiða málskostnað, eins og lög standa til.

Neðri deild Alþingis, 25. júlí 1912.

Lárus H. Bjarnason, formaður.	Guðl. Guðmundsson, skrifari.

Jóh. Jóhannesson.

Nd.

73. Frumvarp

til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Pjetur Jónsson,
Valtýr Guðmundsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að gefa fyrv. landshöfðingja Magnúsi Stephensen, Stkr. af Dbg, Dbm. p. p., Sighvati bankastjóra Bjarnasyni R. af Dbg og herra Knud Skjold Philipsen í Kaupmannahöfn einkaleyfi til stofnunar íslensks peningalotteris með skilyrðum þeim, sem nú skal greina:

a. Lotterí hvers árs skiftist í 2 flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 50,000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera nema 6 drættir.

b. Iðgjaldið til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 150 frankar. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta.

c. Í hvorum flokki lotterísins eiga vinningarnir að nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutina í flokknum.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykt af ráðherra Íslands, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli, og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi, og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi í þeirri mynt, sem ákveðin er í áætluninni.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna að hálfu til einkaleyfishafanna og að hálfu til landssjóðs Íslands.

d. Drættirnir fara opinberlega fram í Kaupmannahöfn, og skal lotteríinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, sem konungur skipar til þess; skulu í henni sitja 6 menn, 3 Íslendingar og 3 Danir, og skulu að minsta kosti 2 af nefndarmönnum vera löglærðir menn, sem hafa hæfilegleika til að eiga sæti í fjölskipuðum dómstóli. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram, eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með lotteríinu; kostnaðinn af þessu ber lotteríið.

e. Einkaleyfið til að reka lotteríið má veita um alt að því 40 ár frá 1. desember 1912 að telja; þó getur ráðherra Íslands tekið leyfið aftur með eins árs fyrirvara, þegar lotteríið hefir verið rekið í 15 ár frá 1. desember 1912 að telja, og löggjafarvaldi Íslands þá þykir ástæða til að fyrirmuna, að íslenskt lotterí sje lengur rekið.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðherra, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi, en þeir hafa fyrirgjört rjetti sínum, ef þeir gegna ekki skyldu sinni með greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til landssjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef reglugerð sú, sem samþykkt er fyrir lotteríið, er brotin af þeirra hendi.

f. Einkaleyfishafarnir skulu greiða landssjóði Íslands gjald, er nemi að minsta kosti 2% af iðgjöldunum fyrir hluti þá, sem seljast í hvorum flokki, þó ekki minna en 138000 franka á missiri.

g. Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en lotteríið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hverjum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða í Landsbanka Íslands, kjósi ráðherra það heldur.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, annaðhvort að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu fyrir því, sem á vantar, er ráðherra Íslands tekur gilda.

Ráðherra Íslands hefir eftirlit með og ábyrgist, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til.

Þá skulu leyfishafar og, áður en lotteríið tekur til starfa, setja landssjóði Íslands tryggingu, sem ráðherra tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði landssjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjaldsins.

h. Ráðherra Íslands setur nánari ákvæði um fyrirkomulag lotterísins.

2. gr.

Fyrir hvern hluta, sem seldur er, skal auk iðgjaldsins greiða stimpilgjald, er nemi 2% af iðgjaldinu.

3. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi alt að 2000 heila hluti í lotteríi því, sem hjer ræðir um, á þann hátt, sem hann kveður nánar á um. Hluti í þessu lotteríi má ekki selja í Danmörku, nje í nýlendum Danmerkur.

4. gr.

Meðan einkaleyfi það til lotteris, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningalotterí fyrir Ísland.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til landssjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir lotterí utan ríkis, eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. **74. Frumvarp**

til laga um prestsmötugjald til Grundarkirkju í Eyjafirði.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson, Eyf. Hannes Hafstein.

1. gr.

Til viðhalds kirkjunni að Grund í Eyjafirði legst prestsmatan, 2 hndr. á landsvísu af þeirri jarðeign, Grundartorfu í Eyjafirði, þangað til sú sóknar-

skipun kemst á í hjeraðinu, að árlegar tekjur til hennar frá sóknarmönnum nema eigi minni upphæð en prestsmötugjaldinu.

2. gr.

Prestunum til Grundarþinga og Akureyrar bætist sá tekjumissir, er leiðir af ákvæði þessara laga, úr prestlaunasjóði.

Nd. **75. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eftirlit með þilskipum og vjelaskipum.

Vjer, sem háttvirt neðri deild kaus í nefnd til að athuga ofannefnt frumvarp, höfum rætt málið með oss, og erum allir á því að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi breytingum, sem gerð verður grein fyrir í framsögunni, að svo miklu leyti sem þurfa þykir.

1. Við 1. gr. í stað orðanna: »vegna útbúnaðar skipsins« komi: af skipinu eða útbúnaði þess.
2. — 2. — 2. málsgr. í stað orðanna: »og skipa skoðunarmenn þá oddamanninn« komi: og kjósa skoðunarmenn þá oddamanninn.
3. Við sömu gr. og málsgr. í stað »Aldan« komi: Öldunnar.
4. — 3. gr. 3. málsgr. í stað: »eða« komi: nje.
5. Aftan við 5. gr. bætist: Sama sekt liggur við vanrækslu útgerðarmanns, þó að ekki hafi orðið af tjóni.
6. Við 7. gr. í stað: »lögunum« komi: lögum þessum.
7. Við fyrirsögnina bætist eftir orðið »og«: opnum.

Neðri deild Alþingis, 26. júlí 1912.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögumaður.

Stefán Stefánsson, Eyf. Matthías Ólafsson. Tryggvi Bjarnason.

Nd. **76. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á nokkurum hluta af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og af öðru landi Garðakirkju.

Vjer, sem hin háttv. Neðri deild kaus í nefnd til að athuga frumvarp þetta, höfum nú athugað það, og skjöl þau frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar, prófastinum í Görðum og biskupi, sem snerta þetta mál, og föllumst vjer á þær tillögur prófasts og biskups, að land það, sem tiltekið er í frumvarpinu, verði selt kaupstaðnum, og að frumvarpið verði samþykt með eftirtöldum breytingum:

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við fyrirsögn frumvarpsins:
   Fyrir: »nokkrum hluta — Garðakirkju« komi: eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar.
2. Við 1. gr. 2. línu: Fyrir orðið »austan« komi, vestan.
3. — 1. gr. 6. lið: Orðin »en sunnan — Undirhlíðar« falli burt.
4. — 1. gr. síðustu málsgrein: Orðin: »síra Þórarins prófasts Böðvarssonar« falli burt.

Neðri deild Alþingis, 26. júlí 1912.

Valtýr Guðmundsson, formaður. Björn Kristjánsson, skrifari og framsögum.

Jón Jónsson. Tryggvi Bjarnason. Mattías Ólafsson.

Nd. **77. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um aukið eftirlit úr landi með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi (þgsk. 29).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og Benedikt Sveinssyni.

Fyrir orðin »auka eftirlit úr landi« til enda komi: halda úti lögregluskipi um síldveiðitímann á landhelgissviðinu frá Skagatá að Rifstanga. Skal stjórninni heimilt að verja til þessa sem svarar allt að helmingi sekta og andvirðis upptæks afla og veiðarfæra.

Nd. **78. Frumvarp**

til yfirsetukvennalaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Engin getur orðið yfirsetukona hjer á landi, nema hún hafi staðist próf í yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík, eða konunglegu fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, eða öðrum erlendum yfirsetukvennaskóla, sem landlæknir tekur gildan.

Yfirsetukonur í Reykjavík skulu hafa notið kenslu í fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða annari erlendri fæðingarstofnun, sem að dómi landlæknis veitir jafngóða fræðslu.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skifta í yfirsetukvennaumdæmi, og ræður sýslunefnd þeirri skiftingu, tölu umdæmanna og takmörkum þeirra, og velur þeim heiti. Ein skal vera yfirsetukona í hverju umdæmi, og hafa þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.

Í hverjum kaupstað skal vera yfirsetukona, ein eða fleiri; því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar yfirsetukonur eftir tillögum sýslunefndar, og fær þeim veitingarbrjef; en í kaupstöðum bæjarfógeti eftir tillögum bæjarstjórnar.

Þó skal jafnan leita álits hjeraðslæknis, áður yfirsetukona er skipuð; ef hjeraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Hver yfirsetukona skal hafa árslaun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Árslaun skal greiða eftir á, í kaupstöðum mánaðarlega, en annarstaðar fyrir hvert misseri, á miðju ári og í árslok.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal í umdæminu við síðustu áramót á þann hátt, er hjer segir:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 200 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 60 kr.
2. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er yfir 200, skulu árslaun yfirsetukonu vera 60 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 200, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr.
3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru 2 eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra beggja, eða allra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 500 kr.

Laun yfirsetukvenna, sem ekki nema 80 krónum, má sýslunefnd hækka alt að þeirri upphæð eftir 10 ára góða þjónustu.

5. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir mega veita þeim yfirsetukonum hæfileg eftirlaun, er fengið hafa lausn frá starfa sínum fyrir elli sakir eða vanheilsu.

Sú yfirsetukona, sem slasast þannig, þegar hún er að gegna stöðu sinni, að hún verður að fá lausn, og er ófær til að vinna fyrir sjer á annan hátt, hefir rjett til eftirlauna, og ákveður bæjarstjórn eða sýslunefnd upphæð þeirra.

6. gr.

Hver yfirsetukona er skyldug að láta aðstoð sína tafarlaust í tje hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir henni.

Nú baga yfirsetukonu veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá yfirsetukonur í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma, án þess að vanrækja sín umdæmi.

7. gr.

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 5 kr. fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 50 aurar fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða verður sveitarstyrks þurfandi út af barnsfæðingunni, þá á yfirsetukonan heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eftir á, auk ókeypis fararbeina.

8. gr.

Landlæknir skal semja og stjórnarráðið staðfesta yfirsetukvennareglugerð um skyldur yfirsetukvenna og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

9. gr.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gert að skyldu með lögum þessum og yfirsetukvennareglugerðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í landssjóð, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek af nýju og eru miklar sakir til, einkum ef hún hefur oftar en einu sinni skorast undan að vitja sængurkonu tafarlaust og að forfallalausu, þá skal henni vikið frá. Ef yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefir trúað henni fyrir sem yfirsetukonu um hagi sína, skal henni þegar vikið frá starfi sínu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913, og frá sama tíma eru yfirsetukvennalög 17. des. 1875 og lög nr. 9, 13. apríl 1894, um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875, úr gildi feld.

Nd.

79. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúatalan er yfir 100, ber bólusetjara 25 aurar fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og skoðar samkvæmt 3., 4.—6. og 9. gr. laga nr. 34, 27. sept. 1901, hafi bólan komið út, en að öðrum kosti 10 aurar.

Í minni kauptúnum og sveitum skal borgunin vera 50 aurar, ef bólan kemur út, en að öðrum kosti 20 aurar.

2. gr.

1. málsgrein 11. gr. í lögum nr. 34, 27. sept. 1901, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Ed. **80. Frumvarp**

til laga um stofnun yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Yfirsetukvennaskóla skal setja á stofn í Reykjavík.

2. gr.

Námstíminn skal vera 6 mánuðir og byrja 1. október ár hvert.

3. gr.

Landlæknir skal vera kennari skólans, og hafa 1000 kr. á ári fyrir þann starfa.

Þar að auki skal ráða 3 yfirsetukonur í Reykjavík, til að veita námskonum verklega tilsögn; skulu þær fá 100 kr. þóknun á ári, hver þeirra. Ráðherra veitir yfirsetukonum þennan starfa eftir að hafa fengið tillögur landlæknis.

4. gr.

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnráðið ákveður, alt að 40 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

5. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans, og semur reglugerð fyrir hann.

6. gr.

Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

7. gr.

Landlæknir ákveður, hver skuli vera áhöld yfirsetukvenna.
Landssjóður leggur til áhöld í yfirsetukvennaumdæmin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1912.

Nd. **81. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá ráðherra.

Neðri deild alþingis ályktar að kjósa 5 manna nefnd, til þess að athuga framkomin tilboð frá norsku stjórninni um samninga viðvíkjandi niðurfærslu á tolli á íslensku kjöti og íslenskum hestum í Noregi, gegn breytingum á síldveiðalöggjöfinni hjer í landi, Norðmönnum í vil.

Ed. **82. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stofnun yfirsetukvennaskóla í Reykjavík (þskj. 80).

Frá Eiríki Briem og Einari Jónssyni.

1. Úr fyrirsögninni falli orðið: »stofnun«
2. Við 4. gr. Fyrir »40 kr.« komi: 50 kr.

Nd. **83. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 60 við 2. gr. frumvarps til laga um samþyktir um veiði í Drangey.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Aftan við orðin: »hjeraðsbúa þá er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum« komi: og auk þess þá, sem veiðirjett eiga, en hafa eigi hinn tilskilda atkvæðisrjett.

Nd. **84. Viðaukatillaga**

við 2. breyt.til. á þingskjali 61.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Aftan við orðin: »Atkvæðisrjett hafa í sveitamálum« komi: og þeir, sem mótak eiga eða eru landsetar á mótaksjörð, þótt eigi hafi þeir hinn tilskilda atkvæðisrjett í sveitamálum.

Nd.

85. Frumvarp

til laga um líftrygging sjómanna.

Flutningsmaður: Matthías Ólafsson.

1. gr.

Allir þeir menn á landi hjer, er sjómensku stunda, um lengri eða skemmri tíma, hvort heldur á fiskiskium, farmskipum, mannflutningaskipum, róðrarbátum eða ferjubátum skulu kaupa sjer líftrygging gegn drukknun í sjó eða vötnum.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 1. febrúar ár hvert skulu allir þeir menn, er nefndir eru í 1. gr. láta innrita sig sem sjómenn.

Í sveitum fer slík innritun fram hjá hreppstjórum, en í kaupstöðum hjá bæjarfógetum.

3. gr.

Upphæð líftryggingarinnar skal vera 1000 kr. og iðgjaldið fyrir hvert ár, fyrst um sinn 10%, er greiðist við innritun.

4. gr.

Nú er einhver eigi ráðinn í því, hvort hann stundi sjómensku að nokkru leyti, á því tímabili, er um ræðir í 2. gr., og hefir hann þá rjett til að fá sig innritaðan, þótt síðar sje, með sömu rjettindum og skyldum, sem lög þessi ákveða.

5. gr.

Auk innritunarskírteinis, er jafnframt skal gilda sem kvittun fyrir iðgjaldi, skal hverjum innrituðum sjómanni afhent merki, er að eins gildi fyrir 1 ár. Merkin sje úr málmi og á þau sett ártal þess árs, sem þau eru afhent á. Landstjórnin sjer um tilbúning merkjanna og gerð og annast um, að þau sé komin til hreppstjóra og bæjarfógeta fyrir hver árslok.

6. gr.

Engan mann má lögskrá á Íslandi, hvort heldur er á innlend skip eða útlend, er eigi getur sýnt innritunarskírteini og merki, og skal það tekið fram við lögskráning, hvar hver einstakur er innritaður.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar skráningarstjóra alt að 500 kr. sekt, er fellur til þess hrepps eða bæjarfjelags, þar sem viðkomandi sjómaður á lögheimili.

7. gr.

Nú er sjómaður, á því tímabili, er um ræðir í 2. gr., staddur utan þess hreppsfjelags eða bæjarfjelags, er hann á lögheimili í, og hefir hann þá rjett til að láta innrita sig í þeirri þinghá, er hann er staddur í, en bæjarfógeti sá eða hreppstjóri, er innritar slíka menn, skal tafarlaust tilkynna það bæjarfó-

geta eða hreppstjóra, þeim sem hlut á að máli, og senda honum iðgjaldið. Yfir alla slíka menn skal færa sjerstaka bók.

8. gr.

Enginn formaður má taka neinn mann á skip sitt eða bát, hvort heldur er um lengri eða skemri tíma, nema hann geti sýnt merki það, er nefnt er í 5. gr., og varðar það formann alt að 200 kr. sekt fyrir hvern mann, ef út af er brugðið. Undanskildir ákvæðum þessarar greinar eru þó skipstjórar á mannflutningaskipum, að því er farþega þeirra snertir.

Um sekt þessa fer svo sem segir í 6. gr.

9. gr.

Af iðgjöldum þeim, sem nefnd eru í 3. gr., skal mynda ábyrgðarsjóð, er standi undir umsjón og eftirliti landstjórnarinnar. Sjóður þessi eignast sjóð þann, er þegar er myndaður samkv. lögum 30. júlí 1909, enda tekur á sig skyldur þær, er á þeim sjóði hvíla.

Landstjórnin skipar forstöðumann fyrir hinn nýja sjóð, en Alþingi ákveður laun hans.

Bæjarfógetum og hreppstjórum ber 2% af iðgjöldum fyrir innheimtu og innritun, og skulu þeir senda skýrslur sínar, ásamt iðgjöldunum, að frádregnum þeim 2%, er þeim ber, beint til forstöðumanns sjóðsins.

10. gr.

Landsstjórnin sjer um, að ávalt sje fyrir hendi nægar bækur og innritunarskirteini og skipar fyrir um form á þeim.

11. gr.

Ábyrgðarsjóðurinn greiðir námennum þeirra, er farast í sjó eða vötnum og líftrygðir eru samkvæmt lögum þessum, 1000 kr., er greiðist með 200 kr. á ári, í næstu 5 ár eftir druknun viðkomanda.

Landsjóður Íslands hefir ábyrgð á að sjóðurinn standi í skilum.

12. gr.

Nú kemst maður, sem líftrygður er samkvæmt lögum þessum, á skipreika, tekur út af skipi eða báti eða fellur í sjó eða vatn og næst með lífi, en veikist og deyr af afleiðingum slyssins, og ber þá að álíta sem slíkur maður hafi farist í sjó eða vatni.

13. gr.

Nú hverfur maður af skipi og finst eigi síðar, lífs nje liðinn, og skal þá settur rjettur yfir skipverjum til að rannsaka, hvort nokkur þeirra hafi grun um, að viðkomandi hafi strokið. Komi það fram við rannsókn, að enginn grunur sje um strok, skal álíta sem maðurinn hafi farist í sjó.

Komi hinsvegar fram grunur um strok, en ekki full vissa, má fresta útborgun um næstu 5 ár, en komi ekkert fram á þeim tíma, er bendi til að maðurinn hafi strokið, skal upphæðin borgast út á næstu 5 árum.

14. gr.

Fje það, er sjóðurinn borgar út, fellur til þeirra, er hinum líftrygða var skylt að annast, að lögum. Sje eigi slíkt námenni á lífi fellur fjeð til sjóðsins.

15. gr.

Nú verður maður fyrir slysi, sbr. 12. gr., og leiðir af veikindi, en eigi dauða, en viðkomandi biður atvinnutjón, og ber honum þá meðal atvinna, sem orðið hefir á skipi því, er hann var á, á þeim tíma, er hann var veikur. Uppí þetta meðaltal skal telja það, er maðurinn kann að hafa unnið fyrir eða aflað, áður en slysið bar að höndum. Helming þessa greiðir útgerðin, en skipverjar allir hinn helminginn, eftir rjettu hlutfalli við kaup þeirra eða hálfdrætti hvers um sig. Sje afla skift í bluti, ber viðkomanda hlutur úr aflanum, og sje manni bætt í skiprúmið í hans stað, skiftist aflinn svo sem einum manni væri fleira.

Ákvæði þessarar greinar ná að eins til þeirra manna, er ráðnir eru í skiprúm fyrir heila vertíð eða útgerðartíma, og gildi eigi fyrir lengri tíma en þann, er maðurinn var ráðinn í skiprúmið.

Ákvæði þessarar greinar ná til, þó um fleiri en einn mann sje að ræða, en fari upphæð sú, er skipverjar og útgerð á að borga, fram úr 200 kr., borgar ábyrgðarsjóðurinn það, sem umfram er, eftir skýrslu frá útgerðarmanni.

16. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin lög um vátrygging fyrir sjómenn 30. júlí 1909 svo og þau ákvæði í öðrum lögum, er koma kunna í bág við þau.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember þ. á.

Nd. **86. Frumvarp**

til laga um merking á kjöti.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Merki það, er lögskipaðir dýralæknar, eða aðrir dýralæknar, nota til þess að merkja kjöt, sem þeir hafa gert heilbrigðisskoðun á, og hæft er til útflutnings, skal vera blár jafnarma þríhyrningur með tölunni 1 innan í.

Rjett til að nota þetta merki hafa og þeir lögskipaðir læknar, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá dýralækninum í Reykjavík eða á Akureyri.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp.

Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir skoðun og stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 aura fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Eigi má merkja kjöt til útflutnings nefndu merki, nema kjötið sje að öllu leyti hreinlátlega meðfarið að áliti læknisins. Að öðru leyti semur stjórnarráðið nánari reglur um kjötskoðun, eftir tillögum dýralækna til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim, sem taldir eru í 1. gr., er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með merki því, sem til er tekið í nefndri grein.

Sömuleiðis er óheimilt, að taka upp eða nota þau merki á kjöt, er svo eru lík að lit og lögun, að hætt sje við að um verði vilst.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, alt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar er brotið.

Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um samþyktir um mótak.

Eftir 2. umr. í Nd.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um mótak, til að koma í veg fyrir landsspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mólands og hættur af mógröfum.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, semur hún frumvarp til samþyktar. Þá skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem heima eiga á því svæði og atkvæðisrjett hafa í sveitamálum. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir

gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með ²/₃ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð ²/₃ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir frá 5—50 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **88. Breytingartillaga**

við frv. til laga um samþyktir um mótak (þskj. 87).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 2. gr.

Aftan við orðin: »Atkvæðisrjett hafa í sveitamálum« komi: og þeir, sem mótak eiga eða fjárráðamenn þeirra, ef þeir eru ófullveðja, svo og eru landsetar á mótaksjörð, þótt eigi hafi þeir hinn tilskilda atkvæðisrjett í sveitamálum.

Nd. **89. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Í 9. gr. laga 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka falli niður orðið »Seyðisfirði«, en í staðinn komi: í Suður-Múlasýslu.

Svo er og stjórn bankans heimilt að setja upp útibú eða afgreiðslustofu erlendis á þeim stað, er bankastjórninni þykir til þess hagkvæmur.

Nd. **90. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka.

Flutningsmenn: Jón Jónsson 2. þm. Reykvíkinga og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Í staðinn fyrir: »í Suður-Múlasýslu« komi: á Austurlandi.

Nd. **91. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tollgeymslu (þsk. 51).

Frá Guðlaugi Guðmundssyni, Lárusi H. Bjarnason.

Í stað »1. jan. 1913« komi: 1. nóv. 1912.

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um samþykt um veiði í Drangey.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að gera samþykt um veiði í Drangey, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Þá er sýslunefnd hefir gert frumvarp til samþyktar samkvæmt 1. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar á þeim stað, er sýslunefnd til tekur, alla

hjeraðsbúa þá, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

3. gr.

Á samþyktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, er sýslunefndin hefir gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

4. gr.

Nú er gerð samþykt eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþyktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

Staðfestri samþykt má breyta á sama hátt og hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess að ákvæða hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

Fyrir brot gegn löggiltri samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renni í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af tjeðum brotum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Nd. **93. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög frá 11. nóvbr. 1899 nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap neinar áfengisveitingar sín í milli, nje nokkur áfengisnautn fara fram í föstum fjelagsherbergjum, nema fjelagið fái til þess sjerstakt leyfi lögreglustjóra.

2. gr.

Engin áfengisnautn má eiga sjer stað í veitingahúsum, sem ekki hafa áfengisveitingaleyfi, hvorki á veitingastöðum, þar er látin er í tje gisting, nje í

öðrum veitingahúsum, svo sem í kaffisöluhúsum eða öðrum slíkum eða í veitingatjöldum, — í þeim herbergjum, er veitingar fara fram í.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum 20—1000 króna eða einföldu fangelsi alt að 3 mánaða.

Nú brýtur fjelag með föstu skipulagi gegn fyrirmælum 1. gr., og varðar þá eftir þessari (3.) gr. bæði stjórn félagsins og þá þjónustumenn fjelagsins, er taka þátt í veitingunum, eða, ef um áfengisnautn aðeins er að ræða, þá ráðendur, er vitandi eigi hindra hana. — Annars fer um ábyrgð fyrir brot gegn lögum þessum eftir venjulegum reglum.

Auk þess er lögreglustjóra heimilt að banna, með lögregluvaldi ef þarf, samkomur fjelaga, er að staðaldri hafa veitingar eða áfengisdrykkju í herbergjum sínum, eða oftar en tvisvar hafa sætt sektum fyrir brot gegn 1. gr. þessara laga.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 10—500 kr.

Auk þess skal sá, er veitingar hefir um hönd á slíkum veitingastað, og brotlegur hefir orðið tvisvar, hafa fyrirgert rjetti sínum til veitinga.

5. gr.

Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum, renna í sjóð sveitarfjelags þess, þar er brotið er framið.

6. gr.

Með mál eftir lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **94. Frumvarp**

til laga um að landssjóður kaupi einkasímann til Vestmannaeyja og símakerfið þar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir landssjóðs hönd frá 1. október 1912 einkasímalínuna frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja og talsímakerfið í Vestmannaeyjum fyrir bókfært verð, að frádregnum 1500 krónum í álag.

2. gr.

Til kaupanna samkvæmt 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að taka alt að 45150 króna lán fyrir landssjóðs hönd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Ed.

95. Nefndarálit

um frumvarp til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki (þingskjal 20).

Vjer, sem háttvirt deild hefir falið að íhuga mál þetta, leyfum oss að láta uppi álit vort á þessa leið.

Vjer lítum svo á, að frumvörp um þetta efni ættu alla jafna að koma frá landsstjórninni, því hún á hægra með en alþingi að útvega allar nauðsynilegar upplýsingar til þess, með einu orði sagt, hvort rjett sje að veita hreppsnefndum eða bæjarstjórnum, er æskja þess, einkaleyfi til vatnsveitu, eignarnámsheimild og rjett til skattálögu. En máli þessu var svo seint hreift af hálfu hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps, að stjórnin sá sjer ekki fært að bera það fram á þessu þingi.

Hins vegar ber mjög brýna nauðsyn til, að vatnsveitu verði sem allra fyrst komið á á Sauðárkróki, þar eð neysluvatn er þar ónóg og illt. Má telja víst, að ill og ónóg vatnsból í kauptúninu hafi hin síðari árin magnað þar taugaveiki, er svo hefir breiðst út um nágrannasveitirnar. Hafa Sauðárkróksbúar því nú ráðist í að taka 14000 kr. lán í veðdeild landsbankans á ábyrgð hreppsins og Skagafjarðarsýslu, til þess að koma þessu nauðsynlega fyrirtæki í framkvæmd, og eru nú svo vel á veg komnir með framkvæmd verksins, að allar líkur eru til, að vatnsveitan verði fullgerð í næstkomandi septembermánuði.

Í árslok 1909 voru húseignir á Sauðárkróki, er virtar höfðu verið til húsaskatts, 61, og virðingarupphæðirnar samtals kr. 192.722. Má því gera ráð fyrir, að virðingarverð skattskyldra húseigna í kauptúninu sje nú um 200 þús. krónur, og hækki heldur á næstu árum.

Vatnsleiðslan á eftir áætlun að kosta 14 þús. krónur, og er nú fengin nokkurnveginn full vissa fyrir því, að kostnaðurinn fer eigi teljandi fram úr þessari áætlun.

Nefndin lítur því svo á, að engin fjárhagsleg hætta sje fyrir hreppinn að standa straum af vatnsleiðslunni, sje hreppsnefndinni veittur rjettur til að leggja á þorpsbúa hæfilegan vatnsskatt. Ræður hún því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið, en leggur jafnframt til, að á því verði gerðar mjög verulegar breytingar, samkvæmt tillögum þeim, er prentaðar eru hjer á eftir.

Breytingar þessar miða að því að gera frumvarpið sem líkast lögum nr. 84 frá 22. nóvember 1907 um vatnsveitu í Reykjavík. Voru þau lög rækilega undirbúin af bæjarstjórn og hafa gefist vel.

Viðvíkjandi hinum einstöku breytingartillögum viljum vjer sjerstaklega taka þetta fram:

Oss virðist óviðkunnanlegt og óþarft að heimila hreppsnefndinni að taka vatn úr uppsprettum og brunnum í landareignum einstakra manna, svo að þeir sjeu sviftir vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Þá er það einnig óþarflega nærri gengið athafnafrelsi manna, að banna þeim að nota annað vatn til heimilisþarfa, en úr vatnsveitu hreppsins. Ráðum vjer því háttvirtri deild til að breyta báðum þessum ákvæðum frumvarpsins.

Til þess hreppsnefndin geti staðið straum af kostnaði við vatnsleiðsluna, verður að heimila henni að heimta vatnsskatt af húseignum öllum í kauptúninu. En nauðsynlegt er, að með lögum sjeu sett föst og ófrávíkjanleg takmörk fyrir upphæð skattsins, því óvarfærin niðurjöfnun gæti orðið til þess, að lækka verð húseignanna og minka lánstraust almennings.

Í lögunum um vatnsveitu Reykjavíkur er hámark skattsins ákveðið 5 ‰ af brunabótavirðingu allra þeirra húseigna, er skattinum eiga að svara. Á Sauðárkróki er engin lögskipuð brunabótavirðing, og verður því að miða skattinn við húsaskattsvirðinguna, en hámarkið teljum vjer rjett að sje hið sama og í Reykjavík, því vjer álítum varhugavert að leggja þyngri lögbundnar kvaðir á húseignirnar. Að vísu getur svo farið, að skattsupphæðin nægi ekki til að greiða vexti og hæfilega afborgun af stofnkostnaðinum og til árlegra útgjalda, en tekjuhallinn getur eigi orðið nema lítilfjörlegur, og teljum vjer þá rjett að jafna þeirri upphæð á hreppsbúa með aukaútsvörum.

Í framsögunni mun verða gerð nánari grein fyrir breytingartillögum vorum.

Alþingi, 27. júlí 1912.

Jósef Björnsson,	Steingrímur Jónsson,
formaður.	skrifari og framsögumaður.

Eiríkur Briem.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki á þingskj. 20.

1. Við 1. gr. 1. lið. Fyrir orðið »kaupstaðinn« komi: kauptúnið.
2. Við 1. gr. 2. lið. Á eftir orðunum »landareign þeirra« í endi fyrstu málsgreinar bætist inn í: þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviptir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa.
3. Við 2. gr. Fyrir orðin »kaupstaðarins« og »kaupstaðnum« komi: kauptúnsins kauptúninu.
4. Við 2. gr. Fyrir orðið »hann« fremst í annari línu komi: það.
5. Við 2. gr.: orðin »og skal engum heimilt« o. s. frv., til enda greinarinnar falli burt.
6. Við 3. gr. Greinin falli burtu.
7. Á eftir 2. gr. komi 6 nýjar greinar svohljóðandi:

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hreppsnefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kauptúninu (sbr.

4. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af húsaskattsvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6‰ af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett, sem öðrum sveitargjöldum.

4. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur í götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað.

5. gr.

Hreppsnefndin hefur rjett til að löggilda mann eða menn til þess að leggja vatnsæðar þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar kauptúnsins, og sjeu þeir skyldir að fara eftir reglum þeim er hreppsnefndin fyrirskipar.

Engir aðrir en þeir, er þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins inn í hús.

6. gr.

Hreppsnefndinni skal heimilt að loka vatnsæðum kauptúnsins fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða eyða vatni að óþörfu, eða fara óhreinlega með það.

7. gr.

Hver sem af ásettu ráði skemmir vatnsæðar kauptúnsins eða önnur mannvirki, sem heyra til vatnsveitunni, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal hlutaðeigandi sæta sektum, og að auki bæta skaðann að fullu.

8. gr.

Hreppsnefndin getur sett reglugerð um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina.

8. 4. gr. verði 9. gr.

Nd. **96. Tillaga**

til þingsályktunar um, að endurgreiða Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu það, sem nefndar sýslur greiddu fram yfir 20% af sannvirði talsímaálmunnar frá Ísafirði til Patreksfjarðar.

Frá Matthíasi Ólafssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á stjórnina, að taka upp á útgjaldadálk næstu fjárlaga endurgreiðslu á 5000 kr. sem Vestur-Ísafjarðarsýsla og Vestur-Barðastrandarsýsla borguðu fram yfir 20% af sannvirði talsímaálmunnar milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar.

Nd. **97. Nefndarálit**

um frv. til laga um ófriðun og eyðing sels í veiðiám.

Vjer nefndarmenn, sem háttv. deild fól mál þetta til meðferðar, höfum rætt það og íhugað. Hefir frumv. þetta að vísu eigi víðtæka þýðingu og mun aðallega miðað við Ölvesá. Sjáum vjer eigi neitt athugavert í því, að veita hjeruðum samþyktarvald í þessu efni með venjulegum skilyrðum, sem frumv. inniheldur. Atkvæðisrjett að samþyktinni virðist oss rjett að binda við búendur, þá er veiðirjett eiga á því svæði, sem samþyktin nær til, eða eigendur jarðanna. Situr þó atkvæði eiganda leigujarðar fyrir, ef hann vill neyta þess, en falið getur hann það leiguliða að sjálfsögðu, ef hann er í fjarlægð.

Um leið og vér mælum með frumv. viljum vjer gera við það fáeinar orðabreytingar og berum því fram þessar:

BREYTINGARTILLÖGUR

Við 2. gr. Fyrir orðin: »veiði stunda«, komi: er veiðirjett eiga.
— 3. — Orðin: »og löggildingar« falli burt.
— 4. — Fyrir orðin: »rjett manna«, komi: rjettindi manna.
— 5. — Orðið: »þinglesinni« falli burt.
— — — Fyrir orðin: »og selalátra«, komi: selalátra eða selalagna.

Alþingi 27. júlí 1912.

Ólafur Briem, formaður. Pjetur Jónsson, skrifari og framsögum.

Stefán Stefánsson, Eyf. Sigurður Sigurðsson.

Guðl. Guðmundsson.

Nd.

98. Nefndarálit

um frumvarp til laga um hagfræðisskýrslur um tóbaksinnflutning árið 1913.

Frumvarp það, er nefndin hefir haft til meðferðar, hefir samið milliþinganefnd sú, er sett var samkvæmt ályktun Alþingis 1911 til þess, meðal annars, að rannsaka hvort tiltækilegt væri, að auka tekjur landssjóðs með einkarjetti á tóbaki. Frumvarpið hefir stjórnin lagt fyrir þingið óbreytt, eins og það kom frá milliþinganefndinni og vísað um ástæður til þess, er prentað er í álitsskjölum nefndarinnar, en álit og ástæður nefndarinnar um þetta mál sjerstaklega eru prentaðar í V. kafla bls. 76—107.

Vjer höfum athugað frumvarpið og ástæður milliþinganefndarinnar fyrir frumvarpinu og leyfum vjer oss að skýra háttv. þingd. frá áliti voru á þessa leið:

Af hinum ítarlegu skýrslum um aðflutt tóbak og tóbaksvörur, er prentaðar eru í álitsskjölum nefndarinnar, má sjá, að aðflutningur á þessum vörum hefir á árunum 1876—1909, þann tíma, er tollur hefir á þeim hvílt, verið nokkuð misjafn. Á þessu tímabili hefir tollurinn fjórum sinnum verið hækkaður (1889: 0,35, 1899: 0,50, 1905: 0,65, 1909: 1,00) og það virðist mega af skýrslunum ráða, að innflutningur tóbaks hafi að vísu minkað nokkuð í svip eftir hverja tollhækkun, en hafi ætíð vaxið aftur, þegar frá leið og neytendur vöndust hinu hækkaða verði, er af tollinum leiddi.

Eftir hina síðustu tollhækkun 1909, lækkaði innflutningur á tóbaki það ár um nál. 40,000 pd. en næsta ár, 1910, hækkaði hann aftur um nál. 30,000 pd. frá árinu áður. Það má því telja það nokkurn veginn ábyggilegt, að innflutningur á þessari vörutegund muni eigi minka að neinum verulegum mun undir sama tolli, og undanfarin reynsla virðist benda til þess, að hann vaxi jöfnum fetum með fjölgun fólks í landinu.

Milliþinganefndin telur það sæmilega víst, að tekjur af tóbakstollinum muni framvegis verða um 200,000 kr. á ári, og vjer erum að öllu leyti samdóma þeirri áætlun nefndarinnar.

Að því svo er snertir fyrirhugað einkaleyfi á innflutningi og tilbúningi tóbaksvöru og sölu hennar í landinu, þá hefir milliþinganefndin eigi getað gert neinar verulega ábyggilegar áætlanir um, hvað kosta muni að koma hjer á fót nægilega stórri verksmiðju fyrir þennan iðnað. Með hliðsjón af áætlun Svía um sviplika stofnun þar í landi, hefir nefndin getið sjer þess til, að stofnfje slíkrar verksmiðju mundi verða nál. 265,000 kr.

Það virðist nú engum vafa bundið, að nokkur ár mundi þurfa til þess, að stofnsetja tóbaksiðnað í landinu og koma föstu skipulagi á framkvæmd einkarjettarins, og það virðist nær því víst, að á þeim árum mundi þetta fyrirkomulag leiða af sjer meiri gjöld en tekjur fyrir landssjóðinn. En eins og hag landssjóðs nú er varið, virðist það með öllu ótiltækilegt að ríra í svipinn þær tekjur, er hann hefir. Eins og nú er ástatt með fjárhag landsins, virðist það mest áríðandi, að benda á sem heppilegasta vegi, til þess að útvega landssjóði tekju-auka þegar í stað, en til þess eru engar líkur, að slíkur tekju-auki fáist fljótlega, þótt að því væri snúið að undirbúa tóbaks-einkarjett í landinu.

Þótt vjer nú að vísu eigi teljum það frágangssök, að lögleiða landseinkarjett á innflutningi, tilbúningi og sölu tóbaks, ef veruleg hagsvon væri að því

fyrir landssjóð og landið í heild sinni og brýn nauðsyn bæri til. — Þar sem hjer er um að ræða munaðarvöru, en eigi nauðsynjavöru, þá teljum vjer þó alls eigi tiltækilegt, að framselja þann einkarjett einstökum manni eða fjelagi. Vjer teljum vafalaust, að slíkt einkaleyfi mundi í einstaks manns eða fjelags höndum verða til mikillar óánægju í landinu og valda mikilli misklíð. Slíka samninga, er gilda yrði um nokkurt árabil, er tæplega mögulegt að gera svo úr garði, að einkaleyfishafinn eigi geti misbeitt samningnum, og það má ganga að því vísu, að landsmönnum mundi slíkt fyrirkomulag þyrnir í auga, í öllu falli fyrst um sinn, og að þeir mundu eigi sleppa neinu tækifæri til að hreifa kvörtunum og kærum yfir einkaleyfishöfunum. — Að vísu mætti gera ráð fyrir því, að atvinna mundi aukast í landinu að miklum mun, ef hjer væri stofnsettur tóbaksiðnaður, en sá atvinnu-auki mundi fyrst um sinn koma landinu að litlu liði. Sem stendur er enginn tóbaksiðnaður hjer á landi og þar af leiðandi enginn maður, að heita má, sem nokkurt handtak kann að þeim iðnaði. Það yrði því eigi fyrri en að nokkrum tíma liðnum, sem innlent verkafólk gæti fengið nokkra verulega atvinnu við þennan iðnað. Framan af yrði að reka hann með útlendri fagþekking, útlendu fje — ef einkaleyfið væri framselt — og væntanlega útlendu verkafólki.

Vjer erum einnig samdóma meiri hluta milli-þinganefndarinnar um það, að það sje mjög tvísýnt, að þetta einkaleyfi, þótt það væri leitt í lög og komið í framkvæmd, gæfi af sjer meiri tekjur í landssjóð, heldur en nú fást af tóbakstollinum, og teljum það því mjög sennilegt, að Alþingi og fjárhagsstjórn landsins muni í öllu falli, um nokkurt árabil, hika við að leggja stórfje í jafn-vandsjeð fyrirtæki. Þessvegna getum vjer ekki búist við, að neinn árangur yrði af því, þó að nú þegar væri farið að safna skýrslum til undirbúnings þessu einkaleyfi. Það ætti, að vorri ætlun, að bíða til þess, er líklegri horfur væru fyrir slíku einkaleyfi, en nú eru, og um innflutning tóbaks að vörumagni eru árlega ábyggilegar skýrslur í tollreikningunum. — Þótt að vísu skýrslusöfnun sú fyrir árið 1913, er frumvarpið fer fram á, eigi hafi verulegan kostnað í för með sjer, þá bakar hún þó kaupmönnum og yfirvöldum talsverðan erfiðisauka. Engin trygging er fyrir því, að þessar skýrslur verði samræmari eða ábyggilegri, en hinar núverandi verslunarskýrslur, því ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir neinum sjerstökum eða frekari ráðstöfunum til þess, að tryggja áreiðanleik skýrslnanna. Gera má og ráð fyrir því, að þetta tóbaks-einkaleyfi eigi enn svo langt í land, að skýrslur frá árinu 1913 verði þegar þar að kemur orðnar svo gamlar, að ekkert verði með vissu á þeim bygt, og að þá þurfi að útvega nýjar skýrslur.

Vjer teljum því að svo stöddu eigi von neins árangurs af frumvarpinu, síst í þá stefnu, er mestu varðar, að útvega landssjóði fljótlega þær tekjur, er hann nauðsynlega þarf, og ráðum vjer því deildinni að fella frumvarpið.

Neðri deild Alþingis, 27. júlí 1912.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögum.

Halldór Steinsson. Stefán Stefánsson, Eyf. Þorleifur Jónsson.

Nd. **99. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o.fl.

Flutningsmenn: Einar Jónsson og Eggert Pálsson.

Sjerstakt læknishjerað, er nefnist Eyjafjallahjerað, skal vera: Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur ásamt svo nefndum Bakkabæjum. Læknissetur sem næst Markarfljóti, öðru hvoru megin.

Breyting þessi gengur í gildi, þegar hjeraðið verður veitt umsækjanda.

Ed. **100. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnun yfirsetukvennaskóla í Reykjavík (þgsk. 80).

Frá Einari Jónssyni.

1. Aftan við fyrri málsgrein 3. gr. bætist:
   Meðan honum er eigi veitt sjerstakt skrifstofufje.
2. 4. gr. orðist svo:

Styrkur skal veittur námskonum, meðan þær eru við námið, og ákveður stjórnarráðið hann eftir tillögum landlæknis. Skal hann venjulega eigi minni vera en 40 kr. á mánuði, nema landlæknir ráði eindregið til; en veita má allt að 50 kr., þegar sjerstakar ástæður mæla með því.

Nd. **101. Breytingartillögur**

við frv. til yfirsetukvennalaga.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. Við 1. gr. fyrri málsgrein.
   Orðin: »konunglegu fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða öðrum« falli burt.
2. Síðari liður 1. gr. orðist svo:
   Yfirsetukonur í Reykjavík, þær sem kenna eiga yfirsetufræði, skulu hafa notið kennslu í erlendri fæðingarstofnun, sem veitir næga fræðslu að dómi landlæknis.
3. Við 4. gr. 1. Í stað »60« komi: 80.
4. — - — 2. Í stað »60« kemi: 80.
5. — - — Síðasta málsgrein falli burt.
6. Við 5. gr. Fyrri málsgreinin falli burt.

Hin síðari orðist svo: Ef yfirsetukona slasast, þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sjer á annan hátt, þá skal hún eiga kröfu til eftirlauna, en bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveður upphæð þeirra.

7. Við 7. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukonan heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eftir á, auk ókeypis fararbeina, og skal ekki telja þau sveitargjöld með fátækrastyrk.

Ed. **102. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 82.

Frá yfirsetukvennaskólanefndinni.

Við 2. lið: Fyrir »50 kr.« komi: 45 kr.

Nd. **103. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Þegar stjórnarskipunarlögin frá 3. okt. 1903 voru til umræðu á alþingi 1902, kom til orða að hafa ráðherraembættið eftirlaunalaust, en vegna skildaga stjórnarinnar fyrir staðfestingu frumvarpsins, þótti ekki fært að halda því atriði til streitu. Síðan hefir verið vakið máls á því aftur og aftur, að lækka ráðherraeftirlaunin og jafnvel afnema þau með öllu; en síðari leiðin er ekki fær án breytingar á stjórnarskránni. Út á fyrri leiðina var lagt bæði á alþingi 1909 og 1911, en málið gekk í hvorugt skiftið fram, vegna ósamkomulags um auka-atriði.

Meiri hluti nefndarinnar er á því, að lækka beri eftirlaun ráðherra nú þegar. Það þarf naumast að gjöra ráð fyrir því, að lækkunin mundi fæla aðra frá að takast embættið á hendur en þá, sem líta kynnu fullmikið á eigin hagsmuni, og að slíkum mönnum væri ekki mikil eftirsjá. Hitt er aftur á móti víst, að ráðherraeftirlaunin hafa verið alltilfinnanleg byrði á landssjóði, því nær 21,000 kr. á rúmum 3 árum, en enn þá miklu tilfinnanlegri myndu þau verða, ef ráðherrum yrði fjölgað, svo sem við borð liggur, og allsendis óvíst, að fjölguninni yrði samfara afnám eftirlaunanna.

Meiri hlutanum þykir eftirlaunahæð frumvarpsins hæfileg, og leyfir sjer því að leggja það til, að frumvarpið verði samþykt. En af því að orðaður hefir verið efi um afstöðu frumvarpsins til eldri eftirlaunalaga, þykir eftir atvikum rjett, að bæta aftin við 1. gr. svo hljóðandi málsgrein:

Undanfarandi ákvæði eiga ekki við þá, sem unnið kunna að hafa sjer rjett að lögum til annarar eftirlaunaupphæðar.

Neðri deild Alþingis, 29. júlí 1912.

Jón Magnússon, formaður. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögumaður.

Ólafur Briem. Sigurður Sigurðsson. Tryggvi Bjarnason.

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Yfirsetukvennaskóla skal setja á stofn í Reykjavík.

2. gr.

Námstiminn skal vera 6 mánuðir og byrja 1. október ár hvert.

3. gr.

Landlæknir skal vera kennari skólans, og hafa 1000 kr. á ári fyrir þann starfa.

Þar að auki skal ráða 3 yfirsetukonur í Reykjavík, til að veita námskonum verklega tilsögn; skulu þær fá 100 kr. þóknun á ári, hver þeirra. Ráðherra veitir yfirsetukonum þennan starfa eftir að hafa fengið tillögur landlæknis.

4. gr.

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 45 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

5. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugerð fyrir hann.

6. gr.

Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

7. gr.

Landlæknir ákveður, hver skuli vera áhöld yfirsetukvenna.
Landssjóður leggur til áhöld í yfirsetukvennaumdæmin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1912.

Nd. **105. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Gjögri í Strandasýslu.

Eftir 3. umr. í Ed.

1. gr.

Gjögur við Reykjarfjörð í Strandasýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61 frá 10. nóvbr. 1905 og birt þau í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **106. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Ed. 29. júlí 1912. (Till. til þingsályktunar um atkvgr. um að nema úr gildi lög nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi. Þingskjal 41).

Deildin telur rjett, að aðflutningsbannslögin verði eigi úr lögum numin án undangenginnar atkvæðagreiðslu þjóðarinnar. En þar sem reynsla er ekki komin á bannlögin, telur deildin tillögu þá, sem fyrir liggur, of snemma borna fram, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **107. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um prestsmötugjald til Grundarkirkju í Eyjafirði.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson Eyf. H. Hafstein.

Aftan við 1. gr. bætist: Auk þeirra tekna, sem nú eru.

Ed. **108. Frumvarp**

til laga um að landssjóður kaupi einkasímann til Vestmannaeyja og símakerfið þar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir landssjóðs hönd frá

1. október 1912 einkasímalínuna frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja og talsímakerfið í Vestmannaeyjum fyrir bókfært verð, að frádregnum 1500 krónum í álag.

2. gr.

Til kaupanna samkvæmt 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að taka alt að 45150 króna lán fyrir landssjóðs hönd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Ed. **109. Frumvarp**

til laga um samþykt um veiði í Drangey.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að gera samþykt um veiði í Drangey, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Þá er sýslunefnd hefir gert frumvarp til samþyktar samkvæmt 1. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar á þeim stað, er sýslunefnd til tekur, alla hjeraðsbúa þá, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

3. gr.

Á samþyktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, er sýslunefndin hefir gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

4. gr.

Nú er gerð samþykt eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþyktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir

stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

Staðfestri samþykt má breyta á sama hátt og hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess að ákvæða hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

Fyrir brot gegn löggiltri samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renni í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af tjeðum brotum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Ed. **110. Frumvarp**

til laga um samþyktir um mótak.

Eftir 3. umr. í Nd.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um mótak, til að koma í veg fyrir landsspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mólands og hættur af mógröfum.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, semur hún frumvarp til samþyktar. Þá skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem heima eiga á því svæði og atkvæðisrjett hafa í sveitamálum og þeir, sem mótak eiga eða fjárráðamenn þeirra, ef þeir eru ófullveðja, svo og landsetar á mótaksjörð, þótt eigi hafi þeir hinn tilskilda atkvæðisrjett í sveitamálum. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir frá 5—50 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **III. Frumvarp**

til laga um merking á kjöti.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Merki það, er lögskipaðir dýralæknar, eða aðrir dýralæknar, nota til þess að merkja kjöt, sem þeir hafa gert heilbrigðisskoðun á, og hæft er til útflutnings, skal vera blár jafnarma þríhyrningur með tölunni 1 innan í.

Rjett til að nota þetta merki hafa og þeir lögskipaðir læknar, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá dýralækninum í Reykjavík eða á Akureyri.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp.

Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir skoðun og stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 aura fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Eigi má merkja kjöt til útflutnings nefndu merki, nema kjötið sje að öllu leyti hreinlátlega meðfarið að áliti læknisins. Að öðru leyti semur stjórnarráðið nánari reglur um kjötskoðun, eftir tillögum dýralækna til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim, sem taldir eru í 1. gr., er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með merki því, sem til er tekið í nefndri grein.

Sömuleiðis er óheimilt, að taka upp eða nota þau merki á kjöt, er svo eru lík að lit og lögun, að hætt sje við að um verði vilst.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, alt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar er brotið.

Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **112. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar í Norðfirði.

Flutningsmaður: Jón Ólafsson, Sunnmýlinga-þm.

Löggilt verslunarlóð kauptúnsins í Norðfirði í Suður-Múlasýslu er með þessum lögum stækkuð frá vesturmörkum núverandi verslunarlóðar inn að Norðfjarðará um 60 faðma breiða spildu frá fjöru til fjalls.

Ed. **113. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Steingrímur Jónsson.

1. gr.

Alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, skulu hafa í fæðispeninga 9 kr. fyrir hvern dag, frá því þeir fara að heiman til alþingis og þar til þeir koma heim aftur. Alþingismenn, sem búsettir eru í Reykjavík, fá í fæðispeninga 6 kr. fyrir hvern dag, meðan þingið stendur yfir.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, sem hjer segir:

1.	Úr	Suður-Múlasýslu	kr.	185,00
2.	—	Norður-Múlasýslu	—	195,00
3.	—	Seyðisfirði	—	110,00
4.	—	Norður-Þingeyjarsýslu	—	175,00
5.	—	Suður-Þingeyjarsýslu	—	165,00
6.	—	Eyjafjarðarsýslu	—	125,00
7.	—	Akureyri	—	85,00
8.	—	Skagafjarðarsýslu	—	120,00
9.	—	Húnavatnssýslu	—	115,00
10.	—	Strandasýslu	—	105,00
11.	—	Norður-Ísafjarðarsýslu	—	95,00
12.	—	Ísafirði	—	55,00
13.	—	Vestur-Ísafjarðarsýslu	—	70,00
14.	—	Barðastrandarsýslu	—	75,00
15.	—	Snæfellsnessýslu	—	60,00
16.	—	Dalasýslu	—	70,00
17.	—	Mýrasýslu	—	55,00
18.	—	Borgarfjarðarsýslu	—	55,00
19.	—	Gullbringu- og Kjósarsýslu	—	20,00
20.	—	Árnessýslu	—	75,00
21.	—	Rangárvallasýslu	—	95,00
22.	—	Vestur-Skaftafellssýslu	—	190,00
23.	—	Austur-Skaftafellssýslu	—	370,00
24.	—	Vestmannaeyjum	—	20,00
25.	—	Danmörku	—	190,00

3. gr.

Nú verður tálmi á þingför alþingismanns af ís, slysum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum, og á hann rjett til endurgjalds á þeim kostnaði, er þar af leiðir.

4. gr.

Sameinað alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forseti í hlutaðeigandi deild ávísar upphæðunum.

5. gr.

Útgjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr landssjóði.

6. gr.

Með lögum þessum er 37. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi feld.

Ed. **114. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um útrýming fjárkláðans.

Nefnd sú, er háttv. efri deild alþingis setti til að athuga frumvarp það, sem hjer ræðir um, hefir rætt málið á allmörgum fundum og eftir föngum leitast við að gera sjer ljóst, hve útbreiddur fjárkláðinn væri í landinu, og hve brýn þörf væri á ráðstöfunum þeim — nú þegar — til útrýmingar honum, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Nefndin var þegar í byrjun einhuga á því, að nauðsynlegt væri, að eigi yrði staðar numið í baráttunni gegn fjárkláðanum fyr en vogestur sá væri upprættur úr landinu. Um hitt kom nefndinni og saman, að þar sem fjárkláði væri, mundi eigi auðið að lækna hið kláðasjúka fje, svo trygt væri, nema með tvíböðun, er færi fram með hæfilegu millibili (10—20 dögum). Þetta er samhuga álit dýralækna, bygt á reynslu, og verður því á því að byggja.

En þótt nefndin þannig fyllilega *viðurkenni rjettmæti þess* tilgangs, sem frumvarpið hefir: *að fá fjárkláðanum útrýmt með öllu,* og þótt hún sje þeirrar skoðunar, að *tvíböðun þurfi til lækningar á kláðasjúku fje,* þá lítur hún svo á, að *þetta sje ekki nægar ástæður til að skipa fyrir með lögum, að tvíböðun fari fram á öllu sauðfje á landinu, nema sannað sje, að fjárkláðinn geri svo víða vart við sig, að sagt verði með rökum, að í öllum hjeruðum landsins sje sauðfjeð grunsamt.* Án þess að slík ótvíræð rök liggi fyrir, er það *tæpast verjandi,* að löggjafarvaldið leggi á landsmenn allan þann mikla kostnað og fyrirhöfn, sem tvíböðun alls sauðfjár í landinu hefir í för með sjer.

Þess verður vel að gæta, þegar um mál þetta er að ræða, að kostnaðurinn, sem tvíböðun til útrýmingar fjárkláðanum fylgir, er ekki að eins sá kostnaður, sem liggur í baðinu sjálfu og kaupi kláðalækna og baðara, heldur ýms kostnaður annar. Meðal annars leiðir af þessu meiri fóðureyðslu handa fjenu sökum innigjafar, sem ekki verður komist hjá, þótt innigjöfin þurfi að líkindum ekki að vara eins lengi og talið var nauðsynlegt, þegar útrýmingarböðunin fór fram fyrir nokkrum árum. Og á þetta atriði má leggja nokkra áherslu, því sumstaðar í landinu er svo ástatt, að heyforði er lítill handa sauðfjenu, af því ekki er hægt að afla mikilla heyja. Á slíkum stöðum verður því að nota útigang svo mikið, að nokkurra daga innigjöf, sem hjá mætti komast, getur haft miklá fjárhagslega þýðingu fyrir fjáreigendur. Hjer við bætist og, að *þótt tvíböðun alls sauðfjár í landinu á einum vetri væri nægileg til að lækna alt kláðasjúkt fje,* og drepa alla maura er á fjenu væri, *mun hæpið,* að *hægt væri að sótthreinsa svo rækilega að fulltrygt væri, að kláði gæti ekki komið upp aftur,* fyrir þá sök. Á einum af fundum nefndarinnar var Magnús Einarsson dýralæknir mættur að ósk nefndarinnar. Þá var því hreift, að tvísýnt mundi vera, hvort sótthreinsun tækist svo vel, að enga hættu væri að óttast úr þeirri átt, og *ljet hann þá í ljós, að ekki væri hægt að fullyrða neitt um það, hvort sótthreinsun gæti tekist svo vel, að úr þeirri átt væri ekkert að óttast.*

En fyrst það nú verður að teljast *tvísýnt,* samkvæmt því, er hjer er bent á, *hvort tvíböðun alls sauðfjár í landinu yrði til þess að útrýma fjárkláðanum í einu og með öllu,* og þá líka hvort frumvarpið næði tilgangi sínum, þótt það yrði að lögum, þá var það skoðun nefndarinnar, að *það eitt gæti rjettlætt, að gera frumvarpið að lögum nú á þessu þingi, ef hægt væri að segja með rök-*

um og sanna, að yfirvofandi tjón af kláðanum lægi fyrir dyrum — af því hann fyndist um land alt — *ef ekki væri nú þegar alvarlegar ráðstafanir gerðar til að aftra því.*

Það lá því næst fyrir nefndinni að athuga þessa hlið málsins eftir föngum. En þegar að þessu kom, varð nefndinni það ljóst þegar í byrjun, að í *athugasemdum stjórnarinnar* við frumvarpið *var ekkert að finna um útbreiðslu kláðans. Í brjefi dýralæknisins í Reykjavík* til stjórnarráðsins dags. 7. febr. þ. á., sem er fylgiskjal með frumvarpinu áfast því, er heldur *ekki neitt annað* um þetta að finna *en þessa umsögn hans: »Og þegar svo er komið, að kláðinn hefir komið upp í flestum sýslum landsins, er mestur hluti landsins grunsamur«*[1]). (St.frv. bls. 5). En á hverju þessi umsögn dýralæknisins byggist, ef hana á að skilja á þann veg, að *kláði sje nú* í flestum sýslum landsins, það sjest hvergi. Það skiftir þó mestu að vita um, hvernig ástandið er nú, einmitt þetta árið. En dýralæknirinn miðar orð sín að líkindum við eldri tíma, því í upphafi brjefsins til stjórnarráðsins vitnar hann til ritgerða eftir sig um fjárkláðann, er prentuð var í »Frey«, og sjerprentuð fylgdi skjölum, er nefndinni bárust frá stjórnarráðinu. Nefndin tók því til athugunar það, sem sagt er í ritgerð þessari um útbreiðslu kláðans. Í henni telur dýralæknirinn upp ýmsa staði, þar sem kláði hefir fundist, og sýnir með því, að á árunum 1907—1910 hafi kláða orðið vart svo víða, að »að eins [sjeu] fjórar sýslur, þar sem ekki er kunnugt um, að kláði hafi komið upp«.

Þetta var all-ískyggilegt, ef af því mátti draga þá ályktun, að nú væri kláði eða kláðagrunur í öllum þeim sýslum, þar sem hann hafði fundist árin 1907—1910, en til þess benda orð dýralæknisins og tilvitnun hans í ritgerðina.

Nefndin taldi þó vafasamt, að þessi ályktun væri rjett, og bygði það á tveim meginatriðum:

1. Að á hinu umrædda árabili hefir kláðinn eigi fundist nema á 1 kind að eins í sumum sýslunum, eftir því sem segir í ritgerðinni, svo sem í Suður-Múlasýslu, eða þá á einum eða tveim bæjum í sýslu, svo sem Eyjafjarðarsýslu (Litladal)[2]), Ísafjarðarsýslu (Dvergasteini í Álptafirði og Skarði á Snæfjallaströnd), o. s. frv.
2. Að sjálfsagt má ætla, að böðun hafi fram farið á hinu sjúka fje, og það verið læknað. En hvort kláði hafi þrátt fyrir það verið síðan á sömu stöðunum eða komið upp á öðrum nýjum stöðum, er ekkert sagt um, því umsagnir dýralæknisins enda með árinu 1910, en til þess tíma getur hann ekki um neina staði, þar sem kláði hafi fundist ár eftir ár.

Gögnin, sem nefndin hafði á að byggja, reyndust þannig í alla staði *ónóg* til þess, að sýna með vissu hve útbreiddur kláðinn *væri nú* og *hefði verið* síðustu árin, og af þeim varð *ekki sjeð, hvort kláðinn væri að aukast eða rjena í landinu.*

Að svo vöxnu máli þótti nefndinni varhugavert að gera tillögur um frumvarpið, og ákvað því að leita frekari upplýsinga hjá landsstjórninni. Nefndin skrifaði því stjórnarráðinu 19. þ. m. og óskaði, að fá til athugunar skýrslur þær, er stjórninni hefðu borist um uppkominn kláða nú síðustu árin. Hún óskaði og jafnframt eftir, að fá til athugunar skjöl þau um kláðaráðstafanir á Englandi,

1) Auðkent af nefndinni.

2) Það var 1 kind, og var upplýst á Alþingi 1911, að á henni hefði verið fjelagsmaur, en ekki fjárkláðamaur.

sem stjórnin hafði útvegað og sent dýralækninum í Reykjavík til athugunar og um er getið í brjefi hans til stjórnarráðsins, dags. 7. febr. þ. á.

Stjórnarráðið sendi nefndinni samdægurs hin umbeðnu skjöl, 46 að tölu. Skýrslur um kláðann voru úr 8 sýslum (Mýra- og Borgarfjarðarsýsla þá talin ein sýsla), og ná yfir árin 1910, 1911 og 1912.

Ensku fyrirskipanirnar um fjárkláða yfirfór nefndin og kynti sjer þær nokkuð. Skýrslurnar um fjárkláðann hjer á landi rannsakaði nefndin rækilega og gerði útdrátt úr þeim, til þess að reyna að fá yfirlit yfir það, hve víða og hve mikill fjárkláðinn hefði verið síðustu árin og væri nú sem stendur.

Á útdrættinum, sem gerður var, reyndist minna að græða, en nefndin hafði búist við, því í skjölunum, sem eru tilkynningar og skýrslur um, hvar vart hafi orðið við kláða, eru *engar tilkynningar frá yfirstandandi ári nema úr Skagafjarðarsýslu einni.* Þar hefir *kláði fundist á síðasta vetri og vori á 9 bæjum.* Mestur er kláðinn talinn á Uppsölum í Akrahreppi, en það fje var þá nýflutt úr Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu.

Það er því ljóst, að *nú er kláði í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu,* og þar hefir talsvert bólað á honum undanfarin ár, en *hvort hann er víðar á þessu ári, verður ekkert um sagt,* þar sem engar tilkynningar liggja fyrir um, að kláði hafi gert vart við sig í öðrum sýslum landsins. Eigi að síður taldi nefndin þó mögulegt, að svo kynni að vera, þótt óvíða hefði á kláða borið árið 1911 samkvæmt tilkynningum þeim, er nefndin hafði með höndum.

Til þess að ná í alt það, sem skýrt gæti þetta atriði, skrifaði nefndin enn til stjórnarráðsins 22. þ. m. og óskaði eftir að fá til athugunar skýrslur þær um alidýrasjúkdóma, sem safnað er samkvæmt lögum 20. okt. 1905 og sendar eru stjórnarráðinu samkvæmt reglugerð frá 1. sept. 1906.

Skýrslur þessar fjekk nefndin þegar um hæl, og ná þær yfir árabilið 1907—1911. Fyrir síðastliðið ár (1911—1912) eru skýrslur þessar ekki komnar til stjórnarráðsins, því samkvæmt reglugerð 1. sept. 1906 eru þær eigi sendar fyr en í lok ágústmánaðar.

Um ástandið á þessu ári fengust því ekki neinar beinar skýringar af skýrslunum um alidýrasjúkdóma. En þar sem kláðinn hefir ekki gert nema lítið vart við sig og óvíða árið 1910—1911, annarstaðar en í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu, og virðist sumstaðar vera horfinn með öllu, þar sem hann var á árunum 1907—1910, þá er ekki ósennilegt, að *hann hafi nú aðalaðsetur sitt á Norðurlandi* og, ef til vill, á einhverjum hluta af Vesturlandi, því árið 1910—1911 fanst kláði í 7 kindum í Barðastrandarsýslu, eins og sjest á útdrætti þeim úr skýrslunum, sem nefndin gerði, og hjer fylgir á eftir.

Ásamt útdrættinum úr skýrslunum um alidýrasjúkdóma hefir nefndin sett í eina yfirlitsskýrslu útdrátt þann, er hún gerði úr tilkynningum þeim um fjárkláða, er hún hafði með höndum frá stjórnarráðinu, og útdrátt úr hinni sjerprentuðu ritgerð dýralæknisins. Þetta gerði nefndin til samanburðar á útdráttunum og til þess að fá í einu lagi svo glögt yfirlit yfir útbreiðslu kláðans á síðari árum, sem kostur var á.

Útdrátturinn úr skýrslunum um alidýrasjúkdóma er í dálkunum I, útdráttur úr tilkynningum til stjórnarráðsins í dálkunum II, en í dálkunum III eru umsagnir dýralæknisins í Reykjavík í hinni sjerprentuðu ritgerð hans.

Yfirlit yfir útbreiðslu fjárkláða á árunum 1906 til 1912.

Yfirlit yfir útbreiðslu fjár-

	1906—1907			1907—1908			1908—1909			1909—1910		
	I	II	III	I	II	III	I	II	III	I	II	III
Rangárvallasýsla	eng.	Ekki fengið neinar skriflegar tilkynningar um fjárkláðann.		eng.	Ekki haft neinar skriflegar tilkynningar um fjárkláðann.		eng.	Ekki haft neinar skriflegar tilkynningar um fjárkláðann.	Kláði[1] Ásahr	eng.		
Árnessýsla	3[1]			eng.			318[2]		»Logaði öll í kláða«	1[3]		
Gullbringu- og Kjósarsýsla....	5[1]			eng.		14.jún 1907 3 kind ur	eng.			eng.		
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla ...	20[1]			eng.			10[2]		á 4 bæj.	19[3]	1 kind á Grund i Skorradal	á 4 bæjum
Snæfellsnessýsla	10[1]		Kláði á Skógarstr.	eng.			eng.			eng.	16[2] kindur	á 2 bæjum: Hólmlátri og Emmubergi.
Dalasýsla	40[1]		Kláði á Gunnarsstöðum	eng.			eng.			eng.	Vantar tilvitnaðar hreppaskýrslur	Kláði fanst að vori 191(
Barðastrandars..	eng.			eng.			eng.			eng.	á 3 bæjum	á 3 bæjum: Skálanesi og 2 bæjum í Geiradal
Ísafjarðarsýsla ..	eng.			3[1]		á 2 bæj.	eng.			eng.		
Strandasýsla[1]....	eng.			eng.			eng.			eng.		
Húnavatnssýsla..	15[1]			1[2]			4[3]			4[4]	á 10 bæjum	á 5 bæjum að minsta kosti

kláða á árunum 1906—1912.

1910—1911			1911—1912			Skýringar:
I	II	III	I	II	III	
engin			Skýrslur um alidýrasjúkdóma eru ókomnar til stjórnarráðsins.			[1]) Dýralæknir segist sjálfur hafa skoðað maurinn.
engin						[1]) Í Ölfushreppi á tímanum janúar til maí. [2]) - Ölfushreppi 2 kindur - Villingaholtshreppi 55 kindur - Gaulverjabæjarhr. 245 kindur - Sandvíkurhreppi 5 kindur - Stokkseyrarhreppi 11 (óþrif) } alt á tímanum jan.—maí [3]) Í Grímsneshreppi á tímanum jan.—maí.
Vantar skýrslu		1 kind á Lágafelli 25. júní 1910				[1]) Í Kjalarneshreppi á tímanum júní—sept.
engin	1 lamb grunsamt á Grund í Skorrad.					[1]) Í Reykholtshreppi - Lundareykjadalshreppi - Andakílshreppi } á tímanum janúar—maí [2]) Í Andakílshreppi á tímanum jan.—maí [3]) Í Stafholtstungnahreppi 7 - Andakílshreppi 12 } á tímanum janúar—maí
engin						[1]) Í Skógarstrandarhreppi: 1 kind á tímanum okt.—des. 9 kindur á tímanum jan.—maí [2]) Að vetrinum 1909—1910 á bæjunum: Hólmlátri, Emmubergi og Árnahúsum.
Vantar skýrslu		Kláði fanst að hausti 1910				[1]) Talið svo í aðalskýrslu, en hreppaskýrslur eru engar. Er á tímanum janúar—maí.
7[4]						[1]) Í Barðastrandarhreppi 2 kindur á tímanum janúar—maí. I Flateyjarhreppi 3 kindur í janúar—maí. - Gufudalshreppi 2 — - júní—sept.
Vantar skýrslu						[1]) Í Súðavíkurhreppi á tímanum janúar—maí.
engin						[1]) Dýralæknirinn (M. E.) segir, að kláði hafi komið upp í Strandasýslu eftir böðunina 1905—1906, en tiltekur hvorki stað nje tíma, og sjest því ekki, á hverju hann byggir þetta.
22[5]	á 1 bæ í Svínavatnshr. og víðar gruns. 1 kind í Grímst.					[1]) Í Kirkjuhvammshr. { 5 kindur jan.—maí. 2 — júní—sept. 6 — okt.—des. - Vindhælishreppi 2 kindur okt.—des. [2]) Í Sveinsstaðahreppi í jan.—maí. [3]) Á Þorfinnsstöðum í Þverárhreppi í jan.—maí. Þar var áður fyrri mikill kláði. [4]) Á Þorfinnsstöðum. Eru líklega sömu kindur og taldar eru árið áður. [5]) Eiga líklega að teljast næsta ár á undan.

Yfirlit yfir útbreiðslu fjárkláð-

	1906—1907			1907—1908			1908—1909			1909—1910		
	I	II	III	I	II	III	I	II	III	I	II	III
Skagafjarðarsýsla	2[1]	Ekki haft neinar skriflegar tilkynningar um fjárkláðann.		4[2]	Ekki haft neinar skriflegar tilkynningar um fjárkláðann.	á 1 bæ	eng.	Ekki haft neinar skriflegar tilkynningar um fjárkláðann.		8[3]	á 1 bæ	á Ási í Hegranesi
Eyjafjarðarsýsla.	eng.			eng.			eng.			1[1]	Fjelagsmaur á 2 bæjum	Kláði í Litladal
Þingeyjarsýsla ..	3[1]		Kláði á Eystra-Landi og Ytri-Brekku	3[2]			eng.			eng.		
Norðurmúlasýsla	eng.			eng.			eng.			Vantar skýrsl		
Suðurmúlasýsla.	eng.			eng.			eng.			eng.	á 1 bæ: Mýrnesi	1 kind frá Mýrnesi
Skaftafellssýsla..	eng.			eng.			eng.			eng.		
Samtals	98			11			332			33		

Aths: Tölurnar í dálkunum I

ans á árunum 1906—1912 (framh.).

1910—1911			1911—1912			Skýringar:
I	II	III	I	II	III	
15[4]	á 15 bæjum í 5 hreppum		Skýrslur um alidýrasjúkdóma eru ókomnar til stjórnarráðsins.	á 9[5] bæjum		[1]) Í Sauðárhreppi í júní—sept. [2]) - Staðarhreppi í jan.—maí. [3]) Á tímanum jan.—maí. [4]) - — jan.—maí. [5]) - — jan.—maí. Á Uppsölum í Akrahreppi megn kláði. — Fjeð nýflutt úr Bólstaðahlíðarhreppi í Húnavatnssýslu.
engin						[1]) Í Saurbæjarhreppi (Litladal) á tímanum janúar—maí.
engin						[1]) Í Svalbarðshreppi og Öxarfjarðarhreppi á tímanum jan.—maí. [2]) Í Sauðaneshr. í júní—sept.
Vantar skýrslu						
engin	1 kind í Kolastaðagerði					
engin						
44						

merkja tölu kláðasjúkra kinda.

Þegar yfirlitið yfir útbreiðslu fjárkláðans er athuguð, þá sjest, að *sönnunargögn þau, er liggja fyrir, geta ekki tilefni til að líta svo á, að fjárkláðinn sje svo mikill og útbreiddur að yfirvofandi hætta stafi af honum fyrir landið í heild sinni.*

Óneitanlega er kláði hingað og þangað, og í nokkrum hluta af Norðurlandi ber mest á honum síðustu árin. Það er ekki hægt annað að segja, en að *kláðinn hafi verið lítill yfirleitt síðan 1906,* og um verulegt tjón af honum þennan tíma er ekki að ræða. Samkvæmt skýrslum þeim, er nefndin hafði með höndum, hafa *ekki drepist á öllu landinu nema um 30 kindur af völdum kláðans, á árunum 1906—1911.* Það fje, sem veikst hefir af kláða, má heldur ekki heita margt neitt árið frá 1906—1911, og síðari árin fer það fækkandi. En hve fátt kláðasjúka fjeð hefir verið, er vafalaust að þakka útrýmingarböðun þeirri, er Myklestad stóð fyrir. Hún hefir allstaðar dregið mjög úr kláðanum, og virðist sumstaðar að hafa útrýmt honum.

Eins og yfirlitið hjer að framan ber með sjer, vantar skýrslur um alidýrasjúkdóma úr allmörgum sýslum árið 1910—1911, árið 1909—1910 vantar og skýrslur úr Norðurmúlasýslu, og úr Vestmannaeyjasýslu er engin skýrsla fyrir neitt árið. Þessi vöntun á skýrslunum er undarleg, þegar þess er gætt, að hægt er að beita dagsektum til að ná þeim. Og að því er snertir kláðamálið, er ilt að skýrslurnar vanti, því á þeim ætti að vera hægt að sjá árlega, hvað kláðanum liði, og við því hefði mátt búast, að landsstjórnin og dýralæknirinn, sem var í ráðum með henni, hefðu allmikið bygt á þeim tillögur sínar í kláðamálinu, þótt nefndin hafi ástæðu til að efast um, að það hafi verið gert[1]).

Þótt skýrslurnar um alidýrasjúkdóma vanti úr sumum sýslum, og þetta kunni að hafa nokkur áhrif á tölu þess fjár, sem talið er, að sýkst hafi af fjárkláða árin 1906—1911, þá er þó sennilegt að þetta nemi eigi miklu.

Og ef tala þess fjár, sem sýkst hefir, er tekin samkvæmt upplýsingum þeim, sem finnast á yfirlitinu yfir útbreiðslu kláðans, þá fer ekki fjarri að hún hafi verið þessi:

Árið	1906—1907	um 100	kindur á öllu landinu
—	1907—1908	— 14	— - — —
—	1908—1909	— 330—340	— - — —
—	1909—1910	— 50—60	— - — —
—	1910—1911	— 45—50	— - — —

Árið 1908—1909 er kláðafjeð langflest, en það er mest í Árnessýslu einni. Þar telja skýrslurnar 318 kindur veikar af kláða. En eftirtektavert er það, að *upp frá því er ekki talið, að sýkst hafi í Árnessýslu nema 1 kind* á næsta ári á eftir. Þetta virðist nefndinni meðal annars benda í þá átt, að ekki sje ómögulegt, að kláðann hefði mátt sigra, svo að hann væri nú lítill eða því nær enginn, ef rækilega hefði verið haft gát á honum eftir útrýmingarböðunina, og alt fje verið tvíbaðað þar, sem hann kom upp og á þeim svæðum, þar sem grunsamt var. Á þennan hátt útrýmdu Norðmenn kláðanum hjá sjer, og hinar ensku fyrirskipanir um kláðalækningar á takmörkuðum svæðum benda í líka átt. Ástæðurnar eru að vísu lakari hjá oss en í þessum löndum, að því er snertir meiri samgöngur á fje, og því erfiðara við að eiga. Eftir fyrirliggjandi skjölum virðist

1) Magnús dýralæknir Einarsson sagði á nefndarfundi þeim, er hann mætti á ásamt nefndinni, að hann hefði aldrei sjeð skýrslurnar um alidýrasjúkdóma.

svo sem festu hafi vantað hjá oss í framkvæmdum þeim, er Myklestad ætlaðist til að færu fram eftir útrýmingarbaðið, og það er ofur eðlilegt, að þetta hafi tafið fyrir góðum árangri, þótt aðferðin væri rjett. Skjölin, sem nefndin hefir haft til athugunar, sýna, að menn hafa óskað tvíböðunar á grunuðum svæðum, án þess því virðist hafa verið sint, eins og þó hefði mátt gera samkv. lögunum nr. 40 8. nóv. 1901, en þetta hefði þó þurft að gera svo, að stefna sú væri reynd til hlítar, sem þegar var hafin.

Hverjum fráhvarf þetta frá upptekinni stefnu er að kenna, lætur nefndin ósagt, þótt henni virðist, að dýralæknirinn í Reykjavík muni eiga hjer mestan þátt í, þar eð hann hefir talið og telur alt annað en tvíböðun alls fjár á landinu á einum og sama vetri, kák eitt.

Þá leyfir nefndin sjer að geta þess, að nokkur skoðanamunur virðist vera um það, hvert baðefni sje bezt. Magnús Einarsson dýralæknir skýrði nefndinni frá, að *hann vildi eigi annað baðlyf nota en kreólín.* En í símtali, sem formaður nefndarinnar átti við Sigurð dýralækni Einarsson á Akureyri, virtist hann hnegjast að tóbaki. Hann kvaðst hafa spurst fyrir um það hjá kennara sínum við dýralækna- og landbúnaðarháskólann danska, hvert baðefni mundi bezt, og hefði hann talið *tóbakið* tvímælalaust hið bezta kláðabaðefni. Af ensku fyrirskipununum er svo að sjá, sem á *Englandi* sjeu *fleiri baðefni talin jafngild.*

Á þetta atriði hefir nefndin bent, af því hún telur rjett, að það sje athugað vel, áður en fyrirskipuð sé tvíböðun alls sauðfjár í landinu, ef að því rekur, að það verði gert.

Það er áður bent á, að sótthreinsun sú, er framfæri í sambandi við útrýmingarböðun, kynni að reynast ótrygg. Um fullkomið öryggi í því efni vilja dýralæknarnir í Reykjavík og á Akureyri ekkert fullyrða. Magnús Einarsson sagði þetta á nefndarfundi og Sigurður Einarsson ljet hið sama í ljós í símtali við formann nefndarinnar.

En færi nú svo, að kláði kæmi upp fyrir ófullnægjandi sótthreinsun, eftir að tvíböðun alls sauðfjár í landinu hefði fram farið. Hvað ætti þá að gera?

Annaðhvort yrði þá að gera, að *ráðast að eins á þau svæðin, þar sem kláðinn kæmi upp og grunsöm væri,* eða þá að *tvíbaða yrði enn á ný alt sauðfje í landinu og endurtaka þá aðferð svo lengi sem nokkurnstaðar kæmi upp kláði.* Hið síðara af þessu tvennu er í samræmi við skoðanir þær, er dýralæknirinn í Reykjavík hefir haldið fram undanfarið, en nefndin telur slíka framkvæmd *óhugsandi með öllu,* og að eina úrræðið yrði því að ráðast á grunuðu svæðin, þar til fullur sigur fengist. En færi svo, þá væri aftur horfið til þeirrar stefnu, sem nefndin telur rjett, að beitt hefði verið að undanförnu í fyllra mæli en gert hefir verið.

Í sambandi við þetta vill nefndin varpa því fram til athugunar, hvort ekki mundi mega vænta þess, að árleg þrifaböð um land alt kynnu að geta veitt nokkru frekari tryggingu fyrir því, að kláði kæmi ekki upp aftur eftir að tvíböðun alls sauðfjár á landinu hefði farið fram, að þrifabað yrði til að tryggja sótthreinsunina. Þetta virðist nefndinni ekki ósennilegt, að kynni að geta átt sjer stað. Og bæði vegna þess, og af því mikill hagur fyrir fjáreigendur mundi verða að almennum þrifaböðum árlega, væri ástæða til fyrir löggjafarvaldið að styðja að því, að þau kæmist á, þótt ekki væri á annan hátt en þann, að heimildarlög fyrir samþyktum um slík böð yrðu samin og samþykkt, eftir eðlilegan undirbúning þess máls.

Af því, sem frá er skýrt hér að framan, er það ljóst, að mál þetta vantar mikið á að geta heitið vel undirbúið. Ýms atriði eru óljós, sem þyrftu að vera ljós, og sem hljóta að ráða úrslitum á því, hvernig með mál þetta er farið, og skýringar á þeim atriðum þarf að fá. Af slíkum atriðum má nefna:

1. Að skýrslur þær, er liggja fyrir um útbreiðslu kláðans eru ónógar, til þess að gera fyllilega ljóst, hve mikill kláðinn er á yfirstandandi tíma.

2. Af þessu leiðir, að ekki verður sagt, nema vera kunni svo stór svæði af landinu laus við fjárkláða, og fjárkláðagrunur svo lítill, að ástæða væri til að hafa suma hluta landsins undanþegna tvíböðun.

3. Skoðanir virðast skiptar um það, hvert baðefni muni öruggast til útrýmingar fjárkláðanum og hentugast, þegar á alt er litið.

Nefndin lítur svo á, að óumflýjanleg nauðsyn sje ekki á því að fyrirskipa tvíböðun alls sauðfjár á landinu á þeim tíma, sem frumvarpið ætlast til, og því leggur hún til, að á þessu þingi verði frumvarpið ekki gjört að lögum.

En í þess stað telur nefndin rjett:

1. Að beitt sje á þessu yfirstandandi ári og til næsta vors ákvæðum laganna nr. 40, 8. nóv. 1901, um böðun sauðfjár á þeim svæðum, þar sem kláðinn gerir vart við sig,

2. Að nákvæmar kláðaskoðanir sjeu látnar fram fara á öllu sauðfje á landinu, og skýrslum um þær skoðanir safnað, og þær sendar stjórnarráðinu svo snemma, að því vinnist tími til að rannsaka skýrslurnar og gera úrdrátt úr þeim til rökstuðnings því, hvernig að skuli fara framvegis með útrýming fjárkláðans.

3. Að stjórnarráðið spyrjist fyrir um það, hvort fjáreigendur óski eptir heimildarlögum fyrir samþyktum um árleg þrifaböð.

Í símtali því, sem áður er nefnt, að formaður nefndarinnar hafi átt við Sigurð Einarsson dýralækni, tjáði hann sig eptir atvikum samþykkan þessu áliti nefndarinnar.

Til þess að hrinda þessu í framkvæmd, leyfir nefndin sjer því að bera fram svohljóðandi tillögu til þingsályktunar.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að hún á næstkomandi hausti og vetri beiti ákvæðum laga nr. 40, 8. nóv. 1901, og láti tvíböðun fram fara, þar sem kláði kemur upp og mikill kláðagrunur er.

2. Að hún leggi fyrir alla sýslumenn landsins að láta fram fara vandlega kláðaskoðun á öllu sauðfje í næstkomandi aprílmánuði og heimta nákvæmar skýrslur um þessar skoðanir og um fjárkláða, sem fyrir kann að koma á næstkomandi hausti og vetri. Skýrslur þessar ættu sýslumenn að senda stjórnarráðinu svo fljótt, að því vinnist tími til að rannsaka þær og byggja á þeim rökstuddar tillögur um útrýming fjárkláðans, sem stjórnin leggi fyrir alþingi 1913.

3. Að hún leiti álits fjáreigenda á landinu um það, hvort þeir óski heimildarlaga fyrir samþykktum um árleg þrifaböð á sauðfje.

Efri deild alþingis, 30. júlí 1912.

Stefán Stefánsson, formaður,	Jósef Björnsson, skrifari og framsm.

Þórarinn Jónsson. Guðjón Guðlaugsson. Sig. Eggerz, með fyrirvara.

Nd.

115. Frumvarp

til laga um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson Eyf. H. Hafstein.

1. gr.

Hreppsnefndum er heimilt með samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs Íslands, að koma á vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum.

2. gr.

Nú vill hreppsnefnd koma á svofeldri vatnsveitu, sem getur um í 1. gr., og skal hún þá láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og, ef tiltækilegt telst að framkvæma verkið, gera nákvæma áætlun um fyrirkomulag vatnsveitunnar og kostnað við lagning hennar og leggja þau gögn fyrir sýslunefnd ásamt áætlun um kostnað við árlegan rekstur vatnsveitunnar, eftir að hún væri komin á. Kostnaður við umgetna rannsókn o. fl. telst til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist að öðrum kosti úr sveitarsjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir, að vatnsveitunni sje komið á, sendir sýslumaður málið til stjórnarráðsins til samþyktar, er svo samþykkir það, með eða án skilyrða, eða neitar samþykki og færir ástæður fyrir.

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt, eða bindur það skilyrðum, er hreppsnefndin getur ekki unað við, og er hreppsnefnd þá heimilt að fara með málið samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, 53. gr., síðustu málsgr. Verði framkvæmd vatnsveitunnar samþykt af hreppsbúum á nefndan hátt, sendir hreppsnefnd stjórnarráðinu málið til meðferðar á sama hátt og á undan segir.

3. gr.

Hver landeigandi eða lóðareigandi er skyldur að leyfa, að vatnsleiðslur þær, er getur um í lögum þessum, sjeu lagðar um land hans, á eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagninga þeirra eða viðhalds, svo sem grjót, möl eða önnur jarðefni, sjeu tekin þar sem næst er, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist, og álitið verði, að land- eða lóðareigandi hafi beðið skaða við það. Ef samningum verður ekki komið við um skaðabæturnar, skulu þær metnar af dómkvöddum óvilhöllum mönnum.

4. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugjörðir um vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum. Reglugerð semur hlutaðeigandi hreppsnefnd, og má í hana setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja. Ennfremur má með reglugerð þessuri veita hreppsfjelaginu einkarjett til að veita neysluvatni í pípum til verslunarstaðarins og um hann, og skal þá engum heimilt að selja þar vatn úr öðrum vatnsæðum eða vatnsbólum til heimilisþarfa.

5. gr.

Í löggiltum verzlunarstöðum, þar sem komin er neyzluvatnsveita til almenningsnota, má með gjaldskrá, sem hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, leggja á alment gjald fyrir afnot vatnsins til heimilisþarfa, svo og aukagjald fyrir vatn til skipa, iðnaðarfyrirtækja eða annara fyrirtækja, sem nota vatnið til annars, en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, sem hafa vatnshana utanhúss. Gjöld þessi má taka lögtaki.

6. gr.

Í reglugjörðum þeim, sem getur um í 4. gr., má ákveða alt að 200 kr. sektir fyrir brot gegn ákvæðum þeirra, og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Nd. **116. Frumvarp**

til laga um eftirlit með þilskipum og opnum vjelaskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver sá maður eða fjelag, sem gerir út þilskip, gufuskip, annars konar vjelaskip eða seglskip, eða opið vjelaskip til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskiveiða, skal láta skoða skipið af þar til kvöddum mönnum, áður en það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má eigi lögskrá menn á skipið, sje það lögskráningarskylt, fyr en skoðunargerð hefir farið fram og skipsskoðunarmenn vottað, að lífi eða heilsu manna sje engin hætta búin af skipinu eða útbúnaði þess.

2. gr.

Skoðunin skal fram fara, áður en nokkur varningur er látinn í skipið, og skipsskoðunarmönnum er heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta, að skipið sje sett á land.

Skoðunarmenn eiga að ganga úr skugga um, að skipið sjálft og allur útbúnaður þess, meðal annars fylgibátar, sje svo úr garði gert, að mönnum, sem ætluð er dvöl á skipinu um lengri eða skemmri tíma, sje engin hætta búin af viðráðanlegum orsökum. Þeim er heimilt að heimta sjerfróða menn sjer til aðstoðar, svo sem lækni til þess að dæma um hollustuhætti íbúðarrúms eða vjelfróðan mann til þess að dæma um ástand vjelar. Tveir skulu vera skoðunarmenn um skoðun hverja og þriðji oddamaður, ef ágreiningur verður, og kjósa skoðunarmenn þá oddamanninn. Skoðunarmenn senda lögskráningarstjóra eða umboðsmanni hans skoðunargerðina, og getur hvort heldur útgerðarmaður eða helmingur skipsmanna heimtað hana eiðfesta. Að öðru leyti skal nákvæmar skipað fyrir um skoðunina með reglugerð, sem stjórnarráðið setur, eftir að hafa leitað álits stjórnar þilskipaábyrgðarfjelags Faxaflóa og skipstjórafjelagsins »Öldunnar« í Reykjavík.

Nú finna skoðunarmenn galla á skipi eða útbúnaði, og mega þeir þá ekki láta úti skoðunarskýrslu fyr en þeir sjálfir sannfærast um, að viðunanlega sje úr bætt.

3. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi í landinu skulu vera hæfilega margir skipsskoðunarmenn, og skoða þeir skip þau öll, sem gerð eru út í umdæminu. Þó skoða skoðunarmennirnir í Reykjavík þilskip þau, sem gerð eru út eða heima eiga í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Lögreglustjóri ákveður, hve margir skoðunarmennirnir skuli vera og útnefnir þá.

Nú er innan lögsagnarumdæmisins til skipaábyrgðarfjelag eða sjómannafjelag, hvort heldur skipstjóra eða háseta, og skulu þá nefnd fjelög mega stinga upp á helmingi fleiri skoðunarmönnum en útnefna á, þannig að ábyrgðarfjelagið stingur upp á helmingnum, en sjómannafjelagið, eða sje til bæði skipstjórafjelag og hásetafjelag, þá bæði fjelögin í sameiningu, upp á hinum helmingnum. Sje hvorki til ábyrgðarfjelag nje sjómannafjelag, stingur hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd upp á öllum. Sje annaðhvort nefndra fjelaga til, en hitt ekki, stingur fjelagið upp á helmingnum en bæjarstjórn eða hreppsnefnd upp á hinum.

4. gr.

Fyrir skoðunina ber hvorum eða hverjum skoðunarmanni 10 kr. fyrir þilskip og 3 kr. fyrir opin vjelaskip. Útgerðarmaður greiðir skoðunarkaupið, svo og þóknun til sjerfróðra aðstoðarmanna, eftir ákvæði fyrnefndrar reglugerðar, og má taka hvorttveggja gjaldið lögtaki.

5. gr.

Nú vanrækir útgerðarmaður að beiðast skoðunar á skipi, og skipi hlekkist á, svo að tjón hlýst af, og skal þá líta svo á, að tjónið hafi stafað af óforsvaranlegum útbúnaði skips og útgerðarmaður vera skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna, nema því að eins, að sannað verði, að tjónið hafi orðið af öðrum ástæðum. Auk þess skal útgerðarmanni refsað með alt að 1000 kr. sekt eða þyngra, eftir því sem lög og atvik kunna að liggja til. Sama sekt liggur við vanrækslu útgerðarmanns, þó að ekki hafi orðið af tjóni.

6. gr.

Nú leysa skoðunarmenn skoðunina ekki af hendi, eða gera það óforsvaranlega, eða gefa ranga skýrslu um hana, og sæta þeir þá refsingu samkvæmt fyrirmælum 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og sjeu þá eftir atvikum skaðabótaskyldir þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna, nema sannað verði, að tjónið hafi ekki verið að kenna illum útbúnaði skips.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála. Sektir renna í landssjóð.

8. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1913 og eru lög nr. 25, 3. okt. 1903 jafnframt úr gildi feld.

Nd. **117. Frumvarp**

til laga um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt um eina eða fleiri veiðiár innan sýslu, semur hún frumvarp til samþyktar. Skal því næst kveðja til fundar alla búendur, er veiðirjett eiga í þeirri á, sem samþyktinni er ætlað að ná til, eða land eiga að henni, og eiga þeir atkvæðisrjett á þeim fundi. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiðiám. Þó má eigi með slíkri samþykt raska friðun eggvera og sellátra eða selalagna, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnaðinn við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 100 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **118. Frumvarp**

til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist einkaleyfi til þess, að leggja vatnsveitu í pípum neðanjarðar til Sauðárkróks og um kauptúnið.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja, sandtekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi biði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

Hrepps- eða vatnsveitusjóður greiðir allan matskostnað.

2. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kauptúnsins og um það, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kauptúninu.

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hreppsnefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kauptúninu (sbr. 4. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af húsaskattsvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir

gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6‰ af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum sveitargjöldum.

4. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur í götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað.

5. gr.

Hreppsnefndin hefur rjett til að löggilda mann eða menn, til þess að leggja vatnsæðar þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar kauptúnsins, og sjeu þeir skyldir að fara eftir reglum þeim, er hreppsnefndin fyrirskipar.

Engir aðrir en þeir, er þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins inn í hús.

6. gr.

Hreppsnefndinni skal heimilt að loka vatnsæðum kauptúnsins fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða eyða vatni að óþörfu, eða fara óhreinlega með það.

7. gr.

Hver sem af ásettu ráði skemmir vatnsæðar kauptúnsins eða önnur mannvirki, sem heyra til vatnsveitunni, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal hlutaðeigandi sæta sektum, og að auki bæta skaðann að fullu.

8. gr.

Hreppsnefndin getur sett reglugerð um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina.

9. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum og brotum gegn samþyktum þeim og reglugjörðum, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **119. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um eftirlit með þilskipum og opnum vjelaskipum.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. Við 2. gr. Fyrsta málsgrein falli burt.
2. — - — Á eftir orðunum: »viðráðanlegum orsökum« í annari málsgrein komi: skoðunarmönnum er heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta að skipið sje sett á land.
3. — 3. — 1. málsgrein. Fyrir: »sem gerð eru út í umdæminu« komi: er leggja út frá því umdæmi.
4. — 3. — 1. málsgrein. Orðin: »þó skoða skoðunarmenn — Kjósarsýslu« falli burt.
5. — 4. — Á eftir orðunum: »10 kr. fyrir þilskip« komi: 20 smálesta eða stærri.
6. — 4. — Fyrir: »opin vjelaskip« komi: minni þilskip og vjelaskip.

Ed. **120. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., 4. nóv. 1881.

Frá nefndinni í málinu: Frumvarp til laga um árgjald af verslun og viðskiftum við útlönd.

1. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi, skal greiða útflutningsgjald:

af hverri tunnu síldarlýsi (105 kg.) 50 aura,
af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli 40 aura,
af hverjum 100 kg. af fóðurkökum 30 aura,
af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 20 aura.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16 frá 4. nóvbr. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **121. Breytingartillögur**

Við frumvarp til laga um viðauka við lög frá 11. nóv. 1899 nr. 26 um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

Flutningsmenn: Guðlaugur Guðmundsson, Lárus H. Bjarnason, Halldór Steinsson, Eggert Pálsson, Þorleifur Jónsson, Stefán Stefánsson Eyf.

1. 1. gr. orðist þannig:
Ekkert fjelag manna má hafa um hönd áfengisveitingar eða áfengisdrykkju innan fjelags, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

2. 2. gr. orðist þannig:
Áfengisnautn má ekki eiga sjer stað í veitingahúsum, sem hafa ekki áfengisveitingaleyfi, nje heldur í veitingatjöldum eða á öðrum slíkum stöðum. Lögreglustjóri má þó leyfa áfengisnautn í samsætum einstakra manna.

3. 3. gr. orðist þannig:
Brot gegn 1. gr. varða fjelagsstjórn og þjónustumenn og eftir atvikum neytendur sjálfa altað 1000 kr. sekt. Auk þess er upptækt áfengi það, er finnast kann í vörslum fjelagsins.
Sje brot ítrekað, má lögreglustjóri banna fjelaginu samkomur, enda sje þá þegar höfðað mál gegn fjelaginu samkvæmt 55. gr. stjórnarskrárinnar.

4. Við 4. gr.
Í stað »10—« komi: alt að.
Orðin »auk þess — til veitinga« falli burt.

5. Við 5. gr.
Á eftir »lögum þessum« bætist:
og andvirði fyrir upptækt áfengi.

Nd. **122. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 121.

Flutningsm.: Guðlaugur Guðmundsson.

Við 3. Í stað: »Sje brot ítrekað« komi: Enn fremur

Nd. **123. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Ísafjarðarlæknishjeraði skal skift í tvö læknishjeruð, svo sem hjer segir:
1. *Ísafjarðarhjerað:* Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi.
2. *Hólshjerað:* Hólshreppur (ásamt Bolungarvíkurverslunarstað) í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nd. **124. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breytingu á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 11. júlí 1911.

Frá Jóni Jónssyni 2. þm. Reykvíkinga.

Á eftir orðinu: »Geta« komi inn: þeir menn, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar.

Nd. **125. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 1. ágúst. (Till. til þingsályktunar um, að endurgreiða Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu það, sem nefndar sýslur greiddu fram yfir 20% af sannvirði talsímaálmunnar frá Ísafirði til Patreksfjarðar, þingskj. 96).

Í því trausti að landsstjórnin taki efni tillögu á þingskj. 96 til athugunar við samningu næstu fjárlaga, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **126. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um löggilding verslunarstaðar að Gjögri í Strandasýslu.

Frá Benedikt Sveinssyni.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um löggilding verslunarstaða.

2. 1. gr. frumv. orðist svo:

Gjögur við Reykjarfjörð í Strandasýslu og Skálavík á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

3. Við 2. gr.:

Á milli orðanna »verslunarlóðarinnar samkvæmt« bætist: á hvorum staðnum um sig.

Nd. **127. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 31, 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson Eyf.

1. gr.

Nú gengur þjóðjörð, er seld hefir verið ábúanda, úr sjálfsábúð, og óskar eigandi að selja jörðina, en hvorki viðtakandi eða hlutaðeigandi sveitarfjelag notar kauparjett sinn, og skal þá jafnan skylt að bjóða landsstjórninni kaup á jörðinni fyrir landssjóð, er þá hefir forkaupsrjett.

2. gr.

Nú tilkynnir eigandi eða annar fyrir hans hönd landsstjórninni, að jörð sje til sölu samkv. 1. gr., og skal landsstjórnin hafa tilkynt hlutaðeigandi innan 2 mánaða, hvort hún vill að landssjóður neyti kauprjettar sins. Sje svar hennar játandi, gerir hún jafnframt ráðstafanir til að mat fari fram samkv. tilvitn. lögum, svo fljótt, sem hún álítur gerlegt, og skal því matsverði venjul. hlýtt. Þó skal seljanda heimilt, fái hann hærra boð annarstaðar frá, að sæta því, vilji landsstjórnin ekki sinna því verði.

3. gr.

Sje jörð seld öðrum en viðtakanda eða sveitarfjelaginu, án þess að landsstjórninni hafi verið gert viðvart samkv. 1. gr., er landsstjórninni heimilt að rifta sölunni, og kaupa fyrir sama verð og jörðin var þá síðast seld fyrir.

Ed. **128. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög frá 11. nóvbr. 1899 nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd áfengisveitingar eða áfengisdrykkju innan fjelags, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

2. gr.

Áfengisnautn má ekki eiga sjer stað í veitingahúsum, sem hafa ekki áfengisveitingaleyfi, nje heldur í veitingatjöldum eða á öðrum slíkum stöðum. Lögreglustjóri má þó leyfa áfengisnautn í samsætum einstakra manna.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða fjelagsstjórn og þjónustumenn og eftir atvikum neytendur sjálfa alt að 1000 kr. sekt. Auk þess er upptækt áfengi það, er finnast kann í vörslum fjelagsins.

Enn fremur má lögreglustjóri banna fjelaginu samkomur, enda sje þá þegar höfðað mál gegn fjelaginu samkvæmt 55. gr. stjórnarskrárinnar.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. varða sektum alt að 500 kr.

5. gr.

Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum, og andvirði fyrir nptækt áfengi, renna í sjóð sveitarfjelags þess, þar er brotið er framið.

6. gr.

Með mál eftir lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **129. Frumvarp**

til laga um sölu á eggjum eftir þyngd.

Eftir 3. umr. í Nd.

1. gr.

Allir, sem egg selja, hvort heldur framleiðendur eða kaupmenn, skulu selja eggin eftir þyngd, þannig að verðið sje miðað við þyngdina, nema kaupandi sjálfkrafa æski sölu eftir tölu.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum 5 til 50 kr., er renna í landssjóð.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal með fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **130. Frumvarp**

til laga um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt um eina eða fleiri veiðiár innan sýslu, semur hún frumvarp til samþyktar. Skal því næst kveðja til fundar alla búendur, er veiðirjett eiga í þeirri á, sem samþyktinni er ætlað að ná til, eða land eiga að henni, og eiga þeir atkvæðisrjett á þeim fundi. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiðiám. Þó má eigi með slíkri samþykt raska friðun eggvera og sellátra eða selalagna, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnaðinn við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 100 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **131. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands hefir 1000 kr. á ári að eftirlaunum.

Hafi ráðherra flutst í ráðherraembættið úr öðru eftirlaunaembætti, þá nýtur hann og eftirlauna eftir hið fyrra embætti sitt.

Hafi ráðherra verið á eftirlaunum, er hann tók við ráðherraemhættinu, þá nýtur hann og þeirra, nema svo sje, að hann hafi haft eftirlaun fyrir rekstur ráðherraembættis, því að þá fær hann ekki frekari eftirlaun en hann hafði.

Undanfarandi ákvæði eiga ekki við þá, sem unnið kunna að hafa sjer rjett að lögum til annarar eftirlaunaupphæðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er 3. gr. laga nr. 17, 3. okt. 1903 jafnframt feld úr gildi.

Ed. **132. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 114.

Frá nefndinni.

1. Við 1. lið. Á undan orðunum: »þar sem« bætist inn orðin: en einungis.
2. Við 2. lið. Í stað orðanna: »útrýming fjárkláðans« komi: meðferð kláðamálsins.

Nd. **133. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um eftirlit með þilskipum og opnum vjelaskipum.

Frá nefndinni.

1. Eftir orðin: »skoðunin skal« í upphafi annarar gr. bætist við: að jafnaði.
2. Eftir orðin: »sem eru gjörð út í umdæminu« í 1. málsgr. 3. gr. bætist: eða hafa haft þar vetrarlegu þótt gjörð sjeu út frá öðrum stað.

Nd. **134. Nefndarálit**

um frv. til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Nefndin hefir athugað málið og felst á frumvarpið í öllum aðalatriðum. Nefndin er þeirrar skoðunar, að hagur landsjóðs sje ekki svo sem stendur, að fært sje af árlegum tekjum hans að leggja neitt verulegt af mörkum til nýrra símasambanda. Á hinn bóginn lítur nefndin svo á, að þörf sje víða á nýjum símasamböndum og hún mjög brýn. Ef nú á að bæta úr þessari brýnu þörf, þá verður það eigi gert öðruvísi en með lánsfje. Og nefndinni sýnist ekkert varhugavert við það að taka lán til slíkra verklegra framkvæmda, með því að reynslan hefir sýnt það, að símarnir hjer á landi hafa gefið landssjóði góðan arð.

Nefndin hefir álitið, að rjett sje að taka símalínu frá Ólafsvík til Hellissands og hliðarlínu til Hríseyjar í annan flokk símanna. Hellissandur er allstórt þorp og hefir mikinn sjávarútveg. Þar er því mikil þörf á símasambandi, enda líklegt, að símalína þangað mundi borga sig. Í Hrísey er allmikil útgerð, og fengin þegar vissa fyrir allríflegu framlagi úr hjeraði.

Þá hefir nefndinni þótt rjett að leggja það til að lækka tillagið úr hjeraði til línunnar frá Miðey til Víkur í Mýrdal, með tilliti til þess, að ekki er líklegt að Rangárvallasýsla sje fús til að leggja nema fremur lítinn skerf til hennar.

Því ræður nefndin hv. deild til að samþykkja frumv. með þessum breytingum:

Við 3. gr.

19. töluliður orðist svo:

Hjarðarfell — Ólafsvík — Hellissandur.

Á eftir 24. tölulið komi:

25. Hliðarsími til Hríseyjar.

Við 4. gr.

Orðin frá Ólafsvík til Sands falli burt.

Við 5. gr.

Í stað: »Til 20. liðs 2. flokks ..... 5000 krónur« komi:

Til 20. liðs 2. flokks ..... 4000 krónur.

Á eftir: »Til 24. liðs 2. flokks ..... 5000 krónur« komi:
Til 25. liðs 2. flokks ..... 3000 krónur.

Neðri deild Alþingis, 2. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson, form. Jón Magnússon, skrifari og framsögum. Stefán Stefánsson, Eyf.

Einar Jónsson. Halldór Steinsson.

Nd. **135. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Samkvæmt lögum nr. 18, 9. júlí 1909 geldur hver kennari, sem ráðinn er samkvæmt fræðslulögunum, tiltekið hundraðsgjald af launum sínum í styrktarsjóð barnakennara. Verði hann styrks þurfi og fylli að öðru leyti lögtiltekin skilyrði, getur hann gert sjer von um lítilsháttar styrk sjálfum sjer til handa, en *ekkju* hans og eftirlátnum *börnum má engan* styrk veita, hversu sár sem þörf þeirra er, og hversu mikið gjald sem hinn látni kennari kann að hafa goldið til sjóðsins. Sjóðnum stýrir 3 manna nefnd, allir beint eða óbeint tilnefndir af stjórnarráðinu. Sjóðurinn fær 1000 kr. árgjald úr landssjóði.

Auk landssjóðs árgjaldsins nýtur sjóðurinn nú 1469 kr. 80 aura hundraðsgjalds frá gjaldskyldum kennurum. Af þeirri upphæð koma 1084 kr. 19 aur. á kennara við fasta skóla og 385 kr. 61 eyrir á farkennara. Gjaldskyldir kennarar eru alls 295, 121 skólakennarar og 174 farkennarar. Fyrst um sinn má ekki verja til styrkveitinga meira en *vöxtum* sjóðsins, og er því bert að ekki getur komið mikil fúlga á mann.

Frumvarpið miðar til breytinga á framantöldum 3 atriðum, og eru nefndarmenn allir sammála um, að þær sjeu sanngjarnar og í sjálfu sjer eftirsóknarverðar, enda mælir formaður kennarafjelagsins, umsjónarmaður fræðslumálanna, með þeim, en undir stjórn kennarafjelagsins hefir frumvarpið ekki orðið borið, sökum fjarvistar ýmsra stjórnenda.

Meiri hluti nefndarinnar ræður og deildinni til að fallast á frumvarpið, þó með þeirri

BREYTINGU

á 3. gr., að í stað orðanna: »kemur ..... í hans stað« komi: má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.

Fyrir tillögum nefndarinnar um 1. og 2. gr. þarf væntanlega ekki önnur meðmæli en bendingu til þess, hvað landssjóður leggur til ýmsra annara sjóða, svo sem til ellistyrktarsjóðs, byggingarsjóðs, samábyrgðarinnar o. fl., og til þess,

hversu stjórn sumra sjóða er háttað, t. d. vátryggingarsjóðs sjómanna. Fyrir þeim sjóði stendur þriggja manna stjórn, en í henni er að eins einn maður stjórnkjörinn, hinir kvaddir til af fjelögum gjaldskyldra manna.

Og með 3. gr. ætti heldur ekki að þurfa að mæla langt mál, síst svo orðaðri sem hjer er farið fram á. Því hefir raunar verið borið við, að með því móti yrði sjóðurinn nokkurs konar eftirlaunasjóður. En það er hvorttveggja, að það ætti ekki að vera hræðsluefni, þó að stigið væri stutt spor í þá átt, fyrir jafn-nytsama stjett og alþýðukennarastjettin er. Heldur þvert á móti. Annað hitt, að hjer er als ekki um eftirlaun að ræða. Til eftirlauna væri því að eins stofnað, að sjóðurinn væri *skyldur* að annast ekkju kennarans eða börn. En hjer er ekki því að heilsa. Hjer er að eins farið fram á að *veita megi* ekkju kennara eða barnómögum þann styrk, sem kennarinn sjálfur kynni að hafa borið úr býtum, hefði hann lifað. Minna en *von* um litilfjörlegan styrk til handa þurfandi ekkju eða börnum getur ekki með nokkurri sanngirni komið í móti *lögboðnu nauðungargjaldi* illa launaðs almenningsþjóns, er hann kann að hafa greitt um langt árabil og efalaust oftast hefir fundið eigi alllítið til.

Neðri deild Alþingis, 31. júlí 1912.

Valtýr Guðmundsson, formaður.

Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögum.

Jón Magnússon, með fyrirvara.

Ed. **136. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á tíma þeim, er hið reglulega Alþingi kemur saman.

Frá: Jóni Jónatanssyni og Þórarni Jónssyni.

Fyrir: »fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár« komi: 15. janúar annaðhvort ár, eða næsta virkan dag eftir.

Ed. **137. Frumvarp**

til laga um breytingu á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

6. gr. 2. málsliður í hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað orðist svo:
Í hafnarnefnd sitja 5 menn, borgarstjóri, sem er formaður nefndarinnar,

2 bæjarfulltrúar og 2 utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir menn, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar, ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nd. **138. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða.

Eftir 2. umr. í Nd.

1. gr.

Gjögur við Reykjarfjörð í Strandasýslu og Skálavík á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar á hvorum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61 frá 10. nóvbr. 1905 og birt þau í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **139. Frumvarp**

til laga um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land Garðakirkju, sunnan og vestan þessara marka:

1. Bein lína úr »Balaklöpp«, við vesturenda Skerseyrarmalar í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins,
2. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
3. Úr Hádegishól, bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark, miðað frá Vífilsstöðum; — þá tekur við
4. Urriðakotsland; þá
5. Setbergsland, alt til Lækjarbotna; og loks
6. Selvogsmanna- eða Grindaskarðavegur.

Um mörk landspildu þessarar að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár um »Merki á landi Garðakirkju á Álftanesi samkvæmt máldögum og fornum skjölum« dagsettrar 7. júní 1890, og þinglesinnar 9. sama mánaðar. Undanskilið sölunni er: Hamarskotstún innan girðinga og Undirhamarstúnsblettur.

2. gr.

Verðið skal vera 52,000 krónur, er greiðist þannig:
2000 krónur, er salan fer fram, en upp frá því greiðist 1000 krónur á ári ásamt 4% af eftirstöðvum kaupverðsins, uns það er að fullu greitt.

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist einkaleyfi til þess, að leggja vatnsveitu í pípum neðanjarðar til Sauðárkróks og um kauptúnið.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja, sandtekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi biði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

Hrepps- eða vatnsveitusjóður greiðir allan matskostnað.

2. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kauptúnsins og um það, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kauptúninu.

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hreppsnefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kauptúninu (sbr. 4. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af húsaskattsvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6‰ af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum sveitargjöldum.

4. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur í götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað.

5. gr.

Hreppsnefndin hefur rjett til að löggilda mann eða menn, til þess að leggja vatnsæðar þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar kauptúnsins, og sjeu þeir skyldir að fara eftir reglum þeim, er hreppsnefndin fyrirskipar.

Engir aðrir en þeir, er þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins inn í hús.

6. gr.

Hreppsnefndinni skal heimilt að loka vatnsæðum kauptúnsins fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða eyða vatni að óþörfu, eða fara óhreinlega með það.

7. gr.

Hver sem af ásettu ráði skemmir vatnsæðar kauptúnsins eða önnur mannvirki, sem heyra til vatnsveitunni, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal hlutaðeigandi sæta sektum, og að auki bæta skaðann að fullu.

8. gr.

Hreppsnefndin getur sett reglugerð um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina.

9. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum og brotum gegn samþyktum þeim og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **141. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar á Flateyri við Önundarfjörð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Verslunarlóð Flateyrarkauptúns í Önundarfirði skal taka yfir allan Flateyrarodda, út að Klofningshrygg og inn að Merkislæk, milli fjalls og fjöru.

Ed. **142. Frumvarp**

til laga um eftirlit með þilskipum og opnum vjelaskipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver sá maður eða fjelag, sem gerir út þilskip, gufuskip, annars konar vjelaskip eða seglskip, eða opið vjelaskip til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskiveiða, skal láta skoða skipið af þar til kvöddum mönnum, áður en það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má eigi lögskrá menn á skipið, sje það lögskráningarskylt, fyr en skoðunargerð hefir farið fram og skipsskoðunarmenn vottað, að lífi eða heilsu manna sje engin hætta búin af skipinu eða útbúnaði þess.

2. gr.

Skoðunin skal að jafnaði fram fara, áður en nokkur varningur er látinn í skipið, og skipsskoðunarmönnum er heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta, að skipið sje sett á land.

Skoðunarmenn eiga að ganga úr skugga um, að skipið sjálft og allur útbúnaður þess, meðal annars fylgibátar, sje svo úr garði gert, að mönnum, sem ætluð er dvöl á skipinu um lengri eða skemmri tíma, sje engin hætta búin af viðráðanlegum orsökum. Þeim er heimilt að heimta sjerfróða menn sjer til aðstoðar, svo sem lækni til þess að dæma um hollustuhætti íbúðarrúms eða vjelfróðan mann til þess að dæma um ástand vjelar. Tveir skulu vera skoðunarmenn um skoðun hverja og þriðji oddamaður, ef ágreiningur verður, og kjósa skoðunarmenn þá oddamanninn. Skoðunarmenn senda lögskráningarstjóra eða umboðsmanni hans skoðunargerðina, og getur hvort heldur útgerðarmaður eða helmingur skipsmanna heimtað hana eiðfesta. Að öðru leyti skal nákvæmar skipað fyrir um skoðunina með reglugerð, sem stjórnarráðið setur, eftir að hafa leitað álits stjórnar þilskipaábyrgðarfjelags Faxaflóa og skipstjórafjelagsins »Öldunnar« í Reykjavík.

Nú finna skoðunarmenn galla á skipi eða útbúnaði, og mega þeir þá ekki láta úti skoðunarskýrslu fyr en þeir sjálfir sannfærast um, að viðunanlega sje úr bætt.

3. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi í landinu skulu vera hæfilega margir skipsskoðunarmenn, og skoða þeir skip þau öll, sem gerð eru út í umdæminu eða hafa haft þar vetrarlegu, þótt gerð sjeu út frá öðrum stað.

Lögreglustjóri ákveður, hve margir skoðunarmennirnir skuli vera og útnefnir þá.

Nú er innan lögsagnarumdæmisins til skipaábyrgðarfjelag eða sjómannafjelag, hvort heldur skipstjóra eða háseta, og skulu þá nefnd fjelög mega stinga upp á helmingi fleiri skoðunarmönnum en útnefna á, þannig að ábyrgðarfjelagið stingur upp á helmingnum, en sjómannafjelagið, eða sje til bæði skipstjórafjelag og hásetafjelag, þá bæði fjelögin í sameiningu, upp á hinum helmingnum. Sje hvorki til ábyrgðarfjelag nje sjómannafjelag, stingur hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd upp á öllum. Sje annaðhvort nefndra fjelaga til, en hitt ekki, stingur fjelagið upp á helmingnum en bæjarstjórn eða hreppsnefnd upp á hinum.

4. gr.

Fyrir skoðunina ber hvorum eða hverjum skoðunarmanni 10 kr. fyrir þilskip 20 smálesta eða stærri og 3 kr. fyrir minni þilskip og vjelaskip. Útgerðarmaður greiðir skoðunarkaupið, svo og þóknun til sjerfróðra aðstoðarmanna, eftir ákvæði fyrnefndrar reglugerðar, og má taka hvorttveggja gjaldið lögtaki.

5. gr.

Nú vanrækir útgerðarmaður að beiðast skoðunar á skipi, og skipi hlekkist á, svo að tjón hlýst af, og skal þá líta svo á, að tjónið hafi stafað af óforsvaranlegum útbúnaði skips og útgerðarmaður vera skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna, nema því að eins, að sannað verði, að tjónið hafi orðið af öðrum ástæðum. Auk þess skal útgerðarmanni refsað með alt að 1000 kr. sekt eða þyngra, eftir því sem lög og atvik kunna að liggja til. Sama sekt liggur við vanrækslu útgerðarmanns, þó að ekki hafi orðið af tjóni.

6. gr.

Nú leysa skoðunarmenn skoðunina ekki af hendi, eða gera það óforsvaranlega, eða gefa ranga skýrslu um hana, og sæta þeir þá refsingu samkvæmt fyrirmælum 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og sjeu þá eftir atvikum skaðabótaskyldir þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna, nema sannað verði, að tjónið hafi ekki verið að kenna illum útbúnaði skips.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála. Sektir renna í landssjóð.

8. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1913 og eru lög nr. 25, 3. okt. 1903 jafnframt úr gildi feld.

Nd. **143. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

1. Við 2. gr. 3. Liðurinn orðist svo: Talsímalínan: Reykjavík — Vestmanneyjar.
2. — 3. — Liðurinn 15. og 18. falli burt.
3. — 4. — Á eftir orðunum: »í Rangárvallasýslu« komi: svo og frá Eystri-Garðsauka að Hlíðarenda.
4. — 5. —. Liðatalan þar breytist samkvæmt þessu.

Nd. **144. Nefndarálit**

við frumvarp til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

(Frá meiri hluta nefndarinnar).

Lotterí er til nálega í landi hverju, og á sjálft landið annaðhvort lotteríið, eða landið selur einstaklingum einkarjett til lotteríhalds gegn háu afgjaldi. Með öðru hvoru mótinu verður lotterí að vera, því ella næði landið ekki aðaltilgangi sínum með lotteríhaldi eða lotterileyfi, þeim að afla sjer auðfenginna tekna.

Hjer á landi hefir lotterí aldrei verið til og verður tæplega til í fyrirsjáanlegri framtíð. Þjóðin er of fámenn og fátæk til að geta borið slíka stofnun ein, en ógjörningur að afla sjer hjeðan viðskiftavina í öðrum löndum. Fjarlægðin of mikil til þess. Viðskiftavinirnir vilja fá vitneskju um, hvort þeir hafi unnið samstundis og »dregið« er, en það geta þeir því að eins, að greiðar sjeu samgöngur við dráttstaðinn.

Nú gefst Íslandi hinsvegar kostur á að hafa það gagn af lotterii, sem önnur lönd sækjast eftir, og losast þó jafnframt við það ógagn, sem talið er fylgja lotterii fyrir líttþroskaðan almenning. Gagnið þetta, að geta fengið álitlegar tekjur landssjóði til handa, án nokkurrar áhættu eða fyrirhafnar. Og skaðlaust eða skaðlítið fyrir almenning, með því að lotteríið má ekki hafa nema mjög svo lítil viðskifti við landsmenn, en viðskifti lotteris við seðlakaupendur lotterísins ávallt til mikils hagnaðar, en viðskiftavinum þess yfirleitt til óhagnaðar. Vinningarnir úr hverju lotterii lægri en iðgjöldin, sem til þess renna.

Af því að lotterí eru annarsvegar mikil gróðalind, en hinsvegar til í flestum löndum, fá færri lotterileyfi en vilja, enda þess vegna leitað nú til löggjafarvalds Íslands.

Leyfisleitendurnir fara þó ekki fram á að lotterí verði stofnað hjer á landi, og ætla því heldur ekki á viðskifti Íslendinga að nokkru ráði. Þeir byggja þvert á móti nálega eingöngu upp á viðskifti við útlönd. En til þess að geta aflað sjer viðskiftavina erlendis, verða þeir að fá leyfi einhvers lands til lotteri-

haldsins og verða jafnframt að reka það þar, sem hægt er að ná til þess. Þeir fá ekki slíkt leyfi í löndum, sem lotterí eru til í, og hafa því leitað hingað, en þykjast hafa vissu fyrir að mega reka það í Kaupmannahöfn, fái þeir leyfi löggjafarvaldsins, konungs og alþingis, til lotteríhaldsins. Þeir fara þannig í raun-inni að eins fram því, að mega kenna lotteríið við Ísland.

Lotteríið á þó að vera undirgefið stjórn landsins. Hún útnefnir stjórn-endur þess, setur því reglugerð og getur svift leyfishafa leyfinu, standi lotteríið ekki að öllu leyti í skilum.

Auk nafnsins, sem landið á að leggja til, er að eins ætlast til þess, að utan-ríkislotteríum verði ekki leyft að keppa hjer við lotteríið — í því einu er einka-rjetturinn fólginn — og svo til hins, að landið ábyrgist tryggingarsjóð lotterísins gegn vinnendum, en sú ábyrgð er að eins í orði kveðnu, því að sjóðurinn verður undir hendi ráðherra.

Lotteríið verður með líku fyrirkomulagi og danska ríkislotteríið og ný-lendulotteríið, en þau eru talin, einkum hið fyrnefnda, meðal hinna bestu lottería.

Í notum þess, sem landið leggur til samkvæmt ofansögðu, fær það 4 % af öllum iðgjöldunum. Seldust allir seðlarnir, 50,000 talsins, fyrir 150 fr. hver, fengi landið 270,000 kr. gjald á missiri, eða 540,000 kr. á ári. Og hvað sem seðlasölunni líður, eru landinu trygðar um 100,000 kr. á missiri, eða um 200,000 kr. á ári. Sú lágmarksupphæð er landinu trygð, enda á lotteríið að setja landssjóði veð fyrir skilvísri greiðslu upphæðar þessarar. Auk þess á landið að fá helming þeirra vinninga, sem ekki verður gengið eftir.

Leyfishafarnir fullyrða, að landinu skuli verða sett trygging fyrir því, að leyfið verði notað, áður en landsstjórnarinnar verði leitað um útgáfu leyfisbrjefs-ins, enda á leyfið að verða ónýtt, verði það ekki notað innan 31. desbr. 1913.

Hjer að ofan er málavöxtum lýst svo sem þeir mundu verða með breyt-ingum þeim, sem nefndin ber fram á sjerstöku þingskjali. Og fær nefndin, eða meiri hluti hennar, 6 af 7, ekki sjeð betur en að sjálfgefið sje, að taka málinu vel, jafn brýn og fjárþörf landssjóðs nú er, og engin áhætta honum til handa á aðra hönd.

Þó vill nefndin láta þess getið, að valt væri að byggja á mjög miklum tekjum af lotteríinu til frambúðar, sem föstum tekjum á fjárlögunum, enda vel til fallið, að eitthvað af tekjunum væri látið ganga til fastra landsstofnana, svo sem til landsbankans og byggingarsjóðs.

Neðri deild Alþingis, 3. ágúst 1912.

Eggert Pálsson, formaður.	Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögum.
Valtýr Guðmundsson.	Jón Ólafsson.
Pjetur Jónsson.	Björn Kristjánsson.

Nd. **145. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá Matthíasi Ólafssyni.

Við 3. grein.

Á eftir 24. tölulið komi:
25. Hliðarsími til Suðureyrar í Súgandafirði.

Við 4. grein.

»Súgandafjarðar« (í upptalningunni) falli burt.

Við 5. grein.

Á eftir: »Til 24. liðs 2. flokks . . . 5000 krónur«, komi:
Til 25. liðs 2. flokks . . . 1000 krónur.

Nd. **146. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

(Frá minni hlutanum).

Enga samleið á jeg við hina nefndarmennina í þessu máli. Ber einkum tvent til. Það hið fyrsta, að eg vil með engu móti bendla nafn landsins við slíkt fjeglæframál. Hitt annað, að jeg er þeim ósamþykkur um fyrirkomulagið á happdrættinu, ef það á að komast á fót.

Happdrætti nefni jeg slík fyrirtæki, því að jeg ljæ eigi mitt lið til þess að lögfesta orðskrípið *lotteri* í íslensku máli. Ágæti happdrættis sjest ljósast á ætt þess og uppruna. Það er runnið af veðmálum og fjárhættuspilum og hefir enn einkenni þeirra, þótt menn hafi leitast við því, að gera áhættuna skaplegri fyrir þá, sem kaupa happdrættismiðana. Hefir það verið gert með því, að takmarka miðafjöldann og fjölga happadráttum, koma föstu skipulagi á dráttinn og hafa eftirlit með því, að eigi sje svikið. En eigi að síður hefir bæði Frakkland og England lagt niður þau happdrætti, er þar höfðu verið, og allir kannast við, að peningahappdrætti sjeu fjeglæfrar. Sama má auðvitað segja um iðnaðarhappdrætti, en þó er áhættan þar langtum minni og einkum er freistingin margfalt minni fyrir almenning. Svo er og um góðgerðahappdrætti í eitt og eitt sinn og eins um vaxtahappdrætti. Hitt er alkunna, að í peningahappdrætti eru menn gintir með voninni um að geta unnið stórauð, 1000000 kr., eða þar um bil. Auk þess er hlutum skift í sundur, jafnvel í tíundir, til þess að fátæklingar ginnist til að kaupa. Eru því margir ágætir menn á þeirri skoðun, sem kemur fram í þessum orðum Dr. Max von Heckel, kennara í háskólanum í Münster í W.: »Ríkið má aldrei nje á nokkurn hátt styðja happdrættisskaðræðið, því að það verður að vita siðferðisskyldu þá, sem á því hvílir, og þekkja verkefni sín í þjóðarbúskapnum og í lagasetning um alþjóðar hag«. Segir hann þetta bæði um það, er ríkið

rekur sjálft happdrættið, og er það leigir það öðrum eða veitir öðrum leyfi til sliks fyrirtækis, eða ábyrgist eða hefir eftirlit með slíkum fyrirtækjum, og jafnvel um happdrætti í góðgjörða skyni.

Hin ýmsu ríki líta misjafnt á þetta mál, og hafa sum þeirra peningahappdrætti. Þó eru hin fleiri, sem hafa aldrei haft það, eða lagt það niður, þótt þau hafi haft það áður. Nú eru peningahappdrætti í þessum ríkjum: Austurríki, Ítalíu (í þessum báðum töluveðjanar happdrætti), Þýskalandi (Prússlandi, Saxlandi, Hamborg), Ungverjalandi, Hollandi, Spáni, Danmörku og Serbíu. Hjer af má sjá, að það eru ýkjur hjá meiri hluta nefndarinnar, að »lotterí er nálega til í landi hverju«.

En hitt er rjett, sem þar segir, að ýmist reka ríkin slík fyrirtæki sjálf, eða þau selja þau einstökum mönnum á leigu. En hvort fyrirkomulagið sem haft er, þá er hjer um ríkiseinokun að ræða, ríkiseinokun á vöru, sem ríki er ósamboðið að versla með, ríkiseinokun á tálvonasölu. Þykir mjer harla einkennilegt, er þessi nefnd gleypir við þessari ríkiseinokun, en má enga aðra heyra nefnda. Eru þó sannarlega færri blóðpeningar í þeim gróða, sem landið gæti haft af því að versla sjálft með steinolíu, tóbak o. fl.

Uppruni happdrættis er illur, grundvöllurinn er ginning og gróðinn illa fenginn. Og hvernig verða afleiðingarnar? Árið 1873 var stofnaður fyrsti sparisjóðurinn hjer á landi. Þá áttu menn enga spariskildinga, en nú eiga þeir hjer um bil 6 miljónir í sparsjóðum. Þar á sjest uppeldiskraftur þeirrar stofnunar. Peningahappdrætti vinnur í alveg öfuga átt, það tvístrar og kennir mönnum að láta kylfu ráða kasti og að ala blindar vonir. Eru þær afleiðingar fátækri þjóð allhættulegar. En þó verða þær afleiðingar oss hættulegri, að virðing landsins og lánstraust fer alveg forgörðum, er aðrar þjóðir sjá oss taka til slíkra örþrifráða. Mun slíkt vekja grun þeirra um, að hagur landsins allur sje á fallanda fæti, einkum fyrir þá sök að fylgismenn þessa frumvarps munu reyna að rjettlæta tiltektir sínar með erfiðum fjárhag. Þó er það á allra vitorði, að fjárhagur landsins er alls eigi þröngur, heldur stafa misfellurnar af því, að of mikið hefir verið lánað úr viðlagasjóði, svo að peningaforði er eigi nægur sem stendur. En sú hin sama nefnd, sem fjallar um þetta mál, hefir með höndum gnægð af frumvörpum og tillögum, sem hvert um sig nægir til umbóta á þessu.

Af framantöldum ástæðum verður tillaga mín sú, að Ísland setji aldrei peningahappdrætti á stofn, allra síst með þeim hætti, að það selji öðrum í hendur einokun á svo glæfralegu gróðafyrirtæki. Skora jeg því á deildina að fella þessi lög.

En jeg þykist mega ráða það af undirtektum nefndarmanna og annara þingmanna, að meiri hluti þeirra verði svo frekur til fjárins, að þeir vilji hafa það fyrir hvern mun. Jeg geri því til vara nokkrar breytingartillögur, sem bæta nokkuð úr, ef illa á að fara.

Það er vitaður hlutur, að þeir menn, sem nefndir eru í 1. gr., hafa eigi fjármagn til að reka slíkt fyrirtæki, og að aðrir menn standa að baki þeirra. En vel má vera, að aðrir menn geti fundið aðra bakhjarla, er byði betri kjör. Er því rjettast að binda heimildina ekki við neitt nafn.

Leyfisbeiðendur vilja sleppa með því, að happadrættir nemi 70% af samantöldum iðgjöldum fyrir alla hlutina í flokknum. En í flestum flokkuðum happdrættisfyrirtækjum mun þessi hundraðstala vera hærri, allt að 90%. Sýnist því eigi ofhátt, þótt þetta væri sett 80%. Því að naumast er ráð fyrir því gerandi,

að þingmenn vilji leigja nafn og heiður landsins, nema fyrir því verði sjeð, að áhætta hlutkaupanda verði eigi meiri en tíðkast annarstaðar. Hjer þyrfti og að bæta inn í ákvæði um það, hversu margir happadrættir skuli vera.

Alþingi hefir eigi vald til þess að setja lög um, að slíkt fyrirtæki sem þetta skuli eiga heima í Kaupmannahöfn. Því að vjer höfum engin yfirráð yfir Dönum. Gætum vjer eins vel sett í lögin að drættir skyldu framfara í Hamborg eða Paris. Væntanlegum leyfishöfum yrði slíkt lagaákvæði ónýtt, ef það fengi eigi góðfúslega leyfi hjá stjórn þess lands, eða væri það heimilt eftir þess lögum. Hins vegar getur oss enginn hagur verið í því, að binda þá við Kaupmannahöfn, fremur en einhvern annan stórbæ, einkum þar sem á öðrum stað í lögunum er bannað að selja happdrættismiða í Danmörku. Mundu og flestir hyggja, að hjer væri um nýtt nýlendu happdrætti (Koloniallotterie) að ræða, enda mundu Danir leyfa slíkt einmitt í þeirri veru (sbr. orðin utan *ríkis* í 4. gr.). Afleiðing þessa er sú, að fyrirtækið verður að eiga heima í Reykjavík og drættir að fara fram hjer.

Þrjátíu ár er langur tími. Í Ungverjalandi leigir stjórnin hlutafjelagi einu rúml. hálfu stærra happdrætti og lætur það gjalda 3000000 franka eftir á ári hverju, og þó ekki nema til 20 ára.

Árgjaldið til landssjóðs er altof lítið. Ungverjalands var getið hjer að ofan. Prússar borga 1630000 mörk fyrir leyfi að selja happdrættisseðla sína í Hetverja og Þýringalandi, 475000 mörk fyrir samskonar leyfi í Brúnsvík. Holland hefir peningahappdrætti, þar sem alls eru seldir 105000 seðlar á 90 kr. hver. Upp úr því hefir landið 846,000 kr. eða 8.95%. Hið flokkaða happdrætti Dana (Klasselotteriet) selur 100000 hluti á ári fyrir 50 kr. hvern og græðir á því 1550000 kr. (1909) þ. e. 31%. Spánn tekur 27% í landsjóð sinn og græðir 35250000 franka (peseta) [1909]. Serbia selur á ári 60000 hluti á 120 franka hvern og fær í hreinan ágóða 600000 franka, eða 8.33%. Hygg jeg að eigi muni vaxa lánstraust Íslands, ef það ljær nafn sitt fyrir svo lítið, sem til er skilið í frv.

Að setja þjóðbankann í Kaupmannahöfn inn í þessa lagasmíð er með öllu ástæðulaust. Tryggingin á hvergi annarstaðar að vera en í landsbankanum.

Óskiljanleg er mjer sú meinbægni við Dani og nýlendur þeirra, að banna þeim að freista hamingju sinnar í þessu happdrætti, ef þá fýsir. Eða mundi leyfið tekið aftur, ef Danir leyfðu sjálfir sölu þar í landi?

Hvað þýða orðin »utan ríkis«? Er átt við ríkið Ísland, sem er að vísu fullvalda ríki að rjettum lögum, eða er átt við »hið safnaða danska ríki«, sem ásælni Dana vill hnoða oss inn í, og lítilsigldir Íslendingar vilja bræða oss saman við? Þykir mjer hætt við, að sá skilningur verði ofan á, að ríki þetta sje danskt. Niðurstaðan verður þá sú, að Danir eru varðir fyrir tálvonaverslun í Íslands nafni, en vjer erum varnarlausir fyrir einokunarverslun, leigðri og óleigðri, með danskar tálvonir um gull og gróða. Hjer er sjálfsagt að setja í lögin »utan Íslands« í stað »utan ríkis«.

Í samræmi við framanritaðar athugasemdir ber jeg fram til vara eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Fyrirsögnin skal vera svo orðuð:
   Frv. til laga um peningahappdrætti fyrir Ísland.

2. Við 1. gr.
Orðin: »fyrv. landshöfðingja — í Kaupmannahöfn« falli burt.

3 Í stað orðskrípisins »*lotteri*« komi alstaðar: happdrætti (í rjettum föllum, tölum og kyni).

4. Við 1. gr. b.:
Eftir: »sundurskifta« komi: þó má eigi skifta í smærri hluta en áttundir.

5. Við 1. gr. c., 1. málsgr.:
Í stað: »70%« komi: 80%. Aftan við málsgreinina bætist: Skulu happadrættir eigi færri en 30000 af 50000 hlutum.

6. Við 1. gr. c, þriðju málsgrein:
Aftan við málsgreinina bætist: að frádregnum 10%, sem renna í landssjóð Íslands.

7. Við 1. gr. d.:
Fyrir orðin: »Drættirnir — dómstóli« komi: Dregið skal í Reykjavík, þar sem happdrættið á lögheimili. Þar skal og stjórn þess vera, og skipar konungur þriggja manna nefnd til eftirlits, og skal að minsta kosti einn nefndarmanna vera lögfræðingur, er gengur sje í yfirdóminn.

8. Við brtill. meiri hlutans við 1. gr. e: Í stað: »30« komi: 25.

9. Við 1. gr. f.:
Fyrir: »2%« komi: 5%. Aftan við liðinn bætist: Hundraðsgjald þetta hækkar um ½% á ári, þar til er það er orðið 10%.

10. Við 1. gr.:
Orðin: »í þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða« falli burt.

11. Við 3. gr. g.:
Orðin: »Hluti — Danmerkur« falli niður.

12. Við 4. gr.:
Fyrir orðin: »utan ríkis« komi: utan Íslands.

Alþingi, 4. ágúst 1912.

Bjarni Jónsson,
frá Vogi.

Nd.

147. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

Frá skattanefndinni.

1. Við 1. gr., 1. m.gr.
Eftir: »R af Dbg« komi: báðum til heimilis í Reykjavik.

2. Við sömu gr. b. bætist:
Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta alt að 2% af iðgjaldinu.

3. Við sama lið, 3. m.gr.:
Eftir: »greiddir af hendi« komi: affallalaust.

4. Við sömu gr. d.:
Í stað orðanna: »3 Íslendingar og 3 Danir« komi: eigi færri Íslendingar en 3.

5. Við sama lið:
Í stað orðanna: »sem hafa hæfileika til að eiga sæti í fjölskipuðum dómstóli« komi: sem gengir eru í æðri dómstóla.

6. Við sömu gr. e.:
»40« verði: 30, og orðin: »að telja« á seinni staðnum falli burt.

7. Við sömu mgr.:
Aftan af mgr. falli: »að fyrirmuna að íslenskt lotteri sje lengur rekið«, en við bætist: enda sje leyfið notað fyrir 31. desbr. 1913.

8. Við sama lið, 2. mgr.:
Í stað orðanna: »með greiðslu« komi: til greiðslu.

9. Við sömu mgr.:
Eftir orðin: »eða ef« komi: tryggingasjóðnum verður ekki viðhaldið, eða ef,

10. Við sömu mgr.:
Í stað orðanna: »sem samþykt er fyrir lotteríið er brotin af þeirra hendi« komi: er brotin af þeirra hendi, sem sett verður fyrir lotteríið.

11. Við sömu gr. f.:
Í stað orðanna: »að minsta kosti 2%« komi: 4%.

12. Við sömu gr., g:
Í stað: »hverjum flokki« komi: hvorum flokki.

13. Við 2. mgr.
Í stað orðanna: »fyrir því sem ávantar, er ráðherra Íslands tekur gilda« komi: er ráðherra Íslands tekur gilda fyrir því sem ávantar.

14. Við 3. mgr.:
Eftir: »ábyrgist« komi: fyrir landssjóðs hönd.

15. Við 2. gr.:
Greinin falli burt.

16. Við 3. gr.:
Greinin verði: 2. gr. og »2000« verði: 1000

17. Við 4. gr.:
Greinin verði 3. gr.

18. Við sömu gr.:
Aftan við 1. mgr. bætist: nje leggja þar á það stimpilgjald.

19. Við 3. mgr.:
Í stað: »opinber« komi: almenn.

Nd. **148. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóvember 1905.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson, Sigurður Sigurðsson og Halldór Steinsson.

77. grein orðist þannig:
Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá kostar framfærslusveit hans dvöl hans þar, lyf og læknishjálp, alt að 200 kr. á ári. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði.

Nd. **149. Tillaga**

til þingsályktunar um mótorbátahöfn á Suðureyri í Súgandafirði.

Frá Matth. Ólafssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka og gera áætlun um mótorbátahöfn á Suðureyri í Súgandafirði.

Nd. **150. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ritsíma og talsíma Íslands.

Frá nefndinni.

Aftan við 6. gr. bætist:
og í samræmi við gildandi samninga.

Ed. **151. Frumvarp**

til laga um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land Garðakirkju, sunnan og vestan þessara marka:

1. Bein lína úr »Balaklöpp«, við vesturenda Skerseyrarmalar í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins,
2. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
3. Úr Hádegishól, bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark, miðað frá Vífilsstöðum; — þá tekur við
4. Urriðakotsland; þá
5. Setbergsland, alt til Lækjarbotna; og loks
6. Selvogsmanna- eða Grindaskarðavegur.

Um mörk landspildu þessarar að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár um »Merki á landi Garðakirkju á Álftanesi samkvæmt máldögum og fornum skjölum« dagsettrar 7. júní 1890, og þinglesinnar 9. sama mánaðar. Undanskilið sölunni er: Hamarskotstún innan girðinga og Undirhamarstúnsblettur.

2. gr.

Verðið skal vera 52,000 krónur, er greiðist þannig:
2000 krónur, er salan fer fram, en upp frá því greiðist 1000 krónur á ári ásamt 4% af eftirstöðvum kaupverðsins, uns það er að fullu greitt.

Ed. **152. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða.

Eftir 3. umr. í Nd.

1. gr.

Gjögur við Reykjarfjörð í Strandasýslu og Skálavik á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar á hvorum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61 frá 10. nóvbr. 1905 og birt þau í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **153. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. 4. nóv. 1881.

Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Í stað: »af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli eða kökum 50 a.« í 1. gr. komi:
   Af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli 50 a.
   Af hverjum 100 kg. af fóðurkökum 25 a.
2. Í stað: »af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 20 a.« komi:
   Af hverri smálest af áburðarefnum 1 kr.

Ed. **154. Frumvarp**

til laga um breyting á tíma þeim, er hið reglulega Alþingi kemur saman.

(Eins og það var samþykt í Ed. 5. ágúst).

Hið reglulega Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur eigi ákveðið annan samkomudag sama ár.

Ed. **155. Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., 4. nóv. 1881 (þingskjal 120).

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. 3. lið fyrir: »30 aura« komi: 25 aura.
2. Við 1. gr. 4. lið fyrir: »20 aura« komi: 15 aura.

Nd. **156. Frumvarp**

til laga um nýnefni.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson. Stefán Stefánsson, Eyf.

I. kafli.

Um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum.

1. gr.

Ný nöfn á býlum, er jarðabók telur, eða á afbýlum, grasbýlum eða húsmenskubýlum, er bygð eru í landi lögbýla, má enginn taka upp nje nota, nema fylgt hafi verið reglum þeim, er settar eru í þessum lögum.

2. gr.

Nú vill eigandi býlis taka upp nýtt nafn á býli sínu, eða breyta nafni á því, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess. Beiðninni skal fylgja lýsing á býlinu, og hvaða ár lögbýli það er bygt, landstærð þess og ummerki. Skjöl þessi sendir beiðandi sýslumanni, er afgreiðir þau til stjórnarráðsins.

3. gr.

Telji stjórnarráðið nafn það, er beiðandi vill taka upp á býli sínu, fyrir einhverjar sakir óheppilegt, endursendir það sýslumanni skjölin, og skal þá beiðanda gefinn kostur á að velja annað nafn á býlinu. Samnefni á býlum innan sama hrepps má eigi leyfa

Sje ekkert nafntökunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef til nafntökunnar, og skal þar tilgreina byggingarstað býlisins, byggingarár, landsstærð þess og ummerki. Leyfisbrjefið sendir stjórnarráðið sýslumanni, er skrásetur það í landamerkjabók, og skal það þinglesið á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Býlanöfn, er upp hafa verið tekin áður en lög þessi öðlast gildi, skulu haldast, ef eigendur óska, en senda skulu eigendur þeirra til stjórnrráðsins

skýrslu um býlið og nafn þess, svo sem fyrir er mælt í 2. gr. — Skýrslur þessar skal senda á 12 mánaða fresti frá því, er lögin öðlast gildi, og skulu hreppstjórar hafa eftirlit með, að hlýtt sje þessu ákvæði. — Gefa skal út, skrásetja og þinglesa leyfishrjef um þessi býlanöfn svo sem fyrir er mælt í 3. gr.

5. gr.

Fyrir leyfisbrjefið greiðir beiðandi 10 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð. Fyrir skrásetning leyfisbrjefsins greiðir beiðandi til sýslumanns 2 kr., auk hins lögákveðna þinglestursgjalds til landssjóðs. — Sje býlisnafnið eldra en þessi lög, skal ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið nje skrásetning þess.

II. kafli.

Um ný nöfn manna.

6. gr.

Enginn má breyta skírnarnafni sínu nje taka upp nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum þessara laga.

7. gr.

Nú vill maður breyta skírnarnafni sínu eða taka upp nýtt nafn, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um það, og láta henni fylgja skírnarvottorð. Sje beiðandi fjölskyldufaðir, og fari hann þess á leit, að nafntakan einnig nái til konu hans og barna, skal hann láta beiðninni fylgja skírnarvottorð allra þeirra, er ætlast er til að nafntakan nái til. Nýnefni föður eða móður nær eigi til barna þeirra, er eldri eru en 18 vetra, nema þau samþykki.

8. gr.

Telji stjórnarráðið nafn það, er beiðandi vill taka upp, fyrir einhverjar sakir óheppilegt, eða hafi nafnið áður verið tekið, endursendir það sóknarpresti beiðanda skjölin, og skal honum jafnframt gefinn kostur á að velja annað nafn.

Samnefni má eigi leyfa.

Sje ekkert nafntökunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef til nafntökunnar. Leyfisbrjefið sendir stjórnarráðið sóknarpresti beiðanda, er annast um að þess sje getið í kirkjubókum við skírnarnöfn þeirra, er nafnbreytingin snertir. Leyfisbrjefið ásamt vottorðum úr kirkjubókunum um nýnefnið afhendir sóknarprestur því næst umsækjanda.

9. gr.

Nýnefni manna, er upp hafa verið tekin hin síðastliðnu 10 ár, mega því að eins haldast, að þeir, er nöfnin hafa tekið upp, eða nú bera þau, sendi um það beiðni til stjórnarráðs, ásamt skírnarvottorðinu og skýrslu um hve nær hið nýja nafn er tekið upp.

Beiðnina skal senda áður en liðnir eru 12 mánuðir frá því, er lög þessi öðlast gildi.

Um útgáfu leyfisbrjefa og skrásetning nafna í kirkjubókum fer eftir fyrirmælum 8. gr.

10. gr.

Fyrir leyfisbrjef til nafntöku, hvort heldur er fyrir einstakan mann eða fjölskyldu, skal greiða 10 kr., er renna í landssjóð og innheimtir sýslumaður gjaldið, og má sóknarprestur eigi afhenda leyfisbrjefið, nema umsækjandi sýni kvittun fyrir gjaldinu. Fyrir hvert vottorð úr kirkjubókum um skrásetning nýnefnis skal greiða hlutaðeigandi sóknarpresti 2 kr.

Hafi nýnefnið verið tekið upp á hinum síðustu 10 árum, áður en lög þessi öðlast gildi, skal ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið.

11. gr.

Um nýnefni manna, er upp hafa verið tekin fyrir meira en 10 árum síðan, lætur stjórnarráðið safna skýrslum og býr til fyrirmynd fyrir þeim. — Komi fyrir samnefni meðal nýnefna þeirra, er upp hafa verið tekin, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur sá nafninu, sem fyr hefir tekið það upp.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Skrá yfir nýnefni, er upp hafa verið tekin eða leyfisbrjef gefið fyrir, skal við hver árslok birta í »Lögbirtingablaðinu«.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Nd. **157. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju.

2. gr.

Kennarafjelagið kýs í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.

Nd. **158. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Frá Tryggva Bjarnasyni, Sigurði Sigurðssyni og Einari Jónssyni.

Fyrsta grein frumvarpsins falli burt.

2. gr. verði 1. gr. og

3. gr. verði 2. gr.

Ed. **159. Tillaga**

til þingsályktunar um meðferð fjárkláðans o. fl.

Frá nefndinni í fjárkláðamálinu.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að hún á næstkomandi hausti og vetri beiti ákvæðum laganna nr. 40, 8. nóv. 1901, og láti tvíböðun framfara, en einungis þar, sem kláði kemur upp og mikill kláðagrunur er.
2. Að hún leggi fyrir alla sýslumenn landsins að láta fram fara vandlega kláðaskoðun á öllu sauðfje í landinu í næstkomandi aprílmánuði og heimta nákvæmar skýrslur um þessar skoðanir og um fjárkláða, sem fyrir kann að koma á næstkomandi hausti og vetri. Skýrslur þessar ættu sýslumenn að senda stjórnarráðinu svo fljótt, að því vinnist tími til að rannsaka þær og byggja á þeim rökstuddar tillögur um meðferð fjárkláðans, áður en alþingi kemur saman 1913.
3. Að hún leiti álits fjáreigenda í landinu um það, hvort þeir óski heimildarlaga fyrir samþyktum um árleg þrifaböð á sauðfje.

Nd. **160. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsetrinu Presthólum.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Halldóri prófasti Bjarnarsyni prestsetrið Presthóla í Núpasveit fyrir 4000 krónur og með þeim öðrum skildögum, sem ákveðnir eru í lögum um sölu kirkjujarða.

Árið 1911 fór jeg þess á leit við hið háa alþingi, að það leyfði mjer með lögum að fá keypta ábúðarjörð mína, kirkjujörðina Presthóla. Málaleitun minni lauk svo, að háttv. neðri deild samþykti rökstudda dagskrá þess efnis, að deildin treysti því, að landstjórnin gæfi ábúanda Presthóla kost á að kaupa jörðina, ef ekkert sjerstakt reyndist með rökum því til fyrirstöðu.

Jeg hafði áður varið liðugum 2500 kr. til endurbóta á jörðinni, lagt akveg til sjávar, sem er nokkuð löng leið, bygt fjárborg stóra og með góðri gerð, sljettað tún að nokkru og girt. Jeg rjeðist í að gera þetta eftir að jeg hafði leitað til biskups um að fá prestakallslán til jarðabóta, en hann tjáði mjer, að ekki væri hægt að fá það lán vegna þess, að jörðin yrði lögð niður sem prestsetur, taldi hann hinsvegar, að ekkert mundi því til fyrirstöðu að jeg fengi jörðina keypta og gæti þá tekið lán uppá hana, og gert þær bætur, sem æskilegar væru. Í þessari von byrjaði jeg á jarðabótunum. Þegar jeg síðar sendi beiðni mína um kaup á jörðinni til sýslunefndar, áleiðis til stjórnarráðsins, var mjer synjað meðmæla nefndarinnar af þeim ástæðum, að Presthólum væri svo vel í sveit komið, að jarðarinnar yrði síðar þörf til opinberra afnota. Hin háttv. nefnd, er neðri deild skipaði í þetta mál leit svo á, að hjer væri eigi um nægar ástæður að ræða til að meina mjer kaup á jörðinni, og vísast þar um til nefndarálitsins, sem prentað er í A.-deild Alþingistíð. 1911 bls. 913, þingskj. 712.

Þegar jeg hafði frjett, að háttvirt neðri deild hefði samþykt rökkstudda dagskrá, þá er fyr um getur, taldi jeg vafalaust, að mjer mundi auðnast að fá jörðina keypta. Rjeðí jeg þá til mín menn, er unnið hafa að jarðabótum hjá mjer í fyrra og í sumar, svo að nú hefi jeg varið til þeirra alls um 3500 krónum.

Jeg hefi nú átt tal við hæstv. ráðherra um kaup á jörðinni, og hefir hann tjáð mjer, að hann telji sjer ekki heimilt að selja hana sakir þess, að sýslunefndin hafi lagt á móti sölunni, þyrfti til þess sjerstakt lagaboð.

Jeg verð því á ný að snúa mjer til hins háa Alþingis um, að það heimili með sjerstökum lögum, að jeg fái keypta ábýlisjörð mína. Vænti jeg þess, að það sje sama sinnis og vilji sýna mjer sömu sanngirni nú eins og 1911, er það með rökstuddri dagskrá lýsti því yfir, að það sæi ekkert því til fyrirstöðu, að jeg fengi jörðina keypta.

Þess er getið í áður umgetnu áliti nefndar háttv. neðri deildar, að nauðsynleg gögn vanti, svo að ekki verði ákveðið neitt um sölu jarðarinnar. Úr þessu er nú bætt, þareð hjermeð fylgja matsgerðir frá árunum 1854, 1899, 1908 og 1911 ásamt fleiri skjölum.

Um virðingargerðina 14. sept. 1911, þá síðustu, vildi jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum.

Jeg sneri mjer um sumarið 1911 til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, og bað hann nefna til matsmenn að virða ábýlisjörð mína. Gerði hann það, og nefndi til þá, Árna sýslunefndarmann Kristjánsson í Þórunnarseli og Jón bónda Ingimundarson á Brekku. Virðinguna framkvæmdu þeir þannig, að þeir skrifuðu að eins upp úr kirkjustólnum nöfn jarðarhúsanna, en ekki stærð þeirra. Ekki litu þeir heldur á þau. Fóru síðan burt, án þess að skoða jörðina frekar.

Við virðingargerð þeirra get jeg alls ekki unað. Jörðin er þar metin mikils til of hátt, bæði að mínu áliti og annara, er á það minnast norður þar, og er mjer ókleift að

kaupa hana því verði. Þeim sem lesa virðingargerð þessa, mun fremur virðast, sem hjer sje að ræða um prókúratorskjal, heldur en gerð óvilhallra manna. Skjalið ber það fyllilega með sjer, borið saman við eldri matsgerðir, að verið er að reyna að fóðra það, að virðinga rverðið er sett svona háft, 7200 krónur. Jeg verð líka að halda því fram, að sýslumaður hafi ekki tilnefnt hjer tvo óvilhalla menn til matsins, því það er al-kunnugt, og líka get jeg, hvenær sem er, fært fyrir því fullnægjandi sannanir, að annar virðingarmaðurinn (Jón Ingimundarson) hefir sýnt mjer opinberan fjandskap. Um hinn virðingarmanninn er það að segja, að hann átti sæti í sýslunefnd þeirri, sem synjaði mjer meðmæla með sölunni.

Skal jeg nú fyrst, áður en jeg vík að matsgjörðinni sjálfri, geta þess, að virðingarmennirnir skýra ekki rjett frá, að þá hafi vantað nægar upplýsingar, þegar þeir komu að meta jörðina. Matsmennirnir áttu þá kost á að sjá öll þau skjöl jörðinni viðkomandi sem til matsins þurfti, svo sem kirkjustólinn með úttektargerðum, matsgerðir og fleiri skjöl, þar á meðal skjöl þau, er jeg sendi þeim með brjefi dags. 9. sept 1911, sem með fylgir. Öðrum matsmanninum, J. I., þótti að eins vanta matsgerð, framkvæmda af honum og hreppstjóranum árið 1908, en sú matsgerð hefir mjer aldrei verið tilkynt eða send, enda ekki fáanleg hjá hreppstjóranum, eins og brjef mitt ber með sjer. — Nú hefi jeg fengið hana hjá stjórnarráðinu, og fylgir hún með og verður vikið að henni síðar.

Að því er til efnisins kemur í virðingargerðinni 1911, þá rengja virðingarmennirnir lögmæltar skýrslur hreppstjórans um heyfeng jarðarinnar. Þeir færa engar ástæður fram fyrir vjefenging sinni, og verður hún því ekki álitin annað en staðhæfing út í loftið. Um engjarnar, sem þeir bæði spá og tala svo fagurlega um, skal þess getið, að sama sumarið sem virðingin fór fram og þeir meta útheysfeng hennar 2—300 hesta. Þá heyjaði jeg þar kringum 15 hesta sjálfur. Síðan leyfði jeg Jóni Ingimundarsyni og bræðrum hans á Brekku að heyja á mýrunum, það sem þeir vildu og gætu, þareð jeg hafði leigt mjer gott engi í næstu sveit, en þeir höfðu þá engar engjar. Það sem þeir gátu urið upp um sumarið, voru 30 votabandshestar; voru þó mýrarnar venju betri það sumar vegna þurka.

Í matsgerð sinni segja virðingarmennirnir, að um 500 fjár hafi verið framfleytt á Prestshólum síðastliðin ár, auk annara gripa. Þetta er ekki allskostar rjett. Til þess að geta framfleytt þessum fjenaði, hefi jeg um mörg ár orðið að fá ljeðar slæjur í öðrum hrepp. Þetta var að minsta kosti öðrum matsmanninum, J. I., kunnugt um persónulega. Auk þess hefi jeg orðið að koma fyrir sumu af sauðfjenaðinum og hestum annarsstaðar í hreppnum að vetrinum, því beitilandið er lítið.

Stórgripahaga segja þeir góðan. En hið rjetta er, að hann er sama sem enginn á vetrum, eins og fyrri matsgjörðir sýna, sbr. matsgjörðina 1854 og 1899, og lítill á sumrin, þar sem heimalandið er að mestu hraunhólar, vaxnir kvisti og lyngi.

Matsmennirnir bera Presthóla saman við aðrar jarðir þar um sveitir. Annar þeirra, Jón Ingimundarson, hafði þá fyrir skömmu virt þjóðjörðina Leirhöfn til söluverðs á 2500 krónur. Presthólar og Leirhöfn eru báðar metnar jafnt að fornu mati, og auk þess er það kunnugt þar norður um sveitir, að sá einn munur er á vetrarútbeit jarðanna, en það er aðalkostur þeirra, að Leirhöfn hefir helmingi meira vetrarbeitarlandrými. Ennfremur hefir Leirhöfn það framyfir, að þar eru sellátur, sem gefa af sjer 60—100 kópa árlega, dálitið æðarvarp og þarabeit sem aldrei bregst. Hinn matsmaðurinn virti Skóga í Axarfirði til söluverðs á 3600 krónur, að því er mjer hefir verið frá skýrt. Stjórnarráðið setti verðið upp í liðugar 4400 krónur, en það er kunnugt, að Presthólar komast ekki í nokkurn samjöfnuð við þá jörð.

Í virðingargerð þessari er ekki vikið neitt að því, að Presthólum hafi bæzt nein hlunnindi síðan 21. jan. 1899 að hún var metin (landskuld og leigur) á 154 kr. 25 au., er svarar til 3856 kr. 25 au., að hún geti verið nú komin upp í 7200 kr. En það þarf ekki að fara svona langt aftur í tímann. 5. des. 1908, *tæpum þrem árum áður* en þessi virðingargerð fór fram, meta þeir Þorsteinn hreppstjóri Þorsteinsson og Jón bóndi Ingimundarson, *sami* maðurinn og nú hefir virt hana, jörðina til afgjalds á 120 kr. fyrir utan leigur, ekki eins og þeir segja í virðingargerðinni 14. sept. 1911 »*afgjald heimajarðarinnar á kr. 120,00 og hjáleigunnar á kr. 30,00, án kúgilda leigu*«, sjá staðfest eftirrit matsgerðarinnar frá 5. des. 1908, er hjer með fylgir. Kúgildaleigurnar eru jafnaðarlega milli 40 og 50 krónur Svara þá landskuld og leigur samkv. matsgerðinni 1908 til liðugra 4000 króna höfuðstóls. Jörðin ætti því síðan 1908, að hafa hækkað í verði um 3000 krónur, þótt hún að engu

leyti hafi breyzt, nema að þeim umbótum, sem jeg hefi á henni gjört. Vona jeg nú að engum dyljist, að virðingargjörðin 14. sept. 1911 nái engri átt.

Jeg get ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til að víkja frá reglu þeirri, sem gefin er í 7. gr. laga nr. 50, 16. nóv. 1907, að því er Presthóla snertir, að reikna beri verðið út eftir leigumálanum. En matið 21. jan. 1899, eða ef til vill matið 5. des. 1908, verður nánast að skoðast sá leigumáli, er jeg hefi setið við, þar eð mjer var endarveitt kallið 1902.

Jeg get ekki sjeð neina skynsamlega ástæðu fyrir hinu háa mati, nema ef vera kynni, að matsmennirnir hafi virt með umbætur þær, sem jeg hefi gjört á jörðinni. Það lætur nærri, að jörðin sje of virt um þá upphæð. En slík virðing væri óheimil samkv. 8. gr. fyrnefndra laga.

Jeg skal að endingu leyfa mjer að geta þess, að meðalverð jarðarhundraðs hvers, að meðtöldum kúgildum, í seldum þjóðjörðum á árunum 1905—'11 hefir verið kr. 113,06. Ef við það væri miðað, ætti söluverð Presthóla að vera kr. 2713,44. Meðalverð jarðarhundraðs ásamt kúgildum í seldum kirkjujörðum á árunum 1907—'11 er kr. 121,00. Ef miðað er við það, ætti söluverð Presthóla að vera kr. 2904,00.

Samkvæmt því, sem nú hefi jeg sagt, og með hliðsjón af eldri matsgjörðum, er fyrirliggja, vænti jeg þess, að hið háa Alþingi, ef það vill sinna málaleitun minni, ákveði söluverð jarðarinnar svo sanngjarnlega, að mjer sje fært að kaupa hana. Að öðrum kosti hlýt jeg að tapa þeim 3500 kr., er jeg hefi lagt í að endurbæta hana.

Fylgiskjöl með bænarskrá þessari:

Útdráttur úr brauðamati á Íslandi 1854.

Útdráttur úr skýrslu um tekjur og útgjöld Presthólaprestakalls, ásamt virðingargjörð 21. jan. 1899.

Virðingargjörð frá 5. des. 1908.

Virðingargjörð frá 14. sept. 1911.

Skýrsla um heyfeng.

Samþykki hjáleigubónda um kaupin.

Útdráttur úr byggingarbrjefi hjáleigunnar Katastaða.

Þrjú brjef.

P. t. Reykjavík 6. ágúst 1912.

Halldór Bjarnarson.

Til
hins háa Alþingis.

Nd. **161. Þingsályktunartillaga**

um skoðun lendingarinnar í Arnardal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra Íslands að láta verkfræðing athuga lendinguna í Arnardal í Norður-Ísafjarðarsýslu sem allra bráðast, og gera tillögur um nauðsynlegar umbætur á henni.

Ed. **162. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar í Norðfirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Löggilt verslunarlóð kauptúnsins í Norðfirði í Suður-Múlasýslu er með þessum lögum stækkuð frá vesturmörkum núverandi verslunarlóðar inn að Norðfjarðará um 60 faðma breiða spildu frá fjöru til fjalls.

Nd. **163. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um nýnefni.

Frá Guðl. Guðmundssyni.

Við 2. gr. Í stað: »og hvaða ár lögbýli«
komi: á hvaða lögbýli og hvaða ár
Við 9. gr. Fyrir: »skírnarvottorðinu«
komi: skírnarvottorðum

Ed. **164. L ö g**

um að landssjóður kaupi einkasímann til Vestmannaeyja og símakerfið þar.

(Eins og þau voru samþ. í Ed. 7. ágúst).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir landssjóðs hönd frá 1. október 1912 einkasímalínuna frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja og talsímakerfið í Vestmannaeyjum fyrir bókfært verð, að frádregnum 1500 krónum í álag.

2. gr.

Til kaupanna samkvæmt 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að taka alt að 45150 króna lán fyrir landssjóðs hönd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Ed. **165. Lög**

um samþykt um veiði í Drangey.

(Eins og þau voru samþ. í Ed. 7. ágúst).

1. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að gera samþykt um veiði í Drangey, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Þá er sýslunefnd hefir gert frumvarp til samþyktar samkvæmt 1. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar á þeim stað, er sýslunefnd til tekur, alla hjeraðsbúa, þá er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

3. gr.

Á samþyktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, er sýslunefndin hefir gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

4. gr.

Nú er gerð samþykt eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþyktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

Staðfestri samþykt má breyta á sama hátt og hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess að ákvæða hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

Fyrir brot gegn löggiltri samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renni í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af tjeðum brotum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Ed. **166. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. 4. nóv. 1881.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi, skal greiða útflutningsgjald:

af hverri tunnu síldarlýsis (= 105 kg) ... ... 50 aura,
af hverjum 100 kg af fóðurmjöli .... 10 aura,
af hverjum 100 kg. af fóðurkökum ... ... 25 aura,
af hverjum 100 kg af áburðarefnum ... ... 15 aura.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16 frá 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **167. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþyktir um mótak.

Nefnd sú, er háttv. efri deild kaus til að athuga frumvarp þetta, leyfir sjer hjer með að láta uppi álit sitt á þessa leið:

Álitamál er það að vísu, hvort rjett sje að löggjöfin láti til sín taka um þetta mál, en þó telur nefndin eftir atvikum rjett, að þingið veiti með lögum heimild til samþykta um mótak, en þó nokkuð með öðrum hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir, því eins og það liggur fyrir, getur nefndin ekki ráðið til, að það verði sampykt.

Þörfin á föstum reglum um meðferð mólands verður einkum brýn í grend við kaupstaði og sjávarþorp, þar sem margir nota mótak á sama stað, og þá oft þannig, að flestir leigja mótakið af öðrum. En alment til sveita er slíks miklu minni þörf.

Af þessu leiðir, að ekki getur komið til mála að gera samþykt fyrir heila sýslu í einu, því að búast mætti við, að í 1 eða 2 hreppum í sýslunni væri mikil þörf á samþykt, en í hinum lítil, eða engin, og þar því enginn áhugi fyrir málinu. Þar sem þannig væri ástatt, yrði því samþykt ekki á komið.

Fyrir því virðist nefndinni rjettara að heimila samþykt fyrir hrepp hvern, er þess óskar, og hafi þá sveitarstjórnin frumkvæði í málinu.

Í 2. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að atkvæðisrjett um samþykt eigi allir þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, og auk þess þeir, sem mótak eiga eða yfir mótaki ráða, þótt ekki hafi þeir hinn tilskilda atkvæðisrjett.

Nefndin lítur svo á, að þetta ákvæði mundi, ef samþykt yrði, verða þess valdandi, að engum samþyktum yrði á komið.

Þeir, sem leigja mótak af öðrum, eru oftast skeytingarlausir um meðferð mólandsins, og fara oftast þannig að, að stórkostleg landspjöll og enda hætta stafar af. Þar sem mótakseigendur hafa sett fastar reglur um meðferð mótaksins, hefir þeim ekki verið hlýtt, enda vantað lagastuðning til þess að framfylgja mætti sektarákvæðum. Það er þess vegna augljóst, að þegar gera á samþykt til að koma á góðri og hagkvæmri meðferð mótaks, þá muni mótaksleigjendur telja sjer að eins aukna fyrirhöfn með samþyktinni, og mundu þeir því, ef atkvæðisrjett ættu um hana, rísa öndverðir gegn henni. Víðast þar, sem samþyktar er mest þörf, munu landeigendur, eða umráðendur mótaks, vera að eins lítill hluti þeirra, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum. Hinir, er enga samþykt vildu hafa, mundu því altaf vera í miklum meiri hluta, og geta komið í veg fyrir, að nokkur samþykt yrði gerð.

Að þessu athuguðu, leggjum vjer til, að frumvarpinu verði breytt eins og fram á er farið í eftirfylgjandi breytingartillögum, og viljum vjer ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum.

Alþingi, 7. ágúst 1912.

Eiríkur Briem,	Jón Jónatansson,
formaður.	skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson.

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr.: Greinin orðist þannig:

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um mótak fyrir hvern hrepp innan sýslu, þar sem hreppsnefnd óskar þess, til að koma í veg fyrir landspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mótaks og hættu af mógröfum.

Í stað 2. greinar frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

Nú vilja mótakseigendur í einhverjum hreppi koma þar á samþykt um mótak, og hreppsnefndin vill styðja það, þá skal hún leggja frumvarp til samþyktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar, og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppi þeim, er samþyktin á að gilda fyrir, og eiga at kvæðisrjett á þeim fundi allir þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum og mótak eiga, eða umráð hafa yfir mótaki. Oddviti sýslunefndar, eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og fundarstað, og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

Nd.

168. Frumvarp

til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að gefa fyrv. landshöfðingja Magnúsi Stephensen, Stkr. af Dbg, Dbm. p. p., Sighvati bankastjóra Bjarnasyni R. af Dbg, báðum til heimilis í Reykjavík, og herra Knud Skjold Philipsen í Kaupmannahöfn einkaleyfi til stofnunar íslensks peningalotteris með skilyrðum þeim, sem nú skal greina:

a. Lotteri hvers árs skiftist í 2 flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 50,000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera nema 6 drættir.

b. Iðgjaldið til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 150 frankar. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta, þó má eigi skifta í smærri hluta en áttundir.

Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta alt að 2% af iðgjaldinu.

c. Í hvorum flokki lotterisins eiga vinningarnir að nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutina í flokknum.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykt af ráðherra Íslands, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli, og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi, og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í þeirri mynt, sem ákveðin er í áætluninni.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna að hálfu til einkaleyfishafanna og að hálfu til landssjóðs Íslands.

d. Drættirnir fara opinberlega fram í Kaupmannahöfn, og skal lotteríinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, sem konungur skipar til þess; skulu í henni sitja 6 menn, eigi færri Íslendingar en 3, og skulu að minsta kosti 2 af nefndarmönnum vera löglærðir menn, sem gengir eru í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram, eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með lotteríinu; kostnaðinn af þessu ber lotteríið.

e. Einkaleyfið til að reka lotteríið má veita um alt að því 30 ár frá 1. desember 1912 að telja; þó getur ráðherra Íslands tekið leyfið aftur með eins árs fyrirvara, þegar lotteríið hefir verið rekið í 15 ár frá 1. desember 1912 og löggjafarvaldi Íslands þá þykir ástæða til, enda sje leyfið notað fyrir 31. desember 1913.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðherra, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi, en þeir hafa fyrirgjört rjetti sínum, ef þeir gegna ekki skyldu sinni til greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til landssjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef tryggingarsjóðnum verður ekki viðhaldið, eða ef reglugerð sú er brotin af þeirra hendi, sem sett verður fyrir lotteríið.

f. Einkaleyfishafarnir skulu greiða landssjóði Íslands gjald, er nemi 4% af iðgjöldunum fyrir hluti þá, sem seljast í hvorum flokki, þó ekki minna en 138000 franka á missiri.

g. Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en lotteríið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða í Landsbanka Íslands, kjósi ráðherra það heldur.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, annaðhvort að fylla upp skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu er ráðherra Íslands tekur gilda fyrir því, sem á vantar.

Ráðherra Íslands hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir landssjóðs hönd, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til.

Þá skulu leyfishafar og, áður en lotteríið tekur til starfa, setja landssjóði Íslands tryggingu, sem ráðherra tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði landssjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þar trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjaldsins.

h. Ráðherra Íslands setur nánari ákvæði um fyrirkomulag lotterísins.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi alls að 1000 heila hluti í lotteríi því, sem hjer ræðir um, á þann hátt, sem hann kveður nánar á um. Hluti í þessu lotteríi má ekki selja í Danmörku, nje í nýlendum Danmerkur.

3. gr.

Meðan einkaleyfi það til lotterís, sem veitt er samkvæmt lögum þessum er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningalotterí fyrir Ísland nje leggja þar það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til landssjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir lotterí utan ríkis, eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **169. Frumvarp**

til viðaukalaga við tollllög fyrir Ísland frá 11. júlí 1912.

Flutningsm.: Sigurður Eggerz, Einar Jónsson, Jósef Björsson.

1. gr.

Af hverri smálest af kolum, er til Íslands er flutt, skal greiða 2 kr. landssjóð, hvers konar kol sem eru.

2. gr.

Gjald þetta skal greiða lögreglustjóra þess lögsagnarumdæmis, þar sem kolin eru flutt í land, eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt í landhelgi yfir í önnur skip þeim til notkunar.

3. gr.

Um greiðslu gjalds þessa, innheimtulaun, sektir og annað, er að framkvæmdum laga þessara lýtur, fer að öðru leyti eftir fyrirmælum gildandi tolllaga.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og gilda til ársloka 1915.

Nd. **170. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um vatnsveitu í löggiltum verzlunarstöðum.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson Eyf. H. Hafstein.

Við 4. gr. bætist, á eftir orðunum »til heimilisþarfa«: eða annara þeirra þarfa, er vatnsveitan getur fullnægt.

Ed. **171. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um árgjald af verslun og viðskiftum við útlönd (þgskj. 55).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr. orðin: »til sölu« falli burt.

2. Við - -- Fyrir: »gjald« komi: verslunargjald.

3. Í stað 2. gr. komi svo hljóðandi:

2. gr.

Verslunargjaldið af aðfluttri vöru skal miða við innkaupsverð hennar, að viðbættum umboðslaunum og flutningskostnaði til landsins, en af útfluttri vöru við kaupverð hennar, eða hafi útflytjandi framleitt hana sjálfur, þá við meðalverð vörunnar á framleiðslustað.

4. 3. gr. orðist svo:

Gjaldið skal greitt svo sem hjer segir:

1. af verði aðfluttrar vöru:
   a. salts, steinolíu, alls konar vjelaolíu, segldúks, kaðla, færa, öngla, netjagarns, alls konar netja og nóta, atkera, atkerisfesta, skipastrengja, mótora- og annara hreyfivjela, og allra annara báta- og skips-áhalda, og báta, er fluttir eru til landsins á skipum, kalks, sements, húsapappa, þakjárns, þakhellna, girðingarefnis úr járni, jarðyrkjutækja, allra verkvéla til afnota við landbúnað og ullariðnað, áburðarefna, baðlyfja, alls konar kornvöru og timburs 1%.
   b. allrar annarar aðfluttrar vöru 2%.
2. allrar útflutningsvöru 1%.

Vörur undanþegnar gjaldi þessu eru:

1. Allar tollskyldar vörur samkv. lögum nr. 54, 11. júlí 1911,
2. unninn innlendur ullarvarningur og hjerlendis niðursoðin matmæli,
3. tunnur, hvort sem eru í heilu líki eða í stöfum, er ætlaðar eru eða notaðar til útflutnings kjöts eða síldar,
4. ullar- og fiskjar-umbúðir,
5. farþegaflutningur, nema verslunarvarningur sje,
6. búslóð manna, er flytja búferlum,
7. prentað mál og vörusýnishorn,
8. haffær skip,
9. peningar.

5. 4.—8. grein falli burt.

6. Á eftir 3. gr. komi:
9 nýjar greinar, er verða 4.—12. gr.

4. gr.

Áður en 7 dagar eru liðnir frá móttöku vörusendingar frá útlöndum, skal móttakandi hafa greitt gjaldheimtumanni gjaldið samkv. 3. gr. í peningum eða með ávísunum, stýluðum upp á borgun við sýningu, á banka eða peningastofnun í Reykjavík eða á áreiðanlegt verslunarhús í Kaupmannahöfn, ef nægileg skilríki, sem innheimtumaður tekur gild, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Jafnframt skal hann skila innheimtumanni skýrslu um verð og tegund vörunnar ásamt farmbrjefi (connossement).

Hafi varan verið flutt með pósti, skal skýrslunni fylgja frumrit eða staðfest afrit af innkaupsreikningi.

Gjald fyrir útflutningsvöru skal sendandi greiða innheimtumanni, áður en varan er flutt á skip, í peningum eða með peninga-ávísunum, er gjaldheimtumaður tekur gildar. Jafnframt ber honum að skila skýrslu um verð og tegund vörunnar og farmbrjefi.

Á skýrslur þær, sem nefndar eru í grein þessari, skulu gjaldendur votta við drengskap sinn, að þær sjeu rjettar.

Nú vanrækir sendandi eða móttakandi gjaldskyldrar vöru að gefa skýrslur samkvæmt grein þessari, og má þá þvinga hann til þess með dagsektum, alt að

20 kr. fyrir dag hvern, og getur lögreglustjóri ákveðið sektirnar í brjefi til gjaldanda. —

5. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjaldið, og gera fyrir því reikningsskil á þann hátt, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Rjett er lögreglustjóra að löggilda umboðsmenn sjer til aðstoðar við innheimtuna, svo marga sem honum þykir þörf á.

Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans geta krafist þess, þá er þeim þykir ástæða til, að móttakandi eða sendandi vöru sýni þeim, til sönnunar skýrslum sínum, innkaupsreikninga eða sölureikninga, svo og verslunarbækur, en bundnir eru þeir þagnarskyldu um þau skilríki.

6. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samviskuvottorð, skriflegt, um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

7. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða sent til útlanda, eða gefið ranga yfirlýsingu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra eða umboðsmanni hans frá gjaldskyldum vörum innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum, alt að 1000 kr., og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

8. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir verslunargjaldinu og sektum, og hefir eigandi ekki rjett til að ráða yfir þeim fyr en hann hefir greitt gjöld þessi. Sjeu ekki skil gerð samkv. 4. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar á opinberu uppboði, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum.

Nú næst ekki til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eigum gjaldanda, og selja hið lögtekna á sama hátt.

9. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Sektir allar eftir lögum þessum renna í landssjóð.

11. gr.

Af upphæð verslunargjaldsins svo og af sektum fær lögreglustjóri 3 af hundraði í innheimtulaun.

Nú annast löggiltur umboðsmaður samkv. 5. gr. innheimtu fyrir hönd lögreglustjóra, og fær hann þá hálf innheimtulaunin.

12. gr.

Stjórnin annast um, að nægilega mörg sjerprentuð eintök af lögum þessum sjeu afhent lögreglustjórum til útbýtingar. Ennfremur semur hún, lætur prenta, og sendir lögreglustjórum eyðublöð undir skýrslur þær, sem nefndar eru í 4. gr. og vottorð samkv. 6. gr.

7. Við 9. gr.

Greinin verður 13. grein, og orðist þannig:

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til 31. desember 1915.

Nd. **172. Fyrirspurn**

til ráðherra.

Frá Jóni Ólafssyni, Lárusi H. Bjarnasyni, Pjetri Jónssyni, Bjarna Jónssyni, Birni Kristjánssyni, Eggert Pálssyni, Valtý Guðmundssyni.

Er það satt, að stjórnarráðið hafi leyft að flytja hingað á höfnina frá útlöndum áfenga drykki, sem geymdir sjeu í skipi hjer á höfninni til afhendingar erlendum skipshöfnum, og það ótollað?

Ef svo er, með hverri lagaheimild og af hverjum ástæðum er þetta gert?

Nd. **173. Nefndarálit**

um frumvarp um alment verslunargjald af aðfluttum vörum.

Frá minni hlutanum í tollmálanefndinni.

Nefnd sú, er kosin var í háttv. neðri deild til að athuga ýms tollfrumvörp, er henni hafa verið afhent, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að eigi sje tiltækilegt að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja neitt af frumvörpum milliþinganefndarinnar, og mun nefndin gera grein fyrir því á sínum tíma.

Þegar svo var komið, að nefndin eigi gat aðhylst milliþinganefndarfrumvörpin, voru að eins 2 frumvörp eftir, sem einstakir þingmeun höfðu borið fram í neðri deild, sem sje:

Frumvarp til laga um vörugjald, á þingskjali nr. 19, og

Frumvarp til laga um alment verslunargjald, á þingskj. nr. 40.

Frumvörp þessi fara bæði í líka átt að því leyti, að þau leggja skatt á-

lega á allar aðfluttar vörur, og hið fyrnefnda frumvarpið gerir þar á litlar undantekningar. En aðferðin er harla ólík, þar sem ætlast er til eftir fyrnefnda frumvarpinu, að 3% gjald sje greitt af öllum aðfluttum vörum samkvæmt innkaupareikningum, en eftir hinu frumvarpinu á gjaldið að greiðast af vörunum með umbúðum eftir þyngd.

Þegar nú meta skal hvor leiðin er þjóðinni hollari, þá kemur einkum til greina að athuga:

1. hvor leiðin gefur landssjóði tryggari tekjur, án aukins eftirlits.
2. hvor leiðin er aðgengilegri fyrir innheimtumenn gjaldsins.
3. eftir hvoru fyrirkomulaginu er hægara fyrir hina umboðslegu endurskoðun, að rannsaka, hvort tollheimtumenn innheimta allan tollinn,
4. hvor leiðin er sanngjarnari bæði fyrir kaupmenn, sem greiða eiga gjaldið, og aðra.

Háttv. meiri hluti nefndarinnar hefir aðhylst hundraðsgjaldið eða verðtollinn, og finn jeg mjer því skylt að gera tilraun til að lýsa þessum frumvörpum báðum til samanburðar.

Frumvarpið um vörugjald kveður svo á, að kaupmenn skuli greiða ákveðið hundraðsgjald (3%) af innkaupsverði vörunnar; eiga tollheimtumenn að innheimta gjaldið eftir innkaupareikningum, sem kaupmenn eiga að sýna, og komi innkaupsreikningur ekki með vörunni, eru sektir viðlagðar, og jafnvel rjettur til að leggja löghald á vöruna, þangað til innkaupsreikningur er kominn. Að vísu hefir meiri hlutinn nú dregið úr skyldunni til að sýna reikningana, en það eitt nægir ekki til að gera frumvarpið aðgengilegt. Það er augljóst, að móttakandi vöru hjer getur alls ekki við það ráðið, hvort hann fær reikning eða ekki með vöru þeirri, er honum er send, og á það því eigi að valda honum neinum óþægindum af hálfu tolllaganna. Bæði getur sendanda vörunnar verið um að kenna, að reikningur er eigi sendur í tíma, og ýmsar kringumstæður geta verið til þess, að hann (sendandi) fái eigi reikninga yfir vörurnar svo fljótt frá þeim, er hann skiftir við, að hann geti samið sinn reikning, og látið hann fylgja vörunum.

Og enn kemur það eigi sjaldan fyrir, að brjef misfarast í pósti, eða eru send í alt aðra átt en þau eiga að fara. Innkaupareikningar eru og einatt sendir banka með öðrum innheimtuskjölum, og þá eigi afhentir fyr en þeir eru greiddir, eða víxill fyrir upphæðinni er samþyktur, og getur viðtakandi þá eigi heldur sýnt tollheimtumanni reikninginn, er svo stendur á, nje haft nein yfirráð yfir honum.

Það er því þegar af þessum ástæðum ísjárvert að ætla tollheimtumanni að innheimta tollinn eftir innkaupareikningunum.

Það er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að tollheimtumaður hafi sjer til stuðnings við innheimtuna farmskrá skipsins og farmskírteini. En þótt hann fái þessi gögn, og sjái þar að N. N. hefir fengið t. d. 10 kassa af einhverjum vörum, sem vega með umbúðum svo og svo mikið, þá gefur það honum enga leiðbeiningu um *hvers virði* varan í kössunum er. Farmskrá og farmskírteini geta því ekki verið honum til neinnar stoðar við innheimtuna, nje hinni umboðslegu endurskoðun, þegar tollreikningarnir koma til hennar. Það má þess utan telja neyðarúrræði, að gera kaupmönnum að skyldu að sýna lögreglustjórum og umboðsmönnum þeirra innkaupareikninga sína, og þá um leið, *hvar þeir kaupa*, því engin trygging er fyrir því, að því verði haldið leyndu, en það munu flestir kaupmenn telja sín persónuleg sjerrjettindi, og telja mikils um vert, að þau sjeu eigi rofin.

Það er auðsætt, að trygging fyrir skilvísri framtölu eða greiðslu gjaldsins felst engan veginn í því, að móttakandi vöru sýni innkaupareikninga, þar sem tollheimtumanni er í þessu frumvarpi eigi ætlað að opna sendingarnar, eða bera vöruna saman við innkaupareikningana. Það segir sig sjálft, að tollheimtumaður getur ekki haft neina hugmynd um, hvers virði varan er í umbúðunum, hvort honum er sýndur reikningur yfir að eins *nokkurn hluta* af vörunum eða yfir þær allar.

Loksins getur hann eðlilega ekki um það dæmt, hvort rjett innkaupsverð er sett á reikninginn eða ekki; þar af flýtur og að hann getur *aldrei* fengið *rjettmæta ástæðu* til að vjefengja þá reikninga, sem honum eru sýndir, hversu rangir sem þeir kynnu að vera.

Af þessu leiðir, að verði þessi tollleið valin, þá er jafn óumflýjanlegt að setja á stofn almenna tollgæslu, eins og gert er ráð fyrir í tollfrumvarpi milliþinganefndarinnar um toll af vefnaðarvöru. Og raskar það ekki neinu, hvaða búningsbætur frumvarpið fær, *ef grundvellinum, hundraðsgjaldinu, er haldið.* En slíkt eftirlit mundi verða afar-kostnaðarsamt og þó óábyggilegt, eins og tollnefndin hefir líka einróma haldið fram. Þessu næst er að íhuga, hvað tollheimtumenn hafa fyrir tollheimtunni eftir þessu frumvarpi, og þykir þá hlýða að hafa fyrir sjer farmskrá einhvers gufuskipsins, sem kemur til Reykjavíkur með almennar vörur. Tökum t. d. farmskrá gufuskipsins »Laura« 25. maí 1909.

Með þeirri ferð hafa um 130 menn í Reykjavík og í grendinni fengið vörur.

Það fyrsta, sem tollheimtumaður verður að gera, er að kalla þessa menn til sín með innkaupareikningana, þar á meðal frá »Islands Falk« og frá verslunarstjóranum á Eyrarbakka, og væntanlega verða þeir þá jafnframt að gefa æru- og samviskuvottorð um, að þeir hafi eigi fengið meira verðmæti með skipinu, en reikningarnir sýna.

Af sjálfsdáðum koma þessir menn varla, og mundi það því að jafnaði reynast ærin fyrirhöfn fyrir tollheimtumann að ná í reikningana og vottorðin, þegar *allir* eiga að greiða toll, sem vörur fá frá útlöndum.

Þó að nú svo langt sje komið, að allir hafi sýnt reikninga sína og gefið vottorðið, þá stendur þó tollheimtumaður enn í fullri óvissu um, að hve miklu leyti honum hafi verið sýnd fullnægjandi skilríki fyrir því, sem aðflutt var með þessu skipi, eins og áður hefir verið bent á.

Allur undirbúningurinn, áður en reikningar eru útgefnir, er *aukastarf* fyrir tollheimtumann, umfram það, er hann mundi þurfa að inna af hendi, ef gjaldið væri tekið af þyngd varanna með umbúðum samkvæmt farmskrá og farmskírteinum. Og einmitt á þessu undirbúningsstarfi veltur innheimtan að langmestu leyti, en tilhögunin hinsvegar svo erfið og óábyggileg, að í henni felst engin trygging þess, að rjett sje krafið eða innheimt. Loks verður í þessu sambandi að benda á það, hversu örðugt verður fyrir hina umboðslegu endurskoðun að gæta skyldu sinnar við að endurskoða tollreikninginn eftir þessu frumvarpi.

Eins og nú stendur, fer innheimta á tolli þannig fram, að tollheimtumaður tekur útdrátt úr farmskránni yfir allar tollskyldar vörur, sem inn eru fluttar í hans lögsagnarumdæmi (frá Danmörk munu fylgja hverju skipi tollskrár til hvers lögsagnarumdæmis). Sá útdráttur er svo látinn fylgja tollreikningnum. Tollurinn er nú reiknaður eftir *þyngd* eða *mæli* varanna, sem mun venjulega sjást af farmskránni eða tollskránum, að minsta kosti þungi

þeirra tollvara, sem tollaðar eru eftir þyngd. Endurskoðendur geta því, þegar eftir þessum skilríkjum, farið nærri um það, hvort tollurinn er rjett innheimtur. En þegar horfið er frá þessari leið, að tolla eftir *þyngd* eða *mæli*, hefir hin umboðslega endurskoðun *engan fastan grundvöll að byggja á*. Hún verður að taka alt gilt, sem tollheimtumenn segja henni, og tollheimtumaður verður að láta sjer lynda það, sem kaupmenn segja honum, og er því auðsætt, að með þessari tollálöguaðferð eru opnaðar víðar dyr fyrir takmarkalitlum undandrætti á tollgreiðslu og aukinni spillingu meðal kaupmannastjettarinnar. *Og með þessu móti missir endurskoðunin algert þýðingu sína.*

Hjer hefi jeg nú skýrt frá aðalástæðunum fyrir því, að jeg get ekki aðhylst hundraðsgjaldið, þó það sje í sjálfu sjer sanngjarnt gjald, *ef* kaupmenn legðu það á vöruna eftir því, sem frumvarpið ætlast til, en það tel eg harla efasamt, að þeir geri.

Því næst er að minnast á hið almenna verslunargjald, eða farmtoll samkvæmt frumvarpinu á þingskjali nr. 40.

Það frumvarp stefnir að því, að leggja toll á aðfluttar vörur miðaðan við *þunga* vörunnar með umbúðum. Gjaldið á að innheimta samkvæmt farmskrá (Manifest) og farmskírteinum (Connossementer), og á farmskrá, að viðlagðri hárri sekt, að fylgja yfir allan farm hvers skips.

Farmskráin á að ritast í þrennu lagi. Fær stjórnarráðið þegar eina aðalfarmskrá yfir *allan* farm skipsins, en tollheimtumaður fær farmskrá yfir þær vörur, sem inn eru fluttar í hans umdæmi, og innheimtir tollinn eftir henni.

Þar sem telja má víst, að allar vörur, sem sendar eru til landsins, sem farmur, standi á farmskrá, þá þarf tollheimtumaður ekki annað en að skrifa hverjum manni reikning, sem vörur fær, samkvæmt farmskránni, og sá reikningur getur verið afareinfaldur. Á honum þarf eigi annað að standa, en númerið á farmskránni, þyngdin, sem þar er tilgreind við hvert númer og loks taxtinn, sem í flestum tilfellum er einn og hinn sami eftir þessu frumvarpi. Þegar kaupmaðurinn fær reikninginn, ber hann hann saman við tilvísunarbrjef sín, sem hafa *sömu númer* og á farmskránni standa, og sér hann þá þegar, hvort gjaldið er rjett talið.

Þegar tollurinn er uppgerður, sendir tollheimtumaður farmskrána ásamt uppgerð sinni til stjórnarráðsins.

Endurskoðunin verður þá í því fólgin, að bera saman farmskrárnar, þær er tollheimtumaður fjekk og innheimtir eftir, og þá, sem stjórnarráðinu var send. Sjeu þær í samræmi, og gjaldinu skilað samkvæmt þeim, er fullnægjandi trygging fyrir því, að rjett sje innheimt og öllu til skila haldið.

Hjer virðast þá vera leidd nægilega ljós rök að því, að tollheimtumenn hljóti að innheimta allan tollinn samkvæmt farmskránni, og í öðru lagi, að hin umboðslega endurskoðun komi að fullu haldi.

Þá er eftir að rökstyðja það, sem eigi ætti að þurfa að rökstyðja, að hve miklu leyti farmskrárnar sjeu ábyggilegar, svo og æru og samvisku vottorð skipstjóranna um það, að allar vörur sem sendar eru til landsins, standi á farmskránni.

Um gildi farmskránna ætti að nægja að benda á það, að allra þjóða lög skipa svo fyrir, *að farmskrá sje færð yfir allan farminn*, og ýmsra hluta vegna

(hagfræðiskýrslna, tollgreiðslu þar o. s. frv.), er mjög mikil áhersla á það lögð, að farmskrár sjeu nákvæmar og ábyggilegar.

Þess vegna fer C. Hage í »Haandbog i Handelsvidenskab« 1894 á bls. 278 þessum orðum um farmskrána: »Loks er það skylda skipstjórans að sjá um að hafa nauðsynleg farmskjöl meðferðis. Þau mundu venjulega vera: Skipsleigusamningur, farmskírteini og þó einkum, er farmurinn er stykkjavara, farmskrá. Það er fullkomin skrá yfir allar vörurnar, sem látnar hafa verið í skipið. Af því farmskráin er notuð sem grundvöllur undir tollafgreiðslu á affermingarstaðnum, verður hún að semjast með mikilli nákvæmni. Skipstjórinn á annars á hættu að verða fyrir sekt og að vörurnar, sem eigi eru tilfærðar, verði gerðar upptækar«.

Það, sem meðal annars tryggir það, að farmrkráin sje rjett, er það, að *flutningsgjaldið er reiknað eptir henni.* Skipsútgjörðarmaðurinn lætur því gæta þess vandlega, að ekkert vanti á farmskrá, því þá mundi hann tapa af flutningsgjaldinu.

Afgreiðslumenn skipanna, bæði á fermingar- og affermingarstaðnum, vilja heldur ekki, að vörur vanti á farmskrá, því að þeir fá laun sín fyrir afgreiðsluna í hundraðsgjaldi af flutningsgjaldinu, og erlendis fá þeir þess utan ómakslaun (spedition) af vöruflutningum um borð í skipin, og eru þau miðuð við *þyngd* varanna og svo fær skipstjórinn sjálfur venjulega einnig hlutdeild í flutningsgjaldinu, og vill hann því eigi heldur að neitt sje undandregið. Og loksins er skattur til hins opinbera greiddur af *þyngd* varanna þar sem þær eru fluttar á skip, (hafnargjald).

Alt þetta bendir á, að sú staðhæfing hljóti að vera röng, að farmskrárnar sjeu í nokkru verúlegu óábyggilegar.

Þarnæst er að minnast nokkrum orðum á þá mótbáru, sem komið hefir fram bæði á fyrri þingum og nú í nefndinni, að gjald eptir þessu frumvarpi sje ranglátara en hundraðsgjaldið. Jeg játa, að á *pappírnum* lítur þetta svo út, en þegar þess er gætt, að frumvarpið um »vörugjald« getur eigi á neinn hátt trygt það, að kaupmenn leggi hundraðsgjaldið á á þann hátt sem frumvarpið ætlast til, — sem í reyndinni mundi alls eigi heldur verða gert — þá er það ljóst, að þetta jafnaðar-hundraðsgjald á öllum vörum mundi ekki vera til nema á pappírnum.

Annars hygg jeg, að alt of mikið sje úr því gert, hversu ranglátt gjaldið er, ef tollurinn er lagður á vöruna með umbúðum. Og til að sýna enn betur fram á það, hef jeg gert og látið gera áætlun um það, hvaða hundraðsgjald mundi koma á hinar ýmsu vörutegundir eftir frumvarpi þessu með breytingartillögum. Sú áætlun sýnir, að á megnið af vöruflokkunum fellur 1—3% gjald. Fáar undantekningar, að gjaldið sje hærra eða lægra.

Og auðvitað liggur opið fyrir að flokka vörurnar þannig, að gjaldið verði nálega jafnt hundraðsgjald á alla vöru. Vefnaðarvöru mætti t. d. setja í sjerstakan flokk, ef tollheimtumennirnir í þinginu settu sig ekki upp á móti því. Á þeim hefir flokkunin strandað.

En lítil ástæða virðist vera til þess að elta þá hugmynd að láta lögin endilega ákveða jafnt gjald á öllum vörum, og því minni ástæða til að kalla gjaldið ójafnaðargjald, þó að svo líti út á pappírnum. Til þess yrði að sanna, að t. d. ein stjett manna keypti t. d. *að eins einn vöruflokk* frá útlöndum, tökum t. d. sápu, sóda og línsterkju, þar sem gjaldið mundi verða 7%. En örðugt mun verða að halda því fram, að nokkur stjett í landinu kaupi þessar vörur eingöngu.

Það má telja víst, að hver stjett, sem þessar vörur kaupir, kaupi einnig t. d. vefnaðarvörur, sem að eins hvílir á $^1/_3$% gjald eftir frumvarpinu. Það má auk þess telja víst, að hann kaupi miklu meira af henni, en af sápu og sóda. Og ójöfnuðurinn hverfur einmitt þegar þess er gætt, að hver stjett manna, eða jafnvel hver einstaklingur, þarfnast og kaupir vörur af flestum flokkunum.

Meira mun ekki þurfa að segja til þess að sýna fram á, að gjaldið getur ekki talist neitt ójafnaðargjald, enda á það síst við, að Íslendingar fárist um ójöfnuð í tollálögum, sem lagt hafa t. d. toll á sykur, sem nemur um 50% af innkaupsverðinu, 1 krónu á neftóbak, sem eigi kostar meira en 60 aura í innkaupi, 2 kr. 60 au. á eitt pund af vindlum, sem stundum kostar eigi meira en 1 kr. 25 aura, en stundum ef til vill 10 krónur o. s. frv.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, er það mín tillaga, að frumvarp til laga um alment verzlunargjald af aðfluttum vörum verði samþykt með breytingum þeim, sem skráðar eru á þgsk. 174.

Neðri deild Alþingis, 8. ágúst 1912.

Björn Kristjánsson.

ÁÆTLUN

um tekjur af almennu verslunargjaldi, eða farmtolli af aðfluttum vörum, sem sýnir hjer um bil mergð, verðmæti varanna og gjaldið nálægt vegi í prócentutali.

	Þyngd kíló	Verð-mæti kr.	Taxti fyrir 50 kíló	Gjaldið: kr.	a.	Hjer um bil %
Kornvörur ... ... 100 kíló	95698	1772699	25 aur.	47849	»	$2^{7}/_{10}$
Skipsbrauð .. .. kíló	176900	66280	1 kr.	3538	»	$5^{3}/_{10}$
Aðrar brauðtegundir.. ... —	211000	136560	—	4220	»	$3^{2}/_{10}$
Jarðepli ... ... —	606100	48663	—	3030	»	6
Laukur. ... ... —	28500	4480	—	570	»	$12^{1}/_{2}$
Smjör... ... ... —	2000	3700	—	40	»	1
Smörliki og plöntufeiti ... —	243300	219116	—	4866	»	$2^{2}/_{10}$
Svínafeiti ... ... —	5200	4998	—	104	»	2
Tólg ... ... —	4000	1995	—	80	»	4
Ostur ... ... —	65800	42807	—	1316	»	3
Saltkjöt ... ... —	3700	1961	—	74	»	4
Flesk ... ... —	7300	11369	—	146	»	$1^{1}/_{4}$
Niðursoðið kjötmeti . ... —	18400	23024	—	368	»	$1^{1}/_{2}$
—— fiskmeti . ... —	10100	10146	—	202	»	2
—— mjólk ... ... —	15700	9712	—	314	»	3
Aðrar niðursoðnar vörur.. —	19800	19843	—	396	»	2
Epli og aldini ... ... —	109600	37284	—	2192	»	6
Nýlenduvörur ... ... —	267800	133899	—	5356	»	4
Egg ... ... —	8500	8622	—	170	»	2
Önnur matvæli... ... ... —	14800	22179	—	296	»	$1^{1}/_{4}$
Mais ... ... 100 kíló	2543	42277	25 aur.	1271	50	3
Klíð ... ... — —	72	1015	—	36	»	3
Hafrar . ... -- —	713	9859	—	356	50	$3^{1}/_{2}$
Bygg ... ... — —	729	10677	—	364	50	$3^{1}/_{2}$
Ávaxtavín ... ... — kíló	953	918	1 kr.	19	»	2
Edik ... ... — —	8463	2962	—	170	»	6
Flyt	.....	.....	.....	77344	50	...

Áætlun um tekjur af almennu verslunargjaldi, eða farmtolli af aðfluttum vörum, sem sýnir hjerumbil mergð, verðmæti varanna og gjaldið nálægt vegi í prócentum.

	Þyngd kíló	Verð-mæti kr.	Taxti fyrir 50 kíló	Gjaldið: kr.	a.	Hjer um bil %
Flutt...	.....	.....	.....	77344	50	...
Steinolía ... ... kíló	2324263	374994	10 aur.	4648	40	1¼
Annað ljósmeti ... ... —	10744	9587	1 kr.	214	»	2
Kol og kokes ... ... tonn	70000	1390483	1 kr. pr. tonn	70000	»	5
Annað eldsneyti .. .. kíló	5500	3827	1 kr.	110	»	3
Eldspítur ... ... —	16000	11794	—	320	»	2¾
Vefnaður, fatnaður, leður .. —	281020	1690055	1 kr.	5620	»	⅓
Litunarefni .. .. —	18500	15701	—	370	»	2½
Sápa, sódi og línsterkja ... —	353048	101883	—	7060	»	7
Ofnar og eldavjelar ... ... —	35000	38160	1 kr.	700	»	2
Lampar og lampaáhöld ... —	28000	56950	—	560	»	1
Leir- og glerílát .. .. —	186000	56018	—	3720	»	6½
Stofugögn ... ... —	9100	18264	—	182	»	1
Kaðlar, færi, seglgarn, netagarn, síldarnet, segldúkur, akkeri, akkerisfestar og tjara ... ... —	393372	411461	1 kr.	7866	»	2
Salt ... ... tonn	22815	420077	50 a. pr. tonn	11407	50	2¾
Járnvörur til landbúnaðar kíló	95705	65131	1 kr.	1914	»	3
Járnvörur til iðnaðar. ... —	535200	340816	—	10704	»	3
Smíðajárn og stál ... ... —	187516	46141	25 aur.	937	50	2
»Aðrar vörur«, skrifvjelar, aðrir málmar, skotvopn, skotfæri og baðlyf .. ... —	67214	56651	1 kr.	1344	»	2½
Hljóðfæri, prentpappír, skrifpappír og önnur ritföng .. —	116300	81607	1 kr.	2326	»	3
Flyt...	.....	.....	.....	207347	90	..

Áætlun um tekjur af almennu verslunargjaldi, eða farmtolli af aðfluttum vörum, sem sýnir hjer um bil mergð, verðmæti varanna og gjaldið nálægt vegi í prócentutali.

	Þyngd kíló	Verðmæti kr.	Taxti fyrir 50 kíló	Gjaldið: kr.	a.	Hjer um bil %
Flutt...	.....	.....	.....	207347	90	...
Trjáviður allskonar ... teningsfet	410312	410312	3 a. pr. □ fet	12309	»	3
Listar, hurðir, gluggar. —	1623	1948	——	48	69	$2^3/_4$
Tómar tunnur ... ... kíló	1200000	292730	25 aur.	6000	»	2
Kalk. ... ... —	47600	3682	10 —	95	20	$2^1/_2$
Sement ... ... —	858600	42598	10 —	1717	20	4
Þakjárn ... ... —	280000	84473	25 —	1400	»	$1^3/_4$
Húspappi ... ... —	121000	19736	25 —	605	»	3
Gluggagler ... ... —	41000	3673	25 —	205	»	6
Ýmislegt, glysvarningur, lyf mottur, pappírsumbúðir, brýni o. s. frv.. ... ... —	891000	445920	1 kr.	17820	»	4
Alls...	.....	.....	.....	247547	99	...

Nokkrum vörutegundum er slept, sem ekki er hægt að gera neina áætlun um, og sömuleiðis umbúðum á sumum stöðum, svo að tekjur eftir þessum mælikvarða ættu að verða nokkru meiri.

Nd. **174. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um alment verslunargjald af aðfluttum vörum.

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Við fyrirsögnina: Fyrir alment verslunargjald komi: farmtoll.
2. 1. gr. orðist svo:

Af hverjum 50 kílogr. eða minni þunga af vörum með umbúðum, sem fluttar eru til landsins, og ekki eru sendar í pósti, skal greiða 1 kr. farmtoll í landssjóð. Af kornvörum, jarðeplum, gluggaglerum, húsapappa, tómum tunnum, þakjárni, smíðajárni, og stáli skal þó að eins greiða 25 aura af hverjum 50 kílogr., af

steinolíu, sementi og kalki 10 aura af hverjum 50 kílogr., af hverri smálest af kolum 1 krónu, af hverri smálest af salti 50 aura, og af hverju teningsfeti af trjávið, hurðum gluggum og húsalistum 3 aura.

Af tígulsteinum, prentuðum bókum, heyi, skipum, bátum áburðarefnum og óhreinsuðu járni í klumpum (barlestarjárni), tunnustöfum, og vörum, sem sjerstaklega er lagður tollur á, skal þó engan farmtoll greiða.

3. Við 2. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Greiða skal og í landssjóð 15 aura af hverjum póstbögli, sem kemur til landsins.

4. Við 3. gr. Fyrir »verslunargjaldið« á tveim stöðum komi: farmtollinn.

5. Við 5. gr. Fyrir verslunargjaldið komi: farmtollurinn.

6. Við 7. gr. Á eftir orðunum »trjegluggum, hurðum« komi: tunnustöfum.

Nd.

175. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. nr. 16, 4. nóv. 1881.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi, skal greiða útflutningsgjald:

af hverri tunnu síldarlýsis (= 105 kg) ... ... 50 aura,
af hverjum 100 kg af fóðurmjöli .... 40 aura,
af hverjum 100 kg. af fóðurkökum ... ... 25 aura,
af hverjum 100 kg af áburðarefnum ... ... 15 aura.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16 frá 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

176. Lög

um löggilding verslunarstaða.

(Eins og þau voru samþ. í Ed. 8. ágúst).

1. gr.

Gjögur við Reykjarfjörð í Strandasýslu og Skálavík á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar á hvorum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61 frá 10. nóvbr. 1905 og birt þau í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **177. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um merking á kjöti.

Vjer, sem háttvirt deild fól mál þetta til meðferðar, höfum athugað það og orðið ásáttir um að ráða háttv. deild til að samþykkja það með lítilsháttar breytingu.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að hinir lögskipuðu læknar, sem stjórnarráðið skipar til kjötskoðunar, taki próf hjá dýralækninum á Akureyri eða Reykjavík, þá þykir nefndinni rjettara að binda ekki próf þetta eingöngu við við þessa lækna, þar sem búast má við, að fleiri lögskipaðir dýralæknar verði á landi hjer, og gæti því orðið óþægilegt og erfiðleikar fyrir ýmsa lækna á landinu, að þurfa að sækja próf þetta endilega til Reykjavíkur eða Akureyrar. Enn fremur þykir nefndinni vanta ákvæði í frumvarpið um fyrirkomulag á þessum prófum, og vill að stjórnarráðið ákveði það í reglugerð.

Fyrir því leggur nefndin til að gera þessa

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. aðra málsgrein.

Fyrir »dýralækninum . . . . Akureyri«, komi: lærðum lögskipuðum dýralækni hjer á landi, samkvæmt reglugerð sem stjórnarráðið semur.

Efri deild Alþingis 7. ágúst 1912.

Stefán Stefánsson (formaður).	Þórarinn Jónsson (skr. og frams.m.).

Guðjón Guðlaugsson.

Ed. **178. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands hefir 1000 kr. á ári að eftirlaunum.

Hafi ráðherra flutst í ráðherraembættið úr öðru eftirlaunaembætti, þá nýtur hann og eftirlauna eftir hið fyrra embætti sitt.

Hafi ráðherra verið á eftirlaunum, er hann tók við ráðherraembættinu, þá nýtur hann og þeirra, nema svo sje, að hann hafi haft eftirlaun fyrir rekstur ráðherraembættis, því að þá fær hann ekki frekari eftirlaun en hann hafði.

Undanfarandi ákvæði eiga ekki við þá, sem unnið kunna að hafa sjer rjett að lögum til annarar eftirlaunaupphæðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er 3. gr. laga nr. 17, 3. okt. 1903 jafnframt feld úr gildi.

Ed. **179. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju.

2. gr.

Kennarafjelagið kýs í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri. styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.

Ed. **180. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Í 9. gr. laga 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka falli niður orðið »Seyðisfirði«, en í staðinn komi: í Suður-Múlasýslu.

Svo er og stjórn bankans heimilt að setja upp útibú eða afgreiðslustofu erlendis á þeim stað, er bankastjórninni þykir til þess hagkvæmur.

Nd. **181. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. b.: Orðin: »Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta alt að 2% af iðgjaldinu« komi milli: »150 frankar« og: Hlutina má selja o. s. frv.
2. Við 1. gr. e. 1. mgr.: Orðin: »enda sje leyfið notað fyrir 31. desember 1913« falli burt, en í stað þeirra komi ný mgr. svo hljóðandi:
   Nú verður leyfið ekki notað innan 1. október 1913, og má ráðherra þá veita leyfið öðrum mönnnum en þeim, sem nefndir eru í upphafi greinarinnar.
3. Við 1. gr. e. 2. mgr.: Í stað orðanna: »en þeir hafa fyrirgjört« komi: Leyfishafar fyrirgjöra
4. Við 2. gr. Í stað orðanna: »lotterí því sem hjer ræðir um« komi: lotteríinu.
5. Við sömu gr. Í stað orðanna: »þessu lotteríi« komi: lotteríinu
6. Við 3. gr. Í stað orðanna: »utan ríkis« komi: utan Danmerkur og nýlenda hennar.

Nd. **182. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist 25. Talsími frá Búðardal að Tjaldanesi um Ásgarð.
2. Við 4. gr. Á eftir »Súgandafjarðar« komi: til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík, til Staðar í Aðalvík um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum.
3. Við 5. gr. Orðin: »Ætíð skal — á tillaginu« falli burt.
4. Við 7. gr. Orðin: »og þar þá jafnan — hjeraði« falli burt.

Nd. **183. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi, Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra ákveður, hversu haga skuli hlutasölunni hjer á

landi, en bannað skal að versla með eða selja hluti nokkurs annars peningalotteris. Brot gegn þessu varða 200 til 2000 kr.

2. Við 3. gr. Önnur málsgrein falli niður.

Nd. **184. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um peningalotterí á Íslandi.

Frá nefndinni.

Við frumv. bætist ný grein, er verði 4. gr. og hljóði svo:

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **185. Frumvarp**

til laga um afnám VII. kafla í tilskipun 3. febrúar 1836.

Flutingsmenn: Benedikt Sveinsson og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Með lögum þessum er VII. kafli í tilskipun frá 3. febrúar 1836 úr gildi numinn.

Nd. **186. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun siglingafróðra manna til aðstoðar hjeraðsdómurum við sjómál.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason og Jón Magnússon.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að leggja fyrir næsta Alþingi, ef tiltækilegt reynist, frumvarp til laga um skipun siglingafróðra manna til aðstoðar hjeraðsdómurum við rannsókn mála út af sjósköðum og önnur dómsstörf, er siglingafróðleikur kynni að vera þarflegur til.

Nd. **187. Nefndarálit**

um frumv. til laga um vörugjald.

Um leið og nefndin, sem háttvirt deild fól frumv. þetta til íhugunar, skilar því deildinni, ásamt nokkrum breytingartillögum, lætur hún því fylgja þessar athugasemdir.

Auk lotterifrumv., sem nefndin þegar hefir afgreitt, voru henni falin til íhugunar 5 frumv., er miða til tekjuauka landssjóði, og eftir ítarlegan samanburð og íhugun hefir meiri hluti nefndarinnar tekið þetta frumv. fram yfir hin, og telur það, með nokkrum breytingum, heppilegast til þess að verða að lögum. Og með því að þingtími er mjög hlaupinn, lætur meiri hlutinn sitja fyrir að koma því á framfæri, áður en nefndin skilar áliti sínu um hin önnur frumvörp og um fjárhaginn.

Meiri hlutinn er einhuga á því, að lágur verðtollur á flestar eða allar aðfluttar vörur sje hinn sanngjarnasti tollur, sem á verði lagður, og hann hefir eigi heyrt *því* mótmælt, nema af örfáum. Þar á móti hefir hinu verið haldið fram aðallega, að gjaldið væri örðugt til innheimtu tollheimtumönnum, sakir þess, hve örðugt væri að fá tryggileg gögn eða umsagnir um tollstofninn (vöruverðið), og þess vegna auðvelt að víkja sjer undan gjaldinu.

Meiri hlutinn vill nú í örstuttu máli bera saman vörugjald þetta við hinar helstu tekjuaukatillögur, sem nefndin hefir til meðferðar og ekki geta komið til mála samhliða. Er þar þá:

1. Tollur á vefnaðarvöru og tilbúnum fatnaði.

Þar var nefndin sammála um, að sú tillaga þyldi engan samanburð við alment gjald á aðfluttum vörum, hvort heldur sem væri eftir verði eða þunga. Fyrst og fremst nær tekjuaukinn netto af frumv. þessu ekki nema á hálfa leið á móts við alment vörugjald og þyngir því vörunni mjög tilfinnanlega. Því næst er í frv. fólgin hrein tollverndarstefna, og er það eitt nóg sumum nefndarmönnum, til þess að vera því fráhverfir. Því er það skoðun nefndarinnar, að hin ráðgerða tollgæsla sje alls ónóg, til þess meðal annars að skilja úr sjerstakan vöruflokk, afar fjölbreyttan, sem verið getur á víð og dreif, innan um aðrar vörur, bæði í niðurpökkuninni og á vörureikningum. Hefir hingað til verið forðast, að stofna til þess hjer á landi, að hafa fjölment tollgæslulið, sem sökum staðhátta yrði óhemju dýrt. Og það vill nefndin öll halda fast við. Loks er það, að þrátt fyrir sjerstaka tollgæslu, og hana dýra, má ganga að vísu um, að litlu minni undandráttur yrði í framtali þessara vara, hlutfallslega, til tollgjalds, þegar tollurinn er 10%, heldur en til almenns vörugjalds 3%, þótt litlu meira sje til kostað tollheimtunar, en nú er. Nánara verður ekki í þetta atriði farið að sinni

2. Farmgjald

eða »almennt verslunargjald af aðfluttum vörum«, eftir þyngd. Það hefir nú orðið að samkomulagi í nefndinni, að frumv. þetta kæmi fram fyrir deildina jafnframt vörugjaldsfrumvarpinu með rökstuddu áliti minnihlutans, Björns Kristjánssonar, og hefir það álit verið lesið upp fyrir nefndinni allri. Ef til vill væru sumir fleiri í nefndinni ekki fráhverfir lágu farmgjaldi, sem þrautatilraun til bráðabirgða,

ef vörugjaldsfrumv. eigi gæti fengið framgang á þinginu, því þar er nefndin samhuga um, að ná verði tekjum handa landssjóði með einhverju móti. En þótt frumv. þetta sje mun aðgengilegra, en farmgjaldsfrumv. á þinginu 1909 og margfalt betur undirbúið, þá verður með þungagjaldsaðferðinni aldrei hjá því sneitt, að fyrst og fremst hvíli gjaldið á þeim vörum aðallega, sem eru óhjákvæmilegar nauðsynjavörur, en lítið og varla teljandi á sumum hinna, sem eru óþarfari og menn geta án verið. Sje gjaldið svo hátt, að það jafngildi verðtollinum, þá er það afar tilfinnanlegt á sumum einstökum vörum, eins og meðfylgjandi skýrsla sýnir. — Því verður ekki neitað, að minni hætta virðist á um innheimtu á þessu gjaldi en verðtollinum. En sá munur er ekki eins mikill, og minnihlutinn gerir ráð fyrir. Hann telur skipaskjöl því nær óræk sönnunargögn, og gengur framhjá þeim möguleika, að falsa má þau í svipaða átt og faktúrur, ef lundlægnin er frek til þess, og munar þar minnu en hann heldur. Þá heldur hann því fram, að tollgæsla fljóti af vöruverðstollinum litlu eða engu minni, en af iðnaðarvörutolli, og þó verði vanhöld meiri en á þungagjaldinu. Með þessu móti, að skakka til á báðar hliðar, verður munurinn á þungatolli og verðmætistolli geysimikill. En meiri hlutinn telur þetta öfgar, sem vaða uppi hjá þeim, sem lengi hafa haldið á móti almennu vörugjaldi eftir verðmæti, og mál sje að hrekja með reynslu. Vitaskuld er það spádómur, hve mikið eða lítið verslunarstjett landsins notar sjer möguleikann til að stela undan þessu gjaldi, og enginn þrætir þess, að möguleikarnir eru til. En reynslan hefir sýnt, að öll meginverslun landsins er og hefir verið í höndum þeirra manna, sem ekki vilja gefa fölsk samvisku og drengskaparvottorð. Og þetta varðar mestu í þessu máli. Kaupreikningar (faktúrur), sem gjaldið byggist á, verða þar meira til hliðsjónar, þótt þeir í orði kveðnu sjeu aðal sönnunargagnið. En ekki er það glögt auga, sem ekki aðgætir fljótt, ef kaupreikningur er falsaður til stórra muna og á meginvörum, og með tíma og æfingu venjast augu tollheimtumanna á að líta skarpara eftir. Fáir munu líka vinna svo mikið til tollsvika á lágu gjaldi, að falsa verslunarbækur sínar, svo að þær komi heim við stórfalsaðar faktúrur, enda varðar það svo þungri hegningu, að fáir mundu vilja á það hætta. Loks er það, að þeir sem engan undandrátt hafa, og þeir verða í miklum meiri hluta, geta orðið hinum skeinuhættir út af tollsvikum. Þess vegna hefir raunar hver maður, sem toll svíkur til stórra muna hjer á landi, hangandi hníf yfir höfði.

Eitt, sem fundið er að, er þetta, að kaupmenn leggi fram kaupreikninga sína. En í þeim sje fólginn leyndardómur kaupmannanna, sem hvern einn varði mikils, að eigi sje upp ljóstað. Hjer er sjálfsagt að gjalda verður varhuga við með ströngu þagnarheiti tollheimtumanns, og leggur því nefndin til, að þar sem lögreglustjórar eigi innheimta sjálfir, hafi þeir löggilta og eiðsvarna umboðsmenn, sem trúandi sje fyrir þagnarskyldu. Enda er slík skylda einnig eftir núgildandi tolllögum.

Borið hefir því verið við, að sá galli væri á almennum vörutolli (og tekur það jafnvel til þungatolls), að kaupmenn legðu gjaldið á vörurnar eftir sínu höfði og miður haganlega. Nefndin fjekk kaupmannaráðið hjer í Reykjavík til tals við sig um þessi toll-mál, og fjekk ýmsar upplýsingar; þar á meðal einróma álit þess um það, að kaupmenn hlytu að leggja almennan vörutoll mun vægilegan á helstu nauðsynjavörur, en á aðrar vörur, og þokast það þá til einmitt þeim í hag, sem minna hafa gjaldþoldið.

Ein mótbára er sú, að örðugt verði t. d. hjer í Reykjavík, að athugu

vandlega mikið yfir 100 faktúrur, sem komi með sama skipi, eða sama daginn. Satt mun það. En þegar til Reykjavíkur flytst hátt á 4. milljón í vörum, og tollheimtulaun öll hjer mundu alls nema ríflegustu embættislaunum, ætti lögreglustjórinn að geta tekið valinn mann til tollheimtunnar, og sá hinn sami jafnvel að taka sjer aðstoðarmenn í viðlögum.

Þá hefir sá galli verið talinn á frumv. um vörugjald, að það væri ekki nógu ítarlegt. Úr þessu vill nefndin bæta með ýmsum ítarlegri ákvæðum. Ennfremur þótti mörgum hart, að sæta skyldi kyrsetningu á vöru um langan tíma, ef kaupreikning vantaði, hversu sem atvik lægju til. Úr þessu vill nefndin bæta með því, að viðtakandi vöru geti þegar í stað leyst löghald af vörunni með því, að setja tryggingu fyrir nægilegri tollgreiðslu. Til kyrsetningar kemur þá ekki í reyndinni, nema hún sje alveg nauðsynlegt þvingunarmeðal gagnvart vanskilamanni eða tollbrjót.

Nokkur ágreiningur hefir orðið á meðal nefndarmanna um það, hvort leggja skyldi til grundvallar vörugjaldinu innkaupsverðið einungis, að umbúðarverði meðtöldu, eða innkaupsverðið að viðbættum kostnaði erlendis og flutningskostnaði. Varð hið fyr talda ofan á.

Þá þótti nefndinni skýrara, að nefna gjaldið verðtoll en vörugjald.

Sökum tímaskorts og annara sjerstakra atvika, lasleika nefndarskrifarans, lætur nefndin nánari athugasemdir um hinar einstöku breytingartillögur bíða framsögunnar.

Alþingi 9. ágúst 1912.

Eggert Pálsson, formaður.	Lárus Bjarnason.	Bjarni Jónsson frá Vogi.
Pjetur Jónsson, skrifari og framsögumaður.	Jón Ólafsson.	Valtýr Guðmundsson. með fyrirvara.

Nd. **188. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vörugjald.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Í stað: »vörugjald« í fyrirsögninni komi: verðtoll.
2. Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
   Undanþegið verðtolli er, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna og bækur og blöð.
3. 2. gr. orðist svo:
   Tollinn skal ákveða eftir kaupreikningi (faktura), er ávalt fylgi vörusendingu hverri, enda sje höfð hliðsjón af vöruskrá skips, tilvísunarbrjefum og öðrum skipsskjölum, og viðtakandi skyldur að láta tollheimtumanni í tje drengskapar og samviskuvottorð um vöruna. Tollheimtumanni er heimilt að skoða verslunarbækur viðtakanda.

4. Við 3. gr., 1. mgr.
   Í stað: »sölureikningur« á 3 stöðum komi: kaupreikningur og í stað: »gjaldheimtumaður« komi: tollheimtumaður.
5. Aftan við málsgreinina bætist: nema því að eins, að viðtakandi setji tryggingu, sem tollheimtumaður telur nægja.
   Nú kemur kaupreikningur ekki fram, enda viðtakanda ekki sök á því gefandi, og metur tollheimtumaður þá vöruna til verðs, nema viðtakandi æski mats á venjulegan hátt.
   Sanni viðtakandi eftir á, að matsverðið sje of hátt, skal endurgreiða honum toll af mismun matsverðs og sannverðs.
6. 2. og 3. mgr. falli burt.
7. 4. gr. orðist svo:
   Nú þykir verð á vöru óeðlilega lágt, og skal þá meta vöruna á sama hátt og segir í 3. gr.
   Nú reynist verð í kaupreikningi sett of lágt í undandráttarskyni, og greiðir viðtakandi þá þrefaldan toll af upphæð þeirri, er reynt var að draga undan.
8. Eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr. og hljóði svo:
   Stjórnarráðið setur nánari reglur um tollheimtuna, og má það meðal annars ákveða, að póstmenn hafi á hendi tollheimtu og reikningsskil fyrir tolli af vörum þeim, sem sendar eru sem póstsendingar.
   Stjórnarráðið löggildir umboðsmenn tollheimtumönnum til handa, og skal þess gætt, að þeir fáist ekki við verslun. Stjórnarráðið setur umboðsmönnum erindisbrjef, og skal meðal annars tiltekið í því, hver þóknun þeirra, sje, en hún má vera alt að 1% af tolli þeim, er þeir innheimta. Umboðsmennirnir skulu vinna skriflega eið að sýslan sinni, og sæta ábyrgð samkv. 13. kap. hegningarlaganna fyrir brot á starfskyldum sínum.
9. 5. gr. verði 6. gr.
10. Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:
    Nú sýnir viðtakandi eigi kanpreikning og er það sjálfrátt eða verð reynist of lágt sett í undandráttarskyni, og sætir viðtakandi þá, auk áðurnefndra viðurlaga, alt að 1000 kr. sekt.
11. 6. gr. verði 8. gr.
12. 7. gr. verði 9. gr.

Ed. **189. Nefndarálit**

frá meiri hluta nefndarinnar.

um frumvarp til laga um árgjald af verslun og viðskiftum við útlönd á þingskj. 55.

Vjer, sem háttvirt efri deild Alþingis kaus í nefnd til að athuga frumvarp þetta, höfum gert oss far um að íhuga sem rækilegast mál það, er hjer ræðir um, og rætt það í nefndinni á daglegum fundum.

Einhuga er nefndin þeirrar skoðunar, að bráða nauðsyn beri til að auka

árlegar tekjur landssjóðs upp úr því, sem nú eru þær, og það svo skifti hundruðum þúsunda króna.

Samdóma eru nefndarmenn einnig um það, að eigi sje sem stendur önnur leið opin nje greið, — jafnvel eigi fær —, til að ná þessu marki, en að leggja alment gjald á verslun og vöruskifti landsins við útlönd.

Frumvörp þau á þingskj. 19. og þingskj. 40, er flytja samtals 6 háttv. þingmenn í neðri deild, bera vott um, að háttv. neðri deild sje um þetta svipaðrar skoðunar.

Tollálagning og tollhækkun hefir að undanförnu verið aðalúrræðið til að afla landssjóði aukinna tekna, en ekki telur nefndin ráðlegt að halda áfram á þeirri braut mun lengra en komið er, hvorki þann veg, að fjölga að mun tollstofnum, er mundi útheimta of dýrt tolleftirlit, nje þann, að hækka aðflutningstollinn á hinum tollskyldu vörum, er flytja má til landsins, með því að slík hækkun mundi auka tollsvik.

Hvoratveggja þessa áhættu, bæði um nauðsyn á of dýru eftirliti og um undandráttarviðleitni, ber að áliti nefndarinnar sem grandgæfilegast að varast, er lagt er inn á þessa nýju tekjuauka-leið, er að vísu er ekki allfjarstæð tollaleiðinni, en er þó mun beinni og öruggari braut.

Vegna þessa er það einkar mikilsvert og jafnvel beinlínis nauðsynlegt, er til þess kemur, að leggja alment gjald til landssjóðs á verslun og vöruskifti við útlönd, að það sje hvívetna sem ótilfinnanlegast og jafnaðarfylst, komi ekki ofhart niður á nokkrum atvinnuvegi í landinu né nokkurri stétt manna, en leggist á alla atvinnuvegina, ekki síst aðalatvinnuvegina tvo, — landbúnað og sjavarútveg —, svo og alla landsbúa yfirleitt, sem almennast, jafnast og léttast.

Þessa meginhugsun frumvarpsins hefir nefndin öll aðhylst, og lagt alt kapp á að búa það í einu og öllu í þann stakk, er best svaraði til hennar, og fara breytingar þær, er meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á megingrein frumvarpsins, 3. gr., í þessa átt einvörðungu.

Gjaldlagning á verð innlendrar útflutningsvöru þótti nefndinni íhugunarverðasta atriði frumvarpsins, og hugleiddi því rækilega spurninguna um, hvort áhættulaust mundi vera og því gerlegt, að leggja þar á nokkurt gjald.

Við þá íhugun kom það til greina, að slíkt gjald er ekki nýmæli framar á landi voru, þar sem útflutningsgjald hefir legið á fiski og lýsi o. fl. um fult 30 ára skeið, og gefist í alla staði vel, enda verið einkar lágt, og engin lamandi áhrif haft hvorki á þrótt manna né áhuga um framleiðsluna.

Þessi 30 ára reynsla virðist því hafa fært fullar sönnur á, að áhættulaust sé og meinlaust framleiðslunni útflutningsgjald af innlendri útflutningsvöru, annari en iðnaðarvöru, sé það að eins nógu lágt. Og þessa vildi nefndin fyllilega gæta, og leggur því til, að gjaldhæð frumvarpsins 2% og $1^1/_2$%, á þessari vöru verði lækkuð á landafurðum um helming, en á sjávarafurðum um þriðjung; svo að gjaldið verði aðeins 1% af verði allrar þessarar vöru, og þá jafnframt haldið hinu áminsta forna lága útflutningsgjaldi af fiski, lýsi og fl. —

Verslunargjaldsupphæð sú, er með þessu móti legðist á landbúnaðarvöruna, yrði samkv. verslunarskýrslunum 1910 um kr 35 þús, en á sjávarvörurnar kr. 95 þús. og að viðbættu útflutningsgjaldi af fiski og lýsi o. fl., sem með viðlíka útflutningi og nú á sér árlega stað stappar sem næst 60,000, bæri sjávarvaran kr. 155 þús.

Með gamla útflutningsgjaldinu er þó eigi talið gjaldið af hvalafurðum nje síld, enda afla þess að mestu leyti útlendingar.

Eigi leiða þó tölur þessar einar fyllilega í ljós, hve mikið legðist í raun og veru á landbúnað og hve mikið á sjávarútveg af tekjuauka þeim, er með frumvarpi þessu er ætlaður landssjóði, því að er um þetta atriði á að meta hlutfallið milli þessara tveggja aðal atvinnuvega landsins, þá kemur og til greina, hve mikið rekendur hvors atvinnuvegarins um sig að eðlilegri þörf kaupa af aðfluttri útlendri vöru sér til viðurlífis, og hve mikið hvorum um sig er óhjákvæmilegt að kaupa af slíkri vöru beint til þess að geta rekið og reka atvinnuveg sinn á hverjum tíma sem er. — Þar sem öll þessi vara ber eftir frumvarpinu verslunargjald til landssjóðs, verður að taka þetta stórvægilega atriði til greina, er meta skal í hverju hlutfalli gjaldið lendir á hvorum þessara atvinnuvega um sig.

Þar sem nú engar hagfræðiskýrslur eru til um það, hve mikið landbændur annars vegar og sjávarútvegsmenn hins vegar þurfa að kaupa af erlendri aðfluttri vöru sjer til viðurlífis fyrir hvern framfærslumann sinn, verður ekkert um það sagt með vissu. En af því, hve margt og mikið hvorir um sig geta að jafnaði hjá sjálfum sjer, eða af eigin búi, tekið af nauðsynjum til fæðis og klæðis, má skynsamlega ráða, hvorir þarfnist meira af erlendri, aðfluttri vöru, og er auðsætt, að sjávarútvegs- og fiski-menn standa í þessu efni miklu miður að vígi, en daglaunafólk og kaupstaða- og kauptúna-búar þó hvað lakast.

Hitt má af verslunarskýrslunum sæmilega glögt sjá, hve mikið og margt af útlendri aðfluttri vöru hvorum um sig er óhjákvæmilegt að afla sjer árlega beinlínis til atvinnurekstursins sjálfs. Samkv. skýrslum ársins 1910 námu þessi kaup til sjávarútvegarins kr. 1,277,151, en til landbúnaðarins kr. 65,131. Þótt skifting þessi sje ekki að fullu gerð eftir rjettum reglum, og því eigi ábyggileg, sýnir hún þó, að munurinn er mjög mikill.

Við það, sem þegar er fram tekið, þykir nefndinni hlýða að bæta eftirfarandi niðurlags-atriðum:

Eins víst og það er af kunnum ástæðum, er ekki hefur þótt þörf á nje rúm til að rekja hjer að framan, að sú tekjuþörf landssjóðs, er bæta þarf, og bætt yrði með frumvarpi þessu, ef það yrði að lögum, er nálægt 3 hundruð þús. kr. á ári (— en reiknast hefur að frumvarpið gefi um 280 þúsundir, þ. e. um 160 þús. af innfluttri og rúmar 130 þús. af útfluttri vöru áður en innheimtulaun eru frá dregin), eins augljóst telur nefndin það, að sje gjald þetta á annað borð lagt á verslun landsins, þá verði eina örugga leiðin til að tryggja það, að gjaldið ekki aftri nje lami verslunina, nje heldur atvinnuvegina, sú, að leggja það bæði á aðflutta og útflutta vöru, sem næst helft gjaldsins á hvora; og að eini vegurinn til að komast, að sem mestu leyti, og svo sem auðið má verða, hjá ranglátum og óforsvaranlegum ójöfnuði gagnvart öllum þremur meginflokkum landsmanna, landbændum, sjávarútvegs- og fiskimönnum, og búlausu fólki í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarbygðum, sje sá, að leggja gjaldið sem undantekningarminst á aðflutta vöru sem útflutta og hníflafnt á landbúnaðar- sem sjávar-vöru.

Um öll þessi meginatriði erum vjer 4 undirritaðir nefndarmenn samdóma, og teljum þau augljós og vafalaus, og flytjum því, á þingskj. 171. all-verulegar breytingartillögur við frv. í samræmi við nefndarálit þetta.

Efri deild Alþingis, 9. ágúst 1912.

Steingrímur Jónsson formaður.	Jens Pálsson skrifari og framsögumaður.
Sigurður Stefánsson.	Stefán Stefánsson.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Jeg undirritaður hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum nm ýms atriði í frumvarpi þessu, sjerstaklega þó um stefnu þess og leyfi mjer því að gera svofelt

Minni hluta álit:

Jeg er í fyrsta lagi engan veginn samþykkur háttv. meiri hluta um það, að önnur leið sje ekki til eða fær í þá átt að afla landssjóði tekna, en sú, að leggja toll á alla verslun. Þvert á móti verð jeg að telja hana neyðarúrræði eða örþrifaráð, sem ekki þarf að grípa til og ætti aldrei að grípa til.

Aðalkostinn við alla tollálagningu verð jeg hiklaust að telja það, að tollstofnarnir sjeu fáir, og í öðru lagi, sje um nauðsynjavöru að ræða, að þá nái tollurinn til sem allra flestra landsins barna. Í frumv. háttv. meiri hl. er hvorugu þessu náð. Allar vörutegundir eru gerðar að tollstofnum með ýmsri flokkun og sundurskiftingu, sem sífelt getur valdið ágreiningi, auk þess sem undanskildar eru þó nú tollskyldar vörur, sem jeg verð að telja óheppilegt, einkum hvað snertir kaffi eða tóbak. Nefna má og það, að eftirlit alt verður erfitt og ókleift svo til hlítar sje, þar sem ekki er ólíklegt, að undanskot milli flokka mundu eiga sjer stað.

Að skattur þessi eða tollur komi jafnt niður, er heldur ekki hægt að segja með ástæðum.

Heimilisfeður allir verða sýnilega harðast úti, eða framleiðendur; verka- og vinnufólk kemst að mestu undan þessum álögum. Þó er um þessa álagningu talandi til bráðabyrgða, með því að leggja að eins á innfluttar vörur, en þegar til þess kemur, að leggja toll á útfluttu vöruna, afurðir landsins, komast undan þeim skatti allir embættismenn og opinberir starfsmenn þjóðarinnar, sem geta greitt alla sína vöru, er þeir þurfa til heimilisþarfa og annars með peningum. Þannig er útflutningsgjaldið í þessu tilliti órjettlátt, auk ýmsra annara ókosta, sem jeg mun þegar drepa á, en fyrst vil jeg taka það fram, að það er alls ekki rjett hjá háttv. meiri hl., að nefndin hafi öll verið sammála, að öðru en snerti útflutningstollinn, eins og sjest á því sem hjer er að framan skráð.

Útflutningstollinn á allri framleiðsluvöru landsins vill háttv. meiri hluti rjettlæta með því, að 30 ára góð reynsla sje þegar fengin um hann með lögunum um útflutningsgjald af fiski og lýsi frá 4. nóv. 1881. En þetta virðist ekki rækilega skoðað hjá háttv. meiri hl. Lög þessi eru í fyrstu að eins til þess gerð, að ná gjaldi af útlendingum, sem raka saman fje á fiskimiðum vorum, þótt um leið nokkuð af gjaldinu hafi lent á sjávarútvegsmönnum innlendum. En það sem sjerstaklega er ástæðan til þess, að undan þessu hefir ekki verið kvartað af sjávarútvegsmönnum, er það, að þessi skattur er rjettlæting á milli landbúnaðar og sjávarútvegs, á sem sje að vega móti ábúðarskattinum, sem á landbúnaðinum hvílir, og er þá síst ranglátur, þegar til alls er litið. Þetta hafa víst allir viðurkent, en þó hvað greinilegast háttv. meiri hl., því þeim ákvæðum frumvarpsins, eins og það kom frá háttv. flutningsmönnum, að nema úr gildi þessi 30 ára útflutningslög, hefir háttv. meiri hl. fallið frá, og auk þess lagt það til, að jafnhátt útflutningsgjald yrði á landbúnaðar- og sjávarafurðum. Jeg verð því að skoða háttv. meiri hl. mjer samdóma um það, að nú sje með gildandi lögum síst hallað á sjávarútveg-

inn með tollálagningu, og kemur þá til álita útflutningstollur nú af framleiðslu yfir höfuð.

Háttv. meirihl. telur hann réttmætan, ef hann að eins er nógu lítill. Þetta kann nú að vera rökrjett hugsun, þó jeg geti ekki fallist á hana. Mín skoðun er það, að tollur af allri framleiðslu til lands og sjávar, sem nauðsynleg er til lífsframfærslu þjóðinni, sje órjettur, og eigi ekki að eiga sjer stað. Því auk þess sem hann lamar og drepur niður áhuga og starf við framleiðsluna, er hann órjettlætandi, vegna þess, að með því rífum við niður með annari hendinni, það sem vjer byggjum upp með hinni. Landssjóður hefir á ýmsan hátt styrkt framleiðsluna bæði til lands og sjávar, og með því viljað sýna, að þessir tveir atvinnuvegir væru hans óskabörn, sem ekkert hár mætti skerða á, og þannig stendur það nú, að ýmsar greinar í þessari framleiðlsu njóta beinlínis og óbeinlínis styrks af landsfje. Hvernig liti það nú út, ef t. d. smjörbúin, sem hafa verðlaun fyrir útflutning á smjöri, ættu um leið að greiða útflutningstoll? Samræmið held jeg að ekki sje til fyrirmyndar.

Þar sem háttv. meirihl. er að gera upp milli landbúnaðar og sjávarútvegs og drepa á, hve þarfir sjávarútvegsins sjeu miklu stærri til framfærslu og atvinnureksturs, þá get jeg ekki kannast við, að óvilhalt sje farið þar með málið.

Eins og nú stendur, lifa af landbúnaði 43411 manns (samkv. landhgs.sk. 1910), en á sjávarútvegi 15890 manns, eða lítið yfir þriðjung á móts við landbúnaðinn. Þegar nú aðgættar eru útfluttar afurðir sjávar og lands, þá kemur í ljós, að af sjávarafurðum er útfl. um $7^1/_2$ milj. króna virði, en af landbúnaði um $3^1/_2$ milj. kr. Verður þá af því sýnilegur, þó fult tillit sje tekið til þess fjár, sem stendur í skipastólnum, hinn geipilegi munur á arðsemi atvinnuveganna, og þá um leið, hvað sjávarútvegurinn er færari um að þola allan tilkostnað við atvinnureksturinn, þar sem um 470 kr. koma í framleiðslu á hvern mann, sem stundar eða lifir af sjávarútvegi, en ekki fullar 90 kr. á hvern þann, sem á landbúnaði lifir. Játa skal eg það, að vel má vera, að meiru sje eytt í landinu sjálfu af landbúnaðarafurðum, einkum að krónutali. en það er ekkert líkt því, að það sje í þá átt, að jafna þennan geipi mun. Og enn má geta þess, að landbúnaðurinn elur stöðugt upp fólk handa sjávarútveginum. Af þessu er það auðsætt, að sjávarútvegurinn á síður en svo að bera lægra gjald af aðfluttri vöru til atvinnureksturs.

Fleira, sem fram þarf að taka þessu viðvíkjandi, vænti jeg mjer gefist kostur á undir umræðum, því nú er tíminn takmarkaður, þar sem jeg hefi að að eins fengið að hafa álit háttv. meirihl. í 2 kl.tíma.

Af framteknum ástæðum, verð jeg því að ráða hinni háttv. deild eindregið til að fella frumvarp þetta. Og jeg sje ekki ástæðu til að gera við það þær breytingartillögur, er gætu komið því í sæmilegt horf, þar sem um fleiri vegi er að ræða og velja í þinginu, til þess að ná inn í landssjóðinn bráðnauðsynlegu fje og allir þeir vegir eða flestir sýnast álitlegri en þessi.

Alþingi, 9. ágúst 1912.

Þórarinn Jónsson.

Nd. **190. Tillaga**

til þingsályktunar um meðferð fjárkláðans o. fl.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að hún á næstkomandi hausti og vetri beiti ákvæðum laganna nr. 40, 8. nóv. 1901, og láti tvíböðun framfara, en einungis þar, sem kláði kemur upp og mikill kláðagrunur er.
2. Að hún leggi fyrir alla sýslumenn landsins að láta fram fara vandlega kláðaskoðun á öllu sauðfje í landinu í næstkomandi aprílmánuði og heimta nákvæmar skýrslur um þessar skoðanir og um fjárkláða, sem fyrir kann að koma á næstkomandi hausti og vetri. Skýrslur þessar ættu sýslumenn að senda stjórnarráðinu svo fljótt, að því vinnist tími til að rannsaka þær og byggja á þeim rökstuddar tillögur um meðferð fjárkláðans, áður en alþingi kemur saman 1913.
3. Að hún leiti álits fjáreigenda í landinu um það, hvort þeir óski heimildarlaga fyrir samþyktum um árleg þrifaböð á sauðfje.

Ed. **191. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um sölu á eggjum eftir þyngd (þingskjal 129).

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson. Jón Jónatansson.

Við 1. gr.: Fyrir »sjálfkrafa æski« komi: og seljandi komi sjer saman um.

Ed. **192. Nefndarálit**

við frumvarp til laga um viðauka við lög frá 11. nóvember 1899 nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi (á þingskj. 128).

Nefndin hefir athugað frumvarpið eftir föngum. Erum vjer nefndarmenn sammála um, að tilgangur frumvarpsins sje svo þýðingarmikill, að það eigi að verða að lögum. Hins vegar teljum vjer nauðsynlegt að gerðar verði á frumvarpinu nokkrar breytingar í þá átt, að ákvæði þess, verði það að lögum, gangi ekki of nærri athafnafrelsi manna, og til þess að gera orð frumvarpsins ótvíræðari, þá virðist oss nauðsynlegt að ákveða, hvað teljast skuli áfengi samkv. frv. þessu.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap neinar áfengisveitingar, nje nokkur áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjunum, nema fjelagið fái til þess sjerstakt leyfi lögreglustjóra. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4$% af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli.
2. Við 2. gr. Orðið: »slíkum« falli burt.
3. Við sömu gr. Á eftir orðinu: »stöðum« bætist inn: þar sem almennar veitingar fara fram.
4. Við sömu gr. Aftan við greinina bætist: sem haldin eru á slíkum stöðum.
5. Við 3. gr. Fyrir orðið: »og« á 2 stöðum í 1. línu greinarinnar komi: eða.
6. Við sömu gr. Fyrir orðin: »eftir atvikum« komi: jafnvel.
7. Við sömu gr. Fyrir orðin: »alt að« komi: 20—
8. Við 4. gr. Fyrir orðin: »alt að« komi: 10—

Alþingi, 9. ágúst 1912.

Eiríkur Briem, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Sig. Eggerz.

Ed. **193. Frumvarp**

til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að gefa fyrv. landshöfðingja Magnúsi Stephensen, Stkr. af Dbg, Dbm. p. p., Sighvati bankastjóra Bjarnasyni R. af Dbg, báðum til heimilis í Reykjavík, og herra Knud Skjold Philipsen í Kaupmannahöfn einkaleyfi til stofnunar íslensks peningalotteris með skilyrðum þeim, sem nú skal greina:

a. Lotterí hvers árs skiftist í 2 flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 50,000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera nema 6 drættir.
b. Iðgjaldið til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 150 frankar. Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta alt að 2% af iðgjaldinu. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta, þó má eigi skifta í smærri hluta en áttundir.
   Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta alt að 2% af iðgjaldinu.

c. Í hvorum flokki lotterísins eiga vinningarnir að nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutina í flokknum.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykt af ráðherra Íslands, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli, og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi, og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í þeirri mynt, sem ákveðin er í áætluninni.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna að hálfu til einkaleyfishafanna og að hálfu til landssjóðs Íslands.

d. Drættirnir fara opinberlega fram í Kaupmannahöfn, og skal lotteríinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, sem konungur skipar til þess; skulu í henni sitja 6 menn, eigi færri Íslendingar en 3, og skulu að minsta kosti 2 af nefndarmönnum vera löglærðir menn, sem gengir eru í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram, eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með lotteríinu; kostnaðinn af þessu ber lotteríið.

e. Einkaleyfið til að reka lotteríið má veita um alt að því 30 ár frá 1. desember 1912 að telja; þó getur ráðherra Íslands tekið leyfið aftur með eins árs fyrirvara, þegar lotteríið hefir verið rekið í 15 ár frá 1. desember 1912 og löggjafarvaldi Íslands þá þykir ástæða til.

Nú verður leyfið ekki notað innan 1. okt. 1913, og má ráðherra þá veita leyfið öðrum mönnum en þeim, sem nefndir eru í upphafi greinarinnar.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðherra, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi. Leyfishafar fyrirgera rjetti sínum, ef þeir gegna ekki skyldu sinni til greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til landssjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef tryggingarsjóðnum verður ekki viðhaldið, eða ef reglugerð sú er brotin af þeirra hendi, sem sett verður fyrir lotteríið.

f. Einkaleyfishafarnir skulu greiða landssjóði Íslands gjald, er nemi 4% af iðgjöldunum fyrir hluti þá, sem seljast í hvorum flokki, þó ekki minna en 138000 franka á missiri.

g. Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en lotteríið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða í Landsbanka Íslands, kjósi ráðherra það heldur.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, annaðhvort að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu, er ráðherra Íslands tekur gilda fyrir því, sem á vantar.

Ráðherra Íslands hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir landssjóðs hönd, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til.

Þá skulu leyfishafar og, áður en lotteríið tekur til starfa, setja landssjóði Íslands tryggingu, sem ráðherra tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði landssjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjaldsins.

h. Ráðherra Íslands setur nánari ákvæði um fyrirkomulag lotterísins.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi alt að 1000 heila hluti í lotteríinu, á þann hátt, sem hann kveður nánar á um. Hluti í lotteríinu má ekki selja í Danmörku, nje í nýlendum Danmerkur.

3. gr.

Meðan einkaleyfi það til lotterís, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningalotterí fyrir Ísland, nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til landssjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir lotterí utan Danmerkur og nýlenda hennar, eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed. **194. Frumvarp**

til laga um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hreppsnefndum er heimilt með samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs Íslands, að koma á vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum.

2. gr.

Nú vill hreppsnefnd koma á svofeldri vatnsveitu, sem getur um í 1. gr., og skal hún þá láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og, ef tiltækilegt telst að framkvæma verkið, gera nákvæma áætlun um fyrirkomulag vatnsveitunnar og kostnað við lagning hennar og leggja þau gögn fyrir sýslunefnd ásamt áætlun um kostnað við árlegan rekstur vatnsveitunnar, eftir að hún væri komin á. Kostnaður við umgetna rannsókn o. fl. telst til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist að öðrum kosti úr sveitarsjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir, að vatnsveitunni sje komið á, sendir sýslumaður málið til stjórnarráðsins til samþyktar, er svo samþykkir það, með eða án skilyrða, eða neitar samþykki og færir ástæður fyrir.

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt, eða bindur það skilyrðum, er hreppsnefndin getur ekki unað við, og er hreppsnefnd þá heimilt að fara með málið samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, 53. gr., síðustu málsgr. Verði framkvæmd vatnsveitunnar samþykt af hreppsbúum á nefndan hátt, sendir hreppsnefnd stjórnarráðinu málið til meðferðar á sama hátt og á undan segir.

3. gr.

Hver landeigandi eða lóðareigandi er skyldur að leyfa, að vatnsleiðslur þær, er getur um í lögum þessum, sjeu lagðar um land hans, á eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagninga þeirra eða viðhalds, svo sem grjót, möl eða önnur jarðefni, sjeu tekin þar sem næst er, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist, og álitið verði, að land- eða lóðareigandi hafi beðið skaða við það. Ef samningum verður ekki komið við um skaðabæturnar, skulu þær metnar af dómkvöddum óvilhöllum mönnum.

4. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugjörðir um vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum. Reglugerð semur hlutaðeigandi hreppsnefnd, og má í hana setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja. Ennfremur má með reglugerð þessuri veita hreppsfjelaginu einkarjett til að veita neysluvatni í pípum til verslunarstaðarins og um hann, og skal þá engum heimilt að selja þar vatn úr öðrum vatnsæðum eða vatnsbólum til heimilisþarfa, eða annara þeirra þarfa, er vatnsveitan getur fullnægt.

5. gr.

Í löggiltum verzlunarstöðum, þar sem komin er neyzluvatnsveita til almenningsnota, má með gjaldskrá, sem hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, leggja á alment gjald fyrir afnot vatnsins til heimilisþarfa, svo og aukagjald fyrir vatn til skipa, iðnaðarfyrirtækja eða annara fyrirtækja, sem nota vatnið til annars, en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, sem hafa vatnshana utanhúss. Gjöld þessi má taka lögtaki.

6. gr.

Í reglugjörðum þeim, sem getur um í 4. gr., má ákveða alt að 200 kr. sektir fyrir brot gegn ákvæðum þeirra, og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Ed.

195. Nefndarálit

í málinu: »Frumvarp til laga um þingfararkaup«.

Nefndin, sem kosin var til að athuga mál þetta, hefir ekki getað orðið á einu máli um meðferð þess.

Frumvarpið fer fram á tvær aðalbreytingar á gildandi lögum, hækkun á fæðispeningum alþingismanna, sem búa utan Reykjavíkur, og fastákveðinn ferðakostnað. Öll nefndin var samdóma um að báðar þessar breytingar væru í raun og veru nauðsynlegar, en formaður nefndarinnar, Sig. Eggerz taldi hækkun fæðispeninganna ekki fullkomlega tímabæra á þessu þingi, og annar nefndarmaður, Guðjón Guðlaugsson, var ekki allskostar ánægður með ákvæði frumvarpsins um hækkun fæðispeninganna.

Fæðispeningar alþingismanna voru ákveðnir með alþingistilskipuninni frá 8. mars 1843, 3 rd. um daginn. Ákvæði þetta er því nær 70 ára gamalt. Kaup þetta var 1845 og um mörg ár þar á eftir hin sæmilegasta borgun, en þegar litið er á hinar stórkostlegu breytingar, sem síðan hafa orðið á atvinnuvegum, lifnaðarháttum og öllu viðskiftalífi þjóðarinnar, þá er þessi borgun nú orðið alt annað en sæmileg.

Um 1845, er alþingi hófst að nýju, voru peningar hér á landi í miklu hærra verði en nú. Eftir því verði sem þá var á landaurum, vinnukrafti og öllum lífsnauðsynjum jafngiltu 3 rd. eða 6 krónur alt að 18 krónum nú á dögum. Þá var t. d. ær í fardögum samkvæmt verðlagsskrá um 6 kr., smjörpundið um 32 aura, dagsverk um heyannir 1 kr. 50 aura, og stóð svo um mörg ár. Fram um 1880 voru 20 pd. af smjöri eða 10—12 kr. fullgilt vikukaup um heyannir fyrir duglega verkmenn og 70—100 krónur vinnumannskaup var alt fram að þeim tíma talið hátt kaup. Nú er vanalegt karlmannskaup um sumartímann 14—20 krónur á viku, auk fæðis.

Vist þingmanna í Reykjavík var alt fram að 1870 meira en helmingi ódýrari en nú er orðið. Allur þorri þingmanna utan Reykjavíkur er neyddur til að fá menn til að gegna störfum sínum heima um þingtímann. Fyrir bændur nemur sá kostnaður, er þar af leiðir alt að helmingi fæðispeninganna, og hinn helmingurinn hrekkur ekki fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum í Reykjavík. Fyrir embættismenn og kaupmenn verður kostnaðurinn enn þá meiri, auk þess, sem sá skaði, sem leitt getur af fjarveru húsbóndans frá heimili sínu um mesta annatíma ársins, verður ekki í krónum talinn.

Í Reykjavík horga þingmenn nú alment fyrir fæði um mánuðinn	kr.	40,00
Fyrir húsnæði	—	30,00
Fyrir þjónustu og önnur óhjákvæmileg dagleg útgjöld mjög lágt reiknað	—	20,00
Hjer við bætist fyrir bændur ráðsmannskaup um mánuðinn ...	—	72,00
Samtals	—	162,00

Hefir þingmaðurinn þá eftir af mánaðarkaupi sínu einar 6 krónur. En mánaðarútgjöld alls þorra þingmanna utan Reykjavíkur munu vera miklu hærri en hjer er gert fyrir, og því langt frá, að fæðispeningarnir dugi þótt mikill sparnaður sje viðhafður.

Því fer fjarri, að nefndin ætlist til að þingmenn hafi þingmenskuna að

fjárplógi, en til þess verður að ætlast, að þjóðin borgi fulltrúum sínum svo ríflega, að þeir hafi sæmileg daglaun að frádregnum hinum allra nauðsynlegustu útgjöldum. Það er lítt sæmilegt, að þingmenn séu að því leyti ver farnir, en óbreyttir verkamenn, er ganga að hinum algengustu störfum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að samþykkja 1. grein frumvarpsins óbreytta, eða að fæðispeningar þingmanna, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, sjeu hækkaðir um 3 krónur; er það hækkun um 50% frá því, sem nú er; um minni hækkun getur að áliti nefndarinnar ekki verið að ræða. Væri miðað við peningaverð hjer á landi um það leyti, er 6 króna kaupið var lögákveðið mætti hækkunin vera alt að 200%, eða upp í 18 krónur, til þess að þingmenn utan Reykjavíkur væru jafnvel haldnir og af 6 krónum um og eftir 1850.

Fæðispeningar þingmanna, sem búsettir eru í Reykiavík, eru látnir standa óbreyttir og telur meiri hluti nefndarinnar þá þingmenn fullkomlega eins vel sæmda af 6 krónum á dag og hina af 9 krónum. Reykvíkingar þurfa engu til að kosta fyrir fæði og húsnæði þingtímann, fram yfir það sem vanalegt er, og flestir þeirra geta víst gegnt þingstörfunum, án þess að kaupa nokkra aðstoð við atvinnu sína.

Að því er kemur til þess að lögákveða ferðakostnað þingmanna, þá kannast nefndin að vísu við, að lagasmíð um þetta atriði sé töluverðum örðugleikum bundin, enda telur hún þessa breytingu ekki eins bráðnauðsynlega og hina. Að vísu er nokkru minna vandhæfi á að lögákveða ferðakostnað þingmanna nú, en var hér á árunum, er alþingi hafði þetta mál til meðferðar.

Samgöngur á sjó umhverfis landið eru upp á síðkastið orðnar miklu greiðari og reglubundnari en þær hafa nokkurn tíma áður verið. Í flestum kjördæmum landsins má nota sjóvegsferðir til og frá Reykjavík, og þegar litið er til þess, að þingtíminn er nú aftur færður til hásumarsins, má með nokkurnveginn fullri vissu miða þingfarar kostnaðinn við skipaferðir umhverfis landið. Þá er á hitt að líta, hvort veruleg þörf sje á þessari breytingu, og geta um það verið skiftar skoðanir. Um verulegan fjársparnað fyrir landssjóðinn getur naumast verið að ræða, ef ekki á að skera ferðakostnaðinn of mjög við neglur sér. — En hjer er á fleira að líta. —

Ferðakostnaðarreikningar þingmanna hafa löngum þótt um of misháir, þótt um líkar vegalengdir hafi verið að ræða, og þess er ekki að dyljast, að í sumum þeirra hefir þótt kenna oflítillar sanngirni gagnvart landssjóðnum.

Að vísu má segja, að nefnd þeirri, er alþingi kýs til að úrskurða ferðakostnaðarreikningana, sé innan handar að laga misfellur, þær er kunna að vera á þeim. En hlutverk þeirrar nefndar er alt annað en þægilegt. Auk þess sem það er jafnan óviðfeldið að vera dómari í sinni eigin sök eins og þingið er hjer, þá er nefnd þessari í flestum tilfellum lítt mögulegt að rannsaka reikningana og bera þá saman sín á milli svo nákvæmlega, sem þörf er á. Nefndin er skipuð í þinglok og hefir vanalega mjög lítinn tíma til starfs síns, og er því fyrirmunað að geta athugað reikningana með nokkurri nákvæmni; þingmenn eru á förum af þingi og oft lítt mögulegt að fá umsögn þeirra eða upplýsingar um vafasöm atriði í reikningunum, fer því vanalega svo, að reikningarnir eru samþyktir lítt athugaðir og enda með auðsæjum misfellum, enda er það alt annað en viðfeldið að þurfa að eiga í stímabraki við samþingismenn sína um slík efni. Þessi óþægindi hverfa öll úr sögunni, ef ferðakostnaðurinn er ákveðinn með lögum og telur nefndin meira unnið með því, en þótt nokkuð sje sparaðist við breytinguna, Nefndin hvarf því að því ráði að lögákveða ferðakostnaðinn með þeirri undantekningu,

sem 3. gr. frumvarpsins ræðir um. Hún telur rjett, að miða ferðakostnaðinn við sjóvegsferðir, hvervetna þar sem því verður viðkomið. Til gleggra yfirlits yfir áætlanir nefndarinnar nm ferðakostnaðinn úr kjördæmum setur hún eftirfylgjandi

ÁÆTLUN

um ferðakostnað alþingismanna til og frá Reykjavík.

	Frá:	Landferð:	Sjóferð:	Fargjald:
1.	Suður-Múlasýslu	6 dagar	á $^{12}/_{00}+20$ d.	á $^{2}/_{00}+70$ = kr. 182
2.	Norður-Múlasýslu	7 —	- $^{12}/_{00}+20$ -	- $^{2}/_{00}+68$ = — 192
3.	Seyðisfirði		20 -	- $^{2}/_{00}+68$ = — 108
4.	Norður-Þingeyjarsýslu	6 —	- $^{12}/_{00}+18$ -	- $^{2}/_{00}+56$ = — 164
5.	Suður- —»—	6 —	- $^{12}/_{00}+18$ -	- $^{2}/_{00}+56$ = — 164
6.	Eyjafjarðarsýslu	4 —	- $^{10}/_{00}+17$ -	- $^{2}/_{00}+50$ = — 124
7.	Akureyri		17 -	- $^{2}/_{00}+50$ = — 84
8.	Skagafjarðarsýslu	4 —	- $^{10}/_{00}+16$ -	- $^{2}/_{00}+44$ = — 116
9.	Húnavatnssýslu	4 —	- $^{10}/_{00}+15$ -	- $^{2}/_{00}+42$ = — 112
10.	Strandasýslu	5 —	- $^{10}/_{00}+13$ -	- $^{2}/_{00}+38$ = — 114
11.	Norður-Ísafjarðarsýslu	3 —	- $^{10}/_{00}+10$ -	- $^{2}/_{00}+32$ = — 82
12.	Ísafirði		10 -	- $^{2}/_{00}+32$ = — 52
13.	Vestur-Ísafjarðarsýslu	2 —	- $^{10}/_{00}+8$ -	- $^{2}/_{00}+24$ = — 60
14.	Barðastrandarsýslu	4 —	- $^{10}/_{00}+6$ -	- $^{2}/_{00}+22$ = — 74
15.	Snæfellsnessýýslu	4 —	- $^{10}/_{0}/+3$ -	- $^{2}/_{00}+12$ = — 58
16.	Dalasýslu pr. Borgarnes . . .	5 —	- $^{10}/_{00}+2$ -	- $^{5}/_{00}$ = — 60
17.	Mýrasýsla — —— . . .	4 —	- $^{10}/_{00}+2$ -	- $^{5}/_{00}$ = — 50
18.	Borgarfjarðarsýslu pr. Borgarnes	4 —	- $^{10}/_{00}+2$ -	- $^{5}/_{00}$ = — 50
19.	Gullbringu- og Kjósarsýslu . .	2 —	- $^{10}/_{00}$	= — 20
20.	Árnessýslu	6 —	- $^{12}/_{00}$	= — 72
21.	Rangárvallasýslu	8 —	- $^{12}/_{00}$	= — 96
22.	Vestmannaeyjasýslu		3 -	- $^{2}/_{00}+12$ = — 18
23.	Vestur-Skaftafellssýslu	20 —	- $^{14}/_{00}$	= — 280
24.	Austur- —»— pr. Eskifjörð.	16 —	- $^{14}/_{00}+22$ -	- $^{2}/_{00}+75$ = — 343
25.	Danmörku		15 -	- $^{2}/_{00}+130$ = — 190

Landferðin er miðuð við það, hve langan tíma hún tekur, hve marga hesta má telja sanngjarnt, að þingmaðurinn þurfi fyrir sig og fylgdarmann, sem jafnan verður að gera ráð fyrir, að hann hafi, þar sem alstaðar er gert ráð fyrir, að hann sendi hestana heim, og sje svo sóttur aftur. Kaup fylgdarmanns er talið 4 krónur á dag og hestleiga 2 kr. Sjóferðin er miðuð við það, að skipin komi á flesta viðkomustaði hinna stærri skipa. Á sjóferðinni ætlar nefudin þingmanninum, auk fargjalds, 2 krónur á dag fyrir þjónustu á skipinu og flutning á og frá skipi. Upphæðir þær, sem þannig koma fram, hefur nefndin svo fært upp eða niður til að láta þær standa á heilum tug. Á stöku stað hefur og nefndin gert nokkrar aðrar breytingar á upphæðunum í 2. gr.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður allur ferðakostnaðurinn kr. 3600, sje gert ráð fyrir, að þingmenn sjeu allir búsettir í kjördæmum sínum. Til samanburðar er hjer settur ferðakostnaður þingmanna árin 1899—1907 eða 5 síðustu reglulegu sumarþingin, var hann þannig:

Árið	1899	kr. 4051,85
—	1901	— 3931,20
—	1903	— 4265,90
—	1905	— 3461,85
—	1907	— 4158,80
	Alls:	kr. 19869,60

eða að meðaltali kr. 3973,92, og er það 373 krónum hærra en nefndin hefir áætlað. En hjer er þess að gæta, að öll þessi ár voru þingmenn úr fleiri og færri kjördæmum búsettir í Reykjavík, og eitt fjarlægasta kjördæmið, Norður-Þingeyjarsýsla, var þingmannslaust árið 1901. Auk þess koma kaupstaðakjördæmin þrjú ekki til sögunnar fyr en 1905. Með því að setja ferðakostnaðinn í þessum kjördæmum þau árin, sem þau eru ferðakostnaðarlaus á þessu 5 ára tímabili, eins og nefndin hefir áætlað hann, hækkar meðaltalið um 600 krónur, svo að ferðakostnaðurinn eftir tillögum nefndarinnar verður um 1000 krónum lægri, þótt öll kjördæmi landsins ættu búsetta þingmenn, hvert innan sinna takmarka.

Samkvæmt því, sem áður er tekið fram, vill meiri hluti nefndarinnar ekki gera aðrar breytingar á frumvarpinu, en nokkrar tölubreytingar í 2. gr., og ræður háttv. deild til að samþykkja við það eftirfylgjandi

BREYTINGATILLÖGUR.

1.	Við	2.	gr.	1.	tölulið.	Fyrir	»185«	komi	»180«.
2.	—	-	—	2.	—	—	»195«	—	»190«.
3.	—	-	—	4.	—	—	»175«	—	»170«.
4.	—	-	—	5.	—	—	»165«	—	»160«.
5.	—	-	—	6.	—	—	»125«	—	»130«.
6.	—	-	—	7.	—	—	»85«	—	»80«.
7.	—	-	—	9.	—	—	»115«	—	»120«.
8.	—	-	—	10.	—	—	»105«	—	»120«.
9.	—	-	—	11.	—	—	»95«	—	»80«.
10.	—	-	—	12.	—	—	»55«	—	»50«.
11.	—	-	—	13.	—	—	»70«	—	»60«.
12.	—	-	—	14.	—	—	»75«	—	»70«.
13.	—	-	—	16.	—	—	»70«	—	»60«.
14.	—	-	—	17.	—	—	»55«	—	»50«.
15.	—	-	—	18.	—	—	»55«	—	»50«.
16.	—	-	—	20.	—	—	»75«	—	»70«.
17.	—	-	—	21.	—	—	»95«	—	»90«.
18.	—	-	—	22.	—	—	»190«	—	»280«.
19.	—	-	—	23.	—	—	»370«	—	»340«.

Alþingi, 9. ágúst 1912.

Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum. Jens Pálsson. Einar Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson.
Með fyrirvara að því er snertir 1. gr.

Nd. **196. Fyrirspurn**

til ráðherra.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Hverjar ráðstafanir hafa verið gerðar til að mæla leiðir á Gilsfirði til Salthólmavíkur og Króksfjarðarness?

Er þörf á nýrri fjárveiting?

Ed. **197. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

Vjer, sem háttv. deild hefir falið frumvarp þetta til athugunar, höfum komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að veita hjeruðum samþyktarvald í þessu efni.

Nefndin finnur ekki ástæðu til verulegra breytinga á frumvarpi þessu. En ein grein þess, 5. gr., þykir nefndinni óljós, virðist henni ástæða til, að þar væri skýrara ákveðið um sum atriði.

Svo er tilætlast í frumvarpinu, að eigendur eggvera, selalagna og selalátra fái fullar bætur fyrir skaða þann, er þeir kynnu að bíða við ófriðun og eyðing sels, en ekkert er um það sagt, hverjir skaða eiga að bæta, og þótt það virðist liggja beint við, að skaðabótaskyldan hljóti að hvíla á laxveiðendum, þeim er hagsmuna njóta af eyðingu selsins, telur nefndin þó rjettara, að það sje beint tekið fram í frumvarpinu. Þá vantar og ákvæði um það, hverjir jafna eigi skaðabótum niður á þá, er skaðabætur eiga að greiða, og enn vantar fyrirmæli um innheimtu þess gjalds. Nefndin álítur ónauðsynlegt, að bein fyrirmæli um þetta standi í lögunum sjálfum, því ef leggja ætti þetta á vald þeirra, er samþykt gera, er hætt við, að þessi atriði mundu valda vafningum og ágreiningi.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumvarp þetta verði samþykt með eftirfylgjandi

BREYTINGU:

Í stað 5. greinar frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

Í samþykt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiðiám. Þó má eigi með neinni samþykt raska friðun eggvera, selalátra eða selalagna, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta. Gjaldi þessu jafna sýslunefndir niður á þá, er veiðirjett eiga í á þeirri eða ám, er samþyktin gildir fyrir. Sýslumenn innheimta gjaldið, og fylgir því lögtaksrjettur.

Alþingi 8. ág. 1912.

Þórarinn Jónsson, form. Jón Jónatansson, skrifari og framsögumaður. Eiríkur Briem.

Ed. **198. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898 og lög um breytingu á lögum 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland og á tilskipun 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

Flutningsmenn: Jens Pálsson. Steingrímur Jónsson.
Aug. Flygenring. Sig. Eggerz.

Ef maður, sem ekki hefir sjerstaklega verið falin landhelgisgæsla, kemur upp landhelgisbroti af hálfu útlends fiskiskips eða innlends botnvörpuskips, og færir sönnur á brotið, ber honum $^1/_{10}$ hluti af sekt þeirri, er hinum brotlega er gert að greiða, svo og af andvirði fyrir upptæka muni.

Nd. **199. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Oss nefndarmönnum, er höfum haft til athugunar frumv. um breyting á lögum um sölu þjóðjarða, kemur saman um, að stefna frumvarpsins sje mjög góð, sem sje sú, að girða fyrir það tvent, ef unt væri, að jarðeignir sjeu seldar útlendingum, og í annan stað, að jarðir safnist í einstakra manna eigu, því nefndin er þar á einu máli um, að ef jörð gengur úr sjálfsábúð, þá sje henni best komið í eigu hins opinbera. Yrði frumvarpið að lögum og næði lögin þessum tilgangi, væri greiddur vegur til þess, að leiguliðar á þeim jörðum, sem um væri að ræða, gæti náð kaupum á þeim samkv. þjóðjarðasölulögunum, á ný.

En um leið og þetta er viðurkent af nefndinni, sýnist henni rjett að frv. nái einnig til hinna seldu kirkjujarða, og þá að sjálfsögðu einnig til þeirra, er seldar kunna að verða hjer á eftir.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til þessara

BREYTINGA:

1. gr. frumv. orðist svo:

Ef þjóðjörð eða kirkjujörð, er seld hefir verið ábúanda samkv. lögum nr. 31, 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða, og samkv. lögum nr. 50, 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, gengur úr sjálfsábúð, og eigandi óskar að selja jörðina, en hvorki viðtakandi eða hlutaðeigandi sveitarfjelag notar kauparjett sinn, skal jafnan skylt að bjóða landsstjórninni kaup á jörðinni fyrir landssjóð, er þá hefir forkaupsrjett.

Á eftir orðunum í 2. gr. »venjulega hlýtt« komi: Landssjóður kostar matið.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum.

Alþingi, 9. ágúst 1912.

Stefán Stefánsson, form. og framsögum. Pjetur Jónsson, skrifari. Tryggvi Bjarnason.

Sigurður Sigurðsson, (með fyrirvara). Ólafur Briem, (með fyrirvara).

Nd. **200. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóvember 1905.

Flutningsmenn: Matth. Ólafsson og Halldór Steinsson.

Á eftir orðunum: »á sjúkrahúsi« komi: hvort heldur innanlands eða utan.

Nd. **201. Frumvarp**

til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hjer á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. —— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú.
4. —— Reykjavík — Hafnarfjörður.
5. Innanbæjartalsímakerfi: Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar og Seyðisfjarðar.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði.

Með ofantöldum línum teljast og aukaþræðir, sem vegna aukinna starfa á línum þessum eru lagðir eða hjer eftir verður nauðsynlegt, að lagðir séu á hinar eldri staurarаðir þessara lína.

3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. —— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. —— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. —— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.
5. —— Breiðamýri — Húsavík.
6. —— Fagriskógur — Hjalteyri.
7. —— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.
8. —— Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. —— Ísafjörður — Bolungarvík.
10. —— Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. —— Grund — Borgarnes.
12. —— Kalastaðakot — Akranes.
13. —— Hafnarfjörður — Gerðar.
14. —— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. —— Ölfusárbrú — Eystri-Garðsauki.
16. —— Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
17. —— Stykkishólmur — Hjarðarfell.
18. —— Eystri-Garðsauki — Vestmannaeyjar.
19. —— Hjarðarfell — Ólafsvík — Hellissandur.
20. —— Miðey — Vík í Mýrdal.
21. —— Eskifjörður — Norðfjörður.
22. —— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur.
23. —— Djúpivogur — Hornafjörður.
24. Hliðartalsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.
25. Hliðarsími til Hríseyjar.

4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: Til Grenivíkur, Hvammstanga, Skagastrandar og Kálfshamarsvíkur, Kirkjubæjar á Síðu, Grundarfjarðar, Unaóss, og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu, Raufarhafnar, Súgandafjarðar, til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík, til Staðar í Aðalvík um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum, um Barðastrandasýslu, frá Reykjavík til Þingvalla, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur, frá Hraungerði að Torfastöðum í Biskupstungum og upp í Hreppa, upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu, svo og frá Eystri-Garðsauka að Hliðarenda. Enn fremur símakerfi í kauptúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, ettir því sem vinnukraftur sá, sem landssíminn hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, lagning og kaup á þeim talsímalínum, er upp eru taldar í 2. og 3. gr. og eigi eru þegar

lagðar eða keyptar af landsjóðs hálfu, þar með taldir aukaþræðir þeir, sem nefndir eru í 2. gr., síðustu málsgrein.

Lagning og kaup framkvæmast eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum landssímastjóra þykir rjett.

Einnig er landsstjórninni heimilt að framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi aðallínum, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri.

Ætið skal þó tilskilið, áður en ráðist er í kaup eða lagning á símalínum, er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hjerað leggi til lagningarkostnaðar hennar eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

Til	19.	liðs	2.	flokks	... ...	4000 kr.
—	20.	—	-	—	... ...	4000 —
—	21.	—	-	—	... ...	3000 —
—	22.| 23.|	—	-	—	... ...	5000 —
—	24.	—	-	—	... ...	5000 --
—	25.	—	-	—	... ..	3000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufjelag eiga hlut að máli um tillag til símalínu, skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skifting á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, eftir nánari ákvörðun landsstjórnarinnar, og í samræmi við gildandi samninga.

7. gr.

Þá er lokið er lagning og kaupum á talsímum og talsímakerfum o. fl. samkvæmt 5. gr., skal kaupa og leggja talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks teljast, og enn fremur aukaþræði í eldri línur eftir því sem nauðsyn krefur, og skal verja tekjuafgangi af rekstri landssímans ár hvert til framkvæmdar á þessu. Að jafnaði skal fjeð til þessara framkvæmda þó veitt á fjárlögum og þar þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi hjeraði.

8. gr.

Til framkvæmda á lagning og kaupum síma og talsímakerfa o. fl., er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landsjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum. Halda skal láni þessu eða lánum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsfjeð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikningnum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til rekstrskostnaðar (sbr. 7. gr.).

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna

eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í reksturskostnaðinum, er útrunninn, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum landsstjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.

Fylgiskjal við þingskj. 187.

Nd. 202. Skýrsla

um samanburð á vörugjaldi samkv. þingskj. 19 og á farmgjaldi (verslunargjaldi) samkv. þingskj. 40.

Tegundir.	Vörusendingar.			Farmgjald Þingskj. 40			Vörugjald Þingskj. 19	
	Þyngd	Verð		Verð		% af	3%	
	Kilo	Kr.	a.	Kr.	a.	verð.	Kr.	a.
1 sending lampar	475	366	»	9	50	2 5/8	10	98
1 do. glervörur	750	230	»	15	»	6 1/2	6	90
1 do. járnvörur	100	100	»	4	»	4	3	»
1 do. 1 tn. fernisolía	210	120	»	4	20	3 1/2	3	60
1 do. 1 — mótorolía	165	30	»	3	30	11	»	90
1 do. gr. leirvörur	1200	90	»	24	»	26 5/8	2	70
1 do. krít	100	3	40	2	»	60	»	10 1/5
1 do. soda	100	4	50	2	»	45	»	13 1/2
Á 1 poka rúgmjöls	100	14	»	»	50	3 5/8	»	42
- 1 — hveiti Alexandra	100	20	»	»	50	2 1/2	»	60
- 1 — bankabygg	100	19	»	»	50	2 3/4	»	57
- 1 — matbaunir	100	21	»	»	50	2 2/5	»	63
- 1 — haframjöls	100	22	»	»	50	2 1/4	»	66
- 1 tn. jarðepli	100	5	»	2	»	40 [1]	»	15
- 1 send. fínni brauðteg.	400	170	»	8	»	4 7/10	5	10
- 1 — smjörlíki (netto 75 kg.)	100	60	»	2	»	3 1/3	1	80
				pr. ton			pr. ton	
- 1 ton kol, smál., venjul. verð				1	»	12 1/2	»	24

Athugas.

1) Í skýrslu B. K. er reiknað 6%.

Alment innkaupsverð á útl. kartöflum er 5 kr. pr. hver 100 kg.

Á venjulegum kaffiteg. jafngildir 3% verðtollur samkv. núverandi innkaupsverði 4 a. á kg., en á sykri rúmum 1 e. á kg.

Ofanskráð skýrsla er reiknuð eftir núverandi innkaupsverði.

Nd. **203. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 20. október 1905 um rithöfundarjett og prentrjett.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Síðasta málsgrein 2. gr. skal vera svo: Sama rjett hefir og höfundur á alls konar myndum og uppdráttum.

Nd. **204. Frumvarp**

til laga um verðlag.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Frá 16. mai 1913 skulu öll gjöld, sem ákveðin eru í landaurum eða álnatali eftir verðlagsskrá, reiknuð til peninga eftir meðalverði í verðlagsskrám þeim, er gilt hafa í hverri sýslu fyrir sig um síðastliðin 10 ár, 1903 — 1913 Við útreikning meðalverðsins skal $^1/_2$ eyrir og stærra brot talinn sem heill, en minna broti skal slept. Stjórnarráðið gefur út hinar nýju verðlagsskrár, og skulu þær prentaðar í A.-deild Stjórnartíðindanna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 6. nóvbr. 1897 um undirbúning verðlagsskrá, og lög 13. septbr. 1901 um viðauka við tjeð lög.

Nd. **205. Frumvarp**

til laga um stimpilgjald.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Þá er skjöl þau, sem um ræðir í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd af embættismanni, sem til þess er bær, á hann að sjá um, að þau sjeu stimpluð, eins og fyrir er mælt í lögum þessum, á kostnað þess manns, sem biður um að skjalið sje útgefið eða afgreitt.

2. gr.

Stjórnarráðið lætur búa til stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig, hvernig haga skuli sölu á

stimpilmerkjum. Sem endurgjald fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu má greiða 2 af hundraði af þeirri upphæð, sem inn kemur við söluna.

Stjórnarráðið hefir heimild til þess að láta búa til pappír með áletruðu stimpilmerki og má nota hann í stað stimpilmerkja.

3. gr.

Engin áhrif hefir það á stimpilskylduna, hvenær eða hvar skjal er útgefið, eða hvar útgefandi á heima. Við útreikning stimpilgjaldsins gilda þessar almennu reglur:

a. Þegar stimpilgjald skal reikna sem hundraðsgjald eftir verðhæð skjalsins, færist það niður í tölu, sem er deilanleg með 5, en má þó eigi vera minna en 10 aurar.

b. Hljóði skjalið um vöru, skal farið eftir almennu verðlagi, þar sem samningar fara fram.

c. Í afsals- og afhendingarskjölum og leigusamningum, sem þinglesin eru, skal ávalt tilfæra kaupverð, leigumála eða andvirðið, sem fyrir rjettindin kemur.

Nú inniheldur stimpilskylt skjal eigi nægilegar upplýsingar um verðmæti skjalsins, og getur valdsmaður þá heimtað af samningsaðilum nákvæmari upplýsingar eða álit þeirra um það, eins og þeir hyggja sannast og rjettast, og afgreiðir hann eigi skjalið fyr en hann hefir fengið þær upplýsingar í þessu efni, er honum þykir nægja.

d. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár, skal þá stimpilgjaldið reiknað af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabilið er ákveðið innan við 25 ár, skal stimpilgjaldið vera af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef greiðsla er áskilin um æfitíð einstaks manns eða fleiri manna, sem eru á lífi, þá er skjalið er gert, eða um annan óákveðinn tíma, skal telja stimpilgjaldið af árgjaldinu fimmföldu; ef árgjaldið er mismunandi, skal taka meðalgjaldið.

II. Um stimpilgjald einstakra skjala.

4. gr.

Með $^1/_2$% af verðhæðinni skal stimpla neðangreind skjöl:

a. *Afsalsbrjef fyrir fasteignum og skipum*, þar með talin afsöl við fógetagjörðir, skifti eða uppboð, svo og öll önnur skjöl um afsal fasteigna og skipa, hvort heldur eru kaupsamningar, makaskiftabrjef, gjafabrjef, próventusamningar eða önnur slík skjöl. Enn fremur erfðafestubrjef, ef þau veita kaupanda rjett til að selja og veðsetja eignina. Ef giftingarvottorð, erfðaskrá eða önnur slík skjöl, eru þinglesin sem heimild fyrir fasteign eða skipi, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema því að eins, að endurgjald sje áskilið til meðerfingja eða annara, því þá skal reikna stimpilgjaldið sem að framan greinir eftir endurgjaldinu.

Að öðru leyti skal reikna stimpilgjaldið fyrir öll slík heimildarskjöl eftir

því kaupverði, sem sett er á eignina í afsalsbrjefinu. Með kaupverðinu skal telja veðskuldir og aðrar kvaðir, sem kaupandi eða rjettþegi tekur að sjer. Föst kúgildi teljast með í kaupinu eða afsalinu, en fylgi því annar fjenaður eða lausafje, og verðhæð þess er sönnuð áður en skjalið er þinglesið, skal ekkert stimpilgjald greiða af því.

Þegar kaupsamningur er þinglesinn, má þinglesa afsalsbrjef til sama kaupanda án þess það sje stimplað á ný. Ef heimildarbrjef er framselt, er það skoðað sem sjerstakt afsalsbrjef og stimplað svo.

b. *Byggingarbrjef og leigusamninga* um fasteignir og skip, eftir þeim reglum, sem segir í 3. gr. d. Ef áskilinn er uppsagnarfrestur til þess, að leigumálar falli niður, álítst samningurinn gerður um óákveðinn tíma. Framsal á slíkum rjettindum skal stimpla eins og segir í staflið a. um framsal heimildarbrjefa.

c. *Skjöl, sem heimila rjett til fiskiveiða, eða veiðirjettindi, leggja ítök, iskyldur eða kvaðir á annars manns fasteign,* ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjald eftir endurgjaldinu. Ef ekkert endurgjald er greitt eða áskilið, skal stimpla skjalið sem yfirlýsingu. Framsal á þessum rjettindum skal stimpla á sama hátt, sem segir í staflið a. um framsal heimildarbrjefa.

d. *Erfðaskrár.* Um leið og látið er tilkynt skiftaráðanda, skal hann grenslast eftir því, hvort erfðaskrá sje til, og ef svo er, gera ráðstafanir til, að hún sje send sjer þegar í stað ásamt öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að ákveða stimpilgjaldið, en það skal gert þannig: gjaldið skal reiknað eftir þeirri upphæð, sem samkvæmt erfðaskránni fellur til arfs, að frádreginni þeirri upphæð, sem að lögum hefði fallið í arf til hvers einstaks erfingja eða gjafþega. Minsta stimpilgjald er þó 2 krónur.

Ákvæði um, að ekkja skuli sitja í óskiftu búi, skal stimpla með 1 kr., ef þau eru sjerstaklega gerð.

Um dánargjafir og gjafarfa gilda sömu reglur sem um erfðaskrár.

Eftirlátnar eigur arfleiðanda skal reikna til stimpilgjalds á sama hátt sem til erfðafjárgjalds. Stimpilgjaldið greiðist einungis einu sinni, eftir þeim erfðaskrár-ákvæðum, sem gilda við andlátið, jafnvel þó þau standi í fleiri skrám en einni. Gjaldið hvílir sameiginlega á öllum erfingjum, einum fyrir alla og öllum fyrir einn, en að öðru leyti hvílir skyldan, nema öðru vísi sje ákveðið í erfðaskránni, á hverjum erfingja út af fyrir sig, hlutfallslega við það, sem honum hlotnast eftir henni, fram yfir þann arf, sem honum hefði borið það lögum. Ef einn eða fleiri menn hafa með erfðaskránni hlotið rjett til að njóta vaxta eða þegið gjafir, skal skiftaráðandi ákveða, hvernig skifta skuli stimpilgjaldi milli þeirra, þó þannig, að sá sem er óánægður með úrskurð hans, getur skotið málinu til stjórnarráðsins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið.

Stimpilgjaldið skal greiða um leið og erfðafjárgjaldið; afsalsbrjef og önnur heimildarbrjef fyrir skipum skal stimpla um leið og skip er skrásett; erfðaskrár, þegar arfleiðandi deyr, en öll önnur skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt þessari grein, um leið og þau eru þinglesin.

5. gr.

Með $^1/_4$% af verðhæðinni skal stimpla þessi skjöl:

a. *Kaupmála* um leið og þeir eru staðfestir, eða þegar staðfestingar þarf eigi, þá þegar þeir eru þinglesnir. Stimpilgjaldið skal reikna eftir verðhæð þess, sem haldið skal utan fjárfjelags af annars eða beggja hálfu.

b. *Fjelagssamninga* um leið og þeir eru staðfestir eða þinglesnir. Gjaldið skal reiknað eftir upphæð alls þess fjár, sem aðilar leggja í fjelagið, en er þó eigi, þegar staðfestingar er leitað, lægra en 10 krónur. Sje fasteign eða skip afhent fjelaginu til eignar og umráða, skal þó reikna stimpilgjaldið $^1/_2$% af verðhæðinni, en þegar svo á stendur, má þó þinglesa samninginn eða skrásetja hann sem eignarheimild án frekari stimpilgjalds. Nú leggur einn aðili fram peningaupphæð eða peningaigildi, en annar persónulega vinnu, og skal þá meta hana jafna peningaframlaginu, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum; sjeu peningaframlög mismunandi, skal telja vinnuna jafna lægsta framlaginu. Nú hljóðar samningur eigi um nein framlög, heldur að eins um persónulega vinnu aðila í einhverjum arðsömum tilgangi, og skal þá stimpla hann með 10 krónum.

Ef aðilar leysa upp fjelag sitt og skjal um það er þinglesið eða skrásett sem heimild fyrir fasteign eða skipi, skal stimpla það sem eignarskjal, ef fasteignin eða skipið fellur til annars en þess, sem eftir stimpluðu heimildarskjali hefir lagt það í fjelagið, ella stimplast skjalið sem yfirlýsing.

c. *Skuldabrjef og veðskuldabrjef*, sem eru þinglesin með tryggingu í fasteign, skipi, eða lausafje, svo og kyrsetningar og aðfarargjörðir, svo framarlega sem fasteign hefir eigi verið lögð út til eignar.

Stimplagjaldið skal reikna eftir upphæð skjalsins. Sje veðrjettur stofnaður fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlast til að tryggja.

d. *Framsal á skjölum þeim*, sem nú voru nefnd undir staflið c, ef framsalið er þinglesið, hvort sem framsalið er ritað á sjálft skjalið eða á sjerstakt skjal. Stimpilgjaldið skal reikna eftir þeirri skuldarupphæð, sem framseld er eða veðrjetti þeim, sem framseldur er.

e. *Yfirfærslu á skyldum skuldunauts til annars*, ef skjalið er þinglesið, jafnvel þó yfirfærslan sje rituð á skjal, sem áður hefir verið stimplað.

Ef stimpilskylt eignar- eða heimildarbrjef skyldar kaupanda til þess að taka að sjer veðskuldir, eða á annan hátt að greiða nokkurn hluta kaupverðsins til seljanda eða þriðja manns, og veðbrjef um þessa skyldu er eigi þinglesið, skal stimpla heimildarbrjefið að þessu leyti sem veðskuldabrjef, en þá má síðar þinglesa veðbrjefið án frekara stimpilgjalds. Nú er kaupsamningur þinglesinn, sem skyldar kaupanda til þess að greiða af kaupverðinu, áður en afsalsbrjef er gert, og skal þá ekkert stimpilgjald greiða, nema samningurinn sje sjerstaklega þinglesinn sem veðbrjef að þessu leyti.

6. gr.

Eftirnefnd skjöl og brjef skal stimpla með föstu gjaldi.

a. *Yfirlýsingar*, sem eru þinglesnar eða skrásettar, þær skal stimpla með einni krónu, ef þær falla ekki undir nein ákvæði, sem nefnd eru að framan.

b. *Borgarabrjef til verslunar* með 10 krónum; borgarabrjef handiðnamanns eða skipstjóra með 5 krónum. Sveinsbrjef með 2 krónum. Málafærslumanns leyfi með 20 krónum.

c. *Leyfisbrjef sem stjórnarráðið* eða *valdsmenn* gefa út, skal stimpla svo sem hjer segir:

Einkaleyfis veitingabrjef með 50 krónum.

Leyfisbrjef sem veita *undanþágu* frá skilyrðum, sem sett eru í einkaleyfisveitingabrjefum með 25. kr. *Vígslubrjef* með 1 kr., önnur leyfisbrjef með 2 kr.

d. *Embættisveitingabrjef* eða sýslanabrjef, sem stjórnarráð, sýslumenn, bæjarstjórnir eða önnur stjórnarvöld veita, stimplast þannig: Ef árslaunin ekki yfirstíga 1000 kr. með 2 krónum, ef launin eru frá 1000 kr. til 2000 kr. með 4 kr., ef þau eru frá 2000 kr. til 3000 kr. með 8 kr., ef þau eru frá 3000 til 4000 kr. með 12 kr., og sjeu þau þar yfir (4000 kr.) með 16 krónum.

e. *Mælingabrjef* skipa frá 12—30 tons með 1 kr., frá 30—100 tons með 2 kr., og sjeu þau þar yfir með 5 kr.

f. *Sáttakærur, fyrirköll, stefnur og innlegg fyrir undirrjetti og prófastsrjetti,* skal stimpla með 50 aurum, um leið og þau eru lögð fram í rjettinn. Útdrætti, afrit og vottorð, sem einstakir menn biðja um úr dómsmálabókum, skiftabókum, uppboðs- eða notarialbókum, veðbókum, skipaskráningarbókum, firmaskránni og vörumerkjaskránni, skal stimpla með 50 aurum. Sama stimpilgjald skal greiða fyrir notarialgerðir og notarial-vottorð, hverskonar sem eru, þar á meðal notarialvottorð um undirskrift, um stefnubirtingu, afsögn á víxli o. s. frv.

Fullkomnar dómsgerðir eða aðrar rjettargerðir in forma fyrir hjeraðsrjetti stimplast með 2 kr. Þingsvitni stimplast með 1 kr. Stimpilfrjáls eru þó þingsvitni, sem tekin eru til þess að öðlast verðlaun fyrir björgun frá druknan, eða þegar slys ber að höndum. Stefna og innlegg til yfirrjettar, skipaðra (commissions) dómstóla og synodalrjettar, stimplast með 2 kr. við framlagninguna. Dómsgerðir frá sömu rjettum með 4 kr.

Í opinberum málum og barnsfaðernismálum greiðist ekkert stimpilgjald. Í gjafsóknarmálum er gjafsóknarhafi undanþeginn því að greiða stimpilgjald bæði við rekstur málsins og fyrir útskriftir þær og vottorð, er hann kann að þurfa til upplýsingar í málinu, en verði hinn málsaðili dæmdur til þess að greiða honum málskostnað, skal hann einnig skyldur til þess að greiða þau stimpilgjöld, er greiða hefði átt, ef málið hefði ekki verið gjafsóknarmál.

g. *Löggiltar verslunarbækur* stimplast með 2 krónum.

h. *Útnefningar utanrjettar* stimplast með 1 krónu.

7. gr.

Öll önnur skjöl en þau, er nú hafa verið nefnd, eru stimpilfrjáls, svo eru og undanþegnar stimpilgjaldi þær bækur, brjef og skuldbindingar, sem um getur í 14. gr. laga nr. 11., 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Þegar skjal, sem þegar er stimplað eftir einhverri af reglum þeim, sem að framan greinir, verður stimpilskylt á ný eftir annari reglu t. a. m. þegar veðskuldabrjef, sem er undirskrifað í viðurvist notarii er afhent til þinglesturs,

þá skal skjalið stimplast að fullu eftir báðum reglum. Hinsvegar er skjal, sem þegar er stimplað við þinglestur þess eða skrásetning, ekki stimpilskylt á ný, þó það eða samrit af því sje þinglesið eða skrásett í öðrum lögsagnarumdæmum, og heldur eigi þó það vegna áteiknunar verði á ný afgreitt af yfirvaldi, nema áteiknun sje framsal eða á annan hátt hafi sjálfstæða stimpilskyldu í för með sjer.

III. Ýms ákvæði.

8. gr.

Þegar skjal, sem er stimpilskylt samkvæmt framanskráðum reglum, er afhent embættismanni, skal hann skýra hlutaðeiganda frá upphæð stimpilgjaldsins, eða ef ekki er hægt að reikna það út, heimta þegar nauðsynlegar upplýsingar í því efni. Skal það vera aðalregla að greiða stimpilgjaldið þegar í stað. Nú er stimpilgjald eigi greitt þegar í stað, og má eigi synja um stimplun skjalsins og afgreiðslu að heldur, ef það getur valdið hlutaðeiganda rjettarmissis eða verulegra óþæginda, og skal þá embættismaður annast um innheimtu stimpilgjaldsins eftir á. Heldur eigi má fresta afgreiðslu skjals af því að embættismaður tortryggir upplýsingar þær, er liggja til grundvallar fyrir verðhæðinni, en þegar svo stendur á, getur hann látið virðingu fram fara af útnefndum mönnum. Meti þeir verðmæti skjalsins að minsta kosti 10% hærra en skýrt var frá, skal sá, er stimpilskyldan hvílir á, borga virðingarkostnaðinn, ella greiðist hann úr landssjóði.

9. gr.

Nú verður það uppvíst, að verðhæð skjals, sem er stimpilskylt, er sett lægri en rjett er, til þess að svíkjast undan gjaldi, eða ósannar skýrslur eru vísvitandi gefnar í sama skyni, og skal þá greiða fult gjald, og auk þess sekt, er sje að minsta kosti fimmfalt hærri en stimpilgjaldið. Sektina ákveður lögreglustjóri með úrskurði, er áfrýja má til yfirrjettar.

Sömu ábyrgð skal sá sæta, sem til þess að komast undan stimpilgjaldi á erfðaskrá, lætur fyrirfarast að leggja hana fram í skiftarjetti við andlát arfleiðanda.

10. gr.

Sektir og ógoldin stimpilgjöld má taka lögtaki. Gjöld þessi hafa sama forgöngurjett, sem önnur gjöld til landsjóðs.

Sá einn svarar til sekta, er gerst hefir sekur í brotinu.

Þegar um einkaskjöl er að ræða, bera þeir ábyrgð á greiðslu stimpilgjaldsins, einn fyrir alla og allir fyrir einn, útgefandi skjalsins, viðtakandi og sá, sem beiðist afgreiðslu hlutaðeigandi stjórnarvalds á því. Þá er um önnur skjöl er að ræða, ber sá ábyrgð á greiðslunni, sem biður um afgreiðslu. Sektirnar renna í landsjóð. Stjórnarráðið getur fært sekt niður eða enda látið hana falla alveg niður, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

11. gr.

Ákvörðunum þeim og úrskurðum, sem yfirvöldin gera um stimpil-

skylduna, má áfrýja til stjórnarráðsins, en þó er eigi að síður heimilt að leggja málið fyrir dómstólana.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 19.. Þau gilda um allar opinberar afgreiðslur, sem stimpilskylda er bundin við, ef afgreiðslu er beiðst eftir þann dag, og stendur þá á sama, hvenær skjalið er gert og samið. Þegar stimpilfrjáls skjöl eru afhent til afgreiðslu vegna framsals eða áteiknana, skal reikna stimpilgjaldið eingöngu eftir framsalinu og áteiknaninni.

Nd. **206. Frumvarp**

til laga um viðauka við 2. gr. laga 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á fengi.

Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson og Jóh. Jóhannesson.

Til 1. janúar 1915 getur stjórnarráðið leyft innflutning vínfanga þeirra, er það telur þurfa til tíðkanlegrar móttökuviðhafnar, er landsstjórnin eða alþingi gengst fyrir.

Ed. **207. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 53, 10. nóvbr. 1905 um viðauka við lög 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Lendingarsjóðsgjald það, sem heimilað er með lögum nr. 53, 10. nóvbr. 1905, má með samþykt ákveða alt að 2 kr. af hverjum hlut eða 2% af hlutarupphæðinni. Hundraðsgjaldið greiðist af skiftum afla, og skal formaðurinn annast greiðslu þess.

Nd. **208. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum frá 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun frá 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Borgarstjóri skal kosinn til 6 ára í senn, af öllum atkvæðisbærum kjós-

endum, sem kosningarrjett eiga til bæjarstjórnar, og hefir hann að launum úr bæjarsjóði 4500 kr. á ári, auk 1500 kr. í skrifstofufje.

2. gr.

Kosning borgarstjóra skal vera leynileg og skal kosningarathöfnin fram fara á sama hátt, sem kosning til alþingis.

3. gr.

Hjer með er úr gildi numin 2. málsgrein 1. gr. laga nr. 86, frá 22. nóv. 1907.

Ed. **209. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar (á þingskj. 151).

Vjer, sem háttvirt deild fól mál þetta til meðferðar, höfum athugað frumvarpið, og erum sammála um, að rjett sje að selja Hafnarfjarðarkaupstað land þetta. Einnig teljum vjer líklegt, að kaupverðið, 52 þús. kr., sje hæfilegt. En vjer álítum, að það eigi að vera almenn og ófrávíkjanleg regla, að eignir sem þessi sjeu eigi seldar fyr en dómkvaddir óvilhallir menn hafa virt þær, og eigi fyrir lægra verð en virðingin segir til. Ennfremur álítum vjer, að stjórnarráðið eigi að kveða á um alla söluskilmála.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Landið má selja fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta, þó þannig, að kaupverðið eigi sje lægra en 52 þús. króna. Landstjórnin kveður á um alla söluskilmála.

Alþingi, 10. ágúst 1912.

Jens Pálsson, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Björn Þorláksson.

Nd. **210. Frumvarp**

til laga um sölu á eggjum eftir þyngd.

Eftir 3. umr. í Ed.

1. gr.

Allir, sem egg selja, hvort heldur framleiðendur eða kaupmenn, skulu selja eggin eftir þyngd, þannig að verðið sje miðað við þyngdina, nema kaupandi og seljandi komi sjer saman um sölu eftir tölu.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum 5 til 50 kr., er renna í landssjóð.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal með fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **211. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóvember 1905.

Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson.

Á eftir orðunum: »200 kr. á ári« komi: án þess rjettur sje til frádráttar gagnvart dvalarsveit eftir 63. gr.

Nd. **212. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sölu á prestsetrinu Presthólum (þingskjal 160).

Frá nefndinni.

Greinin orðist svo:

Landstjórninni veitist heimild til að selja Halldóri prófasti Bjarnarsyni prestsetrið Presthóla í Núpasveit með hjáleigunni Katastöðum fyrir það verð, er óvilhallir, dómkvaddir menn meta, samkvæmt 7. og 8. gr. laga 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, þó eigi undir 4000 kr. Að öðru leyti gilda um sölu þessa ákvæði 3., 13. og 15. gr. fyrgreindra laga.

Nd. **213. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóvember 1905.

Frá Tryggva Bjarnasyni, Ólafi Briem, Sigurði Sigurðssyni.

Greinin orðist þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, hvort heldur er innanlands eða utan, þá kostar framfærslusveit hans dvöl hans þar, lyf og læknishjálp, alt að 150 kr. á ári. Það sem fram yfir er 150 krónur greiðist af landssjóði að $^2/_3$ hlutum, en framfærslusveit að $^1/_3$. Þó greiðir landssjóður aldrei kostnað þenna, nema fyrir 3 þurfalinga úr einu og sama sveitarfjelagi eða bæjarfjelagi.

Nd. **214. Fyrirspurn**

til ráðherra.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Hverjar eru ástæður stjórnarinnar fyrir því að leyfa,

að viðskiftaráðunauturinn þvert ofan í erindisbrjef hans frá 30. júlí 1909 (sbr. brjef stjórnarráðsins til utanríkisráðaneytis Dana frá 17. des. 1909) og skilyrði síðasta þings fyrir fjárveitingunni til hans (sbr. Alþt. 1911, B. I, 272) bæði með blaðamensku og þingmensku fáist við pólitíska starfsemi?

að hann dvelji mánuðum saman hjer á landi við önnur launuð störf, en taki þó á sama tíma full laun sem viðskiftaráðunautur?

að hann gagnstætt reglu þeirri, sem sett er í brjefi stjórnarráðsins frá 9. mars 1910, telji til aukakostnaðar (ferðakostnaðar) dagleg útgjöld, (húsnæði, fæði o. s. frv.), þegar hann »heldur kyrru fyrir heima, þ. e., þar sem dvalið er til nokkurra langframa«?

Nd. **215. Breytingartillögur**

við breytingartillögur við frumvarp til laga um alment verslunargjald á þingskjali 174.

Frá minni hluta tollmálanefndarinnar.

Til vara.

Við 2. tölulið:

Fyrir orðin: Af kornvörum, jarðeplum til enda málsgreinarinnar komi:

Af kornvörum, jarðeplum, gluggagleri, húsapappa, tómum tunnum, þakjárni, smíðajárni, smíðastáli, sápu í tunnum, sóda, leir og glerílátum,

skal þó að eins greiða 25 aura af hverjum 50 kílogr., af steinolíu og kalki 10 aura af hverjum 50 kílogr., af hverri smálest af kolum 1 kr., af hverju teningsfeti af trjávið, hurðum, gluggum og húsalistum 3 aura, hverjum 50 kílogr. af sementi 5 aura og af hverjum 50 kílogr. af alskonar vefnaði, fatnaði og tvinna 3 krónur.

Við 2. málsgrein sama liðs:

Á eftir orðunum: »Af tígulsteinum« komi: salti.

Nd. **216. Nefndarálit**

frá minsta hluta nefndarinnar í málinu: »Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.«

Jeg undirritaður hefi eigi getað orðið meðnefndarmönnum mínum samdóma — hefi hvorki getað felt mig við:

að málinu sje frestað fyrst um sinn, uns sjeð verður, hvað um *sambandsmálið* verður, og þá eigi til meðferðar tekið að nýju, fyr en tjeð mál er til lykta leitt,

né heldur hefi eg getað felt mig við:

að það sje afgreitt með rökstuddri dagskrá, og sje því eigi að þessu sinni afgreitt af Alþingi.

Á hinn bóginn eru það tillögur mínar, að deildin samþykki frumvarpið óbreytt, eins og það var samþykt á Alþinginu 1911.

Ástæður mínar eru — í sem fæstum orðum — þessar:

A. Að í frumvarpinu felast ýmsar rjettarbætur, sem alls *ekki eiga nje mega dragast.*

Skal í þessu tilliti bent á ákvæðin um *kosningarrjett og kjörgengi kvenna,* — sem og um *rýmkun kosningar- og kjörgengis-rjettarins að öðru leyti* (vinnuhjú o. fl.).

Má því *síst* gleyma, að *siðferðislega ábyrgðin,* að því er þjóðfjelagsmálefnin snertir, hvílir á *öllum* meðlimum þjófjelagsins *í sameiningu,* sem fullveðja eru (körlum sem konum, og hverrar stjettar sem eru) — eins og þeim og er *öllum í sameiningu* ætlað, að bera þjóðfélagsbyrðarnar —, og er það því *síst ábyrgðarlaust,* að varna þeim *þess,* að fá neytt siðferðislegra rjettinda sinna, og *því verra,* sem lengur er, — sem og *því ábyrgðarmeira,* sem *tilfinningin,* hvað órjettinn snertir, verður *ríkari,* og hann er, þ. e. órjetturinn, nú þegar orðinn, eigi hvað síst fjölda kvenna hjer á landi, augljós.

Þá er og mjög óheppilegt, og því og viðurhlutamikið, að nýr dráttur verði nú enn á *afnámi konungkjörinna þingmanna.*

Sama er og um fleiri rjettarbætur, sem í frumvarpinu felast.[1])

B. Til þingkosninganna síðustu (1911) var efnt — og aukaþinginu stefnt saman — *eingöngu stjórnarskrármálsins vegna*, og fer því *afar-illa* á því, að þingið kasti frá sjer einmitt því verkinu — og sinni alls eigi — sem því var ætlað að vinna.

Hvað mundi sagt um verkamann, er ráðinn væri til ákveðins starfa, og líkt færi að ráði sínu?

C. Að því er loks snertir það atriðið, sem talið er aðal-ástæðan til þess, að samþykkja ekki frumvarpið, — þ. e. að vafi sje á, og enda litlar líkur til þess, að kgl. staðfesting fáist, þá er — í sem allra-allra fæstum orðum — þessa, þrenns, að geta:

I. Að *alóvíst* er, að kgl. staðfestingar yrði synjað, ef Alþingi, og ráðherra Íslands, sýndu *alvöru* og *festu*, þ. e. samþyktu frumvarpið nú óbreytt.

Miklar líkur þvert á móti, að því er hið gagnstæða snertir, þ. e. alótrúlegt, að frumvarpið yrði eigi staðfest.

Skal í þessu tilliti bent á:

a. *að* Danir (þ. e. danska löggjafarvaldið) hafa, er gefin voru út stöðulögin frá 2. janúar 1871, **viðurkent: að** Ísland hafi »sjerstök landsrjettindi«, sem og, **að** það hafi »sjerstakleg málefni«, — *án þess þeir hafi* (þ. e. Danir) *með einu orði geymt sjer rjett til þess, að hafa nokkur afskifti af þeim*, eða áhrif á þau.

b, *að* þeir hafa og — þ. e. Dana konungur, er af kgl. einveldi gaf Íslendingum stjórnarskrána frá 5. janúar 1874 -- í 1. gr. stjórnarskrárinnar **viðurkent,** *að* í »sjerstaklegu málefnunum« hafi Ísland »löggjöf sína, og stjórn, út af fyrir sig«.

c, *að* þeir hafa þá og, er »ríkisráðsákvæðið« var sett í stjórnarskipunarlögin frá 3. okt. 1903, þar með **viðurkent** — sbr. 61. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874, að því er snertir það, hversu ákvæðunum í stjórnarskránni skuli breytt — að því ákvæði (»ríkisráðsákvæðinu») gæti þá og íslenska löggjafarvaldið breytt, eins og hverju öðru ákvæði stjórnarskrárinnar, ef því svo sýndist.

Hjer ræðir því um **endurtekin loforð** og **viðurkenningar** af Dana hálfu, sem *alls eigi* er ætlandi að þeir — eða rjettara sagt danskir ráðherrar — telji sjer *sæma*, að ráða konungsvaldinu til að *brigða*, sje málstað vorum framfylgt sem vera ber af *einurð* og þá eigi síður af *einlægni*.

Enn fremur má og geta þess — sem dönskum stjórnmálamönnum vitanlega er eigi ókunnugt um —, að þegar alþingi gekk að því, að láta »ríkisráðsákvæðið« standa í stjórnarskipunarlögunum frá 3. okt. 1903 — eigandi þá eigi annars úrkosti, sbr. skilyrði *Alberti's* –, þá var því í álitsskjölum þingsins um málið *berlega* lýst yfir, að í *það*, að alþingi ljet »ríkisráðsákvæðið« standa í frumvarpinu, *mætti*

1) Í sambandi við ofan letrað, þykir mjer þó rjett — þ. e. þótt eg, *alvikanna* vegna, ráði til þess, að frumvarpið sje samþykt alóbreytt — að vísa til breytingartillaga minna við frumvarpið á þinginu 1911 — þeirra, er eigi náðu þá fram að ganga.

Sýna þær, að mjer þykir í sumum greinum farið of skammt — frumvarpið engan veginn svo frjálslegt, sem skyldi.

alls eigi á neinn hátt leggja þann skilning, að dönskum ráðherrum væru á nokkurn hátt nokkur afskifti ætluð eða atkvæði gefið að því er sjermál Íslands snertir.

Sbr. þá og í þessu efni einnig alla framkomu Alþingis Íslendinga fyr og síðar, síðan er stjórnarskráin frá 5. janúar 1874 kom til sögunnar.

II. Þá er og þess að geta, að í »sambandslaga«- eða »millilanda-nefndinni« kom það ljóst fram, að danskir stjórnmálamenn sáu þá alls engin vankvæði á því, að hætt væri að bera sjermál Íslands upp fyrir konungi í ríkisráðinu, þ. e. fjellust á tillögur íslensku nefndarmannanna í því efni.

III. Enn skal þess getið, að úrfelling »ríkisráðsákvæðisins« táknar af hálfu Alþingis **það eitt,** sem alþingi æ hefir fylgt fram, og Danir *lofað* og gengist undir — sbr. hjer að framan — þ. e. táknar það, að dönskum ráðherrum eru **alls engin** áhrif eða afskifti eða atkvæði ætlað, að því er íslensk sjermál snertir.

Á hinn bóginn skiftir það íslensku þjóðina að sjálfsögðu *alls engu,* hvar málin eru borin upp fyrir konungi og undirskrift hans fengin — þ. e. hvort gert er í ríkisráðinu eða einhvers staðar annarsstaðar — *þegar viðurkent er* **og framfylgt í verkinu, að það er ráðherra Íslands einn,** sem um þau á atkvæði, *ásamt konunginum,* alafskiftalaust af hálfu dönsku ráðherranna.

Að lokum skal þess getið, að **því ver** fer og á því, að *hopa* nú undan í máli þessu, þar sem svo heppilega tókst til á alþingi 1911, að *báðir* þingflokkarnir sem þá voru — þ. e. »heimastjórnarmennirnir« engu síður en sjálfstæðisflokkurinn — urðu þá á eitt mál sáttir, að því er hjer um rætt atriði snertir, sem áður hafði þó verið allhart deiluefni þingflokka þessara.

Eða var það að eins til þess að knýja fram þingrof og nýjar þingkosningar, að »heimastjórnar«-flokkurinn hafði þá skoðanaskiftin?

Út á við — þ. e. er til annara þjóðerna er litið — *getur og eigi hjá því farið, að það* **dragi að mun úr áliti þjóðarinnar,** er hún sýnir slíkt **hviklyndi,** — og þá *eigi hvað síst* í augum dönsku þjóðarinnar, og *spilli þá og fyrir,* að því er *sjálfstæðiskröfur* þjóðar vorrar (sambandsmálið) snertir.

En *þar* þó að vísu *síst* á bætandi — *síst* leikur til þess gerandi að draga úr þjóðaráliti voru í öðrum löndum, *eins og nú er komið högum vorum,* — sbr. **afturkippinn,** þreytu-falshjalið og — festuleysið í sjálfstæðisbaráttu vor Íslendinga.

Af framangreindum ástæðum og án þess að fara frekari orðum um málið, verður það því tillaga mín:

að *Alþingi samþykki stjórnarskrárfrumvarpið alóbreytt.*

Alþingi, 12. ágúst 1912.

Skúli Thoroddsen.

Nd. **217. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á Presthólum.

Nefndin hefir athugað skjöl þau, er fylgja beiðni Halldórs prófasts Bjarnarsonar um það að fá keypt prestsetrið Presthóla, og kynt sjer málið í heild sinni eftir föngum.

Neðri deild alþingis hafði þetta mál með höndum á síðasta þingi og sá þá ekki neitt því til fyrirstöðu, að Halldór prófastur fengi jörðina keypta, en sakir vantandi upplýsinga, vjek deildin málinu frá sér með rökstuddri dagskrá, þar sem gert var ráð fyrir, að stjórnin seldi prófasti jörðina, svo framarlega, sem ekkert reyndist með rökum því til fyrirstöðu.

Stjórnin telur sig þó bresta heimild til sölunnar, af því að sýslunefnd lagði á móti sölunni á sínum tíma. Í annan stað þykir Halldóri prófasti jörðin alt of hátt virt í virðingargerð frá 14. sept. 1911, þar sem virðingarverðið er 7200 kr. Hefir prófastur leitt rök að máli sínu í beiðni sinni til alþingis, sem prentuð er með frumv. á þingskjali 160.

Nefndin hefir athugað þetta atriði sjerstaklega og verður að fallast á, að þetta verð sje ærið hátt móts við það, sem aðrar þjóðjarðir þar um slóðir hafa verið seldar. T. d. var Leirhöfn ekki virt á nema 2500 kr., og eru þó jarðir þessar jafnar að hundraðatali að fornu mati. Þegar miðað er við það, að jörðin öll var metin til afgjalds á 120 kr. fyrir utan leigur árið 1908, þá ætti verð jarðarinnar samkvæmt því að vera um 4000 krónur.

Samkvæmt skýrslu prófasts hefir hann varið nærfelt 3500 kr. til þess að bæta jörðina síðustu árin, og virðist ljóst, að jörðin hafi í þessari síðustu virðingargerð verið metin *með* jarðabótum þessum og kemur þessi virðingargerð þá heim við eldri virðingar. Var það og vorkunn, þótt virðingarmennirnir virtu jörðina með öllum jarðabótum, því að í útnefningarbrjefi sýslumanns, dags. 5. ágúst 1911, er svo að orði kveðið, að virða skuli til peningaverðs prestsetrið Presthóla í Presthólahreppi »*með öllum gögnum og gæðum, húsum* og öllu, er fylgir og fylgja ber«. Hjer er þeim ekki boðið að virða jörðina samkvæmt þeim reglum, er lögboðnar eru um sölu kirkjujarða.

Nefndin getur ekki talið neitt því til fyrirstöðu, að Halldór frófastur Bjarnarson fái jörðina keypta, en telur rjettara, að þingið ákveði ekki söluverðið, heldur fari það eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, og sje metið samkvæmt 7. og 8. gr. laga 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða. Þó ræður nefndin til, að jörðin verði ekki seld fyrir minna en 4000 kr. Samkvæmt þessu hefir nefndin gert breytingartillögu við frumvarpið á þingskjali 160, og mælir með því, að frumvarpið nái samþykki deildarinnar þannig breytt.

Neðri deild Alþingis, 12. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson,	Benedikt Sveinsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.

Guðl. Guðmundsson.

Nd. **218. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 27. sept. 1901 um bólusetningar.

Nefndin, sem var skipuð til að athuga þetta mál, hefir fallist á, að nauðsyn beri til að hækka kaup fyrir bólusetningar, sjerstaklega í minni kauptúnum og sveitum. Bólusetningar á þeim stöðum eru yfirleitt erfiðari og kostnaðarsamari en í fjölmennum kauptúnum.

Að þessu leyti felst því nefndin á tillögur frumvarpsins. En á hinn bóginn þykir nefndinni ekki rjett, að kaup fyrir bólusetningar yfirleitt sje misjafnt eftir því, hvort bólan kemur út eða ekki, þar sem það venjulega ekki geti talist á valdi bólusetjara, hvern árangur bólusetningar hafa, enda slík launaaðferð algerlega óþekt við önnur opinber störf hjer á landi.

Nefndin leggur því til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. mgr.: Í stað: »25 aurar« komi: 20 aurar.
2. Við sömu gr. og mgr.: Í stað orðanna: »hafi bólan komið út, en að öðrum kosti 10 aurar« komi: en í minni kauptúnum og sveitum skal borgunin vera 35 aurar.
3. 3. mgr. 1. gr. falli burt.

Neðri deild Alþingis, 12. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Jón Jónsson. Halldór Steinsson, framsögumaður.

Eggert Pálsson, skrifari.

Ósamþykkur breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar, og legg til að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Ólafur Briem.

Nd. **219. Nefndarálit**

um frumv. til laga um stofnun yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

Nefnd sú, er háttv. n. d. vísaði frumv. þessu til, hefir nú athugað málið og leyfir sjer hjer með að láta uppi álit sitt á því á þessa leið.

Út af umræðum þeim, sem um málið urðu við fyrstu umræðu þess í deildinni, ritaði nefndin formanni læknadeildar háskólans, Guðmundi prófessor

Magnússyni, og spurðist fyrir um það, hvort nokkur vankvæði mundu að hans áliti á því, að læknadeildin bætti við sig kennslu í ljósmóðurfræði og hvort það mundi þnrfa að hafa í för með sjer aukningu kenslukrafta í deildinni eða aukin útgjöld til hennar úr landssjóði, og þá hve mikil.

Svar prófessorsins er svo hljóðandi:

Hin háttvirta nefnd, sem neðri deild alþingis hefir kosið í yfirsetukvennaskólamálinu, hefir brjeflega leitað álits míns um það, hvort nokkur vandkvæði sjeu á því, að læknadeild háskólans bæti á sig kenslu í ljósmóðurfræði.

Jeg skal hjer með láta álit mitt uppi, og jafnframt geta þess, að það ber að skoða sem mína eigin skoðun eingöngu, með því að ekki er helmingur deildarkennaranna í bænum, svo að ekki er tækifæri til að bera þetta mál undir deildina.

Jeg get vel fallist á þá skoðun, sem brjef nefndarinnar getur um, að komið hafi fram í neðri deild, að eðlilegast væri, að háskólinn hefði þessa kenslu með höndum, og svo er það t. d. við Kaupmannahafnar háskóla, og sennilegt þykir mjer, að svo verði einnig hjer á landi fyrr eða síðar. En eins og kenslukröftum er nú varið við læknadeildina, sje jeg ekki að nokkur vegur sje til þess að bæta á hana þessari kenslu, án þess að auka þá. Jeg álít að kenslu sje nú ofhlaðið á hina föstu kennara 2 (prófessorana), því að hvor þeirra um sig kennir 3 vísindagreinar; annar (undirritaður) kennir það sem ætlað er *5 kennurum* við Kaupmannahafnarháskóla, hinn það sem 3 er ætlað þar. Jeg hygg þetta, sem að minni vitund á sjer ekki stað við neinn annan háskóla, nægi til að sýna að ekki geti komið til mála að bæta á þessa menn; en annar þeirra kennir yfirsetufræði, og sá hinn sami mundi að sjálfsögðu kenna ljósmæðrum, ef læknadeildin tæki þá kenslu að sjer.

Öðru máli væri að gegna, ef aukið væri við kenslukraftana á þann hátt að bæta við einum kennara, annaðhvort prófessor eða dósent. Hann mundi taka að sjer að kenna 2 vísindagreinar, og kendi þá hver hinna föstu kennara jafnmargar — tvær, í stað þriggja. Það yrði raunar meira en víðast tíðkast við háskóla, en með því móti álít jeg þó að læknadeildin gæti tekið að sjer að kenna ljósmæðrum, að öðrum kosti ekki. Jeg skal geta þess, að jeg skil ekki, að hjá því verði komist til lengdar að auka kenslukrafta við læknadeildina, hvernig svo sem Alþingi nú skipar fyrir um kensluna í ljósmóðurfræði.

Jeg þarf ekki að taka fram, hvern kostnaðarauka þetta úrræði, sem jeg hefi bent á, mundi hafa í för með sjer, því nefndinni er kunnugt um, hver laun eru ætluð prófessorum og dósentum við háskólann.

G. Magnússon
p. t. deildarforseti.

Til
nefndar neðri deildar Alþingis í yfirsetukvennaskólamálinu.

Þar sem nefndin sá sjer ekki fært eins og hagur landssjóðsins er nú — að leggja það til, að fjölgað yrði kennurum í læknadeild háskólans, varð hún að hverfa frá þeirri hugsun, að kensla yfirsetukvenna færi þar fram.

En úr því að kensla yfirsetukvenna verður eigi í bráð lögð til háskólans,

fær nefndin ekki betur sjeð, en að stofnun sjerstaks yfirsetukvennaskóla hjer í Reykjavík sje óumflýjanleg. Landlæknir er ekki að lögum skyldur að hafa á hendi kenslu yfirsetukvenna, og hefir hann lýst því afdráttarlaust yfir við nefndina, að hann vilji ekki hafa slíka kenslu á hendi framvegis, nema skólinn verði stofnaður. Hins vegar mun stofnun skólans leiða til þess, að miklu verður auðveldara að fá efnilegar konur og stúlkur til að læra ljósmóðurfræði, og það — í sambandi við bætt kjör yfirsetukvenna yfirleitt — gerir það að verkum, að ætíð mun nóg af hæfum yfirsetukonum, svo umdæmin þurfa eigi að standa laus, og menn vera í standandi vandræðum eins og nú á sjer stað.

Þá fær nefndin heldur eigi sjeð, að laun þau, sem landlækni eru ætluð fyrir hið vandasama og þýðingarmikla starf að kenna yfirsetukonum landsins, sjeu of hátt sett í frumvarpinu, þegar litið er t. a. m. til þess, hverja borgun aukakennararnir í læknadeild háskólans í augnasjúkdómum, tannsjúkdómum og sjúkdómum í eyrum, nefi og hálsi fá fyrir starfa sinn, sem hvorki er meiri nje þýðingarmeiri en starfi sá, sem landlækni er hjer ætlaður.

Af framan greindum ástæðum ræður því nefndin hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 12. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson. form. og framsögum.	Jón Jónsson.	Eggert Pálsson. skrifari.
Halldór Steinsson.		Ólafur Briem.

Ed. **220. Breytingartillaga**

við frumvarp til viðaukalaga við tolllög fyrir Ísland frá 11. júlí 1911 (þingskj. 169).

Flutningsm.: Steingrímur Jónsson, Stefán Stefánsson og Sigurður Stefánsson.

Við 1. gr.: Fyrir: »2 kr.» komi: 1 kr.

Nd. **221. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um vörugjald.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson frá Vogi

Við 1. gr.

Í stað orðanna: »3 af hundraði af verðhæð vörunnar« komi: 4—6 af

hundraði af verðhæð vörunnar, eftir ákvæðum í fjárlögunum fyrir hvor tvö ár í senn.

Af gjaldi þessu rennur í sveitar- og bæjarsjóði upphæð, er svarar $^1/_4$—$^1/_2$% af verðhæð hinnar aðfluttu vöru, eins og hún er til hundraðsgjalds talin, en $^1/_8$—$^1/_4$ % í sýslusjóði, — hvorttveggja eftir nánari ákvörðunum í fjárlögunum fyrir hvor tvö ár í senn.

En milli sveita- og bæjarsjóða, svo og milli sýslusjóðanna, skiftist gjaldið eftir íbúatölunni, en þó svo, að einn sjötti hluti sveitar- og bæjarsjóða, svo og sýslusjóða, þ. e. þar sem fámennið er mest, fær hluta sinn reiknaðan á þann hátt, að miðað er æ við þriðjungi fleiri íbúa, en þar eru.

Ed. **222. Frumvarp**

til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hjer á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. —— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú.
4. —— Reykjavík — Hafnarfjörður.
5. Innanbæjartalsímakerfi: Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar og Seyðisfjarðar.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði.

Með ofantöldum línum teljast og aukaþræðir, sem vegna aukinna starfa á línum þessum eru lagðir eða hjer eftir verður nauðsynlegt, að lagðir séu á hina eldri stauraraðir þessara lína.

3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. —— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. —— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. —— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.
5. —— Breiðamýri — Húsavík.
6. —— Fagriskógur — Hjalteyri.
7. —— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.

8. Talsímalínan: Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. —— Ísafjörður — Bolungarvík.
10. —— Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. —— Grund — Borgarnes.
12. —— Kalastaðakot — Akranes.
13. —— Hafnarfjörður — Gerðar.
14. —— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. —— Ölfusárbrú — Eystri-Garðsauki.
16. —— Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
17. —— Stykkishólmur — Hjarðarfell.
18. —— Eystri-Garðsauki — Vestmannaeyjar.
19. —— Hjarðarfell — Ólafsvík — Hellissandur.
20. —— Miðey — Vík í Mýrdal.
21. —— Eskifjörður — Norðfjörður.
22. —— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur.
23. —— Djúpivogur — Hornafjörður.
24. Hliðartalsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.
25. Hliðarsími til Hríseyjar.

4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: Til Grenivíkur, Hvammstanga, Skagastrandar og Kálfshamarsvíkur, Kirkjubæjar á Síðu, Grundarfjarðar, Unaóss, og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu, Raufarhafnar, Súgandafjarðar, til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík, til Staðar í Aðalvík um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum, um Barðastrandasýslu, frá Reykjavík til Þingvalla, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur, frá Hraungerði að Torfastöðum í Biskupstungum og upp í Hreppa, upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu, svo og frá Eystri-Garðsauka að Hlíðarenda. Enn fremur símakerfi í kauptúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, ettir því sem vinnukraftur sá, sem landssíminn hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, lagning og kaup á þeim talsímalínum, er upp eru taldar í 2. og 3. gr. og eigi eru þegar lagðar eða keyptar af landsjóðs hálfu, þar með taldir aukaþræðir þeir, sem nefndir eru í 2. gr., síðustu málsgrein.

Lagning og kaup framkvæmast eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum landssímastjóra þykir rjett.

Einnig er landsstjórninni heimilt að framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi aðallínum, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri.

Ætíð skal þó tilskilið, áður en ráðist er í kaup eða lagning á símalínum, er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hjerað leggi til lagningarkostnaðar hennar eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

Til	19. liðs	2. flokks	...	...	4000 kr.
—	20. —	- —	...	...	4000 —
—	21. —	- —	...	...	3000 —
—	22.) 23.) —	- —	...	...	5000 —
—	24. —	- —	...	...	5000 —
—	25. —	- —	...	..	3000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufjelag eiga hlut að máli um tillag til símalínu, skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skifting á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, eftir nánari ákvörðun landsstjórnarinnar, og í samræmi við gildandi samninga.

7. gr.

Þá er lokið er lagning og kaupum á talsímum og talsímakerfum o. fl. samkvæmt 5. gr., skal kaupa og leggja talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks teljast, og enn fremur aukaþræði í eldri línur eftir því sem nauðsyn krefur, og skal verja tekjuafgangi af rekstri landssimans ár hvert til framkvæmdar á þessu. Að jafnaði skal fjeð til þessara framkvæmda þó veitt á fjárlögum, og þar þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi hjeraði.

8. gr.

Til framkvæmda á lagning og kaupum síma og talsímakerfa o. fl., er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landsjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum. Halda skal láni þessu eða lánum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsfjeð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikningnum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til rekstrskostnaðar (sbr. 7. gr.).

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í rekstrskostnaðinum, er útrunninn, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstrsútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum landsstjórnarinnar fyrir hvert einstakt tiltelli.

Upprentun.

Ed. **Frumvarp**

til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að gefa fyrv. landshöfðingja Magnúsi Stephensen, Stkr. af Dbg, Dbm. p. p., Sighvati bankastjóra Bjarnasyni R. af Dbg, báðum til heimilis í Reykjavík, og herra Knud Skjold Philipsen í Kaupmannahöfn einkaleyfi til stofnunar íslensks peningalotteris með skilyrðum þeim, sem nú skal greina:

a. Lotterí hvers árs skiftist í 2 flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 50,000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera nema 6 drættir.

b. Iðgjaldið til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 150 frankar. Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta alt að 2% af iðgjaldinu. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta, þó má eigi skifta í smærri hluta en áttundir.

c. Í hvorum flokki lotterísins eiga vinningarnir að nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutina í flokknum.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykt af ráðherra Íslands, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli, og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi, og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í þeirri mynt, sem ákveðin er í áætluninni.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna að hálfu til einkaleyfishafanna og að hálfu til landssjóðs Íslands.

d. Drættirnir fara opinberlega fram í Kaupmannahöfn, og skal lotteríinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, sem konungur skipar til þess; skulu í henni sitja 6 menn, eigi færri Íslendingar en 3, og skulu að minsta kosti 2 af nefndarmönnum vera löglærðir menn, sem gengir eru í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram, eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með lotteríinu; kostnaðinn af þessu ber lotteríið.

e. Einkaleyfið til að reka lotteríið má veita um alt að því 30 ár frá 1. desember 1912 að telja; þó getur ráðherra Íslands tekið leyfið aftur með eins árs fyrirvara, þegar lotteríið hefir verið rekið í 15 ár frá 1. desember 1912 og löggjafarvaldi Íslands þá þykir ástæða til.

Nú verður leyfið ekki notað innan 1. okt. 1913, og má ráðherra þá veita leyfið öðrum mönnum en þeim, sem nefndir eru í upphafi greinarinnar.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðherra, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi. Leyfishafar fyrirgera rjetti sínum, ef þeir gegna ekki skyldu sinni til greiðslu gjalda

þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til landssjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef tryggingarsjóðnum verður ekki viðhaldið, eða ef reglugerð sú er brotin af þeirra hendi, sem sett verður fyrir lotteríið.

f. Einkaleyfishafarnir skulu greiða landssjóði Íslands gjald, er nemi 4% af iðgjöldunum fyrir hluti þá, sem seljast í hvorum flokki, þó ekki minna en 138000 franka á missiri.

g. Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en lotteríið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða í Landsbanka Íslands, kjósi ráðherra það heldur.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, annaðhvort að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu, er ráðherra Íslands tekur gilda fyrir því, sem á vantar.

Ráðherra Íslands hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir landssjóðs hönd, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til.

Þá skulu leyfishafar og, áður en lotteríið tekur til starfa, setja landssjóði Íslands tryggingu, sem ráðherra tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði landssjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjaldsins.

h. Ráðherra Íslands setur nánari ákvæði um fyrirkomulag lotterísins.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi alt að 1000 heila hluti í lotteríinu, á þann hátt, sem hann kveður nánar á um. Hluti í lotteríinu má ekki selja í Danmörku, nje í nýlendum Danmerkur.

3. gr.

Meðan einkaleyfi það til lotterís, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningalotterí fyrir Ísland, nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til landssjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir lotterí utan Danmerkur og nýlenda hennar, eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd.

223. Nefndarálit

um breytingar á skipun læknishjeraða (þingskj. 42, 48, 99 og 123).

Nefnd sú, er kosin var til að athuga þessi mál, hefir fengið fjögur frumvörp til athugunar, þar sem farið er fram á að stofna þessi fjögur læknishjeruð:

Hnappdælahjerað,
Klofningshjerað,
Eyjafjallahjerað og
Hólshjerað í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Krafan um stofnun þessara læknishjeraða er ekki nýmæli hjer í þinginu, því að þingið í fyrra hafði öll þessi sömu frv. til meðferðar. Þá var einnig kosin nefnd til þess að íhuga málið, og var það skoðun hennar, að rjett væri að taka kröfurnar til greina, þótt þeim yrði ekki sint öllum í senn. Benti nefndin á, að tiltækilegast væri, að bæta við tveimur nýjum læknishjeruðum á fjárhagstímabili, og þótti henni næst liggja að taka fyrst upp Norðfjarðarhjerað og Hnappdælahjerað, en rjeð til, að hin væri látin bíða. Neðri deild samþykti síðan stofnun þessara tveggja nýju hjeraða, en efri deild feldi niður Hnappdælahjerað og við það sat.

Nefndin, sem nú var kosin, lítur líkt á málin, sem hin fyrri nefnd. Annmarkarnir á því að stofna ný læknishjeruð eru einkum tveir: Aukin gjöld úr landssjóði og hitt, að hjeruðin (sum) verða í fámennasta lagi, svo að hætt er við, að illa gangi að fá lækna til að þjóna þeim.

Það er augljóst, að þingið getur ekki orðið við öllum þeim kröfum, er að þessu sinni fyrir liggja, enda mundi það til lítils koma, þar sem sum hin eldri hjeruð eru enn læknislaus, þar á meðal Norðfjarðarhjerað. Nefndin vill þó ekki synja kröfum þessum með öllu, og kemur þá til álita, hver hjeruðin eigi fyrst að koma til greina. Höfum vjer orðið ásáttir um, að einna mest mundi þörfin vera á stofnun *Hnappdælahjeraðs,* og kemur það heim við skoðun neðri deildar á síðasta þingi, eins og fyrr var getið. Hjer hagar svo til, að mjög langt er á milli lækna á þessu svæði, þar sem læknir situr í Borgarnesi á aðra hönd og á hina í Ólafsvík og Stykkishólmi. Er því mjög löng leið og torsótt úr miklum hluta þessa svæðis, einkum Eyjahreppi, Miklaholtshreppi og Kolbeinsstaðahreppi.

Á þessu væri ráðin nokkur bót, ef læknirinn í Mýrahjeraði sæti vestar í hjeraði sínu, en ekki á enda þess, í Borgarnesi. En því hefir ekki fengist breytt, að læknissetrið væri í Borgarnesi, sakir þess, að þar er kauptún, og þykir að því leyti hagkvæmast, að læknir Mýrahjeraðs sitji þar.

Klofningshjerað er vesturhluti Dalasýslu, Fellsströnd, Skarðsströnd og Saurbær og ennfremur Rauðseyjar og Rúfeyjar frá Flateyjarhjeraði. Mannfjöldi í hjeraði þessu mundi verða 6—700 manns. — Af Skarðsströnd og úr Saurbæ er svo löng leið að Búðardal, að nemur dagleið eða meir að sumarlagi og hálfri annari dagleið á vetrum. Þessar sveitir hafa því lítil not læknis í slíkri fjarlægð. Að vísu bætti það dálítið úr skák, ef læknissetrið væri flutt t. d. að Ásgarði, en þá yrði aftur Suður-Dalamönnum mun erfiðara að ná til læknis einkum á vetrum, vegna ánna Fáskrúðar og Ljár, meðan þær eru óbrúaðar. En það mundi einnig sæta andróðri og mótspyrnu að flytja læknissetrið úr kauptúninu og verð-

ur líklega ekki gert. Telur nefndin því rjettmætt, að beiðni Dalamanna um þetta nýja hjerað yrði tekin til greina á næsta þingi.

Eyjafjallahjerað á að ná frá Þverá að vestan austur að Jökulsá á Sólheimasandi. — Helstu ástæðurnar til þess, að óskað er eftir stofnun þessa hjeraðs, eru torfærurnar, *Jökulsá* fyrir þá, er sækja eiga til Mýrdals, og *Þverá* fyrir hina, er sókn eiga til læknisins á Rangárvöllum. Mannfjöldinn í hjeraði þessu mundi verða um 900, og er hann mestur í Landeyjum.

Nú hagar svo til, að vatnið er að þverra í Þverá og leggjast meira í Markarfljót og Affallið, og eru þessi vötn mjög breytileg, svo sem menn vita, svo að það getur leikið á ýmsu, hvort Landeyingum sje hægra að vitja læknis austur undir Eyjafjöll eða upp á Rangárvelli. Í annan stað er gert ráð fyrir að setja dragferju á Þverá ef vatnsmegin hennar vex, og greiðir það fyrir mönnum að ná til læknis á Rangárvöllum.

Eystri hluti hjeraðsins sækir til læknis í Mýrdal, og þar er Jökulsá hinn mesti farartálmi. En líkur eru til, að hún verði brúuð áður langt um líður, og minkar þá stórum nauðsynin á nýjum lækni. — Þótt þingið vildi stofna hjerað þetta nú þegar, þá er hætt við að bið yrði á því, að læknir fengist þangað, að líkindum ekki minni en á brúnni á Jökulsá, og mundi því þýðingarlítið að taka upp þetta hjerað nú.

Nefndin játar, að margt mæli með því, að læknir sje í *Bolungarvík*, eins og farið er fram á í frumvarpi á þingskjali 123 um stofnun *Hólshjeraðs*. Mál þetta var fyrir Alþingi í fyrra, eins og áður var getið, og kannaðist þingið við nauðsyn á því, að læknir sæti í Bolungarvík. Varð sú niðurstaða, að tekið var upp í fjárlög (12. gr. 1.) svofelt ákvæði: »Aðstoðarlæknirinn í Ísafjarðarhjeraði skal sitja í Bolungarvíkurverslunarstað, að því tilskildu, að honum verði greiddar að minsta kosti 600 kr. á ári annarsstaðar að.«

Þetta ákvæði hefir ekki komist til framkvæmda, sem nefndin hefði þó talið æskilegt, til þess að komast hjá að bæta við nýjum lækni (sem óvíst er að fengist næstu árin). Getur nefndin ekki ráðið deildinni til að hverfa frá þessari fyrrgreindu ályktun, er tekin var á síðasta þingi.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, mælir nefndin með því, að frv. á þingskj. 42 um stofnun Hnappdæla-læknishjeraðs, verði samþykt í deildinni, en hin frv., á þingskj. 48, 99 og 123, verði feld í þetta sinn, ef flutningsmenn taka þau eigi aftur.

Neðri deild Alþingis, 10. ágúst 1912.

Halldór Steinsson, formaður.	Benedikt Sveinsson, skrifari og framsögumaður.
Einar Jónsson (með fyrirvara).	Jón Jónsson.

Samdóma um Hnappadalshjerað, en álít minni nauðsyn á hinum — að minsta kosti að sinni.

Jón Ólafsson.

Ed. **224. Lög**

um breytingu á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 11. júlí 1911.

6. gr. 2. málsliður í hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað orðist svo:
Í hafnarnefnd sitja 5 menn, borgarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, 2 bæjarfulltrúar og 2 utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir menn, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar, ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Ed. **225. Frumvarp**

til laga um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt um eina eða fleiri veiðiár innan sýslu, semur hún frumvarp til samþyktar. Skal því næst kveðja til fundar alla búendur, er veiðirjett eiga í þeirri á, sem samþyktinni er ætlað að ná til, eða land eiga að henni, og eiga þeir atkvæðisrjett á þeim fundi. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.
Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og

synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiðiám. Þó má eigi með neinni samþykt raska friðun eggvera, selalátra eða selalagna, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta. Gjaldi þessu jafna sýslunefndir niður á þá, er veiðirjett eiga í á þeirri eða ám, er samþyktin gildir fyrir. Sýslumenn innheimta gjaldið, og fylgir því lögtaksrjettur.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnaðinn við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 100 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **226. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög frá 11. nóvbr. 1899 nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap neinar áfengisveitingar, nje nokkur áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, nema fjelagið fái til þess sjerstakt leyfi lögreglustjóra. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4$% af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli.

2. gr.

Áfengisnautn má ekki eiga sjer stað í veitingahúsum, sem hafa ekki áfengisveitingaleyfi, nje heldur í veitingatjöldum eða á öðrum stöðum, þar sem almennar veitingar fara fram. Lögreglustjóri má þó leyfa áfengisnautn í samsætum einstakra manna, sem haldin eru á slíkum stöðum.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða fjelagsstjórn eða þjónustumenn eða jafnvel neytendur sjálfa 20—1000 kr. sekt. Auk þess er upptækt áfengi það, er finnast kann í vörslum fjelagsins.

Enn fremur má lögreglustjóri banna fjelaginu samkomur, enda sje þá þegar höfðað mál gegn fjelaginu samkvæmt 55. gr. stjórnarskrárinnar.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 10—500 kr.

5. gr.

Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum, og andvirði fyrir upptækt áfengi, renna í sjóð sveitarfjelags þess, þar er brotið er framið.

6. gr.

Með mál eftir lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Uppprentun.

Ed. **Frumvarp**

til viðaukalaga við lög um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898 og við lög 31. júlí 1907 um breytingu á lögum 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland og á tilskipun 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

Flutningsmenn: Jens Pálsson. Steingrímur Jónsson.
Aug. Flygenring. Sig. Eggerz.

Ef maður, sem ekki hefir sjerstaklega verið falin landhelgisgæsla, kemur upp landhelgisbroti af hálfu útlends fiskiskips eða innlends botnvörpuskips, og færir sönnur á brotið, ber honum $^1/_{10}$ hluti af sekt þeirri, er hinum brotlega er gert að greiða, svo og af andvirði fyrir upptæka muni.

Nd. **227. Breytingartillögur**

við frumvarp til siglingalaga.

1. Við 1. gr.

Fyrri hluti greinarinnar orðist svo:

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og, að $^2/_3$ hlutum minst, er eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku, eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar.

2. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Halda skal opinbera skrá yfir íslensk skip, samkvæmt lögum um skrásetning.

3. Við 3. gr.

Orðin: »Sjeu útgerðarmenn fleiri« flytjist fram fyrir orðin: »ræður heimili útgerðarstjóra«.

4. Við 4. gr.

Greinin orðist svo:

Skip er óbætandi:

1. er engri viðgerð á því verður við komið,
2. er ekki verður gert við það, þar sem það er, eða á neinum þeim stað, er það verður flutt á,
3. er skipið er ekki talið þess vert, að við það sje gert.

Skulu öll þessi atriði sönnuð með löglegri skoðunargerð.

5. Við 5. gr.

a) Fyrir: »yfir«, í 1. línu, komi: á.
b) Á eftir orðinu: »sjólánsveð« í síðari málsgr., komi: samanb. 7. kap.
c) Fyrir: »þessum ákvörðunum«, í enda greinarinnar, komi: þessu ákvæði.

6. Við 9. gr. Fyrri málsgrein —

Í stað orðanna: »rjettindi yfir«, komi: rjettindi í.

7. Við 19. gr.

Aftan við greinina bætist:

Nú á hann hálft skipið eða meira, og getur dómari þá svift hann stöðunni, ef hluthafi krefst og dómari finnur nægar sakir til, og skipað annan útgerðarstjóra til bráðabirgða.

8. Við 21. gr.

Fyrri hluti síðari málsgreinar orðist svo:

Nú mótmælir einhver reikningum útgerðarstjóra og er þó ekki um misreikning eða svík að ræða, þá skal framfylgja mótmælunum o. s. frv.

9. Við 27. gr.

Bætist inn í, á eftir tölulið 1, nýr liður sem verður 2. liður:

»Ef útgerðarstjóra er vikið frá með dómsúrskurði samkvæmt 19. gr.« og breytist liðatalan samkvæmt því.

10. Við 29. gr.

Aftan við greinina bætist:

Greini menn á um skipstjórakaup, er heimilt að leita dómsúrskurðar.

11. Við 31. gr.

a) Orðið: »*Það*« í fyrstu línu falli burt,
b) í stað orðanna: »*sje hafin*«, í sömu línu, komi: er byrjað.
c) í stað orðsins: »*refli*« í 2. línu síðari málsgreinar, komi: refti, og alstaðar þar sem þetta orð er viðhaft breytist það á sama hátt,
d) í stað orðsins: »*verði*« í 3. línu sömu málsgreinar, komi: sje.

12. Við 36. gr.

a) í stað orðanna: »hraðað að«, komi: hraðað eftir.
b) fyrir: »*brautför*«, í 2. línu, komi: brottför.
c) fyrir: »*dvelja*«, í 3. línu, komi: tefja.

13. Við 36. gr.

Aftan við greinina bætist: nema til þess að bjarga mönnum úr sjávarháska, en ekki má tefja skipið til að bjarga öðrum skipum eða fjármunum, ef skipinu er stofnað með því í nokkurn háska, eða af því stafa veruleg óþægindi fyrir útgerðarmann eða aðra menn, og sje skipstjóra skylt að annast hagsmuni þeirra.

14. Við 37. gr.

a) fyrir orðið »meiðst« í næst síðustu línu, komi: laskast, og skal alstaðar það orð koma í stað hins þar sem átt er við skemd á skipi.
b) fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar »það verður fyrst gert«, komi: því verður fyrst við komið.

15. Við 40. gr.

Upphaf greinarinnar: »Leiðarbók« — og út að »gufuskipa«, falli burt, en í þess stað komi: Öll skip sem fara milli landa, skulu halda leiðarbók. Skip sem eru við fiskveiðar, flutning eða annað hjer við land, þurfa ekki að halda leiðarbók, en sjeu þau yfir 30 tons að rúmmáli, skulu þau halda dagbók.

16. Við 41. gr.

Í fyrri málsgrein falli burt: »og á fiskiveiðum«.

17. Við 42. gr.

Síðasta málsgrein falli burtu, en í hennar stað komi ný málsgrein: Í dagbók skal rita greinilega frásögn um ferð skipsins, og skal, auk veðráttu, skýrt frá öllum þeim atvikum, er verulega þýðingu hafa fyrir ferðalagið, eða á einn eða annan hátt geta snert hagsmuni útgerðamanna, eiganda farms eða vátryggjendur. Sje skipið við fiskveiðar, skal ennfremur greina daglega frá öllu því markverðasta, er snertir fiskveiðarnar, svo sem hvar skipið fiskar og hvernig aflast, dýpi, botnlag o. s. frv. Halda skal leiðarreikning hvenær sem þörf krefur.

18. Við 43. gr.
Orðið »til« í 2. línu falli burt.

19. Við 46. gr.
a) Fyrir orðið »Lestist« í upphafi greinarinnar, komi: Laskist.
b) Fyrir »dvelja«, í sömu línu, komi: teſja.
c) Í stað orðanna »koma fram för sinni«, í niðurlagi fyrstu málsgreinar, komi: halda áfram för sinni.
d) Í stað orðanna »verður að ryðja«, í 3. línu 2. málsgreinar, komi: ryðja verður.

20. Við 47. gr.
Í stað orðanna »Hvar þar sem«, í upphafi greinarinnar, komi: Ef.

21. Við 55. gr.
Á eftir orðunum »sbr. 46. gr.«, bætist inn í: og eigi sje auðið að ná til útgerðarmanns.

22. Við 64. gr.
Í stað niðurlagsins í síðari málsgrein: »ætla megi, að hvorki« o. s. frv., komi: Að frá hans hendi hafi hvorki skort næga athygli nje eftirlit.

23. Við 65. gr.
a) Í stað orðsins »entri«, í fyrstu línu, komi: lokinni.
b) Fyrir »fartakanda«, í síðari málsgrein, komi: leigutaka.

24. Við 66. gr.
Aftan við fyrri málsgrein bætist: Nú á hann meira en hálft skip, og má þá dómari víkja honum frá, ef hluthafi skips krefst og nægar sakir eru til.

25. Við 67. gr.
Orðið »sem«, í 3. og 8. línu falli burtu.

26. Við 68. gr.
a) Á eftir orðinu »þess« í 2. línu, komi: tíma.
b) Í stað orðsins »meiðingar«, 2. málsgrein, komi: skemda.

27. Við 70. gr.
Í stað orðsins »veik« í 3. og 4. línu, fyrri málsgreinar, komi: vjek.

28. Við 75. gr.
Í stað »12 tonn«, í fyrstu línu komi: 15. tonn.

29. Á eftir orðunum »goldið kaup hans« í fyrstu málsgrein, komi: t. d. hlutur í afla.

30. Við 86. gr.
Í stað síðasta orðs greinarinnar »áhættu«, komi: áhættulaust.

31. Við 91. gr.
Í stað orðsins »fæðis« í 3. línu að neðan, komi: fæðiskostnaður.

32. Við 96. gr.
Í stað orðsins »meiðsla«, í 2. línu, komi: skemda.

33. Við 97. gr.
Fyrir orðið »ráðningarmála« í 3. línu, komi: ráðningarsamning.

34. Við 103. gr.
Fyrir orðið »lestist« í 5. línu, komi: laskast.

35. Við 109. gr.
Fyrir orðið »fengið« í 2. línu 1. málsgreinar, komi: sent.

36. Við sjötta kapítula.
Fyrirsögnin »Um fartekju« breytist í: Um skipsleigu.

37. Við 114. gr.
Í stað fyrsta orðsins »Farmsamning«, komi: Skipsleigusamning og skal alstaðar nota það orð í stað hins í eftirfarandi greinum.

38. Við 115. gr.
Í stað orðanna »fartakandi« og »farseljandi«, komi: leigutaki og leigusali, og skulu þau orð koma í stað hinna þar sem þau koma fyrir í eftirfarandi greinum.

39. Við 124. gr.
Framan við greinina bætist:
Ef ekki er samið um tölu biðdaga, skal telja þá eftir nettótonnatali skips svo sem hjer segir:

Þegar skip er ekki						tonn	seglskip		gufuskip	
meira en		20	en minna en			20	2	daga	2	daga
—	—	35	—	—	—	35	3	—	2	—
—	—	50	—	—	—	50	4	—	2	—
—	—	100	—	—	—	100	6	—		
—	—	150	—	—	—	150	7	—	3	—
—	—	200	—	—	—	200	8	—		
—	—	250	—	—	—	250	9	—		
—	—	300	—	—	—	300	10	—	4	—
—	—	400	—	—	—	400	11	—		
—	—	500	—	—	—	500	12	—	5	—
—	—	600	—	—	—	600	13	—		
—	—	750	—	—	—	750	14	—	6	—
—	—	900	—	—	—	900	15	—		
—	—	1100	—	—	—	1100	16	—	7	—
—	—	1350	—	—	—	1350	17	—	8	—
—	—	1650	—	—	—	1650	18	—	9	—
—	—	1650	—	—	—	2000	19	—	10	—

Ef skip er meira en 2000 tonn, hvort sem er seglskip eða gufuskip, skal auka einnm degi fyrir hver 400 tonn, sem af ganga eða minna o. s. frv.

40. Við sömu grein.

Fyrir »af því skipið tálmaði«, komi: sakir veðurs eða tálmana frá skipsins hálfu.

41. Við 125. gr.

Á eftir orðinu »farmbrjefinu«, í síðustu línu, komi innan sviga (Konnossement).

42. Við 128. gr.

a) fyrir »Er« í 2. línu, komi: Sje.

b) — »Verður« í sömu línu, komi: verði.

43. Við 129. gr.

Orðið »sem« í næst síðustu línu falli burt.

44. Við 130. gr.

a) Fyrir orðin »við það« í 3. línu, komi: með því.

b) Fyrir »sem« í 1. línu 2. málsgreinar, komi: er.

45. Við 132. gr.

Fyrir »rift« í upphafi greinarinnar, komi: riftað, og skal það orð koma í stað hins, þar sem það annarstaðar kemur fyrir.

46. Við 135. gr.

Fyrir »numin« í síðustu línu, komi: dregin.

47. Við 137. gr.

Í fyrstu línu 2. málsgreinar, eftir orðunum »gaf það« og í 2. línu sömu málsgreinar á eftir »var gefið«, komi: út.

48. Við 141. gr.

Í stað orðsins »skipsmorð« í 2. línu, komi: skipshlið.

49. Við 143. gr.

Orðið »sem« í 2. línu falli burt.

50. Við 146. gr.

a) Fyrir »skírteinisins« í 4. línu að neðan, komi: farmbrjefsins.

b) Fyrir »önnur« í síðustn línu, komi: hin.

51. Við 149. gr.

Í stað orðsins »biðaukagjald« í 3. málsgrein, komi: aukabiðgjald.

52. Við 150. gr.

a) Í stað orðsins »sæi« í naestsíðustu línu, komi: hafi sjeð.

b) Í stað orðsins »almennu« í síðustu línu, komi: alment.

53. Við 152. gr.

Í stað orðsins »fermt« í fyrstu línu, komi: flutt á skip.

54. Við 161. gr.

a) Orðið »sem« í 3. línu falli burt.
b) Fyrir orðin »ferma af« í síðustu línu 1. málsgreinar, komi: afferma.
c) Fyrir »Er« í 2. línu 2. málsgreinar, komi: »Sje«.
d) Fyrir »Verður« í sömu línu, komi: verði.

55. Við 167. gr.

Í stað »hefir skipstjóri« í 4—5 línu, komi: skiptjóri hefir.

56. Við 168. gr.

Í stað »vöru hans sje affermt« í næstsíðustu línu, komi: vara hans sje affermd.

57. Við 170. gr.

a) Í stað »öðrum hluta« í 3. línu, komi: annari málsgrein.
b) Í stað »vöru affermt« í 4. línu að neðan, komi: vara affermd.

58. Við 171. gr.

Í stað »afhending góss« í 1.—2. línu, komi: afhending á góssi.

59. Við sjöunda kapítula.

Aftan við fyrirsögnina »Um sjólán«, komi innan sviga: (Bodmeri).

60. Við 182. gr,

Í stað orðsins »lögmælt« í 2. línu, komi: lögmætt, og breytist orðið á sama hátt í eftirfarandi greinum.

61. Við 183. gr.

Í stað orðsins »væru« í síðustu línu, komi: sjeu.

62. Við 185. gr.

Orðið »óheimilt« í 3. línu 2. málsgreinar falli burt.

63. Við sömu grein.

Á eftir orðunum, í sömu línu, »af venjulegri leið«, komi: og ekki til að bjarga mönnum í sjávarháska.

64. Við 187. gr.

Í stað orðanna »af báðum« í 3. línu, komi: bæði af.

65. Við 188. gr.

Orðið »sem« í fyrstu línu falli burt.

66. Við 190. gr.

a) Orðin »sem« í 1. og 2. línu á eftir orðinu »þegar« falli burt.
b) Fyrir »almennu« í 3. línu síðari málsgreinar, komi: opinberu.
c) Fyrir »má ætla« í 4. línu sömu málsgreinar, komi: ætla má.
d) Orðið »má« í 6. línu sömu málsgreinar falli burt.

67. Við 192. gr.

Í stað orðanna »svo og hvað það« í 3. línu, komi: svo og sjerhvað.

68. Við 193. gr.

Orðið »við« í 2. málsgrein, síðustu línu, falli burt.

69. Við 198. gr.

Fyrir orðið »væri« í fyrstu línu, komi: sje.

70. Við 203. gr.

Í stað orðsins »farið« í 4. og 6. línu, komi: verið í förum, á báðum stöðunum.

71. Við 209. gr.

Í 2. línu að neðan milli orðanna »sem sparast«, komi: kynnu að hafa.

72. Við 213. gr.

Í stað orðsins »þátt« í 1. línu, komi: hlut.

73. Við 215. gr.

Í stað orðanna »eiga hlut«, komi: taka þátt.

74. Við 219. gr.

Í stað orðsins »sjótjónsmatið«, komi: sjótjónsniðurjöfnunin.

75 Við 222. gr.

a) Í stað orðanna »sem í ábyrgð er« í 2. línu, komi: sem er í ábyrgð.
b) Orðið »til« í síðustu línu falli burt.

76. Við 223. gr.

Fyrir orðið »sje« í 2. línu, komi: er.

77. Við 226. gr.

Fyrir »væri« í 2. línu komi: sjeu.

78. Við 231. gr.

Síðasta málsgrein falli burt.

79. Við 232. gr.

Í stað orðanna »áður mánuður er liðinn frá því björgun var lokið«, komi: áður 3 mánuðir sjeu liðnir frá því samningurinn var gerður.

80. Við Ellefta kapítula.

Í stað orðsins »sjóveð« í fyrirsögninni, komi: sjóveðrjettur, og skal jafnan nota það orð í stað hins í þessum kapítula.

81. Við 244. gr.

Fyrir »kostnað« í 2. línu 3. liðs, komi: fyrir hönd.

82. Við 245. gr.

Fyrir »hönd« í fyrstu línu, komi: hendur.

83. Við 246. gr.

a) Fyrir »sjóveðeiganda«, í fyrstu línu, komi: sjóveðhafa.
b) Fyrir síðustu setningu: »skal — veðsins«, komi: skal ekki heldur koma hjer í stað veðsins.

84. Við 254. gr.

Í stað orðsins »órækir«, komi: vanræki.

85. Við 255. gr.

Fyrir »alt að« í síðustu línu fyrri málsgreinar, komi: 10 til.

86. Við 256. gr.

Fyrir »alt að«, í síðustu línu, komi: komi 10 til.

87. Við 257. gr.

Fyrir »alt að« í næst síðustu línu, komi: 10 til.

88. Við 260. gr.

Fyrir »lætur« í upphafi greinarinnar, komi: leggur.

89. Við 262. gr.

Fyrir »alt að« í síðustu línu, komi: 5 til.

90. Við 265. gr.

Fyrir »alt að« í 1. og 2. línu, komi: 5 til.

91. Við 270. gr.

Fyrir »alt að« í 3. línu, komi: 25 til.

92. Við 271. gr.

Fyrir »alt að« í 3. línu, komi: 10 til.

93. Við 273. gr.

Í stað orðanna »forgöngumönnum eða foringjum, komi: forgöngumenn eða foringjar.

94. Við 275. gr.

Fyrir »alt að« í 2. línu, komi: 10 til.

95. Við 276. gr.

Fyrir »alt að«, í síðustu línu, komi: 5 til.

Ed.

228. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um þingfararkaup.

Frá minni hlutanum.

Minni hlutinn hefir ekki getað orðið samferða nefndinni í því, að rjett sje að hækka dagpeninga þingmanna nú. Telur minni hlutinn dagpeningana að vísu lága og er sammála nefndinni um, að peningar sjeu nú í langtum lægra verði, en þegar kaup þetta var upprunalega ákveðið. En sama má segja um laun ýmsra annara manna, er vinna í þarfir þess opinbera. Þau eru miðuð við eldri tíma og annað verðgildi peninga. Og þó samkvæmt því mætti telja rjett að hækka þau einnig, þá er fjárhag vorum þannig varið og almenningsálitið þannig vaxið, að þingið hefir hingað til ekki sjeð sjer fært að gera breytingu í þá átt. En ef þingið nú hækkar sín eigin laun með tilliti til verðlækkunar peninga, þá virðist brautin opnuð að því að taka tillit til verðlækkunar þessarar einnig á öðrum sviðum; en slíkt verð jeg að telja mjög athugavert, sjerstaklega þegar fjárhag þjóðarinnar er eins farið og nú á sjer stað. Þess ber og að gæta, að engin brýn nauðsyn rekur til að hækka dagpeninga þessa, því það tel jeg eins brýna nauðsyn til hækkunar þessarar, ef segja mætti með rjettu, að kaup þingmanna væri svo lítið, að nýtir menn með þjóðinni þess vegna sæju sjer ekki fært að taka þátt í löggjafarstarfinu. Að því sje hjer að skifta, mun engin láta sjer detta í hug, þegar lítið er á, hvað þingmenskan er sótt með miklu kappi. Hjá sumum öðrum þjóðum taka þingmenn ekkert kaup fyrir starfa sinn. Um slíkt getur auðvitað ekki verið að ræða hjer sakir fátæktar vorrar. En hitt virðist mjer álitamál, hvort rjett sje að hafa kaupið hærra en svo, að þingmenn geti dvalið hjer sjer að kostnaðarlausu, og auk þess haft mann í sinn stað, til að gegna störfum sínum heima fyrir. Meiri hluti nefndarinnar er nú, að því er mjer virðist, kominn að þeirri niðurstöðu, að núverandi dagpeningar hrökkvi fyrir þessum kostnaði, og virðist mjer það bending í þá átt, að ekki sje ástæða til að hækka dagpeningana. En sjerstaklega legg jeg áherslu á, að eins og horfur eru óvissar um að bætt verði úr fjárhag landsins á þessu þingi, sje það illa tilfallið að þingmenn auki dagpeninga sína. Lít svo á, að þingið, sem hefir skattaálögu- og fjárveitingavald þjóðarinnar í hendi sinni, verði að sýna ósjerplægni í þeim fjármálum, er snerta það sjerstaklega. Samkvæmt þessu leyfi jeg mjer að koma fram með eftirfylgjandi:

BREYTINGARTILLÖGU.

1. gr. falli burt.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 12. ágúst 1912.

Sig. Eggerz.

Nd.

229. Frumvarp

l laga um verðtoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum vörum, er flytjast til Íslands frá útlöndum, hvort heldur verzlnarvörum eða öðrum vörum, skal viðtakandi greiða gjald í landssjóð, 3 af undraði af verðhæð vörunnar.

Undanþegið verðtolli er, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til ndsins, vanalegur farangur ferðamanna og bækur og blöð.

2. gr.

Tollinn skal ákveða eftir kaupreikningi (faktura), er ávallt fylgi vörundingu hverri, enda sje höfð hliðsjón af vöruskrá skips, tilvísunarbrjefum og örum skipsskjölum, og viðtakandi skyldur að láta tollheimtumanni í tje drengkapar- og samviskuvottorð um vöruna. Tollheimtumanni er heimilt að skoða erslunarbækur viðtakanda.

3. gr.

Nú fylgir kaupreikningur ekki vörusendingu eða vöru er ekki getið í aupreikningi, og skal þá tolldheimtumaður eða umboðsmaður hans kyrsetja þruna á kostnað viðtakanda þangað til kaupreikningur er sýndur, nema því eins að viðtakandi setji tryggingu, sem tollheimtumaður telur nægja.

Nú kemur kaupreikningur ekki fram, enda viðtakanda ekki sök á því fandi, og metur tollheimtumaður þá vöruna til verðs, nema viðtakandi æski ats á venjulegan hátt.

Sanni viðtakandi eftir á, að matsverðið sje of hátt, skal endurgreiða num toll af mismun matverðs og sannverðs.

4. gr.

Nú þykir verð á vöru óeðlilega lágt, og skal þá meta vöruna á sama lt og segir í 3. gr.

Nú reynist verð í kaupreikningi sett of lágt í undandráttarskyni, og greiðir ðtakandi þá þrefaldan toll af upphæð þeirri, er reynt var að draga undan.

5. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um tollheimtuna, og má það meðal nars ákveða, að póstmenn hafi á hendi tollheimtu og reikningsskil fyrir ll af vörum þeim, sem sendar eru sem póstsendingar.

Stjórnarráðið löggildir umboðsmenn tollheimtumönnum til handa, og al þess gætt, að þeir fáist ekki við verslun. Stjórnarráðið setur umboðsönnum erindisbrjef, og skal meðal annars tiltekið í því, hver þóknun þeirra , en hún má vera alt að 1% af tolli þeim, er þeir innheimta. Umboðsennirnir skulu vinna skriflega eið að sýslan sinni, og sæta ábyrgð samkv. kap. hegningarlaganna fyrir brot á starfskyldum sínum.

6. gr.

Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna svo sem til er tekið í lögum nr. 54, 11. júlí 1911, að svo miklu leyti sem þau eiga við, og um skil fyrir henni eftir reglugjörð 13. febr. 1872 um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi.

7. gr.

Nú sýnir viðtakandi eigi kaupreikning, og er það sjálfrátt eða verð reynist of lágt sett í undandráttarskyni, og sætir viðtakandi þá, auk áður nefndra viðurlaga, alt að 1000 kr. sekt.

8. gr.

Brot á lögunum sæta meðferð almennra lögreglumála og sektir renna í landssjóð.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til ársloka 1915.

Ed. **230. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um samþyktir um mótak.

Frá nefndinni.

Við 2. gr. í stað orðanna í 7. línu: »og mótak eiga eða umráð hafa yfir mótaki«, komi: enda eigi þeir mótak eða hafi umráð yfir mótaki.

Ed. **231. Frumvarp**

til laga um samþyktir um mótak.

Eftir 2. umr. í Ed.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um mótak fyrir hvern hrepp innan sýslu, þar sem hreppsnefnd óskar þess, til að koma í veg fyrir landsspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mótaks og hættu af mógröfum.

2. gr.

Nú vilja mótakseigendur í einhverjum hreppi koma þar á samþykt um mótak, og hreppsnefndin vill styðja það, þá skal hún leggja frumvarp til samþyktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar, og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppi þeim, er samþyktin á að gilda fyrir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum og mótak eiga, eða umráð hafa yfir mótaki. Oddviti sýslunefndar, eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og fundarstað, og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir frá 5–50 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **232. Nefndarálit**

um frumvarp til yfirsetukvennalaga (þingskj. 78).

Eftir að vjer, sem háttv. n. d. kaus í nefnd til þess að athuga framangreint frumvarp, höfum rætt það allrækilega á fundum vorum, kynt oss af málsskjölunum meðferð þess í háttv. e. d. og yfirfarið hinar ítarlegu skýrslur, og álitsskjöl, sem landlæknir hefir látið því fylgja, og auk þess leitað munnlegrar umsagnar hans, þá leyfum vjer oss hjer með að láta uppi álit vort.

Vjer erum sammála háttv. e. d. um það, að umkvartanir þær, sem á seinni árum hafa borist til þingsins frá því nær öllum yfirsetukonum landsins yfir launakjörum þeim, sem þær nú eigi við að búa, eigi við allmikil rök að styðjast.

Teljum við þess vegna ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að lágmark þeirrar borgunar, sem yfirsetukonum er ætluð fyrir að taka á móti barni, sje hækkað eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, úr 3 kr. upp í 5 kr. og hins vegar, að föstu laununum verði eitthvað þokað upp frá því sem nú er, þótt í þeim sökum verði sjerstaklega allrar varúðar að gæta. -- Ber í þeim efnum einkum á það að líta, að eigi sje of þyngt sýslu- og bæjarsjóðum, sem vitanlega hafa í mörg horn að líta, en tekjur litlar sem engar aðrar en þær, sem eiga rót sína að rekja til hins afar óvinsæla, og í mörgum tilfellum mjög svo rangláta niðurjöfnunargjalds. Og það því fremur verður að teljast nauðsynlegt að viðhafa hjer alla varkárni sem umsagnar eða álita sýslunefndar og bæjarstjórna, sem eiga að sjá um greiðslu launanna, hefir ekki fyrirfram verið leitað um málið. Auk þess ber í þessu sambandi að líta á það, að þótt starf það, sem hjer um ræðir, sje bæði virðingarvert og vandasamt, þá útheimtir undirbúningurinn undir það að jafnaði stuttan tíma og lítið sem ekkert fjárframlag af hálfu þeirra, sem það ætla að takast á hendur. En þetta hvorttveggja, tímalengdin og kostnaðurinn, sem útheimist til undirbúnings einhverju starfi, virðist oss sem hljóti að ráða miklu um, hver laun eru fyrir það ákveðin.

Það má nú að vísu segja, að til þessa hvorstveggja, hins veika gjaldþols sýslusjóðanna og hins kostnaðarlitla undirbúnings, sem starfið að jafnaði útheimtir, sje meir en nægilegt tillit tekið í frumvarpinu, að því er lágmark launanna snertir, þar sem það er ákveðið eins og áður að eins 60 kr. En þess er líka hins vegar að gæta, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir svo mikilli aukningu á hinum föstu launum í hinum fjölmennari umdæmum, að hækkunin yfirleitt, þrátt fyrir það þó lágmarkið sje ekki hærra, verður talsvert tilfinnanlegur útgjaldaauki fyrir sýslusjóðina, og launin í fjölmennari umdæmunum í litlu samræmi við tíma þann og tilkostnað, sem undirbúningurinn undir starfið hefir kostað.

Þessi mikli mismunur, sem kemur þannig fram í frumvarpinu á launum yfirsetukvennanna innbyrðis, virðist oss að þurfi einhverrar lagfæringar við. Því þótt vjer viljum ekki setja oss algjört upp á móti þeirri stefnu, sem kemur fram í frumvarpinu, að taka tillit til fólksfjöldans í umdæmunum og miða föstu launin að einhverju leyti við hann, þá þykir oss þó ekki rjett að láta hækkun þeirra ná að eins til þeirra yfirsetukvenna, er hafa svo og svo margt fólk í umdæmum sínum, en sinna eigi að neinu kröfum hinna. Því það, að gera svo mikinn mun yfirsetukvenna, eins og frumvarpið ætlast til, að föst laun hinna hæstlaunuðu verði meiri en 8 sinnum hærri en hinna lægst launuðu, er óeðlilegt, ekki að eins með tilliti til þess að sömu þekkingarinnar er af þeim, því nær öllum, krafist, og

allar jafnt staðbundnar, heldur líka vegna þess, að það stríðir á móti þeirri stefnu, sem ráðandi er í öðrum efnum, að láta hin föstu laun starfsmanna innan sömu stjettar vera sem jöfnust, auk þess sem aukatekjurnar hljóta að vera að sjálfsögðu þeim mun drýgri sem fólksfjöldinn er meiri.

Þykir oss því sönnu nær, að lágmark launanna sje hækkað frá því sem nú er, úr 60 kr. upp í 70 kr., og að eins 5 kr. hækkun komi til við hverja 5 tugi sem eru yfir 300 manns, í stað 10 kr. hækkunar við hverja 5 tugi, sem eru yfir 200, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Mundi slík ákvörðun, að vorri ætlun, ekki að eins verða vinsælli en ákvæði frumvarpsins hjá gjaldendunum, þar sem hún lækkaði útgjöld sýslu- og bæjarsjóðanna í þessum efnum úr 19960 kr. niður í 17305 kr., heldur einnig hjá sjálfum yfirsetukonunum, og útiloka frekar en ella öfund og óánægju á meðal þeirra innbyrðis. Hins vegar sýnist oss rjett, að hver sýslunefnd eða bæjarstjorn hafi nokkurn veginn óbundnar hendur að hækka laun yfirsetukvenna, þegar ástæður þykja til, annaðhvort sjerstakir örðugleikar á að fá yfirsetukonu í umdæmi eða verðleikar eða aðrar kringumstæður mæla með því.

Jafnframt þessum aðal-breytingum, sem vjer viljum gera láta á frumvarpinu, leggjum vjer það til, að árslaunin sjeu miðuð við fardagaár, og annarsstaðar en í kaupstöðum, greidd eins og verið hefir að eins einu sinni á ári, á manntalsþingum. Má hið fyrnefnda teljast sjálfsagt, af því að flutningur yfirsetukvenna úr einni sveit í aðra er eins og flestra annara, bundinn við vortímann en ekki áramót. Og hvað hið síðara atriðið snertir, þá virðist það tilgangslítið að skifta í tvent ekki stærri upphæð en hjer um ræðir, og miklu brotaminna fyrir oddvita sýslunefndanna að afhenda upphæðina í einu lagi á manntalsþingum í hreppunum gegn einni kvittun, en greiða hana í tvennu lagi gegn tveimur kvittunum á öðrum tímum ársins.

BREYTINGARTILLÖGUR

þær, sem vjer þannig, samkvæmt framansögðu, leggjum til, að gerðar sjeu á frumvarpinu, er þessar:

1. Við 4. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: er miðist við fardagaárið.
2. Við 4. gr. Fyrir: »fyrir hvert missiri — árslok« komi: einu sinni á ári, á manntalsþingum.
3. Við 4. gr. Fyrir: »200« komi alstaðar: 300.
   Fyrir: »60 kr.« (á tveim stöðum) komi: 70 kr.
   Fyrir: »10 kr.« komi: 5 kr.
4. Við 4. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
   Laun yfirsetukvenna mega sýslunefndir og bæjarstjórnir hækka, ef sjerstakar ástæður þykja til.
5. Við 10. gr. Fyrir: 1. janúar 1913« komi: í fardögum 1913.

Alþingi, 12. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson, formaður. — Eggert Pálsson, skrifari og flamsögumaður.

Halldór Steinsson. — Jón Jónsson.

Ólafur Briem, (með fyrirvara).

Nd. **233. Rökstudd dagskrá**

út af fyrirspurn til ráðherra á þgskj. 172. Samþ. í Nd. 13. ágúst 1912.

Í því trausti að landsstjórnin líði ekki átölulaust brot á áfengislöggjöf landsins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **234. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá nefndinni um eftirlit með síldveiðum.

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa því yfir, að hún muni ekki vera ófús á fyrir sitt leyti að fella úr gildi lög nr. 27, 11. júlí 1911, ef í móti kæmi í Noregi afnám tolls á íslensku saltkjöti og álitleg lækkun á tolli á innfluttum íslenskum hestum.

Nd. **235. Nefndarálit**

um strandferðafyrirkomulagið og strandferðasamninginn við Thorefjelagið.

Eins og sjest á hjálögðu erindi Thorefjelagsins til stjórnarráðsins, dagsettu 3. júní 1912 (fylgiskjal I.), þá skýrir fjelagið þar frá, að það hafi í vor neyðst til að leita skuldgreiðslufrests hjá skuldheimtumönnum sínum; telur þessar fjárkröggur að langmestu leyti stafa af samningi fjelagsins við stjórnarráð Íslands, dags. 7. ágúst 1909, og þá einkanlega af strandferðunum, sem hafa orðið fjelaginu mjög tjónsamar. Yfir höfuð telur fjelagið talsverða örðugleika vera á því fyrir fjelag með heimilisfangi í Kaupmannahöfn að reka strandferðir við Ísland þannig, að kostnaði svari.

Hag fjelagsins er nú svo komið, að því verður alls ekki auðið að halda fram störfum, án þess að fá uppgjöf á samningi þessum. Fjelagið sækir því um að verða leyst frá samningnum við lok þessa árs. Loks getur fjelagið þess, að ef það fái uppgjöf á strandferðasamningnum, þá sje það að sjálfsögðu tilgangur fjelagsins að halda áfram ferðum milli Íslands og Danmerkur, helst, ef auðið er, ámóta mörgum og hingað til.

Nefndin hefir nú átt með sjer marga fundi, og íhugað málið rækilega. Meðal annars, sem nefndin hefir haft fyrir sjer, er ítarleg skýrsla um síðasta ársfund Thorefjelagsins og um hag þess þá (Börsen, 2. júní 1912), af því sjest, að við fjelaginu blasa bein gjaldþrot, ef það fær ekki uppgjöf á samningnum um Íslandsferðir. Og eignir fjelagsins virðast þeim veðböndum bundnar, að litlar líkur eru til að landssjóður fengi nokkurn hlut í skaðabætur, þó að hann fengi dóm yfir fjelaginu fyrir samningsrof. Hinsvegar virðist sá banki, sem hefir stutt fje-

lagið hingað til, vera fús á að reyna að fleyta fjelaginu fram úr vandræðunum og rjetta hag þess, ef fjelagið fær uppgjöf á samningnum.

Það er þá einsætt, að fjelagið hættir strandferðum nú við árslokin, hvort sem Alþingi veitir því uppgjöf á strandferðasamningnum eða eigi. Fái fjelagið ekki uppgjöfina og verði gjaldþrota, þá hætta ferðirnar.

Og þar sem lítil sem engin útsjón er til þess að landssjóður geti neinum skaðabótum náð hjá fjelaginu, þá er oss ekki sýnt, að Alþingi geti nokkra hvöt haft til að vera að gera fjelagið gjaldþrota. Virðist oss því mannúðlegast að gefa fjelaginu upp samninginn.

En þá vaknar sú vandaspurning fyrir nefndinni, hvernig að því eigi að fara að útvega landinu einhverjar strandferðir næsta ár, meðan verið er að hugsa fyrir framtíðinni og semja um hana.

Nefndin mintist eðlilega þess, að 1909 lá fyrir Alþingi hagfelt boð um strandferðir frá Sameinaða gufuskipafjelaginu. Nú stóð svo á, að erindreki frá því fjelagi var hjer staddur í fyrra mánuði, og mun vera hjer aftur staddur nú. Nefndin fjekk hann því til viðtals við sig, til að heyra undirtektir hans um, með hverjum kjörum það fjelag kynni að vilja taka að sjer strandferðirnar. En vjer fengum þau svör hjá honum, að fjelagið vildi með engin boð koma, og skildist oss helst á honum, að fjelagið vildi ekkert með ferðir þessar hafa að gera.

Engin tilboð hafa heldur til nefndarinnar komið úr neinni annari átt, og enginn tími fyrir nefndina nú að fara að leita til annara landa um þetta efni.

Hinsvegar getur oss eigi dulist það, að þar sem fregnirnar um fjárþröng Thorefjelagsins og um það, að það ætlaði að beiðast eftirgjafar á strandferðasamningnum, voru orðnar heyrinkunnar í Kaupmannahöfn og jafnvel hjer í Reykjavík í maímánuði, og það fyrir miðjan maí, þá hefði mátt búast við því af stjórnarráðinu, að það hefði leitað fyrir sjer í tíma hjá líklegustu erlendum gufuskipafjelögum, látið þau vita, hvers krafist var um ferðafjölda og viðkomustaði og reynt að fá frá þeim tilboð um ferðirnar, og jafnvel menn til samninga við þingið. Ráðherra var erlendis um þetta leyti, og hefði því verið fljótgerðara en ella að fá greið andsvör um þetta mál. En þetta hefir stjórnin ekki gert, og fyrir því stendur nefndin uppi tilboðalaus.

Þá var því hreyft í nefndinni, að landið leitaði við að fá Austra og Vestra á leigu um eins árs tíma, og ræki svo sjálft strandferðirnar á sinn kostnað. Að vísu voru oss sögð nokkur líkindi á því, að bátarnir mundu fást til leigu, en meiri hluta nefndarinnar þótti þetta þó viðsjárvert og kostnað óvísan. Loks var því hreyft í nefndinni, að landssjóður keypti gufubátana Austra og Vestra og ræki svo strandferðir með þeim á sinn kostnað. Meiri hluta nefndarinnar þykir þetta óráðlegt; telur allan rekstur fyrirtækja á landssjóðs kostnað varhugaverðan, og minnir á tjón það, sem landssjóður hafi beðið við Vestu-útgerðina; fjárhagur landsins sje og mjög krappur nú og stjórnin í peningavandræðum. Lán telur meiri hlutinn einnig óráðlegt að taka í þessu skyni, þar sem árangurinn sje svo tvísýnn og hætt við tapi.

Minni hlutinn er hjer á öðru máli, svo sem hann mun frá skýra í sjerstöku minni hluta nefndaráliti.

Hinsvegar þykir þó nefndinni ilt að láta strandferðir allar niður falla, og sjerstaklega er það álit hennar, að hringferðirnar megi með engu móti niður falla.

Hjer þykir við eiga, að geta þess, að nefndin hefir gert sjer talsvert far um að grenslast eftir, hvernig á því standi, að strandferðirnar hafa borið sig svo

illa, sem raun hefir á orðið bæði nú og fyrri. Í þessu skyni hefir nefndin átt tal við skipstjórann á »Austra«, og auk þess spurst fyrir hjá alþingismönnum, sem kunnugir eru víðsvegar um landið. Árangurinn af þessu er sá, að nefndin þykist mega fullyrða, að viðkomustaðir strandbátanna sjeu svo langsamlega of margir, að ekkert vit sje í. Þetta kemur af því, að útgerðarfjelagið, sem kostnaðinn ber, ræður ekki viðkomustöðum og ferðaáætlun. Þar er landsstjórnin með að áskilja viðkomustaði, og fer hún þar eftir óskum og kröfum Alþingis. En alþingismenn hafa jafnan reynst ótrauðir á að krefjast gufuskipaviðkomu, hver í sínu kjördæmi, einatt á fráleitustu stöðum; stundum líklega af einhverri mikilmensku, til að geta sagt kjósendunum, að þessu hafi þeir áorkað að útvega kjördæminu nýjan viðkomustað. Það eitt er víst, að reynslan hefir sýnt og sannað, að ekki allfáir viðkomustaðir eru þeir í áætlunum strandbátanna, þar sem ýmist er ekkert eða sama sem ekkert að flytja, hvorki fólk, farmur nje póstsendingar. Á sumum þessum viðkomustöðum er ýmist ekkert eða þá eitt eða tvö póstkort og brjef, stundum farmur sem fyrir fæst frá fimtíu aurum til fimm króna í flutningsgjald, og sumir eru þeir staðir, sem enginn vinnur til að senda bát frá úr landi út í skipin, þegar þau koma. Sendi skipstjóri bát í land, spyr fólkið, hvern skollann þeir vilji; hjer sje ekkert að gera. Á flóum þeim og fjörðum, þar sem landssjóður borgar háan styrk til gufuskipa innan flóa, sleikja strandbátarnir upp sömu hafnirnar samtíða flóabátunum, og stundum samtíða millilandaskipunum, og etur þannig hver frá öðrum, svo að tvö skipin af þremur fá alls ekkert að gera, og eitt fær einhvern örlítinn slatta. Nefndin telur víst að af fjörutíu og sjö viðkomustöðum »Vestra« mætti að skaðlausu fella úr tuttugu og þrjá viðkomustaði, nokkra þeirra í öllum ferðum, en nokkra í helmingi ferðanna eða meira. Nokkuð áþekt er með »Austra«. Af tuttugu og sex viðkomustöðum hans telur nefndin mega fella niður að minsta kosti níu viðkomustaði, suma í öllum ferðum, suma í nokkrum. Aftur kynni að þurfa að bæta þar við einum tveim höfnum í nokkrum ferðum, ef Suðurlandsskipinu verður slept, og önnur úrræði tekin með samgöngur við Vík og Stokkseyri.

Með þessu móti mundi vinnast tími til að láta »Vestra« fara einar tvær eða þrjár hringferðir hraðar, eins og þær sem »Austri« fer. Vjer tökum þetta fram sem bendingu, því að vjer höfum orðið þess áskynja, að allar hinar hröðu hringferðir »Austra« hafa borið sig og oft gefið álitlegan arð.

Af því, sem hjer hefir verið sagt, má ráða í höfuðástæðuna til þess, að strandferðirnar hafa ekki borið sig; auðvitað eru þar til einnig fleiri ástæður: farmgjald af umfermdum vörum úr millilandaskipunum, það er strandferðaskipin fá, er að eins $^1/_3$ af farmgjaldinu milli útlanda og Íslands; en þetta er of lítið, enda engin frágangssök að láta greiða ofurlítið aukafarmgjald fyrir slíkar umfermdar vörur, þótt það munaði viðtakendur litlu í samanburði við hagræðið við að fá vörurnar á höfn til sín; en safnast þegar saman kemur, og þetta gæti dregið skipsútgerðina svo að talsverðu munaði. Ennfremur er farþegagjald milli næstu hafna einatt alt of lágt. Það er ekkert vit í því að hafa fargjald farþega með strandbátunum eina 50 aura milli hafna þar sem flóabátarnir taka hálfa aðra og tvær krónur. Alt þetta nútalda hefir valdið því, hve illa strandferðirnar hafa borgað sig. Og öllu þessu er auðgefið að kippa í lag.

Suðurlandsbáturinn (»Perwie«) hefir verið stærsti ómaginn allra, og virðist það fullreynt, að ekkert vit er í að halda þeim ferðum uppi. Væri viðkomustöðum »Austra« (eða þess skips er þá leið færi) fækkað eins og bent hefir verið

á hjer að framan, þá gæti hann vel komið við á Hornafirði í einum þrem ferðum. Vík er aftur sú vandkvæðahöfn, sem engin tiltök eru að láta áætlunarbundið skip koma við á. Fyrir þinginu liggur beiðni frá Rangæingum og Árnesingum um að láta stóran mótorbát ganga milli Víkur, Vestmannaeyja, Stokkseyrar, Eyrarbakka og Reykjavíkur, en hætta við Suðurlandsskipið. Í þessu virðist mikið vit, hvort sem heldur yrði ofan á, að landssjóður kostaði þessar mótorbátsferðir, eða þá hitt, sem liggur öllu nær, að hann styrkti þessar sýslur til að halda sjálfar úti mótorbátnum, eða jafnvel að hann gæfi þeim hentugan mótorbát (Diesel-mótor?) og önnuðust þær svo sjálfar ferðirnar. Hver kosturinn af þessum þremur, sem tekinn yrði, mundi verða landssjóði miklu ódýrari heldur en Suðurlandsbáturinn. Af því að meirihluti nefndarinnar sjer engan annan veg út úr ógöngum þessa máls, en að fela stjórninni að leita samninga eins og best hún getur um strandferðir næsta ár, þá höfum vjer tekið fram það sem hjer að framan er skráð, til leiðbeiningar fyrir stjórnina við þá væntanlegu samninga.

En með því að ferðirnar þannig mundu takmarkast stórum, og Suðurlandsferðirnar falla burt og Hamborgarferðirnar sömuleiðis, þá eru engin líkindi til að verja þurfi 60.000 króna til svona lagaðra strandferða, sem vjer höfum nú bent á. Virðist því sem 40.000 krónur ættu að nægja til þeirra, eða að minsta kosti þyrfti ekki að fara langt fram úr þeirri upphæð. Samkvæmt þessu verða tillögur meirihluta nefndarinnar:

1. Að Thorefjelagið sje leyst frá samningi þess 7. ágúst 1909 frá lokum þessa árs.
2. Að stjórninni sje falið að leita fyrir sjer um samninga, hvar sem hún getur, um strandferðir, svo góðar sem kostur verður á, án þess að verja til þess meiru fje en svo, að eigi fari að stórum mun fram úr 40.000 krónum.

Neðri deild Alþingis, 13. ágúst 1912.

Guðl. Guðmundsson,
formaður, framsögumaður meirihlutans.

Jóh. Jóhannesson. Ólafur Briem. Halldór Steinsson.

Með skírskotun til eftirfylgjandi minnihlutaálits míns.

Jón Ólafsson,
skrifari.

Álit minnihlutans

í málinu um strandferðirnar og Thorefjelagssamninginn.

Jeg undirritaður hefi ekki getað orðið samdóma minum háttvirtu meðnefndarmönnum um sum atriði þessa máls. Eins og sjest á brjefi Thorefje-

lagsins (fylgiskj. 1), fer fjelagið fram á að samningur (Kontrakt) fjelagsins við Íslands-stjórn verði því að öllu leyti (»i det hele«) eftirgefinn. Sje það gert, falla einnig Hamborgarferðirnar niður. Ferðir þessar hafa bakað fjelaginu tjón, en verslunarstjett Íslands mun þykja einkar-meinlegt að missa þær, án þess að neitt annað samband við Þýskaland komi í staðinn. Eins og menn væntanlega muna, var fyrir nokkrum árum vakið máls á því, að millilandaskip Sameinaða fjelagsins skytust til Lübeck frá Kanpmannahöfn, meðan þau dvelja þar ferða milli. Þetta er ekki langur vegur, tólf stunda ferð, ámóta langt eins og hjeðan til Stykkishólms, en þangað skreppa millilandaskipin hjer oft fyrir minni farm, heldur en í Lübeck mundi fást. Þegar þessi málaleitan kom fram, ljet borgarráðið í Lübeck í ljósi, að það vildi undanþiggja Íslands-skipin hafnargjöldum ef þau kæmu þangað. Lübeck er ódýr staður að sigla til, liggur mætavel við útskipun á vörum hvervetna frá Þýskalandi. Nefndin grenslaðist eftir, hvort Thorefjelagið ætlaði að halda uppi millilandaferðum eftir sem áður, ef það fengi uppgjöf frá samningi sínum, og kvað það svo vera. Vjer vildum þó ennfremur vita, hverja útsjón fjelagið hefði til að geta þetta, og fengum því fyrir meðalgöngu ráðaneytisins yfirlýsingu frá Handelsbanken í Kaupmannahöfn og segir bankinn í því símskeyti, að sjer sje kunnugt um bænarskrá fjelagsins til Alþingis, og lýsir hann eftir ósk Thorefjelagsins yfir því, að hann, bankinn, vilji stuðla að því að viðhalda milliferðum fjelagsins milli Íslands og útlanda, en nefnir ekki beint, hvort Hamborgar-ferðirnar sjeu þar í fólgnar. En jeg þykist hafa ástæðu til að ætla, að svo muni ekki vera. Fyrir því virðist mjer ástæða til að binda uppgjöf samningsins því skilyrði, að ef fjelagið haldi eigi við Hamborgar-ferðum, þá láti það skip sín skreppa í nokkrum ferðum frá Kaupmannahöfn til Lübeck, meðan skipin liggja í Höfn.

Í annan stað er jeg þeirrar skoðunar, að rjett væri af landinu að reyna að reka strandferðir sínar sjálft, og það leigi til þess bátana Austra og Vestra, ef þeir fást á leigu, en kaupi þá ella. Bátarnir kostuðu hvor um sig 169.000 kr., er þeir voru bygðir. Síðan eru að eins tvö — þjú ár, og sökum þess, hve skip eru stigin í verði, eru bátarnir nú meira virði. En fjelagið, sem annars á nú vísan kaupanda að bátunum, vill vinna það til, að selja landssjóði bátana fyrir það, sem þeir kostuðu fjelagið, ef það losnar við samninginn. Háttvirtur meiri hluti ber það fyrir, að fjárhagur sje nú þröngur, stjórnin peningalaus og mundi verða að taka lán til að borga út bátana. En þar til má því svara, að bátarnir voru bygðir með því skilyrði, að þeir yrðu afborgaðir á tíu árum, og hefir fjelagið boðið, að landssjóður megi ganga inn í afborgunarkjör sín. Í annan stað vita allir, er lesa útlend fjármálablöð og siglingablöð, að skipaskortur er svo mikill nú um allan heim, að engin von er til, að úr honum verði að fullu bætt á minna en tveim til þrem árum. Háskinn væri því enginn að kaupa bátana nú fyrir þetta verð og reyna eitt ár, hvernig útgerðin bæri sig. Reyndist það illa, gæti landssjóður sjálfsagt selt bátana sjer að skaðlausu að ári liðnu. Hjer væri því mjög litlu til hætt eitt ár. En bendingar þær um fyrirkomulagið, sem gefnar eru í nefndaráliti meiri hlutans, gefa góða von um, að takast mætti, að landið hjeldi sjálft uppi strandferðunum, án þess að leggja eins mikið í sölurnar, eins og það verður að gera með árlegum strandferðastyrk. Jeg hefi hugsað mjer stjórnarfyrirkomulagið á útgerðinni mjög einfalt og ódýrt, afgreiðslustofu í Reykjavík eins og nú, en að afgreiðslumaður hefði ekki vald til að vera að þvæla skipunum eftir geðþótta á hafnir utan áætlun-

ar. Jeg ætlast til, að skipstjórarnir haldi tekju-reikninga og gjalda, hver fyrir sitt skip og geri reikningsskil ettir hverja ferð. Það skyldi á þeirra valdi að hlaupa inn á aukahafnir, ef þeir þættust hafa tíma til og framboðinn farmur borgaði kostnaðinn. Skipstjórarnir mundu, ef ferðirnar gengju vel, skapa sjálfum sjer fasta framtíðarstöðu, og þannig hafa hina mestu hvöt til að gera sitt til, að ferðirnar borgi sig.

Reynslan mun og hafa staðfest, að skipin borga sig bezt með íslenskum skipstjórum. Loks skal jeg nefna hjer þær hafnir, sem úr mundi mega fella, sumar að öllu, sumar að mestu leyti úr áætlununum. Þær yrðu þessar að vestan: Akranes, Hafnarfjörður, Stapi, Grundarfjörður, Skarðstöð, Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bakkabót, Bíldudalur, Súgandafjörður, Suðureyri, Bolungarvík, Álftafjörður, Aðalvík, Höfn, Reykjarfjörður, Bitrufjörður, Lamhúsvík. Kálfshamarsvík, Selvík, Ólafsfjörður, Hrísey og Hjalteyri. En austanmegin: Vík, Loðmundarfjörður, Unaós, Gunnólfsvík?, Fjallahöfn, Flatey, Grímsey, Grenivík og Svalbarðseyri. Ef til vill þyrfti aftur að taka Stöðvarfjörð á áætlunina í sumum ferðum.

Tillögur mínar verða því:

1. Að Alþingi gefi Thorefjelaginu upp samning sinn með þeim skilyrðum:
   a) að fjelagið fari nokkrar ferðir eftir ákvörðun stjórnarráðsins milli Lübeck og Kaupmannahafnar á millilandaskipum sínum,
   b) að fjelagið annaðhvort leigi landssjóði skipin Austra og Vestra næsta ár með því verði, er landsstjórnin telur aðgengilegt, eða selji landssjóði skipin þannig, að landssjóður gangi inn í kaup fjelagsins á þeim með þeim skilyrðum um afborganir o. s. frv., sem fjelagið nýtur nú sjálft.
2. Að landssjóður leigi eða kaupi skipin Austra og Vestra, og haldi þeim út á landssjóðs kostnað, og sje landstjórninni heimilt að nota til þess þá fjárupphæð, sem nauðsynleg er, og fá þá upphæð að nokkru eða öllu að láni, ef á þarf að halda.

Alþingi, 10. ágúst 1912.

Jón Ólafsson.

Fylgiskjal I.

Til

Islands Ministerium

Reykjavík.

Undertegnede Bestyrelse for A/S. Dampskibsselskabet »Thore« tillader sig herved at henvende os til det höje Ministerium i följende Anledning:

Som det maaske vil være bekendt, har vort Selskab i nogen Tid befundet sig i pekuniære Vanskeligheder, der til Slut i indeværende Foraar har

nödsaget Selskabet til at söge Moratorium hos dets Kreditorer. Disse Vanskeligheder hidrörer for langt den væsentligste Del fra, at den ifölge Selskabets Kontrakt med Islands Ministerium af 7. August 1909 etablerede Fart paa Island og da særlig Kystfarten (hvortil Selskabet lod bygge 2 særlig egnede Skibe »Austri« og »Vestri«) har vist sig at være höjst ufordelagtig for Selskabet, idet de Beregninger med Hensyn til Fragt og Passagerindtægter, der i sin Tid opstilledes, i vidt Omfang er slaaede fejl. I det hele har det vist sig at være forbunden med betydelige Vanskeligheder for et Selskab med Domicil i Kjöbenhavn at drive lokal Kystfart paa Island paa en saadan Maade, at denni Drift overhoved kan betale sig.

Selskabets Stilling er faktisk nu bleven saaledes, at det vil være umuligt for det at fortsætte sin Virksomhed, saafremt den nævnte Kontrakt fordres opretholdt.

I Henhold hertil er det da vort ærbödige Andragende, at vort Selskab löses fra den förnævnte Kontrakt, og at denne i det hele ophæves fra indværende Aars Udgang at regne. Vi kan herved ikke noksom fremhæve, at det höje Ministerium og Altingets Stilling til denne Sag vil være af afgörende Betydning for Selskabets hele Fremtid.

Vi skal iövrigt ogsaa henvise til, at der, saavidt os bekendt, allerede den Gang den her omhandlede Kontrakts Afslutning forhandledes, fra forskellig Side paa Island var Betænkeligheder derved (særlig paa Grund af det relativt lange Aaremaal, for hvilket Kontrakten sluttedes) og at der endvidere af og til er kommet nogen Utilfredshed med vort Selskabs Udförelse af Kontrakten til Orde.

Vi tilföjer, at saafremt man fra den islandske Regerings og Altingets Side maatte önske selv at overtage Kystfartens Udförelse — en Tanke, der, saavidt vi ved, tidligere har været fremme — vil vi sikkert kunne tilbyde de 2 Dampere »Austri« og »Vestri«, der jo netop er byggede med Kystfarten for Öje, (og muligvis ogsaa en tredje Damper) til Overtagelse paa Vilkaar, der for Island vil være gunstigere end om man skulde söge egnede Skibe andetsteds.

Vi bemærker, at det selvfölgelig er Selskabets Agt, saafremt der med Hensyn til den heromhandlede Sag opnaas en tilfredsstillende Ordning, at fortsætte Farten mellem Island og Danmark, saavidt muligt i samme Omfang som hidtil.

Kjöbenhavn, den 3. Juni 1912.

Med Ærbödighed

I Bestyrelsen for Dampskibsselskabet »Thore«.

H. Hendriksen.

Hannibal Beck.

Joh. Baastrup.

Nd.

236. Nefndarálit

um stjórnarskrármálið.

Vjer undirritaðir, er háttv. deild hefir falið að athuga frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, er samþykt var á alþingi 1911 og nú hefir verið borið upp af hálfu einstakra þingmanna á þessu þingi, leyfum oss að skýra háttv. deild frá áliti voru og tillögum um þetta mál, svo sem nú skal greina:

Nefndin hefir eigi getað orðið öll á eitt mál sátt um tillögur sínar. Einn af nefndarmönnum (Sk. Th.) heldur því fram, að rjett sje að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það liggur fyrir, en hinir sex nefndarmennirnir hafa eigi getað sannfærst um, að það væri heppilegt.

Vjer, meiri hluti nefndarinnar, lítum svo á, að frumvarpið innihaldi ýms þau ákvæði er ekki sjeu til þess fallin að ná gildi sem stjórnskipunarlög fyrir landið. Viljum vjer þar nefna ákvæðið um tölu ráðherra. Stjórnarskrár-bundin ráðherratala þekkist óvíða í lögum Norðurálfu-þjóða, og það virðist í sjálfu sjer óheppilegt að binda hana þannig, auk þess sem vjer eigi teljum þess nauðsyn að fjölga ráðherrum hjer þegar í stað.

Ennfremur eru ákvæðin um skipun efri deildar að voru áliti eigi heppileg. Að vísu er það bæði nauðsynleg og tímabær breyting að afnema konungskjör til alþingis, en hinsvegar eru skoðanir mjög skiftar um, hvað í þess stað skuli koma, og ákvæði frumvarpsins um, að sameinað þing eftir sem áður skuli kjósa nokkra menn til efri deildar óhlutbundnum kosningum erum vjer mótfallnir.

Vjer teljum það eigi áhættulaust fyrir landið og hag þess, eins og nú er ástatt, að auka kosningarrjettinn og fjölga kjósendum nú þegar og alt í einu, svo mjög sem gert er í frumvarpinu, og svifta á þann veg hina núverandi kjósendur mest öllu valdi yfir landsins málum, og alþýðu-atkvæði um löggjarmál teljum vjer eigi tímabært að lögleiða, jafnvel eigi með þeim skorðum, sem settar eru í frumvarpinu.

Telja má ennfremur ýms smávægari atriði í frumvarpinu, er eigi virðast horfa til bóta, en af þeim ástæðum, sem þegar eru taldar, höfum vjer eigi álitið rjett, að leggja það til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Um ákvæði 1. gr. frumvarpsins finnum vjer því, eins og málið horfir við oss, eigi ástæðu til sjerstaklega að láta uppi neitt álit að svo stöddu.

Eins og vjer vitum, að háttv. deild er kunnugt, þá hefir því verið hreift, sjerstaklega af hálfu hæstv. ráðherra, að æskilegt væri að leitað væri nýrra samninga við Dani um sambandslög milli Danmerkur og Íslands, og er það vitanlegt, að mikill hluti alþingis hefir tekið höndum saman, til þess að gera tilraun um þetta. — Skyldi svo fara, að þessar tilraunir bæri árangur — og margir gera sjer vonir um það — virðist tilgangslítið að breyta núgildandi stjórnarskrá á þessu þingi. Fari svo, að nýir samningar takist við Dani — og vjer viljum vona, að svo verði — þá er sjálfsögð afleiðing af því, að semja verður af stofni nýja stjórnarskrá fyrir landið í samræmi við væntanleg sambandslög. — En verði sú niðurstaðan á þessum málaleitunum af Íslands hálfu, að samningar ekki takist við Danmörku, þá má ganga að því vísu, að stjórninni verði þau úrslit kunn, svo löngu fyrir næsta alþing, að hún geti undirbúið og lagt fyrir þingið frumvarp

um þær breytingar á núgildandi stjórnarskrá, er hún telur líklegt, að sæmilegur meiri hluti alþingis muni samþykkja. — Af þessum ástæðum höfum vjer því heldur eigi talið rjett, að koma fram með tillögur um breytingar á frumvarpinu á þessu þingi, enda til þess mjög naumur tími, þar sem þingtíminn er svo stuttur, en við því búið, að tillögur um breytingar á frumvarpinu hefði vakið miklar deilur í þinginu, og þó litlar líkur til, að þær hefði náð endanlegu samþykki.

Vjer leggjum því til, að frumvarpið verði eigi tekið til frekari meðferðar á þinginu, en að deildin samþykki tillögu þá til þingsályktunar, er vjer berum upp og rituð er hjer á eftir.

TILLAGA

til þingsályktunar um stjórnarskrármálið.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til breytinga á stjórnarskrá landsins, svo framarlega, sem þá verður ekki fengin vís von um góðar undirtektir af hendi Dana undir nýja samninga um sambandsmálið á grundvelli frumvarps millilandanefndarinnar frá 1908. —

Neðri deild alþingis 13. ág. 1912.

Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögum. | Lárus H. Bjarnason.

Jón Ólafsson. | Jón Jónsson.

* * * * * * * * *

Þótt við í mörgum greinum getum verið háttv. meiri hluta nefndarinnar samdóma, og einkum og sjer í lagi um það, að ekki sjeu tiltök að samþykkja neitt stjórnarskrárfrumvarp á þessu þingi, álítum við þó ekki ráðlegt að samþykkja þannig lagaða þingsályktun, sem meiri hlutinn stingur upp á. Við teljum ekki bráðliggja svo á breytingum á stjórnarskránni, að nokkuð væri í hættu, þótt þær kynnu að dragast nokkru lengur en til næsta þings, ef sú yrði reyndin á, að þá væri ekki enn fengin full vissa um æskilegan árangur af málaleitun um nýja samninga um sambandsmálið, eða þótt svo skyldi fara, að samningar um það kynnu að takast eða horfa vænlega á nokkuð öðrum grundvelli en frumvarp millilandanefndarinnar frá 1908. Við álítum ekki varlegt að binda hendur stjórnarinnar of mjög í þessum efnum, og leyfum okkur því að ráða háttv. deild til að afgreiða málið með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að horfur virðast vera á því, að bráðlega verði leitað nýrra samninga um sambandsmálið, er leiði til sambandssáttmála við Dani, og af slíkum

sáttmála hljóti aftur að leiða stjórnarskrárbreytingu, álítur deildin, að heppilegast sje og kostnaðarminst fyrir þjóðina, að láta allar breytingar á stjórnarskránni bíða, uns útsjeð er um, hvernig þessum samningum reiðir af, og tekur því fyrir næsta mál á dagskránni.

Alþingi, 13. ágúst 1912.

Kristján Jónsson,
formaður nefndarinnar.

Valtýr Guðmundsson,
framsögum. minni hlutans.

Nd. **237. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um verðtoll.

Frá skattamálanefndinni.

1. Við 1. gr. 1. mgr. undan orðunum: »verðhæð vörunnar« komi: hreinni, og eftir nefnd orð: í umbúðum.
2. Við sömu gr. 2. mgr. bætist: Svo eru og undanþegin tollinum skip, sem siglt er hingað til lands.
3. Við 2. gr. undan: »verslunarbækur« komi: kaupreikninga og, og eftir: »viðtakandi« komi: á heimili hans eða skrifstofu.
4. Við sömu gr. bætist ný málsgrein:
   Skipstjóra er skylt að láta tollheimtumanni í tje staðfest eftirrit af vöruskrá skipsins og æru- og samviskuvottorð um, að hann hafi ekki meðferðis aðrar vörur en taldar eru á skránni.
5. Við 5. gr. Orðin: »og skal meðal annars . . . . . er þeir innheimta« falli burt.
6. Eftir 5. gr. komi ný gr., 6. gr.:
   Tollheimtumanni bera 3 af hundraði sem innheimtulaun, enda gjaldi hann innheimtumönnum sínum ómakslaun eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins.
7. 6. gr. frv. færist aftur fyrir 7. gr. þess og greinatalan breytist að öðru leyti samkvæmt breyt.till.

Ed.

238. Frumvarp

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, skulu hafa í fæðispeninga 9 kr. fyrir hvern dag, frá því þeir fara að heiman til alþingis og þar til þeir koma heim aftur. Alþingismenn, sem búsettir eru í Reykjavík, fá í fæðispeninga 6 kr. fyrir hvern dag, meðan þingið stendur yfir.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, sem hjer segir:

1.	Úr	Suður-Múlasýslu	kr.	180,00
2.	—	Norður-Múlasýslu	—	190,00
3.	—	Seyðisfirði	—	110,00
4.	—	Norður-Þingeyjarsýslu	—	170,00
5.	—	Suður-Þingeyjarsýslu	—	160,00
6.	—	Eyjafjarðarsýslu	—	130,00
7.	—	Akureyri	—	80,00
8.	—	Skagafjarðarsýslu	—	120,00
9.	—	Húnavatnssýslu	—	120,00
10.	—	Strandasýslu	—	120,00
11.	—	Norður-Ísafjarðarsýslu	—	80,00
12.	—	Ísafirði	—	50,00
13.	—	Vestur-Ísafjarðarsýslu	—	60,00
14.	—	Barðastrandarsýslu	—	70,00
15.	—	Snæfellsnessýslu	—	60,00
16.	—	Dalasýslu	—	60,00
17.	—	Mýrasýslu	—	50,00
18.	—	Borgarfjarðarsýslu	—	50,00
19.	—	Gullbringu- og Kjósarsýslu	—	20,00
20.	—	Árnessýslu	—	70,00
21.	—	Rangárvallasýslu	—	90,00
22.	—	Vestur-Skaftafellssýslu	—	280,00
23.	—	Austur-Skaftafellssýslu	—	340,00
24.	—	Vestmannaeyjum	—	20,00
25.	—	Danmörku	—	190,00

3. gr.

Nú verður tálmi á þingför alþingismanns af ís, slysum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum, og á hann rjett til endurgjalds á þeim kostnaði, er þar af leiðir.

4. gr.

Sameinað alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forseti í hlutaðeigandi deild ávísar upphæðunum.

5. gr.

Útgjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr landssjóði.

6. gr.

Með lögum þessum er 37. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi feld.

Ed. **239. Frumvarp**

til laga um unglingaskólann á Ísafirði.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Þeim, er tekið hafa fullnaðarpróf við unglingaskólann á Ísafirði, er heimilt að ganga próflaust í 2. bekk gagnfræðaskólans á Akureyri, samkvæmt reglugerð, er sett skal af ráðherranum fyrir unglingaskólann.

Ed. **240. Nefndarálit**

um frumvarp til siglingalaga.

Með þingsályktunartillögu, er Nd. Alþingis samþykti 1909 var skorað á landsstjórnina »að semja og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um sjómensku á íslenskum þilskipum, er stunda fiskiveiðar eða flutninga með ströndum fram«.

Nefnd sú, er bar upp þessa tillögu, færði sem ástæðu fyrir henni, að almenn umkvörtun ætti sjer stað um það, hve löggjöf vorri um þessi atriði væri ábótavant, og áleit að ekki mætti dragast að ráða bót á slíkum vandkvæðum, — einkum að því er snerti sambandið milli háseta og útgerðarmanna.

Lög þau frá $^{22}/_{3}$ 1890, sem nefnd eru Farmannalög, eiga eins og nafnið bendir til, einkum við um farmenn og farmensku — svo langt sem þau ná — og geta því eigi átt við um fiskiveiðar í ýmsum atriðum, svo ólíkir sem þeir tveir atvinnuvegir eru.

En í stað þess að setja nokkur sjerstök lagaákvæði um sjómensku við fiskiveiðar, lagði stjórnin út á íslensku hin dönsku siglingalög frá $^{4}/_{4}$ 1892, og lagði þau fyrir þingið 1911. Á því þingi var sett nefnd í málið í Nd., er útvegaði sjer strax lögfræðislega aðstoð til athugunar frumvarpinu. Það var Jón Kristjánsson prófessor, sem tók það þá til rækilegrar athugunar, og benti á, að

gera þyrfti á því margar og mikilvægar breytingar í ýmsum greinum, einkum að því er snerti samræmi við gildandi ísl. lög, og að betur yrði að sjá fyrir því að frumvarpið fullnægði fiskiveiðunum en gert væri ráð fyrir, enda hefði það verið tilgangur þingsályktunartillögunnar, sem fyr er getið.

Þingnefndin vísaði þá frumvarpinu aftur til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að málið yrði athugað og undirbúið á ný, og að »sá undirbúningur tæki sem mest tillit til framkominna óska um sjerstök ákvæði, er átt geti við það fyrirkomulag, sem nú er á fiskiveiðunum hjer við land« og legði síðan frumvarpið aftur fyrir næsta þing.

Þetta hefir nú stjórnin gert, með því að leggja frumvarpið aftur fyrir þetta þing í endurbættri útgáfu. Frumvarpinu fylgir nú ítarlegt álitsskjal, samið af Jóni Kristjánssyni prófessor, sem á ný fjekk frumv. til athugunar. Hefir hann, eins og áður er tekið fram, gert margar og mikilvægar breytingar á frumvarpinu og samið rækilegar ástæður fyrir þeim öllum, jafnframt því sem hann hefir samið skýringar við alt frumvarpið í heild sinni.

Í frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir, er tekið nokkuð tillit til innanlandssiglinganna (fiskiveiðanna), enda hafði Útgerðarmannafjel. í Reykjavík verið gefinn kostur á því að benda á helstu atriðin, sem setja þyrfti lög um í þessu efni. En ekki verður því samt neitað, að æskilegra hefði verið, að frumvarpið hefði fengið nokkuð betri undirbúning að þessu leyti. Slíkur undirbúningur þyrfti þá að vera gerður með aðstoð þeirra manna, sem kunnugir eru fiskiveiða-útgerð og fagþekkingu hafa sem sjómenn.

Er bent á þetta í því skyni, að stjórnin athugi frumvarpið á ný til næsta þings, ef tími eigi vinnst til að ljúka við málið á þessu þingi.

Ýmsir menn halda því fram, að þar sem hinn innlendi skipastóll sje nálega allur í þjónustu fiskiveiðanna, en að eins örfá skip í förum milli landa, þá beri ekki brýna nauðsyn til þess að lögleiða slík siglingalög, sem hjer er gert ráð fyrir, en við nánari athugun verður maður þó að játa, að þó þessi floti sje lítill nú, á hann vonandi fyrir sjer að vaxa, og bagalegt er, hversu lítill sem hann er, að hafa ekki svipaðar reglur um alt það, sem að sjómensku lýtur hjer, eins og í nágrannalöndunum. Löggjöf vor um þessi efni er ærið sundurleit og á eftir tímanum, öll í smábrotum með stóreyðum á milli, og nægir í því sambandi að minna á Farmannalögin, sem eru nokkrir kaflar úr hinum eldri dönsku siglingalögum. Oss vantar þannig ýms mjög áríðandi ákvæði um þýðingarmikil atriði, sem ætíð geta valdið stór-baga og tafið fyrir eðlilegri framþróun siglinga og farmensku.

Vjer álítum að úr þessu sje fyllilega bætt með frumv. því, er hjer liggur fyrir; því hvað þetta frumvarp sjerstaklega snertir, sem *siglingalög*, þá fær nefndin ekki betur sjeð, en að það hafi fengið sæmilega góðan undirbúning hjá stjórninni, með því að það hefir verið sett í fult samræmi við gildandi íslensk lög og venjur.

Nokkrar efnisbreytingar leggur nefndin til að gerðar verði á frumv. og margar orðabreytingar. Málið á frumv. er allvíða stirt, og óviðfeldið orðalag. Breytingartillögur nefndarinnar um þessi atriði verða því margar. Efnisbreytingar eru ekki mjög margar. Skal hjer minst á þær af þeim er mestu máli skifta.

Við 1. gr.

Í grein þessari er svo ákveðið, að þau skip geti talist íslensk, sem að

tveim þriðju hlutum sjeu eign innborinna manna, sem *ekki eru þegnar annars konungs.* Nefndin lítur svo á, að hjerlendur ríkisborgari geti verið þegn annars konungs; t. d. Íslendingur sem dvelur 1 eða 2 ár í Noregi mundi verða talinn norskur þegn, án þess þó að hafa öðlast ríkisborgararjettindi þar, hann yrði eftir sem áður hjerlendur ríkisborgari, og ætti þar af leiðandi að vera heimilt að njóta góðs af þeim rjettindum, sem lög þessi eiga að veita. Gengur breytingartillagan því einungis út á það, að áskilja, að eigendur $^2/_3$ í skipi sjeu ekki erlendir ríkisborgarar, og er þá þar með ekki erlendum *þegnum* vanheimiluð þessi rjettindi, ef þeir eru danskir ríkisborgarar.

Við 2. gr.

Af því að lög um skrásetning skipa mæla greinilega fyrir um alt það, er þessi 2. grein minnist á, virðist óþarfi að endurtaka það hjer, en nægilegt að vísa að eins til áminstra laga í þessu efni.

Við 4. gr.

Grein þessi er að eins orðuð um, án þess efni hennar sje raskað; getur valdið misskilningi eins og hún er orðuð í frumvarpinu.

Við 19. gr.

Breytingartillagan lýtur að því að tryggja rjett minni hluta í sameign í skipi, þar sem svo kann að standa á, að hann sje ofurliði borinn af meiri hluta (ɔ: manni er á meira en helming), og sem notar sjer stöðu sína of mjög til eigin hagsmuna, án þess að líta á sameiginlega hagsmuni útgerðarinnar.

Við 27. gr.

Breytingartillaga þessi er afleiðing þeirra, er síðast var minst á.

Við 29. gr.

Breytingartillagan er ákvæði úr hinu eldra frumvarpi, og sjer nefndin ekki ástæðu til að sleppa því,

Við 36. gr.

Sama er að segja um breytingartill. við þessa grein. Ákvæði þessu er haldið í erlendum siglingalögum, og álítum vjer, að án þess kynni greinin að verða misskilin þann veg, að ekki væri leyfilegt að bjarga fólki úr sjávarháska, sem vitanlega er þó ekki meining laganna.

Við 40. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir »dagbók« og »leiðarbók«, án þess að gera skýra grein fyrir, hvar hvor þeirra eigi við. Úr þessu á breytingartill. að bæta ásamt breyt.till.

Við 42. gr.

Sem lýtur að sama efni.

Við 124. gr.

Hjer leggur nefndin til, að sett verði inn ákvæði eldra frumvarpsins um

biðdaga, og er það einnig í samræmi við Norðurlanda siglingalögin. Algengt er, að í skipsleigusamningnum er ekki annað ákveðið en það, að biðdaga beri að telja samkv. siglingalögum, og er þá ákvæði um, hvernig telja skuli biðdaga, alveg ónissandi.

Við 231. gr.

Hjer leggur nefndin til, að feld verði úr greininni ákvæðin um hinn skilyrðislausa rjett bjargenda til hæfilegra daglauna og annan tilkostnað, þó hið bjargaða ekki hrökkvi til, og er það í samræmi við dönsku siglingalögin. Teljum vjer rjett bjargenda nægilega trygðan með ákvæðum greinarinnar, þó þessari síðustu málsgrein sje slept.

Við 232. gr.

Nefndin hyggur ótryggara sje að binda tímafrest þann, er greinin ákveður til að óska dómsúrskurðar um bjarglaun, við það, hvenær björgun er lokið, heldur en við samninginn, er gerður var um björgunina; því það getur í mörgum tilfellum orðið ærið deiluefni, hvort björgun er lokið eður eigi. Eftir eldra frumvarpinu var þetta líka bundið við samningsdagsetning, og álítum vjer það betra en leggjum til að tíminn sje mánuði lengri.

Þá leggur nefndin til, að tekið verði upp aftur í frumvarpið lágmark sekta þeirra, sem ákveðnar eru í tólfta kapítula. Álítur nefndin þetta lágmark vera nauðsynlega leiðbeining fyrir dómarana, þar sem enginn »praxis« er áður hjer á landi í þessu efni.

Breytingartillögur nefndarinnar eru prentaðar á sjerstöku þingskjali, nr. 227. Verður við framsögu málsins gerð nánari grein fyrir þeim, og leggur nefndin til að þær verði allar samþyktar, eins og frumvarpið í heild sinni.

Efri deild Alþingis, 14. ágúst 1912.

Eiríkur Briem, formaður.	Aug. Flygenring, skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson. Jens Pálsson. Sig. Eggerz.

Nd. **241. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskj. 237.

Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Við 4. brtill.: Á eftir: »Skipstjóra er skylt« bætist: áður en byrjað er að flytja vörur úr skipi.
2. 5. brtill. falli burt.

Til vara:

3. Við 6. brtill. Orðin: »enda gjaldi hann — eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins« falli burt.

Nd.

242. Þingsályktun

um meðferð fjárkláðans o. fl.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að hún á næstkomandi hausti og vetri beiti ákvæðum laganna nr. 40, 8. nóv. 1901, og láti tvíböðun framfara, en einungis þar, sem kláði kemur upp og mikill kláðagrunur er.
2. Að hún leggi fyrir alla sýslumenn landsins að láta fram fara vandlega kláðaskoðun á öllu sauðfje í landinu í næstkomandi aprílmánuði og heimta nákvæmar skýrslur um þessar skoðanir og um fjárkláða, sem fyrir kann að koma á næstkomandi hausti og vetri. Skýrslur þessar ættu sýslumenn að senda stjórnarráðinu svo fljótt, að því vinnist tími til að rannsaka þær og byggja á þeim rökstuddar tillögur um meðferð fjárkláðans, áður en alþingi kemur saman 1913.
3. Að hún leiti álits fjáreigenda í landinu um það, hvort þeir óski heimildarlaga fyrir samþyktum um árleg þrifaböð á sauðfje.

Ed.

243. Frumvarp

til laga um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land Garðakirkju, sunnan og vestan þessara marka:

1. Bein lína úr »Balaklöpp«, við vesturenda Skerseyrarmalar í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins,
2. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
3. Úr Hádegishól, bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark, miðað frá Vífilsstöðum; — þá tekur við
4. Urriðakotsland; þá
5. Setbergsland, alt til Lækjarbotna; og loks
6. Selvogsmanna- eða Grindaskarðavegur.

Um mörk landspildu þessarar að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár um »Merki á landi Garðakirkju á Álftanesi samkvæmt máldögum og fornum skjölum« dagsettrar 7. júní 1890, og þinglesinnar 9. sama mánaðar. Undanskilið sölunni er: Hamarskotstún innan girðinga og Undirhamarstúnsblettur.

2. gr.

Landið má selja fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta, þó þannig, að kaupverðið eigi sje lægra en 52 þús. króna. Landstjórnin kveður á um alla söluskilmála.

Nd. **244. Frumvarp**

til laga um samþyktir um mótak.

Eftir 3. umr. í Ed.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um mótak fyrir hvern hrepp innan sýslu, þar sem hreppsnefnd óskar þess, til að koma í veg fyrir landsspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mótaks og hættu af mógröfum.

2. gr.

Nú vilja mótakseigendur í einhverjum hreppi koma þar á samþykt um mótak, og hreppsnefndin vill styðja það, þá skal hún leggja frumvarp til samþyktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar, og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppi þeim, er samþyktin á að gilda fyrir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, enda eigi þeir mótak eða hafi umráð yfir mótaki. Oddviti sýslunefndar, eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og fundarstað, og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir frá 5–50 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **245. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög frá 11. nóvbr. 1899 nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap neinar áfengisveitingar, nje nokkur áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, nema fjelagið fái til þess sjerstakt leyfi lögreglustjóra. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4$% af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli.

2. gr.

Áfengisnautn má ekki eiga sjer stað í veitingahúsum, sem hafa ekki áfengisveitingaleyfi, nje heldur í veitingatjöldum eða á öðrum stöðum, þar sem almennar veitingar fara fram. Lögreglustjóri má þó leyfa áfengisnautn í samsætum einstakra manna, sem haldin eru á slíkum stöðum.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða fjelagsstjórn eða þjónustumenn eða jafnvel neytendur sjálfa 20—1000 kr. sekt. Auk þess er upptækt áfengi það, er finnast kann í vörslum fjelagsins.

Enn fremur má lögreglustjóri banna fjelaginu samkomur, enda sje þá þegar höfðað mál gegn fjelaginu samkvæmt 55. gr. stjórnarskrárinnar.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 10—500 kr.

5. gr.

Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum, og andvirði fyrir upptækt áfengi, renna í sjóð sveitarfjelags þess, þar er brotið er framið.

6. gr.

Með mál eftir lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **246. Frumvarp**

til laga um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt um eina eða fleiri veiðiár innan sýslu, semur hún frumvarp til samþyktar. Skal því næst kveðja til fundar alla búendur, er veiðirjett eiga í þeirri á, sem samþyktinni er ætlað að ná til, eða land eiga að henni, og eiga þeir atkvæðisrjett á þeim fundi. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiðiám. Þó má eigi með neinni samþykt raska friðun eggvera, selalátra eða selalagna, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta. Gjaldi þessu jafna sýslunefndir niður á þá, er veiðirjett eiga í á þeirri eða ám, er samþyktin gildir fyrir. Sýslumenn innheimta gjaldið, og fylgir því lögtaksrjettur.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnaðinn við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 100 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **247. Lög**

um stækkun verslunarlóðarinnar í Norðfirði.

Löggilt verslunarlóð kauptúnsins í Norðfirði í Suður-Múlasýslu er með þessum lögum stækkuð frá vesturmörkum núverandi verslunarlóðar inn að Norðfjarðará um 60 faðma breiða spildu frá fjöru til fjalls.

Ed. **248. Frumvarp**

til laga um merking á kjöti.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Merki það, er lögskipaðir dýralæknar, eða aðrir dýralæknar, nota til þess að merkja kjöt, sem þeir hafa gert heilbrigðisskoðun á, og hæft er til

útflutnings, skal vera blár jafnarma þríhyrningur með tölunni 1 innan í.

Rjett til að nota þetta merki hafa og þeir lögskipaðir læknar, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá lærðum lögskipuðum dýralækni hjer á landi, samkvæmt reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp.

Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir skoðun og stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 aura fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Eigi má merkja kjöt til útflutnings nefndu merki, nema kjötið sje að öllu leyti hreinlátlega meðfarið að áliti læknisins. Að öðru leyti semur stjórnarráðið nánari reglur um kjötskoðun, eftir tillögum dýralækna til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim, sem taldir eru í 1. gr., er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með merki því, sem til er tekið í nefndri grein.

Sömuleiðis er óheimilt, að taka upp eða nota þau merki á kjöt, er svo eru lík að lit og lögun, að hætt sje við að um verði vilst.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, alt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar er brotið.

Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **249. Frumvarp**

til laga um verðtoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum vörum, er flytjast til Íslands frá útlöndum, hvort heldur verzlunarvörum eða öðrum vörum, skal viðtakandi greiða gjald í landssjóð, 3 af hundraði af hreinni verðhæð vörunnar í umbúðum.

Undanþegið verðtolli er, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna og bækur og blöð. Svo eru og undanþegin tollinum skip, sem siglt er hingað til lands.

2. gr.

Tollinn skal ákveða eftir kaupreikningi (faktura), er ávallt fylgi vörusendingu hverri, enda sje höfð hliðsjón af vöruskrá skips, tilvísunarbrjefum og öðrum skipsskjölum, og viðtakandi skyldur að láta tollheimtumanni í tje drengskapar- og samviskuvottorð um vöruna. Tollheimtumanni er heimilt að skoða kaupreikninga og verslunarbækur viðtakanda á heimili hans eða skrifstofu.

Skipstjóra er skylt áður en byrjað er að flytja vörur úr skipi að láta tollheimtumanni í tje staðfest eftirrit af vöruskrá skipsins og æru- og samviskuvottorð um, að hann hafi ekki meðferðis aðrar vörur en taldar eru á skránni.

3. gr.

Nú fylgir kaupreikningur ekki vörusendingu eða vöru er ekki getið í kaupreikningi, og skal þá tolldheimtumaður eða umboðsmaður hans kyrsetja vöruna á kostnað viðtakanda þangað til kaupreikningur er sýndur, nema því að eins að viðtakandi setji tryggingu, sem tollheimtumaður telur nægja.

Nú kemur kaupreikningur ekki fram, enda viðtakanda ekki sök á því gefandi, og metur tollheimtumaður þá vöruna til verðs, nema viðtakandi æski mats á venjulegan hátt.

Sanni viðtakandi eftir á, að matsverðið sje of hátt, skal endurgreiða honum toll af mismun matverðs og sannverðs.

4. gr.

Nú þykir verð á vöru óeðlilega lágt, og skal þá meta vöruna á sama hátt og segir í 3. gr.

Nú reynist verð í kaupreikningi sett of lágt í undandráttarskyni, og greiðir viðtakandi þá þrefaldan toll af upphæð þeirri, er reynt var að draga undan.

5. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um tollheimtuna, og má það meðal annars ákveða, að póstmenn hafi á hendi tollheimtu og reikningsskil fyrir toll af vörum þeim, sem sendar eru sem póstsendingar.

Stjórnarráðið löggildir umboðsmenn tollheimtumönnum til handa, og skal þess gætt, að þeir fáist ekki við verslun. Stjórnarráðið setur umboðsmönnum erindisbrjef, og skal meðal annars tiltekið í því, hver þóknun þeirra sje, en hún má vera alt að 1% af tolli þeim, er þeir innheimta. Umboðsmennirnir skulu vinna skriflega eið að sýslan sinni, og sæta ábyrgð samkv. 13. kap. hegningarlaganna fyrir brot á starfskyldum sínum.

6. gr.

Tollheimtumanni bera 3 af hundraði sem innheimtulaun.

7. gr.

Nú sýnir viðtakandi eigi kaupreikning, og er það sjálfrátt eða verð reynist of lágt sett í undandráttarskyni, og sætir viðtakandi þá, auk áður nefndra viðurlaga, alt að 1000 kr. sekt.

8. gr.

Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna svo sem til er tekið í lögum nr. 54, 11. júlí 1911, að svo miklu leyti sem þau eiga við, og um skil fyrir henni eftir reglugjörð 13. febr. 1872 um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi.

9. gr.

Brot á lögunum sæta meðferð almennra lögreglumála og sektir renna í landssjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til ársloka 1915.

Ed. **250. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna (þingskj. 238).

Flutningsmenn: Jósef Björnsson, Björn Þorláksson, Guðjón Guðlaugsson, Jón Jónatansson, Þórarinn Jónsson.

1. gr. verði svo hljóðandi:

Alþingismenn skulu hafa 8 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á alþingi, og fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til alþingis og frá alþingi heim aftur.

Enn fremur skulu alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur fá 2 kr. aukaþóknun daglega meðan þeir dvelja á þingstaðnum.

Nd. **251. L ö g**

til laga um sölu á eggjum eftir þyngd.

1. gr.

Allir, sem egg selja, hvort heldur framleiðendur eða kaupmenn, skulu selja eggin eftir þyngd, þannig að verðið sje miðað við þyngdina, nema kaupandi og seljandi komi sjer saman um sölu eftir tölu.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum 5 til 50 kr., er renna í landssjóð.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal með fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **252. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 31, 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef þjóðjörð eða kirkjujörð, er seld hefir verið ábúanda, samkv. lögum nr. 30, 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða, og samkv. lögum nr. 50, 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, gengur úr sjálfsábúð, og eigandi óskar að selja jörðina, en hvorki viðtakandi nje hlutaðeigandi sveitarfjelag notar kauparjett sinn, skal jafnan skylt að bjóða landsstjórninni kaup á jörðinni fyrir landssjóð, er þá hefir forkaupsrjett.

2. gr.

Nú tilkynnir eigandi eða annar fyrir hans hönd landsstjórninni, að jörð sje til sölu samkv. 1. gr., og skal landsstjórnin hafa tilkynt hlutaðeigandi innan 2 mánaða, hvort hún vill að landssjóður neyti kauprjettar síns. Sje svar hennar játandi, gerir hún jafnframt ráðstafanir til að mat fari fram samkv. tilvitn. lögum, svo fljótt, sem hún álítur gerlegt, og skal því matsverði venjul. hlýtt. Landssjóður kostar matið. Þó skal seljanda heimilt, fái hann hærra boð annarstaðar frá, að sæta því, vilji landsstjórnin ekki sinna því verði.

3. gr.

Sje jörð seld öðrum en viðtakanda eða sveitarfjelaginu, án þess að landsstjórninni hafi verið gert viðvart samkv. 1. gr., er landsstjórninni heimilt að rifta sölunni, og kaupa fyrir sama verð og jörðin var þá síðast seld fyrir.

Nd. **253. Breytingartillaga**

við till. m i n n i h l u t a n s í málinu um Thore-samninginn (235).

Frá Jóni Ólafssyni.

Við 1. till. (í upphafi):
Í stað: »Alþingi gefi Thore-fjelaginu upp«, komi:
Alþingi veiti stjórninni heimild til að gefa Thore-fjelaginu upp.

Ed. **254. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ritsíma- og talsímkerfi Íslands (þingskj. 222).

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson.

1. Við 4. gr.
   Eftir orðið: »Súgandafjarðar« komi: Reykjafjarðar í Strandasýslu.

2. Við 9. gr.
   a. Eftir orðið: »hreppurinn« í 2. línu að ofan, komi: og hlutaðeigandi sýslufjelag að sínum helmingi hvort.
   b. Eftir orðin: »þá á ný« í 2. línu að neðan, komi: ásamt hlutaðeigandi sýslufjelagi.

Nd. **255. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsetrinu Presthólum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Halldóri prófasti Bjarnarsyni prestsetrið Presthóla í Núpasveit með hjáleigunni Katastöðum fyrir það verð, er óvilhallir dómkvaddir menn meta, samkvæmt 7. og 8. gr. laga 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, þó eigi undir 4000 kr. Að öðru leyti gilda um sölu þessa ákvæði 3., 13. og 15. gr. fyrgreindra laga.

Ed. **256. Breytingartillögur**

við frumvarp til viðaukalaga við tolllög fyrir Ísland frá 11. júlí 1911.

Frá flutningsmönnum.

1. Við 1. gr. Fyrir: »2 kr.« komi: kr. 1,50.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin: »í landhelgi« í síðara skiftið, komi: á höfnum inni.

Ed. **257. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland (á þskj. 193).

Mál þetta hefir sætt rækilegri meðferð í hv. neðri deild og frumvarpið hlotið samþykki hennar með miklu atkvæðamagni.

Nú hefir undirrituð nefnd, er háttv. efri deild vísaði málinu til, haft það til íhugunar og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje áhorfsmál að neyta beri þessa færis, til að afla landssjóði svo verulegs tekjuauka, sem hjer er í boði, er samkv. frumv. nemur sem næst kr. 200,000 á ári að minsta kosti.

En með því að sú verslun, sem hjer ræðir um að lögleyfa, er nýmæli hjer á landi, og nokkurri fjárhættu bundin fyrir kaupendur hlutanna, telur nefndin varhugavert, að hafa hjer á landi á boðstólum alt að 5 fyrstu árin, meðan landsbúar venjast þessari nýjung og átta sig á henni, svo marga hluti, sem 2. grein frv. heimilar, og væntir þess að stjórn Íslands, er til leyfisveitingarinnar kemur, takmarki þá hluta tölu að miklum mun.

Þar sem nefndin álítur frumvarpið vel úr garði gert, og hefir fengið þá vitneskju, er næst stappar vissu um, að fyrirtækið komist í framkvæmd á næsta ári, verði frumvarpinu ekki breytt, ræður hún háttvirtri deild eindregið til að samþykkja það óbreytt.

Efri deild Alþingis 15. ágúst 1912.

Jens Pálsson,
skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson,
formaður.

Sigurður Stefánsson. Stefán Stefánsson. Þórarinn Jónsson.

Nd. **258. Tillaga**

til þingsályktuna.

Frá strandferðanefndinni
(meiri hlutanum).

Neðri deild alþingis lýsir því yfir að hún veitir samþykki til þess:

1. Að Thorefjelagið sje leyst frá samningi þess 7. ágúst 1909 frá lokum þessa árs.

2. Að stjórninni sje falið að leita fyrir sjer um samninga, hvar sem hún getur, um strandferðir, svo góðar sem kostur verður á, án þess að verja til þess meiru fje en svo, að eigi fari að stórum mun fram úr 40,000 krónum.

Ed. **259. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna (þskj. 238).

Flutningsm.: Jón Jónatansson.

Við 2. gr. 22. lið. Í staðinn fyrir: »280« komi: 190.

Nd. **260. Nefndarálit**

í málinu um vátrygging og líftrygging sjómanna.

Vjer, sem háttvirt neðri deild Alþingis skipaði í nefnd til að athuga frumvörp þau, er komið hafa fram um þetta efni, höfum haldið með oss nokkra fundi, og höfum komist að þeirri niðurstöðu, að þetta mál sje svo umfangsmikið, að engin tök sje að ráða því til lykta á þessu þingi.

Frumvörp þau, er fyrir liggja, eru svo sundurleit, að engin leið er að sameina þau, með því annað þeirra fer því fram, að iðgjöldin sjeu hækkuð, en útborgun úr vátryggingarsjóði haldist óbreytt. Hitt frumvarpið gengur í gagnstæða átt, með því það vill, að iðgjöldin hækki að miklum mun og útborgun sjóðsins að sama skapi. Það gerir og ráð fyrir, að allir, er sjó stunda, þótt um skamman tíma sje, skuli kaupa líftryggingu fyrir alt árið og að iðgjöld og útborganir sje jafnt hjá öllum. Þetta virðist oss geta valdið misrjetti, en höfum eigi getað, svo stuttan tíma, sem vjer höfum til fundarhalda, komið oss niður á, hvernig slíku yrði haganlegast fyrirkomið.

Herra Tryggvi Gunnarsson, sem mætti á einum nefndarfundi með oss, skýrði oss frá, að hann hefði fengið brjef úr ýmsum áttum, einkum frá þeim sjómönnum, er sjó sækja á róðrarbátum, er lýstu megnri óánægju yfir því, hve há væri iðgjöld þau, er nú eru lögboðin. Þetta virðist benda í þá átt, að þörf sje á sjerstökum lögum handa slíkum mönnum, en naumast mundi þó unt, að fara að óskum þeirra, hvað lækkun iðgjaldsins snertir.

Þar, sem einhver áhugi er fyrir þessu máli, og hann er talsvert almennur meðal hinnar eiginlegu sjómannastjettar, eru menn þeirrar skoðunar, að sjómenn þurfi að leggja á sig mun meiri gjöld enn nú, til þess að váttryggingarsjóðurinn geti greitt eftirlifandi námennum þeirra styrk, sem nokkru verulegu muni.

Þá hefir það og þótt annmarki á hinum gildandi lögum, að líftryggingarskyldan sje eigi nægilega ströng, og því hafi óhæfilega margir menn farist í sjó, án þess að vera líftrygðir.

Enn hefir það og þótt að gildandi lögum, að engin ákvæði eru í þeim um slysaábyrgð, sem þó virðist allnauðsynlegt.

Þá hafa menn fundið það, að gildandi lögum, að úthorgun fjelli til útarfa eftir erfðalögunum, þar sem hún að eins ætti að falla til ómegðar hins líftrygða, með því tilgangur laganna væri sá meðfram að ljetta á hreppa- og bæjarfjelögum.

Þá er og óneitanlega nokkur óánægja með það, að útgerðunum sje óþarflega mikið íþyngt með lögunum, og það mundi því all-óvinsælt meðal útgerðarmanna, að útborgun þeirra hækkaði að sama skapi sem þeirra sjómanna, er

tryggja líf sitt í sjóðnum. Hinsvegar álítur nefndin, að þeir ættu að leggja drjúgan skerf til slysaábyrgðar, í samræmi við það, sem vinnuveitendur gjöra um allan heim.

Loks hefir því verið hreyft á ýmsum stöðum, að landssjóður ætti að styrkja slíkan ábyrgðarsjóð, eigi að eins með ábyrgð, ef sjóðinn þryti, heldur og með árlegu fjárframlagi.

Af því, sem nú hefir sagt verið, sjest ljóslega, að þetta er of yfirgripsmikið mál til þess, að nokkur von sje til að því verði ráðið til viðunanlegra lykta á þessu þingi, og hefir nefndin því orðið ásátt um, að skjóta málinu til landsstjórnarinnar með tillögu til þingsályktunar, er hún ber fram á sjerstöku þingskjali.

Neðri deild Alþingis 14. ágúst 1912.

Stefán Stefnánsson, Eyf., formaður.	Matth. Ólafsson, skrifari og framsögum.

Guðl. Guðmundsson. Jón Magnússon. Halldór Steinsson.

Nd. **261. Tillaga**

til þingsályktunar um líftrygging sjómanna.

Frá nefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um líftrygging sjómanna, og að hún við samning slíks frumvarps taki til ihugunar:

1. hvort eigi sje unt að gera líftryggingarskylduna víðtækari en hún er nú.
2. hvort eigi sje tiltækilegt, að hækka iðgjöldin og þar af leiðandi útborgun úr sjóðnum að mun frá því, sem nú er.
3. hvort eigi sje unt að taka upp í slíka löggjöf ákvæði um slysa-ábyrgð og uppbót fyrir atvinnutjón.
4. hvort eigi mundi rjettara að ákveða, að útborgun úr sjóðnum fjelli til þeirra einna, er hinum líftrygða var skylt að annast að lögum, þar með talin óskilgetin börn á ómaga-aldri, en systkini alls ekki.
5. hvort eigi væri tiltækilegt, að landssjóður styrkti sjóðinn með árlegu fjárframlagi, og
6. hvort eigi væri ástæða til að hafa sjerstaka líftrygging handa þeim, er stunda sjó eingöngu á róðrarbátum.

Nd. **262. Frumvarp**

til laga um kaup og útgerð tveggja strandferðabáta.

[Frá minni hluta strandferðanefndarinnar].

1. gr.

Stjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir landssjóðs hönd strandferðabátana »Austra« og »Vestra« fyrir samtals alt að 340,000 krónur.

2. gr.

Bátunum skal haldið úti á landssjóðs kostnað til strandferða í kringum landið, og sigla þeir eftir ferða-áætlun er stjórnin býr út með ráði alþingis. Þó býr stjórnarráðið út ferða-áætlunina fyrir sumarið 1913.

3. gr.

Stjórnin semji við afgreiðslumann í Reykjavík að annast um rekstur bátanna, hafa á hendi reikningshald og afgreiðslu í Reykjavík, leggja til hús til afgreiðslu, og útvega afgreiðslumenn úti um land, alt gegn þóknun er stjórnarráðið semur um.

Skal afgreiðslan í Reykjavík senda stjórnarráðinu mánaðarlega reikning yfir tekjur og gjöld útgjörðarinnar og sýna bækur sínar þar að lútandi, hvenær sem krafist er.

4. gr.

Stjórninni veitist heimild til að taka alt að 400,000 kr. lán til skipakaupanna, og reksturskostnaðar.

Ennfremur veitist henni heimild til að nota það af strandferðatillagi í núgildandi fjárlögum, er með þarf til útgerðar bátanna.

5. gr.

Takist stjórninni að semja við innlent eða erlent gufuskipafjelag, um hentugar strandferðir fyrir lok októbermánaðar næstkomandi, fellur heimild þessi niður.

Nd. **263. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá minni hluta strandferðanefndarinnar.

1. Að Alþingi gefi Thorefjelaginu upp samning sinn með þeim skilyrðum:
   a) að fjelagið fari nokkrar ferðir eftir ákvörðun stjórnarráðsins milli Lübeck og Kaupmannahafnar á millilandaskipum sínum,

b) að fjelagið annaðhvort leigi landssjóði skipin Austra og Vestra næsta ár með því verði, er landsstjórnin telur aðgengilegt, eða selji landssjóði skipin þannig, að landssjóður gangi inn í kaup fjelagsins á þeim með þeim skilyrðum um afborganir o. s. frv., sem fjelagið nýtur nú sjálft.

2. Að landssjóður leigi eða kaupi skipin Austra og Vestra, og haldi þeim út á landssjóðs kostnað, og sje landstjórninni heimilt að nota til þess þá fjárupphæð, sem nauðsynleg er, og fá þá upphæð að nokkru eða öllu að láni, ef á þarf að halda.

Nd.

264. Þingsályktunartillaga

lútandi að ýmsum ríkisrjettindum Íslands, er viðurkend verða að teljast af danska löggjafarvaldsins hálfu.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Bjarni Jónsson, frá Vogi, Benedikt Sveinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar:

A, að lýsa yfir því:

I. *að* þar sem danska löggjafarvaldið hefir — í 3. gr. stöðulaganna frá frá 2. janúar 1871 — *viðurkent:*

a, *að* »fiskiveiðarnar« sjeu íslenskt sjermál, þá hefir það og þar með viðurkent, að það sje *íslenska löggjafarvaldið* er *eitt* ræður allri lagasetningu, er að fiskiveiðum í landhelgi Íslands lýtur, — og ræður því þá og einnig, *hvort* og *hve lengi* þegnar Danakonungs, sem ekki eru búsettir á Íslandi, njóta jafnrjettis við Íslendinga í þeirri grein, sem og hvort endurgjaldslaust skuli vera, eða gegn endurgjaldi.

b, *að* meðan íslenska löggjafarvaldið lætur þegna Danakonungs, sem ekki eru búsettir á Íslandi, njóta jafnrjettis við Íslendinga, að því er til fiskiveiðanna í landhelgi Íslands kemur, þá eru strandvarnir Dana hjer við land eigi að eins í þágu Íslendinga framkvæmdar, heldur og í þágu annara, fyrgreindra þegna Danakonungs.

c, *að* meðan svo hagar, sem nú er, að því er til fyrgreinds jafnrjettis, hvað fiskiveiðarnar snertir, kemur, *verður* þá og að líta svo á, sem ríkissjóður Dana framkvæmi landhelgisvörnina alls eigi endurgjaldslaust.

II. *að* þar sem danska löggjafarvaldið hefir — í 3. gr. stöðulaganna — enn fremur *viðurkent,* að »verslunin« sje íslenskt sjermál, þá felst þar í:

a, *viðurkenning* þess af danska löggjafarvaldsins hálfu, að það sje þá og á valdi íslenska löggjafarvaldsins *eins,* að skipa íslenska verslunarræðismenn (»konsúla«) í öðrum löndum, er svo sýnist, og ráða öllu, er þar að lýtur.

b, felst og þar í: *loforð* — eða skuldbinding — af hálfu danska löggjafarvaldsins, að hlutast til um, að engin mótspyrna, eða fyrirstaða, verði, ef til kemur, af annara ríkja hálfu, að því er snertir viðurkenningu íslenskra konsúla, sem slíkra.

III. *að* þar sem danska löggjafarvaldið — í 3. gr. nefndra stöðulaga —, hefir enn fremur *viðurkent,* að »siglingarnar« sjeu íslenskt sjermál, þá felst og þar í:

a, *viðurkenning* þess af danska löggjafarvaldsins hálfu, að það sje íslenska löggjafarvaldsins eins, en eigi annara, að kveða á um það, hvaða *fána* Ísland skuli hafa á skipum sínum, hvar í heiminum sem stödd eru.

Sbr. þá og — hinu sama til enn frekari styrkingar — orðið »verslun« í nefndri grein stöðulaganna.

b, felst og í tjeðu ákvæði stöðulaganna (»siglingar«) *loforð* — eða skuldbinding — af danska löggjafarvaldsins hálfu í þá átt, að það ætli sjer að sjá um, að ekki verði á neinn hátt nokkur fyrirstaða, af annara ríkja hálfu, að því er snertir alþjóðlega viðurkenningu íslenska fánans, er til kemur.

IV. *að* þar sem danska löggjafarvaldið hefir — í 3. gr. stöðulaganna frá 2. janúar 1871 — *viðurkent,* að »lögreglumálefnin« sjeu íslenskt sjermál — sbr. þá og: viðurkent »fiskiveiðarnar« íslenskt sjermál að vera —, þá felst þar í:

a, *viðurkenning* þess af danska löggjafarvaldsins hálfu, að það sje íslenska löggjafarvaldið, sem eitt á að ráða öllu, að því er strandvarnirnar (gæslu fiskiveiðanna m. m.) snertir.

b, felst þar í: *loforð* — eða skuldbinding — af danska löggjafarvaldsins hálfu, að hlutast skuli til um, eða ætli sjer að sjá um, að ekki verði á neinn hátt nein fyrirstaða, af hálfu annara ríkja, gegn því, að Ísland geti framkvæmt þetta vald sitt á þann hátt, sem íslenska löggjafarvaldinu þykir best henta.

V. *að* þar sem danska löggjafarvaldið hefir ennfremur *viðurkent* — sbr. oftnefnda grein stöðulaganna —, að »atvinnuvegirnir« sjeu yfirleitt íslenskt sjermál — (sbr. og »vegir og póstgöngur á Íslandi«) —, þá felst þar í:

a, *viðurkenning* þess af danska löggjafarvaldsins hálfu — sem og leiðir af hlutarins eðli —, að um loftskeytastöðvar hjer eigi íslenska löggjafarvaldið *eitt* atkvæði, — þ. e. ráði eigi að eins öllu um það, hvar reisa megi á Íslandi, heldur og öllu um hagnýtingu þeirra, hvort er um skeytasendingar innan lands eða til annara landa ræðir.

b, *að* í viðurkenningu þess, að »atvinnumálin« — sbr. og hið annað, sem vitnað var í hjer að ofan — sjeu íslensk sjermál, felst þá og *loforð* — eða skuldbinding — af danska löggjafarvaldsins hálfu, að sjá skuli um, að Ísland geti — alfyrirstöðulaust af öðrum þjóðum — hagnýtt tjeðan, af danska löggjafarvaldinu viðurkenda, rjett sinn.

VI. *að* þar sem danska löggjafarvaldið hefir í stöðulögunum frá 2. janúar 1871 *viðurkent,* að Ísland hafi »sjerstök landsrjettindi«, sem og, að það hafi »sjerstakleg málefni« — sbr. 1. og 3. gr. stöðulaganna —, og *þar sem* í 1. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874 (gefin Íslendingum af kgl. einveldi) enn fremur er *viðurkent,* að í »sjerstaklegu málefnunum« hafi Ísland »löggjöf sína, og stjórn, út af fyrir sig«, þá leiðir af þessu:

a, *viðurkenningu* þess af danska löggjafarvaldsins hálfu, að *af sjermálum Íslands eigi danskir ráðherrar alls engin afskifti að hafa, nje heldur eigi þeir nokkurt atkvæði um þau.*

b, felst þá og í fyrgreindu *loforð* — eða skuldbinding — í þá átt, að sjeð skuli um, að svo verði hagað, sem í næsta stafliðnum hjer á undan segir.

B, Enn fremur ályktar þingdeildin:

að skora á ráðherra Íslands, að gera danska löggjafar- og framkvæmdar-valdinu, sem og dönsku þjóðinni framanskráða ályktun þingdeildarinnar kunna.

Nd. **265. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 8 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi og fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til alþingis og frá alþingi heim aftur.

Enn fremur skulu alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur fá 2 kr. aukaþóknun daglega meðan þeir dvelja á þingstaðnum.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, sem hjer segir:

1.	Úr Suður-Múlasýslu	kr.	180,00
2.	— Norður-Múlasýslu	—	190,00
3.	— Seyðisfirði	—	110,00
4.	— Norður-Þingeyjarsýslu	—	170,00
5.	— Suður-Þingeyjarsýslu	—	160,00
6.	— Eyjafjarðarsýslu	—	130,00
7.	— Akureyri	—	80,00

8.	Úr	Skagafjarðarsýslu	kr.	120,00
9.	—	Húnavatnssýslu	—	120,00
10.	—	Strandasýslu	—	120,00
11.	—	Norður-Ísafjarðarsýslu	—	80,00
12.	—	Ísafirði	—	50,00
13.	—	Vestur-Ísafjarðarsýslu	—	60,00
14.	—	Barðastrandarsýslu	—	70,00
15.	—	Snæfellsnessýslu	—	60,00
16.	—	Dalasýslu	—	60,00
17.	—	Mýrasýslu	—	50,00
18.	—	Borgarfjarðarsýslu	—	50,00
19.	—	Gullbringu- og Kjósarsýslu	—	20,00
20.	—	Árnessýslu	—	70,00
21.	—	Rangárvallasýslu	—	90,00
22.	—	Vestur-Skaftafellssýslu	—	190,00
23.	—	Austur-Skaftafellssýslu	—	340,00
24.	—	Vestmannaeyjum	-	20,00
25.	—	Danmörku	-	190,00

3. gr.

Nú verður tálmi á þingför alþingismanns af ís, slysum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum, og á hann rjett til endurgjalds á þeim kostnaði, er þar af leiðir.

4. gr.

Sameinað alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forseti í hlutaðeigandi deild ávísar upphæðunum.

5. gr.

Útgjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr landssjóði.

6. gr.

Með lögum þessum er 37. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi feld.

Ed. **266. Lög**

um stækkun verslunarlóðarinnar á Flateyri við Önundarfjörð.

Verslunarlóð Flateyrarkauptúns í Önundarfirði skal taka yfir allan Flateyrarodda, út að Klofningshrygg og inn að Merkislæk, milli fjalls og fjöru.

Nd. **267. Framhaldsnefndarálit**

um frumvvarp til laga um samþyktir um mótak.

Nefndin í samþyktamálinu hefir nú athugað breytingar þær, sem efri deild hefir gert á frumvarpi þessu, og eru þær eiginlega tvær. Sú fyrri, að samþyktarsvæði (í 1. gr.) sje takmarkað við einn hrepp, og hin síðari, að skorða atkvæðisrjettinn í þessum málum (í 2. gr.) við þá eina, sem bæði eru atkvæðisbærir í sveitamálum og jafnframt hafa umráð yfir mótaki.

Þessar breytingar þykja okkur fremur en hitt til bóta, og mælum með frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi 15. ágúst 1912.

Ólafur Briem, formaður. Pjetur Jónsson, skrifari.

Stefán Stefánsson, Eyf. Sigurður Sigurðsson. Guðl. Guðmundsson.

Nd. **268. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sölu á prestsetrinu Presthólum (þingskj. 255).

Frá: Sigurði Sigurðssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina, sem verður 1. gr., bætist ný grein, er verður

2. gr.

Ef jörðin gengur úr sjálfsábúð, en hvorki viðtakandi nje hlutaðeigandi sveitarfjelag nota kauprjett sinn, öðlast landssjóður forkaupsrjett að henni, og hefir þá landsstjórnin heimild til að kaupa jörðina aftur fyrir sama verð og hún var seld.

Nd. **269. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Frá nefndinni.

1. Í enda 1. gr. komi ný málsgrein:

Sama forkaupsrjett hefir landssjóður á þeim jörðum, sem seldar hafa verið eftir sjerstökum lögum eða seldar verða frá árinu 1905 að telja.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, þannig:

Heimilt er ráðherra að kaupa til handa landssjóði jarðir þær, er um ræðir í lögum þessum, fyrir hæfilegt verð, að fengnum upplýsingum kunnugra manna. Kaupverðið greiðist úr sjóðum þeim, er andvirði þessara jarða áður hafði runnið í.

Stjórnarráðið gerir nauðsynlegar ráðstafanir um umsjón jarðanna.

Afgjald jarðanna gengur í sjóð þann, er verð þeirra var tekið úr.

Nd. **270. Breytingartillaga**

við breytingartillögur frá nefndinni í málinu um sölu þjóðjarða á þingskj. 269.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 2. breytingartillöguna.

Á eftir orðunum:

»er andvirði þessara jarða áður hafði runnið í«, komi:

eða úr viðlagasjóði.

Nd **271. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sölu þjóðjarða. (Þingskjal 252).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ef jörð gengur kaupum og sölum, en hvorki ábúandi nje hlutaðeigandi sveitarfjelag kaupir jörðina, skal jafnan skylt að bjóða landsstjórninni kaup á henni fyrir landssjóð, er þá hefir forkaupsrjett á jörðinni.

Nd. **272. Breytingartillögur**

við þingsályktunartillögur meiri hluta strandferðanefndarinnar.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Fyrri liður tillögunnar orðist þannig:

1. Að gefa Thorefjelaginu upp samning sinn með þeim skilyrðum:
   a) að fjelagið fari nokkrar ferðir eftir ákvörðun stjórnarráðsins milli Lübeck og Kaupmannahafnar á millilandaskipum sínum.

b) að fjelagið annaðhvort leigi landssjóði skipin Austra eða Vestra næsta ár með því verði, er landsstjórnin telur aðgengilegt, eða selji landssjóði skipin þannig, að landssjóður gangi inn í kaup fjelagsins á þeim með þeim skilyrðum um afborganir o. s. frv., sem fjelagið nýtur nú sjálft.

Síðari liður tillögunnar orðist þannig:

2. Að landssjóður leigi eða kaupi skipin Austra og Vestra, og haldi þeim út á landssjóðs kostnað, og sje landsstjórninni heimilt að nota til þess þá fjárupphæð, sem nauðsynleg er, og fá þá upphæð að nokkru eða öllu að láni, ef á þarf að halda.

Nd. **273. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við tolllög fyrir Ísland 11. júlí 1911.

Frumvarpið fer því fram, að lagður sje 10% verðtollur á hverskonar vefnaðarvöru og tilbúinn fatnað, og gerir milliþinganefndin frá 1911, sem frumvarp þetta stafar frá, ráð fyrir að innkaupsverð nefndra vara muni árlega nema um $1^1/_2$ miljón kr. Ætti bráttóhæð tollsins eftir því að nema um 150,000 kr. á ári, en frá nýnefndri upphæð býst milliþinganefndin við að draga megi um 20,000 kr. á ári til tolleftirlits: Og næmi nettóhæð tollsins þá ekki nema 130,000 kr. á ári. Milliþinganefndin gerir ráð fyrir því, að tollurinn mundi leiða til 15% hækkunar á útsöluverði hinna tollskyldu vara.

Tollurinn á að leggjast á *alla vefnaðarvöru* með sárafáum og óverulegum undantekningum og á *allan* tilbúinn *fatnað* undantekningarlaust, á höfuðfatnað, skófatnað, nærfatnað, íverufatnað, yfirhafnir og hverskonar hlífarföt á sjó og landi, svo og á hvað annað fatakyns, er maður ber á sjer.

Nú er það kunnugt, að meginþorri aðfluttrar vefnaðarvöru og nálega allur aðfluttur tilbúinn fatnaður er notaður við sjávarsíðuna. Tollurinn lenti því, eins og öll skattanýmæli milliþinganefndarinnar, aðallega á sjávarmönnum, og það mjög svo tilfinnanlega. Slitföt þau (molskinnsfatnaður), er verkamenn í Reykjavík brúka mest, kvað kosta um 8 kr., venjulegur klæðnaður almennings um 30 kr. og skór um 8 kr. Þessi almenningsfatnaður kvað mestmegnis vera keyptur tilbúinn. Sje nú miðað við áætlaða framfærslu milliþinganefndarinnar á útsöluverði, mundu 8 kr. verða að 9 kr. 20 a., 30 kr. að 34 kr. 50 a., og næmi það ekki lítilli upphæð fyrir fátæka fjölskyldu.

Til tolleftirlits gerir milliþinganefndin að ganga muni um 13% af bráttótollinum, og vill fela það *sjerstaklega launuðu tollliði*. Í Reykjavík á að vera fastlaunaður tollstjóri auk nokkurra meðhjálpara, er sjeu launaðir með hundraðsgjaldi, og utan Rvíkur á að brúka 10% af tollinum til meðhjálpar lögreglustjórum, auk 2% þeim sjálfum til handa. Nú kostar tolleftirlitið landssjóð ekki nema 2%. Hið nýja tolleftirlit yrði þannig þegar í byrjun meira en 6 sinnum dýrara. Auk þess er viðbúið, að upp úr hinum tiltölulega mjóa vísi yxi mikil sveit tollembættismanna, en með því móti hlyti mikill hluti tollteknanna, sem landssjóður

hefir aðallega lifað á, að ganga til þurðar. Loks er fyrirsjáanlegt, að tolleftirlit það sem frumvarpið byggir á, mundi *ekki koma að tilætluðum notum.*

Þá mundu hinar áætluðu hreinu tekjur, um 130,000 kr. á ári, *hvergi nærri hrökkva* til brýnustu þarfar, eftir því sem hin nýja stjórn telur hana vera.

Loks væri frumv., nú er samþykt er í deildinni frumv. um allsherjar verðtoll, *allsendis óþarft*, þótt óskaðlegt væri og aðgengilegt að öðru leyti.

Nefndin ræður því í einu hljóði háttv. deild til að fella tollviðauka-frumvarpið.

Neðri deild Alþingis 15. ág. 1912.

Eggert Pálsson, formaður	Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögum.
Bjarni Jónsson, frá Vogi.	Björn Kristjánsson.
Jón Ólafsson.	Valtýr Guðmundsson.

Þessu nefndaráliti er jeg samþykkur í öllum aðalatriðum.

Pjetur Jónsson.

Ed. **274. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson.

Efri deild Alþingis ályktar, að skilyrðum fyrir styrkveitingum úr landssjóði til búnaðarfjelaga, skuli breytt þannig, að á svæðinu fyrir vestan Gilsfjörð skuli í túnasljettum og varnarskurðum lagt þriðjungi minna í dagsverk, en annarsstaðar á landinu.

Nd. **275. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. frá 4. nóv. 1881.

Frumvarpið er eitt af skattanýmælum stjórnarinnar, og stafar eins og hin frá milliþinganefndinni um fjármál landsins.

Athugasemdir stjórnarinnar við frumvarpið eru á þessa leið:

»Um afstöðu stjórnarráðsins til þessa frumvarps, sem er óbreytt eins og það kom frá fjármálanefndinni, vísast til athugasemdanna við frumvarp til laga um einkarjett og einkaleyfi til kolasölu á Íslandi«.

Kolafrumvarpið var, eins og kunnugt er, af minnisstæðum ástæðum ekki

lagt fyrir Alþingi, enda voru ástæður stjórnarinnar fyrir því frumvarpi örstuttar, í einum 11 línum, og ekki sjerstaklega vikið að síldartollsfrumvarpinu fremur en hinum frumvörpum milliþinganefndarinnar. Þaðan verða því ekki sóttar ástæður fyrir frumvarpinu.

Og er þá að líta á »athugasemdir« milliþinganefndarinnar við frumvarpið. Þær eru á þessa leið:

»Til hægðarauka, og til þess að hafa meginmál frumv. sem stytst, er frv. þessu ætlað að verða viðaukalög við lögin um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. frá 4. nóvember 1881. Þetta fyrirkomulag er einnig í fullu samræmi við lögin um útflutningsgjald af hvalafurðum, frá 11. nóvember 1899. Gjaldhæðin á áburðar- og fóðurefnum er hjer ákveðin eins og af samskonar áburðar- og fóðurefnum, búnum til úr hvalbeinum og hvalkjöti. Hins vegar þykir ekki ástæða til að taka hærra útflutningsgjald af síldarlýsi en öðru lýsi, með því að þessi tegund er ekki verðmætari en t. d. alment þorskalýsi«.

Vjer höfum dregið hjer saman á einn stað alt það, sem stjórn og milliþinganefnd hefir lagt til þessa máls, að undanteknum örstuttum inngangi, í 12 línum, í álitsskjali nefndarinnar á undan frumvarpinu, sem er í 3 örstuttum greinum, og leyfum oss nú að skýra háttv. deild frá áliti voru.

Um búning frumvarpsins getum vjer ekki varist að geta þess, að oss finst það hefði verið eigi lítill »hægðarauki« frá almennu sjónarmiði, ef nefndin hefði búið til eitt heildarfrumvarp úr öllum gildandi ákvæðum um útflutningsgjald og bætt við það nýmælum sínum. Útflutningsgjaldslögin eru svo mörg: lög nr. 16, 4. XI. 1881; lög nr. 10, 13. IV. 1894; lög nr. 8, 6. III. 1896; lög nr. 27, 11. XI. 1899; lög nr. 45, 13. XI. 1903; lög nr. 11, 31. VII. 1907 og lög nr. 18. 11. VII. 1911, að full þörf hefði verið á að draga hin gildandi ákvæði þeirra saman í eina heild, svo sem gert hefir verið um gjöld af aðfluttum vörum, enda hefði milliþinganefnd átt að hafa best tök á því.

Það er bert af niðurlagsorðunum í athugasemdum milliþinganefndarinnar, *að* hún hefir álitið síldarlýsi gjald*frjálst*, svo sem stjórnarráðið og kvað hafa ætlað, og *að* hún hefir ætlað gjald af »almennu« (algengu) lýsi (þorskalýsi) *50* aura af tunnu hverri. En hvorttveggja er tvímælalaust rangt. Síldarlýsi er gjald*skylt* samkvæmt lögunum frá 4. nóv. 1881, sbr. 2. gr., 6. lið: »af hverri tunnu lýsis«, og gjald af öðru lýsi en hvallýsi hefir verið og er *30* aurar af tunnu hverri.

Hinsvegar erum vjer milliþinganefndinni fyllilega sammála um, að það sje »ekki ástæða til að taka hærra útflutningsgjald af síldarlýsi en öðru lýsi«, og ráðum því allir til að fella niður 1. gjaldlið 1. gr.

Og væri þá ekki annað eftir af greininni en nýmælin um 50 aura gjald »af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli eða kökum« og 20 aura gjald »af hverjum 100 kg. af áburðarefnum«. En þessar vörutegundir telur nefndin óþarft og jafnvel óheppilegt að gjaldskylda nú þegar, og eru ástæður vorar fyrir því einkum þessar: Gjaldið mundi draga landssjóð lítið, enda ekki svo mikið sem sennileg ágiskun fyrir hendi um það, hve miklu gjaldið mundi nema. Milliþinganefndin segir að eins eina verksmiðju orðna til á Siglufirði til hagnýtingar síldar í nefndu skyni, en »í ráði að stofna (líkar) verksmiðjur á Suðurlandi og Vesturlandi«. Gjaldskylding á margnefndum vörum nú gæti því jafnvel orðið til þess að *draga úr* gjaldinu til frambúðar. Þá má og benda á það, að gjald á margnefndum vörum mundi aðallega, ef ekki eingöngu, lenda á Norðmönnum. En

nú hefir landsstjórnin, sbr. þingskj. nr. 81, í huga samningsumleitanir við stjórn Norðmanna um mikilsvert efni fyrir Íslendinga, og ekki ólíklegt, að háttv. deild vilji styðja stjórnina að því máli, sbr. þingskj. nr. 234. En væri nú að nauðsynjalausu lögtekið gjald, er aðallega lenti á Norðmönnum, þá mætti ætla, að það yrði fremur til að spilla góðum undirtektum af þeirra hendi undir málaleitanir vorar, en til að greiða þeim götu.

Vjer ráðum því háttv. deild til að fella frumvarpið.

Neðri deild Alþingis, 15. ágúst 1912.

Eggert Pálsson, formaður.	Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögumaður.
Bjarni Jónsson, frá Vogi.	Valtýr Guðmundsson.
Björn Kristjánsson.	Jón Ólafsson.

Nd.

276. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. 1. gr. skal orða svo:

Landssjóður á forkaupsrjett á öllum jörðum, sem ganga kaupum og sölum. Að honum frá gengnum, sveit, þá ábúandi.

2. Við 2. gr.

Orðin »samkv. tilvitn. lögum« falli niður.

3. Við 3. gr.

Fyrir orðin: »öðrum — heimilt«, komi: án þess þeim hafi verið gert viðvart, sem forkaupsrjett eiga eftir 1. gr., er landsstjórn, sveit eða ábúanda.

4. Á eftir 3. gr. komi:

4. gr.

Heimilt skal stjórninni að verja á ári hverju 60000 krónum úr viðlagasjóði til jarðakaupa samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Frá þeim degi, er lög þessi ganga í gildi, skal óheimilt að selja nokkra þjóðjörð eða kirkjujörð.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr lögum numin lög nr. 31, 20. okt. 1905, lög nr. 50, 16. nóv. 1907, og lög nr. 30, 20. okt. 1905.

5. Fyrirsögnin skal vera:

Frumvarp til laga um kaup og sölu landssjóðs á jörðum.

Nd. **277. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsm.: Matthías Ólafsson og Skúli Thoroddsen.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skilyrðum fyrir styrkveitingum úr landssjóði til búnaðarfjelaga, skuli breytt þannig, að á svæðinu fyrir vestan Gilsfjörð skuli í túnasljettun og varnarskurðum lagt þriðjungi minna í dagsverk, en annarsstaðar á landinu.

Nd. **278. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898 og við lög 31. júlí 1907 um breytingu á lögum 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland og á tilskipun 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Ef maður, sem ekki hefir sjerstaklega verið falin landhelgisgæsla, kemur upp landhelgisbroti af hálfu útlends fiskiskips eða innlends botnvörpuskips, og færir sönnur á brotið, ber honum $^1/_{10}$ hluti af sekt þeirri, er hinum brotlega er gert að greiða, svo og af andvirði fyrir upptæka muni.

Nd. **279. Frumvarp**

til laga um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land Garðakirkju, sunnan og vestan þessara marka:

1. Bein lína úr »Balaklöpp«, við vesturenda Skerseyrarmalar í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins,
2. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
3. Úr Hádegishól, bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark, miðað frá Vífilsstöðum; — þá tekur við
4. Urriðakotsland; þá
5. Setbergsland, alt til Lækjarbotna; og loks
6. Selvogsmanna- eða Grindaskarðavegur.

Um mörk landspildu þessarar að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár um »Merki á landi Garðakirkju á Álftanesi samkvæmt máldögum og fornum skjölum« dagsettrar 7. júní 1890, og þinglesinnar 9. sama mánaðar. Undanskilið sölunni er: Hamarskotstún innan girðinga og Undirhamarstúnsblettur.

2. gr.

Landið má selja fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta, þó þannig, að kaupverðið eigi sje lægra en 52 þús. króna. Landstjórnin kveður á um alla söluskilmála.

Nd. **280. Frumvarp**

til laga um merking á kjöti.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Merki það, er lögskipaðir dýralæknar, eða aðrir dýralæknar, nota til þess að merkja kjöt, sem þeir hafa gert heilbrigðisskoðun á, og hæft er til útflutnings, skal vera blár jafnarma þríhyrningur með tölunni 1 innan í.

Rjett til að nota þetta merki hafa og þeir lögskipaðir læknar, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá lærðum lögskipuðum dýralækni hjer á landi, samkvæmt reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp.

Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir skoðun og stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 aura fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Eigi má merkja kjöt til útflutnings nefndu merki, nema kjötið sje að öllu leyti hreinlátlega meðfarið að áliti læknisins. Að öðru leyti semur stjórnarráðið nánari reglur um kjötskoðun, eftir tillögum dýralækna til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim, sem taldir eru í 1. gr., er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með merki því, sem til er tekið í nefndri grein.

Sömuleiðis er óheimilt, að taka upp eða nota þau merki á kjöt, er svo eru lík að lit og lögun, að hætt sje við að um verði vilst.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, alt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar er brotið.

Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **281. Tillaga**

til þingsályktunar um skýrslur um lífsábyrgðarfjelög.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi, Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að safna nákvæmum skýrslum um starfsemi lífsábyrgðarfjelaga þeirra, er starfa eða hafa starfað hjer á landi, og að rannsaka alt, er lýtur að stofnun innlends lífsábyrðarfjelags, og leggja skýrslur þessar og rannsóknir fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nd. **282. Þingsályktun**

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa því yfir, að hún muni ekki vera ófús á fyrir sitt leyti að fella úr gildi lög nr. 27, 11. júlí 1911, ef í móti kæmi í Noregi afnám tolls á íslensku saltkjöti og álitleg lækkun á tolli á innfluttum íslenskum hestum.

Ed. **283. Rökstudd dagskrá**

um frumv. til laga um verðtoll. Samþ. í efri deild 16. ágúst 1912.

Með því að deildin getur ekki fallist á frumvarp þetta, án stórvægilegra breytinga, er eigi ynnist tími til á því að gera, svo áliðið sem orðið er þingtímans, þá tekur hún fyrir næsta mál á dagskránni.

Nd. **284. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 53, 10. nóvbr. 1905 um viðauka við lög 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Lendingarsjóðsgjald það, sem heimilað er með lögum nr. 53, 10. nóvbr. 1905, má með samþykt ákveða alt að 2 kr. af hverjum hlut eða 2% af hlutarupphæðinni. Hundraðsgjaldið greiðist af skiftum afla, og skal formaðurinn annast greiðslu þess.

Ed. **285. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka.

Vjer, sem háttvirt efri deild kaus til að athuga frumvarp þetta, leggjum hjer fram árangurinn af starfi voru.

Frumvarpið er í 2 málsgreinum, og er það að segja um hina fyrri þeirra, að nefndin hefir klofnað í þrent um hana. Einn nefndarmanna (E. Br.) leggur til, að hún haldist, annar (G. G.) vill breyta henni þannig, að í stað orðanna: »í Suður-Múlasýslu« komi: á Austfjörðum. Þriðji (B. Þ.) vill fella greinina, og ekki hrófla við þeim lagaákvæðum sem nú eru.

Rök fyrir þessum 3 ólíku tillögum þykir ei hlýða að telja hjer, og verða þau að bíða framsögunnar og umræðanna um málið.

Um síðari lið frumvarpsins hefir nefndinni komið saman.

Hún álítur að ekki geti komið til mála, að Landsbankinn fari nú eða í nálægri framtíð að setja upp reglulegt útibú erlendis. Til þess væru engin tæki, og bankanum stæði miklu nær að koma upp nægilegum útibúum í landinu sjálfu.

En aftur á móti verður þess ekki dulist, að hagfelt gæti verið fyrir bankann að setja upp kostnaðarlitla afgreiðslustofu í útlöndum, ef því yrði komið við.

En þá framkvæmd um afgreiðslustofu erlendis vill nefndin binda samþykki landsstjórnarinnar, eins og lögin frá 18. sept. 1885 binda það samþykki landshöfðingja, að »aukabankar« fyrir utan Reykjavík væru settir á stofn.

BREYTINGARTILLÖGURNAR

verða þá þessar:

1. Fyrri málsgreinin falli burt. B. Þ.
2. Fyrir orðin: »í Suður-Múlasýslu«, komi: á Austfjörðum. G. G.
3. Fyrir orðin: »Svo er . . . eða« komi: Svo er og bankanum heimilt, með samþykki ráðherra, að setja upp

Efri deild Alþingis 16. ágúst 1912.

Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
formaður.	skrifari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **286. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir (þingskj. 258).

Frá Matthíasi Ólafssyni.

Við 2. gr. Á eftir orðunum: »svo góðar, sem kostur er á« komi: og að hún megi verja til þess alt að 60,000 krónum.

Nd. **287. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög frá 11. nóv. 1899, nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

Frumvarp þetta er allmjög breytt frá því, sem það var, er það fór úr þessari háttv. deild.

Breytingar þær, er háttv. efri deild hefir gert á frumvarpinu miða að því, að færa það nær því, sem það var upphaflega.

Nefndin telur breytingarnar fremur til bóta, og ræður því háttv. neðri deild til að samþykkja frumv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 16. ágúst 1912.

Jón Magnússon,	Matth. Ólafsson,
formaður og framsögumaður.	skrifari.

Sigurður Sigurðsson.

Ed.

288. Nefndarálit

um frumvarp til laga um öryggi báta og skipa.
— — — — — eftirlit með þilskipum og opnum vjelaskipum og
— — — — — breyting á lögum nr. 25, 3/10 1903 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða og vöruflutninga.

Frumvarpið til laga *um öryggi skipa og báta* er stjórnarfrumvarp, og var það fyrst lagt fyrir Alþingi 1911. Tilgangur þess er að sporna við tjóni af sjóferðum og krefjast ýmsra varúðarreglna er skip verða að gæta. Hafa Englendingar fyrstir manna sett lög um þetta efni, er þó aðallega lúta að millilandasiglingum og snerta sjerstaklega útbúnað fólksflutningaskipa, hleðslumerki kaupskipa o. s. frv. Hafa aðrar þjóðir neyðst til, er viðskifti hafa við England að taka upp svipuð ákvæði, til þess að komast hjá kostnaði og töf er af eftirlitinu mundi annars leiða í enskum höfnum.

Í frumvarpi þessu er eigi eingöngu farið eftir hinum ensku reglum í þessu efni, heldur er einnig tekið tillit til löggjafar um samskonar efni á norðurlöndum. T. d. er fyrsta grein frumvarps þessa tekin eftir 2. gr. hinna norsku laga um eftirlit með skipum frá 9. júní 1903. Með hliðsjón á grein þessari verða svo í aðalatriðinu reglur þær að byggjast, sem gert er ráð fyrir, að settar verði með konunglegum tilskipunum samkv. 4. og 6. gr. Sama er að segja um 2. gr., sem er samhljóða gildandi ákvæðum hjá öllum norðurlanda þjóðunum.

Í frumvarpinu er nokkur skilgreining milli innanlands- og utanlands siglinga, og er sú skilgreining nauðsynleg svo ólíkt sem á stendur í ýmsum atriðum um þetta tvent. Er þess vegna gert ráð fyrir að sín tilskipunin verði sett fyrir hvert um sig. En auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir, að eftirlit verði sett með smærri fleytum, nfl. þiljubátum, sem eru minni en 15 tons að rúmmáli, vjelabátum og fleytum, sem skipshöfnin býr ekki um borð í að staðaldri, heldur hafa daglegar samgöngur við land.

Þá er frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 25 — 3. oktbr. 1903 um eftirlit með þilskipum. Breyting sú, er frumvarp þetta fer fram á, er fólgin í því að lögskrá megi á skipið, áður en skoðunargerð hefir framfarið. Er breyting þessi í samræmi við ákvæðin um ráðningu skipverja, sem stungið er uppá í siglingalagafrumvarpinu. Þykir það hentugra, eins og ástatt er hér á landi og tíðkast hefir, að geta ráðið skipverja nokkru áður en skipið er tilbúið, og er þá jafnframt nauðsynlegt, að hafa ráðninguna lögformlega strax. Hinsvegar getur skoðunargerðin, ef til vill, ekki farið fram fyr en skipið er tilbúið, og verður þá lögskráning eins og nú er ástatt að bíða síðustu stundar. Nefndin sjer ekkert athugavert við þessa breytingu, og leggur því til, að hún verði samþykt. En með því að nefndinni hefir einnig borist annað frumvarp frá Nd., sem einnig er um eftirlit með þilskipum og opnum vjelabátum og ætlað er að koma í stað gildandi nýnefndra laga um sama efni, þá álítum vjer hentugast að steypa þessum tveim frumvörpum saman og skeyta þau framan við »Frumvarp um öryggi báta og skipa«, þannig að þau verði sjerstakur kafli í lögum þessum, sem vjer viljum nefna »Frumvarp til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra«. Liggur það í augum uppi, að svo skyld sem frumvörp þessi eru hvort öðru, þá eigi þau að mynda eina heild, en ekki

að vera gefin út á stangli, eða sitt í hvoru lagi. Er þá þar með lagt til, að lögin frá 1903 um eftirlit með þilskipum o. s. frv. sjeu úr gildi feld.

Væntum vjer, að háttv. Ed. geti fallist á þessar breytingar vorar, sem óneitanlega eru til stórra bóta, og miða að því að tryggja betur líf og eignir manna, en nú á sjer stað.

Leyfum vjer oss því að bera fram eftirfarandi

VIÐAUKA- OG BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um öryggi skipa- og báta:

1. Við fyrirsögn frumvarpsins.
   Fyrirsögn frumv. orðist svo: Frumvarp til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

2. Framan við frumvarpið komi nýr kafli svohljóðandi:

I. Um eftirlit með skipum og bátum.

1. gr. Hver sá maður eða fjelag, sem gerir út skip til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskiveiða hjer við land, sje það svo stórt, að það sje lögskráningarskylt samkv. 75. gr. siglingarlaganna, og skipshöfnin hafi aðsetur um borð í því, skal láta skoða skipið af þar tilkvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má skipið ekki leggja út fyr en skoðunargerð hefur fram farið eftir lögum þessum.
   Skipstjóra skal skylt að sjá um, að skoðun þessi fari fram.

2. gr. Nú vanrækir skipstjóri að sjá um að lögleg skoðunargerð sje framkvæmd, án vitundar útgerðarmanns, og leggur hann út á skipinu óskoðuðu, skal hann fyrir það sæta sektum samkv. 14. gr., en sje það á vitund eða með vilja útgerðarmanns, að skoðun hafi verið vanrækt, skal hann greiða sektina.
   Farist skip, sem lögleg skoðunargerð hefir ekki verið framkvæmd á, eða því hefur hlekst á, svo tjón hefir afhlotist, og líkur eru til að tjónið stafi af óforsvaranlegum útbúnaði, er útgerðarmaður skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna.

3. gr. Skoðunin skal að jafnaði fram fara, þegar skipið er tómt, ef því verður við komið, áður en varningur er látinn í það, svo að skoðunargerðin geti jafnt fram farið innanborðs sem utan, Sjeu skoðunarmenn ókunnugir skipi því, er skoða á, eða þeir telja uggvænt um, að skipið sje í góðu standi neðansjávar, er þeim heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta að skipið sje sett á land. Beri skoðunarmenn ekki fult skyn á einhver þau atriði, er að skoðunargerðinni lúta, svo sem um ástand vjelarinnar, skulu þeir tilkynna það lögreglustjóra, er þá skipar 1 eða fleiri menn þeim til aðstoðar, í þeim tilfellum sem þörf er á slíkri aðstoð.

Skoðunarmenn framkvæma skoðun sína eftir því, sem lög þessi mæla fyrir, og samkvæmt þeim reglum, er settar verða með konunglegri tilskipun, samanb. 10. gr. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma skoðunargerð sína eftir bestu vitund og þekkingu, þannig að þeir geti unnið eið að henni, hvenær sem krafist verður.

Skoðunargerðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunarmönnum, en verði ágreiningur þeirra á milli, skipar lögreglustjóri oddamann.

Að skoðunargerðinni lokinni, senda skipsskoðunarmennirnir ráðningarstjóra brjeflega skýrslu um hana, og getur útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar krafist að þeir staðfesti skýrsluna með drengskaparheiti. Svo getur og útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar heimtað yfirskoðun. Skulu yfirskoðunarmenn vera 3, og vera skipaðir af lögreglustjóra fyrir hvert einstakt tilfelli. Skal úrskurður þeirra um ástand skips og útbúnað þess vera fullnaðarúrskurður. Kostnað allan við skoðunargerðina greiðir gerðarbeiðandi.

Ráðningarstjóri gerir lögreglustjóra viðvart um þau skip, sem hann hefir látið menn á, og sem kunna að hafa lagt út, en enga eða ófullnægjandi skoðunargerð sent.

Finni skoðunarmenn þá galla á skipi eða útbúnaði þess, er vanheimila samkv. lögum þessum eða tilskipunum, er settar kunna að verða, að skipið sje notað til siglinga eða fiskiveiða, mega þeir ekki láta úti skoðunarskýrslu, fyr en þeir ganga úr skugga um, að viðunanlega sje úr bætt.

Skoðunargerðin skal framkvæmd strax eftir að um hana hefir verið beðið af skipstjóra eða útgerðarmanni, svo framarlega sem gild forföll ekki hamla skoðunarmönnum.

Tefji þeir skip að nauðsynjalausu með því að framkvæma ekki skoðunargerðina, eða með því að gefa ekki skýrslu um hana, að ástæðulausu, getur útgerðarmaður komið fram ábyrgð á hendur þeim fyrir það fjártjón, er hann kann að bíða við það, að skipið hefir tafist fyrir þeirra vanrækslu í þessu efni.

4. gr. Í hverju lögsagnarumdæmi á landinu skulu vera svo margir skipsskoðunarmenn, sem þurfa þykir, og skoða þeir öll skip, sem gerð eru út eða hafa aðsetur í umdæminu.

Lögreglustjóri ákveður, hve margir skoðunarmenn skuli vera og útnefnir þá. Skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel hæfir til starfsins, sem föng eru á.

Nú er innan hjeraðs þess eða kauptúns, þar sem skipa skal skoðunarmenn, skipaábyrgðarfjelag eða sjómanna, og skulu þá nefnd fjelög mega stinga upp á helmingi fleiri skoðunarmönnum, en útnefna á, þannig, að fjelög þessi stingi upp á jafn mörgum hvort. Sje að eins eitt slíkt fjelag til, hefir það ekki uppástungurjett, en þá hafa í kaupstöðum bæjarstjórnir rjett til að tilnefna helmingi fleiri skoðunarmenn en útnefna á.

3. Við 2. gr. frumv., sem verður 6. gr.

Í stað tilvitnanarinnar »í 1. og 2. gr.« næst síðustu línu, komi: 5. og 6. gr.

4. Við 6. gr. frumv., sem verður 10. gr.

Greinin orðist svo:

Með konunglegri tilskipun skal setja ákvæði um, hvaða öryggisreglur skuli gilda um þilskip (vjelaskip eða seglskip), sem eru í förum með ströndum Íslands eða stunda fiskiveiðar við Ísland, og hvers skoðunarmenn þeir, er ræðir um í lögum þessum, eigi að gæta og skuli krefjast, áður en skip má leggja út, svo lífi manna og heilsu sje eigi frekari hætta búin á skipinu, en alment er samfara sjóferðum þeim, sem skipinu eru ætlaðar.

Í sömu tilskipun skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í herbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustu-hætti. Reglur þessar ná þó ekki til skipa, sem eru minni en 15 tons, eða sem skipshöfnin ekki hefir fast aðsetur um borð í, en liggur í landi á nóttum.

Í sömu tilskipun skal ákveðið gjald það, er skoðunarmönnum ber fyrir starfa sinn, svo og yfiskoðunarmönnum. Má það vera mismunandi eftir stærð skipa og fyrirhöfn.

Eigi má þó gefa slíka tilskipun út, fyr en fengið er álit stjórnenda Samábyrgðar og Fiskiveiðafjel. Íslands, og má hún eigi í verulegum atriðum vera strangari en þessi fjelög telja hyggilegt fyrir sjávarútveginn.

5. Við 7. gr., sem verður 11. gr.

Við 1. málsgrein bætist: og þilskip minni en 15 tons.

6. Við sömu gr.

Orðin í annari málsgrein: »og fær hann þóknun fyrir skoðunina samkv. ákvæðum 4. gr. nefndra laga 3. október 1903«, falli burt.

7. Við 9. gr., sem verður 13. gr.

Í stað »fær hún kaup samkv. 2. málsgr. 58. gr.« til enda 2. málsgreinar komi: fær hún kaup fyrir þann tíma, er hún var í skiprúmi, og að auki mánaðarkaup, nema því að eins, að skipshöfn hafi verið ráðin gegn hlut í afla, en þá er eigi afturkræft það, sem útgerðarmaður kann að hafa greitt henni fyrir fram eða um of.

8. Við 10. gr., sem verður 14. gr.

Greinin orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 2. greinar varða sektum frá 100 til 2000 krónum. En brot gegn öðrum varúðarreglum, sem settar eru í lögum þessum, svo og vanrækslu skoðunarmanna á skyldustörfum þeirra, varða sektum alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

9. Á eftir 11. gr., sem verður 15. gr., komi ný grein, svo hljóðandi:
Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, frá 3. okt. 1903.

Efri deild Alþingis 16. ágúst 1912.

Eiríkur Briem, formaður. Aug. Flygenring, skrifari og framsögum.

Jens Pálsson. Sig. Eggerz. Sigurður Stefánsson.

Ed. **289. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsetrinu Presthólum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Halldóri prófasti Bjarnarsyni prestsetrið Presthóla í Núpasveit með hjáleigunni Katastöðum fyrir það verð, er óvilhallir dómkvaddir menn meta, samkvæmt 7. og 8. gr. laga 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, þó eigi undir 4000 kr. Að öðru leyti gilda um sölu þessa ákvæði 3., 13. og 15. gr. fyrgreindra laga.

Nd. **290. Fyrirspurn**

til ráðherrrans.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Jón Ólafsson.

Mundi ráðherra eigi vera fús á að nota það, sem ónotað er (500,000 kr.) af lánsheimild þeirri, sem veitt var árið 1909, til að taka lán fyrir landssjóðs hönd til kaupa á veðdeildarbrjefum Landsbankans.

Nd.

291. Frumvarp

til yfirsetukvennalaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Engin getur orðið yfirsetukona hjer á landi, nema hún hafi staðist próf í yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík, eða konunglegu fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, eða öðrum erlendum yfirsetukvennaskóla, sem landlæknir tekur gildan.

Yfirsetukonur í Reykjavík skulu hafa notið kenslu í fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða annari erlendri fæðingarstofnun, sem að dómi landlæknis veitir jafngóða fræðslu.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skifta í yfirsetukvennaumdæmi, og ræður sýslunefnd þeirri skiftingu, tölu umdæmanna og takmörkum þeirra, og velur þeim heiti. Ein skal vera yfirsetukona í hverju umdæmi, og hafa þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.

Í hverjum kaupstað skal vera yfirsetukona, ein eða fleiri; því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar yfirsetukonur eftir tillögum sýslunefndar, og fær þeim veitingarbrjef; en í kaupstöðum bæjarfógeti eftir tillögum bæjarstjórnar.

Þó skal jafnan leita álits hjeraðslæknis, áður yfirsetukona er skipuð; ef hjeraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Hver yfirsetukona skal hafa árslaun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Árslaun skal greiða eftir á, í kaupstöðum mánaðarlega, en annarstaðar einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal í umdæminu við síðustu áramót á þann hátt, er hjer segir:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 70 kr.
2. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er yfir 300, skulu árslaun yfirsetukonu vera 70 kr., að viðbættum 5 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr.
3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru 2 eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra beggja, eða allra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 500 kr.

Laun yfirsetukvenna mega sýslunefndir og bæjarstjórnir hækka, ef sjerstakar ástæður þykja til.

5. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir mega veita þeim yfirsetukonum hæfileg eftirlaun, er fengið hafa lausn frá starfa sínum fyrir elli sakir eða vanheilsu.

Ef yfirsetukona slasast, þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sjer á annan hátt, þá skal hún eiga kröfu til eftirlauna, en bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveður upphæð þeirra.

6. gr.

Hver yfirsetukona er skyldug að láta aðstoð sína tafarlaust í tje hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir henni.

Nú baga yfirsetukonu veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá yfirsetukonur í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma, án þess að vanrækja sín umdæmi.

7. gr.

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 5 kr. fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 50 aurar fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukonan heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eftir á, auk ókeypis fararbeina, og skal ekki telja þau sveitargjöld með fátækrastyrk.

8. gr.

Landlæknir skal semja og stjórnarráðið staðfesta yfirsetukvennareglugerð um skyldur yfirsetukvenna og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

9. gr.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gert að skyldu með lögum þessum og yfirsetukvennareglugerðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í landssjóð, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek af nýju og eru miklar sakir til, einkum ef hún hefur oftar en einu sinni skorast undan að vitja sængurkonu tafarlaust og að forfallalausu, þá skal henni vikið frá. Ef yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefir trúað henni fyrir sem yfirsetukonu um hagi sína, skal henni þegar vikið frá starfi sínu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913, og frá sama tíma eru yfirsetukvennalög 17. des. 1875 og lög nr. 9, 13. apríl 1894, um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875, úr gildi feld.

Nd. **292. Tillaga**

til þingsályktunar um ábyrgðarfjelög.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi, Skúli Thoroddsen og Benedikt Sveinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, er banni öðrum ábyrgðarfjelögum, svo sem lífsábyrgðarfjelögum, brunabótafjelögum, slysaábyrgðarfjelögum, sjóvátryggingarfjelögum o. s. frv., að starfa hjer á landi, en þeim, er hafa hjer umboðsmenn, er stjórnarráðið samþykkir, hafa varnarþing hjer og hafa sett tryggingarfje fyrir ábyrgðum þeim, er það tekst á hendur hjer á landi.

Nd. **293. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. 4. nóv. 1881. (Þingskjal 175).

Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Ný 1. gr. bætist framan við frumvarpið þannig orðuð:
   Af síld, er flutt er út umbúðalaus í farmrúmi skips, skal greiða útflutningsgjald 25 aura af hverri tunnu (108—120 Ltr.).

2. Við 1. gr. (sem verður 2. gr.).
   Í stað »50 aura« komi: 30 aurar.
   Í stað »40 aura« komi: 30 aurar.

Nd. **294. Frumvarp**

til laga um alment verslunargjald af aðfluttum vörum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverjum 50 kilogr. eða minni þunga af vörum með umbúðum, sem fluttar eru til landsins, og ekki eru sendar í pósti, skal greiða 1 kr. farmtoll í landssjóð. Af kornvörum, jarðeplum, gluggaglerum, húsapappa, tómum tunnum, þakjárni, smiðajárni, og stáli skal þó að eins greiða 25 aura af hverjum 50 kílógr., af steinolíu, sementi og kalki 10 aura af hverjum 50 kílógr., af hverri smálest af kolum 1 krónu, af hverri smálest af salti 50 aura, og af hverju teningsfeti af trjávið, hurðum, gluggum og húsalistum 3 aura.

Af tígulsteinum, prentuðum bókum, heyi, skipum, bátum, áburðarefn-

um og óhreinsuðu járni í klumpum (barlestarjárni), tunnustöfum og vörum, sem sjerstaklega er lagður tollur á, skal þó engan farmtoll greiða.

2. gr.

Greiða skal og í landssjóð 15 aura af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau á böggulinn sjálfan, og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póstbögglum, sem eru endursendir til útlanda, skal ekkert gjald greiða, nje af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Verslunargjaldið skal greiða í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Verslunargjald skal ákveða eftir farmskrá skipsins, eða farmskírteini.

4. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyslu á því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 1000 kr.

5. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Verslunargjaldið fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

6. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af

hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

7. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum, tunnustöfum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðar senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

8. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt, eða veitt móttöku, eða gefið ranga skýrslu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 5. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 kr. og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

9. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 5. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má

lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir verslunargjaldi og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

10. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrir fram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í landssjóð, að kostnaði frádregnum.

11. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Sektir allar eftir 4. og 5. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 6., 7. og 8. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

13. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr. svo og af sektum, fær lögreglustjóri 3 af hundraði í iunheimtulaun.

14. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. í lögum nr. 16, 9. júlí 1909 um hagfræðisskýrslur úr gildi numin.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Nd

295. Breytingartillaga

við frumvarp til yfirsetukvennalaga.

Frá Guðlaugi Guðmundssyni.

Við 4. gr.

1. og 2. málsgrein orðist þannig:

Hver yfirsetukona skal hafa árslaun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, og skal greiða árslaunin í kaupstöðum mánaðarlega, en annarstaðar einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Nd.

296. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúatalan er yfir 100, ber bólusetjara 20 aurar fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og skoðar samkvæmt 3., 4.—6. og 9. gr. laga nr. 34, 27. sept. 1901, en í minni kauptúnum og sveitum skal borgunin vera 35 aurar

2. gr.

1. málsgrein 11. gr. í lögum nr. 34, 27. sept. 1901, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Nd.

297. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar (þingskj. 279).

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta, sem háttv. efri deild hefir gert dálitlar breytingar á. Breytingar þessar eru í því fólgnar að láta mat fram fara

áður en landið er selt, og að landsstjórnin ákveði söluskilmálana. Nefndin álítur, að þessar breytingar sjeu heldur til bóta, og ræður því hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 17. ágúst 1912.

Valtýr Guðmundsson, formaður. Björn Kristjánsson, skrifari og framsögumaður.

Jón Jónsson. Matth. Ólafsson. Tryggvi Bjarnason.

Ed. **298. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef þjóðjörð eða kirkjujörð, er seld hefir verið ábúanda, samkv. lögum nr. 30, 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða, og samkv. lögum nr. 50, 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, gengur úr sjálfsábúð, og eigandi óskar að selja jörðina, en hvorki viðtakandi nje hlutaðeigandi sveitarfjelag notar kauparjett sinn, skal jafnan skylt að bjóða landsstjórninni kaup á jörðinni fyrir landssjóð, er þá hefir forkaupsrjett.

Sama forkaupsrjett hefir landssjóður á þeim jörðum, sem seldar hafa verið eftir sjerstökum lögum eða seldar verða frá árinu 1905 að telja.

2. gr.

Nú tilkynnir eigandi eða annar fyrir hans hönd landsstjórninni, að jörð sje til sölu samkv. 1. gr., og skal landsstjórnin hafa tilkynt hlutaðeigandi innan 2 mánaða, hvort hún vill að landssjóður neyti kauprjettar síns. Sje svar hennar játandi, gerir hún jafnframt ráðstafanir til að mat fari fram samkv. tilvitn. lögum, svo fljótt, sem hún álítur gerlegt, og skal því matsverði venjul. hlýtt. Landssjóður kostar matið. Þó skal seljanda heimilt, fái hann hærra boð annarstaðar frá, að sæta því, vilji landsstjórnin ekki sinna því verði.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að kaupa til handa landssjóði jarðir þær, er um ræðir í lögum þessum, fyrir hæfilegt verð, að fengnum upplýsingum kunnugra manna. Kaupverðið greiðist úr sjóðum þeim, er andvirði þessara jarða áður hafði runnið í.

Stjórnarráðið gerir nauðsynlegar ráðstafanir um umsjón jarðanna.

Afgjald jarðanna gengur í sjóð þann, er verð þeirra var tekið úr.

4. gr.

Sje jörð seld öðrum en viðtakanda eða sveitarfjelaginu, án þess að landsstjórninni hafi verið gert viðvart samkv. 1. gr., er landsstjórninni heimilt að rifta sölunni, og kaupa fyrir sama verð og jörðin var þá síðast seld fyrir.

Nd. **299. Lög**

um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt um eina eða fleiri veiðiár innan sýslu, semur hún frumvarp til samþyktar. Skal því næst kveðja til fundar alla búendur, er veiðirjett eiga í þeirri á, sem samþyktinni er ætlað að ná til, eða land eiga að henni, og eiga þeir atkvæðisrjett á þeim fundi. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiðiám. Þó má eigi með neinni samþykt raska friðun eggvera, selalátra eða selalagna, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta. Gjaldi þessu jafna sýslunefndir niður á þá, er veiðirjett eiga í á þeirri eða ám, er samþyktin gildir fyrir. Sýslumenn innheimta gjaldið, og fylgir því lögtaksrjettur.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnaðinn við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 100 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **300. Lög**

um samþyktir um mótak.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um mótak fyrir hvern hrepp innan sýslu, þar sem hreppsnefnd óskar þess, til að koma í veg fyrir landspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mótaks og hættu af mógröfum.

2. gr.

Nú vilja mótakseigendur í einhverjum hreppi koma þar á samþykt um mótak, og hreppsnefndin vill styðja það, þá skal hún leggja frumvarp til samþyktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar, og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppi þeim, er samþyktin á að gilda fyrir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, enda eigi þeir mótak eða hafi umráð yfir mótaki. Oddviti sýslunefndar, eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og fundarstað, og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþyktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir frá 5—50 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **301. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 274.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Fyrir »þriðjungi« »komi: $^1/_4$.

Nd. **302. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá Sigurði Sigurðssyni, Ólafi Briem og Pjetri Jónssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að halda áfram undirbúningi þeim, sem þegar er byrjað á, viðvíkjandi betri verkun á ull og sölu hennar, og að fengnum fullnægjandi upplýsingum þar að lútandi, leggja fyrir Alþingi ákveðnar tillögur um skoðun og mat á útfluttri ull.

Ed. **303. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 20. október 1905 um rithöfundarjett og prentrjett.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Síðasta málsgrein 2. gr. skal vera svo: Sama rjett hefir og höfundur á alls konar myndum og uppdráttum.

Nd. **304. Tillaga**

til þingsályktunar um breytingu á lögum nr. 18, 3. október 1903.

(Kosningarlögunum).

Flutningsmaður Matthías Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. október 1903, og leyfir sjer að benda á til athugunar:

Að kjörseðlar ættu að vera úr stinnum pappír og gegnstungnir í miðju svo auðvelt væri að leggja þá saman um gegnstunguna svo sem hin lokuðu brjefspjöld, er nú tíðkast.

Að aðeins nafn eins frambjóðanda sje á hverjum seðli, og kjósandi fái því eins marga seðla og frambjóðendur eru margir.

Að tveir sjeu atkvæðakassar, annar fyrir þá seðla, sem nafn þess eða þeirra frambjóðanda er á, sem kjósandi vill greiða atkvæði, en hinn fyrir þá seðla, er geyma nafn þess eða þeirra, er kjósandi hafnar.

Að frambjóðandi víki sæti, ef hann á sæti í kjörstjórn.

Að óheimilað sje, að talning atkvæða fari fram utan kjördæmis.

Nd. **305. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1º. Upphaf tillögunnar orðist þannig:

Neðri deild Alþingis lýsir því yfir, að hún veitir stjórninni heimild til:

1. Að leysa Thorfjelagið frá samningi þess 7. ág. 1909 frá lokum þessa árs, en heimilt er stjórnarráðinu að setja fjelaginu þessi skilyrði:
   a. Að fjelagið hafi viðkomustaði í nokkrum millilandaferðum í hafnarstað á Norður-Þýzkalandi (t. d. Lübeck).
   b. Að fjelagið gefi stjórninni kost á, ef til þess kemur, að kaupa gufuskipin »Austra« og »Vestra«.

2º. Annar liður tillögunnar orðist þannig:

2. Að gera samning fyrir árið 1913 um strandferðir, svo góðar sem kostur er á, án þess þó, að til þeirra sje varið meira fje en svo, að eigi fari að stórum mun fram úr 40,000 kr.

Nd. **306. Frumvarp**

til heimildar um hluttöku landssjóðs í íslensku eimskipafjelagi.

Frá strandferðanefndinni.

Ef myndað verður íslenskt eimskipafjelag til þess að taka að sjer strandferðir hjer við land, enda sje það myndað af þeim frumkvöðlum og með því skipulagi, er stjórnin álítur tryggilegt, veitist henni heimild til að láta landssjóð gerast hluthafa að alt að 1/4 hlutafjárins, að áskilinni heimild stjórnarinnar til að setja skilyrði um hluttökurjett landssjóðs í atkvæðagreiðslu á fundum og hluttöku í stjórn fjelagsins og eftirlitsrjett með því.

Nd. **307. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um verslunargjald af aðfluttum vörum (þingskj. 294).

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

1. Við 1. gr. Fyrir: »1 krónu« í 6. línu komi: kr.1,50.
2. Við 1. gr. Á eftir orðunum: »af hverri smálest af kolum 1 krónu« bætist inn í: hvort heldur kolin eru flutt í land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á flota í landhelgi, eða flutt á höfnum inni yfir í önnur skip þeim til notkunar.

Nd. **308. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um almennt verslunargjald af aðfluttum vörum (þingskjal 294).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. »Kornvöru« í þriðju línu að ofan falli burt, en bætist aftur inn í greinina í fimtu línu aftan frá, á undan, steinolíu«.
2. Við 1. gr. A eftir: »3 aurar« komi ný málsgrein:
   Enn fremur greiðist af hverjum 50 kílógr. af alls konar fatnaði, vefnaðarvöru og tvinna 3 kr.

Nd. **309. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um alment verslunargjald af aðfluttum vörum.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. Við fyrirsögnina.
   Fyrir: »alment verslunargjald af aðfluttum vörum komi: almennan vörutoll.
2. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í landssjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:
   1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi og kalki 10 aura af hverjum 50 kílógr.
   2. Af heyi, gluggagleri, tómum tunnum, gaddavír, þakjárni, smíðajárni og stáli 25 aura af hverjum 50 kílógr.
   3. Af salti og kolum, hvers konar sem eru, og hvort sem varan er flutt í land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip þeim til notkunar:
      a. af salti 50 aura af hverri smálest,
      b. af kolum 1 kr. 50 aura af hverri smálest.

      Til vara:
      1 kr. af hverri smálest.
   4. Af trjávið, hurðum, gluggum, húsalistum og tunnustöfum 3 aura af hverju teningsfeti.
   5. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 1 kr. af hverjum 50 kílógr.

   Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, skip og bátar, tígulsteinar, óhreinsað járn í

klumpum, heimilismunir manna, er flytja vitsferlum til landsins, og vanalegur farangur ferðamanna.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

3. Við 2. gr. Orðin »nje af prentuðum blöðum og bókum« falli burt.
4. Við 3. gr. Fyrir orðin »Verslunargjaldið skal greiða« komi: Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra.
5. Við 3. gr. Fyrir »Verslunargjald« komi: Vörutoll.
6. Við 5. gr. Fyrir »Verslunargjaldið« komi: Vörutollurinn.
7. Við 9. gr. Fyrir »verslunargjaldi« komi: vörutolli.
8. Á eftir 10. gr. komi ný grein svolátandi:

11. gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn að frádregnum innheimtulaunum.

Nd. **310. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskj. 309.

Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

1. Við 1. gr., 1. mgr.:

Eftir orðin: »Af kornvörum« komi: skipsbrauði.

2. Við sömu mgr.:

Orðið: »jarðeplum« falli burt.

3. Við sömu mgr.:

Eftir orðið: »smiðajárni« komi: gaddavír, hrátjöru.

4. Við sömu mgr.:

Orðin: »af steinolíu, sementi og kalki 10 aura af hverjum 50 kílógr.« falli burt.

5. Við sömu mgr.:

Í stað orðanna: »af kolum 1 króna« komi: af kolum 50 aurar.

6. Við sömu mgr.:

Orðin: »af hverri smálest af salti 50 aura« falli burt, en í stað þeirra komi:
af alls konar vefnaði, fatnaði og tvinna 3 kr. af hverjum 50 kílógr.

7. Við 1. gr. 2. mgr.

Undan: »tígulsteinum« komi: steinolíu, carbid, sementi, kalki, asfalti, salti, endursendu íslensku saltkjöti, endursendum fiskumbúðum, korki.

8. Við sömu mgr.

Eftir orðin: »prentuðum bókum« komi: blöðum, pappír og hvers konar listaverkum.

9. Við sömu mgr.:

Eftir: »heyi«, komi: maís, byggi, höfrum og melasse.

10. Við 15. gr.

Í stað »1913« komi: 1914 og gilda til ársloka 1915.

Nd **311. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskj. 309 (um almennt verslunargjald).

Frá Pjetri Jónssyni.

Við 2. aðallið breytingartillagnanna

1. lið fyrir orðin »og kalki« komi: og kalki og tjöru.

2. lið á eftir »gaddavír« komi: girðingastólpum úr járni.

3. lið fyrir stafliðina a. og b. komi: 1 kr. af hverri smálest.

5. lið fyrir »1 kr.« komi: 50 aurar.

Nd. **312. Breytingartillögur**

við frumvarp til yfirsetukvennalaga.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Engin má verða yfirsetukona hjer á landi, sú er eigi hefir num-

ið ljósmóðurfræði og staðist próf í yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík, eður nokkurri þeirri erlendri stofnun, er landlæknir telur veita næga kunnáttu til þess starfa.

Nú verður svo fyrir mælt í lögum, að ljósmæður í Reykjavík skuli kenna yfirsetufræði, og skulu þá þær eiga forgöngurjett, sem hafa að loknu námi haft á hendi ljósmóðurstörf í hjerlendri eða erlendri barnsburðarstofnun eigi skemur en misseri.

2. Við 4. gr. 2.

Í stað orðanna: »5 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi« komi: tveim krónum fyrir hverja fulla tylft.

Nd. **313. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 309.

Frá Ólafi Briem.

1. Við fyrirsögnina. Orðið: »almennan« falli burt.

Á eftir 2. lið 1. gr. komi nýr liður:

3. Af als konar vefnaðarvöru, fatnaði og tvinna 3 kr. af hverjum 50 kílógr.

Ed. **314. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum (þingskj. 194).

Vjer, sem háttv. deild hefir falið að íhuga mál þetta, höfum athugað frumvarpið, eftir því sem hinn naumi tími hefir leyft, og er álit vort á þessa leið:

Að vísu erum vjer í nokkrum vafa um, hvort rjett sje að gefa almenn lög um þetta efni, nfl. í einu lagi fyrir öll kauptún á landinu. Því nokkur ástæða virðist oss vera til þess, að stjórn og þing athugi vel í hverju einstöku tilfelli, hvort nægar ástæður og fulltryggileg skilyrði sjeu fyrir hendi, til þess að veita einhverri sveitarstjórn hin mikilsverðu rjettindi sem felast í slíkum vatnsveitulögum. En þó viljum vjer ekki ráða háttvirtri deild til þess að fella frumvarpið, þar sem háttv. Nd. hefir samþykt það því nær einróma, en teljum hins vegar nauðsynlegt að breyta því allmikið, svo það verði sem líkast lögum nr. 84, frá 22. nóv. 1907 um vatnsveitu í Reykjavík. Lög þessi reyndust mjög vel, enda var vandað til undirbúnings þeirra, eftir því sem kostur var á.

Um hinar einstöku breytingartillögur vorar nægir að taka þetta fram:

Vjer álítum ákvæðið í síðasta lið 2. gr. óþarft, því mjög litlar líkur eru

til, að sýslunefnd að ástæðulausu taki fram fyrir hendur hreppsnefndar í þessum efnum, enda gæti verið, þar sem kauptúnsbúar eru í miklum minni hluta, að aðrir hreppsbúar gætu þröngvað kosti þeirra um of.

Í 3. gr. frumvarpsins vantar ákvæði um heimild til að taka vatn til vatnsveitunnar í landeignum hreppsbúa. Ráðum vjer því háttvirtri deild til að breyta greininni á þá leið, að hún verði samhljóða miðkafla 1. gr. í frumvarpi til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki, eins og deildin samþykti þá grein, enda eru þar einnig nákvæmar reglur um, hvernig eignarnámsmat skuli fram fara.

Þá virðist oss og rjett, að löggjafarvaldið setji föst og ófrávíkjanleg takmörk fyrir því, hve háan vatnsskatt hreppsnefnd megi leggja á húseigendur. Ráðum vjer því til að samþykkja 3. gr. nýnefnds frumvarps, um vatnsveitu á Sauðárkróki, í stað 5. gr. í þessu frumvarpi.

Þá vanta í frumvarpið nákvæm ákvæði um, hvenær hreppsnefnd geti lagt vatnsveituskatt á húseigendur og hvern hluta vatnsleiðslunnar húseigendum beri að kosta sjálfum.

Oss virðist eigi ástæða til að gera nánari grein fyrir tillögum vorum, en vísum að öðru leyti til nefndarálits á þingskj. 95 um frumvarp til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki. Þó skal þess getið, að vjer lítum svo á, að ákvæðin í 5.—7. grein þess frumvarps eigi og megi takast upp í reglugerð þá, er þetta frumvarp gerir ráð fyrir að samin verði.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum:

BREYTINGUM

1. Við 2. gr.

Síðari liður greinarinnar falli burt.

2. Við 3. gr.

Greinin falli burt.

3. Á eftir 2. gr. komi

4 nýjar greinar svohljóðandi:

3. gr.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja, sandtekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi biði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal

eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

4. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kauptúnsins og um það, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kauptúninu.

5. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hreppsnefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kauptúninu (sbr. 6. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af húsaskattsvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6‰ af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum sveitargjöldum.

6. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur í götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað.

4. Við 4. gr.

Greinin verður: 7. gr.

5. Við 4. gr.

Síðasta málsgrein frá orðunum: »Ennfremur má«, falli burt.

6. Við 5. gr.

Greinin falli burt.

7. Við 6. gr.

Greinin verður: 8. gr.

8. Við 7. gr.

Fyrir »4. gr.« komi: 7. gr.

Alþingi, 19. ágúst 1912.

Eiríkur Briem,	Steingrímur Jónsson,
formaður.	skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson.

Nd. **315. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ráðharra Íslands til að gera samning um einkarjettarsölu á steinolíu um tiltekið árabil.

Frá skattamálanefndinni.

Í frumvarpi þessu er farið fram á, að innleiða nýja stefnu í skattalöggjöf vorri, þar sem lagt er til að afla landssjóði tekna með einokun á almennum verslunarvörum.

Það er brotalítil og handhæg leið, en ekki að sama skapi hyggileg eða hættulaus fyrir landsbúa. Því ef byrjað væri á að einoka eina vörutegund, er hætt við að brátt muni að því reka, að gripið yrði til fleiri vörutegunda, og vant fyrir að sjá, hvar staðar mundi numið. Löggjafinn væri þá kominn inn á flughála skriðbraut, sem enginn sjer fyrir endann á, en augsýnilega stefndi í áttina til glötunar á því dýrasta hnossi, sem íslenska þjóðin á til í eigu sinni: *verslunarfrelsinu.*

Okkar mesti stjórnmálamaður, Jón Sigurðsson, skoðaði verslunarfrelsið sem fjöregg landsins, sem undirstöðu og lykil alls annars, bæði stjórnfrelsis, og allra annara frámfara (Minningarrit Jóns Sigurðssonar bls. 114). Og í einni af ritgerðum sínum um verslun Íslendinga segir hann: »Allir þeir, sem ritað hafa um verslun á Íslandi frá því 1770 og til aldamótanna, hafa verið samdóma um *að einokunarverslunin hafi komið Íslandi á nátrjen, og meðan henni linti ekki, væri engrar viðreisnar von*«. (Ný Fjelagsr. III, 5—6).

Og saga lands vors á undanförnum öldum, staðfestir fyllilega þennan dóm.

Meðan einokunin forna stóð, hnignaði landinu sí og æ, ekki að eins efnalega, heldur og í öllum greinum, í stjórnfrelsi, bókmentum og öllu andlegu lífi.

En síðan við fengum nerslunarfrelsið, hafa framfarir orðið í öllum greinum, bæði í efnalegum pólitískum og andlegum efnum. Þetta eitt ætti að vera nægileg bending fyrir þjóð vora til þess, að hætta sjer ekki aftur út á einokunarbrautina, heldur halda sem fastast við frjálsa verslun og frjálsa samkeppni, sem reynst hefir þjóð vorri önnur eins búbót og blessunarlind eins og raun gefur vitni.

Milliþinganefndin hefir viljað halda því fram, að sú einokun, sem hjer er farið fram á, væri í rauninni »alveg samskonar«,eins og einkarjettur ríkja til ritsíma- og talsíma, póstflutnings, útgáfu peningaseðla, frímerkja o. fl. En því fer mjög fjarri að þetta sje satt. Hjer er harla ólíku saman að jafna. Einokun (Monopol) á verslunarvörum er eingöngu gerð í því skyni, að útvega landssjóði tekjur, til þess að landssjóður geti grætt á henni á kostnað einstaklinganna. En einkarjettur ríkja (regalia) til póstflutnings, ritsíma o. s. frv. er alt annars eðlis. Hann er ekki lögskipaður í gróðaskyni, heldur til hugsmuna fyrir einstaklinga þjóðfjelagsins, til þess að fullnægja mikilvægum samgönguþörfum, og gera það tryggara og ódýrara en verða mundi, ef einstakir menn hefðu frjálsan aðgang að því að gera sjer af þessu atvinnu.

Munurinn er því feikimikill. Þar sem í öðru tilfellinu er um það að ræða, að tryggja þjóðfjelaginu örugg meðul til menningar og þjóðþrifa, en í hinu tilfellinu að eins um það að ræða, að ná peningum úr vnsa landsmanna á kostnað frjálsrar verslunar og samkeppni.

Það er því segin saga, að með einokun verður öll verslun með þær vörutegundir, sem einokaðar eru, hálfu verri en ella, bæði að því er snertir *gæði* og

verð vörutegundanna. Einokunarkaupmaðurinn veit, að menn eru neyddir til að kaupa vörur hans, hversu laklegar og hversu dýrar sem þær eru — eftir gæðum, því ekki er í annað hús að venda. Hann gerir sjer því ekki það ómak til að finna betri eða ódýrari vöru, sem samkeppnis-kaupmaðurinn verður að gera, til þess að geta haft von um góðan hagnað af verslun sinni. Hann (einokunarkaupmaðurinn) lætur sjer nægja að fylgja þeim taxta, og þeim reglum um gæði vörutegundanna, sem einu sinni hefir verið ákveðið, í eitt skifti fyrir öll, fyrir langt tímabil (hjer alt að 20 árum), hversu miklar byltingar sem kunna að verða á heimsversluninni á því tímabili. Svo var það í hinni fornu einokunarsögu vorri, og svo mundi það enn verða. Verðlagið var því alt af hið sama hjer á landi, hvernig sem verðið breyttist á heimsmarkaðinum, en að því er gæðin snerti, þá tefldi kaupmaðurinn jafnan á fremsta hlunn að hafa vöruna svo ljelega sem hann frekast gat komist upp með. Og einmitt um það, hvað vörurnar voru skemdar og ljelegar, risu flestar deilur við einokunarkaupmennina. Og sama þykir enn við brenna, þar sem einokun er innleidd nú á dögum, á tóbaki og vínföngum, sem eru þær einu vörutegundir, sem til mála hefir þótt koma að einoka í nokkrum löndum, og þó að eins með ríkiseinokun, enda það heldur ekki gert eingöngu, í gróðaskyni, heldur líka með hliðsjón af, að hjer er um skaðlegar vörur að ræða, sem gott er að venja fólk af að kaupa, og allir geta án verið.

Alt öðru máli er að gegna um nauðsynjavörur, og þá framar öllu þær vörur, *sem notaðar eru* til framleiðslu. Slíkar vörur eru ekki að eins fráleitt að einoka, heldur ættu menn að gera sjer sem mest far um að hafa þær algerlega skattfrjálsar. Og einmitt ein af slíkum vörum er steinolían. Hún er ekki einungis aðalljósmeti landsbúa, heldur líka afltaugin í mótorbátaútveg vorum, sem virðist eiga full erfitt uppdráttar, þótt ekki sjeu lagðar einokunarhömlur á hann. Og allar horfur virðast nú á, að steinolía verði brátt notuð í stað kola í botnvörpungum vorum, jafnmikill sparnaður og þægindi, sem því eru samfara, að því er síðustu tilraunir hafa sýnt. Einmitt í því efni virðist ný öld vera að renna upp fyrir notkun steinolíunnar, og væri því meir en misráðið að byrja þá öld með einokun á henni.

En þó að hverskonar einokun sje bæði hvimleið og hættuleg, þá kastar þó fyrst tólfunum í því efni, þegar um það er að ræða, að selja einstökum mönnum eða fjelögum einokunina á leigu. Ríkiseinokun, rekin á kostnað landssjóðs hefir þó þá kosti fram yfir einokun í höndum einstaklinga, að hagnaðurinn lendir allur og óskertur hjá landssjóði, en landsbúum þó jafnframt fengin margfalt meiri trygging fyrir því, að þeim verði ekki boðnar skemdar og ljelegar vörur, og að líkindum einnig jafnan sjeð um, að nægilegt sje til af þeim vörum, sem þörf er á. Þá hefir og ríkiseinokun þann kost, að alt af er hægt að hætta við hana jafnótt og reynslan sýnir, að hún sje til hnekkis fyrir þjóðfjelagið. En í frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, er vegna hins ægilega stofnkostnaðar ekki farið fram á ríkiseinokun, heldur að einokunarrjetturinn sje seldur á leigu einstökum mönnum eða fjelögum, og eftir því, sem milliþinganefndin hefir hugsað sjer, einmitt *útlendum auðkýfingum*, án þess að borgurum hins íslenzka þjóðfjelags sje einu sinni gefinn kostur á að gera nokkurt tilboð í einokunarrjettinn. Til þess að sjá hve hættuleg þessi leið er, þarf ekki annað en benda á reynslu íslensku þjóðarinnar á einokunaröldinni og baráttu landsbúa við Hörmangarafjelagið fræga, og hve margfalt verri og þungbærari verslunin var í höndum þess, en þau árin, sem verslunin var rekin sem konungsverslun.

Allir, sem nokkuð þekkja sögu landsins vita, hve erfitt og ómögulegt reyndist fyrir Íslendinga að ná rjetti sínum gagnvart Hörmangarafjelaginu, og ekki mundi það síður reynast örðugt gagnvart auðmannafjelögum vorrar aldar, sem eru hundrað sinnum öflugri en Hörmangarafjelagið nokkru sinni var. Og enn meiri yrðu örðugleiknarnir í þessum efnum, ef svo skyldi fara, sem vel gæti orðið niðurstaðan, að einokunarrjetturinn yrði seldur á leigu fjelagi í öðru ríki, eins og ráðgert var um kolaeinokunina. Má nærri geta, hve mikil tök landsmenn ættu á að ná rjetti sínum gagnvart slíku fjelagi.

Vjer viljum svo víkja nokkrum orðum að frumvarpinu sjálfu, og má þá fyrst benda á, að mikil vandkvæði virðast vera á því, að stjórnin *geti* samið viðunanlega um einokun á þessari vöru, þó að hún fengi heimild til þess, og liggja þar til margar ástæður.

Hvernig á stjórnin t. d. að geta samið um, svo að full trygging sje fyrir að steinolíubirgðir sjeu nægar að t. d. 10—15 árum liðnum á þeim stöðum, sem steinolían *þá* kann að verða mest notuð? Það virðist vel geta komið fyrir að steinolían t. d. geti orðið mest notuð *utan* kaupstaða og löggiltra verslunarstaða, en við þessa staði er bundin skylda leyfishafa að hafa steinolíu.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins á stjórnin að semja við leyfishafa um »góða tegund mótorsteinolíu« og »góða tegund lýsingarsteinolíu«, og á hún að ákveða nánar »nöfn og gæði« tegunda þessara.

Þetta getur ef til vill verið nægileg táknun í bráðina, og að stjórnin geti *eins og nú stendur*, ákveðið »nöfn og gæði« olíunnar; en nefndin verður að efast um, að nokkurri stjórn væri mögulegt að ákveða nöfn og gæði vörunnar, sem vissa væri fyrir, að við ætti t. d. eftir 10—15 ár.

Bæði er það, að vjelar og lýsingaráhöld taka árlega breytingum og olían líka. Nýjar vörutegundir með nýjum nöfnum eru unnar úr steinolíu, svo sem bensín og gasolía, sem nú eru unnar úr henni og notaðar jöfnum höndum eins steinolía. Svo geta og aðrar tegundir myndast sem enginn veit nafn á nú nje gæði. Ekki t. d. ólíklegt að úr olíunni yrðu gerðar kökur eins og t. d. úr vínanda með alveg sjerstöku nafni.

Frumvarpið leggur leyfishafa ekki neina skyldu á herðar að hafa á boðstólum hjer annað en »góða mótorsteinolíu« og »góða lýsingarsteinolíu«. Hann er alls eigi skyldugur til eftir frumv. að hafa hjer í landi liggjandi t. d. benzin eða gasolíu, þó þetta sjeu alþektar olíutegundir, og notaðar sem aflvaki í vjelum á sjó og landi og til lýsingar jöfnum höndum eins og steinolía. En *einokun* fær hann samt á þessum vörutegundum samkv. 1. grein, og fyrir »aðra vökva, er af steinolíu eru unnir og hafðir til ljóss eða hreyfiafls í vjelum.

Ef nú olían yrði notuð í ef til vill alt öðru ástandi en nú tíðkast, t. d. í kökum eða stönglum, þá mundi út af því geta risið æði mikill ágreiningur milli leyfishafa og stjórnarinnar og einstaklinga, hvort einokunin næði til hinna nýju vörutegunda. Og af því gætu jafnvel flotið ítrekuð málaferli gegn landsstjórninni og landssjóði. Á hinn bóginn virðist alls eigi vera hægt að veita skilyrðislausa einokun, eins og frumvarpið þó ætlast til, á verslun með alla aflvaka eða öll lýsingarefni, sem kunna að verða unnin úr steinolíu, því þá vantar alveg *mælikvarðann* fyrir gjaldinu í landssjóð.

Nefndin efast t. d. um, að benzín og gasolía sjeu verðsettar í kauphöllinni í Hamborg, og eru það þó þektar vörur.

Að vísu er það tekið fram í 4. grein frumvarpsins, að »sje olíutegund sú,

sem um er beðið, ekki tilgreind í kauphallarskránni«, þá leggist »við grundvallarverðið sú upphæð, er leyfishafi verður að gefa fyrir vöruna umfram verð á almennri mótorolíu«.

En með þessu ákvæði virðist leyfishafa vera opnaðar dyrnar til að setja það verð eftir geðþótta á þær olíutegundir, sem ekki eru verðsettar í kauphöllinni í Hamborg. Setjum svo að kauphallarverðið væri miðað við óhreinsaða olíu, sem vjer eigi kaupum nú, þá yrði landið að sætta sig við það verð á olíu þeirri *er vjer brúkum*, sem leyfishafi *segði* að hann hefði gefið fyrir hana samkvæmt reikningum, sönnum eða ekki sönnum, og sem landsstjórnin mundi engin tök hafa á að rannsaka, hvort rjettir væru, því alment eru reikningar skrifaðir erlendis eftir því sem kaupandi biður um eða semur um, og þá venjulega hærri en varan kostar í raun og veru, og bætir seljandinn svo kaupandanum verðmuninn á 6 mánaða eða ársfresti. Þessi uppbót er á erlendum málum nefnd »Returkommission«. Og lík yrði niðurstaðan, ef vjer brúkuðum mestmegnis óhreinsaða steinolíu, en kauphallarverðið væri miðað við hreinsaða steinolíu, hreinsaða að meiru eða minna leyti. Það má þess utan telja neyðarúrræði að leggja kauphallarverð í öðru ríki til grundvallar fyrir söluverði á Íslandi í 20 ár að minsta kosti á nauðsynjavöru, verð, sem lítið er að byggja á, því það er vitanlegt, að kauphallarverði er alls ekki fylgt í daglegum viðskiftum, nema endrum og sinnum. Gangverðið þann dag, sem kauphallarverðið er ákveðið, getur verið alt annað, alloftast hærra og stöku sinnum lægra. Það liggur í því, að stórkaupmenn þeir, sem meta gangverðið, telja það hag bæði fyrir sjálfa sig og aðra, að halda kauphallarverðinu fullháu. Og Ísland mundi heldur ekki geta haft nein áhrif á það í öðru ríki, á hvaða grundvelli kauphallarverðið verður bygt næstu 20 ár.

Af því sem hjer er sagt flýtur það, að allan ábyggilegann grundvöll vantar fyrir útsöluverðinu á steinolíu hjer á landi samkvæmt frumvarpinu, og einnig fyrir þeim tegundum steinolíu, sem metnar eru í kauphöllinni í Hamborg.

Í 5. gr. frumvarpsins er ákveðið, að leyfishafi greiði landssjóði 2 aura gjald af hverjum lítra af steinolíu »sem hann afhendir hjer á landi og á sjó innan landhelgi«. Við þetta leyfum vjer oss að athuga, að þar sem við má búast, að salan á olíu til skipa færi mestmegnis fram á sjó frá flutningaskipum, eða skipum sem liggja stöðugt á fjörðum eða víkum, þá yrði ekki hjá því komist, að hafa öfluga tollgæslu á hverjum slíkum firði eða vog, ef trygging ætti að fást fyrir því, að tollurinn kæmi skilvíslega í landssjóð. Þess utan er steinolían sú vara, sem í öllu skaplegu veðri má flytja á milli skipa á sjó *utan* landhelgi, bæði í fötum og með slöngu frá »tank«-skipum, og væri því alls eigi hægt, þegar af þeirri ástæðu, að tryggja landssjóði tekjurnar af steinolíueinokuninni.

10. grein frumvarpsins kveður svo á, að ef stjórnarráðið segir upp samningum eftir 1. júní 1918, sem því er heimilað, þá sje »landið skylt, ef þess er krafist, að kaupa af leyfishafa öll þau mannvirki, er hann hefir gera látið starfsrækslunnar vegna, svo sem hús, lóðir, olíugeyma (tanks) og skip, sem notuð eru til milliferða innan lands«. En svo er bætt við í frumvarpinu: *Hið sama skal einnig gilda, þá er leyfistíminn er útrunninn, hafi einkaleyfið þá eigi verið upphafið, eða endurnýjað*, o: eftir 20 ár.

Ákvæði þessi virðast mjög svo óaðgengileg fyrir landið, og ógætileg. Setjum svo, að stjórnin semdi við einhverja stórverslun hjer á landi, sem hefði náð víðtækum viðskiftum með *aðrar vörur*, og hefði því keypt hús, skip og lóðir

fyrir ærið verð, væri nú í hnignun, en sæti uppi með öll húsin, skipin og lóðirnar. Og það væri ekkert ólíklegt, að stjórnin semdi við slíkt fjelag, því það gæti í svipinn verið færast um að taka að sjer slíka verslun.

Hvaða trygging væri þá fyrir því, að hús þau, lóðir og skip væru hentug fyrir steinolíureksturinn, og að þau væru sniðin fyrir þá verslun bæði að lögun, verðmæti og stærð? En það yrðu þau að vera, ef landssjóður ætti að kaupa þau eftir 20 ár. Og þegar svo stæði á eins og hjer er bent á, er hætt við að verslunin gæti talið öll hús sín lóðir og skip nauðsynleg fyrir steinolíureksturinn, eða notaði þau við hann, því að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir, að neitt mat fari fram um *það*, hversu hentug húsin, lóðirnar og skipin sjeu fyrir steinolíuverslunina í byrjun, eða þegar þau eiga að afhendast landssjóði. Og þegar til matsins kæmi um það, hvers *virði* þessar eignir væri, þegar landssjóður ætti að taka við þeim árið 1918 eða eftir 20 ár, þá er ekki ósennilegt, að matsmenn hefðu hliðsjón af því, hvað verslunin hefði upphaflega gefið fyrir þær, sem sje tvöfalt eða þrefalt verð eins og dæmi eru til. Og þar sem reynsla er fyrir að mat á húsum og lóðum í verslunarstöðum, ekki síst í Reykjavík, er venjulega miklu hærra en gangverðið, og að frumvarpið tekur ekki fram, að metið skuli eftir gangverði, þá er ekki ólíklegt að »sannverðið« verði nokkuð hátt að 20 árum liðnum.

Það má því búast við, að landssjóði yrði með þessu bundinn svo þungur skuldbindingabaggi, að hann kjósi heldur að framlengja einokunarleyfið, jafnvel um óákveðinn tíma, en að eiga að kaupa öll steinolíusölutækin fyrir — þá, ef til vill margar millíónir.

Milliþinganefndin hefir sjálf áætlað, að ef landið landið tæki að sjer steinolíusöluna, þá mundi þurfa að taka lán til þess fyrsta árið um kr. 7—800,000 Og ef nú steinolíusölunni færi svo óðfluga fram, eins og síðustu árin, eða jafnvel að öll skip yrðu að nokkrum árum liðnum rekin með steinolíuafli, þá má nærri geta, að tækin öll að 20 árum liðnum gætu numið mörgum millíónum.

Trygging sú, sem lagt er til að sett verði samkvæmt 11. gr. frumvarpsins, 25,000 kr., er óhæfilega lág. Hún mundi ekki jafngilda því tjóni, sem einn einasti botnvörpungur gæti beðið af því, ef steinolíu vantaði í eina viku.

Að öðru leyti virðist nefndinni eigi þörf til að benda frekar á galla frumvarpsins, sem eru þó fleiri, álítur að þetta nægi til að sýna fram á, hversu óaðgengilegt frumvarpið er fyrir landið, og að aðalgallarnir á frumvarpinu sjeu flestir þess eðlis, að óhægt, og jafnvel ómögulegt væri að bæta úr þeim.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til að frumvarpið verði felt.

Neðri deild Alþingis, 19. ágúst 1912.

Björn Kristjánsson
skrifari og framsögumaður.

Með fyrirvara:
Eggert Pálsson formaður. Lárus H. Bjarnason.

Bjarni Jónsson, frá Vogi. Valtýr Guðmundsson.

Samþykkur tillögunni:
Jón Ólafsson.

Nd. **316. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 309.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 2. breytingartillöguna, 1. lið. Orðið »jarðeplum« falli burt.
— - — 2. lið. Á eftir »heyi« bætist inn í liðinn: jarðeplum.

Nd. **317. Þingsályktun**

um líftrygging sjómanna.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um líftrygging sjómanna, og að hún við samning slíks frumvarps taki til íhugunar:

1. hvort eigi sje unt að gera líftryggingarskylduna viðtækari en hún er nú.
2. hvort eigi sje tiltækilegt, að hækka iðgjöldin og þar af leiðandi útborgun úr sjóðnum að mun frá því, sem nú er.
3. hvort eigi sje unt að taka upp í slíka löggjöf ákvæði um slysa-ábyrgð og uppbót fyrir atvinnutjón.
4. hvort eigi mundi rjettara að ákveða, að útborgun úr sjóðnum fjelli til þeirra einna, er hinum líftrygða var skylt að annast að lögum, þar með talin óskilgetin börn á ómaga-aldri, en systkini alls ekki.
5. hvort eigi væri tiltækilegt, að landssjóður styrkti sjóðinn með árlegu fjárframlagi, og
6. hvort eigi væri ástæða til að hafa sjerstaka líftrygging handa þeim, er stunda sjó eingöngu á róðrarbátum.

Nd. **318. Breytingartillögur**

við frumv. til laga umyfirsetukvennaskóla í Reykjavík (þingskj. 104).

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson, Einar Jónsson.

Við 1. málsgrein 3. greinar:
a. Á eftir orðunum: »Landlæknir skal vera kennari skólans« komi:
Þangað til auknir verða kenslukraftar við læknadeild háskólans.
b. Í stað orðanna: »og hafa 1000 kr. á ári fyrir þann starfa« komi:
Fyrir hverja námskonu skal hann hafa 50 kr. í kenslukaup.

Nd. **319. Breytingartillaga**

við breytingartill. á þingskjali 310.

Frá Pjetri Jónssyni.

Við 10. lið (15. gr.). Liðurinn orðist þannig: Á eftir »1913« komi: og gildi til ársloka 1915.

Ed. **320. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Nefnd sú, er efri deild Alþingis skipaði í þetta mál, hefir athugað það og haldið um það nokkra fundi, og einnig rætt um það við símastjóra landsins, og leggur til, að hin háttv. deild samþykki það.

Þó leyfir hún sjer að leggja til, að gerðar sjeu á því nokkrar breytingar.

Að vísu hefði hún kosið, að ýmsar af þeim línum, sem nefndar eru í 4. gr. frumvarpsins, væru gerðar að 2. flokks línum, svo sem línurnar til Þingvalla, Unaóss og Borgarfjarðar, Súgandafjarðar, Hvammstanga, austur á Síðu og jafnvel fleiri. En þar sem taka yrði lán til að leggja þær, og fjárhagur landssjóðs er þröngur sem stendur, þykir henni varhugavert að gera margar slíkar breytingartillögur að svo komnu, en leggur þó til, að línan frá Reykjavík til Þingvalla verði sett í 2. flokk, og er það með samþykki símastjóra. Til Þingvalla leggja útlendir ferðamenn venjulega leið sína, og aðrar ferðir eru einnig tíðar þangað úr Reykjavík. Má því búast við, að sá sími yrði mikið notaður um sumartímann; enda er eigi of mikið gert af landsins hálfu, til að greiða hjer fyrir útlendum ferðamönnum, þó að sími þessi væri lagður sem fyrst. En þar sem hann yrði sjerstaklega lagður vegna útlendinga, og annars mundi verða dregið að leggja hann, þykir nefndinni eigi rjett, að heimta tillag til hans frá hjeruðum, en ætlast aftur á móti til, að um starfrækslukostnað á Þingvelli fari eins og á öðrum stöðvum, er línum 2. flokks heyra.

Meiri hluti nefndarinnar leggur einnig til, að línan frá Ölfusárbrú til Vestmannaeyja verði gerð að 1. flokks línu, þar eð hún er ein hin arðsamasta línan á landinu, eftir þeirri reynslu, sem fengin er, og hefir auk þess almenna þýðingu alt árið, bæði að því er snertir skipaferðir og fiskiveiðar. En þar sem eyjarnar losna með þeim hætti við talsverðan starfrækslukostnað, þótti tillögumönnum þetta því að eins gerandi, að vissa fengist fyrir því, að þær vildu leggja nokkurt fje til símans frá Miðey til Víkur, sem telja má þeim skyldast að leggja til af öllum símum, þá er línunni til Reykjavíkur sleppir. Fyrir því hefir verið spurst fyrir um það hjá sýslunefnd Vestmannaeyja, og hún gefið það svar í símskeyti, að hún hafi á fundi í gær samþykt, að leggja til Víkursímans 1000—2000 kr., ef Vestmannaeyjastöðin yrði 1. flokks stöð.

Ef línan til Vestmannaeyja verður 1. flokks lína, má búast við því, að

Rangæingar óski að fá endurgreiddar þær 4000 kr., sem þeir hafa lagt til hennar, og býst nefndin við, að þinginu þyki rjett, að taka þá ósk til greina á sínum tíma, en álítur, að það ætti þó að veitast með því skilyrði, að 2000 kr. af þeirri upphæð væru lagðar til Víkursímans. Yrði þá ekki mjög þungt tillag það, er Skaftfellingar yrðu til hans að leggja, enda liggur fyrir, að þeir verði einir að leggja fram tiltölulega mikið fje, þegar til þess kemur, að halda símanum lengra austur. En þar sem háttv. neðri deild lækkaði hjeraðstillagið til Víkursímans um 1000 kr. frá því sem í stjórnarfrumvarpinu stóð, með tilliti til áður nefnds framlags Rangárvallasýslu, sem deildin ætlaðist til að hjeldist, leggur nefndin til, að aftur verði upp tekin tillaga stjórnarinnar og tillagið látið vera 5000 kr., ef samþykt verður, að línan til Vestmannaeyja verði 1. flokks lína.

Loks hefir nefndin samþykt að leggja það til, að 1. liður í breytingartill. á þingskjali 254 verði samþyktur; en 2. lið þeirra tekur flutningsmaður aftur.

BREYTINGARTILLÖGUR

nefndarinnar verða þá þessar:

1. Við 2. gr., 3. lið: Fyrir »Reykjavík — Ölfusárbrú« komi: Reykjavík — Ölfusárbrú — Vestmannaeyjar.

2. Við 3. gr.: 15. og 18. liður falli burtu, en í þeirra stað komi á eftir 17. lið í frumvarpinu nýr liður:
   Reykjavík — Þingvellir.

3. Við 4. gr.: Orðin »frá Reykjavík til Þingvalla« falli burt.

4. Við 5. gr.: Fyrir »Til 20. liðs 2. flokks 4000 kr.« komi: Til 20. liðs 2. flokks 5000 kr.

5. Tölurnar í 2., 3. og 5. gr. breytist eftir því sem samþykt verður.

Efri deild Alþingis, 19. ágúst 1912.

Björn Þorláksson, formaður. — Einar Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Þórarinn Jónsson (með fyrirvara). — Sig. Eggerz.

Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **321. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 309 (um alment verslunargjald).

Frá Valtý Guðmundssyni.

Við 5. lið, 2. málsgr.
Á undan orðinu »skip« komi: prentaðar bækur og blöð.

Nd. **322. Breytingartillaga**

við þingsályktun á þingskj. 186.

Frá Guðl. Guðmundssyni og Jóh. Jóhannessyni.

Aftan við tillöguna bætist orðin: svo og við skipamælingar.

Ed. **323. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Frumvarp þetta, sem er komið hingað í deildina frá háttv. neðri deild, fer fram á, að lækkuð sjeu eftirlaun ráðherra niður í 1000 kr., en þó jafnframt gert ráð fyrir, að hafi ráðherrann rjett til annara eftirlauna, af því hann hefir áður verið embættismaður í embætti með eftirlaunarjetti, þá haldi hann einnig þeim eftirlaunum.

Að efninu til er frumvarp þetta því svipað frumvarpi því um sama efni, sem til meðferðar var á þinginu 1911, en sem ekki náði þá fram að ganga.

Nefndin hefir ekki getað orðið fyllilega samdóma um efni málsins. Tveir nefndarmanna telja rjett, að eftirlaun ráðherra sjeu lækkuð, þótt þau, eins og nú stendur, ekki verði afnumin, en einn nefndarmaður (Á. F.) vill ekki láta breyta ákvæðunum, sem nú eru í gildi, nema launakjör ráðherra sjeu þá jafnframt athuguð og sjerstaklega að því er snertir risnufje.

Um orðalag frumvarpsins tekur nefndin það fram, að henni virðist síðasta málsgrein 1. gr. vera óljós, og að betur hefði mátt orða 1. gr. Um þetta er enginn ágreiningur meðal nefndarmanna.

En um það hver áhrif þetta eigi að hafa á framgang málsins eru nefndarmennirnir ekki samdóma.

Einn nefndarmaðurinn (Á. F.) vill láta fella frumvarpið bæði vegna efnis og orðalags, annar nefndarmaðurinn (E. J.) vill láta gera breytingu á orðalagi 1. gr., en þriðji nefndarinn (J. B.) vill að frumvarpið verði samþykt óbreytt, af því hann telur líklegt, að það nái ekki fram að ganga að öðrum kosti.

Tillögur nefndarinnar eru því þessar:

Einn nefndarmaðurinn (Á. F.) ræður háttvirtri deild til að fella frumv.

Hinir tveir nefndarmennirnir ráða deildinni aftur á móti til að samþykkja frumvarpið með eða án breytinga á orðalagi þess.

Annar þeirra (J. B.) ræður deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Hinn (E. J.) ræður til að frumvarpið verði samþykt með breytingu þeirri á 1. gr. er hjer fer á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR

1. Við 1. gr. Önnur málsgrein verði svo hljóðandi:
   Nú hefir ráðherra gegnt embætti, er eftirlaun fylgja, áður en hann tók við ráðherradæmi, og heldur hann þá einnig óskertum rjetti til þeirra eftirlauna.
2. Við 1. gr. Síðasta málsgreinin falli burt.

Efri deild Alþingis, 19. ág. 1912.

Einar Jónsson, formaður. Jósef Björnsson, skrifari og framsögumaður.

Aug. Flygenring.

Ed. **324. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (á þingskjali 222).

Frá Jens Pálssyni.

Við 4. gr. Á eftir »frá Reykjavík til Þingvalla«, komi frá Hafnarfirði um Gerðahverfi til Sviðholtshverfis á Álftanesi.

Ed. **325. Frumvarp**

til laga um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í landssjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi og kalki og tjöru, 10 aura af hverjum 50 kílógr.
2. Af heyi, gluggagleri, tómum tunnum, gaddavír, girðingarstólpum úr járni, þakjárni, smíðajárni og stáli 25 aura af hverjum 50 kílógr.
3. Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði og tvinna 3 kr. af hverjum 50 kílógr.
4. Af salti og kolum, hvers konar sem eru, og hvort sem varan er flutt í land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip þeim til notkunar:
   a. af salti 50 aura af hverri smálest,
   b. af kolum 1 kr. af hverri smálest.
5. Af trjávið, hurðum, gluggum, húsalistum og tunnustöfum 3 aura af hverju teningsfeti.
6. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 1 kr. af hverjum 50 kílógr.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, skip og bátar, tígulsteinar, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, og vanalegur farangur ferðmanna.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

2. gr.

Greiða skal og í landssjóð 15 aura af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau á böggulinn sjálfan, og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póstbögglum, sem eru endursendir til útlanda, skal ekkert gjald greiða, nje af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Vörutoll skal ákveða eftir farmskrá skipsins, eða farmskírteini.

4. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá

samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyslu á því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 1000 kr.

5. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Vörutollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

6. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

7. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum, tunnustöfum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðar senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

8. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt, eða veitt móttöku, eða gefið ranga skýrslu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 5. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 kr. og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

9. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 5. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir vörutolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

10. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrir fram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í landssjóð, að kostnaði frádregnum.

11. gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn að frádregnum innheimtulaunum.

12. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Sektir allar eftir 4. og 5. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 6., 7. og 8. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

14. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr. svo og af sektum, fær lögreglustjóri 3 af hundraði í innheimtulaun.

15. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. í lögum nr. 16, 9. júlí 1909 um hagfræðisskýrslur úr gildi numin.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til ársloka 1915.

Ed. **326. Lög**

um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að gefa fyrv. landshöfðingja Magnúsi Stephensen, Stkr. af Dbg, Dbm. p. p., Sighvati bankastjóra Bjarnasyni R. af Dbg, báðum til heimilis í Reykjavík, og herra Knud Skjold Philipsen í Kaupmannahöfn einkaleyfi til stofnunar íslensks peningalotteris með skilyrðum þeim, sem nú skal greina:

a. Lotterí hvers árs skiftist í 2 flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 50,000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera nema 6 drættir.
b. Iðgjaldið til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 150 frankar. Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta alt að 2% af iðgjaldinu. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta, þó má eigi skifta í smærri hluta en áttundir.
c. Í hvorum flokki lotterísins eiga vinningarnir að nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutina í flokknum.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykt af ráðherra Íslands, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli, og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi, og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í þeirri mynt, sem ákveðin er í áætluninni.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna að hálfu til einkaleyfishafanna og að hálfu til landssjóðs Íslands.

d. Drættirnir fara opinberlega fram í Kaupmannahöfn, og skal lotteríinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, sem konungur skipar til þess; skulu í henni sitja 6 menn, eigi færri Íslendingar en 3, og skulu að minsta kosti 2 af nefndarmönnum vera löglærðir menn, sem gengir eru í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi drátt-anna, hvort sem er meðan dráttur fer fram, eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með lotteríinu; kostnaðinn af þessu ber lotteríið.

e. Einkaleyfið til að reka lotteríið má veita um alt að því 30 ár frá 1. desember 1912 að telja; þó getur ráðherra Íslands tekið leyfið aftur með eins árs fyrirvara, þegar lotteríið hefir verið rekið í 15 ár frá 1. desember 1912 og löggjafarvaldi Íslands þá þykir ástæða til.

Nú verður leyfið ekki notað innan 1. okt. 1913, og má ráðherra þá veita leyfið öðrum mönnum en þeim, sem nefndir eru í upphafi greinarinnar.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðherra, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi. Leyfishafar fyrirgera rjetti sínum, ef þeir gegna ekki skyldu sinni til greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til landssjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef tryggingarsjóðnum verður ekki viðhaldið, eða ef reglugerð sú er brotin af þeirra hendi, sem sett verður fyrir lotteríið.

f. Einkaleyfishafarnir skulu greiða landssjóði Íslands gjald, er nemi 4% af iðgjöldunum fyrir hluti þá, sem seljast í hvorum flokki, þó ekki minna en 138000 franka á missiri.

g. Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en lotteríið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða í Landsbanka Íslands, kjósi ráðherra það heldur.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, annaðhvort að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu, er ráðherra Íslands tekur gilda fyrir því, sem á vantar.

Ráðherra Íslands hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir landssjóðs hönd, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til.

Þá skulu leyfishafar og, áður en lotteríið tekur til starfa, setja landssjóði Íslands tryggingu, sem ráðherra tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði landssjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjaldsins.

h. Ráðherra Íslands setur nánari ákvæði um fyrirkomulag lotterísins.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi alt að 1000 heila hluti í lotteríinu, á þann hátt, sem hann kveður nánar á um. Hluti í lotteríinu má ekki selja í Danmörku, nje í nýlendum Danmerkur.

3. gr.

Meðan einkaleyfi það til lotterís, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningalotterí fyrir Ísland, nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til landssjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir lotterí utan Danmerkur og nýlenda hennar, eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd. **327. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. nr. 16, 4. nóv. 1881.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Af síld, er flutt er út umbúðalaus í farmrúmi skips, skal greiða útflutningsgjald, 25 aura af hverri tunnu (108—120 Ltr.).

2. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi, skal greiða útflutningsgjald:

af hverri tunnu síldarlýsis (= 105 kg) ... ... 30 aura,
af hverjum 100 kg af fóðurmjöli .... 30 aura,
af hverjum 100 kg. af fóðurkökum ... ... 25 aura,
af hverjum 100 kg af áburðarefnum ... ... 15 aura.

3. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16 frá 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd.

328. Frumvarp

til yfirsetukvennalaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Engin getur orðið yfirsetukona hjer á landi, nema hún hafi staðist próf í yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík, eða konunglegu fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, eða öðrum erlendum yfirsetukvennaskóla, sem landlæknir tekur gildan.

Yfirsetukonur í Reykjavík skulu hafa notið kenslu í fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða annari erlendri fæðingarstofnun, sem að dómi landlæknis veitir jafngóða fræðslu.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skifta í yfirsetukvennaumdæmi, og ræður sýslunefnd þeirri skiftingu, tölu umdæmanna og takmörkum þeirra, og velur þeim heiti. Ein skal vera yfirsetukona í hverju umdæmi, og hafa þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.

Í hverjum kaupstað skal vera yfirsetukona, ein eða fleiri; því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar yfirsetukonur eftir tillögum sýslunefndar, og fær þeim veitingarbrjef; en í kaupstöðum bæjarfógeti eftir tillögum bæjarstjórnar.

Þó skal jafnan leita álits hjeraðslæknis, áður yfirsetukona er skipuð; ef hjeraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Hver yfirsetukona skal hafa árslaun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, og skal greiða árslaunin í kaupstöðum mánaðarlega, en annarstaðar einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal í umdæminu við síðustu áramót á þann hátt, er hjer segir:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 70 kr.
2. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er yfir 300, skulu árslaun yfirsetukonu vera 70 kr., að viðbættum 5 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr.
3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru 2 eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra beggja, eða allra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 500 kr.

Laun yfirsetukvenna mega sýslunefndir og bæjarstjórnir hækka, ef sjerstakar ástæður þykja til.

5. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir mega veita þeim yfirsetukonum hæfileg eftirlaun, er fengið hafa lausn frá starfa sínum fyrir elli sakir eða vanheilsu.

Ef yfirsetukona slasast, þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sjer á annan hátt, þá skal hún eiga kröfu til eftirlauna, en bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveður upphæð þeirra.

6. gr.

Hver yfirsetukona er skyldug að láta aðstoð sína tafarlaust í tje hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir henni.

Nú baga yfirsetukonu veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá yfirsetukonur í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma, án þess að vanrækja sín umdæmi.

7. gr.

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 5 kr. fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 50 aurar fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukonan heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eftir á, auk ókeypis fararbeina, og skal ekki telja þau sveitargjöld með fátækrastyrk.

8. gr.

Landlæknir skal semja og stjórnarráðið staðfesta yfirsetukvennareglugerð um skyldur yfirsetukvenna og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

9. gr.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gert að skyldu með lögum þessum og yfirsetukvennareglugerðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í landssjóð, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek af nýju, og eru miklar sakir til, einkum ef hún hefur oftar en einu sinni skorast undan að vitja sængurkonu tafarlaust og að forfallalausu, þá skal henni vikið frá. Ef yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefir trúað henni fyrir sem yfirsetukonu um hagi sína, skal henni þegar vikið frá starfi sínu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913, og frá sama tíma eru yfirsetukvennalög 17. des. 1875 og lög nr. 9, 13. apríl 1894, um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875, úr gildi feld.

Ed. **329. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands (þingskj. 222).

Flutningsmenn: Jósef Björnsson. Jón Jónatansson.

1. Við 5. gr. Í stað orðsins «Ætlð« í upphafi fjórðu málsgreinar komi: Fyrst um sinn.

2. Við 9. gr. Í stað orðanna »Það skal jafnan« í upphafi greinarinnar komi: Það skal fyrst um sinn.

Ed. **330. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands (þingskj. 222).

Flutningsmaður: Jósef Björnsson.

1. Við 2. gr. Á eftir 7. lið bætist inn í nýr liður svohljóðandi:
8. Talsímalínan: Sauðárkrókur — Siglufjörður.

2. Við 3. gr. 8. liður falli burtu og liðatalan breytist samkvæmt því.

Ed. **331. Frumvarp**

til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. Um eftirlit með skipum og bátum.

1. gr.

Hver sá maður eða fjelag, sem gerir út skip til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskiveiða hjer við land, sje það svo stórt, að það sje lögskráningarskylt samkv. 75. gr. siglingarlaganna, og skipshöfnin hafi aðsetur um borð í því, skal láta skoða skipið af þar tilkvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má skipið ekki leggja út fyr en skoðunargerð hefur fram farið eftir lögum þessum.

Skipstjóra skal skylt að sjá um, að skoðun þessi fari fram.

2. gr.

Nú vanrækir skipstjóri að sjá um að lögleg skoðunargerð sje framkvæmd, án vitundar útgerðarmanns, og leggur hann út á skipinu óskoðuðu,

skal hann fyrir það sæta sektum samkv. 14. gr., en sje það á vitund eða með vilja útgerðarmanns, að skoðun hafi verið vanrækt, skal hann greiða sektina.

Farist skip, sem lögleg skoðunargerð hefir ekki verið framkvæmd á, eða því hefur hlekst á, svo tjón hefir afhlotist, og líkur eru til að tjónið stafi af óforsvaranlegum útbúnaði, er útgerðarmaður skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna.

3. gr.

Skoðunin skal að jafnaði fram fara, þegar skipið er tómt, ef því verður við komið, áður en varningur er látinn í það, svo að skoðunargerðin geti jafnt fram farið innanborðs sem utan. Sjeu skoðunarmenn ókunnugir skipi því, er skoða á, eða þeir telja uggvænt um, að skipið sje í góðu standi neðansjávar, er þeim heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta að skipið sje sett á land. Beri skoðunarmenn ekki fullt skyn á einhver þau atriði, er að skoðunargerðinni lúta, svo sem um ástand vjelarinnar, skulu þeir tilkynna það lögreglustjóra, er þá skipar 1 eða fleiri menn þeim til aðstoðar, í þeim tilfellum, sem þörf er á slíkri aðstoð.

Skoðunarmenn framkvæma skoðun sína eftir því, sem lög þessi mæla fyrir, og samkvæmt þeim reglum, er settar verða með konunglegri tilskipun, samanb. 10. gr. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma skoðunargerð sína eftir bestu vitund og þekkingu, þannig að þeir geti unnið eið að henni, hvenær sem krafist verður.

Skoðunargerðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunar mönnum, en verði ágreiningur þeirra á milli, skipar lögreglustjóri oddamann.

Að skoðunargerðinni lokinni, senda skipsskoðunarmennirnir ráðningarstjóra brjeflega skýrslu um hana, og getur útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar krafist að þeir staðfesti skýrsluna með drengskaparheiti. Svo getur og útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar heimtað yfirskoðun. Skulu yfirskoðunarmenn vera 3, og vera skipaðir af lögreglustjóra fyrir hvert einstakt tilfelli. Skal úrskurður þeirra um ástand skips og útbúnað þess vera fullnaðarúrskurður. Kostnað allan við skoðunargerðina greiðir gerðarbeiðandi.

Ráðningarstjóri gerir lögreglustjóra viðvart um þau skip, sem hann hefir látið menn á, og sem kunna að hafa lagt út, en enga eða ófullnægjandi skoðunargerð sent.

Finni skoðunarmenn þá galla á skipi eða útbúnaði þess, er vanheimila samkv. lögum þessum eða tilskipunum, er settar kunna að verða, að skipið sje notað til siglinga eða fiskiveiða, mega þeir ekki láta úti skoðunarskýrslu, fyr en þeir ganga úr skugga um, að viðunanlega sje úr bætt.

Skoðunargerðin skal framkvæmd strax eftir að um hana hefir verið beðið af skipstjóra eða útgerðarmanni, svo framarlega sem gild forföll ekki hamla skoðunarmönnum.

Tefji þeir skip að nauðsynjalausu með því að framkvæma ekki skoðunargerðina, eða með því að gefa ekki skýrslu um hana, að ástæðulausu, getur útgerðarmaður komið fram ábyrgð á hendur þeim fyrir það fjártjón, er hann kann að bíða við það, að skipið hefir tafist fyrir þeirra vanrækslu í þessu efni.

4. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi á landinu skulu vera svo margir skipsskoð-

unarmenn, sem þurfa þykir, og skoða þeir öll skip, sem gerð eru út eða hafa aðsetur í umdæminu.

Lögreglustjóri ákveður, hve margir skoðunarmenn skuli vera og útnefnir þá. Skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel hæfir til starfsins, sem föng eru á.

Nú er innan hjeraðs þess eða kauptúns, þar sem skipa skal skoðunarmenn, skipaábyrgðarfjelag eða sjómanna, og skulu þá nefnd fjelög mega stinga upp á helmingi fleiri skoðunarmönnum, en útnefna á, þannig, að fjelög þessi stingi upp á jafn mörgum hvort. Sje að eins eitt slíkt fjelag til, hefir það ekki uppástungurjett, en þá hafa í kaupstöðum bæjarstjórnir rjett til að tilnefna helmingi fleiri skoðunarmenn en útnefna á.

II. Ákvæði, er gilda um öll skip og vjelarbáta, sem eiga heimili á Íslandi.

5. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef skipsskrokk, útbúnaði skips, vjel eða vjelartækjum eða skipshöfn er svo áfátt eða, skip er svo ofhlaðið eða vanhlaðið, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að álíta verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sje að vera í förum með því, en venjulegt er við siglingar.

6. gr.

Útgerðarmanni er skylt að sjá um, að óhaffært skip sje eigi haft í förum.

Áður lagt er á stað annast skipstjóri um, að skip sje haffært, hann sjer og um, að það sje hæfilega vel útbúið til ferðarinnar, nægilega ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf, kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það er gufuskip. Honum er og skylt, að annast um, að skipið hafi meðferðis þau bendingaáhöld, björgunartæki, sjóbrjef og siglingaverkfæri, sem með þarf. Hann skal einnig sjá um, að fermsla skipsins sje í alla staði hæfileg.

Ákvæðin í 5. og 6. gr. ná einnig til vjelarbáta, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

III. Ákvæði um skip, sem eru í förum milli landa.

7. gr.

Nú á skip að ganga landa á milli, eða gufuskip rekur veiðar utan landhelgi, og skal þá fullnægt þeim almennu kröfum, sem settar eru eftir alþjóðlegum rjetti um öryggi skipa, einnig að því leyti, sem við kemur öllum útbúnaði skips, björgunartækjum þess, siglingaverkfærum og fermslu, alt eftir því, hvort skipið er ætlað til fólksflutnings, vöruflutnings, veiða eða annars.

8. gr.

Eftir 1. janúar 1913 skulu skip, sem eiga að vera í förum milli landa, vera með hleðslumerki, samkvæmt reglum, sem nánara verða ákveðnar í kon-

unglegri tilskipun. Kostnaðurinn við þetta greiðist af útgerðarmanni. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sjerstaklega stendur á.

Stjórnarráðið hefir og heimild til, ef nauðsynlegt þykir, að gera samninga um útgáfu hleðslumerkis-skírteina handa íslenskum skipum, við þau dönsk stjórnarvöld eða flokkunarfjelög erlendis, sem hafa heimild til að gefa út slík skírteini.

Hleðslumerkið sýnir, hvað skipið má liggja dýpst í sjó í logni. Ef skip er hlaðið svo, að það liggur dýpra, ber að skoða það ótrygt og geta þá hlutaðeigandi yfirvöld bannað því að halda ferð áfram, þar til er úr bætt.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd reglna þeirra, sem settar eru í 3. og 4. gr., og um umsjón með, að þeim sje hlýtt, má setja í konunglegri tilskipun.

IV. Ákvæði um skip, sem eru í förum innanlands, og um vjelarbáta.

10. gr.

Með konunglegri tilskipun skal setja ákvæði um, hvaða öryggisreglur skuli gilda um þilskip (vjelaskip eða seglskip), sem eru í förum með ströndum Íslands eða stunda fiskiveiðar við Ísland, og hvers skoðunarmenn þeir, er ræðir um í lögum þessum, eigi að gæta og skuli krefjast, áður en skip má leggja út, svo lífi manna og heilsu sje eigi frekari hætta búin á skipinu, en almennt er samfara sjóferðum þeim, sem skipinu eru ætlaðar.

Í sömu tilskipun skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í herbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustu-hætti. Reglur þessar ná þó ekki til skipa, sem eru minni en 15 tons, eða sem skipshöfnin ekki hefir fast aðsetur um borð í, en liggur í landi á nóttum.

Í sömu tilskipun skal ákveðið gjald það, er skoðunarmönnum ber fyrir starfa sinn, svo og yfirskoðunarmönnum. Má það vera mismunandi eftir stærð skipa og fyrirhöfn.

Eigi má þó gefa slíka tilskipun út, fyr en fengið er álit stjórnenda Samábyrgðar og Fiskiveiðafjel. Íslands, og má hún eigi í verulegum atriðum vera strangari en þessi fjelög telja hyggilegt fyrir sjávarútveginn.

11. gr.

Með sömu skilyrðum má einnig með konunglegri tilskipun setja öryggisreglur fyrir vjelarbáta og þilskip minni en 15 tons.

Um báta þessa má einnig ákveða í tilskipuninni, að vjelina skuli skoða árlega, annaðhvort af sjerfróðum manni, sem skrásetningarstjóri tilnefnir, eða af manni, sem stjórnarráðið löggildir til þess, og fær hann þá þóknun fyrir skoðunina, sem ákveðin er í tilskipuninni. Gjald fyrir skoðun greiðist af útgerðarmanni og hefir lögtaksrjett.

Það er tilgangur eftirlitsins að veita þeim, sem það varðar, ábyggilegar skýrslur um ástand vjelarinnar og veita eigandanum leiðbeiningar sjerfróðs manns. Skoðunarmaður skal svo fljótt, sem því verður við komið, senda skoðunargerðina eiganda, lögreglustjóra og innlendum ábyrgðarfjelögum, sem báturinn er vátrygður hjá og þess kunna að óska. Í tilskipuninni skal svo ákveða, að skoðun falli burtu, ef hlutaðeigandi vátryggingarfjelag lætur árlega skoða vjelar á þann hátt, sem stjórnarráðið telur tryggan.

V. Ymisleg ákvæði.

12. gr.

Ef skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, er talið ósjófært, getur lögreglustjóri heft burtförina til bráðabirgða með úrskurði, rökstuddum með áliti tveggja, tilnefndra, sjerfróðra, óvilhallra manna, er fengið skal svo fljótt sem auðið er. Þessum úrskurði má áfrýja til stjórnarráðsins; skal það leggja fullnaðarúrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Nú er skip eða bátur, þar með talin þilskip og vjelarbátar til vöruflutninga eða fiskiveiða, ekki fær til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri eða formaður vanrækir að sjá um, að úr sje bætt, og getur skipshöfnin þá krafist fararleyfis úr skiprúmi. Þegar meiri hluti skipshafnar krefst þess, er skipstjóri eða formaður skyldur til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipi eða bát, um það, hvort það sje ferðafært. Enn fremur skal skoða vjelina, þar sem því má við koma, ef vjelarstjóri krefst þess. Synji skipstjóri eða formaður þessarar skoðunargerðar, er skipshöfn heimil brottför úr skiprúmi.

Ef skipshöfn fer úr skiprúmi af þessum ástæðum, fær hún kaup fyrir þann tíma, er hún var í skiprúmi, og að auki mánaðarkaup, nema því að eins, að skipshöfn hafi verið ráðin gegn hlut í afla, en þá er eigi afturkræft það, sem útgerðarmaður kann að hafa greitt henni fyrir fram eða um of.

Ef svo reynist við skoðunargerð, að kærur um, að skip eða bátur sje óhaffært, eiga við engin sennileg rök að styðjast, þá skal sá, sem skoðunar hefir beiðst, greiða allan þann kostnað og tjón, er af henni hlýtst.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. greinar varða sektum frá 100 til 2000 krónum. En brot gegn öðrum varúðarreglum, sem settar eru í lögum þessum, svo og vanræksla skoðunarmanna á skyldustörfum þeirra, varða sektum alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, frá 3. okt. 1903.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Nd. **332. Frumvarp**

til viðaukalaga við tolllög fyrir Ísland frá 11. júlí 1911.

Eftir 3. umr. í Ed.

1. gr.

Af hverri smálest af kolum, er til Íslands er flutt, skal greiða kr. 1,50 í landssjóð, hvers konar kol sem eru.

2. gr.

Gjald þetta skal greiða lögreglustjóra þess lögsagnarumdæmis, þar sem kolin eru flutt í land, eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni yfir í önnur skip þeim til notkunar.

3. gr.

Um greiðslu gjalds þessa, innheimtulaun, sektir og annað, er að framkvæmdum laga þessara lýtur, fer að öðru leyti eftir fyrirmælum gildandi tolllaga.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og gilda til ársloka 1915.

Ed. **333. Breytingartillaga**

við 1. breytingartillögu á þingskjali 320, við frumvarp til laga um ritsíma og og talsímakerfi Íslands.

Frá Jón Jónatanssyni.

Á eftir orðunum: »Ölfusárbrú — Vestmanneyjar«, komi: og hlíðartalsímalínan Ölfusárbrú — Eyrarbakki.

Ed. **334. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

Í 9. gr. laga 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka falli niður orðið »Seyðisfirði«, en í staðinn komi: á Austfjörðum.

Svo er og bankanum heimilt, með samþykki ráðherra, að setja upp afgreiðslustofu erlendis á þeim stað, er bankastjórninni þykir til þess hagkvæmur.

335. Tillaga

til þingsályktunar um endurgreiðslu á tillagi til símalínu.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að taka upp á útgjaldadálk væntanlegra fjáraukalaga fyrir 1912—1913, endurgreiðslu á tillaginu frá Árnessýslu til hliðarsímalínunnar frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Nd. **336. Tillaga**

til þingsályktunar um gæslu fiskiveiða fyrir Suðurlandi.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að hlutast til um, að strandgæslan gagnvart botnvörpuveiðum í Eyrarbakkaflóanum verði betri en hún hefir verið að undanförnu.

Sjerstaklega er brýn nauðsyn á að auka hana að miklum mun, mánuðina marz, apríl og maí.

Ed. **337. Lög**

um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land Garðakirkju, sunnan og vestan þessara marka:

1. Bein lína úr »Balaklöpp«, við vesturenda Skerseyrarmalar í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins,
2. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
3. Úr Hádegishól, bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark, miðað frá Vífilsstöðum; — þá tekur við
4. Urriðakotsland; þá
5. Setbergsland, alt til Lækjarbotna; og loks
6. Selvogsmanna- eða Grindaskarðavegur.

Um mörk landspildu þessarar að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár um »Merki á landi Garðakirkju á Álftanesi samkvæmt máldögum og fornum skjölum« dagsettrar 7. júní 1890, og þinglesinnar 9. sama mánaðar. Undanskilið sölunni er: Hamarskotstún innan girðinga og Undirhamarstúnsblettur.

2. gr.

Landið má selja fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta, þó þannig, að kaupverðið eigi sje lægra en 52 þús. króna. Landstjórnin kveður á um alla söluskilmála.

Nd. **338. Lög**

um merking á kjöti.

1. gr.

Merki það, er lögskipaðir dýralæknar, eða aðrir dýralæknar, nota til þess að merkja kjöt, sem þeir hafa gert heilbrigðisskoðun á, og hæft er til útflutnings, skal vera blár jafnarma þríhyrningur með tölunni 1 innan í.

Rjett til að nota þetta merki hafa og þeir lögskipaðir læknar, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá lærðum lögskipuðum dýralækni hjer á landi, samkvæmt reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp.

Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir skoðun og stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 aura fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Eigi má merkja kjöt til útflutnings nefndu merki, nema kjötið sje að öllu leyti hreinlátlega meðfarið að áliti læknisins. Að öðru leyti semur stjórnarráðið nánari reglur um kjötskoðun, eftir tillögum dýralækna til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim, sem taldir eru í 1. gr., er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með merki því, sem til er tekið í nefndri grein.

Sömuleiðis er óheimilt, að taka upp eða nota þau merki á kjöt, er svo eru lík að lit og lögun, að hætt sje við að um verði vilst.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, alt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar er brotið.

Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **339. Lög**

um viðauka við lög frá 11. nóvbr. 1899 nr. 26, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

1. gr.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap neinar áfengisveitingar, nje nokkur áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, nema fjelagið fái til þess sjerstakt leyfi lögreglustjóra. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4$% af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli.

2. gr.

Áfengisnautn má ekki eiga sjer stað í veitingahúsum, sem hafa ekki áfengisveitingaleyfi, nje heldur í veitingatjöldum eða á öðrum stöðum, þar sem almennar veitingar fara fram. Lögreglustjóri má þó leyfa áfengisnautn í samsætum einstakra manna, sem haldin eru á slíkum stöðum.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða fjelagsstjórn eða þjónustumenn eða jafnvel neytendur sjálfa 20—1000 kr. sekt. Auk þess er upptækt áfengi það, er finnast kann í vörslum fjelagsins.

Enn fremur má lögreglustjóri banna fjelaginu samkomur, enda sje þá þegar höfðað mál gegn fjelaginu samkvæmt 55. gr. stjórnarskrárinnar.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 10—500 kr.

5. gr.

Sektir þær, er um ræðir í lögum þessum, og andvirði fyrir upptækt áfengi, renna í sjóð sveitarfjelags þess, þar er brotið er framið.

6. gr.

Með mál eftir lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **340. Frumvarp**

til laga um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Yfirsetukvennaskóla skal setja á stofn í Reykjavík.

2. gr.

Námstíminn skal vera 6 mánuðir og byrja 1. október ár hvert.

3. gr.

Landlæknir skal vera kennari skólans, þangað til auknir verða kenslukraftar við læknadeild háskólans, og hafa 1000 kr. á ári fyrir þann starfa.

Þar að auki skal ráða 3 yfirsetukonur í Reykjavík, til að veita námskonum verklega tilsögn; skulu þær fá 100 kr. þóknun á ári, hver þeirra. Ráðherra veitir yfirsetukonum þennan starfa eftir að hafa fengið tillögur landlæknis.

4. gr.

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 45 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

5. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugerð fyrir hann.

6. gr.

Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

7. gr.

Landlæknir ákveður, hver skuli vera áhöld yfirsetukvenna. Landssjóður leggur til áhöld i yfirsetukvennaumdæmin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1912.

Ed. **341. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl.

(Eftir 3. umr. i Nd.)

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hreppur Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishjerað og heita Hnappdælahjerað. Í hjeraði þessu eru: Kolbeinsstaðahreppur, Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur og Staðarsveit. Læknissetur i austanverðum Miklaholtshreppi eða vestanverðum Eyjarhreppi.

2. gr.

Þá er Hnappadælahjerað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshjeraði, að það taki ekki lengra vestur en að Hítará, á Stykkishólmshjeraði, að til þess liggi ekki Miklaholtshreppur og á Ólafsvíkurhjeraði, að til þess liggi ekki Staðarsveit.

Nd. **342. Þingsályktun**

um aukið eftirlit úr landi með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi.

Neðri deild Alþingis skorar á stjórnina, að auka eftirlit úr landi með síldveiðum útlendra skipa fyrir Norðurlandi og koma á það föstu skipulagi, ef mögulegt er.

Ed. **343. Rökstudd dagskrá**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 25; 3. okt. 1903 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga. Samþykt í Ed. 19. ágúst 1912.

Með því að í frumvarpi til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra felast þau sömu ákvæði, sem í þessu frumvarpi standa, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **344. Rökstudd dagskrá**

um frumv. til laga um eftirlit með þilskipum og opnum vjelaskipum. Samþykt í Ed. 19. ágúst 1912.

Með því að frumv. þetta í aðalatriðum er tekið upp í frumv. til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **345. Rökstudd dagskrá**

út af þingsályktunartillögu lútandi að ýmsum ríkisrjettindum Íslands, er viðurkend verða að teljast af danska löggjafarvaldsins hálfu. (Þingskjal 264). Samþykt í neðri deild 20. ágúst 1912.

Með því að deildin finnur eigi ástæðu til að taka ályktun um hinar fyrirliggjandi tillögu, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **346. Frumvarp**

til laga um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefndum er heimilt með samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs Íslands, að koma á vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum.

2. gr.

Nú vill hreppsnefnd koma á svofeldri vatnsveitu, sem getur um í 1. gr., og skal hún þá láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og, ef tiltækilegt telst að framkvæma verkið, gera nákvæma áætlun um fyrirkomulag vatnsveitunnar og kostnað við lagning hennar og leggja þau gögn fyrir sýslunefnd ásamt áætlun um kostnað við árlegan rekstur vatnsveitunnar, eftir að hún væri komin á. Kostnaður við umgetna rannsókn o. fl. telst til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist að öðrum kosti úr sveitarsjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir, að vatnsveitunni sje komið á, sendir sýslumaður málið til stjórnarráðsins til samþyktar, er svo samþykkir það, með eða án skilyrða, eða neitar samþykki og færir ástæður fyrir.

3. gr.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja, sandtekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi biði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

4. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kauptúnsins og um það, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kauptúninu.

5. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hreppsnefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kauptúninu (sbr. 6. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af húsaskattsvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6‰ af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá,

er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum sveitargjöldum.

6. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur í götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað.

7. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugjörðir um vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum. Reglugerð semur hlutaðeigandi hreppsnefnd, og má í hana setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja.

8. gr.

Í reglugjörðum þeim, sem getur um í 7. gr., má ákveða alt að 200 kr. sektir fyrir brot gegn ákvæðum þeirra, og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Ed. **347. Frumvarp**

til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hjer á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. —— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú — Vestmannaeyjar.
4. —— Reykjavík — Hafnarfjörður.

5. Innanbæjartalsímakerfi: Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar og Seyðisfjarðar.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði.

Með ofantöldum línum teljast og aukaþræðir, sem vegna aukinna starfa á línum þessum eru lagðir eða hjer eftir verður nauðsynlegt, að lagðir séu á hinar eldri stauraraðir þessara lína.

3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. —— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. —— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. —— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.
5. —— Breiðamýri — Húsavík.
6. —— Fagriskógur — Hjalteyri.
7. —— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.
8. —— Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. —— Ísafjörður — Bolungarvík.
10. —— Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. —— Grund — Borgarnes.
12. —— Kalastaðakot — Akranes.
13. —— Hafnarfjörður — Gerðar.
14. —— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. —— Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
16. —— Stykkishólmur — Hjarðarfell.
17. —— Reykjavík — Þingvellir.
18. —— Hjarðarfell — Ólafsvík — Hellissandur.
19. —— Miðey — Vík í Mýrdal.
20. —— Eskifjörður — Norðfjörður.
21. —— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur.
22. —— Djúpivogur — Hornafjörður.
23. Hliðartalsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.
24. Hliðarsími til Hríseyjar.

4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: Til Grenivíkur, Hvammstanga, Skagastrandar og Kálfshamarsvíkur, Kirkjubæjar á Síðu, Grundarfjarðar, Unaóss, og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu, Raufarhafnar, Súgandafjarðar, Reykjafjarðar í Strandasýslu til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík, til Staðar í Aðalvík um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum, um Barðastrandasýslu, frá Hafnarfirði um Garðahverfi til Sviðholtshverfis á Álftanesi, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur, frá Hraungerði að Torfastöðum í Biskupstungum og upp í Hreppa, upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu, svo og frá Eystri-Garðsauka að

Hlíðarenda. Enn fremur símakerfi í kauptúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem vinnukraftur sá, sem landssíminn hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, lagning og kaup á þeim talsímalínum, er upp eru taldar í 2. og 3. gr. og eigi eru þegar lagðar eða keyptar af landsjóðs hálfu, þar með taldir aukaþræðir þeir, sem nefndir eru í 2. gr., síðustu málsgrein.

Lagning og kaup framkvæmast eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum landssímastjóra þykir rjett.

Einnig er landsstjórninni heimilt að framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi aðallínum, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri.

Ætíð skal þó tilskilið, áður en ráðist er í kaup eða lagning á símalínum, er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hjerað leggi til lagningarkostnaðar hennar eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

Til	18. liðs	2. flokks	...	...	4000 kr.
—	19. —	- —	...	...	5000 —
—	20. —	- —	...	...	3000 —
—	21.| 22.|	— - —	...	...	5000 —
—	23. —	- —	...	...	5000 - -
—	24. —	- —	...	...	3000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufjelag eiga hlut að máli um tillag til símalínu, skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skifting á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, eftir nánari ákvörðun landsstjórnarinnar, og í samræmi við gildandi samninga.

7. gr.

Þá er lokið er lagning og kaupum á talsímum og talsímakerfum o. fl. samkvæmt 5. gr., skal kaupa og leggja talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks teljast, og enn fremur aukaþræði í eldri línur eftir því sem nauðsyn krefur, og skal verja tekjuafgangi af rekstri landssímans ár hvert til framkvæmdar á þessu. Að jafnaði skal fjeð til þessara framkvæmda þó veitt á fjárlögum, og þar þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi hjeraði.

8. gr.

Til framkvæmda á lagning og kaupum síma og talsímakerfa o. fl., er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landsjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum. Halda skal láni þessu eða lánum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsfjeð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikn-

ingnum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til reksturskostnaðar (sbr. 7. gr.).

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í reksturskostnaðinum, er útrunninn, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum landsstjórnarinnar fyrir hvert einstakt tiltelli.

Nd. **348. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ritsíma- og talsímakerfi Ísland (þingskj. 347).

Flutningsmaður: Jósef Björnsson.

Við 3. gr. Á eftir 22. lið bætist inn nýr liður svo hljóðandi:
22. Hólmavík til Staðar á Reykjanesi.
Eftirfarandi liðatala breytist samkvæmt þessu.

Nd. **349. Frumvarp**

til laga um einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson. Eggert Pálsson. Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, sem henni þurfa þykir til að birgja landið, og selja hana kaupmönnum og öðrum (kaupfjelögum, sveitarfjelögum o. s. frv.), fyrir það verð, er liðlega svari kostnaði og vöxtum.

Í þessu skyni veitist stjórninni heimild til að taka það lán, sem á þarf að halda.

2. gr.

Meðan stjórnin notar þessa heimild, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu, en stjórninni.

3. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum alt að 100,000 kr., og skal ólöglega innflutt olía upptæk, og andvirðið renna í landssjóð. Með brot gegn lögunum skal farið sem með almenn sakamál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **350. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til yfirsetukvennalaga (þingskj. 328).

Frá nefndinni.

Frumvarp þetta er loks komið hingað aftur frá háttvirtri neðri deild, með nokkrum breytingum, og þó nefndin geti ekki dulist þess, að það hafi heldur skemst á leiðinni, vill hún þó eftir atvikum ráða háttvirtri efri deild til að samþykkja það eins og það er.

Efri deild Alþingis 20. ágúst 1912.

Sigurður Stefánsson, formaður	Björn Þorláksson, skrifari og framsögum.
Þórarinn Jónsson.	Steingrímur Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson.

Ed. **351. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík (þingskj. 340).

Frá nefndinni.

Frumvarp þetta hefir orðið fyrir einni breytingu í háttv. neðri deild, er hún við 3. gr. og er þessi: »að landlæknir skuli ekki vera kennari skólans lengur en þangað til auknir verða kenslukraftar við læknadeild háskólans«. Þetta ákvæði er mjög svo viðsjárvert, því með því er háskólanum gefið undir fótinn, að bæta bráðlega við sig enn einum hálaunuðum kennara.

Nefndin vill því færa hina 3. gr. aftur til sinnar upphaflegu myndar, og leggur það til, að háttvirt efri deild samþykki frumv. með þessari nauðsynlegu

BREYTINGU:

Orðin í 3. gr.: »Þangað til auknir . . . háskólans« falli burt.

Efri deild Alþingis, 20. ág. 1912.

Sigurður Stefánsson, formaður. Björn Þorláksson, skrifari og framsögumaður.

Þórarinn Jónsson. Steingrímur Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson.

Sþ. **352. Tillaga**

til þingsályktunar um sambandsmálið.

Frá Guðlaugi Guðmundssyni, Seláni Stefánssyni, 5. konungk. Jón Jónssyni, frá Múla, Sig. Stefánssyni: Jens Pálssyni, Valtý Guðmundssyni.

Alþingi ályktar að fela ráðherra, að bera það fram við hans hátign konunginn, að leitað verði nýrra samninga um sambandið milli Danmerkur og Ísland.

Ed. **353. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um vörutoll (þingskj. 325).

Frá nefndinni.

Nefndin, sem háttv. Ed. vísaði frumvarpi þessu til, hefir athugað það, og komist að þeirri niðurstöðu, að það sje allvel fallið til að afla landssjóði tilætlaðra tekna, og um tollheimtuna telur hún svo búið í frumvarpinu, að hún verði framkvæmanleg og sæmilega tryggileg.

Fyrir því ræður hún háttvirtri deild til að samþykkja það með neðanskráðum breytingum, er gerð verður grein fyrir í framsögunni.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. 1. í staðinn fyrir: »sementi og« komi: sementi.
2. Við 1. gr. 2. í staðinn fyrir: »ómíðajárni« komi: smíðajárni.
3. Við 1. gr. 3. á eftir orðinu: »fatnaður« komi: þar með talinn skófatnaður.
4. Við 1. gr. 4. a. og b. í stað: »hverri smálest« komi: hverju tonni.
5. Við 1. gr. 6. í stað: »1 kr.« komi: 50 aura.
6. Niðurlagsgreín 1. greinar orðist svo:
   Brot úr tolleiningu skal talið sem heil tolleining.
7. Við 7. gr. á eftir orðinu: »vörutegundum« komi: með umbúðum.
8. Við 7. gr. í stað: »síðar« í 7. línu frá greinarupphafi komi: síðan.
9. Við 14. gr. í stað: »3 af hundraði« komi: 4 af hundraði.

Efri deild Alþingis, 21. ágúst 1912.

(Með fyrirvara):
Steingrímur Jónsson, formaður.

Jens Pálsson, skrif. og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Þórarinn Jónsson, (með fyrirvara).

Stefán Stefánsson, (með fyrirvara).

Nd. **354. Frumvarp**

til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. Um eftirlit með skipum og bátum.

1. gr.

Hver sá maður eða fjelag, sem gerir út skip til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskiveiða hjer við land, sje það svo stórt, að það sje lögskráningarskylt samkv. 75. gr. siglingarlaganna, og skipshöfnin hafi aðsetur um borð í því, skal láta skoða skipið af þar tilkvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má skipið ekki leggja út fyr en skoðunargerð hefur fram farið eftir lögum þessum.

Skipstjóra skal skylt að sjá um, að skoðun þessi fari fram.

2. gr.

Nú vanrækir skipstjóri að sjá um að lögleg skoðunargerð sje framkvæmd, án vitundar útgerðarmanns, og leggur hann út á skipinu óskoðuðu, skal hann fyrir það sæta sektum samkv. 14. gr., en sje það á vitund eða með vilja útgerðarmanns, að skoðun hafi verið vanrækt, skal hann greiða sektina.

Farist skip, sem lögleg skoðunargerð hefir ekki verið framkvæmd á, eða því hefur hlekst á, svo tjón hefir afhlotist, og líkur eru til að tjónið stafi af óforsvaranlegum útbúnaði, er útgerðarmaður skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna.

3. gr.

Skoðunin skal að jafnaði fram fara, þegar skipið er tómt, ef því verður við komið, áður en varningur er látinn í það, svo að skoðunargerðin geti jafnt fram farið innanborðs sem utan. Sjeu skoðunarmenn ókunnugir skipi því, er skoða á, eða þeir telja uggvænt um, að skipið sje í góðu standi neðansjávar, er þeim heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta að skipið sje sett á land. Beri skoðunarmenn ekki fullt skyn á einhver þau atriði, er að skoðunargerðinni lúta, svo sem um ástand vjelarinnar, skulu þeir tilkynna það lögreglustjóra, er þá skipar 1 eða fleiri menn þeim til aðstoðar, í þeim tilfellum, sem þörf er á slíkri aðstoð.

Skoðunarmenn framkvæma skoðun sína eftir því, sem lög þessi mæla fyrir, og samkvæmt þeim reglum, er settar verða með konunglegri tilskipun, samanb. 10. gr. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma skoðunargerð sína eftir bestu vitund og þekkingu, þannig að þeir geti unnið eið að henni, hvenær sem krafist verður.

Skoðunargerðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunar mönnum, en verði ágreiningur þeirra á milli, skipar lögreglustjóri oddamann.

Að skoðunargerðinni lokinni, senda skipsskoðunarmennirnir ráðningarstjóra brjeflega skýrslu um hana, og getur útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar krafist að þeir staðfesti skýrsluna með drengskaparheiti. Svo getur og útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar heimtað yfirskoðun. Skulu yfirskoðunarmenn vera 3, og vera skipaðir af lögreglustjóra fyrir hvert einstakt tilfelli. Skal úrskurður þeirra um ástand skips og útbúnað þess vera fullnaðarúrskurður. Kostnað allan við skoðunargerðina greiðir gerðarbeiðandi.

Ráðningarstjóri gerir lögreglustjóra viðvart um þau skip, sem hann hefir látið menn á, og sem kunna að hafa lagt út, en enga eða ófullnægjandi skoðunargerð sent.

Finni skoðunarmenn þá galla á skipi eða útbúnaði þess, er vanheimila samkv. lögum þessum eða tilskipunum, er settar kunna að verða, að skipið sje notað til siglinga eða fiskiveiða, mega þeir ekki láta úti skoðunarskýrslu, fyr en þeir ganga úr skugga um, að viðunanlega sje úr bætt.

Skoðunargerðin skal framkvæmd strax eftir að um hana hefir verið beðið af skipstjóra eða útgerðarmanni, svo framarlega sem gild forföll ekki hamla skoðunarmönnum.

Tefji þeir skip að nauðsynjalausu með því að framkvæma ekki skoðunargerðina, eða með því að gefa ekki skýrslu um hana, að ástæðulausu, getur útgerðarmaður komið fram ábyrgð á hendur þeim fyrir það fjártjón, er hann kann að bíða við það, að skipið hefir tafist fyrir þeirra vanrækslu í þessu efni.

4. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi á landinu skulu vera svo margir skipsskoð-

unarmenn, sem þurfa þykir, og skoða þeir öll skip, sem gerð eru út eða hafa aðsetur í umdæminu.

Lögreglustjóri ákveður, hve margir skoðunarmenn skuli vera og útnefnir þá. Skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel hæfir til starfsins, sem föng eru á.

Nú er innan hjeraðs þess eða kauptúns, þar sem skipa skal skoðunarmenn, skipaábyrgðarfjelag eða sjómanna, og skulu þá nefnd fjelög mega stinga upp á helmingi fleiri skoðunarmönnum, en útnefna á, þannig, að fjelög þessi stingi upp á jafn mörgum hvort. Sje að eins eitt slíkt fjelag til, hefir það ekki uppástungurjett, en þá hafa í kaupstöðum bæjarstjórnir rjett til að tilnefna helmingi fleiri skoðunarmenn en útnefna á.

II. Ákvæði, er gilda um öll skip og vjelarbáta, sem eiga heimili á Íslandi.

5. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef skipsskrokk, útbúnaði skips, vjel eða vjelartækjum eða skipshöfn er svo áfátt eða, skip er svo ofhlaðið eða vanhlaðið, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að álíta verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sje að vera í förum með því, en venjulegt er við siglingar.

6. gr.

Útgerðarmanni er skylt að sjá um, að óhaffært skip sje eigi haft í förum.

Áður lagt er á stað annast skipstjóri um, að skip sje haffært, hann sjer og um, að það sje hæfilega vel útbúið til ferðarinnar, nægilega ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf, kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það er gufuskip. Honum er og skylt, að annast um, að skipið hafi meðferðis þau bendingaáhöld, björgunartæki, sjóbrjef og siglingaverkfæri, sem með þarf. Hann skal einnig sjá um, að fermsla skipsins sje í alla staði hæfileg.

Ákvæðin í 5. og 6. gr. ná einnig til vjelarbáta, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

III. Ákvæði um skip, sem eru í förum milli landa.

7. gr.

Nú á skip að ganga landa á milli, eða gufuskip rekur veiðar utan landhelgi, og skal þá fullnægt þeim almennu kröfum, sem settar eru eftir alþjóðlegum rjetti um öryggi skipa, einnig að því leyti, sem við kemur öllum útbúnaði skips, björgunartækjum þess, siglingaverkfærum og fermslu, alt eftir því, hvort skipið er ætlað til fólksflutnings, vöruflutnings, veiða eða annars.

8. gr.

Eftir 1. janúar 1913 skulu skip, sem eiga að vera í förum milli landa, vera með hleðslumerki, samkvæmt reglum, sem nánara verða ákveðnar í kon-

unglegri tilskipun. Kostnaðurinn við þetta greiðist af útgerðarmanni. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sjerstaklega stendur á.

Stjórnarráðið hefir og heimild til, ef nauðsynlegt þykir, að gera samninga um útgáfu hleðslumerkis-skírteina handa íslenskum skipum, við þau dönsk stjórnarvöld eða flokkunarfjelög erlendis, sem hafa heimild til að gefa út slík skírteini.

Hleðslumerkið sýnir, hvað skipið má liggja dýpst í sjó í logni. Ef skip er hlaðið svo, að það liggur dýpra, ber að skoða það ótrygt og geta þá hlutaðeigandi yfirvöld bannað því að halda ferð áfram, þar til er úr bætt.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd reglna þeirra, sem settar eru í 3. og 4. gr., og um umsjón með, að þeim sje hlýtt, má setja í konunglegri tilskipun.

IV. Ákvæði um skip, sem eru í förum innanlands, og um vjelarbáta.

10. gr.

Með konunglegri tilskipun skal setja ákvæði um, hvaða öryggisreglur skuli gilda um þilskip (vjelaskip eða seglskip), sem eru í förum með ströndum Íslands eða stunda fiskiveiðar við Ísland, og hvers skoðunarmenn þeir, er ræðir um í lögum þessum, eigi að gæta og skuli krefjast, áður en skip má leggja út, svo lífi manna og heilsu sje eigi frekari hætta búin á skipinu, en almennt er samfara sjóferðum þeim, sem skipinu eru ætlaðar.

Í sömu tilskipun skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í herbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustu-hætti. Reglur þessar ná þó ekki til skipa, sem eru minni en 15 tons, eða sem skipshöfnin ekki hefir fast aðsetur um borð í, en liggur í landi á nóttum.

Í sömu tilskipun skal ákveðið gjald það, er skoðunarmönnum ber fyrir starfa sinn, svo og yfirskoðunarmönnum. Má það vera mismunandi eftir stærð skipa og fyrirhöfn.

Eigi má þó gefa slíka tilskipun út, fyr en fengið er álit stjórnenda Samábyrgðar og Fiskiveiðafjel. Íslands, og má hún eigi í verulegum atriðum vera strangari en þessi fjelög telja hyggilegt fyrir sjávarútveginn.

11. gr.

Með sömu skilyrðum má einnig með konunglegri tilskipun setja öryggisreglur fyrir vjelarbáta og þilskip minni en 15 tons.

Um báta þessa má einnig ákveða í tilskipuninni, að vjelina skuli skoða árlega, annaðhvort af sjerfróðum manni, sem skrásetningarstjóri tilnefnir, eða af manni, sem stjórnarráðið löggildir til þess, og fær hann þá þóknun fyrir skoðunina, sem ákveðin er í tilskipuninni. Gjald fyrir skoðun greiðist af útgerðarmanni og hefir lögtaksrjett.

Það er tilgangur eftirlitsins að veita þeim, sem það varðar, ábyggilegar skýrslur um ástand vjelarinnar og veita eigandanum leiðbeiningar sjerfróðs manns. Skoðunarmaður skal svo fljótt, sem því verður við komið, senda skoðunargerðina eiganda, lögreglustjóra og innlendum ábyrgðarfjelögum, sem báturinn er vátrygður hjá og þess kunna að óska. Í tilskipuninni skal svo ákveða, að skoðun falli burtu, ef hlutaðeigandi vátryggingarfjelag lætur árlega skoða vjelar á þann hátt, sem stjórnarráðið telur tryggan.

V. Ýmisleg ákvæði.

12. gr.

Ef skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, er talið ósjófært, getur lögreglustjóri heft burtförina til bráðabirgða með úrskurði, rökstuddum með áliti tveggja, tilnefndra, sjerfróðra, óvilhallra manna, er fengið skal svo fljótt sem auðið er. Þessum úrskurði má áfrýja til stjórnarráðsins; skal það leggja fullnaðarúrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Nú er skip eða bátur, þar með talin þilskip og vjelarbátar til vöruflutninga eða fiskiveiða, ekki fær til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri eða formaður vanrækir að sjá um, að úr sje bætt, og getur skipshöfnin þá krafist fararleyfis úr skiprúmi. Þegar meiri hluti skipshafnar krefst þess, er skipstjóri eða formaður skyldur til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipi eða bát, um það, hvort það sje ferðafært. Enn fremur skal skoða vjelina, þar sem því má við koma, ef vjelarstjóri krefst þess. Synji skipstjóri eða formaður þessarar skoðunargerðar, er skipshöfn heimil brottför úr skiprúmi.

Ef skipshöfn fer úr skiprúmi af þessum ástæðum, fær hún kaup fyrir þann tíma, er hún var í skiprúmi, og að auki mánaðarkaup, nema því að eins, að skipshöfn hafi verið ráðin gegn hlut í afla, en þá er eigi afturkræft það, sem útgerðarmaður kann að hafa greitt henni fyrir fram eða um of.

Ef svo reynist við skoðunargerð, að kærur um, að skip eða bátur sje óhaffært, eiga við engin sennileg rök að styðjast, þá skal sá, sem skoðunar hefir beiðst, greiða allan þann kostnað og tjón, er af henni hlýtst.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. greinar varða sektum frá 100 til 2000 krónum. En brot gegn öðrum varúðarreglum, sem settar eru í lögum þessum, svo og vanræksla skoðunarmanna á skyldustörfum þeirra, varða sektum alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, frá 3. okt. 1903.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Nd. **355. Frumvarp**

til laga um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefndum er heimilt með samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs Íslands, að koma á vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum.

2. gr.

Nú vill hreppsnefnd koma á svofeldri vatnsveitu, sem getur um í 1. gr., og skal hún þá láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og, ef tiltækilegt telst að framkvæma verkið, gera nákvæma áætlun um fyrirkomulag vatnsveitunnar og kostnað við lagning hennar og leggja þau gögn fyrir sýslunefnd ásamt áætlun um kostnað við árlegan rekstur vatnsveitunnar, eftir að hún væri komin á. Kostnaður við umgetna rannsókn o. fl. telst til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist að öðrum kosti úr sveitarsjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir, að vatnsveitunni sje komið á, sendir sýslumaður málið til stjórnarráðsins til samþyktar, er svo samþykkir það, með eða án skilyrða, eða neitar samþykki og færir ástæður fyrir.

3. gr.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður, að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja, sandtekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi biði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um

endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

4. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kauptúnsins og um það, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kauptúninu.

5. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hreppsnefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kauptúninu (sbr. 6. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af húsaskattsvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6‰ af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum sveitargjöldum.

6. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur í götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað.

7. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugjörðir um vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum. Reglugerð semur hlutaðeigandi hreppsnefnd, og má í hana setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja.

8. gr.

Í reglugjörðum þeim, sem getur um í 7. gr., má ákveða alt að 200 kr. sektir fyrir brot gegn ákvæðum þeirra, og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Nd. **356. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Í 9. gr. laga 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka falli niður orðið »Seyðisfirði«, en í staðinn komi: á Austfjörðum.

Svo er og bankanum heimilt, með samþykki ráðherra, að setja upp afgreiðslustofu erlendis á þeim stað, er bankastjórninni þykir til þess hagkvæmur.

Nd. **357. Frumvarp**

til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hjer á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. —— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú — Vestmannaeyjar.
4. —— Reykjavík — Hafnarfjörður.
5. Innanbæjartalsímakerfi: Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar og Seyðisfjarðar.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði.

Með ofantöldum línum teljast og aukaþræðir, sem vegna aukinna starfa á línum þessum eru lagðir eða hjer eftir verður nauðsynlegt, að lagðir séu á hinar eldri stauraraðir þessara lína.

3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. —— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. —— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. —— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.
5. —— Breiðamýri — Húsavík.

6. Talsímalínan: Fagriskógur — Hjalteyri.
7. —— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.
8. —— Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. —— Ísafjörður — Bolungarvík.
10. —— Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. —— Grund — Borgarnes.
12. —— Kalastaðakot — Akranes.
13. —— Hafnarfjörður — Gerðar.
14. —— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. —— Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
16. —— Stykkishólmur — Hjarðarfell.
17. —— Reykjavík — Þingvellir.
18. —— Hjarðarfell — Ólafsvík — Hellissandur.
19. —— Miðey — Vík í Mýrdal.
20. —— Eskifjörður — Norðfjörður.
21. —— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur.
22. —— Djúpivogur — Hornafjörður.
23. Hliðartalsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.
24. Hliðarsími til Hríseyjar.

4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: Til Grenivíkur, Hvammstanga, Skagastrandar og Kálfshamarsvíkur, Kirkjubæjar á Síðu, Grundarfjarðar, Unaóss, og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu, Raufarhafnar, Súgandafjarðar, Reykjafjarðar í Strandasýslu til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík, til Staðar í Aðalvík um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum, um Barðastrandasýslu, frá Hafnarfirði um Garðahverfi til Sviðholtshverfis á Álftanesi, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur, frá Hraungerði að Torfastöðum í Biskupstungum og upp í Hreppa, upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu, svo og frá Eystri-Garðsauka að Hliðarenda. Enn fremur símakerfi í kauptúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, ettir því sem vinnukraftur sá, sem landssíminn hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, lagning og kaup á þeim talsímalínum, er upp eru taldar í 2. og 3. gr. og eigi eru þegar lagðar eða keyptar af landsjóðs hálfu, þar með taldir aukaþræðir þeir, sem nefndir eru í 2. gr., síðustu málsgrein.

Lagning og kaup framkvæmast eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum landssímastjóra þykir rjett.

Einnig er landsstjórninni heimilt að framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi aðallínum, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri.

Ætíð skal þó tilskilið, áður en ráðist er í kaup eða lagning á símalínum, er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hjerað leggi til lagningarkostnaðar hennar eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

Til	18.	liðs	2.	flokks	... ...	4000 kr.
—	19.	—	-	—	... ...	5000 —
—	20.	—	-	—	... ...	3000 —
—	21.| 22.|	—	-	—	... ...	5000 —
—	23.	—	-	—	... ...	5000 --
—	24.	—	-	—	... ..	3000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufjelag eiga hlut að máli um tillag til símalínu, skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skifting á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, eftir nánari ákvörðun landsstjórnarinnar, og í samræmi við gildandi samninga.

7. gr.

Þá er lokið er lagning og kaupum á talsímum og talsímakerfum o. fl. samkvæmt 5. gr., skal kaupa og leggja talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks teljast, og enn fremur aukaþræði í eldri línur eftir því sem nauðsyn krefur, og skal verja tekjuafgangi af rekstri landssímans ár hvert til framkvæmdar á þessu. Að jafnaði skal fjeð til þessara framkvæmda þó veitt á fjárlögum, og þar þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi hjeraði.

8. gr.

Til framkvæmda á lagning og kaupum síma og talsímakerfa o. fl., er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landsjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum. Halda skal láni þessu eða lánum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsfjeð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikningnum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til rekstrskostnaðar (sbr. 7. gr.).

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í rekstrskostnaðinum, er útrunninn, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstrsútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum landsstjórnarinnar fyrir hvert einstakt tiltelli.

Nd. **358. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Háttv. efri deild hefir gert þær aðalbreytingar á frumv. þessu, að rit- og talsímalínan frá Ölfusárbrú til Vestmannaeyja er sett í fyrsta flokk, í stað annars flokks, og talsímalínan frá Reykjavík til Þingvalla í annan flokk í staðinn fyrir þriðja flokk.

Nefndin telur breytingarnar á frumv. aðgengilegar eftir atvikum, og ræður háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Neðri deild Alþingis, 21. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Jón Magnússon, skrifari og framsögumaður.

Halldór Steinsson. Stefán Stefánsson, Eyf.

Einar Jónsson.

Nd. **359. Rökstudd dagskrá**

út af fyrirspurn til ráðherra frá Valtý Guðmundssyni (um starfsemi viðskiftaráðunautsins, þingskj. 214). Samþykt í Neðri deild 21. ágúst 1912.

Í því trausti, að landsstjórnin gæti þess, að viðskiftaráðunauturinn ræki starf sitt samkvæmt erindisbrjefi sínu, fáist ekki við annarleg störf, og stjórnin athugi ferðakostnaðarreikninga hans, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **360. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúatalan er yfir 100, ber bólusetjara 20 aurar fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og skoðar samkvæmt 3., 4.—6. og 9. gr. laga nr. 34, 27. sept. 1901, en í minni kauptúnum og sveitum skal borgunin vera 35 aurar

2. gr.

1. málsgrein 11. gr. í lögum nr. 34, 27. sept. 1901, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Ed. **361. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. nr. 16, 4. nóv. 1881.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Af síld, er flutt er út umbúðalaus í farmrúmi skips, skal greiða útflutningsgjald, 25 aura af hverri tunnu (108—120 Ltr.).

2. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi, skal greiða útflutningsgjald:

af hverri tunnu síldarlýsis (= 105 kg) ... ... 30 aura,
af hverjum 100 kg af fóðurmjöli .... 30 aura,
af hverjum 100 kg. af fóðurkökum ... ... 25 aura,
af hverjum 100 kg af áburðarefnum ... ... 15 aura.

3. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16 frá 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **362. Tillaga**

til þingsályktunar um ávarp til konungs.

Frá: Guðl. Guðmundssyni, Jóni Jónssyni frá Múla, Valtý Guðmundssyni og Jóni Magnússyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að senda konungi svohljóðandi

ÁVARP:

Mildasti herra konungur!

Allra-hæstur boðskapur yðar hátignar, er ráðherra Íslands flutti Alþingi, hefir verið þinginu og þjóð vorri hið mesta gleðiefni.

Vjer minnumst föður yðar hátignar, hins lofsæla konungs vors, Friðriks hins áttunda, með einlægum söknuði. Nafn hans mun ætið geymast í þakklátri minning hinnar íslensku þjóðar.

Konungleg orð yðar hátignar til Alþingis, eru oss vottur þess, að yðar hátign beri hinn sama hlýja velvildarhug til lands vors og þjóðar, sem vjer svo oft og víða höfðum orðið varir við af hendi hins lofsæla konungs vors, föður yðar hátignar, og fær það oss mikillar gleði, að mega bráðlega eiga þess von, að geta fagnað yðar hátign hjer heima. og vottað yður þegnlega lotning vora.

Á Alþingi því, sem nú er að ljúka störfum sínum, höfum vjer falið ráðherra Íslands, að bera það fram við yðar hátign, að gerðar verði tilraunir til þess, að leiða til farsælla lykta nýja samninga um sambandið milli Danmerkur og Íslands. Það er einlæg von vor, að konungleg samhygð og stoð yðar hátignar í þessu mikla velferðar- og áhugamáli Íslands, verði til þess, að þeir samningar mættu svo vel takast, að þeir geti orðið báðum þjóðum ánægjuefni, og leitt til góðs samlyndis og samvinnu milli þjóðanna. Að þessu viljum vjer vinna af fremsta megni.

Mildasti herra konungur!

Vjer biðjum guð að blessa yðar konunglegu hátign, yðar konunglegu ætt, ríkisstjórn, lönd og þegna. —

Ed. **363. Tillaga**

til þingsályktunar um ávarp til konungs.

Frá: Jens Pálssyni, Sigurði Stefánssyni og Stefáni Stefánssyni.

Efri deild Alþingis ályktar að senda konungi svohljóðandi

ÁVARP:

Mildasti herra konungur!

Allra-hæstur boðskapur yðar hátignar, er ráðherra Íslands flutti Alþingi, hefir verið þinginu og þjóð vorri hið mesta gleðiefni.

Vjer minnumst föður yðar hátignar, hins lofsæla konungs vors, Friðriks hins áttunda, með einlægum söknuði. Nafn hans mun ætíð geymast í þakklátri minning hinnar íslensku þjóðar.

Konungleg orð yðar hátignar til Alþingis, eru oss vottur þess, að yðar hátign beri hinn sama hlýja velvildarhug til lands vors og þjóðar, sem vjer svo oft og víða höfðum orðið varir við af hendi hins lofsæla konungs vors, föður yðar hátignar, og fær það oss mikillar gleði, að mega bráðlega eiga þess von, að geta fagnað yðar hátign hjer heima, og vottað yður þegnlega lotning vora.

Á Alþingi því, sem nú er að ljúka störfum sínum, höfum vjer falið ráðherra Íslands, að bera það fram við yðar hátign, að gerðar verði tilraunir til þess, að leiða til farsælla lykta nýja samninga um sambandið milli Danmerkur og Íslands. Það er einlæg von vor, að konungleg samhygð og stoð yðar hátignar í þessu mikla velferðar- og áhugamáli Íslands, verði til þess, að þeir samningar mættu svo vel takast, að þeir geti orðið báðum þjóðum ánægjuefni, og leitt til góðs samlyndis og samvinnu milli þjóðanna. Að þessu viljum vjer vinna af fremsta megni.

Mildasti herra konungur!

Vjer biðjum guð að blessa yðar konunglegu hátign, yðar konunglegu ætt, ríkisstjórn, lönd og þegna. —

Nd. **364. Rökstudd dagskrá**

um frumv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til þess að gera samning um einkarjettarsölu á steinolíu um tiltekið árabil (stj.frumv. n. 315). Samþykt í neðri deild 21. ágúst 1912.

Deildin treystir því, að landsstjórnin finni, ef á kynni að þurfa að halda, útvegi til þess, að birgja landið með steinolíu, gegn viðunanlegu verði, svo sem með því, fyrir milligöngu bankanna, að stuðla að stofnun innlends fjelags til steinolíukaupa, eftir atvikum með þáttöku af hendi landssjóðs eftir föngum, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **365. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um kosningar til sýslunefnda.

Nefndin hefir athugað málið, og orðið sammála um það, að það væri í fullu samræmi við aðrar kosningar til almennra starfa hjer á landi, svo sem þingkosning, prestskosning og sjerstaklega bæjarstjórnarkosning, að kosning til sýslunefnda fari fram leynilega. Sýslunefndir hafa mjög mikið vald innan sinna umdæma, og fyrir kemur, að mikið kapp verður um þær kosningar. Aðferðin í

frumv. þessu er sniðin sumpart eftir bæjarstjórnarkosningalögunum og sumpart eftir prestskosningalögunum. Nefndin hefir ekkert sjerlegt að athuga við einstök atriði frumv., en er þeirrar skoðunar að rjett sje, að frumvarpið gangi fram, þótt ekki geti orðið á þessu þingi.

Neðri deild Alþingis, 21. ágúst 1912.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. Jón Magnússon, skrifari.

Ólafur Briem.

Nd. **366. Rökstudd dagskrá**

um frumv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903 (þingsk. 24, 216, 236). Samþykt í Nd. 21. ágúst 1912.

Með því að til stendur að leita samkomulags við Dani um sambandsmálið á grundvelli frumv. millilandanefndarinnar 1908, með þeim breytingum, er samkomulag fæst um, bæði inn á við og út á við, en það mundi að sjálfsögðu leiða til stjórnarskrárbreytingar, þá telur deildin ekki rjett, að gera samþykt um stjórnarskrármálið að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **367. Þingsályktun**

um strandferðir.

Neðri deild Alþingis lýsir því yfir, áð hún veitir stjórninni heimild til:

1. Að leysa Thorefjelagið frá samningi þess 7. ág. 1909 frá lokum þessa árs, en heimilt er stjórnarráðinu að setja fjelaginu þessi skilyrði:
   a. Að fjelagið hafi viðkomustaði í nokkrum millilandaferðum í hafnarstöð á Norður-Þýskalandi (t. d. Lübeck).
   b. Að fjelagið gefi stjórninni kost á, ef til þess kemur, að kaupa gufuskipin »Austra« og Vestra«.
2. Að gera samning fyrir árið 1913 um strandferðir, svo góðar sem kostur er á, og að hún megi verja til þess alt að 60,000 krónum.

Nd. **368. Tillaga**

til þingsályktunar um stjórnarskrármálið.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til breytinga á stjórnarskrá landsins, svo framarlega, sem þá verður ekki fengin vís von um góðar undirtektir af hendi Dana undir nýja samninga um sambandsmálið á grundvelli frumvarps millilandanefndarinnar frá 1908.

Nd. **369. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá Ólafi Briem.

1. Við 1. gr. Upphaf fyrri málsgreinar orðist svo:

Alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, skulu hafa 6 kr. þóknun daglega o. s. frv.

2. Við - — Síðari málsgrein falli burt.

Nd. **370. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

Frá Jóni Ólafssyni.

Á eftir: »öðlast gildi þegar í stað« komi: og gildi til ársloka 1913.

Nd. **371. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um stjórnarskrármálið (þgskj. 368).

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Orðin: »á grundvelli frumvarps millilandanefndarinnar frá 1908« falli niður.

Nd. **372. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 1. gr. Í stað »8 kr«. komi: 6 kr.

Ed. **373. Frumvarp**

til laga um verðlag.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Frá 16. maí 1913 skulu öll gjöld, sem ákveðin eru í landaurum eða álnatali eftir verðlagsskrá, reiknuð til peninga eftir meðalverði í verðlagsskrám þeim, er gilt hafa í hverri sýslu fyrir sig um síðastliðin 10 ár, 1903 — 1913 Við útreikning meðalverðsins skal ½ eyrir og stærra brot talinn sem heill, en minna broti skal slept. Stjórnarráðið gefur út hinar nýju verðlagsskrár, og skulu þær prentaðar í A.-deild Stjórnartíðindanna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 6. nóvbr. 1897 um undirbúning verðlagsskrá, og lög 13. septbr. 1901 um viðauka við tjeð lög.

Nd. **374. Þingsályktun**

um skipun siglingafróðra manna til aðstoðar hjeraðsdómurum við sjómál.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að leggja fyrir næsta Alþingi, ef tiltækilegt reynist, frumvarp til laga um skipun siglingafróðra manna til aðstoðar hjeraðsdómurum við rannsókn mála út af sjósköðum og önnur dómsstörf, er siglingafróðleikur kynni að vera þarflegur til, svo og við skipamælingar.

Nd. **375. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna (þingskj. 265).

Flutningsm.: Einar Jónsson.

1. Við 1. gr.

a. í stað: »8 kr.« komi: 10 kr.
b. orðin: »Enn fremur skulu alþingismenn . . . . dvelja á þingstaðnum« falli burt.

Nd. **376. Þingsályktun**

um skýrslur um lífsábyrgðarfjelög.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að safna nákvæmum skýrslum um starfsemi lífsábyrgðarfjelaga þeirra, er starfa eða hafa starfað hjer á landi, og að rannsaka alt, er lýtur að stofnun innlends lífsábyrðarfjelags, og leggja skýrslur þessar og rannsóknir fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nd. **377. Frumvarp**

til laga um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Yfirsetukvennaskóla skal setja á stofn í Reykjavík.

2. gr.

Námstíminn skal vera 6 mánuðir og byrja 1. október ár hvert.

3. gr.

Landlæknir skal vera kennari skólans, og hafa 1000 kr. á ári fyrir þann starfa.

Þar að auki skal ráða 3 yfirsetukonur í Reykjavík, til að veita námskonum verklega tilsögn; skulu þær fá 100 kr. þóknun á ári, hver þeirra. Ráðherra veitir yfirsetukonum þennan starfa eftir að hafa fengið tillögur landlæknis.

4. gr.

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 45 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

5. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugerð fyrir hann.

6. gr.

Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

7. gr.

Landlæknir ákveður, hver skuli vera áhöld yfirsetukvenna.
Landssjóður leggur til áhöld í yfirsetukvennaumdæmin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1912.

Ed. **378. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ráðherra Íslands hefir 1000 kr. á ári að eftirlaunum.

Nú hefir ráðherra gegnt embætti, er eftirlaun fylgja, áður en hann tók við ráðherradæmi, og heldur hann þá einnig óskertum rjetti til þeirra eftirlauna.

Hafi ráðherra verið á eftirlaunum, er hann tók við ráðherraembættinu, þá nýtur hann og þeirra, nema svo sje, að hann hafi haft eftirlaun fyrir

rekstur ráðherraembættis, því að þá fær hann ekki frekari eftirlaun en hann hafði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er 3. gr. laga nr. 17, 3. okt. 1903 jafnframt feld úr gildi.

Nd. **379. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna (þingskj. 265).

Frá Matthíasi Ólafssyni.

Aftan við frumvarpið bætist ný grein, er verður 7. gr. og hljóði þannig:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

Ed. **380. Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl., nr. 16, 4. nóv. 1881.

Frá nefndinni.

Nefndin ræður háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild Alþingis, 22. ágúst 1912.

Sigurður Stefánsson. Steingrímur Jónsson, formaður.

Þórarinn Jónsson. Jens Pálsson, skrifari og framsögumaður.

Stefán Stefánsson.

Nd. **381. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu (þgskj. 349).

Flutningsm.: Valtýr Guðmundsson.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til innkaupa á steinolíu.

2. 1. gr. orðist svo:

Landsstjórninni veitist heimild til að verja úr landssjóði alt að 500,000 kr. til innkaupa á steinolíu til handa bæjarstjórnum, sveitastjórnum, kaupfjelögum og einstökum kaupmönnum gegn pöntun þeirra og borgun fyrirfram eða fullkominni tryggingu fyrir borguninni við afhendingu, innan þess tíma, er stjórnarráðið auglýsir, og skal verðið ákveðið þannig, að það svari rúmlega öllum kostnaði ásamt vöxtum af því fje, sem varið er til innkaupanna.

Gerist þess þörf, veitist stjórninni heimild til að taka það lán, sem nauðsynlegt reynist til að koma þessu í framkvæmd.

3. 2. og 3. gr. falli burt.

Nd **382. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu (þgskj. 349).

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um einkasöluheimild Landsbankans á steinolíu og öðrum efnum úr steinolíu, sem notuð eru sem aflvaki eða til lýsingar.

2. 1. grein orðist svo:

Landsbankanum veitist heimild til að kaupa svo mikið af steinolíu og öðrum efnum úr steinolíu, sem notuð eru sem aflvaki eða til lýsingar, sem hann álítur þurfa til að birgja landið, og selja hana kaupmönnum og öðrum í heildsölu, fyrir það verð, er svarar innkaupsverði, kostnaði og hæfilegu álagi fyrir áhættuna.

3. 2. grein orðist svo:

Þegar Landsbankinn hefir undirbúið viðskiftin með þessi efni svo, að hann geti birgt landið alt, skal stjórnarráðið auglýsa þrisvar í Lögbirtingarblaðinu, að Landsbankinn taki að sjer öll viðskiftin með þessi efni, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. Þegar sá auglýsingafrestur er liðinn, er engum leyfilegt að flytja til landsins steinolíu nje önnur efni úr steinolíu samkv. 1. grein nema Landsbankanum.

4. Eftir 2. gr. komi ný 3. grein svo hljóðandi:

Nú liggur steinolía eða önnur efni úr steinolíu, sem notuð eru, samkvæmt því, er sagt er í 1. grein, óseld í landinu, er auglýsingafresturinn er liðinn og skal eigandi þeirra flytja steinolíuna og hin önnur efni úr steinolíu burt úr landinu innan 3 mánaða, ef hann eigi getur samið um sölu þessara efna við Landsbankann.

5. Eftir þessa 3. gr. komi ný svo hljóðandi 4. grein:

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal skipa þriðja bankastjórann við Landsbankann og skal hann hafa að árslaunum 5000 krónur.

6. 3. grein verði 5. gr,

7. 4. grein frumvarpsins falli burt.

Ed. **383. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 27. septbr. 1901, um bólusetningar.

Frá nefndinni.

Nefndin leggur til við háttvirta efri deild, að hún samþykki frumvarpið eins og það kom frá háttv. neðri deild.

Efri deild alþingis, 22. ágúst 1912.

Sigurður Stefánsson, formaður.

Björn Þorláksson, skrif. og framsögum.

Þórarinn Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson.

Steingrímur Jónsson.

Nd. **384. Nefndarálit**

um frumv. til laga um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

Nefnd sú, er sett var í morgun í máli þessu, hefir átt 3 fundi í dag, og á hinum síðasta haft allítarlegt tal við ráðherra.

Nefndin er að því leyti klofin, að Dr. Valtýr Guðmundsson er algerlega mótfallinn allri einkasölu, eins þótt ríkið (landið) reki hana sjálft, og kemur hann fram sem minni hluti með breytingartillögur.

Jón Magnússon gerir ekki neinar sjerstakar tillögur, en ritar undir með fyrirvara og mun gera grein fyrir skoðun sinni í umræðunum.

Jón Ólafsson heldur fast við frumvarpið með lítilsháttar breytingum (þskj. 370), og svo hjer á eftir. Honum þykir það ábyrgðarhluti, að gera ekki tilraun til að stöðva yfirgang og einveldi Danska steinolíufjelagsins (D. D. P. A.), sem vitanlega er ekki annað en einn angi af einokunar-kerfi Rockefellers og hans kumpána. Hann hefir átt tal við kaupmenn um frumvarpið, og er það þeirra álit, að frumvarpið sje ofureinfalt og auðvelt framkvæmdar. Hefir hann fengið fulla vitneskju um, að auðvelt er fyrir stjórnarráðið að fá áreiðanlegan og efnalega óháðan kaupmann til að taka að sjer framkvæmd pöntunar, afgreiðslu og reikningshalds steinolíusölu stjórnarinnar fyrir sanngjarnt verð (segjum 6000 kr. auk uppskipunar og útkeyrslu-kostnaðar).

Ráðherra vaxa mjög í augum örðugleikarnir við framkvæmd frumvarpsins, ef heimildin yrði notuð; en það verður undirritaður framsögumaður að telja sprottið af skorti á kunnugleika á verslunartilhögun yfir höfuð. Enda ber það á milli, að ráðherra telur það sjálfsagt, að stjórnin annist um að hafa birgðir og útsölu á hverri verslunarhöfn; en nefndin ætlast að eins til, að sjeð sje fyrir birgðum í Reykjavík, og telur landsmenn (kaupmenn, kaupfjelög og aðra) eiga jafnhægt með að birgja sig upp með olíu hjeðan, eins og nú frá útlöndum.

Nefndin ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með breytingum Jóns Ólafssonar, og að afgreiða það með afbrigðum frá þingsköpum á morgun héðan frá deildinni, svo að efri deild gefist kostur á, annaðhvort að afgreiða það sem lög eða fella það.

Alþingi, 22. ágúst 1912.

Jón Ólafsson,	Jón Magnússon,
skrifari og framsögumaður.	formaður, með fyrirvara.

Með skírskotun til breytingatillagna minna.
Valtýr Guðmundsson.

BREYTINGARTILLÖGUR
frá Jóni Ólafssyni.

1, Við enda 1. málsgreinar, 1. gr. bætist: Birgðirnar skulu vera í Reykjavík og seldar þar fyrir borgun út í hönd.

2. Aftan við 2. grein, bætist ný gr., er verði

3. gr.: Stjórnin getur ráðið hentugan mann gegn kaupi, er um semur, til að standa fyrir kaupum, sölu og afhending á olíunni. Skal hann bera undir stjórnarráðið til samþykkis pantanirnar, verð og stærð o. s. frv., og gera henni skil fyrir andvirði, svo oft sem stjórnin ákveður. Að öðru leyti setur stjórnin honum reglur og skilyrði.

3. í lok 3. gr., sem verði 4. gr., komi »lögreglumál« í stað »sakamál«.

Ed. **385. Frumvarp**

til laga um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í landssjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi og kalki og tjöru, 10 aura af hverjum 50 kílógr.

2. Af heyi, gluggagleri, tómum tunnum, gaddavír, girðingarstólpum úr járni, þakjárni, smiðajárni og stáli 25 aura af hverjum 50 kílógr.

3. Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði og tvinna 3 kr. af hverjum 50 kílógr.

4. Af salti og kolum, hvers konar sem eru, og hvort sem varan er flutt í land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip þeim til notkunar:
   a. af salti 50 aura af hverri smálest,
   b. af kolum 1 kr. af hverri smálest.

5. Af trjávið, hurðum, gluggum, húsalistum og tunnustöfum 3 aura af hverju teningsfeti.

6. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 1 kr. af hverjum 50 kílógr.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, skip og bátar, tígulsteinar, óhreinsað járn í klump-

um, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, og vanalegur farangur ferðmanna.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

2. gr.

Greiða skal og í landssjóð 15 aura af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau á bögglinn sjálfan, og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póstbögglum, sem eru endursendir til útlanda, skal ekkert gjald greiða, nje af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Vörutoll skal ákveða eftir farmskrá skipsins, eða farmskírteini.

4. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyslu á því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 1000 kr.

5. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við

vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Vörutollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

6. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

7. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum, tunnustöfum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðan senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

8. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt, eða veitt móttöku, eða gefið ranga skýrslu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 5. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 kr. og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtak-

andi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

9. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 5. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir vörutolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

10. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrir fram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í landssjóð, að kostnaði frádregnum.

11. gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn að frádregnum innheimtulaunum.

12. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Sektir allar eftir 4. og 5. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 6., 7. og 8. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

14. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr. svo og af sektum, fær lögreglustjóri 3 af hundraði í innheimtulaun.

15. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. í lögum nr. 16, 9. júlí 1909 um hagfræðisskýrslur úr gildi numin.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til ársloka 1915.

Nd. **386. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 18. september 1885 um stofnun Landsbanka.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Aftan við frumvarpið bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Verði Landsbankanum með sjerstökum lögum falin einkasala á steinolíu og öðrum olíuefnum sem notuð eru sem aflvaki eða til lýsingar, má landsstjórnin skipa þriðja bankastjórann við Landsbankann til aðstoðar, með 4000 króna launum, ef núverandi bankastjórn telur það nauðsynlegt.

Nd. **387. Breytingartillögur**

við breytingartillögur (á þgskj. 382) við frumvarp til laga um einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. Við 1. lið tillögunnar. Á eftir orðunum: »Landsbankans á steinolíu«, komi: jarðolíu, bensin o. s. frv.

2. Við sama lið. Fyrir orðið: »steinolíu« komi: olíum.

3. Við 2. lið tillögunnar. Á eftir orðinu: »steinolíu« á fyrsta staðnum, komi: jarðolíu, bensín o. s. frv.

4. Við sama lið. Fyrir orðið: »steinolíu« á síðari staðnum, komi: olíum.

5. Við 4. lið tillögunnar. Liðurinn orðist svo:

Nú liggur steinolía, jarðolía, bensín o. s. frv. eða önnur efni úr olíum, sem notuð eru samkvæmt því, er sagt er í 1. grein, óseld í landinu, er auglýsingarfresturinn er liðinn, og skal eigandi þeirra flytja steinolíuna, jarðolíuna, bensínið o. s. frv. og hin önnur efni úr olíum, burtu úr landi innan 3 mánaða, ef hann eigi getur samið um sölu þessara efna við Landsbankann innan þess tíma.

6. 5. liður tillögunnar falli burt.

Nd. **388. Lög**

um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hjer á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. —— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú — Vestmannaeyjar.
4. —— Reykjavík — Hafnarfjörður.
5. Innanbæjartalsímakerfi: Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar og Seyðisfjarðar.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði.

Með ofantöldum línum teljast og aukaþræðir, sem vegna aukinna starfa á línum þessum eru lagðir eða hjer eftir verður nauðsynlegt, að lagðir séu á hinar eldri stauraraðir þessara lína.

3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. —— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. —— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. —— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.
5. —— Breiðamýri — Húsavík.

6. Talsímalínan: Fagriskógur — Hjalteyri.
7. —— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.
8. —— Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. —— Ísafjörður — Bolungarvík.
10. —— Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. —— Grund — Borgarnes.
12. —— Kalastaðakot — Akranes.
13. —— Hafnarfjörður — Gerðar.
14. —— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. —— Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
16. —— Stykkishólmur — Hjarðarfell.
17. —— Reykjavík — Þingvellir.
18. —— Hjarðarfell — Ólafsvík — Hellissandur.
19. —— Miðey — Vík í Mýrdal.
20. —— Eskifjörður — Norðfjörður.
21. —— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur.
22. —— Djúpivogur — Hornafjörður.
23. Hliðartalsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.
24. Hliðarsími til Hríseyjar.

4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: Til Grenivíkur, Hvammstanga, Skagastrandar og Kálfshamarsvíkur, Kirkjubæjar á Síðu, Grundarfjarðar, Unaóss, og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu, Raufarhafnar, Súgandafjarðar, Reykjafjarðar í Strandasýslu til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík, til Staðar í Aðalvík um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum, um Barðastrandasýslu, frá Hafnarfirði um Garðahverfi til Sviðholtshverfis á Álftanesi, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur, frá Hraungerði að Torfastöðum í Biskupstungum og upp í Hreppa, upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu, svo og frá Eystri-Garðsauka að Hliðarenda. Enn fremur símakerfi í kauptúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, ettir því sem vinnukraftur sá, sem landssíminn hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, lagning og kaup á þeim talsímalínum, er upp eru taldar í 2. og 3. gr. og eigi eru þegar lagðar eða keyptar af landsjóðs hálfu, þar með taldir aukaþræðir þeir, sem nefndir eru í 2. gr., síðustu málsgrein.

Lagning og kaup framkvæmast eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum landssímastjóra þykir rjett.

Einnig er landsstjórninni heimilt að framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi aðallínum, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri.

Ætíð skal þó tilskilið, áður en ráðist er í kaup eða lagning á símalínum, er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hjerað leggi til lagningarkostnaðar hennar eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

Til	18.	liðs	2.	flokks	... ...	4000 kr.
—	19.	—	-	—	... ...	5000 —
—	20.	—	-	—	... ...	3000 —
—	21.) 22.)	—	-	—	... ...	5000 —
—	23.	—	-	—	... ...	5000 —
—	24.	—	-	—	... ..	3000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufjelag eiga hlut að máli um tillag til símalínu, skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skifting á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, eftir nánari ákvörðun landsstjórnarinnar, og í samræmi við gildandi samninga.

7. gr.

Þá er lokið er lagning og kaupum á talsímum og talsímakerfum o. fl. samkvæmt 5. gr., skal kaupa og leggja talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks teljast, og enn fremur aukaþræði í eldri línur eftir því sem nauðsyn krefur, og skal verja tekjuafgangi af rekstri landssímans ár hvert til framkvæmdar á þessu. Að jafnaði skal fjeð til þessara framkvæmda þó veitt á fjárlögum, og þar þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi hjeraði.

8. gr.

Til framkvæmda á lagning og kaupum síma og talsímakerfa o. fl., er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landsjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum. Halda skal láni þessu eða lánum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsfjeð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikningnum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til rekstrskostnaðar (sbr. 7. gr.).

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í rekstrskostnaðinum, er útrunninn, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstrsútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum landsstjórnarinnar fyrir hvert einstakt tiltelli.

Nd. **389. Lög**

um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

1. gr.

Hreppsnefndum er heimilt með samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs Íslands, að koma á vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum.

2. gr.

Nú vill hreppsnefnd koma á svofeldri vatnsveitu, sem getur um í 1. gr., og skal hún þá láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og, ef tiltækilegt telst að framkvæma verkið, gera nákvæma áætlun um fyrirkomulag vatnsveitunnar og kostnað við lagning hennar og leggja þau gögn fyrir sýslunefnd ásamt áætlun um kostnað við árlegan rekstur vatnsveitunnar, eftir að hún væri komin á. Kostnaður við umgetna rannsókn o. fl. telst til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist að öðrum kosti úr sveitarsjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir, að vatnsveitunni sje komið á, sendir sýslumaður málið til stjórnarráðsins til samþyktar, er svo samþykkir það, með eða án skilyrða, eða neitar samþykki og færir ástæður fyrir.

3. gr.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður, að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja, sandtekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi biði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

4. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kauptúnsins og um það, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kauptúninu.

5. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hrepps-

nefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kauptúninu (sbr. 6. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af húsaskattsvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6‰ af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum sveitargjöldum.

6. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur í götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað.

7. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugjörðir um vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum. Reglugerð semur hlutaðeigandi hreppsnefnd, og má í hana setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja.

8. gr.

Í reglugjörðum þeim, sem getur um í 7. gr., má ákveða alt að 200 kr. sektir fyrir brot gegn ákvæðum þeirra, og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Nd. **390. Lög**

um breyting á lögum nr. 53, 10. nóvbr. 1905 um viðauka við lög 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Lendingarsjóðsgjald það, sem heimilað er með lögum nr. 53, 10. nóvbr. 1905, má með samþykt ákveða alt að 2 kr. af hverjum hlut eða 2% af hlutarupphæðinni. Hundraðsgjaldið greiðist af skiftum afla, og skal formaðurinn annast greiðslu þess.

Nd. **391. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

Háttv. Efri deild hefir gert þá breytingu á frumv. þessu, að hún hefir felt úr orðin í 3. gr.: »þangað til auknir verða kenslukraftar við læknadeild háskólans«, sem Nd. setti inn við 3. umræðu.

Meiri hluti nefndarinnar var þá á móti þessari viðbót og álítur hana geta orðið þess valdandi, að kensla yfirsetukvenna geti fallið niður í bili, og leggur öll nefndin nú til, að frumv. verði nú samþykt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 23. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson, form. og framsögum. — Eggert Pálsson, skrifari.

Ólafur Briem. Halldór Steinsson. Jón Jónsson, þm. Rvík.

Ed. **392. Frumvarp**

til heimildar um hluttöku landssjóðs í íslensku eimskipafjelagi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ef myndað verður íslenskt eimskipafjelag til þess að taka að sjer strandferðir hjer við land, enda sje það myndað af þeim frumkvöðlum og með því skipulagi, er stjórnin álítur tryggilegt, veitist henni heimild til að láta landssjóð gerast hluthafa að alt að 1/4 hlutafjárins, að áskilinni heimild stjórnarinnar til að setja skilyrði um hluttökurjett landssjóðs í atkvæðagreiðslu á fundum og hluttöku í stjórn fjelagsins og eftirlitsrjett með því.

Ed. **393. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á prestsetrinu Presthólum (þingskj. 289).

Vjer sem háttvirt deild kaus í nefnd til að athuga frumvarp þetta, höfum kynt oss skjöl málsins og alla málavöxtu eftir því, sem hinn naumi tími og annríki okkar hefir leyft.

Höfum vjer eigi getað orðið sammála, og vill meiri hluti nefndarinnar, Guðjón Guðlaugsson og Steingrímur Jónsson ráða háttvirtri deild til að fella frumvarpið, en minni hlutinn, Sigurður Stefánsson, telur rjett, að jörðin verði seld kaupbeiðandanum sjera Halldóri Bjarnarsyni.

Þar sem engar líkur eru til, að frumvarpið verði útrætt á þessu þingi, virðist meiri hlutanum eigi ástæða til að gera ítarlega grein fyrir ástæðum sínum

fyrir því, að fella beri frumvarp þetta, enda getum vjer í aðalatriðunum vísað til þess, sem fram var tekið við 1. umræðu málsins hjer í deildinni. Að eins viljum við leyfa okkur að benda á þetta: Vjer teljum mjög varhugavert, að löggjafarvaldið selji jarðeignir landsins frekar en fyrir er mælt í lögunum um sölu þjóðjarða og um sölu kirkjujarða.

Þá virðist oss, að taka beri tillit til þess, að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu, sem haft hefir sölumál þetta til meðferðar, samkv. 2. gr. kirkjujarðasölulaganna, hefir látið uppi það álit sitt, að eigi megi selja jörðina.

Loks lítum vjer svo á, að naumast muni færðar sannfærandi ástæður fyrir því, að selja beri sjera Halldóri jörðina, þar sem hann er embættismaður með 2000 kr. föstum launum, og hefir til ábúðar góða bújörð, þar sem hann verður að sitja, ef honum á að vera unt að þjóna hinu víðlenda Skinnastaðaprestakalli.

Alþingi 23. ágúst 1912.

Guðjón Guðlaugsson, formaður.	Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum. meiri hlutans.

Minni hlutinn mun gera grein fyrir áliti sínu við umræðu málsins í deildinni.

Sigurður Stefánsson.

Ed. **394. Lög**

um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. nr. 16, 4. nóv. 1881.

1. gr.

Af síld, er flutt er út umbúðalaus í farmrúmi skips, skal greiða útflutningsgjald, 25 aura af hverri tunnu (108—120 Ltr.).

2. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi, skal greiða útflutningsgjald:

af hverri tunnu síldarlýsis (= 105 kg) ... ... 30 aura,
af hverjum 100 kg af fóðurmjöli .... 30 aura,
af hverjum 100 kg. af fóðurkökum ... ... 25 aura,
af hverjum 100 kg af áburðarefnum ... ... 15 aura.

3. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16 frá 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **395. Lög**

um vörutoll.

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í landssjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi og kalki og tjöru, 10 aura af hverjum 50 kílógr.

2. Af heyi, gluggagleri, tómum tunnum, gaddavír, girðingarstólpum úr járni, þakjárni, smíðajárni og stáli 25 aura af hverjum 50 kílógr.

3. Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði og tvinna 3 kr. af hverjum 50 kílógr.

4. Af salti og kolum, hvers konar sem eru, og hvort sem varan er flutt í land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip þeim til notkunar:
   a. af salti 50 aura af hverri smálest,
   b. af kolum 1 kr. af hverri smálest.

5. Af trjávið, hurðum, gluggum, húsalistum og tunnustöfum 3 aura af hverju teningsfeti.

6. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 1 kr. af hverjum 50 kílógr.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, skip og bátar, tígulsteinar, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, og vanalegur farangur ferðmanna.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

2. gr.

Greiða skal og í landssjóð 15 aura af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau á böggulinn sjálfan, og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póstbögglum, sem eru endursendir til útlanda, skal ekkert gjald greiða, nje af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Vörutoll skal ákveða eftir farmskrá skipsins, eða farmskírteini.

4. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyslu á því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 1000 kr.

5. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Vörutollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

6. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

7. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum, tunnustöfum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðan senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

8. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt, eða veitt móttöku, eða gefið ranga skýrslu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 5. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 kr. og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

9. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og

sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 5. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir vörutolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

10. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrir fram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í landssjóð, að kostnaði frádregnum.

11. gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn að frádregnum innheimtulaunum.

12. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Sektir allar eftir 4. og 5. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 6., 7. og 8. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

14. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr. svo og af sektum, fær lögreglustjóri 3 af hundraði í innheimtulaun.

15. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. í lögum nr. 16, 9. júlí 1909 um hagfræðisskýrslur úr gildi numin.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til ársloka 1915.

Nd. **396. Yfirsetukvennalög**

1. gr.

Engin getur orðið yfirsetukona hjer á landi, nema hún hafi staðist próf í yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík, eða konunglegu fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, eða öðrum erlendum yfirsetukvennaskóla, sem landlæknir tekur gildan.

Yfirsetukonur í Reykjavík skulu hafa notið kenslu í fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða annari erlendri fæðingarstofnun, sem að dómi landlæknis veitir jafngóða fræðslu.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skifta í yfirsetukvennaumdæmi, og ræður sýslunefnd þeirri skiftingu, tölu umdæmanna og takmörkum þeirra, og velur þeim heiti. Ein skal vera yfirsetukona í hverju umdæmi, og hafa þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.

Í hverjum kaupstað skal vera yfirsetukona, ein eða fleiri; því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar yfirsetukonur eftir tillögum sýslunefndar, og fær þeim veitingarbrjef; en í kaupstöðum bæjarfógeti eftir tillögum bæjarstjórnar.

Þó skal jafnan leita álits hjeraðslæknis, áður yfirsetukona er skipuð; ef hjeraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Hver yfirsetukona skal hafa árslaun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, og skal greiða árslaunin í kaupstöðum mánaðarlega, en annarstaðar einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal í umdæminu við síðustu áramót á þann hátt, er hjer segir:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 70 kr.
2. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er yfir 300, skulu árslaun yfirsetukonu vera 70 kr., að viðbættum 5 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr.
3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru 2 eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra beggja, eða allra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 500 kr.

Laun yfirsetukvenna mega sýslunefndir og bæjarstjórnir hækka, ef sjerstakar ástæður þykja til.

5. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir mega veita þeim yfirsetukonum hæfileg eftirlaun, er fengið hafa lausn frá starfa sínum fyrir elli sakir eða vanheilsu.

Ef yfirsetukona slasast, þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sjer á annan hátt, þá skal hún eiga kröfu til eftirlauna, en bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveður upphæð þeirra.

6. gr.

Hver yfirsetukona er skyldug að láta aðstoð sína tafarlaust í tje hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir henni.

Nú baga yfirsetukonu veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá yfirsetukonur í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma, án þess að vanrækja sín umdæmi.

7. gr.

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 5 kr. fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 50 aurar fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukonan heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eftir á, auk ókeypis fararbeina, og skal ekki telja þau sveitargjöld með fátækrastyrk.

8. gr.

Landlæknir skal semja og stjórnarráðið staðfesta yfirsetukvennareglugerð um skyldur yfirsetukvenna og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

9. gr.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gert að skyldu með lögum þessum og yfirsetukvennareglugerðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í landssjóð, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek af nýju, og eru miklar sakir til, einkum ef hún hefur oftar en einu sinni skorast undan að vitja sængurkonu tafarlaust og að forfallalausu, þá skal henni vikið frá. Ef yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefir trúað henni fyrir sem yfirsetukonu um hagi sína, skal henni þegar vikið frá starfi sínu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913, og frá sama tíma eru yfirsetukvennalög 17. des. 1875 og lög nr. 9, 13. apríl 1894, um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875, úr gildi feld.

Nd. **397. Þingsályktun**

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að halda áfram undirbúningi þeim, sem þegar er byrjað á, viðvíkjandi betri verkun á ull og sölu hennar, og að fengnum fullnægjandi upplýsingum þar að lútandi, leggja fyrir Alþingi ákveðnar tillögur um skoðun og mat á útfluttri ull.

Ed. **398. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum (þgskj. 298).

Frumvarp þetta, sem komið er hingað í deildina frá háttv. neðri deild, hefir þann tilgang, að koma því til leiðar, að þjóðjarðir þær, sem seldar hafa verið ábúendum jarðanna eftir 1905, verði aftur landssjóðseign, ef þær ganga úr sjálfsábúð og eigandi þarf að selja jörðina, en hvorki hinn nýi ábúandi nje sveitarfjelagið vill kaupa jörðina.

Hjer er því farið fram á, að marka fyrir þeirri stefnu, að fjölga jarðeignum landssjóðs, þegar færi býðst, og gera hann eiganda að fleiri jörðum en nú. En þetta er ekki í samræmi við tilgang þjóðjarðasölulaganna frá 1905 og 1907, og er því mjög athugavert.

Tilgangur laganna um sölu þjóðjarða er sá, að stuðla að sjálfsábúð og þá jafnframt dreifingu jarðeignanna á fleiri hendur. Og þessi tilgangur helgast af því, að sannreynt þykir, að þær jarðir sjeu best setnar, sem í sjálfsábúð eru.

Nú mun það ekki fjarri sanni, að jarðir þær, er landssjóðseign eru, sjeu hvorki betur nje ver setnar yfirleitt en aðrar leigujarðir, þótt mismunur sje á þessu í ýmsum sveitum, og að þær sjeu því lakar setnar en þær jarðir, sem í sjálfsábúð eru.

Að því er uú snertir jarðir þær, er landssjóður kynni að kaupa samkvæmt frumvarpinu, þá er vitanlega í 1. gr. gert ráð fyrir, að þær sjeu ekki í sjálfsábúð, þegar kaup fara fram. En þetta hefir ekki mikla þýðingu, því með sölu til einstaks manns virðist nefndinni að engu minni líkur sjeu til þess, að jörðin komist í sjálfsábúð innan skamms, en þó landssjóður keypti hana. Eins og nú stendur er lítil eftirsókn eftir jörðum, nema til sjálfsábúðar, og þeir munu vera fáir, sem leggja sig eftir að kaupa jarðir til að leigja þær.

Að líkurnar eru fult eins miklar fyrir því, að kaup landssjóðs yrðu fremur til að draga úr sjálfsábúð en að auka hana, mælir því á móti frumvarpinu að áliti nefndarinnar.

Um forkaupsrjett þann, sem frumvarpið ætlar landssjóði, er enn fremur það að segja, að óviðkynnilegt virðist nefndinni það, að leggja hann sem kvöð á þær þjóðjarðir einar, sem seldar hafa verið eftir 1905. En sje þetta játað, þá fæðist sú spurning: Hvar eiga takmörkin þá að vera? Þessari spurningu telur nefndin svo vandsvarað, að hún vill ekki fara lengra í það atriði, en að eins benda á það. Eignir, sem menn hafa fullan eignarrjett á, virðast standa jafnt að vígi.

En að hjer sje um kvöð að ræða, og að sú kvöð geti verið óþægileg, verður ljóst, ef 2. gr. frumv. er athuguð. Fyrir drátt þann á sölu jarðarinnar, sem af því leiðir, að leita til landsstjórnarinnar um, hvort hún vilji nota forkaupsrjettinn, getur leitt það, að eigandi missi af kaupanda. Til þessa geta gengið fleiri mánuðir samkv. ákvæðum 2. gr., og er óvíst, að kaupandi vilji vera vonbiðill svo langan tíma. Og ef hærra boð fengist í jörðina en matinu nemur um þær mundir, sem það fer fram, þá eykur það dráttinn, að landsstjórnin þarf að taka til athugunar, hvort hún vill sæta slíku kaupi. Allur þessi biðtími getur því orðið of langur fyrir væntanlegan kaupanda, svo hann gangi frá. Sinni landsstjórnin svo heldur ekki kaupinu, þá er sennilegt, að eigandi geti orðið neyddur til að selja jörðina lægra verði en honum bauðst áður.

Frumvarpið rýrir því verðmæti þeirra jarðeigna, sem það nær til.

Þá er og vald það nokkuð óákveðið, sem frumvarpið veitir landsstjórninni. Í 3. gr. er ráðherra heimilað að kaupa jarðir þær, sem hjer ræðir um, »fyrir hæfilegt verð«, og er þar að líkindum átt við matsverðið, sem að vísu getur verið hæfilegt, en getur líka stundum verið óhæfilegt. En við matsverðið er stjórnin þó ekki bundin, því 2. gr. gerir ráð fyrir því, að landsstjórnin geti gengið að hærra verði. Takmörkin fyrir landsstjórnina eru því í rauninni engin.

Hjer er enn galli á frumvarpinu.

Loks leggur frumvarpið landsstjórninni töluvört starf á herðar og landssjóði kostnað nokkurn, er af matsgjörðum leiðir. Og þar eð telja verður mjög tvísýnt, hvort frumvarpið yrði til bóta, þá virðist ekki ástæða til að leggja þessa fyrirhöfn á stjórnina nje kostnaðinn á landssjóðinn.

Sökum naumleika tímans vill nefndin ekki fara fleiri orðum um mál þetta. Hún telur frumvarpið ýmsra hluta vegna ekki aðgengilegt, og ræður því háttvirtri deild til að fella það.

Efri deild Alþingis, 23. ágúst 1912.

Eiríkur Briem, form.	Jósef Björnsson, skrifari og framsögumaður.

Guðjón Guðlaugsson.

Sþ. **399. Þingsályktun**

um sambandsmálið.

Alþingi ályktar að fela ráðherra, að bera það fram við hans hátign konunginn, að leitað verði nýrra samninga um sambandið milli Danmerkur og Ísland.

Nd. **400. Frumvarp**

til laga um einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, sem henni þurfa þykir til að birgja landið, og selja hana kaupmönnum og öðrum (kaupfjelögum, sveitarfjelögum o. s. frv.), fyrir það verð, er liðlega svari kostnaði og vöxtum.

Í þessu skyni veitist stjórninni heimild til að taka það lán, sem á þarf að halda.

2. gr.

Meðan stjórnin notar þessa heimild, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu, en stjórninni.

3. gr.

Stjórnin getur ráðið hentugan mann gegn kaupi, er um semur, til að standa fyrir kaupum, sölu og afhending á olíunni. Skal hann bera undir stjórnarráðið til samþykkis pantanirnar, verð og stærð o. s. frv., og gera henni skil fyrir andvirði, svo oft sem stjórnin ákveður. Að öðru leyti setur stjórnin honum reglur og skilyrði.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum alt að 100,000 kr., og skal ólöglega innflutt olía upptæk, og andvirðið renna í landssjóð. Með brot gegn lögunum skal farið sem með almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gildi til ársloka 1913.

Ed. **401. Frumvarp**

til laga um einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, sem henni þurfa þykir til að birgja landið, og selja hana kaupmönnum og öðrum (kaupfjelögum, sveitarfjelögum o. s. frv.), fyrir það verð, er liðlega svari kostnaði og vöxtum.

Í þessu skyni veitist stjórninni heimild til að taka það lán, sem á þarf að halda.

2. gr.

Meðan stjórnin notar þessa heimild, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu, en stjórninni.

3. gr.

Stjórnin getur ráðið hentugan mann gegn kaupi, er um semur, til að standa fyrir kaupum, sölu og afhending á olíunni. Skal hann bera undir stjórnarráðið til samþykkis pantanirnar, verð og stærð o. s. frv., og gera henni skil fyrir andvirði, svo oft sem stjórnin ákveður. Að öðru leyti setur stjórnin honum reglur og skilyrði.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum, alt að 100,000 kr., og skal ólöglega innflutt olía upptæk, og andvirðið renna í landssjóð. Með brot gegn lögunum skal farið sem með almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gildi til ársloka 1913.

Nd. **402. L ö g**

um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka.

Í 9. gr. laga 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka falli niður orðið »Seyðisfirði«, en í staðinn komi: á Austfjörðum.

Svo er og bankanum heimilt, með samþykki ráðherra, að setja upp afgreiðslustofu erlendis á þeim stað, er bankastjórninni þykir til þess hagkvæmur.

Nd. **403. Þingsályktun**

um ábyrgðarfjelög.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, er banni öðrum ábyrgðarfjelögum, svo sem lífsábyrgðarfjelögum, brunabótafjelögum, slysaábyrgðarfjelögum, sjóvátryggingarfjelögum o. s. frv., að starfa hjer á landi, en þeim, er hafa hjer umboðsmenn, er stjórnarráðið samþykkir, hafa varnarþing hjer og hafa sett tryggingarfje fyrir ábyrgðum þeim, er það tekst á hendur hjer á landi.

Ed. **404. Tillaga**

til þingsályktunar um einkasölu á steinolíu.

Flutningsmenn: Jens Pálsson. Sigurður Stefánsson.

Efri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um einkasölu, *helst landseinkasölu*, á steinolíu, ásamt svo fullkomnum skýrslum, sem fáanlegar eru, um alt er að því lýtur.

Nd. **405. Tillaga**

til þingsályktunar um einkasölu á steinolíu.

Flutningsmenn: Pjetur Jónsson. Jón Magnússon. Jóh. Jóhannesson.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um einkasölu, *helst landseinkasölu*, á steinolíu, ásamt svo fullkomnum skýrslum, sem fáanlegar eru, um alt er að því lýtur.

Nd. **406. Lög**

um breyting á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar.

1. gr.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúatalan er yfir 100, ber bólusetjara 20 aurar fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og skoðar samkvæmt 3., 4.—6. og 9. gr. laga nr. 34, 27. sept. 1901, en í minni kauptúnum og sveitum skal borgunin vera 35 aurar

2. gr.

1. málsgrein 11. gr. í lögum nr. 34, 27. sept. 1901, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Ed. **407. Lög**

til laga um breyting á lögum 20. október 1905 um rithöfundarjett og prentrjett.

Síðasta málsgrein 2. gr. skal vera svo: Sama rjett hefir og höfundur á alls konar myndum og uppdráttum.

Nd. **408. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason.

Við 1. gr.

Orðin: »samkvæmt 75. gr. siglingalaganna og skipshöfnin hafi aðsetur um borð í því« falli burt.

Við 3. gr.

Í stað: »ráðningarstjóri« í grein þessari og fleiri gr., komi: lögskráningarstjóri.

Við sömu gr.

Í stað: »látið menn á«, komi: ráðið menn á, »og sem« mgr. út falli burt.

Við 4. gr. 1. mgr.

Orðin: »eða hafi aðsetur« falli burt.

Aftan við 4. gr.

komi: og til sveita sýslunefndir.

Við 10. gr.

Í stað: »hefir fast aðsetur um borð« komi: dvelur ekki í.

Við sömu gr.

Í stað: »strangari« komi: á annan veg.

Við 14. gr.

Eftir: »sektum« komi: til landssjóðs.

Nd. **409. Lög**

um þingfararkaup alþingismanna.

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 8 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi og fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til alþingis og frá alþingi heim aftur.

Enn fremur skulu alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur fá 2 kr. aukaþóknun daglega meðan þeir dvelja á þingstaðnum.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, sem hjer segir:

1.	Úr Suður-Múlasýslu	kr.	180,00
2.	— Norður-Múlasýslu	—	190,00
3.	— Seyðisfirði	—	110,00
4.	— Norður-Þingeyjarsýslu	—	170,00
5.	— Suður-Þingeyjarsýslu	—	160,00
6.	— Eyjafjarðarsýslu	—	130,00
7.	— Akureyri	—	80,00
8.	— Skagafjarðarsýslu	kr.	120,00

9.	Úr	Húnavatnssýslu	—	120,00
10.	—	Strandasýslu	—	120,00
11.	—	Norður-Ísafjarðarsýslu	—	80,00
12.	—	Ísafirði	—	50,00
13.	—	Vestur-Ísafjarðarsýslu	—	60,00
14.	—	Barðastrandarsýslu	—	70,00
15.	—	Snæfellsnessýslu	—	60,00
16.	—	Dalasýslu	—	60,00
17.	—	Mýrasýslu	—	50,00
18.	—	Borgarfjarðarsýslu	—	50,00
19.	—	Gullbringu- og Kjósarsýslu	—	20,00
20.	—	Árnessýslu	—	70,00
21.	—	Rangárvallasýslu	—	90,00
22.	—	Vestur-Skaftafellssýslu	—	190,00
23.	—	Austur-Skaftafellssýslu	—	340,00
24.	—	Vestmannaeyjum	—	20,00
25.	—	Danmörku	—	190,00

3. gr.

Nú verður tálmi á þingför alþingismanns af ís, slysum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum, og á hann rjett til endurgjalds á þeim kostnaði, er þar af leiðir.

4. gr.

Sameinað alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forseti í hlutaðeigandi deild ávísar upphæðunum.

5. gr.

Útgjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr landssjóði.

6. gr.

Með lögum þessum er 37. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi feld.

Nd. **410. Rökstudd dagskrá**

út af fyrirspurn til ráðherra frá Birni Kristjánssyni og Jóni Ólafssyni (þgskj. 290). Samþ. í Nd. 24. ágúst 1912.

Í fullu trausti til þess, að ráðherrann geri sitt ítrasta til þess að taka lán fyrir landssjóðs hönd samkv. lögum 9. júlí 1909, með sem aðgengilegustum kjörum til kaupa á veðdeildarbrjefum Landsbankans, og væntir þess, að landssjóður, þegar efnahagur hans leyfir, verji þeim ca. 98 þús. krónum, sem ennþá er óvarið af fyrstu lántöku, til kaupa á veðdeildarbrjefum Landsbankans, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **411. Lög**

um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

1. gr.

Yfirsetukvennaskóla skal setja á stofn í Reykjavík.

2. gr.

Námstíminn skal vera 6 mánuðir og byrja 1. október ár hvert.

3. gr.

Landlæknir skal vera kennari skólans, og hafa 1000 kr. á ári fyrir þann starfa.

Þar að auki skal ráða 3 yfirsetukonur í Reykjavík, til að veita námskonum verklega tilsögn; skulu þær fá 100 kr. þóknun á ári, hver þeirra. Ráðherra veitir yfirsetukonum þennan starfa eftir að hafa fengið tillögur landlæknis.

4. gr.

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 45 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

5. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugerð fyrir hann.

6. gr.

Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

7. gr.

Landlæknir ákveður, hver skuli vera áhöld yfirsetukvenna. Landssjóður leggur til áhöld í yfirsetukvennaumdæmin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1912.

Nd.

412. Frumvarp

til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. Um eftirlit með skipum og bátum.

1. gr.

Hver sá maður eða fjelag, sem gerir út skip til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskiveiða hjer við land, sje það svo stórt, að það sje lögskráningar skylt, skal láta skoða skipið af þar tilkvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má skipið ekki leggja út fyr en skoðunargerð hefur fram farið eftir lögum þessum.

Skipstjóra skal skylt að sjá um, að skoðun þessi fari fram.

2. gr.

Nú vanrækir skipstjóri að sjá um að lögleg skoðunargerð sje framkvæmd, án vitundar útgerðarmanns, og leggur hann út á skipinu óskoðuðu, skal hann fyrir það sæta sektum samkv. 14. gr., en sje það á vitund eða með vilja útgerðarmanns, að skoðun hafi verið vanrækt, skal hann greiða sektina.

Farist skip, sem lögleg skoðunargerð hefir ekki verið framkvæmd á, eða því hefur hlekst á, svo tjón hefir afhlotist, og líkur eru til að tjónið stafi af óforsvaranlegum útbúnaði, er útgerðarmaður skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna.

3. gr.

Skoðunin skal að jafnaði fram fara, þegar skipið er tómt, ef því verður við komið, áður en varningur er látinn í það, svo að skoðunargerðin geti jafnt fram farið innanborðs sem utan. Sjeu skoðunarmenn ókunnugir skipi því, er skoða á, eða þeir telja uggvænt um, að skipið sje í góðu standi neðansjávar, er þeim heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta að skipið sje sett á land. Beri skoðunarmenn ekki fullt skyn á einhver þau atriði, er að skoðunargerðinni lúta, svo sem um ástand vjelarinnar, skulu þeir tilkynna það lögreglustjóra, er þá skipar 1 eða fleiri menn þeim til aðstoðar, í þeim tilfellum, sem þörf er á slíkri aðstoð.

Skoðunarmenn framkvæma skoðun sína eftir því, sem lög þessi mæla fyrir, og samkvæmt þeim reglum, er settar verða með konunglegri tilskipun, samanb. 10. gr. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma skoðunargerð sína eftir bestu vitund og þekkingu, þannig að þeir geti unnið eið að henni, hvenær sem krafist verður.

Skoðunargerðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunarmönnum, en verði ágreiningur þeirra á milli, skipar lögreglustjóri oddamann.

Að skoðunargerðinni lokinni, senda skipsskoðunarmennirnir lögskráning-

arstjóra brjeflega skýrslu um hana, og getur útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar krafist, að þeir staðfesti skýrsluna með drengskaparheiti. Svo getur og útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar heimtað yfirskoðun. Skulu yfirskoðunarmenn vera 3, og vera skipaðir af lögreglustjóra fyrir hvert einstakt tilfelli. Skal úrskurður þeirra um ástand skips og útbúnað þess vera fullnaðarúrskurður. Kostnað allan við skoðunargerðina greiðir gerðarbeiðandi.

Finni skoðunarmenn þá galla á skipi eða útbúnaði þess, er vanheimila samkv. lögum þessum eða tilskipunum, er settar kunna að verða, að skipið sje notað til siglinga eða fiskiveiða, mega þeir ekki láta úti skoðunarskýrslu, fyr en þeir ganga úr skugga um, að viðunanlega sje úr bætt.

Skoðunargerðin skal framkvæmd strax eftir að um hana hefir verið beðið af skipstjóra eða útgerðarmanni, svo framarlega sem gild forföll ekki hamla skoðunarmönnum.

Tefji þeir skip að nauðsynjalausu með því að framkvæma ekki skoðunargerðina, eða með því að gefa ekki skýrslu um hana, að ástæðulausu, getur útgerðarmaður komið fram ábyrgð á hendur þeim fyrir það fjártjón, er hann kann að bíða við það, að skipið hefir tafist fyrir þeirra vanrækslu í þessu efni.

4. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi á landinu skulu vera svo margir skipsskoðunarmenn, sem þurfa þykir, og skoða þeir öll skip, sem gerð eru út í umdæminu.

Lögreglustjóri ákveður, hve margir skoðunarmenn skuli vera og útnefnir þá. Skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel hæfir til starfsins, sem föng eru á.

Nú er innan hjeraðs þess eða kauptúns, þar sem skipa skal skoðunarmenn, skipaábyrgðarfjelag eða sjómanna, og skulu þá nefnd fjelög mega stinga upp á helmingi fleiri skoðunarmönnum, en útnefna á, þannig, að fjelög þessi stingi upp á jafn mörgum hvort. Sje að eins eitt slíkt fjelag til, hefir það ekki uppástungurjett, en þá hafa í kaupstöðum bæjarstjórnir rjett til að tilnefna helmingi fleiri skoðunarmenn en útnefna á, og til sveita sýslunefndir.

II. Ákvæði, er gilda um öll skip og vjelarbáta, sem eiga heimili á Íslandi.

5. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef skipsskrokk, útbúnaði skips, vjel eða vjelartækjum eða skipshöfn er svo áfátt eða, skip er svo ofhlaðið eða vanhlaðið, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að álíta verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sje að vera í förum með því, en venjulegt er við siglingar.

6. gr.

Útgerðarmanni er skylt að sjá um, að óhaffært skip sje eigi haft í förum.

Áður lagt er á stað annast skipstjóri um, að skip sje haffært, hann sjer og um, að það sje hæfilega vel útbúið til ferðarinnar, nægilega ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf, kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það

er gufuskip. Honum er og skylt, að annast um, að skipið hafi meðferðis þau bendingaáhöld, björgunartæki, sjóbrjef og siglingaverkfæri, sem með þarf. Hann skal einnig sjá um, að fermsla skipsins sje í alla staði hæfileg.

Ákvæðin í 5. og 6. gr. ná einnig til vjelarbáta, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

III. Ákvæði um skip, sem eru í förum milli landa.

7. gr.

Nú á skip að ganga landa á milli, eða gufuskip rekur veiðar utan landhelgi, og skal þá fullnægt þeim almennu kröfum, sem settar eru eftir alþjóðlegum rjetti um öryggi skipa, einnig að því leyti, sem við kemur öllum útbúnaði skips, björgunartækjum þess, siglingaverkfærum og fermslu, alt eftir því, hvort skipið er ætlað til fólksflutnings, vöruflutnings, veiða eða annars.

8. gr.

Eftir 1. janúar 1913 skulu skip, sem eiga að vera í förum milli landa, vera með hleðslumerki, samkvæmt reglum, sem nánara verða ákveðnar í konunglegri tilskipun. Kostnaðurinn við þetta greiðist af útgerðarmanni. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sjerstaklega stendur á.

Stjórnarráðið hefir og heimild til, ef nauðsynlegt þykir, að gera samninga um útgáfu hleðslumerkis-skírteina handa íslenskum skipum, við þau dönsk stjórnarvöld eða flokkunarfjelög erlendis, sem hafa heimild til að gefa út slík skírteini.

Hleðslumerkið sýnir, hvað skipið má liggja dýpst í sjó í logni. Ef skip er hlaðið svo, að það liggur dýpra, ber að skoða það ótrygt og geta þá hlutaðeigandi yfirvöld bannað því að halda ferð áfram, þar til er úr bætt.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd reglna þeirra, sem settar eru í 3. og 4. gr., og um umsjón með, að þeim sje hlýtt, má setja í konunglegri tilskipun.

IV. Ákvæði um skip, sem eru í förum innanlands, og um vjelarbáta.

10. gr.

Með konunglegri tilskipun skal setja ákvæði um, hvaða öryggisreglur skuli gilda um þilskip (vjelaskip eða seglskip), sem eru í förum með ströndum Íslands eða stunda fiskiveiðar við Ísland, og hvers skoðunarmenn þeir, er ræðir um í lögum þessum, eigi að gæta og skuli krefjast, áður en skip má leggja út, svo lífi manna og heilsu sje eigi frekari hætta búin á skipinu, en almennt er samfara sjóferðum þeim, sem skipinu eru ætlaðar.

Í sömu tilskipun skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í herbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustu-hætti. Reglur þessar ná þó ekki til skipa, sem eru

minni en 15 tons, eða sem skipshöfnin dvelur ekki í, en liggur í landi á nóttum.

Í sömu tilskipun skal ákveðið gjald það, er skoðunarmönnum ber fyrir starfa sinn, svo og yfiskoðunarmönnum. Má það vera mismunandi eftir stærð skipa og fyrirhöfn.

Eigi má þó gefa slíka tilskipun út, fyr en fengið er álit stjórnenda Samábyrgðar og Fiskiveiðafjel. Íslands, og má hún eigi í verulegum atriðum vera á annan veg en þessi fjelög telja hyggilegt fyrir sjávarútveginn.

11. gr.

Með sömu skilyrðum má einnig með konunglegri tilskipun setja öryggisreglur fyrir vjelarbáta og þilskip minni en 15 tons.

Um báta þessa má einnig ákveða í tilskipuninni, að vjelina skuli skoða árlega, annaðhvort af sjerfróðum manni, sem lögskráningarstjóri tilnefnir, eða af manni, sem stjórnarráðið löggildir til þess, og fær hann þá þóknun fyrir skoðunina, sem ákveðin er í tilskipuninni. Gjald fyrir skoðun greiðist af útgerðarmanni og hefir lögtaksrjett.

Það er tilgangur eftirlitsins að veita þeim, sem það varðar, ábyggilegar skýrslur um ástand vjelarinnar og veita eigandanum leiðbeiningar sjerfróðs manns. Skoðunarmaður skal svo fljótt, sem því verður við komið, senda skoðunargerðina eiganda, lögreglustjóra og innlendum ábyrgðarfjelögum, sem báturinn er vátrygður hjá og þess kunna að óska. Í tilskipuninni skal svo ákveða, að skoðun falli burtu, ef hlutaðeigandi vátryggingarfjelag lætur árlega skoða vjelar á þann hátt, sem stjórnarráðið telur tryggan.

V. Ymisleg ákvæði.

12. gr.

Ef skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, er talið ósjófært, getur lögreglustjóri heft burtförina til bráðabirgða með úrskurði, rökstuddum með áliti tveggja, tilnefndra, sjerfróðra, óvilhallra manna, er fengið skal svo fljótt sem auðið er. Þessum úrskurði má áfrýja til stjórnarráðsins; skal það leggja fullnaðarúrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Nú er skip eða bátur, þar með talin þilskip og vjelarbátar til vöruflutninga eða fiskiveiða, ekki fær til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri eða formaður vanrækir að sjá um, að úr sje bætt, og getur skipshöfnin þá krafist fararleyfis úr skiprúmi. Þegar meiri hluti skipshafnar krefst þess, er skipstjóri eða formaður skyldur til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipi eða bát, um það, hvort það sje ferðafært. Enn fremur skal skoða vjelina, þar sem því má við koma, ef vjelarstjóri krefst þess. Synji skipstjóri eða formaður þessarar skoðunargerðar, er skipshöfn heimil brottför úr skiprúmi.

Ef skipshöfn fer úr skiprúmi af þessum ástæðum, fær hún kaup fyrir þann tíma, er hún var í skiprúmi, og að auki mánaðarkaup, nema því að

eins, að skipshöfn hafi verið ráðin gegn hlut í afla, en þá er eigi afturkræft það, sem útgerðarmaður kann að hafa greitt henni fyrir fram eða um of.

Ef svo reynist við skoðunargerð, að kærur um, að skip eða bátur sje óhaffært, eiga við engin sennileg rök að styðjast, þá skal sá, sem skoðunar hefir beiðst, greiða allan þann kostnað og tjón, er af henni hlýtst.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. greinar varða sektum til landssjóðs frá 100 til 2000 krónum. En brot gegn öðrum varúðarreglum, sem settar eru í lögum þessum, svo og vanræksla skoðunarmanna á skyldustörfum þeirra, varða sektum alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, frá 3. okt. 1903.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Ed. **413. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu (þingskjal 401).

Flutningsmenn: Jón Jónatansson, Jósef Björnsson, Einar Jónsson, Björn Þorláksson.

1. Við 3. grein.

Greinin falli niður en í hennar stað komi ný gr. svohljóðandi:

Stjórninni er heimilt að fela einstökum mönnum eða hlutafjelögum innlendum að standa fyrir kaupum og sölu á olíunni, og hún má einnig framselja í þeirra hendur heimild sína og einkarjett til olíuinnflutnings eftir lögum þessum, með þeim skilyrðum, er hún telur hyggileg og nauðsynleg, þó ekki lengur en 3 ár.

2. Við 5. grein.

Orðin »og gilda til ársloka 1913« falli burt.

Ed.

414. Frumvarp

til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. Um eftirlit með skipum og bátum.

1. gr.

Hver sá maður eða fjelag, sem gerir út skip til manntlutninga, vöruflutninga eða fiskiveiða hjer við land, sje það svo stórt, að það sje lögskráningar skylt, skal láta skoða skipið af þar tilkvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má skipið ekki leggja út fyr en skoðunargerð hefur fram farið eftir lögum þessum.

Skipstjóra skal skylt að sjá um, að skoðun þessi fari fram.

2. gr.

Nú vanrækir skipstjóri að sjá um að lögleg skoðunargerð sje framkvæmd, án vitundar útgerðarmanns, og leggur hann út á skipinu óskoðuðu, skal hann fyrir það sæta sektum samkv. 14. gr., en sje það á vitund eða með vilja útgerðarmanns, að skoðun hafi verið vanrækt, skal hann greiða sektina.

Farist skip, sem lögleg skoðunargerð hefir ekki verið framkvæmd á, eða því hefur hlekst á, svo tjón hefir afhlotist, og líkur eru til að tjónið stafi af óforsvaranlegum útbúnaði, er útgerðarmaður skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna.

3. gr.

Skoðunin skal að jafnaði fram fara, þegar skipið er tómt, ef því verður við komið, áður en varningur er látinn í það, svo að skoðunargerðin geti jafnt fram farið innanborðs sem utan. Sjeu skoðunarmenn ókunnugir skipi því, er skoða á, eða þeir telja uggvænt um, að skipið sje í góðu standi neðansjávar, er þeim heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta að skipið sje sett á land. Beri skoðunarmenn ekki fullt skyn á einhver þau atriði, er að skoðunargerðinni lúta, svo sem um ástand vjelarinnar, skulu þeir tilkynna það lögreglustjóra, er þá skipar 1 eða fleiri menn þeim til aðstoðar, í þeim tilfellum, sem þörf er á slíkri aðstoð.

Skoðunarmenn framkvæma skoðun sína eftir því, sem lög þessi mæla fyrir, og samkvæmt þeim reglum, er settar verða með konunglegri tilskipun, samanb. 10. gr. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma skoðunargerð sína eftir bestu vitund og þekkingu, þannig að þeir geti unnið eið að henni, hvenær sem krafist verður.

Skoðunargerðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunarmönnum, en verði ágreiningur þeirra á milli, skipar lögreglustjóri oddamann.

Að skoðunargerðinni lokinni, senda skipsskoðunarmennirnir lögskráning-

arstjóra brjeflega skýrslu um hana, og getur útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar krafist, að þeir staðfesti skýrsluna með drengskaparheiti. Svo getur og útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar heimtað yfirskoðun. Skulu yfirskoðunarmenn vera 3, og vera skipaðir af lögreglustjóra fyrir hvert einstakt tilfelli. Skal úrskurður þeirra um ástand skips og útbúnað þess vera fullnaðarúrskurður. Kostnað allan við skoðunargerðina greiðir gerðarbeiðandi.

Finni skoðunarmenn þá galla á skipi eða útbúnaði þess, er vanheimila samkv. lögum þessum eða tilskipunum, er settar kunna að verða, að skipið sje notað til siglinga eða fiskiveiða, mega þeir ekki láta úti skoðunarskýrslu, fyr en þeir ganga úr skugga um, að viðunanlega sje úr bætt.

Skoðunargerðin skal framkvæmd strax eftir að um hana hefir verið beðið af skipstjóra eða útgerðarmanni, svo framarlega sem gild forföll ekki hamla skoðunarmönnum.

Tefji þeir skip að nauðsynjalausu með því að framkvæma ekki skoðunargerðina, eða með því að gefa ekki skýrslu um hana, að ástæðulausu, getur útgerðarmaður komið fram ábyrgð á hendur þeim fyrir það fjártjón, er hann kann að bíða við það, að skipið hefir tafist fyrir þeirra vanrækslu í þessu efni.

4. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi á landinu skulu vera svo margir skipsskoðunarmenn, sem þurfa þykir, og skoða þeir öll skip, sem gerð eru út í umdæminu.

Lögreglustjóri ákveður, hve margir skoðunarmenn skuli vera, og útnefnir þá. Skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel hæfir til starfsins, sem föng eru á.

Nú er innan hjeraðs þess eða kauptúns, þar sem skipa skal skoðunarmenn, skipaábyrgðarfjelag eða sjómanna, og skulu þá nefnd fjelög mega stinga upp á helmingi fleiri skoðunarmönnum, en útnefna á, þannig, að fjelög þessi stingi upp á jafn mörgum hvort. Sje að eins eitt slíkt fjelag til, hefir það ekki uppástungurjett, en þá hafa í kaupstöðum bæjarstjórnir rjett til að tilnefna helmingi fleiri skoðunarmenn en útnefna á, og til sveita sýslunefndir.

II. Ákvæði, er gilda um öll skip og vjelarbáta, sem eiga heimili á Íslandi.

5. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef skipsskrokk, útbúnaði skips, vjel eða vjelartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, eða skip er svo ofhlaðið eða vanhlaðið, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að álíta verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sje að vera í förum með því, en venjulegt er við siglingar.

6. gr.

Útgerðarmanni er skylt að sjá um, að óhaffært skip sje eigi haft í förum.

Áður lagt er á stað annast skipstjóri um, að skip sje haffært, hann sjer og um, að það sje hæfilega vel útbúið til ferðarinnar, nægilega ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf, kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það

er gufuskip. Honum er og skylt, að annast um, að skipið hafi meðferðis þau bendingaáhöld, björgunartæki, sjóbrjef og siglingaverkfæri, sem með þarf. Hann skal einnig sjá um, að fermsla skipsins sje í alla staði hæfileg.

Ákvæðin í 5. og 6. gr. ná einnig til vjelarbáta, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

III. Ákvæði um skip, sem eru í förum milli landa.

7. gr.

Nú á skip að ganga landa á milli, eða gufuskip rekur veiðar utan landhelgi, og skal þá fullnægt þeim almennu kröfum, sem settar eru eftir alþjóðlegum rjetti um öryggi skipa, einnig að því leyti, sem við kemur öllum útbúnaði skips, björgunartækjum þess, siglingaverkfærum og fermslu, alt eftir því, hvort skipið er ætlað til fólksflutnings, vöruflutnings, veiða eða annars.

8. gr.

Eftir 1. janúar 1913 skulu skip, sem eiga að vera í förum milli landa, vera með hleðslumerki samkvæmt reglum, sem nánara verða ákveðnar í konunglegri tilskipun. Kostnaðurinn við þetta greiðist af útgerðarmanni. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sjerstaklega stendur á.

Stjórnarráðið hefir og heimild til, ef nauðsynlegt þykir, að gera samninga um útgáfu hleðslumerkis-skírteina handa íslenskum skipum, við þau dönsk stjórnarvöld eða flokkunarfjelög erlendis, sem hafa heimild til að gefa út slík skírteini.

Hleðslumerkið sýnir, hvað skipið má liggja dýpst í sjó í logni. Ef skip er hlaðið svo, að það liggur dýpra, ber að skoða það ótrygt og geta þá hlutaðeigandi yfirvöld bannað því að halda ferð áfram, þar til úr er bætt.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd reglna þeirra, sem settar eru í 3. og 4. gr., og um umsjón með, að þeim sje hlýtt, má setja í konunglegri tilskipun.

IV. Ákvæði um skip, sem eru í förum innanlands, og um vjelarbáta.

10. gr.

Með konunglegri tilskipun skal setja ákvæði um, hvaða öryggisreglur skuli gilda um þilskip (vjelaskip eða seglskip), sem eru í förum með ströndum Íslands eða stunda fiskiveiðar við Ísland, og hvers skoðunarmenn þeir, er ræðir um í lögum þessum, eigi að gæta og skuli krefjast, áður en skip má leggja út, svo lífi manna og heilsu sje eigi frekari hætta búin á skipinu, en almennt er samfara sjóferðum þeim, sem skipinu eru ætlaðar.

Í sömu tilskipun skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í herbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustu-hætti. Reglur þessar ná þó ekki til skipa, sem eru

minni en 15 tons, eða sem skipshöfnin dvelur ekki í, en liggur í landi á nóttum.

Í sömu tilskipun skal ákveðið gjald það, er skoðunarmönnum ber fyrir starfa sinn, svo og yfiskoðunarmönnum. Má það vera mismunandi eftir stærð skipa og fyrirhöfn.

Eigi má þó gefa slíka tilskipun út, fyr en fengið er álit stjórnenda Samábyrgðar og Fiskiveiðafjel. Íslands, og má hún eigi í verulegum atriðum vera á annan veg en þessi fjelög telja hyggilegt fyrir sjávarútveginn.

11. gr.

Með sömu skilyrðum má einnig með konunglegri tilskipun setja öryggisreglur fyrir vjelarbáta og þilskip minni en 15 tons.

Um báta þessa má einnig ákveða í tilskipuninni, að vjelina skuli skoða árlega, annaðhvort af sjerfróðum manni, sem lögskráningarstjóri tilnefnir, eða af manni, sem stjórnarráðið löggildir til þess, og fær hann þá þóknun fyrir skoðunina, sem ákveðin er í tilskipuninni. Gjald fyrir skoðun greiðist af útgerðarmanni og hefir lögtaksrjett.

Það er tilgangur eftirlitsins að veita þeim, sem það varðar, ábyggilegar skýrslur um ástand vjelarinnar og veita eigandanum leiðbeiningar sjerfróðs manns. Skoðunarmaður skal svo fljótt, sem því verður við komið, senda skoðunargerðina eiganda, lögreglustjóra og innlendum ábyrgðarfjelögum, sem báturinn er vátrygður hjá og þess kunna að óska. Í tilskipuninni skal svo ákveða, að skoðun falli burtu, ef hlutaðeigandi vátryggingarfjelag lætur árlega skoða vjelar á þann hátt, sem stjórnarráðið telur tryggan.

V. Ymisleg ákvæði.

12. gr.

Ef skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, er talið ósjófært, getur lögreglustjóri heft burtförina til bráðabirgða með úrskurði, rökstuddum með áliti tveggja, tilnefndra, sjerfróðra, óvilhallra manna, er fengið skal svo fljótt sem auðið er. Þessum úrskurði má áfrýja til stjórnarráðsins; skal það leggja fullnaðarúrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Nú er skip eða bátur, þar með talin þilskip og vjelarbátar til vöruflutninga eða fiskiveiða, ekki fær til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri eða formaður vanrækir að sjá um, að úr sje bætt, og getur skipshöfnin þá krafist fararleyfis úr skiprúmi. Þegar meiri hluti skipshafnar krefst þess, er skipstjóri eða formaður skyldur til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipi eða bát, um það, hvort það sje ferðafært. Enn fremur skal skoða vjelina, þar sem því má við koma, ef vjelarstjóri krefst þess. Synji skipstjóri eða formaður þessarar skoðunargerðar, er skipshöfn heimil brottför úr skiprúmi.

Ef skipshöfn fer úr skiprúmi af þessum ástæðum, fær hún kaup fyrir þann tíma, er hún var í skiprúmi, og að auki mánaðarkaup, nema því að

eins, að skipshöfn hafi verið ráðin gegn hlut í afla, en þá er eigi afturkræft það, sem útgerðarmaður kann að hafa greitt henni fyrir fram eða um of.

Ef svo reynist við skoðunargerð, að kærur um, að skip eða bátur sje óhaffært, eiga við engin sennileg rök að styðjast, þá skal sá, sem skoðunar hefir beiðst, greiða allan þann kostnað og tjón, er af henni hlýtst.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. greinar varða sektum til landssjóðs frá 100 til 2000 krónum. En brot gegn öðrum varúðarreglum, sem settar eru í lögum þessum, svo og vanræksla skoðunarmanna á skyldustörfum þeirra, varða sektum alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, frá 3. okt. 1903.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Ed. **415. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Frumvarp þetta hefir ekki tekið neinum verulegum breytingum í hv. Nd. og viljum vjer því leggja það til, að það verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi, 24. ágúst 1912.

Eiríkur Briem, formaður. Aug. Flygenring, skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson. Sig. Eggerz.

Jens Pálsson.

Sþ.

416. Skrá

um erindi þau, er til Alþingis komu 1912, og lögð voru fram á lestrarsal frá þingbyrjun og til þingloka.

1. Þingmálafundargerð Bæjarhreppsmanna í Strandasýslu (Ed. 7.).

2. Þakkarbrjef frá prófessor C. O. Jensen fyrir heiðursgjöf þá, er síðasta Alþingi (1911) veitti honum (Sþ. 4).

3. Fundarályktun kaupmanna- og útgerðarmannafjelaganna í Reykjavík gegn einkasölu á kolum (Nd. 2).

4. Þingmálafundargerð úr Reykjavíkurkaupstað (Nd. 3).

5. Jóhann Franklín Kristjánsson sækir um 8—900 kr. styrk, til þess að ljúka námi í byggingarfræði og steinsteypuiðn, með 6 fylgiskjölum (Nd. 4).

6. 37 búendur og sjómenn í Bolungarvík skora á Alþingi, að veita ekki minna en 25,000 kr. til framhalds brimbrjóts þar (Nd. 5).

7. 36 búendur og sjómenn á sama stað skora á Alþingi, að gera Hólshrepp að sjerstöku læknishjeraði með læknissetri í Bolungarvík (Nd. 6).

8. 15 sjómenn í Arnardal leita þess, að Alþingi hlutist til um, að verkfræðingur landsins skoði lendingu þar og geri tillögur til bóta á henni (Nd. 7).

9. Þingmálafundargerð úr Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu (Nd. 8).

10. Sýslunefnd Norður-Ísfirðinga skorar á Alþingi að veita ekki minna á yfirstandandi fjárhagstímabili en 20,000 kr. til framhalds brimbrjóts-byggingar í í Bolungarvík, gegn 1000 kr. tillagi úr sýslusjóði eitt skifti fyrir öll (Nd. 9).

11. Verslunarfjelag Akureyrar mótmælir afdráttarlaust einkasölu á kolum og steinolíu og skorar á Alþingi, að hafna tillögum og frumvörpum peningamálanefndarinnar í þessu efni (Nd. 10).

12. Vinnulýður á Ísafirði, 302 að tölu, konur og karlar, óskar að fá lögleiddan 10 klukkustunda vinnutíma í stað 12, sem nú sje venja, »því að öðrum kosti er hinn ísfirski fjórðungur landsins ættarskömm«[1] (Nd. 11).

13. Þingmaður Seyðfirðinga leggur fram: »Nationaltidende« Nr. 12988, 13. maí 1912, og »Tiden« Nr. 8, 24. maí 1912 o. fl. (Nd. 12).

---

1) Bert þykir nú, að áskorun þessi sje sprottin að eins frá einum manni á Ísafirði, Ólafi auknefndum ræðumanni Ólafssyni. Nöfnin öll, sem áskoraninni fylgja, eru frá árunum 1905 og 1909, nema Ólafs. Þessa vill þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar láta getið.

14. Tvær þingmálafundargerðir úr Strandasýslu (Nd. 13).

15. Þrjár þingmálafundargerðir úr Eyjafjarðarsýslu (Nd. 14).

16. 55 konur í Eyjafjarðarsýslu skora á Alþingi að veita konum fult jafnrjetti við karlmenn (Nd. 15).

17. Þingmálafundargerð úr Vestmannaeyjum (Nd. 16).

18. Þingmálafundargerð Seyðfirðinga (Nd. 17).

19. Þingmálafundargerð Hafnfirðinga (Nd. 18).

20. Þrjár þingmálafundargerðir úr Árnessýslu (Nd. 19).

21. Sýslumaðurinn í Hegranesþingi sendir samþykt sýslunefndar Skagfirðinga um fuglaveiði í Drangey (Nd. 20).

22. Fjórar þingmálafundargerðir Snæfellinga og Hnappdæla (Nd. 21).

23. Þrjár þingmálafundargerðir Dalamanna (Nd. 22).

24. Átta þingmálafundargerðir úr Barðastrandarsýslu (Nd. 23).

25. Búendur Rauðasandshrepps, 10 að tölu, vilja fá því til leiðar komið, að strandferðabáturinn vestan og norðan komi við í Breiðuvík á Rauðasandi í Apríl—Ágúst (Nd. 24).

26. Tvær þingmálafundargerðir úr Austur-Skaftafellssýslu (Nd. 25).

27. Þingmálafundargerð Mýramanna (Nd. 26).

28. Erindi frá stjórnarráðinu með 5 skjölum um strandgæslu fyrir Norðurlandi um síldveiðitímann (Nd. 28).

29. Erindi frá stjórnarráðinu með 9 skjölum, er snerta 25000 kr. lánveiting til Rangárvallasýslu til að bæta þar jarðskjálftaskemdir (Nd. 29).

30. Tvær þingmálafundargerðir Húnvetninga (Nd. 30).

31. Jakob síldarmatsmaður Björnsson á Siglufirði óskar að fá endurgreiddan utanfararkostnað sinn 1910 (Nd. 32).

32. Þrjár þingmálafundargerðir úr Suður-Þingeyjarsýslu (Nd. 33).

33. Tvær þingmálafundargerðir úr Norður-Múlasýslu (Nd. 34).

34. Sýslumaðurinn í Árnessýslu tjáir ályktan sýslunefndarinnar þar um það hvernig ráðin verði bót á dýrbít á afrjettum og í heimalöndum (Nd. 35).

35. Erindi stjórnarráðsins með 15 skjölum, er varða rjetting (löggilding) vogar og mælis (Nd. 36).

36. Brjef stjórnarráðsins með 147 skjölum, er varða eyðing á rottum (Nd. 37).

37. Kristján Torfason á Sólbakka biður um að stækkuð sje um Eyrar landeign verslunarlóðin á Flateyri í Önundarfirði (Nd. 43).

38. Sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi, að gefa upp lán til símalínunnar frá Ísafirði til Patreksfjarðar (Nd. 44).

39. Tvær þingmálafundargerðir úr Vestur-Ísafjarðarsýslu (Nd. 45).

40. Bolvíkingar, 40 að tölu, senda Alþingi skeytiskveðju og mótmæla einkasölu á steinolíu, »eins og sjerhverju hafti á frjálsri verslun í landinu« og skora á Alþingi, að samþykkja ekki neitt slíkt frumvarp (Nd. 46).

41. a) Jón umsjónarmaður áfengiskaupa Egilsen biður um, að laun sín sjeu hækkuð úr 600 kr. upp í 2000 kr.
    b) Brjef Kristjáns konsúls Þorgrímssonar, þar sem hann segist vera fús til að taka að sjer umsjón áfengiskaupa fyrir lögboðna borgun, 600 kr., og gefur fyrirheit um, að sækja ekki um launahækkun á næsta þingi, ef sjer væri starfið það falið (Nd. 47).

42. Ísfirðingar og Hnífsdælingar, 42 að tölu, senda skeytiskveðju og mótmæla einkasölu á steinolíu með sömu ummælum og Bolvíkingar (Nd. 48).

43. Sextíu og sex konur í Suður-Þingeyjarsýslu skora á Alþingi að samþykkja óbreytt ákvæði það í stjórnarskrárfrumvarpinu, er veitir konum fult jafnrjetti við karlmenn (Nd. 52).

44. Samskonar áskorun frá 44 konum í Norður-Þingeyjarsýslu (Nd. 53).

45. Samskonar áskorun frá 427 konum í Eyjafirði (Nd. 54).

46. Sambandsstjórn Kvenrjettindafjelags Íslands sendir ályktan þá, sem almennur kvennafundur í Reykjavík 19. júlí samþykti um kjörgengi og kosningarrjett kvenna til Alþingis (Nd. 55)

47. Fimm þingmálafundargerðir úr Skagafjarðarsýslu (Nd. 56).

48. Fimm vínsalar í Akureyrarkaupstað óska að fá framlengda tollgeymslu á vínföngum eftir næsta nýár (Nd. 60).

49. Páll símavörður Smith tjáir þingmanni Vestur-Ísfirðinga, að símalínan frá Ísafirði til Patreksfjarðar kosti 75000 kr. (Nd. 63).

50. Átta kaupmenn og verslunarstjórar í Skagafjarðarsýslu vekja athygli á því, að brýna nauðsyn beri til, að skipaðir verði eftirlitsmenn til skoðunar á allri ull (Nd. 64).

51. Stjórn kaupfjelagsins í Norðfirði skorar á þingmenn Sunnmýlinga að fá með lögum stækkaða verslunarlóðina þar (Nd. 69).

52. Erindi um nauðsyn á berklarannsókn á nautgripum, frá þriggja manna nefnd, er kosin var á bændanámskeiðinu á Eiðum síðastl., til að íhuga það mál (Nd. 70).

53. 15 búendur í Þingvallasveit beiðast þess, að Alþingi semji lög um eyðing svartbaks og annars vargfugls. Þar með er og álit sýslunefndar Árnesinga um það mál (Nd. 71).

54. Sex skjöl, er varða sölu á landi Garðakirkju til Hafnarfjarðarkaupstaðar og þar með kort af Hafnarfirði og nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, svo og landamerki Garðakirkju frá 7. júní 1890 (Nd. 72).

55. Fjórir hreppstjórar undir Jökli fela þingmanni Snæfellinga og Hnappdæla að fá því framgengt, að laun hreppstjóra sje hækkuð. Telja þeir sanngjarnt lágmark launanna 100 kr. (Nd. 75).

56. Þorsteinn Jónsson í Skálavík á Langanesi fer þess á leit, að löggilt verði Skálavík »eða svæðið frá Stekkjarfjöru út á Landsenda« (Nd. 79).

57. Brjef stjórnarráðsins og þar með brjef sýslumannsins í Vestmanneyjum um kaup á símanum þangað (Nd. 80).

58. Brjef stjórnarráðsins og þar með brjef landssímastjórans um frumvarp til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands, svo og afskrift af brjefi atvinnumálaráðgjafans danska til utanríkisráðaneytisins um loftskeytasamband við Ísland, dags. 25. nóv. 1907 (Nd. 81).

59. Þingmenn Rangæinga og Árnesinga senda erindi frá stjórn Smjörbúasambands Suðurlands um mótorbátsflutninga með suðurströnd landsins, og mælast til, að þingið hlutist til um, að koma þeim í framkvæmd (Nd. 82).

60. Brjef frá D. Thomsen kaupmanni, í tvennu lagi, þar sem hann tjáir, að tóbaksgerðarmenn í Kaupmannahöfn, þeir Chr. Augustinus og E. Nobel, sjeu fúsir til að setja á stofn tóbaksverksmiðjur hjer á landi með þeim kostum og kjörum, er brjefið nánar hermir (Nd. 83).

61. Magnús læknir Júlíusson sækir um 1000 kr. styrk til þess að geta farið til Vínarborgar og kynt sjer þar lækningaaðferðir á húð- og kynsjúkdómum (Nd. 84).

62. Erindi frá Halldóri presti Bjarnarsyni um að fá keypta kirkjujörðina Prestshóla í Núpasveit (Nd. 86).

63. Landssímastjórinn sendir þingmanni Vestur-Ísfirðinga áætlun um lagningarkostnað símalínu frá Ísafirði til Suðureyrar í Súgandafirði (Nd. 90).

64. Erindi frá 91 konu í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu um húsmæðraskóla í Norðurlandi (Nd. 96).

65. 284 konur í Reykdæla- og Skútustaðahreppi skora á Alþingi að veita fje til húsmæðraskóla í Norðurlandi (Nd. 97).

66. Dr. phil. Guðmundur Finnbogason leggur fram skilríki fyrir framkomu sinni við 1000 ára minningarhátíð Normandís (Nd. 98).

67. Símskeyti konungs til fyrverandi forseta sameinaðs Alþingis, þar sem H. H. vottar þakkir fyrir hluttöku við andlát Friðriks konuugs VIII. (Nd. 99).

68. Erindi frá landlækni um skýrslur um slysfarir (Nd. 103).

69. Brjef Fiskiveiðafjelags Íslands um verðhækkun á steinolíu og bót á böli því. (Nd. 104).

70. Erindi frá Ísfirðingum um unglingaskóla á Ísafirði (Ed. 24).

71. Tólf útgerðarmenn að Gjögri í Strandasýslu óska, að Alþingi banni með lögum dynamitsprengingar í fjörðum, þar sem síldveiði er (Ed. 35).

Ed. **417. Þingsályktun**

um einkasölu á steinolíu.

Efri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um einkasölu, *helst landseinkasölu,* á steinolíu, ásamt svo fullkomnum skýrslum, sem fáanlegar eru, um alt er að því lýtur.

Ed. **418. Lög**

til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. Um eftirlit með skipum og bátum.

1. gr.

Hver sá maður eða fjelag, sem gerir út skip til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskiveiða hjer við land, sje það svo stórt, að það sje lögskráning-

ar skylt, skal láta skoða skipið af þar tilkvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má skipið ekki leggja út fyr en skoðunargerð hefur fram farið eftir lögum þessum.

Skipstjóra skal skylt að sjá um, að skoðun þessi fari fram.

2. gr.

Nú vanrækir skipstjóri að sjá um, að lögleg skoðunargerð sje framkvæmd, án vitundar útgerðarmanns, og leggur hann út á skipinu óskoðuðu, skal hann fyrir það sæta sektum samkv. 14. gr., en sje það á vitund eða með vilja útgerðarmanns, að skoðun hafi verið vanrækt, skal hann greiða sektina.

Farist skip, sem lögleg skoðunargerð hefir ekki verið framkvæmd á, eða því hefur hlekst á, svo tjón hefir afhlotist, og líkur eru til að tjónið stafi af óforsvaranlegum útbúnaði, er útgerðarmaður skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni varð, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna.

3. gr.

Skoðunin skal að jafnaði fram fara, þegar skipið er tómt, ef því verður við komið, áður en varningur er látinn í það, svo að skoðunargerðin geti jafnt fram farið innanborðs sem utan. Sjeu skoðunarmenn ókunnugir skipi því, er skoða á, eða þeir telja uggvænt um, að skipið sje í góðu standi neðansjávar, er þeim heimilt, eftir atvikum skylt, að heimta að skipið sje sett á land. Beri skoðunarmenn ekki fullt skyn á einhver þau atriði, er að skoðunargerðinni lúta, svo sem um ástand vjelarinnar, skulu þeir tilkynna það lögreglustjóra, er þá skipar 1 eða fleiri menn þeim til aðstoðar, í þeim tilfellum, sem þörf er á slíkri aðstoð.

Skoðunarmenn framkvæma skoðun sína eftir því, sem lög þessi mæla fyrir, og samkvæmt þeim reglum, er settar verða með konunglegri tilskipun, samanb. 10. gr. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma skoðunargerð sína eftir bestu vitund og þekkingu, þannig að þeir geti unnið eið að henni, hvenær sem krafist verður.

Skoðunargerðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunarmönnum, en verði ágreiningur þeirra á milli, skipar lögreglustjóri oddamann.

Að skoðunargerðinni lokinni, senda skipsskoðunarmennirnir lögskráningarstjóra brjeflega skýrslu um hana, og getur útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar krafist, að þeir staðfesti skýrsluna með drengskaparheiti. Svo getur og útgerðarmaður eða helmingur skipshafnar heimtað yfirskoðun. Skulu yfirskoðunarmenn vera 3, og vera skipaðir af lögreglustjóra fyrir hvert einstakt tilfelli. Skal úrskurður þeirra um ástand skips og útbúnað þess vera fullnaðarúrskurður. Kostnað allan við skoðunargerðina greiðir gerðarbeiðandi.

Finni skoðunarmenn þá galla á skipi eða útbúnaði þess, er vanheimila samkv. lögum þessum eða tilskipunum, er settar kunna að verða, að skipið sje notað til siglinga eða fiskiveiða, mega þeir ekki láta úti skoðunarskýrslu, fyr en þeir ganga úr skugga um, að viðunanlega sje úr bætt.

Skoðunargerðin skal framkvæmd strax eftir að um hana hefir verið beðið af skipstjóra eða útgerðarmanni, svo framarlega sem gild forföll ekki hamla skoðunarmönnum.

Tefji þeir skip að nauðsynjalausu með því að framkvæma ekki skoðunargerðina, eða með því að gefa ekki skýrslu um hana, að ástæðulausu, getur útgerðarmaður komið fram ábyrgð á hendur þeim fyrir það fjártjón, er hann kann að bíða við það, að skipið hefir tafist fyrir þeirra vanrækslu í þessu efni.

4. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi á landinu skulu vera svo margir skipsskoðunarmenn, sem þurfa þykir, og skoða þeir öll skip, sem gerð eru út í umdæminu.

Lögreglustjóri ákveður, hve margir skoðunarmenn skuli vera, og útnefnir þá. Skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel hæfir til starfsins, sem föng eru á.

Nú er innan hjeraðs þess eða kauptúns, þar sem skipa skal skoðunarmenn, skipaábyrgðarfjelag eða sjómanna, og skulu þá nefnd fjelög mega stinga upp á helmingi fleiri skoðunarmönnum, en útnefna á, þannig, að fjelög þessi stingi upp á jafn mörgum hvort. Sje að eins eitt slíkt fjelag til, hefir það ekki uppástungurjett, en þá hafa í kaupstöðum bæjarstjórnir rjett til að tilnefna helmingi fleiri skoðunarmenn en útnefna á, og til sveita sýslunefndir.

II. Ákvæði, er gilda um öll skip og vjelarbáta, sem eiga heimili á Íslandi.

5. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef skipsskrokk, útbúnaði skips, vjel eða vjelartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, eða skip er svo ofhlaðið eða vanhlaðið, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að álíta verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sje að vera í förum með því, en venjulegt er við siglingar.

6. gr.

Útgerðarmanni er skylt að sjá um, að óhaffært skip sje eigi haft í förum.

Áður lagt er á stað annast skipstjóri um, að skip sje haffært, hann sjer og um, að það sje hæfilega vel útbúið til ferðarinnar, nægilega ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf, kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það er gufuskip. Honum er og skylt, að annast um, að skipið hafi meðferðis þau bendingaáhöld, björgunartæki, sjóbrjef og siglingaverkfæri, sem með þarf. Hann skal einnig sjá um, að fermsla skipsins sje í alla staði hæfileg.

Ákvæðin í 5. og 6. gr. ná einnig til vjelarbáta, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

III. Akvæði um skip, sem eru í förum milli landa.

7. gr.

Nú á skip að ganga landa á milli, eða gufuskip rekur veiðar utan land-

helgi, og skal þá fullnægt þeim almennu kröfum, sem settar eru eftir alþjóðlegum rjetti um öryggi skipa, einnig að því leyti, sem við kemur öllum útbúnaði skips, björgunartækjum þess, siglingaverkfærum og fermslu, alt eftir því, hvort skipið er ætlað til fólksflutnings, vöruflutnings, veiða eða annars.

8. gr.

Eftir 1. janúar 1913 skulu skip, sem eiga að vera í förum milli landa, vera með hleðslumerki samkvæmt reglum, sem nánara verða ákveðnar í konunglegri tilskipun. Kostnaðurinn við þetta greiðist af útgerðarmanni. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sjerstaklega stendur á.

Stjórnarráðið hefir og heimild til, ef nauðsynlegt þykir, að gera samninga um útgáfu hleðslumerkis-skírteina handa íslenskum skipum við þau dönsk stjórnarvöld eða flokkunarfjelög erlendis, sem hafa heimild til að gefa út slík skírteini.

Hleðslumerkið sýnir, hvað skipið má liggja dýpst í sjó í logni. Ef skip er hlaðið svo, að það liggur dýpra, ber að skoða það ótrygt og geta þá hlutaðeigandi yfirvöld bannað því að halda ferð áfram, þar til úr er bætt.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd reglna þeirra, sem settar eru í 3. og 4. gr., og um umsjón með, að þeim sje hlýtt, má setja í konunglegri tilskipun.

IV. Ákvæði um skip, sem eru í förum innanlands, og um vjelarbáta.

10. gr.

Með konunglegri tilskipun skal setja ákvæði um, hvaða öryggisreglur skuli gilda um þilskip (vjelaskip eða seglskip), sem eru í förum með ströndum Íslands eða stunda fiskiveiðar við Ísland, og hvers skoðunarmenn þeir, er ræðir um í lögum þessum, eigi að gæta og skuli krefjast, áður en skip má leggja út, svo líf manna og heilsu sje eigi frekari hætta búin á skipinu, en almennt er samfara sjóferðum þeim, sem skipinu eru ætlaðar.

Í sömu tilskipun skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í herbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustu-hætti. Reglur þessar ná þó ekki til skipa, sem eru minni en 15 tons, eða sem skipshöfnin dvelur ekki í, en liggur í landi á nóttum.

Í sömu tilskipun skal ákveðið gjald það, er skoðunarmönnum ber fyrir starfa sinn, svo og yfirskoðunarmönnum. Má það vera mismunandi eftir stærð skipa og fyrirhöfn.

Eigi má þó gefa slíka tilskipun út, fyr en fengið er álit stjórnenda Samábyrgðar og Fiskiveiðafjelags Íslands, og má hún eigi í verulegum atriðum vera á annan veg en þessi fjelög telja hyggilegt fyrir sjávarútveginn.

11. gr.

Með sömu skilyrðum má einnig með konunglegri tilskipun setja öryggisreglur fyrir vjelarbáta og þilskip minni en 15 tons.

Um báta þessa má einnig ákveða í tilskipuninni, að vjelina skuli skoða árlega, annaðhvort af sjerfróðum manni, sem lögskráningarstjóri tilnefnir, eða af manni, sem stjórnarráðið löggildir til þess, og fær hann þá þóknun fyrir skoðunina, sem ákveðin er í tilskipuninni. Gjald fyrir skoðun greiðist af útgerðarmanni og hefir lögtaksrjett.

Það er tilgangur eftirlitsins, að veita þeim, sem það varðar, ábyggilegar skýrslur um ástand vjelarinnar og veita eigandanum leiðbeiningar sjerfróðs manns. Skoðunarmaður skal svo fljótt, sem því verður við komið, senda skoðunargerðina eiganda, lögreglustjóra og innlendum ábyrgðarfjelögum, sem báturinn er vátrygður hjá og þess kunna að óska. Í tilskipuninni skal svo ákveða, að skoðun falli burtu, ef hlutaðeigandi vátryggingarfjelag lætur árlega skoða vjelar á þann hátt, sem stjórnarráðið telur tryggan.

V. Ymisleg ákvæði.

12. gr.

Ef skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, er talið ósjófært, getur lögreglustjóri heft burtförina til bráðabirgða með úrskurði, rökstuddum með áliti tveggja, tilnefndra, sjerfróðra, óvilhallra manna, er fengið skal svo fljótt sem auðið er. Þessum úrskurði má áfrýja til stjórnarráðsins; skal það leggja fullnaðarúrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Nú er skip eða bátur, þar með talin þilskip og vjelarbátar til veruflutninga eða fiskiveiða, ekki fær til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri eða formaður vanrækir að sjá um, að úr sje bætt, og getur skipshöfnin þá krafist fararleyfis úr skiprúmi. Þegar meiri hluti skipshafnar krefst þess, er skipstjóri eða formaður skyldur til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipi eða bát, um það, hvort það sje ferðafært. Enn fremur skal skoða vjelina, þar sem því má við koma, ef vjelarstjóri krefst þess. Synji skipstjóri eða formaður þessarar skoðunargerðar, er skipshöfn heimil brottför úr skiprúmi.

Ef skipshöfn fer úr skiprúmi af þessum ástæðum, fær hún kaup fyrir þann tíma, er hún var í skiprúmi, og að auki mánaðarkaup, nema því að eins, að skipshöfn hafi verið ráðin gegn hlut í afla, en þá er eigi afturkræft það, sem útgerðarmaður kann að hafa greitt henni fyrir fram eða um of.

Ef svo reynist við skoðunargerð, að kærur um, að skip eða bátur sje óhaffært, eiga við engin sennileg rök að styðjast, þá skal sá, sem skoðunar hefir beiðst, greiða allan þann kostnað og tjón, er af henni hlýtst.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. greinar varða sektum til landssjóðs frá 100 til 2000 krónum. En brot gegn öðrum varúðarreglum, sem settar eru í lögum þessum, svo og vanræksla skoðunarmanna á skyldustörfum þeirra, varða sektum alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, frá 3. okt. 1903.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Ed. **419. Þingsályktun**

um ávarp til konungs.

Efri deild Alþingis ályktar að senda konungi svohljóðandi

ÁVARP:

Mildasti herra konungur!

Allra-hæstur boðskapur yðar hátignar, er ráðherra Íslands flutti Alþingi, hefir verið þinginu og þjóð vorri hið mesta gleðiefni.

Vjer minnumst föður yðar hátignar, hins lofsæla konungs vors, Friðriks hins áttunda, með einlægum söknuði. Nafn hans mun ætíð geymast í þakklátri minning hinnar íslensku þjóðar.

Konungleg orð yðar hátignar til Alþingis, eru oss vottur þess, að yðar hátign beri hinn sama hlýja velvildarhug til lands vors og þjóðar, sem vjer svo oft og víða höfðum orðið varir við af hendi hins lofsæla konungs vors, föður yðar hátignar, og fær það oss mikillar gleði, að mega bráðlega eiga þess von, að geta fagnað yðar hátign hjer heima, og vottað yður þegnlega lotning vora.

Á Alþingi því, sem nú er að ljúka störfum sínum, höfum vjer falið ráðherra Íslands, að bera það fram við yðar hátign, að gerðar verði tilraunir til þess, að leiða til farsælla lykta nýja samninga um sambandið milli Danmerkur og Íslands. Það er einlæg von vor, að konungleg samhygð og stoð yðar hátignar í þessu mikla velferðar- og áhugamáli Íslands, verði til þess, að þeir samningar

mættu svo vel takast, að þeir geti orðið báðum þjóðum ánægjuefni, og leitt til góðs samlyndis og samvinnu milli þjóðanna. Að þessu viljum vjer vinna af fremsta megni.

Mildasti herra konungur!

Vjer biðjum guð að blessa yðar konunglegu hátign, yðar konunglegu ætt, ríkisstjórn, lönd og þegna. —

Nd. **420. Þingsályktun**

um ávarp til konungs.

Neðri deild Alþingis ályktar að senda konungi svohljóðandi

ÁVARP:

Mildasti herra konungur!

Allra-hæstur boðskapur yðar hátignar, er ráðherra Íslands flutti Alþingi, hefir verið þinginu og þjóð vorri hið mesta gleðiefni.

Vjer minnumst föður yðar hátignar, hins lofsæla konungs vors, Friðriks hins áttunda, með einlægum söknuði. Nafn hans mun ætíð geymast í þakklátri minning hinnar íslensku þjóðar.

Konungleg orð yðar hátignar til Alþingis, eru oss vottur þess, að yðar hátign beri hinn sama hlýja velvildarhug til lands vors og þjóðar, sem vjer svo oft og víða höfðum orðið varir við af hendi hins lofsæla konungs vors, föður yðar hátignar, og fær það oss mikillar gleði, að mega bráðlega eiga þess von, að geta fagnað yðar hátign hjer heima. og vottað yður þegnlega lotning vora.

Á Alþingi því, sem nú er að ljúka störfum sínum, höfum vjer falið ráðherra Íslands, að bera það fram við yðar hátign, að gerðar verði tilraunir til þess, að leiða til farsælla lykta nýja samninga um sambandið milli Danmerkur og Íslands. Það er einlæg von vor, að konungleg samhygð og stoð yðar hátignar í þessu mikla velferðar- og áhugamáli Íslands, verði til þess, að þeir samningar mættu svo vel takast, að þeir geti orðið báðum þjóðum ánægjuefni, og leitt til góðs samlyndis og samvinnu milli þjóðanna. Að þessu viljum vjer vinna af fremsta megni.

Mildasti herra konungur!

Vjer biðjum guð að blessa yðar konunglegu hátign, yðar konunglegu ætt, ríkisstjórn, lönd og þegna. —

Ed. **421. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 413.

Frá Aug. Flygenring, Stefáni Stefánssyni, Sigurði Stefánssyni og Steingrími Jónssyni.

Við 1.

Í stað »þó ekki lengur en 3 ár« komi: þó ekki lengur en 5 ár.

Ed. **422. Frumvarp**

til laga um einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, sem henni þurfa þykir til að birgja landið, og selja hana kaupmönnum og öðrum (kaupfjelögum, sveitarfjelögum o. s. frv.), fyrir það verð, er liðlega svari kostnaði og vöxtum.

Í þessu skyni veitist stjórninni heimild til að taka það lán, sem á þarf að halda.

2. gr.

Meðan stjórnin notar þessa heimild, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu, en stjórninni.

3. gr.

Stjórninni er heimilt að fela einstökum mönnum eða hlutafjelögum innlendum að standa fyrir kaupum og sölu á olíunni, og hún má einnig framselja í þeirra hendur heimild sína og einkarjett til olíuinnflutnings eftir lögum þessum, með þeim skilyrðum, er hún telur hyggileg og nauðsynleg, þó ekki lengur en 5 ár.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum alt að 100,000 kr., og skal ólöglega innflutt olía upptæk, og andvirðið renna í landssjóð. Með brot gegn lögunum skal farið sem með almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **423. Frumvarp**

til laga um einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, sem henni þurfa þykir til að birgja landið, og selja hana kaupmönnum og öðrum (kaupfjelögum, sveitarfjelögum o. s. frv.), fyrir það verð, er liðlega svari kostnaði og vöxtum.

Í þessu skyni veitist stjórninni heimild til að taka það lán, sem á þarf að halda.

2. gr.

Meðan stjórnin notar þessa heimild, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu, en stjórninni.

3. gr.

Stjórninni er heimilt að fela einstökum mönnum eða hlutafjelögum innlendum að standa fyrir kaupum og sölu á olíunni, og hún má einnig framselja í þeirra hendur heimild sína og einkarjett til olíuinnflutnings eftir lögum þessum, með þeim skilyrðum, er hún telur hyggileg og nauðsynleg, þó ekki lengur en 5 ár.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum alt að 100,000 kr., og skal ólöglega innflutt olía upptæk, og andvirðið renna í landssjóð. Með brot gegn lögunum skal farið sem með almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **424. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu (þingskj. 423).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 3. gr.

3. gr. orðist svo:

Stjórnin getur ráðið hentugan mann gegn kaupi, er um semur, til að standa fyrir kaupum, sölu og afhending á olíunni. Skal hann bera undir stjórn-

arráðið til samþykkis pantanirnar, verð og stærð o. s. frv., og gera henni skil fyrir andvirði, svo oft sem stjórnin ákveður. Að öðru leyti setur stjórnin honum reglur og skilyrði.

Til vara:

Orðin: »og hún má einnig framselja í þeirra hendur heimild sína og einkarjett til olíu-innflutnings eftir lögum þessum« falli burt.

Nd. **425. Lög**

um einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, sem henni þurfa þykir til að birgja landið, og selja hana kaupmönnum og öðrum (kaupfjelögum, sveitarfjelögum o. s. frv.), fyrir það verð, er liðlega svari kostnaði og vöxtum.

Í þessu skyni veitist stjórninni heimild til að taka það lán, sem á þarf að halda.

2. gr.

Meðan stjórnin notar þessa heimild, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu, en stjórninni.

3. gr.

Stjórninni er heimilt að fela einstökum mönnum eða hlutafjelögum innlendum að standa fyrir kaupum og sölu á olíunni, og hún má einnig framselja í þeirra hendur heimild sína og einkarjett til olíuinnflutnings eftir lögum þessum, með þeim skilyrðum, er hún telur hyggileg og nauðsynleg, þó ekki lengur en 5 ár.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum alt að 100,000 kr., og skal ólöglega innflutt olía upptæk, og andvirðið renna í landssjóð. Með brot gegn lögunum skal farið sem með almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.